Skýrsla

# Úttekt á stjórnsýslu, rekstri og fjármálum Garðabæjar og tillögur

# Garðabær

## Unnið fyrir bæjarstjórn

HLH ehf.
Skýrsluhöfundur:
Haraldur L. Haraldsson,
hagfræðingur
hlh@hlh.is

September 2019

# Samantekt

## Inngangur

- Með samningi, dags. 5. mars 2019, tók HLH ehf. að sér að gera úttekt á stjórnsýslu, rekstri og fjárhag Garðabæjar með það að markmiði að koma fram með tillögur að hagræðingu í stjórnsýslu, rekstri og fjármálum sveitarfélagsins.

## Íbúafjöldi

- Eins og tafla 1 sýnir fjölgaði íbúum á landinu öllu um 12,4% á milli áranna 2010 og 2019, þegar fjölgaði um 23,8% í Garðabæ og 20,4% á höfuðborgarsvæðinu samtals án Reykjavíkur.
- Þannig var Garðabær í þriðja sæti yfir hlutfallslegu mestu íbúafjölgunina á milli áranna 2010 og 2019 hjá sveitarfélögum með fleiri en 1.000 íbúa.
- Að meðaltali fyrir landið allt eru 66,3% íbúa á aldrinum 17 til 66 ára. Þetta er sá aldurshópur sem að mestu stendur undir að greiða skatta og gjöld til ríkis og sveitarfélaga.
- Af sveitarfélögum á höfuðborgarsvæðinu er þetta hlutfall lægst hjá Garðabæ, eða 62,7%.
- Eins og mynd 3 sýnir fækkaði íbúum hlutfallslega í öllum aldurshópum nema í aldurshópnum 67 ára og eldri í Garðabæ á milli áranna 2010 og 2019.

## Skuldir sveitarfélaga

- Í árslok 2017 voru 30 sveitarfélög með hærra skuldahlutfall en Garðabær.
- Skuldahlutfall Garðabæjar var 84,8% í árslok 2017.

## Skuldir Garðabæjar

- Eins og tafla 4 sýnir var skuldahlutfallið ýmist að hækka og lækka á milli ára árin 2002 til 2018. Hins vegar lækkaði skuldahlutfallið heilt yfir á tímbilinu.
- Þegar unnið var að sameiningu sveitarfélaganna, Garðabæjar og Álftaness, var gefin út skýrsla í september 2012. Þar var m.a. áætlað hvert skuldahlutfall sameinaðs sveitarfélags yrði fram til ársins 2017.
- Eins og fram kemur í töflu 4 hefur skuldahlutfallið í reynd orðið betra árin 2013 til 2016 en áætlunin gerði ráð fyrir. Skuldahlutfallið í árslok 2017 er nokkurn veginn eins og áætlunin gerði ráð fyrir. Þannig má ætla, að miðað við skuldahlutfall, hafi sameiningin tekist eins og áætlunin gerði ráð fyrir, ef eitthvað þá betur.

## Veltufé og handbært fé frá rekstri og fjárhreyfingar

- Eins og fram kemur á töflu 9 er veltufé frá rekstri fyrir A- og B-hluta samtals nokkuð hátt og hækkar frá því sem það var bara fyrir A-hlutann. Hæst var hlutfallið árið 2007, eða 21,2%. Lægst var hlutfalli árið 2015, eða 10,8%.
- Árið 2018 var veltufé frá rekstri sem hlutfall af tekjum 14,2%.
- Þannig má ljóst vera að á tímabilinu dugði veltufé frá rekstri að fullu fyrir

afborgunum lána sveitarfélagsins og mun meira en það.

## Fjárheimild samkvæmt fjárhagsáætlun

- Tafla 12 sýnir rauntölur rekstrar árið 2018 á móti fjárhagsáætlun með viðaukum hjá Garðabæ. Eins og taflan sýnir er heildarniðurstaða rauntölu A-hluta gjöld nettó nokkurn veginn á pari við áætlun, eða 104 milljónir króna undir áætlun sem er mjög gott.

- Hins vegar þegar betur er að gáð eru nokkrir málaflokkar sem fara fram úr fjárheimildum (fjárhagsáætlun með viðaukum). Í krónum talið fór félagsþjónustan mest umfram fjárheimildir, eða 238 milljónir króna umfram fjárheimild, sem gerir 15% umfram fjárheimild.

- Eins og tafla 13 sýnir var niðurstaða rekstrar jákvæð hjá A-hluta öll árin nema eitt, þ.e. árið 2003.

- Þegar samstæðureikningurinn er skoðaður, þ.e. A- og B-hluti samtals var halli tvö ár á þessu tímabili, þ.e. árin 2003 og 2008.

## Tekjur

- Eins og fram kemur í töflu 15 voru útsvarstekjur á íbúa hæstar hjá Seltjarnarnesbæ en næst hæstar hjá Garðabæ af samanburðar sveitarfélögunum árið 2017.

- Þannig var fasteignaskattur á hvern íbúa um 19 þúsund krónum lægri í Garðabæ en að meðaltali fyrir landið allt.

- Í þessum samanburði var Fjarðabyggð með hæsta framlagið, eða 142 þúsund krónur á hvern íbúa. Rétt er að vekja athygli á háu framlagi vegna jöfnunar fasteignaskattstekna til Fjarðabyggðar, eða 49.609 krónur á hvern íbúa.

- Það vekur athygli að það sveitarfélag sem er með hæstu fasteignaskattstekjur á hvern íbúa í þessum samanburði, Fjarðabyggð, fær jafnframt hæsta framlagið vegna jöfnunar fasteignaskattstekna af samanburðar sveitarfélögunum.

- Fasteignaskattur á hvern íbúa í Fjarðabyggð var 156 þúsund krónur og til viðbótar fær sveitarfélagið 50 þúsund krónur á hvern íbúa í framlag frá Jöfnunarsjóði vegna jöfnunar á fasteignaskattstekjum. Samtals var því fasteignaskattur og framlag vegna jöfnunar fasteignaskattstekna í Fjarðabyggð 206 þúsund krónur á hvern íbúa árið 2017.

- Til samanburðar við 130 þúsund krónur hjá Reykjavíkurborg sem kom næst.

- Eins og tafla 21a sýnir var álagningin í krónum talið lægst í Mosfellsbæ, þ.e. 100.320 krónur á sérbýli, að gefnum framangreindum forsendum. Síðan næst lægst í Reykjavík og svo í Garðabæ.

- Þegar álagningin í krónum talið er skoðuð á fjölbýli miðað við miðgildi og álagningarprósentu í hverju sveitarfélagi er hún einnig lægst í Mosfellsbæ en nú næst lægst í Garðabæ. Af þessu má ljóst vera að matsstuðullinn skiptir verulegu máli um hver skatturinn er í krónum talið.

## Laun

- Heildarlaunagjöld allra sveitarfélaga, sem hlutfall af tekjum samtals, A-hluti, á árinu 2017, voru 53%.

- Eins og tafla 23 sýnir var yfirvinna og álag sem hlutfall af föstum launum 23,8% hjá sveitarfélaginu öllu, þ.e. A- og B-hluta samtals árið 2017. Hlutfallið hækkar lítillega

á milli áranna 2017 og 2018. Var 23,8% árið 2018.

### Stöðugildi

- Miðað við 1. apríl 2018 voru samtals 705,4 stöðugildi hjá Garðabæ, A- og B-hluti.
- Þegar fjöldi íbúa á hvert stöðugildi hjá samanburðar sveitarfélögunum er skoðaður í þessum samanburði var eitt sveitarfélag, Reykjanesbær, af samanburðar sveitarfélögunum með fleiri íbúa á hvert stöðugildi en Garðabær.

### Stjórnsýslan

- Málaflokkum Garðabæjar er skipt niður á fjögur svið og heyra forstöðumenn sviðanna beint undir bæjarstjóra.

### Fjármála- og stjórnsýslusvið

- Eins og fram kemur í skipuritinu, mynd 8, eru samtals 27 stöðugildi á fjármála- og stjórnsýslusviði.

### Fjölskyldusvið

- Fjölskyldusvið fer með framkvæmd þeirra mála er lúta að félagslegri þjónustu bæjarins, barnavernd og jafnréttismálum.
- Til félagslegrar þjónustu teljast m.a. félagsleg ráðgjöf, fjárhagsaðstoð, félagsleg heimaþjónusta, málefni barna og ungmenna, málefni aldraðra, málefni fatlaðs fólks og húsnæðismál.
- Samtals eru því 44,8 stöðugildi sem heyra undir fjölskyldusvið í júní 2019. Auk þess er nokkur fjöldi lausráðinna starfsmanna í tímavinnu.
- Í barnavernd er auk verkefnastjóra, sem er í 100% stöðugildi, félagsráðgjafi í 100% stöðugildi og starfandi sviðsstjóri í 50% stöðugildi, eða samtals 2,5 stöðugildi.
- Eins og fram kemur á mynd 11 voru 192 virk barnaverndarmál sem unnið var með árið 2018. Miðað við að 2,5 stöðugildi voru að vinna við barnaverndarmál hjá Garðabæ árið 2018 voru 76,8 mál á hvert stöðugildi samkvæmt því.
- Þeim sem fengu fjárhagsaðstoð 2018 fjölgaði um átta frá því sem var árið 2017. Þannig fengu samtals 109 aðilar fjárhagsaðstoð árið 2018.
- Það vekur athygli hversu mikil hækkun er á fjárhagsaðstoðinni á milli áranna 2017 og 2018. Árið 2017 var fjárhagsaðstoð samtals 43 milljónir króna samanborið við 60,2 milljónir króna árið 2018, eða hækkun um 17,2 milljónir króna, eða hækkun um 40%.
- Það vekur athygli að kostnaður á hverja ferð er hærri hjá Strætó bs. vegna fatlaðs fólks en hjá Hreyfli vegna aldraðra. Hins vegar ber að hafa það í huga að bílarnir sem annast akstursþjónustu fyrir fatlað fólk eru sérbúnir í þann akstur en bílarnir hjá Hreyfli eru leigubílar án sérbúnaðar.
- Félagsstarf eldri borgara fer fram á þremur stöðum í sveitarfélaginu. Í Jónshúsi, þar sem aðal félagsstarfið fer fram. Síðan er félagsmiðstöð fyrir eldri borga í Smiðjunni, Kirkjuhvoli í kjallara safnaðarheimilisins í Vídalínskirkju og í Litlakoti á Álftanesi.

- Heimaþjónustan er með alla stoð- og stuðningsþjónustu fyrir aldraða, fatlað fólk og aðra Garðbæinga sem þurfa á heimaþjónustu að halda.

- Auk umsjónarmanns heimaþjónustu og þroskaþjálfa eru starfandi þrír starfsmenn í 2,6 stöðugildum, sem annast þrif í heimahúsum og einn starfsmaður sem aðstoðar við innkaup og vinnur hann í tímavinnu.

- Eins og tafla 32 sýnir fóru útgjöldin vegna félagslegrar heimaþjónustu 27 milljónir króna fram úr fjárheimildum, eða sem nemur 16%. Þjónustukaup af verktökum fóru 31,4 milljónir króna umfram fjárheimild en launagjöld voru 4,3 milljónir króna lægri en fjárheimildin var.

- Garðabær rekur skammtímavistun. Þangað koma einnig fötluð börn frá öðrum sveitarfélögum á höfuðborgarsvæðinu. Skammtímavistun í Móaflöt, það eru 25-30 börn sem nýta þjónustu þar.

- Eins og tafla 35 sýnir kostaði rekstur heimila fyrir fatlað fólk 119,4 milljónir króna umfram framlög frá Jöfnunarsjóði sveitarfélaga. Rétt er að fram komi að gera má ráð fyrir að framlögin frá Jöfnunarsjóði eiga að geta staðið undir kostnaði við rekstur heimilanna.

- Gert er ráð fyrir að þjónusta við fatlað fólk sé fjármögnuð með framlögum frá Jöfnunarsjóði sveitarfélaga, með ákveðinni hlutdeild í útsvarstekjum viðkomandi sveitarfélags og af almennum skatttekjum viðkomandi sveitarfélags.

- Þegar sveitarfélögin tóku yfir þjónustu við fatlað fólk var gengið út frá því að 1,20% hækkun á útsvari stæði undir kostnaði vegna þeirrar þjónustu sem sveitarfélögin tóku yfir frá ríkinu.

- Ákveðið var að skipta 1,20% útsvarshlutfalli hvers sveitarfélags, annars vegar í 0,95% útsvarshlutfall, sem rennur beint til Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga, og hins vegar í 0,25% útsvarshlutfall sem rennur til viðkomandi sveitarfélags vegna málaflokksins.

- Hlutur Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga í útsvarshlutfalli hvers sveitarfélags var hækkaður úr 0,95% í 0,99%.

- Eins og tafla 36 sýnir voru útgjöld Garðabæjar árið 2018 vegna þjónustu við fatlað fólk, sem sveitarfélagið tók yfir við yfirfærslu málaflokksins, 962 milljónir króna árið 2018. Auk þess var kostnaður vegna stjórnunar sem ekki er hér meðtalinn.

- Samkvæmt yfirliti frá Jöfnunarsjóði sveitarfélaga námu framlög sjóðsins til að mæta þessum útgjöldum 487.160 þúsundum krónum árið 2018.

- Eins og tafla 37 sýnir stóðu tekjur vegna málefna fatlaðs fólks hjá Garðabæ ekki undir útgjöldum vegna málaflokksins árið 2018. Hallinn nam 271 milljónum króna og var í reynd meiri því ekki eru meðtalin útgjöld vegna stjórnunar. Um er að ræða hallarekstur sem nemur 28,1% af rekstrargjöldum.

- Eins og tafla 41 sýnir fékk Garðabær 321 milljón krónu lægri upphæð greidda úr Jöfnunarsjóði sveitarfélaga árið 2018 en hlutdeild Jöfnunarsjóðs var í útsvarstekjum Garðabæjar vegna málefna fatlaðs fólks. Hins vegar fékk Hafnarfjarðarkaupstaður 243 milljónir krónum hærri upphæð en hlutdeild Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga var í útsvarstekjum Hafnarfjarðarkaupstaðar árið 2018 vegna málefna fatlaðs fólks.

## Fræðslu- og menningarsvið

- Samtals eru 7,4 stöðugildi á skóladeildinni.
- Eins og fram hefur komið hér að framan eru sálfræðingar á skóladeild sem sinna grunnskólunum en við skólana sjálfa er nokkur fjöldi stöðugilda fagmenntaðra starfsmanna með aðra menntun en kennaramenntun, sbr. tafla 42.
- Eins og fram kemur á töflu 43 voru 561 milljónir króna ætlaðar í stuðning við nemendur með sérþarfir á árinu 2018, eða 14% af heildarkostnaði vegna skólamála.
- Í máli verkefnastjórans kom fram mikil ánægja með þróunarsjóð leikskóla hjá sveitarfélaginu.
- Forvarnar- og tómstundafulltrúi sér um tómstundastarfið í félagsmiðstöðinni í Garðaskóla, Garðalundi.
- Sérstakur forstöðumaður er síðan yfir félagsstarfinu í Klakanum, Sjálandsskóla, og annar í Elítunni í Álftanesskóla. Hver þessara félagsmiðstöðva vinnur sjálfstætt og heyra forstöðumennirnir stjórnunarlega undir forstöðumann fræðslu- og menningarsviðs.
- Árið 2017 voru 582 börn í leikskólum sem Garðabær rekur og 319 börn í einkareknum leikskólum. Þannig voru 35% af börnunum í einkareknum skólum.
- Árið 2011 voru 41% af HDÍG í Garðabæ hjá einkareknum leikskólum. Árið 2017 var hlutfallið komið niður í 35%.
- Samkvæmt þessu (sjá töflu 46) er nokkuð hátt hlutfall starfsmanna í leikskólum Garðbæjar með uppeldismenntun, eða 61% af heildarfjölda stöðugilda.
- Öll stoðþjónusta er til fyrirmyndar hjá sveitarfélaginu. Frábær og skilvirk að sögn leikskólastjóra.
- Mikil ánægja er með þróunarsjóðinn og hefur leikskólastarfið þróast mikið með tilkomu hans.
- Samskipti við stjórnkerfið hjá bæjarfélaginu er mjög gott og þar með talið tækni- og umhverfissvið.
- Aðgengi að bókhaldsþjónustu, launadeild, mannauðsstjóra og sú aðstoð sem þarf að fá frá ráðhúsinu er mjög góð. Samstarfið við verkefnastjóra leikskóla er gott.
- Helstu hnökrarnir eru húsumsjónarmálin sem mættu vera betri. Annar stuðningur er mjög góður. Fá svör fljótt og þá aðstoð sem þarf.
- Rekstrarkostnaður á hvert HDÍG var lægstur hjá leikskólanum Ökrum árið 2017 hjá leikskólum sveitarfélagsins.
- Kostnaður við kaup á matvælum samtals var hæstur hjá leikskólanum Krakkakoti, eða 14.931 þúsund krónur. Það vekur athygli að kostnaðurinn er um 4,8 milljónum krónum lægri hjá leikskólanum Ökrum þar sem HDÍG og barnafjöldinn eru nokkuð áþekk.
- Á sama hátt skera útgjöld almennt í þessum samanburði nokkuð úr hversu

mismunandi þau eru. Samtals voru þessir útgjaldaliðir á hvert HDÍG 207 þúsund krónur hjá leikskólanum Krakkakoti saman borið við 176 þúsund krónur hjá leikskólanum Ökrum.

- Hjá þessum samanburðarsveitarfélögum voru meðallaunaútgjöld á hvert HDÍG hæst hjá Garðabæ, eða 7.474 þúsund krónur. Miðað við hversu krefjandi leikskólastörf eru ber að fagna þessu að mati skýrsluhöfundar.

- Meðallaunaútgjöldin samkvæmt þeim upplýsingum sem taflan byggir á voru næst hæst hjá Mosfellsbæ, eða 7.093 þúsund krónur. Er hér mismunur upp á 381 þúsund krónur sem meðallaunaútgjöldin voru hærri hjá Garðabæ.

- Í Garðabæ eru reknir átta grunnskólar, þar af tveir einkareknir. Grunnskólarnir sem Garðabær rekur eru: Álftanesskóli, Flataskóli, Garðaskóli, Hofsstaðaskóli, Sjálandsskóli og Urriðaholtsskóli, sem hóf starfsemi haustið 2018.

- Einkareknu skólarnir eru Alþjóðaskólinn á Íslandi og Barnaskóli Hjallastefnunnar.

- Launagjöld á hvern nemanda voru lægst hjá Hofsstaðaskóla, eða 943 þúsund krónur á hvern nemanda. Til samanburðar voru þau 1.389 þúsund krónur hjá Sjálandsskóla. Mismuninum nemur 446 þúsund krónum á hvern nemanda. Hér ber að hafa í huga að mikill munur er á fjölda nemenda í þessum skólum.

- Meðallaunakostnaður á hvern nemanda í grunnskólum Garðabæjar var 1.080 þúsund krónur árið 2017.

- Hjallastefnan ehf rekur þrjá leikskóla í Garðabæ, leikskólann Ása, leikskólann Litlu-Ása og leikskólann Hnoðraholt.

- Auk þess rekur Hjallastefnan leik- og grunnskóla fyrir 5 til 12 ára börn.

- Garðabær er síðan með samning við Sjáland ehf. um rekstur leikskólans Sjáland. Einnig er samningur um rekstur Alþjóðaskólans á Íslandi þar sem rekinn er grunnskóli.

- Árið 2004 gerði Garðabær samning um rekstur og leigu á húsnæði fyrir leikskóla á Sjálandi í Garðabæ við Sjáland ehf. Samningurinn er fyrst uppsegjanlegur til lausnar 31. júlí 2030 og þarf sú uppsögn að berast í síðasta lagi fyrir júlílok 2029.

## Tækni- og umhverfissvið

- Undir forstöðumann sviðsins (bæjarverkfræðing) heyrir skipulagsstjóri, byggingarfulltrúi og forstöðumaður Samveitna, framkvæmda og eigna. Auk þess er aðstoðarmaður forstöðumanns, sem er umhverfisverkfræðingur.

- Eins og tafla 151 sýnir hefur verið varið í viðhald fasteigna þessi ár frá 210 milljónum króna til 255 milljóna króna árlega á verðlagi hvers árs.

- Garðyrkjustjóri heyrir undir forstöðumann Samveitna, framkvæmda og eigna. Á garðyrkjudeild eru 14 stöðugildi með garðyrkjustjóra, þar af eru fjórir lausráðnir, sem starfað hafa allt árið að sögn garðyrkjustjóra.

- Í þjónustumiðstöð eru 11 stöðugildi auk forstöðumanns þjónustumiðstöðvar, eða samtals 12 stöðugildi.

# Efnisyfirlit


**GREINING ..... 11**

INNGANGUR ..... 11
ÍBÚAFJÖLDI ..... 11
SKULDIR SVEITARFÉLAGA ..... 16
SKULDIR GARÐABÆJAR ..... 17
VELTUFÉ OG HANDBÆRT FÉ FRÁ REKSTRI OG FJÁRHREYFINGAR ..... 21
FJÁRHEIMILD SAMKVÆMT FJÁRHAGSÁÆTLUN ..... 23
TEKJUR ..... 27
LAUN ..... 34
STÖÐUGILDI ..... 36
ANNAR REKSTRARKOSTNAÐUR ..... 37
STJÓRNSÝSLAN ..... 38
FJÁRMÁLA- OG STJÓRNSÝSLUSVIÐ ..... 39
FJÖLSKYLDUSVIÐ ..... 53
FRÆÐSLU- OG MENNINGARSVIÐ ..... 86
TÓNLISTARSKÓLI GARÐABÆJAR ..... 97
LEIKSKÓLAR Í GARÐABÆ ..... 99
LEIKSKÓLINN HOLTAKOT ..... 102
LEIKSKÓLINN KRAKKAKOT ..... 107
LEIKSKÓLINN LUNDABÓL ..... 112
LEIKSKÓLINN KIRKJUBÓL ..... 116
LEIKSKÓLINN HÆÐARBÓL ..... 123
LEIKSKÓLINN AKRAR ..... 127
LEIKSKÓLINN BÆJARBÓL ..... 131
LEIKSKÓLINN SUNNUHVOLL ..... 136
LEIKSKÓLAR Í GARÐABÆ, SAMANTEKIÐ ..... 139
GRUNNSKÓLAR Í GARÐABÆ ..... 145
GARÐASKÓLI ..... 145
FLATASKÓLI ..... 153
ÁLFTANESSKÓLI ..... 161
SJÁLANDSSKÓLI ..... 169
HOFSSTAÐASKÓLI ..... 177
URRIÐAHOLTSSKÓLI ..... 184
GRUNNSKÓLAR, SAMANTEKIÐ ..... 187
EINKAREKNIR LEIK- OG GRUNNSKÓLAR ..... 194
BÓKASAFN GARÐABÆJAR ..... 202
HÖNNUNARSAFN ÍSLANDS ..... 204
TÆKNI- OG UMHVERFISSVIÐ ..... 206
B-HLUTA STOFNANIR ..... 225

**TILLÖGUR ..... 227**

1. LANGTÍMASKULDIR ..... 227
2. FJÁRHEIMILDIR SAMKVÆMT FJÁRHAGSÁÆTLUN ..... 227
3. YFIRVINNA ..... 227
4. ÚTBOÐ ..... 228
5. ORKUNOTKUN ..... 228
6. LÖGFRÆÐI- OG PERSÓNUVERNDARFULLTRÚI ..... 229
7. ÞJÓNUSTUSTJÓRI ..... 229
8. LÖGINNHEIMTA ..... 229
9. KJARADEILD ..... 230
10. SPJALDTÖLVUR ..... 230
11. AKSTURSÞJÓNUSTA FYRIR FATLAÐ FÓLK OG ALDRAÐA ..... 230
12. AKSTURSÞJÓNUSTA FYRIR FATLAÐA ..... 230
13. UMSJÓN MEÐ AKSTURSÞJÓNUSTU ..... 231
14. FJÁRHAGSAÐSTOÐ, FÉLAGSLEG RÁÐGJÖF OG HÚSNÆÐISMÁL ..... 231

15. Umsóknir um fjárhagsaðstoð ..... 231
16. Barnaverndarmál ..... 231
17. Barnaverndarmál og sálfræðingar ..... 231
18. Viðhald á félagslegu leiguhúsnæði ..... 232
19. Leiguverð á félagslegum leiguíbúðum ..... 232
20. Annar rekstrarkostnaður félagslegs húsnæðis ..... 232
21. Stoðþjónusta og málefni aldraðra ..... 233
22. Framkvæmdastjóri öldrunar- og heimaþjónustu ..... 233
23. Verktaka vegna stoðþjónustu ..... 233
24. Samþykkt reikninga vegna stuðnings- og stoðþjónustu ..... 234
25. Úttekt og ráðstefna/námskeið í málefnum fatlaðs fólks ..... 234
26. Sjálfseignarstofnun um byggingu og rekstur íbúðakjarna fyrir fatlað fólk ..... 234
27. Samstarf um rekstur íbúðakjarna með sérhæfða þjónustu ..... 235
28. Íbúar í íbúðakjarna ..... 235
29. Endurmat á þjónustuþörf ..... 235
30. Rekstrarkostnaður sambýla ..... 236
31. Talmeinafræðingar ..... 236
32. Stuðningur við nemendur með sérþarfir ..... 236
33. Fimm deildir á fræðslu- og menningarsviði ..... 237
34. Aðgangsstýrikerfið Curron ..... 237
35. Rekstur leikskóla ..... 237
36. Hráefniskaup og launakostnaður við matargerð í leikskólum ..... 238
37. Kaup á mat ..... 238
38. Ungbarnaleikskólinn Sunnuhvoll ..... 239
39. Rekstur Álftanesskóla og Sjálandsskóla ..... 239
40. Rekstrarlíkan grunnskóla ..... 240
41. Húsumsjónarmenn í grunnskólum ..... 240
42. Ræstingar í leik og grunnskólum ..... 241
43. Almenn vöru- og þjónustukaup ..... 242
44. Verksamningar varðandi leik- og grunnskóla ..... 242
45. Rekstrarkostnaður einkarekinna leikskóla ..... 242
46. Leikskólinn Sjáland ..... 242
47. Skólabókasafn og almennings bókasafn á Álftanesi ..... 243
48. Opnunartími bókasafns ..... 243
49. Kaup á þjónustu vegna skipulagsvinnu og eftirlits ..... 243
50. Viðhald fasteigna ..... 243
51. Vinnutími í þjónustumiðstöð ..... 244
52. Tímaskráning garðyrkjudeildar og þjónustumiðstöðvar ..... 244
53. Vélar, tæki og bifreiðar ..... 244
54. Fjöldi stöðugilda í þjónustumiðstöð og garðyrkjudeild ..... 245
55. Skipurit umhverfis- og framkvæmdasviðs ..... 245
56. Losun á sorpi hjá stofnunum sveitarfélagsins ..... 245
57. Tilfallandi verkefni í verktöku ..... 245
58. Virðisaukaskattur ..... 246
59. Endurnýjun og viðhald á búnaði á hjúkrunarheimilinu Ísafold ..... 246
60. Rekstur hjúkrunarheimilisins Ísafoldar ..... 246
61. Tækni- og umhverfissvið ..... 247
62. Sviðsstjórar ..... 247
63. Skipurit sviða ..... 248

**Ábendingar ..... 248**

1. Greinargerð með fjárhagsáætlun ..... 248
2. Viðaukar ..... 248
3. Reglulegir fundir ..... 249
4. Reglulegir fundir bæjarstjóra með æðstu stjórnendum ..... 249
5. Samþykkt reikninga umfram fjárheimild ..... 249
6. Jöfnunarsjóður sveitarfélaga ..... 250
7. Hlutfall launa af tekjum sveitarfélagsins ..... 250
8. Fjölgun stöðugilda ..... 250
9. Fundir ..... 251

10. INNHEIMTUFULLTRÚI ..... 251
11. KREDITKORT ..... 251
12. UPPLÝSINGAGJÖF VEGNA HEIMAÞJÓNUSTU ..... 251
13. RÁÐNINGAR ..... 252
14. TILKYNNINGAR TIL UMSÆKJENDA UM STÖRF ..... 252
15. ÓTEKIÐ ORLOF ..... 252
16. STARFSMAT ..... 252
17. FUNDIR Á UPPLÝSINGADEILD ..... 253
18. INNRIVEFUR ..... 253
19. NÝIR STARFSMENN OG TÖLVUBÚNAÐUR ..... 253
20. FJÁRHAGSAÐSTOÐ ..... 253
21. AFGREIÐSLUFUNDIR VARÐANDI FJÁRHAGSAÐSTOÐ ..... 254
22. FJÁRHAGSAÐSTOÐ, VIRK O.FL. ..... 254
23. ÚTHLUTUNARREGLUR UM FÉLAGSLEGT LEIGUHÚSNÆÐI ..... 254
24. MAT Á UMSÓKNUM UM FÉLAGSLEGAR LEIGUÍBÚÐIR ..... 254
25. RÆSTING Í JÓNSHÚSI ..... 255
26. FREKARI LIÐVEISLA O.FL. ..... 255
27. FUNDIR MEÐ FORSTÖÐUMÖNNUM HEIMILA FYRIR FATLAÐ FÓLK ..... 255
28. SKÓLANEFNDIR ..... 255
29. REGLULEGIR FUNDIR HÚSUMSJÓNARMANNA ..... 256
30. YFIRUMSJÓN MEÐ RÆSTINGUM Í GRUNNSKÓLUM ..... 256
31. SKRÁNING Á ORKUNOTKUN ..... 256
32. STÓLAR ..... 256
33. HANDLEIÐSLA ..... 257
34. AFGREIÐSLUFUNDIR SKIPULAGSSTJÓRA ..... 257
35. EFTIRLIT MEÐ VERKTAKA Í GRASSLÆTTI ..... 257
36. REGLULEGIR FUNDIR ..... 257

**LOKAORÐ ..... 259**

**FYLGISKJÖL ..... 261**

# Greining

## INNGANGUR

Með samningi, dags. 5. mars 2019, tók HLH ehf. að sér að gera úttekt á stjórnsýslu, rekstri og fjárhag Garðabæjar með það að markmiði að koma fram með tillögur að hagræðingu í stjórnsýslu, rekstri og fjármálum sveitarfélagsins.

Við vinnslu verkefnisins var stuðst við gögn frá sveitarfélaginu og til samanburðar við gögn sem fengin voru á vef Sambands íslenskra sveitarfélaga varðandi sveitarfélög sambærilegum að stærð hvað íbúafjölda varðar. Jafnframt var óskað eftir upplýsingum frá öðrum sveitarfélögum við vinnslu verkefnisins.

Í verkefninu fólst að eiga samtöl við forstöðumenn og fara yfir fyrirkomulag rekstrar viðkomandi stofnunar. Jafnframt voru skoðuð bókhaldsgögn og rekstrarútgjöld könnuð. Einnig var nokkuð stuðst við upplýsingar úr ársreikningum sveitarfélaga á vef Sambands íslenskra sveitarfélaga.

Rekstrargjöld og -tekjur sveitarfélagsins voru borin saman við rekstrargjöld og -tekjur hjá 10 sveitarfélögum, sambærilegum að stærð hvað íbúafjölda varðar. Markmiðið með þessum samanburði var að reyna að finna hvað væri öðruvísi hjá Garðabæ en hjá þessum sveitarfélögum sem nýtast mætti til hagræðingar í rekstri.

Einnig átti skýrsluhöfundur fundi með bæjarstjóra þar sem farið var yfir ýmis málefni tengd verkefninu.

Öllum framangreindum aðilum eru þökkuð hreinskiptin og opin svör við öllu sem varðar greiðan framgang verkefnisins. Tekið skal skýrt fram að þeir aðilar, sem leitað var til, bera enga ábyrgð á því sem fram kemur í skýrslunni. Allt sem þar stendur er á ábyrgð skýrsluhöfundar.

## ÍBÚAFJÖLDI

Íbúum hefur fjölgað nokkuð í Garðabæ á síðustu árum og hefur fjölgunin verið vel yfir landsmeðaltali a.m.k. frá árinu 2010, sem hér er skoðað.

Tafla 1: Fjöldi íbúa í Garðabæ, á höfuðborgarsvæðinu án Reykjavíkur og landinu öllu 2010 til 2019

| | 2010 | 2011 | 2012 | 2013 | 2014 | 2015 | 2016 | 2017 | 2018 | 2019 | Breyting 2010/2019 | Hlutfallsleg breyting |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| **Íbúafjöldi** | 13.166 | 13.393 | 13.702 | 13.872 | 14.180 | 14.453 | 14.717 | 15.230 | 15.709 | 16.299 | 3.133 | 23,8% |
| Breyting á milli ára | | 227 | 309 | 170 | 308 | 273 | 264 | 513 | 479 | 590 | | |
| Hlutfallsleg breyting | | 1,7% | 2,3% | 1,2% | 2,2% | 1,9% | 1,8% | 3,5% | 3,1% | 3,8% | | |
| Höfuðborgarsvæðið samtals án Rvíkur | 82.384 | 83.233 | 84.560 | 85.706 | 87.301 | 89.244 | 90.942 | 93.412 | 96.222 | 99.200 | 16.816 | 20,4% |
| Breyting á milli ára | | 849 | 1.327 | 1.146 | 1.595 | 1.943 | 1.698 | 2.470 | 2.810 | 2.978 | | |
| Hlutfallsleg breyting | | 1,0% | 1,6% | 1,4% | 1,9% | 2,2% | 1,9% | 2,7% | 3,0% | 3,1% | | |
| Landið allt | 317.630 | 318.452 | 319.575 | 321.857 | 325.671 | 329.100 | 332.529 | 338.349 | 348.450 | 356.991 | 39.361 | 12,4% |
| Breyting á milli ára | | 822 | 1.123 | 2.282 | 3.814 | 3.429 | 3.429 | 5.820 | 10.101 | 8.541 | | |
| Hlutfallsleg breyting | | 0,3% | 0,4% | 0,7% | 1,2% | 1,1% | 1,0% | 1,8% | 3,0% | 2,5% | | |

Heimild: Hagstofa Íslands

Tafla 1 sýnir fjölda íbúa í Garðabæ, á höfuðborgarsvæðinu án Reykjavíkur og landinu öllu árin 2010 til 2019 í janúar hvert ár. Í töflunni er íbúum Sveitarfélagsins Álftaness bætt við íbúafjölda Garðabæjar árin 2010, 2011 og 2012, en árið 2013 sameinaðist

Sveitarfélagið Álftanes Garðabæ.

Eins og taflan sýnir fjölgaði íbúum á landinu öllu um 12,4% á milli áranna 2010 og 2019, þegar fjölgaði um 23,8% í Garðabæ og 20,4% á höfuðborgarsvæðinu samtals án Reykjavíkur.

Á milli þessara ára fjölgar íbúum hlutfallslega meira í Garðabæ í sex skipti en í öðrum sveitarfélögum samtals á höfuðborgarsvæðinu án Reykjavíkur. Hins vegar var fjölgunin hlutfallslega minni í Garðabæ í þrjú skipti.

### Mynd 1: Hlutfallsleg breyting á fjölda íbúa á milli ára árin 2010 til 2019 í Garðabæ og á landinu öllu




Heimild: Hagstofa Íslands

Mynd 1 sýnir hlutfallslega breytingu á milli ára árin 2010 til 2019 á fjölda íbúa í Garðabæ og samtals fyrir öll sveitarfélög á landinu. Eins og myndin sýnir er hlutfallslega mun meiri fjölgun í Garðabæ öll árin nema árið 2018 en þá fjölgaði um 3,1% í Garðabæ og á landinu öllu um 3,0%.

Tafla 2: Íbúafjöldi hjá sveitarfélögum með fleiri en 1.000 íbúa og þar sem íbúafjölgunin var mest á milli áranna 2010 og 2019

| | 2010 | 2019 | Fjölgun á milli áranna | Hlutfallsleg fjölgun |
|---|---|---|---|---|
| Reykjanesbær | 14.091 | 18.920 | 4.829 | 34,3% |
| Mosfellsbær | 8.553 | 11.463 | 2.910 | 34,0% |
| Garðabær | 13.166 | 16.299 | 3.133 | 23,8% |
| Kópavogur | 30.357 | 36.975 | 6.618 | 21,8% |
| Sveitarfélagið Árborg | 7.811 | 9.485 | 1.674 | 21,4% |
| Grindavíkurbær | 2.837 | 3.427 | 590 | 20,8% |
| Bláskógabyggð | 935 | 1.121 | 186 | 19,9% |
| Hafnarfjörður | 25.913 | 29.799 | 3.886 | 15,0% |
| Hveragerði | 2.291 | 2.628 | 337 | 14,7% |
| Sveitarfélagið Hornafjörður | 2.086 | 2.389 | 303 | 14,5% |
| Akranes | 6.549 | 7.411 | 862 | 13,2% |
| Landið allt | 317.630 | 356.991 | 39.361 | 12,4% |
| Sveitarfélagið Ölfus | 1.952 | 2.153 | 201 | 10,3% |
| Rangárþing eystra | 1.745 | 1.924 | 179 | 10,3% |
| Stykkishólmur | 1.092 | 1.201 | 109 | 10,0% |
| Fjarðabyggð | 4.641 | 5.070 | 429 | 9,2% |
| Reykjavík | 118.326 | 128.793 | 10.467 | 8,8% |

Heimild: Hagstofa Íslands

Tafla 2 sýnir sveitarfélög með yfir 1.000 íbúa, þar sem íbúafjölgunin var mest á milli áranna 2010 og 2019, raðað eftir hlutfallslega mestri fjölgun.

Eins og taflan sýnir var fjölgunin hlutfallslega mest í Reykjanesbæ og Mosfellsbæ. Þar sem íbúum fjölgaði um 34,3% í Reykjanesbæ og 34,0% í Mosfellsbæ á milli áranna 2010 og 2019. Næst kemur Garðabær, þar sem fjölgunin var 23,8%. Árið 2010 er íbúum Sveitarfélagsins Álftaness bætt við íbúafjöldann í Garðabæ en sveitarfélögin sameinuðust árið 2013, sbr. hér að framan. Þannig var Garðabær í þriðja sæti yfir hlutfallslegu mestu íbúafjölgunina á milli áranna 2010 og 2019 hjá sveitarfélögum með fleiri en 1.000 íbúa.

Mynd 2: Hlutfallsleg skipting íbúa eftir aldursflokkum hjá sveitarfélögum á höfuðborgarsvæðinu og landinu samtals miðað við tölu íbúa í janúar 2019




Heimild: Hagstofa Íslands

Mynd 2 sýnir hlutfallslega skiptingu íbúa eftir aldursflokkum fyrir sveitarfélögin á höfuðborgarsvæðinu og fyrir landið allt.

Að meðaltali fyrir landið allt eru 66,3% íbúa á aldrinum 17 til 66 ára. Þetta er sá aldurshópur sem að mestu stendur undir að greiða skatta og gjöld til ríkis og sveitarfélaga. Af sveitarfélögum á höfuðborgarsvæðinu er þetta hlutfall lægst hjá Garðabæ, eða 62,7%. Hæst er hlutfallið hjá Reykjavíkurborg af sveitarfélögunum á höfuðborgarsvæðinu, eða 68,3%.

Í aldurshópnum 0 til 5 ára eru 7,2% af íbúum Garðabæjar, sem er sama hlutfall og fyrir landið allt. Þetta hlutfall er hærra hjá öðrum sveitarfélögum á höfuðborgarsvæðinu nema hjá Reykjavíkurborg þar sem það var lægst, eða 6,9%.

Í aldurshópnum 6 til 16 ára er meðaltalshlutfallið fyrir landið allt 14,2%. Á höfuðborgarsvæðinu er þetta hlutfall næst hæst hjá Garðabæ, eða 16,4%. Hæst er hlutfallið hjá Mosfellsbæ, eða 17,2%. Lægst er hlutfallið hjá Reykjavíkurborg, eða 12,9%.

Í aldurshópnum 67 ára og eldri eru 13,7% íbúa Garðabæjar samanborið við 12,3% á landinu öllu. Af sveitarfélögunum á höfuðborgarsvæðinu er þetta hlutfall hæst hjá Seltjarnarnesbæ, eða 14,9%.

### Mynd 3: Hlutfallsleg aldursdreifing íbúa samtals í Garðabæ og Sveitarfélaginu Álftanesi árið 2010 og í Garðabæ árið 2019




Heimild: Hagstofa Íslands

Mynd 3 sýnir hlutfallslega aldursdreifingu íbúa samtals í Garðabæ og Sveitarfélaginu Álftanesi árið 2010 og í Garðabæ árið 2019.

Eins og myndin sýnir fækkaði íbúum hlutfallslega í öllum aldurshópum nema í aldurshópnum 67 ára og eldri á milli áranna 2010 og 2019. Hlutfallið fyrir þann aldurshóp var 10,7% árið 2010 en 13,7% árið 2019. Íbúum í aldurshópnum 17 til 66 ára fækkaði hlutfallslega. Var 64% árið 2010 en 62,7% árið 2019. Íbúum í aldurshópnum 6 til 16 ára fækkaði lítillega hlutfallslega. Var 16,8% árið 2010 en 16,4% árið 2019. Síðan fækkar íbúum nokkuð hlutfallslega í aldurshópnum 0 til fimm ára. Var 8,6% árið 2010 en 7,2% árið 2019.

Mynd 4: Hlutfall íbúa 17 ára til 66 ára af heildarfjölda íbúa í samanburðar sveitarfélögunum árið 2019




Heimild: Hagstofa Íslands

Mynd 4 sýnir hlutfall íbúa, 17 ára til 66 ára, af heildarfjölda íbúa í samanburðar sveitarfélögum árið 2019.

Eins og komið hefur fram hér að framan er um að ræða þann aldurshóp sem að mestu stendur undir að greiða skatta og gjöld til ríkis og sveitarfélaga. Það vekur athygli hversu breytilegt þetta hlutfall er hjá þeim sveitarfélögum sem tekið er mið af í skýrslu þessari til samanburðar, þ.e. næstu fimm fjölmennari sveitarfélög en Garðabær og næstu fimm með færri íbúa en Garðabær.

Reykjavíkurborg og Reykjanesbær skera sig nokkuð úr með hæstu hlutföllin, þ.e. 69,8% í Reykjanesbæ og 68,3% hjá Reykjavíkurborg. Til samanburðar var hlutfallið lægst hjá Sveitarfélaginu Árborg, eða 62,4%, og næst lægst hjá Garðabæ, eða 62,7%. Þannig eru 7,1% stigum fleiri íbúar í Reykjanesbæ á aldrinum 17 til 66 ára af heildaríbúafjöldanum en í Garðabæ og í Reykjavíkurborg 5,6% stigum fleiri.

## SKULDIR SVEITARFÉLAGA

Þann 1. janúar 2012 tóku gildi ný sveitarstjórnarlög nr. 138/2011. Samkvæmt lögunum mega sveitarfélög ekki skulda meira en sem nemur 150% af reglulegum tekjum sveitarfélagsins. Um er að ræða samtals fyrir A- og B-hluta. Reglugerð skýrir frekar hvernig skuldahlutfallið á að reiknast, svo kallað skuldaviðmið.

### Mynd 5: Skuldir og skuldbindingar sveitarfélaga, A- og B-hluti, sem hlutfall af tekjum árið 2017 hjá sveitarfélögum með hærra hlutfall en 80%




Heimild: Samband íslenskra sveitarfélaga

Mynd 5 sýnir skuldir og skuldbindingar sveitarfélaga, A- og B-hluta, sem hlutfall af tekjum árið 2017 hjá sveitarfélögum með hærra skuldahlutfall en 80% raðað frá hæsta hlutfalli og niður. Um er að ræða heildarskuldir sem hlutfall af tekjum og þá ekki svo kallað skuldaviðmið skv. reglugerð. Eins og myndin sýnir var Reykjanesbær skuldugasta sveitarfélagið í árslok 2017 miðað við skuldir sem hlutfall af tekjum, eða 203%. Samkvæmt þessu voru 30 sveitarfélög með hærra skuldahlutfall en Garðabær í árslok 2017. Skuldahlutfall Garðabæjar var 84,8% í árslok 2017.

Hlutfallið samtals fyrir öll sveitarfélögin var 143% en var í árslok 2016 153%. Þannig hafa skuldir sveitarfélaga samtals sem hlutfall af tekjum þeirra lækkað á milli áranna.

Rétt er að vekja athygli á því að einungis sjö sveitarfélög voru með skuldir sem hlutfall af tekjum, skuldahlutfall, hærri en 150% í árslok 2017. Til samanburðar má geta þess að í árslok 2008 voru 24 sveitarfélög með hærra skuldahlutfall en 150%.

## SKULDIR GARÐABÆJAR

Skuldir Garðabæjar hafa hækkað á undanförnum árum í krónum talið.

### Tafla 3: Skuldir Garðabæjar, A- og B-hluti, 2002 til 2018, í milljónum króna og verðlagi hvers árs

| | 2002 | 2003 | 2004 | 2005 | 2006 | 2007 | 2008 | 2009 | 2010 | 2011 | 2012 | 2013 | 2014 | 2015 | 2016 | 2017 | 2018 |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| A-hluti | 2.784 | 3.383 | 4.068 | 4.018 | 3.758 | 3.723 | 4.358 | 6.281 | 6.525 | 5.891 | 5.944 | 8.843 | 9.311 | 10.897 | 10.096 | 11.057 | 13.381 |
| A- og B-hluti | 2.857 | 3.583 | 4.274 | 4.242 | 3.995 | 3.961 | 4.678 | 6.450 | 6.527 | 6.468 | 6.614 | 9.798 | 10.021 | 11.863 | 11.041 | 11.915 | 14.194 |
| Breyting á milli ára | | 726 | 691 | -31 | -247 | -34 | 717 | 1.772 | 76 | -58 | 145 | 3.184 | 223 | 1.842 | -822 | 874 | 2.279 |

Heimild: Samband íslenskra sveitarfélaga og ársreikningur Garðabæjar 2018

Tafla 3 sýnir skuldir Garðabæjar, A-hluta og A og B-hluta samtals, frá árinu 2002 til 2018 í milljónum króna og á verðlagi hvers árs.

Eins og tafla 3 sýnir hafa skuldir A-hluta hækkað úr 2.784 milljónum króna árið 2002 í

13.381 milljónir króna árið 2018, eða um 10.597 milljónir króna á verðlagi hvors árs, sem er hækkun um 480%, eða tæplega fimmföldun skulda á tímabilinu. Á sama tíma jukust tekjur A-hlutans úr 2.548 milljónum króna í 14.272 milljónir kr., eða um 11.724 milljónir króna, sem er aukning um 560%, eða tæplega sexföldun tekna á tímabilinu. Af þessu má ljóst vera að á tímabilinu hafa skuldirnar aukist minna en tekjurnar, bæði hlutfallslega og í krónum talið.

Samtals jukust skuldir sveitarfélagsins, A- og B-hluti, á þessu tímabili úr 2.857 milljónum króna árið 2002 í 14.194 milljónir króna árið 2018, sem er aukning um 497%, eða tæplega fimmfaldast. Á þessum tíma hækkaði meðaltalsvísitala neysluverðs um 204% og tekjur sveitarfélagsins, A- og B-hluti, um 613%, eða rúmlega sexfölduðust.

Á tímabilinu lækkuðu skuldir sveitarfélagsins fimm sinnum á milli ára, þ.e. árin 2005, 2006, 2007, 2011 og 2016. Skuldirnar aukast nokkuð á milli áranna 2008 og 2009, 2012 og 2013 og 2017 og 2018. Skuldaaukningin á milli áranna 2012 og 2013 er vegna sameiningar Sveitarfélagsins Álftanes við Garðabæ en það gerðist í byrjun árs 2013.

Tafla 4: Skuldir Garðabæjar, A- hluti og A- og B-hluti, 2002 til 2018, sem hlutfall af tekjum

| | 2002 | 2003 | 2004 | 2005 | 2006 | 2007 | 2008 | 2009 | 2010 | 2011 | 2012 | 2013 | 2014 | 2015 | 2016 | 2017 | 2018 |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| A-hluti | 109,3% | 124,9% | 140,0% | 109,7% | 98,0% | 71,6% | 86,8% | 123,7% | 122,3% | 93,8% | 86,4% | 98,9% | 98,3% | 105,4% | 80,1% | 83,8% | 93,8% |
| A- og B-hluti | 108,7% | 125,3% | 138,4% | 108,5% | 97,0% | 71,3% | 86,6% | 117,3% | 113,1% | 96,3% | 90,4% | 98,5% | 93,4% | 101,4% | 78,7% | 84,8% | 88,1% |
| Áætlað skuldahlutfall samkvæmt skýrslu um sameiningu sveitarfélaganna | | | | | | | | | | | | 116% | 108% | 99% | 91% | 84% | |

Heimild: Samband íslenskra sveitarfélaga

Tafla 4 sýnir skuldir Garðabæjar, A-hluta og A- og B-hluta samtals, frá árinu 2002 til 2018 sem hlutfall af tekjum (skuldahlutfall). Eins og tafla 4 sýnir var skuldahlutfallið ýmist að hækka og lækka á milli ára á þessu tímabili. Hins vegar lækkaði skuldahlutfallið heilt yfir á tímabilinu. Hæst var skuldahlutfallið á þessu tímabili árið 2003 þegar það fór í 125% fyrir A- og B-hluta samtals. Lægst var skuldahlutfallið 2007 þegar það var 71,3%. Skuldahlutfallið var 88,1% í árslok 2018.

Á þessu 17 ára tímabili lækkaði skuldahlutfallið átta sinnum á milli ára.

Þegar unnið var að sameiningu sveitarfélaganna var gefin út skýrsla í september 2012. Þar var m.a. áætlað hvert skuldahlutfall sameinaðs sveitarfélags yrði fram til ársins 2017. Neðst í töflu 4 er áætlunin fyrir árin 2013 til 2017 sýnd. Eins og þar kemur fram hefur skuldahlutfallið í reynd orðið betra árin 2013 til 2016 en áætlunin gerði ráð fyrir. Skuldahlutfallið í árslok 2017 er nokkurn veginn eins og áætlunin gerði ráð fyrir. Þannig má ætla miðað við skuldahlutfall hafi sameiningin tekist eins og áætlunin gerði ráð fyrir ef eitthvað þá betur.

## Tafla 5: Samsetning skulda og skuldbindinga Garðabæjar, A- hluti og A- og B-hluti, samkvæmt ársreikningi 2018 í milljónum króna

| | A-hluti | A- og B-hluti | Hlutfall af skuldum samtals | Hlutfall af skuldum samtals |
|---|---|---|---|---|
| **Skuldbindingar:** | | | | |
| Lífeyrisskuldbindingar | 2.264 | 2.264 | 16,0% | |
| **Skuldbindingar samtals** | **2.264** | **2.264** | | **16,0%** |
| | | | | |
| **Langtímaskuldir:** | | | | |
| Skuldir við lánastofnanir | 7.042 | 7.993 | 56,3% | |
| Leiguskuldir | 469 | 469 | 3,3% | |
| Fyrirfram innheimtar tekjur | 944 | 944 | 6,7% | |
| **Langtímaskuldir samtals** | **8.455** | **9.406** | | **66,3%** |
| | | | | |
| **Skammtímaskuldir:** | | | | |
| Skuldir við lánastofnanir | 152 | 152 | 1,1% | |
| Skuldir við eigin fyrirtæki | 158 | 0 | 0,0% | |
| Næsta árs afborganir langtímaskulda | 914 | 930 | 6,6% | |
| Næsta árs afborganir leiguskulda | 67 | 67 | 0,5% | |
| Skammtímahluti lífeyrisskuldbindingar | 79 | 79 | 0,6% | |
| Aðrar skammtímaskuldir | 1.291 | 1296 | 9,1% | |
| **Skammtímaskuldir samtals** | **2.661** | **2.524** | | **17,8%** |
| | | | | |
| **Skuldir og skuldbindingar** | **13.380** | **14.194** | **100%** | **100%** |

Heimild: Ársreikningur Garðabæjar 2018

Tafla 5 sýnir samsetningu skulda og skuldbindinga hjá Garðabæ í árslok 2018. Eins og taflan sýnir voru lífeyrisskuldbindingar orðnar 16% af skuldum sveitarfélagsins í árslok 2018. Langtímaskuldir 66% og skammtímaskuldir tæp 18%.

Skuldir A-hluta við eigin fyrirtæki voru orðnar 158 milljónir króna í árslok 2018 en voru í árslok 2017 97 milljónir krónar. Þannig hækkuðu þessar skuldir um 61 milljón króna á milli áranna.

## Tafla 6: Skuldir, tekjur og kröfur á aðalsjóð B-hluta stofnana samkvæmt ársreikningum 2018 í þúsund krónum

| | Langtíma-skuldir | Skammtíma-skuldir | **Skuldir án aðalsjóðs** | Skuldir við aðal-sjóð, langtíma | Skuldir við aðal-sjóð, skammtíma | **Skuldir samtals** | Tekjur | Skuldir/ tekjum | Kröfur á aðalsjóð |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| Samveitur | | | | 370.743 | 556.521 | **927.264** | 796.467 | 116% | |
| Ísafold | | | | | 537.923 | **537.923** | | | |
| Strikið 3 | 540.457 | 11.280 | **551.737** | 850.487 | 61.306 | **1.463.530** | 125.958 | 1162% | 158.441 |
| Garðhús | 410.471 | 9.109 | **419.580** | | 45.049 | **464.629** | 40.884 | 1136% | |
| **Samtals** | **950.928** | **20.389** | **971.317** | **1.221.230** | **1.200.799** | **3.393.346** | **963.309** | | **158.441** |

Heimild: Ársreikningar Garðabæjar 2018

Tafla 6 sýnir skuldir, tekjur og kröfur á aðalsjóð B-hluta stofnana árið 2018. Eins og taflan sýnir voru skuldir B-hluta stofnana við aðra en aðalsjóð samtals 971 millj. kr. Skuldir B-hluta stofnana við aðalsjóð voru samtals 2.422 millj. kr., eða samtals heildarskuldir B-hlutastofnana 3.393 millj. kr.

Kröfur B-hluta stofnana á aðalsjóð voru samtals 158 milljónir króna. Um er að ræða kröfur Striks 3 á aðalsjóð.

## Tafla 7: Greining á langtímaskuldum Garðabæjar miðað við stöðuna í maí 2019

| Nr. Skulda-bréfs | Lýsing | Gjald-miðils-kóti | Vextir % | Fastir/breytil. | Láns-tími | Staða m.verðbótum (SGM) |
|---|---|---|---|---|---|---|
| **Eignasjóður - 32020** | | | | | | |
| 029627 | Landsbanki Ísl. Samein.lfsj. Á | NVT | **5,50** | F | 25.9.2020 | 3.576.847, |
| 042493 | Landsbanki Ísl. Samein.lfsj. Á | NVT | **5,50** | F | 25.9.2020 | 1.788.425, |
| 105309 | LÍ múlaútibú 98-3fl.-03 | NVT | **4,80** | F | 25.5.2024 | 3.855.895, |
| 105310 | LÍ Múlaútibú 98-3fl.-04 | NVT | **4,80** | F | 25.5.2024 | 3.855.895, |
| 115001 | Íslandsbanki hf 98-3fl.-19 | NVT | **4,80** | F | 25.5.2024 | 3.855.895, |
| 115002 | Íslandsbanki hf 98-3fl.-20 | NVT | **4,80** | F | 25.5.2024 | 3.855.895, |
| 140186 | Byggingasj. v Hæðarbóls 140186 | LVT | **4,90** | F | 31.12.2017 | -94.444, |
| 16124 | LÍ Akranesi 98-3fl.-09 | NVT | **4,80** | F | 25.5.2024 | 3.855.895, |
| 16125 | LÍ Akranesi 98-3fl.-08 | NVT | **4,80** | F | 25.5.2024 | 3.855.895, |
| 1901 | Suðurtún - jarðakaup Kirkjubrú | NVT | **0** | 0 | 15.2.2021 | 40.564.604, |
| 1902 | Listakaup -jarðakaup Kirkjubrú | NVT | **0** | 0 | 15.2.2021 | 40.564.604, |
| 200607 | LÍ Múlaútibú 98-3fl.-13 | NVT | **4,80** | F | 25.5.2024 | 3.855.895, |
| 200608 | LÍ Múlaútibú 98-3fl.-14 | NVT | **4,80** | F | 25.5.2024 | 3.855.895, |
| 257009 | Bygg.sj. verkam. 257009 | LVT | **1,00** | F | 1.11.2041 | 7.177.549, |
| 257010 | Bygg.sj. verkam. 257010 | LVT | **1,00** | F | 1.11.2041 | 9.083.094, |
| 257011 | Bygg.sj. verkam. lán 257011 | LVT | **1,00** | F | 1.11.2041 | 9.113.861, |
| 360104 | Íslandsbanki hf 98-3fl.-10 | NVT | **4,80** | F | 25.5.2024 | 3.855.895, |
| 360105 | Íslandsbanki hf 98-3fl.-11 | NVT | **4,80** | F | 25.5.2024 | 3.855.895, |
| 360106 | Íslandsbanki hf 98-3fl.-12 | NVT | **4,80** | F | 25.5.2024 | 3.855.895, |
| 53164 | LÍ Ísafirði 98-3fl.-17 | NVT | **4,80** | F | 25.5.2024 | 3.855.895, |
| 53165 | LÍ Ísafirði 98-3fl.-18 | NVT | **4,80** | F | 25.5.2024 | 3.855.895, |
| 539805 | Samvinnulífeyrissj. 539805 | NVT | **4,80** | F | 25.5.2024 | 3.855.895, |
| 539806 | Samvinnulífeyrissj. 539806 | NVT | **4,80** | F | 25.5.2024 | 4.192.319, |
| 539807 | Samvinnulífeyrissj. 539807 | NVT | **4,80** | F | 25.5.2024 | 4.192.319, |
| 56468 | Auður Þorbergsdóttir - Þórukot | NVT | **2,90** | F | 4.8.2020 | 11.700.216, |
| 56480 | Guðrún Þ Hannesard. - Þórukot | NVT | **2,90** | F | 4.8.2020 | 8.775.163, |
| 643290 | Íslandsbanki Samein.lfsj. Á | NVT | **5,50** | F | 25.9.2020 | 1.792.180, |
| 643291 | Íslandsbanki Samein.lfsj. Á | NVT | **5,50** | F | 25.9.2020 | 1.792.180, |
| 643292 | Íslandsbanki Samein.lfsj. Á | NVT | **5,50** | F | 25.9.2020 | 1.792.180, |
| 643293 | Íslandsbanki Samein.lfsj. Á | NVT | **5,50** | F | 25.9.2020 | 1.792.180, |
| 643294 | Íslandsbanki Samein.lfsj. Á | NVT | **5,50** | F | 25.9.2020 | 1.792.180, |
| 643295 | Íslandsbanki Samein.lfsj. Á | NVT | **5,50** | F | 25.9.2020 | 1.792.180, |
| 643296 | Íslandsbanki Samein.lfsj. Á | NVT | **5,50** | F | 25.9.2020 | 1.792.180, |
| 643297 | Íslandsbanki Samein.lfsj. Á | NVT | **5,50** | F | 25.9.2020 | 1.792.180, |
| 643669 | Íslandsbanki Samein.lfsj. Á | NVT | **5,50** | F | 25.9.2020 | 1.792.180, |
| 643670 | Íslandsbanki Samein.lfsj. Á | NVT | **5,50** | F | 25.9.2020 | 1.792.180, |
| 643671 | Íslandsbanki Samein.lfsj. Á | NVT | **5,50** | F | 25.9.2020 | 1.792.180, |
| 643672 | Íslandsbanki Samein.lfsj. Á | NVT | **5,50** | F | 25.9.2020 | 1.792.180, |
| 645119 | Landsbanki Íslands 1.fl.2004 | NVT | **4,20** | F | 31.8.2019 | 1.327.080, |
| 645120 | Landsbanki Íslands 1.fl.2004 | NVT | **4,20** | F | 31.8.2019 | 1.327.080, |
| 645121 | Landsbanki Íslands 1.fl.2004 | NVT | **4,20** | F | 31.8.2019 | 1.327.080, |
| 645122 | Landsbanki Íslands 1.fl.2004 | NVT | **4,20** | F | 31.8.2019 | 1.327.080, |
| 668866 | Landsbanki Íslands 1.fl.2004 | NVT | **4,20** | F | 31.8.2019 | 1.327.080, |
| 668867 | Landsbanki Íslands 1.fl.2004 | NVT | **4,20** | F | 31.8.2019 | 1.327.080, |
| 668868 | Landsbanki Íslands 1.fl.2004 | NVT | **4,20** | F | 31.8.2019 | 1.327.080, |
| 668869 | Landsbanki Íslands 1.fl.2004 | NVT | **4,20** | F | 31.8.2019 | 1.327.080, |
| 668870 | Landsbanki Íslands 1.fl.2004 | NVT | **4,20** | F | 31.8.2019 | 1.327.080, |
| 668871 | Landsbanki Íslands 1.fl.2004 | NVT | **4,20** | F | 31.8.2019 | 1.327.080, |
| 668872 | Landsbanki Íslands 1.fl.2004 | NVT | **4,20** | F | 31.8.2019 | 1.327.080, |
| 668873 | Landsbanki Íslands 1.fl.2004 | NVT | **4,20** | F | 31.8.2019 | 1.327.080, |
| 668874 | Landsbanki Íslands 1.fl.2004 | NVT | **4,20** | F | 31.8.2019 | 1.327.080, |
| 668875 | Landsbanki Íslands 1.fl.2004 | NVT | **4,20** | F | 31.8.2019 | 1.327.080, |
| 668876 | Landsbanki Íslands 1.fl.2004 | NVT | **4,20** | F | 31.8.2019 | 1.327.080, |
| 668877 | Landsbanki Íslands 1.fl.2004 | NVT | **4,20** | F | 31.8.2019 | 1.327.080, |
| 668878 | Landsbanki Íslands 1.fl.2004 | NVT | **4,20** | F | 31.8.2019 | 1.327.080, |
| 668879 | Landsbanki Íslands 1.fl.04 | NVT | **4,20** | F | 31.8.2019 | 1.327.080, |
| 668880 | Landsbanki Íslands 1.fl.2004 | NVT | **4,20** | F | 31.8.2019 | 1.327.080, |
| 668881 | Landsbanki Íslands 1.fl.2004 | NVT | **4,20** | F | 31.8.2019 | 1.327.080, |
| 688330 | Landsbanki Íslands 1.fl.2004 | NVT | **4,20** | F | 31.8.2019 | 1.327.080, |
| 688331 | Landsbanki Íslands 1.fl.2004 | NVT | **4,20** | F | 31.8.2019 | 1.327.080, |
| 688332 | Landsbanki Íslands 1.fl.2004 | NVT | **4,20** | F | 31.8.2019 | 1.327.080, |
| 688333 | Landsbanki Íslands 1.fl.2004 | NVT | **4,20** | F | 31.8.2019 | 1.327.080, |
| 688334 | Landsbanki Íslands 1.fl.2004 | NVT | **4,20** | F | 31.8.2019 | 1.327.080, |
| 688335 | Landsbanki Íslands 1.fl.2004 | NVT | **4,20** | F | 31.8.2019 | 1.327.080, |
| 688336 | Landsbanki Íslands 1.fl.2004 | NVT | **4,20** | F | 31.8.2019 | 1.327.080, |
| 688337 | Landsbanki Íslands 1.fl.2004 | NVT | **4,20** | F | 31.8.2019 | 1.327.080, |
| 688338 | Landsbanki Íslands 1.fl.2004 | NVT | **4,20** | F | 31.8.2019 | 1.327.080, |
| 688339 | Landsbanki Íslands 1fl.2004 | NVT | **4,20** | F | 31.8.2019 | 1.327.080, |
| 688340 | Landsbanki Íslands 1.fl.2004 | NVT | **4,20** | F | 31.8.2019 | 1.327.080, |
| 688341 | Landsbanki Íslands 1.fl.2004 | NVT | **4,20** | F | 31.8.2019 | 1.327.080, |
| 771549 | Kristinn T Hannesars. - Þóruko | NVT | **2,90** | F | 4.8.2020 | 8.775.163, |
| 962633 | Íslandsbanki 962633 | NVT | **4,85** | B | 1.8.2021 | 6.575.399, |
| 98315 | Kaupþing 2 bréf 98315-6 | NVT | **4,80** | F | 25.5.2024 | 4.192.317, |
| 98316 | Kaupþing 2 bréf 98315-6 | NVT | **4,80** | F | 25.5.2024 | 4.192.317, |
| 98321 | Lífeyrissj Vestmannaeyja 98321 | NVT | **4,80** | F | 25.5.2024 | 3.855.895, |
| 98322 | Lífeyrissj Vestmannaeyja 98322 | NVT | **4,80** | F | 25.5.2024 | 3.855.895, |
| 98323 | Lífeyrissj Vestmannaeyja 98323 | NVT | **4,80** | F | 25.5.2024 | 3.855.895, |
| 98324 | Lífeyrissj Vestmannaeyja 98324 | NVT | **4,80** | F | 25.5.2024 | 3.855.895, |

| Nr. Skulda-bréfs | Lýsing | Gjald-miðils-kóti | Vextir % | Fastir/breytil. | Láns-tími | Staða m.verðbótum (SGM) |
|---|---|---|---|---|---|---|
| GARD 13 01 | IS0000022689 | NVT | **2,95** | F | 10.1.2023 | 600.328.010, |
| GARD 13 02 | IS0000022689 | NVT | **2,95** | F | 10.1.2023 | 126.439.338, |
| GARD 13 03 | IS0000022689 | NVT | **2,95** | F | 10.1.2023 | 167.305.505, |
| GARD 13 04 | IS0000022689 | NVT | **2,90** | F | 10.1.2023 | 219.106.077, |
| GARD 16 01 | Skuldabréfaflokkur GARD 16 01 | NVT | **3,15** | F | 8.4.2031 | 651.055.088, |
| GARD 16 0102 | Skuldabréfaflokkur GARD 160102 | NVT | **3,04** | F | 8.4.2031 | 724.335.152, |
| GARD 160238 | Skuldabréfaflokkur GARD 160238 | NVT | **2,62** | F | 16.2.2038 | 1.858.173.362, |
| HOLTSB-87 | Skuld vegna kaupa á Holtsb.87 | NVT | **0** | 0 | 1.4.2023 | 89.829.286, |
| JL980012 | Eimskip JL980012 | NVT | **4,80** | F | 25.5.2024 | 3.855.895, |
| JL980013 | Eimskip nr. JL980013 | NVT | **4,80** | F | 25.5.2024 | 3.855.895, |
| URTUST85 | Urtusteinn ehf.- Kf.Suðurn.v.Á | ÓVT | **4,70** | B | 17.2.2020 | 17.000.000, |
| L001 | Holtsbúð 87 leiguskuld dvalarh | BVT | **5,00** | F | 3.3.2014 | 3, |
| L002 | Strikið 6 Jónshús leiguskuld | BVT | **5,00** | F | 1.7.2027 | 127.904.008, |
| L003 | Vesturbrú 7 leiksk.leiguskuld | NVT | **5,00** | F | 1.7.2030 | 315.804.323, |
| L004 | Garðatorg 1, Hönnunars.leigusk | NVT | **4,50** | F | 1.6.2021 | 73.602.228, |
| 1902-009 | Lánasjóður Sveitarfélaga | NVT | **2,45** | F | 5.4.2034 | 503.341.237, |
| 1904-021 | Lánasjóður Sveitarfélaga | NVT | **2,30** | F | 5.4.2034 | 504.428.602, |
| 1905-033 | Lánasjóður Sveitarfélaga | NVT | **2,19** | F | 5.4.2034 | 501.826.778, |
| 0501035A | Lánasjóður sveitarfélaga Á | NVT | **2,77** | B | 1.7.2020 | 25.687.568, |
| 0502023A | Lánasjóður sveitarfélaga Á | NVT | **3,85** | F | 1.3.2022 | 44.809.698, |
| 0651102 | Lánasjóður Sveitarf. 0651102 | NVT | **2,58** | B | 2.9.2019 | 4.512.089, |
| 0651104 | Lánasjóður sveitarfélaga Á | NVT | **2,58** | B | 2.9.2019 | 1.486.325, |
| 0802056 | Lánasjóður Sveitarfél. 0802056 | NVT | **5,06** | F | 10.3.2034 | 101.873.019, |
| 0904008A | Lánasjóður sveitarfélaga Á | NVT | **6,05** | F | 5.2.2024 | 85.202.218, |
| 0904008B-H | Lánasjóður sveitarfélaga Á | NVT | **6,05** | F | 5.2.2024 | 394.867.640, |
| 0904037-2 | Lánasjóður Sveitarfélaga | NVT | **6,55** | F | 8.8.2023 | 59.007.170, |
| 1004014 | Lánasjóður sveitarfélaga Á | NVT | **5,03** | F | 5.2.2024 | 22.083.660, |
| 1011039 | Lánasjóður sveitarfélaga Á | NVT | **4,10** | F | 5.2.2024 | 141.306.653, |
| 1012045-1 | Lánasj.1. fl.1004 1.áf.sjálsk. | NVT | **4,10** | F | 8.8.2023 | 213.147.004, |
| 1209030 | Lánasjóður sveitarfélaga Á | NVT | **5,06** | F | 5.4.2034 | 128.073.831, |
| 153322 | Landsbanki Ísl. v.sambýla | NVT | **2,00** | F | 1.1.2032 | 118.871.999, |
| 1806075 | Lánasjóður Svf. 1806075 | NVT | **2,60** | F | 5.4.2034 | 391.970.780, |
| 1808090 | Lánasjóður Svf. 1808090 | NVT | **2,57** | B | 5.5.2033 | 719.093.709, |
| V040102 | Lánasjóður sveitarfélaga | NVT | **4,13** | F | 1.9.2019 | 37.708.907, |
| V040104 | Lánasjóður sveitarfélaga Á | NVT | **4,13** | F | 2.9.2019 | 8.320.114, |
| 206-8986-Ó | Ríkissjóður Vílfilsstaðaland | ÓVT | **6,35** | B | 20.4.2020 | 211.800.000, |
| 206-8986-V | Ríkissjóður Vílfilsstaðaland | NVT | **0** | 0 | 18.4.2024 | 262.926.524, |
| | | **Eignasjóður alls** | | | | **9.758.688.278,** |
| **Strikið 3 - 56020** | | | | | | |
| GARD 1101 | VS - Artica v.Hjúkrunarheimili | NVT | **3,80** | F | 15.11.2051 | 552.526.766, |
| | | **HJÚKR.HEIM all** | | | | **552.526.766,** |
| **Garðahús - 58020** | | | | | | |
| 310940 | Íbúðalánasjóður 310940 | NVT | **1,00** | F | 1.8.2048 | 11.406.987, |
| 310950 | Íbúðalánasjóður 310950 | NVT | **1,00** | F | 1.8.2048 | 9.648.746, |
| 312024 | Íbúðalánasjóður 312024 | NVT | **2,40** | F | 1.10.2049 | 13.980.641, |
| 312123 | Íbúðalánasjóður 312123 | NVT | **1,00** | F | 1.12.2049 | 11.561.641, |
| 312124 | Íbúðalánasjóður 312124 | NVT | **1,00** | F | 1.12.2049 | 11.707.636, |
| 312351 | Íbúðalánasjóður 312351 | NVT | **1,00** | F | 1.8.2050 | 17.302.179, |
| 312798 | Íbúðalánasjóður 312798 | NVT | **1,00** | F | 1.8.2051 | 16.386.330, |
| 312799 | Íbúðalánasj. v. Ásg. 2 312799 | NVT | **1,00** | F | 1.8.2051 | 13.653.231, |
| 312814 | Íbúðalánasj. v. Ásg. 2 312814 | NVT | **3,50** | F | 1.8.2051 | 5.070.757, |
| 313531 | Íbúðalánasjóður 313531/Arnarás | NVT | **3,50** | F | 1.5.2052 | 108.296.084, |
| 313532 | Íbúðalánasjóður 313532/Arnarás | NVT | **3,50** | F | 1.5.2052 | 108.210.606, |
| 317872 | Íbúðalánasjóður 317872 | NVT | **3,50** | F | 1.8.2058 | 32.176.986, |
| 317873 | Íbúðalánasjóður 317873 | NVT | **3,50** | F | 1.8.2058 | 29.688.884, |
| 9102548 | Íbúðalánasjóður - leiguíb.lán | NVT | **3,50** | F | 1.9.2067 | 31.168.951, |
| | | **GARÐHÚS alls** | | | | **420.259.659,** |
| **Eignasjóður - 32020 - innra lán** | | | | | | |
| AÐALSJ02 | Skuld Eignasjóðs við Aðalsjóð | NVT | **4,50** | F | 31.12.2029 | 2.414.920.683, |
| AÐALSJ03 | Skuld Eignasjóðs við Aðalsjóð | NVT | **4,50** | F | 31.12.2031 | 4.971.245.331, |
| AÐALSJ06 | Skuld Eignasjóðs við Aðalsjóð | NVT | **3,00** | F | 31.12.2033 | 1.618.698.158, |
| AÐALSJ08 | Skuld Eignasjóðs við Aðalsjóð | NVT | **3,00** | F | 31.12.2034 | 1.217.521.544, |
| | | **EIGNASKULD al** | | | | **10.222.385.716,** |
| **Samveitur - 44020 - innra lán** | | | | | | |
| AÐALSJ04 | Skuld Samveitna við Aðalsjóð | NVT | **4,50** | F | 31.12.2025 | 429.993.284, |
| | | **SAMV:SKULD al** | | | | **429.993.284,** |
| **Strikið 3 - 56020 - innra lán** | | | | | | |
| AÐALSJ07 | Skuld fast Striksins 3 við Aða | NVT | **3,00** | F | 31.12.2033 | 924.586.033, |
| | | **STRIK:SKUL alls** | | | | **924.586.033,** |
| | | **Samta** | | | | **22.308.439.736,** |

Heimild: Garðabær

Tafla 7 sýnir langtímaskuldir Garðabæjar eins og þær voru í maí 2019, A- og B-hluti.

Engar langtímaskuldir eru tengdar erlendri mynt. Allar skuldirnar eru verðtryggðar. Vextir eru allt frá 1,0% upp í 6,55%. Þannig er verulegur munur á vaxtakjörum sem sveitarfélagið er með. Nokkur ávinningur ætti að vera á því að greiða upp a.m.k. dýr lán, lán með háum vöxtum, sé það mögulegt.

Lánasjóður sveitarfélaga er í dag að bjóða verðtryggð lán með vöxtum allt niður í 1,89%. Nokkur fjárhagslegur ávinningur ætti að vera að því að greiða þau lán upp sem bera hærri vexti ef það er leyfilegt og taka nýtt lán til þess t.d. hjá Lánasjóði sveitarfélaga.

## VELTUFÉ OG HANDBÆRT FÉ FRÁ REKSTRI OG FJÁRHREYFINGAR

Veltufé frá rekstri segir til um hvað eftir stendur af rekstrartekjum þegar búið er að greiða öll dagleg útgjöld sveitarfélagsins, svo sem laun, rafmagn og hita, skólamat o.s.frv. Ef veltufé frá rekstri er neikvætt á sveitarfélagið hvorki fyrir daglegum útgjöldum að fullu né afborgunum lána, hvað þá fé til nýframkvæmda. Það sem upp á vantar þarf að taka að láni, fjármagna með sölu eigna og/eða ganga á eigið fé.

Handbært fé frá rekstri sýnir hversu miklu reksturinn skilar að teknu tilliti til breytinga á skammtímaliðum. Eða með öðrum orðum hvað er eftir þegar búið er að standa skil á daglegum útgjöldum ásamt uppgjöri á skammtímaliðum og þá til að standa undir afborgunum langtímalána og nýframkvæmdum.

Tafla 8: Veltufé og handbært fé frá rekstri hjá Garðabæ árin 2002 til 2018 í milljónum króna á verðlagi hvers árs, A-hluti

| | 2002 | 2003 | 2004 | 2005 | 2006 | 2007 | 2008 | 2009 | 2010 | 2011 | 2012 | 2013 | 2014 | 2015 | 2016 | 2017 | 2018 |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| Veltufé frá rekstri | 360 | 285 | 408 | 675 | 642 | 971 | 841 | 769 | 759 | 958 | 975 | 1.289 | 1.137 | 930 | 2.485 | 1.744 | 1.634 |
| Handbært fé frá rekstri | 314 | 296 | 417 | 363 | 632 | 805 | 516 | 720 | 864 | 872 | 1.112 | 1.180 | 1.220 | 824 | 1.209 | 1.833 | 90 |
| Veltufé frá rekstri/tekjur | 14,1% | 10,5% | 14,0% | 18,4% | 16,8% | 18,7% | 16,7% | 15,2% | 14,2% | 15,3% | 14,2% | 14,4% | 12,0% | 9,0% | 19,7% | 13,2% | 11,4% |

Heimild: Samband íslenskra sveitarfélaga, ársreikningar, og ársreikningur Garðabæjar 2018

Tafla 8 sýnir veltufé og handbært fé frá rekstri hjá Garðabæ árin 2002 til 2018 hjá A-hluta í milljónum króna.

Eins og taflan sýnir var veltufé frá rekstri, A-hluta, sem hlutfall af tekjum nokkuð hátt öll árin. Hlutfallið var hæst árið 2016, eða 19,7%. Lægst var hlutfallið 2015, eða 9% Árið 2018 var hlutfallið 11,4%.

Tafla 9: Veltufé og handbært fé frá rekstri hjá Garðabæ árin 2002 til 2018 í milljónum króna, A- og B-hluti samtals

| | 2002 | 2003 | 2004 | 2005 | 2006 | 2007 | 2008 | 2009 | 2010 | 2011 | 2012 | 2013 | 2014 | 2015 | 2016 | 2017 | 2018 |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| Veltufé frá rekstri | 353 | 317 | 461 | 795 | 795 | 1.178 | 1.072 | 1.019 | 1.009 | 1.181 | 1.221 | 1.576 | 1.393 | 1.262 | 2.881 | 2.215 | 2.147 |
| Handbært fé frá rekstri | 289 | 333 | 472 | 484 | 785 | 1.012 | 747 | 969 | 1.115 | 1.095 | 1.379 | 1.516 | 1.460 | 1.156 | 1.615 | 2.258 | 603 |
| Veltufé frá rekstri/tekjur | 13,4% | 11,1% | 14,9% | 20,3% | 19,3% | 21,2% | 19,8% | 18,5% | 17,5% | 17,6% | 16,7% | 15,8% | 13,0% | 10,8% | 20,5% | 15,8% | 14,2% |

Heimild: Samband íslenskra sveitarfélaga, ársreikningar, og ársreikningur Garðabæjar 2018

Tafla 9 sýnir veltufé og handbært fé frá rekstri hjá Garðabæ árin 2002 til 2018 og veltufé frá rekstri sem hlutfall af tekjum hjá A- og B-hluta samtals.

Eins og í töflu átta hér að framan er veltufé frá rekstri fyrir A- og B-hluta samtals nokkuð hátt og hækkar frá því sem það var bara fyrir A-hlutann. Hæst var hlutfallið árið 2007, eða 21,2%. Lægst var hlutfallið árið 2015, eða 10,8%. Árið 2018 var veltufé frá rekstri sem hlutfall af tekjum 14,2%.

## Tafla 10: Samantekið yfirlit um sjóðstreymi hjá Garðabæ, A-hluti, árin 2002 til 2018 í milljónum króna á verðlagi hvers árs

| | 2002 | 2003 | 2004 | 2005 | 2006 | 2007 | 2008 | 2009 | 2010 | 2011 | 2012 | 2013 | 2014 | 2015 | 2016 | 2017 | 2018 | **Samtals** |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| Veltufé frá rekstri | 360 | 285 | 408 | 675 | 642 | 971 | 841 | 769 | 759 | 958 | 975 | 1.289 | 1.137 | 930 | 2.485 | 1.744 | 1.634 | **16.861** |
| Breytingar á skammtímaliðum | -46 | 11 | 9 | -312 | -10 | -166 | -325 | -49 | 105 | -86 | 137 | -109 | 82 | -106 | -1.275 | 89 | -1.543 | **-3.595** |
| Afborganir langtímalána | -230 | -257 | -1.564 | -382 | -368 | -456 | -332 | -348 | -381 | -1.654 | -353 | -512 | -593 | -599 | -726 | -769 | -891 | **-10.417** |
| Fjárfestingar í varanl. rekstrarfjármunum | -544 | -718 | -661 | -340 | -316 | -311 | -1.129 | -1.295 | -475 | -605 | -471 | -670 | -1.475 | -1.449 | -967 | -2.534 | -2.341 | **-16.302** |
| **Samtals til fjármögnunar** | **-461** | **-679** | **-1.808** | **-360** | **-51** | **37** | **-946** | **-923** | **8** | **-1.388** | **288** | **-2** | **-849** | **-1.224** | **-484** | **-1.470** | **-3.141** | **-13.452** |
| Sala og eignabreytingar | 186 | 83 | 139 | 282 | 245 | 117 | 699 | 220 | 60 | 938 | 136 | -422 | 177 | 277 | 251 | 106 | 112 | **3.606** |
| Lántökur | 329 | 630 | 1.949 | 0 | 0 | 0 | 354 | 225 | 433 | 155 | 0 | 0 | 522 | 645 | 788 | 1.259 | 3.000 | **10.288** |
| Aðrar fjármögnunar hreyfingar | -194 | -16 | -12 | 149 | -333 | 263 | 121 | 173 | 170 | -79 | -863 | 322 | -17 | 151 | -247 | -208 | 32 | **-588** |
| **Hækkun (lækkun) á handbæru fé** | **-141** | **18** | **268** | **71** | **-139** | **417** | **228** | **-306** | **671** | **-375** | **-438** | **-101** | **-166** | **-151** | **308** | **-314** | **3** | **-146** |

Heimild: Samband íslenskra sveitarfélaga, ársreikningar, og ársreikningur Garðabæjar 2018

Tafla 10 sýnir samandregið yfirlit um sjóðstreymi hjá Garðabæ, A-hluti, árin 2002 til 2018 á verðlagi hvers árs í milljónum króna.

Eins og taflan sýnir var veltufé frá rekstri, A-hluti, samtals 16,9 milljarðar króna á verðlagi hvers árs á tímabilinu frá 2002 til 2018. Afborganir af langtímalánum voru samtals 10,4 milljarðar króna, þannig dugði veltufé frá rekstri vel til að standa undir afborgunum af lánum.

Fjárfestingar á þessu tímabili voru samtals 16,3 milljarðar króna á verðlagi hvers árs. Þegar búið er að draga afborganir og fjárfestingar í varanlegum rekstrarfjármunum frá handbæru fé frá rekstri var fjárvöntun upp á samtals 13,5 milljarðar króna, sem síðan var fjármögnuð með sölu eigna og eignabreytingum samtals fyrir 3,6 milljarða króna og nýjum lántökum að fjárhæð 10,3 milljarða króna.

## Tafla 11: Samantekið yfirlit yfir sjóðstreymi hjá Garðabæ, A- og B-hluti samtals, árin 2002 til 2018 í milljónum króna á verðlagi hvers árs

| | 2002 | 2003 | 2004 | 2005 | 2006 | 2007 | 2008 | 2009 | 2010 | 2011 | 2012 | 2013 | 2014 | 2015 | 2016 | 2017 | 2018 | **Samtals** |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| Veltufé frá rekstri | 353 | 317 | 461 | 795 | 795 | 1.178 | 1.072 | 1.019 | 1.009 | 1.181 | 1.221 | 1.576 | 1.393 | 1.262 | 2.881 | 2.215 | 2.147 | **20.876** |
| Breytingar á skammtímaliðum | -65 | 16 | 12 | -311 | -10 | -166 | -324 | -50 | 106 | -86 | 158 | -60 | 67 | -106 | -1.267 | 43 | -1.543 | **-3.588** |
| Afborganir langtímalána | -237 | -259 | -1.567 | -385 | -370 | -469 | -335 | -352 | -386 | -1.659 | -363 | -523 | -605 | -612 | -739 | -783 | -907 | **-10.553** |
| Fjárfestingar í varanl. rekstrarfjármunum | -626 | -730 | -677 | -375 | -552 | -460 | -1.225 | -1.304 | -483 | -874 | -1.437 | -1.174 | -1.573 | -1.648 | -1.209 | -2.940 | -2.790 | **-20.078** |
| **Samtals til fjármögnunar** | **-575** | **-656** | **-1.772** | **-276** | **-137** | **83** | **-813** | **-687** | **246** | **-1.438** | **-422** | **-182** | **-719** | **-1.104** | **-334** | **-1.466** | **-3.093** | **-13.343** |
| Sala og eignabreytingar | 157 | 68 | 103 | 245 | 203 | 81 | 643 | 156 | -8 | 408 | 80 | 217 | 83 | 179 | 164 | 16 | 18 | **2.813** |
| Lántökur | 329 | 755 | 1.949 | 13 | 0 | 0 | 398 | 225 | 433 | 655 | 0 | 0 | 522 | 645 | 788 | 1.289 | 3.000 | **10.999** |
| Aðrar fjármögnunar hreyfingar | -51 | -150 | -12 | 90 | -205 | 253 | -0 | 0 | 0 | -0 | -96 | -137 | -52 | 129 | -310 | -152 | 78 | **-616** |
| **Hækkun (lækkun) á handbæru fé** | **-141** | **18** | **268** | **71** | **-139** | **417** | **228** | **-306** | **671** | **-375** | **-438** | **-101** | **-166** | **-151** | **308** | **-314** | **3** | **-147** |

Heimild: Samband íslenskra sveitarfélaga, ársreikningar, og ársreikningur Garðabæjar 2018

Tafla 11 sýnir það sama fyrir A- og B-hluta samtals og tafla 10 sýnir fyrir A-hluta.

Veltufé frá rekstri samkvæmt ársreikningum var 20.876 milljónir króna á þessu tímabili samtals fyrir A- og B-hluta á verðlagi hvers árs. Afborganir langtímalána voru 10.553 milljónir króna og fjárfestingar í varanlegum rekstrarfjármunum 20.078 milljón krónur. Þannig má ljóst vera að á tímabilinu dugði veltufé frá rekstri að fullu fyrir afborgunum lána sveitarfélagsins og mun meira en það.

Þegar afborganir af langtímalánum og fjárfestingar hafa verið dregnar frá handbæru fé frá rekstri var samtals 13.343 milljónir króna fjárvöntun, sem síðan var fjármögnuð með nýjum lánum að upphæð 10.999 milljónir króna, sölu eigna nettó fyrir 2.813 milljónir króna og öðrum fjármögnunar hreyfingum samtals að upphæð 616 milljónir króna.

## FJÁRHEIMILD SAMKVÆMT FJÁRHAGSÁÆTLUN

Í viðræðum við stjórnendur sveitarfélagsins kom fram hjá nokkrum þeirra að þeir líta á fjárhagsáætlun sem áætlun og markmið um útgjöld frekar en fjárheimild. Ef þetta er rétt er um alvarlegan misskilning að ræða sem ber að leiðrétta hjá þeim forstöðumönnum sem þetta á við. Hins vegar er rétt að fram komi og lögð er áhersla á að almennt voru stjórnendur nokkuð meðvitaðir um að fjárhagsáætlun segir til um fjárheimild viðkomandi stofnunar. Lögð skal áhersla á að samþykkt fjárhagsáætlun segir til um þá fjárheimild sem viðkomandi stofnun eða forstöðumaður hefur til ráðstöfunar. Fari stofnun fram úr þeirri fjárheimild, sem kveðið er á um í fjárhagsáætlun stofnunarinnar og samþykkt liggur ekki fyrir því hjá bæjarstjórn, er um brot á sveitarstjórnarlögum að ræða.

Sveitarstjórnarlögin verða ekki öðruvísi skilin en þannig að það sé ekki heimild til þess að stofna til útgjalda nema gert sé ráð fyrir þeim í fjárhagsáætlun, ef ekki þá þurfi samþykki bæjarstjórnar til þess. Sú samþykkt þarf að liggja fyrir áður en til útgjalda er stofnað í sérstökum viðauka við fjárhagsáætlun. Þegar sveitarstjórn ákveður útgjöld utan fjárhagsáætlunar þarf að liggja fyrir hvernig þeim verður mætt, t.d. með niðurskurði á öðrum liðum, aukinni gjaldtöku, tekjuafgangi og/eða nýrri lántöku. Sveitarstjórnarlög sem tóku gildi 1. janúar 2012 kveða skýrar á um þetta.

Með hliðsjón af þessu er mikilvægt að starfsmenn sveitarfélaga almennt geri sér grein fyrir því að útgjöld skv. fjárhagsáætlun eru ekki einungis markmið og áætlun út af fyrir sig heldur er um að ræða hreina fjárheimild, sem þýðir að umfram útgjöld eru óheimil nema samþykki sveitarstjórnar liggi fyrir, en þá þarf sveitarstjórn jafnframt skv. lögunum að gera grein fyrir því hvernig umfram útgjöldum verði mætt.

Því er mikilvægt að forstöðumenn stofnana sveitarfélaga geri sér grein fyrir því strax og fjárhagsáætlun liggur fyrir hvort starfsemi viðkomandi stofnunar, eins og hún er fyrirhuguð, geti staðist fjárheimildina sem kveðið er á um í fjárhagsáætlun, ef ekki þá verði gripið til viðhlítandi aðgerða.

Í gildandi sveitarstjórnarlögum er ekki heimild til endurskoðunar á fjárhagsáætlun t.d. síðla árs. Einungis er sveitarstjórnum heimilt að gera breytingu á gildandi fjárhagsáætlun með sérstökum viðauka. Þannig er ekki heimilt að taka áætlunina í heild sinni til endurskoðunar skv. lögunum. Þetta á að leiða til mun markvissari fjárhaldstjórnar hjá sveitarfélögum almennt. 63. gr. nýrra sveitarstjórnarlaga um þetta ákvæði hljóðar svo:

> *Bindandi áhrif ákvörðunar um fjárhagsáætlun ársins.*
> *Ákvörðun sem sveitarstjórn tekur skv. 1. mgr. 62. gr. um fjárhagsáætlun næstkomandi árs er bindandi regla um allar fjárhagslegar ráðstafanir af hálfu sveitarfélagsins. Aðrir geta þó ekki byggt sjálfstæðan rétt til fjárframlaga eða annarrar fyrirgreiðslu sveitarfélags á fjárhagsáætlunum.*
> *Óheimilt er að víkja frá fjárhagsáætlun skv. 1. mgr. nema sveitarstjórn hafi áður samþykkt viðauka við áætlunina. Á þetta við um hvers kyns ákvarðanir, samninga eða aðrar fjárhagslegar ráðstafanir sem hafa í för með sér breytingar á tekjum, útgjöldum, skuldbindingum eða tilfærslur milli liða í fjárhagsáætlun í þegar samþykktri áætlun. Viðauki er ekki gildur nema hann feli einnig í sér útfærða ákvörðun um það hvernig þeim útgjöldum eða tekjulækkun sem gert er ráð fyrir verði mætt. Á það einnig við þótt heildarútgjöld eða heildartekjur breytist ekki vegna samþykktar hans.*
> *Þrátt fyrir 2. mgr. má í undantekningartilvikum gera þær ráðstafanir sem skylt er samkvæmt lögum eða öðrum bindandi réttarreglum án þess að sveitarstjórn hafi áður samþykkt viðauka, enda þoli þær ekki bið. Viðhlítandi heimildar sveitarstjórnar skal þá afla svo fljótt sem auðið er. Skal erindi um slíka heimild lagt fyrir þegar á næsta fundi sveitarstjórnarinnar.*
> *Í reglugerð sem sett er á grundvelli 75. gr. er heimilt að skilgreina þau tilvik þar sem tilfærslur innan málaflokka eru heimilaðar án þess að fyrir liggi samþykktur viðauki, sbr.*

*1. málsl. 2. mgr. Þó skulu allar slíkar breytingar færðar í viðauka við fyrsta tækifæri.*

Ljóst má vera að skv. 63. gr. sveitarstjórnarlaga er það brot á lögunum fari útgjöld fram úr fjárhagsáætlun, sbr. hér að framan. Einungis er það heimilt hafi sveitarstjórn áður samþykkt viðauka við áætlunina. Jafnframt er skýrt tekið fram að viðaukinn sé ekki gildur nema hann feli einnig í sér útfærslu á því hvernig útgjaldaaukanum verður mætt. Þannig er ekki heimilt að leiðrétta fjárhagsáætlun með einhvers konar viðauka eftir á. Ef heimila á hærri útgjöld þarf það að gerast áður en stofnað er til þeirra. Þetta er mikil breyting frá því sem var og kallar á mikla aðhaldssemi og aga í fjármálum sveitarfélaga, kallar á vandaða fjárhagsáætlunargerð og ekki síður vandaðar greiðsluáætlanir og eftirfylgni.

Einnig er ákvæði í lögunum, sem kveður á um að ekki sé heimilt að reka sveitarsjóð með halla samtals þrjú ár í röð. A.m.k. þarf að vera svo mikill afgangur eitt árið af þremur að hann brúi hallarekstur hinna tveggja áranna sé um hallarekstur að ræða.

Tafla 12: Rauntölur úr rekstri og áætlun 2018 hjá Garðabæ, A- og B-hluti

| | Árs-reikningur | Fjárhagsáætlun með viðauka | Mis-munur | Hlutfall af áætlun |
|---|---|---|---|---|
| Félagsþjónusta | 1.871 | 1.633 | -238 | 114,6% |
| Heilbrigðismál | 6 | 7 | 1 | 85,7% |
| Fræðslu- og uppeldismál | 6.894 | 6.941 | 47 | 99,3% |
| Menningarmál | 218 | 225 | 7 | 96,9% |
| Æskulýðs- og íþróttamál | 1.674 | 1.655 | -19 | 101,1% |
| Brunamál og almannavarnir | 112 | 114 | 2 | 98,2% |
| Hreinlætismál | 104 | 95 | -9 | 109,5% |
| Skipulags- og byggingarmál | 288 | 225 | -63 | 128,0% |
| Umferðar- og samgöngumál | 1.037 | 996 | -41 | 104,1% |
| Umhverfismál | 394 | 392 | -2 | 100,5% |
| Atvinnumál | 0,2 | 1 | 1 | 20,0% |
| Sameiginlegur kostnaður | 847 | 910 | 63 | 93,1% |
| Breyting lífeyrisskuldbindingar | 29 | 40 | 11 | 72,5% |
| Eignasjóður | -177 | 185 | 362 | |
| Þjónustumiðstöð | 37 | 19 | -18 | 194,7% |
| **Málaflokkar samtals nettó** | **13.334** | **13.438** | 104 | 99,2% |
| Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld | -943 | -1.020 | -77 | 92,5% |
| **Gjöld samtals, nettó** | **12.391** | **12.418** | 27 | 99,8% |
| Skatttekjur | -12.833 | -12.522 | 311 | 102,5% |
| **A-hluti samtals** | **-442** | **-104** | 338 | 424,8% |
| Samveitur Garðabæjar | -286 | -309 | -23 | 92,6% |
| Strikið 3 | -85 | -69 | 16 | 123,2% |
| Garðahús | 7 | 14 | 7 | 50,0% |
| **B-hluti samtals** | **-364** | **-364** | 0 | 100,0% |
| **Samtals, A- og B-hluti** | **-806** | **-468** | **338** | **172,2%** |

Heimild: Ársreikningur Garðabæjar 2018

Tafla 12 sýnir rauntölur rekstrar árið 2018 á móti fjárhagsáætlun með viðaukum hjá Garðabæ.

Eins og taflan sýnir er heildarniðurstaða rauntölu A-hluta gjöld nettó nokkurn veginn á pari við áætlun, eða 104 milljónir króna undir áætlun sem er mjög gott.

Hins vegar þegar betur er að gáð eru nokkrir málaflokkar sem fara vel fram úr fjárheimildum (fjárhagsáætlun með viðaukum). Í krónum talið fór félagsþjónustan mest umfram fjárheimildir, eða 238 milljónir króna umfram fjárheimild, sem gerir 15% umfram fjárheimild. Hlutfallslega fóru skipulags- og byggingarmál mest fram úr fjárheimildum, eða 28%. Um var að ræða 63 milljónir króna umfram fjárheimild.

Samtala umfram fjárheimildir voru 390 milljónir króna sem er 7% umfram samtölu fjárheimilda í viðkomandi málaflokkum.

Eignasjóður skilaði 362 milljónum króna betri afkomu en áætlun gerði ráð fyrir. Í fjárhagsáætlun var gert ráð fyrir útgjöldum að upphæð 185 milljónir króna en eignasjóður skilaði tekjum upp á 177 milljónir króna. Þessi munur á eignasjóði vegur upp á móti framangreindri umframeyðslu.

Skatttekjur voru 311 milljónum krónum hærri en fjárhagsáætlun gerði ráð fyrir. Í heildina var rekstrarafgangur A- og B-hluta 806 milljónir króna en fjárhagsáætlun gerði ráð fyrir 468 milljóna króna tekjuafgangi.

Samkvæmt upplýsingum frá bæjarritara voru samþykktir viðaukar sem hér segir árin 2016 til 2018:

2016 19 viðaukar
2017 12 viðaukar
2018 12 viðaukar

Í 76. gr. segir að viðauka, sem bæjarstjórn samþykki, eigi að tilkynna til ráðuneytisins/Hagstofu Íslands. Þetta ákvæði greinarinnar hljóðar svo:

> *Skil á upplýsingum um fjármál.*
> *Fjárhagsáætlanir skal senda ráðuneytinu innan 15 daga frá afgreiðslu þeirra. Hið sama á við um viðauka sem eru gerðir við slíkar áætlanir*

Samkvæmt upplýsingum fjármálastjóra hafa allir viðaukarnir verið sendir Hagstofu eins og lögin kveða á um.

Í 18. gr. reglugerðar nr. 1212/2015 er kveðið á um hvernig staðið skuli að gerð viðauka við fjárhagsáætlun. Í fylgiskjali III sem fylgir reglugerðinni er að finna nánari leiðbeiningar vegna gerðar viðauka við fjárhagsáætlun auk leiðbeinandi forms um hvernig breytingin er útfærð.

Í 3. gr. viðaukans, „Form viðauka við fjárhagsáætlun", segir m.a. „Viðauki við fjárhagsáætlun skal lagður fyrir sveitarstjórn í þeirri mynd sem sýnd er á formi 1."

Við skoðun þeirra gagna sem lögð hafa verið fyrir bæjarstjórn við samþykkt viðauka er ekki að sjá að það hafi verið gert á því formi sem tilgreint er í framangreindum viðauka við reglugerðina. Engu að síður er lögð áhersla á að þau gögn sem skoðuð voru varðandi afgreiðslu viðauka gefa góða og skýra mynd af því sem samþykkt hefur verið. Jafnframt að tilkynningar til Hagstofu um samþykkta viðauka voru gerðar á framangreindu formi.

Gera má ráð fyrir að enn betri árangur hefði náðst í rekstri sveitarfélagsins ef tekist hefði að halda þeim málaflokkum innan áætlunar sem mest fóru fram úr áætlun, sjá hér að framan. Til að ná því markmiði er mikilvægt að greiðsluáætlun sem gerð er fyrir hvern mánuð sé borin reglulega saman við rauntölur og farið reglulega yfir með forstöðumönnum. Þannig er hægt að grípa strax til aðgerða ef kostnaður virðist vera að fara fram úr áætlun. Með því á að vera hægt að fylgja því betur eftir að fjárhagsáætlun standist og umræða um umframkeyrslu fari fram um leið og hún kemur í ljós. Mikilvægt er að þetta verði framkvæmt með vísan til sveitarstjórnarlaga.

Leggja ber áherslu á að með fjárhagsáætlun fylgi ítarleg greinargerð þar sem gerð er grein fyrir þeim forsendum sem lagðar eru til grundvallar fjárhagsáætlun og vegna einstakra útgjaldaliða. Ef um breytingar er að ræða á einstökum fjárhagslyklum umfram verðlagsbreytingar er mikilvægt að gerð sé grein fyrir því, þannig að forstöðumenn viti nákvæmlega hver ætlun bæjarstjórnar er. Jafnframt komi fram í greinargerðinni fjöldi stöðugilda í hverri stofnun bæjarfélagsins og hver fjöldinn hefur verið s.l. ár. Það er mat skýrsluhöfundar eftir skoðun á greinargerð með fjárhagsáætlun 2019 að hún sé ítarleg og gefi góðar upplýsingar varðandi fjárhagsáætlun.

Mynd 6: Fjöldi sveitarfélaga sem voru með hallarekstur og hlutfall þeirra af heildarfjölda sveitarfélaga árin 2002 til 2017 sem skiluðu ársreikningum tímanlega til Sambands íslenskra sveitarfélaga, A- og B-hluti




Heimild: Samband íslenskra sveitarfélaga, ársreikningar

Mynd 6 sýnir fjölda sveitarfélaga sem voru með hallarekstur á árunum 2002 til 2017, og hlutfall þessara sveitarfélaga af heildarfjölda sveitarfélaga, sem skiluðu ársreikningum tímanlega, línurit.

Eins og mynd 6 sýnir var tala sveitarfélaga, sem rekin voru með halla um og yfir 40 á árunum fyrir 2012 með einni undantekningu árið 2007. Einnig hefur hlutfall þessara sveitarfélaga af heildarfjölda sveitarfélaga á þessu tímabili verið um og yfir 40%. Fór hæst í 74% árið 2003. Ljóst er að mikil breyting hefur átt sér stað á s.l. árum hvað rekstrarafkomu sveitarfélaga varðar, þar sem sveitarfélögum með neikvæða afkomu hefur farið fækkandi frá og með árinu 2012 með undantekningu árið 2015. Árin 2016 og 2017 voru sveitarfélög, sem voru með neikvæða afkomu, A- og B-hluta samtals, fimm hvort ár.

Garðabær var með halla af reglulegri starfsemi samkvæmt ársreikningi sveitarfélagsins í tvö ár á þessu tímabili, þ.e. árin 2003 og 2008.

Í 64. gr. sveitarstjórnarlaga er ákvæði um rekstrarafkomuna en greinin hljóðar þannig:

***Viðmiðanir um afkomu og fjárhagsstöðu sveitarfélaga.***

*Sveitarstjórn ber að sjá til þess að rekstri, fjárfestingum og ráðstöfun eigna og sjóða sé*

*þannig hagað á hverjum tíma að sveitarfélagið muni til framtíðar geta sinnt skyldubundnum verkefnum sínum.*
*Skyldu skv. 1. mgr. skal sveitarstjórn fullnægja m.a. með því að:*
*1. samanlögð heildarútgjöld til rekstrar vegna A- og B-hluta í reikningsskilum skv. 60. gr. séu á hverju þriggja ára tímabili ekki hærri en nemur samanlögðum reglulegum tekjum, og*
*2. heildarskuldir og skuldbindingar A- og B-hluta í reikningsskilum skv. 60. gr. séu ekki hærri en nemur 150% af reglulegum tekjum.*
*Ráðherra skilgreinir í reglugerð nánar þau viðmið sem lögð eru til grundvallar skv. 2. mgr., þar á meðal um útgjöld, tekjur, eignir, skuldir og skuldbindingar og aðlögun sveitarfélaga að þeim. Þar skal jafnframt heimilt að undanþiggja nánar tilgreindar skuldir eða skuldbindingar einstakra sveitarfélaga þannig að þær hafi engin eða aðeins hlutfallsleg áhrif skv. 2. tölulið 2. mgr.*

Ákvæði lagagreinarinnar er skýrt um það að heildarútgjöld til rekstrar A- og B-hluta séu á hverju þriggja ára tímabili ekki hærri en nemur samanlögðum reglulegum tekjum. Þannig má ljóst vera að jöfnuður á að vera í rekstri fyrir óreglulega liði og lagaákvæðið heimilar t.d. ekki að nýta megi sér söluhagnað vegna sölu eigna til að ná jöfnuði í rekstri sveitarfélaga.

Af framanrituðu má ljóst vera að Garðabær hefur fyllilega staðist þetta ákvæði sveitarstjórnarlaga á framangreindu tímabili.

Tafla 13: Rekstrarafkoma árin 2002 til 2018 hjá Garðabæ, A- hluti og A- og B-hluti samtals, í milljónum króna á verðlagi hvers árs

| | 2002 | 2003 | 2004 | 2005 | 2006 | 2007 | 2008 | 2009 | 2010 | 2011 | 2012 | 2013 | 2014 | 2015 | 2016 | 2017 | 2018 | **Samtals** |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| A-hluti | 195 | -61 | 105 | 499 | 215 | 1.164 | 45 | 396 | 470 | 285 | 394 | 375 | 359 | 16 | 1.464 | 792 | 442 | **7.155** |
| A- og B-hluti | 112 | -123 | 52 | 509 | 212 | 1.225 | -39 | 432 | 611 | 352 | 518 | 490 | 483 | 165 | 1.731 | 1.153 | 807 | **8.692** |

Heimild: Samband íslenskra sveitarfélaga, ársreikningar, og ársreikningur Garðabæjar 2018

Tafla 13 sýnir rekstrarniðurstöðu hjá Garðabæ árin 2002 til 2018 fyrir A-hluta og A- og B-hluta samtals í milljónum króna á verðlagi hvers árs.

Eins og taflan sýnir var niðurstaða rekstrar jákvæð hjá A-hluta öll árin nema eitt, þ.e. árið 2003. Samtals var niðurstaða af rekstri A-hluta árin 2002 til 2018 á verðlagi hvers árs jákvæður um 7.155 milljónir króna.

Þegar samstæðureikningurinn er skoðaður, þ.e. A- og B-hluti samtals var halli tvö ár á þessu tímabili, þ.e. árin 2003 og 2008. Samtals var afkoman jákvæð hjá A- og B-hluta samkvæmt ársreikningnum sveitarfélagsins á þessu tímabili um 8.692 milljónir króna.

## TEKJUR

Þegar kemur að tekjuhliðinni er rétt að bera skatttekjur Garðabæjar saman við tekjur 10 sveitarfélaga, fimm stærri og fimm minni hvað íbúafjölda varðar miðað við íbúafjölda í janúar 2019.

## Tafla 14: Skatttekjur samtals á hvern íbúa í þúsundum króna hjá samanburðar sveitarfélögunum 2002 til 2017

| | Fjöldi íbúa, janúar 2019 | 2002 | 2003 | 2004 | 2005 | 2006 | 2007 | 2008 | 2009 | 2010 | 2011 | 2012 | 2013 | 2014 | 2015 | 2016 | 2017 |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| Reykjavíkurborg | 128.793 | 243 | 256 | 275 | 307 | 352 | 400 | 438 | 445 | 434 | 491 | 524 | 557 | 587 | 629 | 687 | 744 |
| Kópavogsbær | 36.975 | 239 | 250 | 274 | 304 | 349 | 393 | 432 | 445 | 443 | 488 | 510 | 538 | 560 | 595 | 646 | 703 |
| Hafnarfjarðarkaupstaður | 29.799 | 242 | 256 | 269 | 295 | 325 | 397 | 421 | 436 | 428 | 486 | 510 | 556 | 573 | 598 | 675 | 726 |
| Akureyrarbær | 18.925 | 242 | 250 | 270 | 301 | 332 | 377 | 409 | 439 | 443 | 526 | 557 | 597 | 625 | 683 | 735 | 788 |
| Reykjanesbær | 18.920 | 230 | 239 | 262 | 285 | 328 | 346 | 382 | 415 | 424 | 480 | 496 | 525 | 545 | 626 | 680 | 732 |
| Garðabær | 16.299 | 262 | 269 | 284 | 329 | 366 | 435 | 472 | 454 | 454 | 512 | 544 | 583 | 605 | 641 | 702 | 765 |
| Mosfellsbær | 11.463 | 225 | 250 | 269 | 291 | 330 | 360 | 414 | 399 | 412 | 520 | 553 | 591 | 621 | 676 | 721 | 759 |
| Sveitarfélagið Árborg | 9.485 | 245 | 264 | 269 | 297 | 336 | 374 | 392 | 418 | 435 | 507 | 534 | 566 | 579 | 620 | 671 | 711 |
| Akraneskaupstaður | 7.411 | 238 | 247 | 265 | 299 | 337 | 373 | 406 | 428 | 438 | 513 | 534 | 576 | 611 | 640 | 704 | 757 |
| Fjarðabyggð | 5.070 | 296 | 297 | 316 | 336 | 458 | 542 | 531 | 552 | 591 | 635 | 661 | 694 | 727 | 801 | 838 | 901 |
| Seltjarnarnesbær | 4.664 | 264 | 281 | 300 | 351 | 360 | 433 | 426 | 407 | 441 | 488 | 520 | 557 | 581 | 585 | 642 | 714 |

Heimild: Samband íslenskra sveitarfélaga, ársreikningar

Tafla 14 sýnir skatttekjur samtals á íbúa á verðlagi hvers árs hjá samanburðar sveitarfélögunum í þúsundum króna, fimm stærri sveitarfélög og fimm minni að íbúafjölda en Garðabær miðað við íbúafjölda í janúar 2019.

Eins og taflan sýnir voru tvö af samanburðar sveitarfélögunum með hærri skatttekjur á hvern í íbúa en Garðabær árin 2002 til 2005. Síðan var eitt sveitarfélag með hærri skatttekjur árin 2006 til 2010. Árið 2011 voru fjögur sveitarfélög með hærri skatttekjur samtals á hvern íbúa en Garðabær í þessum samanburði. Síðan þá hafa sveitarfélögin ýmist verið þrjú eða fjögur með hærri skatttekjur samtals á hvern íbúa en Garðabær nema árið 2017 að þau voru tvö. Öll árin var Fjarðabyggð með hærri skatttekjur samtals á hvern íbúa en Garðabær.

## Tafla 15: Greining á skatttekjum á íbúa hjá 11 samanburðar sveitarfélögum árið 2017 í þúsund krónum

| | Reykjavíkur-borg | Kópavogs-bær | Hafnarfjarðar-kaupstaður | Akureyrar-bær | Reykja-nesbær | Garða-bær | Mosfells-bær | Sveitarfélagið Árborg | Akranes-kaupstaður | Fjarða-byggð | Seltjarnar-nesbær | Meðaltal 11 sveitarfélög | Meðaltal öll sveitarfélög |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| Íbúafjöldi 1. janúar 2018 | 126.041 | 35.970 | 29.412 | 18.787 | 17.805 | 15.709 | 10.556 | 8.995 | 7.259 | 4.777 | 4.575 | **279.886** | 348.450 |
| Útsvör | 545 | 560 | 525 | 498 | 504 | 577 | 515 | 475 | 508 | 564 | 598 | 538 | 528 |
| Fasteignaskattur | 130 | 94 | 103 | 100 | 79 | 91 | 74 | 80 | 69 | 156 | 58 | 109 | 110 |
| Framlög úr Jöfnunarsjóði | 57 | 40 | 80 | 170 | 137 | 82 | 160 | 142 | 172 | 165 | 52 | 83 | 117 |
| Aðrar tekjur með skattaígildi | 12 | 10 | 18 | 20 | 12 | 15 | 10 | 14 | 8 | 15 | 6 | 13 | 13 |
| **Skatttekjur samtals** | **744** | **703** | **726** | **788** | **732** | **765** | **759** | **711** | **757** | **901** | **714** | **742** | **769** |

Heimild: Samband íslenskra sveitarfélaga, ársreikningar

Tafla 15 sýnir skatttekjur skipt eftir skattstofni á hvern íbúa í 11 samanburðar sveitarfélögum, meðaltal þessara 11 sveitarfélaga og meðaltal fyrir öll sveitarfélög árið 2017.

Eins og fram kemur í töflunni voru útsvarstekjur á íbúa hæstar hjá Seltjarnarnesbæ en næst hæstar hjá Garðabæ af samanburðar sveitarfélögunum. Útsvarstekjur á íbúa í Garðabæ voru vel yfir landsmeðaltalinu og meðaltali 11 samanburðar sveitarfélaga árið 2017. Landsmeðaltalið var 528 þúsund krónur á hvern íbúa til samanburðar við 577 þúsund krónur hjá Garðabæ.

Helmingur af samanburðarsveitarfélögunum, eða fimm, voru með hærri fasteignaskatt á hvern íbúa en Garðabær. Meðaltalið fyrir landið allt var 110 þúsund krónur á hvern íbúa til samanburðar við að það var 91 þúsund krónur í Garðabæ. Þannig var fasteignaskattur á hvern íbúa um 19 þúsund krónum lægri í Garðabæ en að meðaltali

fyrir landið allt.

Rétt er að vekja athygli hversu hár fasteignaskattur á hvern íbúa var í þessum samanburði hjá Fjarðabyggð, eða 156 þúsund krónur. Það sveitarfélag sem kemur næst var Reykjavíkurborg þar sem fasteignaskattur á hvern íbúa var 130 þúsund krónur.

Sex sveitarfélög í þessum samanburði voru með framlög úr Jöfnunarsjóði á íbúa hærri en Garðabær. Hér þarf að skoða þessi framlög sérstaklega þar sem framlög vegna málefna fatlaðs fólks geta skekkt myndina þar sem sum sveitarfélög geta verið að fá framlög vegna annarra sveitarfélaga þar sem þau annast málaflokkinn fyrir þau o.s.frv.

Af samanburðar sveitarfélögunum voru tvö með hærri aðrar tekjur með skattaígildi en Garðabær. Þessar tekjur á hvern íbúa voru hærri hjá Garðabæ en meðaltalið fyrir öll sveitarfélög og meðaltalið fyrir 11 samanburðar sveitarfélög.

Þegar skatttekjur eru teknar saman samtals vegna ársins 2017 voru tvö sveitarfélög með hærri skatttekjur á hvern íbúa en Garðabær í þessum samanburði. Hins vegar var meðaltalið fyrir landið allt hærra en hjá Garðabæ.

### Tafla 16: Framlög til 11 samanburðar sveitarfélaga úr Jöfnunarsjóði sveitarfélaga árið 2017 önnur en vegna málefna fatlaðs fólks í þúsundum króna

| | Reykja-vikur-borg | Kópa-vogs-bær | Hafnar-fjarðar-kaup-staður | Akur-eyrar-bær | Reykja-nesbær | Garða-bær | Mos-fells-bær | Sveitar-félagið Árborg | Akra-nes-kaup-staður | Fjarða-byggð | Sel-tjarnar-nesbær | Samtals 11 sveitar-félög | Samtals öll sveitar-félög |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| Íbúafjöldi 1. janúar 2018 | 126.041 | 35.970 | 29.412 | 18.787 | 17.805 | 15.709 | 10.556 | 8.995 | 7.259 | 4.777 | 4.575 | **279.886** | 348.450 |
| Íbúafjöldi 1. janúar 2017 | 123.246 | 35.246 | 28.703 | 18.488 | 16.350 | 15.230 | 9.783 | 8.471 | 7.051 | 4.691 | 4.450 | 271.709 | 338.349 |
| Framlög vegna sameiningar sveitarfélaga | | | | | | 176.134 | | | | | | 176.134 | 195.481 |
| Framlög vegna fjárhagserfiðleika | | | | | 145.000 | | | | | | | 145.000 | 160.000 |
| Tekjujöfnunarframlög | | | | | 459.749 | | | 180.978 | 71.152 | | | 711.879 | 1.250.000 |
| Útgjaldajöfnunarframlög | 26.655 | -549 | -256 | 279.492 | 293.019 | 192.894 | 225.183 | 291.594 | 343.074 | 154.415 | 137.085 | 1.942.606 | 9.806.560 |
| Jöfnunarframlög til reksturs grunnskóla | | 420.300 | 743.881 | 811.376 | 595.792 | 380.089 | 415.426 | 376.469 | 218.384 | 237.907 | | 4.199.624 | 8.165.328 |
| Framlög vegna sérþarfa fatlaðra nemenda | 1.191.824 | 133.800 | 113.850 | 98.700 | 78.950 | 48.200 | 65.050 | 46.950 | 52.350 | 24.200 | 10.700 | 1.864.574 | 2.178.974 |
| Framlög vegna nýbúafræðslu | 2.745 | 30.160 | 36.790 | 12.003 | 37.310 | 14.820 | 5.980 | 11.570 | 11.570 | 14.300 | 3.900 | 181.148 | 282.852 |
| Framlög vegna almennra húsaleigubóta | 8.973 | 3.435 | 1.449 | 387 | 1.257 | 245 | 1.872 | 513 | 361 | 111 | 95 | 18.698 | 24.702 |
| Framlög vegna sérstakra húsaleigubóta | 28.731 | 6.014 | 77 | 263 | | 336 | | 9 | 17 | 26 | | 35.473 | 36.043 |
| Framlög vegna jöfnunar fasteignaskattstekna | | | | 298.415 | 519.622 | | 27.793 | 153.362 | 129.917 | 236.982 | | 1.366.091 | 4.508.736 |
| Framlög til eflingar tónlistarnáms | 281.629 | 43.484 | 24.175 | 46.800 | 17.899 | 16.513 | 17.987 | 16.506 | 19.197 | 2.190 | 5.456 | 491.836 | 536.700 |
| Framlög vegna tekna af skatti á fjármálafyrirtæki | 244.041 | 70.798 | 54.639 | 33.488 | 29.434 | 31.593 | 18.485 | 14.623 | 13.079 | 9.950 | 9.754 | 529.884 | 650.000 |
| Framlög vegna skólabúða og önnur framlög | 18.663 | | | | | | | | | | | 18.663 | 75.824 |
| **Samtals** | **1.803.261** | **707.442** | **974.605** | **1.580.924** | **2.178.032** | **860.824** | **777.776** | **1.092.574** | **859.101** | **680.081** | **166.990** | **11.681.610** | **27.871.200** |

Heimild: Jöfnunarsjóður sveitarfélaga

Tafla 16 sýnir framlög til samanburðarsveitarfélaganna árið 2017 úr Jöfnunarsjóði sveitarfélaga önnur en vegna málefna fatlaðs fólks. Einnig sýnir taflan framlögin samtals til þessara sveitarfélaga og til allra sveitarfélaga samtals.

## Tafla 17: Framlög á hvern íbúa til 11 samanburðarsveitarfélaga úr Jöfnunarsjóði sveitarfélaga árið 2017 önnur en vegna málefna fatlaðs fólks í þúsundum króna

| | Reykja-vikur-borg | Kópa-vogs-bær | Hafnar-fjarðar-kaup-staður | Akur-eyrarbær | Reykja-nesbær | Garða-bær | Mos-fells-bær | Sveitar-félagið Árborg | Akra-nes-kaup-staður | Fjarða-byggð | Sel-tjarnar-nesbær | Meðaltal 11 sveitar-félög | Meðaltal öll sveitar-félög |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| Íbúafjöldi 1. janúar 2018 | 126.041 | 35.970 | 29.412 | 18.787 | 17.805 | 15.709 | 10.556 | 8.995 | 7.259 | 4.777 | 4.575 | 279.886 | 348.450 |
| Íbúafjöldi 1. janúar 2017 | 123.246 | 35.246 | 28.703 | 18.488 | 16.350 | 15.230 | 9.783 | 8.471 | 7.051 | 4.691 | 4.450 | 271.709 | 338.349 |
| Framlög vegna sameiningar sveitarfélaga | | | | | | 11,212 | | | | | | 0,629 | 0,561 |
| Framlög vegna fjárhagserfiðleika | | | | | 8,144 | | | | | | | 0,518 | 0,459 |
| Tekjujöfnunarframlög | | | | | 25,821 | | | 20,120 | 9,802 | | | 2,543 | 3,587 |
| Útgjaldajöfnunarframlög | 0,211 | -0,015 | -0,009 | 14,877 | 16,457 | 12,279 | 21,332 | 32,417 | 47,262 | 32,325 | 29,964 | 6,941 | 28,143 |
| Jöfnunarframlög til reksturs grunnskóla | | 11,685 | 25,292 | 43,188 | 33,462 | 24,196 | 39,354 | 41,853 | 30,085 | 49,803 | | 15,005 | 23,433 |
| Framlög vegna sérþarfa fatlaðra nemenda | 9,456 | 3,720 | 3,871 | 5,254 | 4,434 | 3,068 | 6,162 | 5,220 | 7,212 | 5,066 | 2,339 | 6,662 | 6,253 |
| Framlög vegna nýbúafræðslu | 0,022 | 0,838 | 1,251 | 0,639 | 2,095 | 0,943 | 0,567 | 1,286 | 1,594 | 2,994 | 0,852 | 0,647 | 0,812 |
| Framlög vegna almennra húsaleigubóta | 0,071 | 0,095 | 0,049 | 0,021 | 0,071 | 0,016 | 0,177 | 0,057 | 0,050 | 0,023 | 0,021 | 0,067 | 0,071 |
| Framlög vegna sérstakra húsaleigubóta | 0,228 | 0,167 | 0,003 | 0,014 | | 0,021 | | 0,001 | 0,002 | 0,005 | | 0,127 | 0,103 |
| Framlög vegna jöfnunar fasteignaskattstekna | | | | 15,884 | 29,184 | | 2,633 | 17,050 | 17,897 | 49,609 | | 4,881 | 12,939 |
| Framlög til eflingar tónlistarnáms | 2,234 | 1,209 | 0,822 | 2,491 | 1,005 | 1,051 | 1,704 | 1,835 | 2,645 | 0,458 | 1,193 | 1,757 | 1,540 |
| Framlög vegna tekna af skatti á fjármálafyrirtæki | 1,936 | 1,968 | 1,858 | 1,783 | 1,653 | 2,011 | 1,751 | 1,626 | 1,802 | 2,083 | 2,132 | 1,893 | 1,865 |
| Framlög vegna skólabúða og önnur framlög | 0,148 | | | | | | | | | | | | 0,218 |
| **Samtals** | **14** | **20** | **33** | **84** | **122** | **55** | **74** | **121** | **118** | **142** | **37** | **42** | **80** |

Heimild: Jöfnunarsjóður sveitarfélaga

Tafla 17 sýnir framlög úr Jöfnunarsjóði sveitarfélaga önnur en vegna málefna fatlaðs fólks árið 2017 á hvern íbúa í þúsundum króna til 11 samanburðarsveitarfélaganna, meðaltalið fyrir þessi sveitarfélög og meðaltalið á hvern íbúa miðað við landið allt. Miðað er við íbúafjölda 1. janúar 2018.

Reykjavíkurborg fékk lægsta framlagið á hvern íbúa, eða 14 þúsund krónur. Síðan kemur Kópavogur með næst lægsta framlagið, eða 20 þúsund krónur og Garðabær með fimmta lægsta framlagið, eða 55 þúsund krónur. Meðaltalið fyrir landið allt var 80 þúsund krónur á hvern íbúa.

Í þessum samanburði var Fjarðabyggð með hæsta framlagið, eða 142 þúsund krónur á hvern íbúa. Rétt er að vekja athygli á háu framlagi vegna jöfnunar fasteignaskatta til Fjarðabyggðar, eða 49.609 krónur á hvern íbúa.

## Tafla 18: Útsvar, fasteignaskattur, tekjujöfnunarframlög og framlög vegna jöfnunar fasteignaskattstekna frá Jöfnunarsjóði sveitarfélaga árið 2017 á hvern íbúa í þúsundum króna

| | Reykjavíkur-borg | Kópavogs-bær | Hafnarfjarðar-kaupstaður | Akureyrar-bær | Reykja-nesbær | Garða-bær | Mosfells-bær | Sveitarfélagið Árborg | Akranes-kaupstaður | Fjarða-byggð | Seltjarnar-nesbær | Meðaltal öll sveitarfélög |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| Íbúafjöldi 1. janúar 2018 | 126.041 | 35.970 | 29.412 | 18.787 | 17.805 | 15.709 | 10.556 | 8.995 | 7.259 | 4.777 | 4.575 | 348.450 |
| Útsvör | 545 | 560 | 525 | 498 | 504 | 577 | 515 | 475 | 508 | 564 | 598 | 528 |
| Tekjujöfnunarframlög | | | | | 26 | | | 20 | 10 | | | 4 |
| **Samtals** | **545** | **560** | **525** | **498** | **530** | **577** | **515** | **495** | **518** | **564** | **598** | **532** |
| | | | | | | | | | | | | |
| Fasteignaskattur | 130 | 94 | 103 | 100 | 79 | 91 | 74 | 80 | 69 | 156 | 58 | 110 |
| Framlög vegna jöfnunar fasteignaskattstekna | | | | 16 | 29 | | 3 | 17 | 18 | 50 | | 13 |
| **Samtals** | **130** | **94** | **103** | **116** | **108** | **91** | **76** | **97** | **87** | **206** | **58** | **123** |
| | | | | | | | | | | | | |
| **Samtals** | **675** | **653** | **628** | **614** | **638** | **668** | **592** | **592** | **605** | **770** | **656** | **655** |
| Mismunur miðað við Garðabæ | 7 | -15 | -40 | -54 | -30 | 0 | -76 | -76 | -63 | 102 | -12 | -13 |

Heimild: Samband íslenskra sveitarfélaga, ársreikningar og Jöfnunarsjóður sveitarfélaga

Tafla 18 sýnir útsvar, fasteignaskatt, tekjujöfnunarframlög og framlög vegna jöfnunar fasteignaskattstekna frá Jöfnunarsjóði sveitarfélaga árið 2017 á hvern íbúa hjá

samanburðar sveitarfélögunum. Jafnframt sýnir taflan meðaltalið fyrir landið allt.

Það vekur athygli að það sveitarfélag sem er með hæstu fasteignaskattstekjur á hvern íbúa í þessum samanburði, Fjarðabyggð, fær jafnframt hæsta framlagið vegna jöfnunar fasteignaskattstekna af samanburðar sveitarfélögunum. Fasteignaskattur á hvern íbúa í Fjarðabyggð var 156 þúsund krónur og til viðbótar fær sveitarfélagið 50 þúsund krónur á hvern íbúa í framlag frá Jöfnunarsjóði vegna jöfnunar á fasteignaskattstekjum. Samtals var því fasteignaskattur og framlag vegna jöfnunar fasteignaskattstekna í Fjarðabyggð 206 þúsund krónur á hvern íbúa árið 2017. Til samanburðar við 130 þúsund krónur hjá Reykjavíkurborg sem kom næst.

Samtala útsvars, fasteignaskatts og fasteignaskatts-tekjujöfnunarframlags á hvern íbúa var hæst hjá Fjarðabyggð, eða 770 þúsund krónur á hvern íbúa. Næst kemur Reykjavík þar sem samtalan var 675 þúsund krónur á hvern íbúa og í þriðja sæti var Garðabær þar sem samtalan var 668 þúsund krónur. Þannig var samtalan 102 þúsund krónum hærri hjá Fjarðabyggð en hún var hjá Garðabæ og 95 þúsund krónum hærri en hjá Reykjavíkurborg. Erfitt er að sjá rökin fyrir jöfnunarframlagi fasteignaskattstekna til Fjarðabyggðar að upphæð 50 þúsund krónur. Þó sveitarfélagið hefði ekki fengið það framlag hefði það samt verið með samtölu þessara tekna á hvern íbúa hærri en bæði Reykjavíkurborg og Garðabær, sem voru næst hæst í þessum samanburði, og vel yfir lands meðaltalinu.

## Tafla 19: Skattaálagningarhlutfall hjá 11 samanburðar sveitarfélögunum árið 2017

| | Reykja-vikur-borg | Kópavogs-bær | Hafnar-fjarðar-kaup-staður | Akur-eyrar-bær | Reykja-nesbær | Garða-bær | Mos-fells-bær | Sveitar-félagið Árborg | Akra-nes-kaup-staður | Fjarða-byggð | Sel-tjarnar-nesbær |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| Íbúafjöldi 1. janúar 2018 | 126.041 | 35.970 | 29.412 | 18.787 | 17.805 | 15.709 | 10.556 | 8.995 | 7.259 | 4.777 | 4.575 |
| Álagning útsvars | 14,52% | 14,48% | 14,48% | 14,52% | 15,05% | 13,70% | 14,48% | 14,52% | 14,52% | 14,52% | 13,70% |
| Fasteignaskattur, A-flokkur, íbúðarhúsnæði | 0,200% | 0,255% | 0,310% | 0,380% | 0,500% | 0,230% | 0,253% | 0,350% | 0,361% | 0,500% | 0,200% |
| B-flokkur, opinberar stofnanir | 1,320% | 1,320% | 0,320% | 1,320% | 1,320% | 1,320% | 1,320% | 1,320% | 1,320% | 1,320% | 1,320% |
| C-flokkur, verslunar- og iðnaðarhúsnæði | 1,650% | 1,620% | 1,650% | 1,650% | 1,650% | 1,650% | 1,650% | 1,650% | 1,650% | 1,650% | 1,188% |
| Lóðarleiga, A-flokkur | 0,20% | 21,43 kr/m$^2$ | 0,40% | 0,50% | 2,00% | 0,40% | 0,34% | 1,00% | 1,598% | 0,70% | 0,40% |
| Lóðarleiga, B-flokkur | 1,00% | 190 kr/m$^2$ | 1,30% | 2,80% | 2,00% | 1,00% | 1,10% | 1,00% | 1,055% | 3,00% | 1,75% |

Heimild: Árbók sveitarfélaga 2017 og Samband íslenskra sveitarfélaga, yfirlit yfir álagningu

Tafla 19 sýnir skattálagningarhlutfall hjá 11 samanburðar sveitarfélögunum á árinu 2017.

Eins og taflan sýnir voru fimm samanburðar sveitarfélögin með útsvarsprósentuna í hámarki og eitt með álag á hámarkið vegna fjárhagserfiðleika. Garðabær ásamt Seltjarnarnesi voru með lægstu álagningarprósentu útsvars af samanburðar sveitarfélögunum, eða 13,70%. Leyfilegt hámark var 14,52%.

Tvö af samanburðarsveitarfélögunum voru með lægri álagningarprósentu fasteignaskatts á íbúðarhúsnæði en Garðabær. Tvö sveitarfélög voru með álagninguna í hámarki, þ.e. 0,500%. Það voru sveitarfélögin Reykjanesbær og Fjarðabyggð.

Leggja má á 0,5% fasteignaskatt í þessum flokki. Síðan er heimilt að leggja tímabundið allt að 25% álag ofan á hámarkið og fara með fasteignaskattinn í allt að 0,625%.

Öll samanburðar sveitarfélögin nema tvö, Kópavogsbær og Seltjarnarnesbær, voru með álagningu fasteignaskatts vegna húsnæðis í C-flokki í hámarki með hámarks álagi, eða í 1,650%.

## Tafla 20: Skattálagningarhlutfall og gjaldtaka hjá 11 samanburðar sveitarfélögunum árið 2019

| | Reykjavíkur-borg | Kópavogs-bær | Hafnarfjarðar-kaupstaður | Akureyrar-bær | Reykja-nesbær | Garðabær | Mosfellsbær | Sveitarfélagið Árborg | Akranes-kaupstaður | Fjarða-byggð | Seltjarnar-nesbær |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| Íbúafjöldi janúar 2019 | 128.793 | 36.975 | 29.799 | 18.925 | 18.920 | 16.299 | 11.463 | 9.485 | 7.411 | 5.070 | 4.664 |
| Álagning útsvars % | 14,52 | 14,48 | 14,48 | 14,52 | 14,52 | 13,70 | 14,48 | 14,52 | 14,52 | 14,52 | 13,70 |
| Fasteignastuðull 2019, hæstur (sérbýli/fjölbýli) | 1,70/1,48[1)] | 1,08/1,08[3)] | 1,03/0,98[7)] | | | 1,42/1,07[5)] | 1,03/0,99[9)] | | | | 1,23/1,21 |
| Fasteignastuðull 2019, lægstur (sérbýli/fjölbýli) | 0,88/0,92[2)] | 1,00/0,90[4]) | 0,84/0,89[8)] | | | 0,94/0,95[6)] | 0,75/0,87[10)] | | | | - |
| Fasteignaskattur, A-liður % af fm | 0,180% | 0,220% | 0,260% | 0,330% | 0,360% | 0,190% | 0,209% | 0,275% | 0,2865% | 0,500% | 0,175% |
| Fasteignaskattur, B-liður % af fm | 1,32% | 1,32% | 1,32% | 1,32% | 1,32% | 1,32% | 1,32% | 1,32% | 1,32% | 1,32% | 1,32% |
| Fasteignaskattur C-liður % af fm | 1,650% | 1,500% | 1,400% | 1,630% | 1,650% | 1,630% | 1,600% | 1,650% | 1,5804% | 1,650% | 1,1875% |
| Fráveitugjald % af fm | 424,35 kr/m$^2$ | 0,105% | 0,129% | 224,43 kr/m$^2$ | 0,150% | 0,100% | 0,116% | 0,2512% | 424,35 kr/m2 | 0,306% | 0,150% |
| Vatnsgjald % af fm | 198,84 kr/m$^2$ | 0,065% | 0,058% | 137,90 kr/m$^2$ | 227,00 kr/m$^2$ | 0,095% | 0,078% | 0,1765% | 198,84 kr/m$^2$ | 0,294% | 0,090% |
| Sorphreinsigjald | 23.900 | | 39.956 | 38.643 | 16.923 | 28.000 | 29.000 | 27.200 | 18.786 | 29.664 | 38.124 |
| Sorpeyðingargjald | 12.840 | 36.800 | | | 27.609 | | | 22.300 | 16.021 | 14.079 | |
| **Sorphreinis- og -eyðingargjald samtals** | **36.740** | **36.800** | **39.956** | **38.643** | **44.532** | **28.000** | **29.000** | **49.500** | **34.807** | **43.743** | **38.124** |
| Lóðaleiga, A-liður % af lm | 0,20% | 21,43 kr/m$^2$ | 0,33% | 0,50% | 2,00% | 0,40% | 0,316% | 1,00% | 0,3815% | 0,70% | 0,40% |
| Lóðaleiga, B- og C-liður % af lm | 1,00% | 185,00 kr/m$^2$ | 1,17% | 2,80% | 2,00% | 1,00% | 1,10% | 1,00% | 1,265% | 3,00% | 1,75% |
| Fjöldi gjalddaga | 9 | 10 | 10 | 8 | 10 | 10 | 9 | 10 | 10 | 8 | 10 |
| | | | | | | | | | | | |
| 1) Miðbær: Suður Þingholt | 4) Kórar | | 7) Setberg | | 10 Mosfellsdalur/Helgafell | | | | | | |
| 2) Úlfarsárdalur/Fell og Grafarholt | 5) Akrahverfi/Ásar | | 8) Vellir | | | | | | | | |
| 3) Hjallar, Smárar | 6) Álftanes | | 9) Höfðar, Hlíðar | | | | | | | | |

Heimild: Vefir sveitarfélaganna og Þjóðskrá Íslands

Tafla 20 sýnir álagningu útsvars, fasteignaskatts, holræsagjalds, vatnsgjalds, sorphreinsi- og sorpeyðingargjalds, lóðarleigu og fjölda gjalddaga fasteignagjalda hjá samanburðar sveitarfélögunum á árinu 2019. Einnig sýnir taflan fasteignamatsstuðul, hæstan og lægstan hjá sveitarfélögunum á höfuðborgarsvæðinu. Hafa ber í huga að fasteignamatsstuðullinn er mismunandi innan sama sveitarfélags á höfuðborgarsvæðinu. Einnig eru upplýsingar um álagningu ekki tæmandi. Fasteignamatsstuðullinn er ekki sá sami fyrir höfuðborgarsvæðið og landsbyggðina. Þess vegna er fasteignamatsstuðullinn ekki sýndur fyrir fimm sveitarfélög sem eru á landsbyggðinni í þessum samanburði. Fasteignamatsstuðull í byggð fyrir utan þéttbýli er ekki sýndur hér þannig að í sumum tilfella gæti stuðullinn verið lægri.

Útsvarið er veigamesti tekjustofn sveitarfélaga. Það er dregið af launum launþega ásamt tekjuskatti ríkisins. Útsvarsprósentan getur verið mismunandi frá einu sveitarfélagi til annars. Samkvæmt tekjustofnalögum getur útsvarsprósentan hæst verið 14,52% en lægst 12,44%. Eins og taflan sýnir eru sex af samanburðarsveitarfélögunum með útsvarsprósentuna í hámarki árið 2019, þar af er eitt á höfuðborgarsvæðinu, þ.e. Reykjavíkurborg.

Garðabær ásamt Seltjarnarnesbæ eru með lægstu úrsvarsprósentuna af þessum samanburðar sveitarfélögum árið 2019, eða 13,7%.

Fasteignaskattur, sem lagður er á fasteignamat húsnæðis og lóðar, skiptist í þrennt:

A-skattur er lagður á íbúðarhúsnæði og getur verið allt að 0,5% af fasteignamati.
B-skattur er lagður á ýmsar opinberar byggingar og er 1,32% af fasteignamati.
C-skattur er lagður á atvinnuhúsnæði og annað húsnæði, sem ekki fellur undir A- eða B-skatt, og getur verið allt að 1,32% af fasteignamati.

Heimilt er sveitarstjórn að hækka álagningu A- og C-skatta um allt að 25%. Hámarksálagning A-skatts er þá 0,625% og C-skatts 1,65% með álagi.

Eins og taflan sýnir er eitt sveitarfélag af samanburðarsveitarfélögunum með fasteignaskatt í A-lið í hámarki án álags. Lægstur er fasteignaskatturinn hjá

Seltjarnarnesbæ, eða 0,175%. Hjá Garðabæ er fasteignaskatturinn á íbúðarhúsnæði 0,190% árið 2019.

Álagningarprósenta í B-lið er bundin í lög, 1,32%, og er því sú sama hjá öllum sveitarfélögunum. Hér er um að ræða húsnæði í eigu hins opinbera, þ.e. ríkis og sveitarfélaga.

Álagning í C-lið getur verið allt að 1,32%. Hins vegar er sveitarfélögum heimilt að leggja allt að 25% álag á þennan tekjustofn og fara með hann í allt að 1,65%. Af samanburðar sveitarfélögunum eru 10 árið 2019 sem nýttu sér heimild til að vera með álag ofan á hámark fasteignaskatts í C-flokki. Fjögur af þessum sveitarfélögum voru með hámarks álag, 25%, ofan á hámark skattsins. Eitt af þeim er á höfuðborgarsvæðinu, þ.e. Reykjavíkurborg. Fasteignaskatturinn á atvinnuhúsnæði árið 2019 hjá Garðabæ er 1,63%.

Varðandi önnur gjöld og lóðarleigu eru tölur litaðar rauðar þar sem álagningin og gjaldtakan er lægri en hjá Garðabæ.

Gera verður nokkurn greinarmun á framangreindum sköttum og skattígildi annars vegar og holræsagjaldi, vatnsgjaldi, sorphreinsigjaldi og sorpeyðingargjaldi hins vegar. Annars vegar er um skatt að ræða og hins vegar gjöld. Gjöldin eru lögð á samkvæmt ákveðinni samþykkt þar um og eru eingöngu ætluð til að standa undir kostnaði við rekstur holræsa og vatnsveitu, við sorphreinsun og sorplosun. Rétt er að hafa í huga að álagningarprósenta fasteignaskatts getur haft áhrif á framlög úr Jöfnunarsjóði sveitarfélaga vegna jöfnunar á fasteignaskattstekjum.

Taflan sýnir einnig matsstuðul fasteignamats eins og hann er hæstur og lægstur hjá sveitarfélögunum á höfuðborgarsvæðinu fyrir árið 2019. Notast er við annan matsstuðul fyrir sveitarfélög utan höfuðborgarsvæðisins. Vegna þess að matsstuðull fyrir sveitarfélög á landsbyggðinni er ekki sýndur. Ljóst er að matsstuðull er mismunandi á milli sveitarfélaga og innan þeirra og því gefur það ekki alveg rétta mynd að skoða eingöngu álagningarhlutfallið þegar verið er að bera fasteignaskatt saman á milli sveitarfélaga.

Tafla 21: Matsstuðull 2019, lægsta, hæsta og miðgildi fyrir sveitarfélögin á höfuðborgarsvæðinu. Jafnframt meðaltal fasteignamats fyrir sérbýli annars vegar og fjölbýli hins vegar.

| **Sérbýli:** | | | | | **Fjölbýli:** | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| | Matsstuðull, | Matsstuðull, | Meðaltal, | Fasteignamat, | Matsstuðull | Matsstuðull, | Meðaltal, | Fasteignamat, |
| **heiti** | **lægstur** | **hæstur** | **miðgildi** | **meðaltal** | **lægstur** | **hæstur** | **miðgildi** | **Meðaltal** |
| Reykjavíkurborg | 0,700 | 1,701 | 1,146 | 70.553 | 0,691 | 1,478 | 1,149 | 41.166 |
| Kópavogsbær | 0,700 | 1,077 | 1,046 | 70.813 | 0,895 | 1,075 | 1,014 | 42.895 |
| Seltjarnarnesbær | 1,229 | 1,229 | 1,229 | 88.714 | 1,207 | 1,207 | 1,207 | 48.680 |
| Garðabær | 0,941 | 1,417 | 1,096 | 79.882 | 0,950 | 1,078 | 1,040 | 48.693 |
| Hafnarfjarðarkaupstaður | 0,520 | 1,026 | 0,977 | 62.046 | 0,887 | 0,981 | 0,943 | 38.006 |
| Mosfellsbær | 0,700 | 1,031 | 0,960 | 64.539 | 0,675 | 0,988 | 0,916 | 38.821 |

Heimild: Þjóðskrá

Tafla 21 sýnir matstuðla 2019 fyrir sveitarfélögin á höfuðborgarsvæðinu. Lægsta og hæsta matsstuðul í hverju sveitarfélagi og miðgildi fasteignamatsins. Jafnframt sýnir taflan meðalverð íbúða í sérbýli og fjölbýli.

Við vinnslu skýrslunnar var óskað eftir því við Þjóðskrá að miðgildi fyrir hvert sveitarfélag á höfuðborgarsvæðinu væri reiknað. Jafnframt var reiknað meðalverð

íbúða. Þar hefur m.a. áhrif aldur íbúða o.fl. Eftir því sem fleiri íbúðir eru yngri má gera ráð fyrir að meðalverðið sé hærra o.s.frv.

### Tafla 21a: Matsstuðull 2019, miðgildi fyrir hvert sveitarfélag á höfuðborgarsvæðinu, fasteignaskattsálagning árið 2019 hjá samanburðar sveitarfélögunum og verðmat eigna í þúsundum króna.

| | Reykjavíkur-borg | Kópavogs-bær | Hafnarfjarðar-kaupstaður | Akureyrar-bær | Reykja-nesbær | Garðabær | Mosfells-bær | Sveitarfélagið Árborg | Akranes-kaupstaður | Fjarðabyggð | Seltjarnar-nesbær |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| Íbúafjöldi janúar 2019 | 128.793 | 36.975 | 29.799 | 18.925 | 18.920 | 16.299 | 11.463 | 9.485 | 7.411 | 5.070 | 4.664 |
| Fasteignaskattstekjur á hvern íbúa 2017 | 130.025 | 93.643 | 103.209 | 100.083 | 79.277 | 90.722 | 73.694 | 80.176 | 68.951 | 156.485 | 57.702 |
| Fasteignastuðull 2019, miðgildi (sérbýli/fjölbýli) | 1,146/1,149 | 1,046/1,014 | 0,977/0,943 | | | 1,096/1,040 | 0,960/0,916 | | | | 1,229/1,207 |
| Fasteignaskattur, A-liður % af fm | 0,180% | 0,220% | 0,260% | 0,330% | 0,360% | 0,190% | 0,209% | 0,275% | 0,2865% | 0,500% | 0,175% |
| Matseining 50.000 þús. kr., matsstuðull 1,00 sérbýli | 57.300 | 52.300 | 48.850 | | | 54.800 | 48.000 | | | | 61.450 |
| Matseining 50.000 þús. kr., matsstuðull 1,00 fjölbýli, | 57.450 | 50.700 | 47.150 | | | 52.000 | 45.800 | | | | 60.450 |
| Fasteignaskattur, sérbýli | 103.140 | 115.060 | 127.010 | | | 104.120 | 100.320 | | | | 107.538 |
| Fasteignaskattur, fjölbýli, | 103.410 | 111.540 | 122.590 | | | 98.800 | 95.722 | | | | 105.788 |

Heimild: Vefir sveitarfélaganna og Þjóðskrá Íslands

Tafla 21a sýnir fasteignaskattstekjur í þúsundum króna á íbúa í samanburðar sveitarfélögunum árið 2017, fasteignamatsstuðulinn 2019, miðgildi (meðaltal) í hverju sveitarfélaga fyrir sig á höfuðborgarsvæðinu og samanburð á mati sambærilegra eigna í þessum sveitarfélögum miðað við miðgildi í hverju sveitarfélagi á höfuðborgarsvæðinu. Þar sem verðið er 50.000.000 kr. er matsstuðullinn 1,00. Síðan sýnir taflan hlutfallslega álagningu fasteignaskatts og álagningu í krónum talið miðað við álagningarhlutfall og matsstuðul, miðgildi, í sveitarfélögunum á höfuðborgarsvæðinu.

Eins og taflan sýnir fæst alls ekki rétt mynd af samanburði á fasteignaskatti með því eingöngu að líta á álagningarprósentuna. Tvær neðstu línurnar sýna álagningu fasteignaskatts í þessum sveitarfélögum miðað við álagningarprósentuna árið 2019 og miðgildi matsstuðla í þessum sveitarfélögum. Miðað er við sambærilegar íbúðir með mismunandi matsstuðla sem gefnir eru út af Þjóðskrá Íslands og fasteignamatið byggir á, sjá fylgiskjal 1.

Eins og taflan sýnir er álagningin í krónum talið lægst í Mosfellsbæ, þ.e. 100.320 krónur á sérbýli, að gefnum framangreindum forsendum. Síðan næst lægst í Reykjavík og svo í Garðabæ.

Þegar álagningin í krónum talið er skoðuð á fjölbýli miðað við miðgildi og álagningarprósentu í hverju sveitarfélagi er hún einnig lægst í Mosfellsbæ en nú næst lægst í Garðabæ. Af þessu má ljóst vera að matsstuðullinn skiptir verulegu máli um hver skatturinn er í krónum talið.

## LAUN

Launagjöld sveitarfélaga er stór þáttur í rekstri þeirra. Heildarlaunagjöld allra sveitarfélaga, sem hlutfall af tekjum samtals, A-hluti, á árinu 2017, voru 53%. Hlutfallið hefur verið að hækka og lækka á milli síðustu ára samtals hjá öllum sveitarfélögum.

## Tafla 22: Launagjöld, A-hluti, sem hlutfall af tekjum hjá 11 samanburðar sveitarfélögum árin 2002 til 2018.

| | Fjöldi íbúa, janúar 2019 | 2002 | 2003 | 2004 | 2005 | 2006 | 2007 | 2008 | 2009 | 2010 | 2011 | 2012 | 2013 | 2014 | 2015 | 2016 | 2017 | 2018 |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| Reykjavíkurborg | 128.793 | 51% | 52% | 50% | 51% | 49% | 43% | 49% | 52% | 52% | 51% | 51% | 50% | 54% | 54% | 51% | 53% | 53% |
| Kópavogsbær | 36.975 | 48% | 51% | 46% | 41% | 35% | 38% | 46% | 49% | 49% | 53% | 50% | 50% | 53% | 56% | 53% | 55% | 53% |
| Hafnarfjarðarkaupstaður | 29.799 | 53% | 53% | 49% | 48% | 50% | 47% | 48% | 51% | 55% | 51% | 49% | 48% | 49% | 53% | 50% | 51% | 50% |
| Akureyrarbær | 18.925 | 58% | 59% | 59% | 58% | 59% | 54% | 55% | 56% | 56% | 56% | 56% | 54% | 56% | 59% | 57% | 58% | 58% |
| Reykjanesbær | 18.920 | 56% | 57% | 50% | 48% | 46% | 44% | 44% | 46% | 45% | 43% | 44% | 44% | 47% | 46% | 42% | 45% | 42% |
| Garðabær | 16.299 | 51% | 53% | 49% | 44% | 45% | 36% | 42% | 44% | 44% | 44% | 44% | 45% | 47% | 51% | 44% | 49% | 48% |
| Mosfellsbær | 11.463 | 64% | 57% | 53% | 47% | 53% | 46% | 47% | 55% | 58% | 49% | 48% | 48% | 49% | 49% | 46% | 48% | 45% |
| Sveitarfélagið Árborg | 9.485 | 55% | 56% | 55% | 54% | 52% | 52% | 56% | 60% | 55% | 54% | 55% | 55% | 58% | 61% | 59% | 59,5% | 58% |
| Akraneskaupstaður | 7.411 | 58% | 59% | 52% | 57% | 50% | 48% | 48% | 49% | 51% | 56% | 57% | 55% | 56% | 58% | 57% | 63% | 55% |
| Fjarðabyggð | 5.070 | 56% | 59% | 61% | 59% | 43% | 46% | 53% | 56% | 55% | 54% | 53% | 52% | 53% | 56% | 56% | 58% | 54% |
| Seltjarnarnesbær | 4.664 | 56% | 58% | 57% | 53% | 58% | 51% | 58% | 68% | 62% | 56% | 52% | 52% | 53% | 61% | 57% | 61% | 61% |
| Meðaltal 11 sveitarfélaga | | 53% | 53% | 51% | 50% | 48% | 44% | 49% | 52% | 52% | 51% | 51% | 50% | 53% | 54% | 51% | 53% | 52% |
| Meðaltal allra sveitarfélaga | | 52% | 53% | 51% | 50% | 48% | 44% | 49% | 52% | 52% | 51% | 50% | 50% | 52% | 54% | 51% | 52,9% | |

Heimild: Samband íslenskra sveitarfélaga og ársreikningar sveitarfélaganna árið 2018

Tafla 22 sýnir launagjöld sem hlutfall af tekjum hjá 11 samanburðar sveitarfélögum. Fimm fjölmennari og fimm með færri íbúa en Garðabær. Neðst í töflunni er sýnt meðaltal fyrir þessi sveitarfélög og öll sveitarfélög í landinu.

Eins og taflan sýnir voru tvö af samanburðar sveitarfélögunum, Reykjanesbær og Mosfellsbær, með laun sem hlutfall af tekjum lægri en hjá Garðabæ árin 2017 og 2018. Hlutfallið hjá Garðabæ var 48% árið 2018, til samanburðar var það að meðaltali fyrir þessi 11 sveitarfélög 52%.

Rauðu prósentutölurnar í töflunni sýna þau sveitarfélög sem voru með lægra hlutfall en Garðbær á hverju ár þar sem það á við.

Taka verður þennan samanburð með fyrirvara þar sem m.a. er mismunandi hvernig sveitarfélög haga rekstri sínum. Laun vegna verkefna sem keypt eru af verktökum teljast ekki hér með eins og t.d. vegna reksturs grunn- og leikskóla sé sú þjónusta keypt í verktöku.

## Tafla 23: Launagjöld hjá Garðabæ árin 2017 og 2018

| Árið 2017 | A-hluti | B-hluti | A- og B-hluti | Hlutfall af föstum launum, A- og B-hluti | A-huti | B-hluti |
|---|---|---|---|---|---|---|
| Föst laun (mánaðarlaun) | 3.788.616.101 | 59.014.253 | 3.847.630.354 | | | |
| Dagvinnulaun | 91.691.494 | 10.455.539 | 102.147.033 | | | |
| Föst yfirvinna | 335.520.177 | 2.586.358 | 338.106.535 | | | |
| Yfirvinna, önnur | 309.252.688 | 20.323.307 | 329.575.995 | | | |
| Álag (33%, 45%, 55%) | 88.222.407 | 14.436.644 | 102.659.051 | 23,0% | 22,2% | 72,6% |
| Orlof á fasta yfirvinnu | 19.455.292 | 127.610 | 19.582.902 | | | |
| Orlof á aðra yfirvinnu og álag | 90.168.460 | 5.352.394 | 95.520.854 | | | |
| Nefndir, ráð og stjórnir | 78.388.541 | | 78.388.541 | | | |
| Bifreiðastyrkir | 43.633.956 | 856.130 | 44.490.086 | 1,2% | 1,2% | 1,5% |
| Orlofs- og desemberuppbót | 107.562.333 | 3.087.613 | 110.649.946 | | | |
| Fatapeningar | 1.585.980 | 258.757 | 1.844.737 | | | |
| Önnur laun | 33.193.154 | 2.471.904 | 35.665.058 | | | |
| Launatengd gjöld | 1.177.827.090 | 28.122.931 | 1.205.950.021 | | | |
| **Samtals** | **6.165.117.673** | **147.093.440** | **6.312.211.113** | | | |

| Árið 2018 | A-hluti | B-hluti | A- og B-hluti | Hlutfall af föstum launum, A- og B-hluti | A-huti | B-hluti |
|---|---|---|---|---|---|---|
| Föst laun (mánaðarlaun) | 4.121.177.478 | 11.018.882 | 4.132.196.360 | | | |
| Dagvinnulaun | 107.760.082 | 2.142.118 | 109.902.200 | | | |
| Föst yfirvinna | 384.178.558 | | 384.178.558 | | | |
| Yfirvinna, önnur | 362.459.279 | 5.432.507 | 367.891.786 | | | |
| Álag (33%, 45%, 55%) | 98.629.294 | 7.282.785 | 105.912.079 | 23,8% | 23,5% | 130,4% |
| Orlof á fasta yfirvinnu | 19.455.292 | | 19.455.292 | | | |
| Orlof á aðra yfirvinnu og álag | 103.950.787 | 1.658.074 | 105.608.861 | | | |
| Nefndir, ráð og stjórnir | 71.410.024 | | 71.410.024 | | | |
| Bifreiðastyrkir | 46.324.065 | | 46.324.065 | 1,1% | 1,1% | |
| Orlofs- og desemberuppbót | 116.459.614 | 342.544 | 116.802.158 | | | |
| Fatapeningar | 1.585.719 | | 1.585.719 | | | |
| Önnur laun | 19.772.270 | | 19.772.270 | | | |
| Launatengd gjöld | 1.292.495.675 | 6.840.262 | 1.299.335.937 | | | |
| **Samtals** | **6.745.658.137** | **34.717.172** | **6.780.375.309** | | | |

Heimild: Garðabær

Tafla 23 sýnir skiptingu launagjalda samtals hjá Garðabæ árin 2017 og 2018, vegna A- og B-hluta.

Eins og taflan sýnir var yfirvinna og álag sem hlutfall af föstum launum 23,8% hjá sveitarfélaginu öllu, þ.e. A- og B-hluta samtals árið 2017. Hlutfallið hækkar lítillega á milli áranna 2017 og 2018. Var 23,8% árið 2018. Skýrsluhöfundur hefur í ár (2019) tekið út rekstur Sveitarfélagsins Árborgar, þar var hlutfallið 9,2% árið 2017 og hjá Bolungarvíkurkaupstað 14,9% árið 2018.

Rekstur Ísafoldar færðist út sem B-hlutastofnun 1. febrúar 2018 þegar Hrafnista tók yfir

reksturinn. Vegna þess lækka laun B-hlutans á milli áranna 2017 og 2018. Hlutfall yfirvinnu og álags er nokkuð hátt árið 2018 hjá B-hlutanum, eða 130%.

Bifreiðastyrkir sem hlutfall af föstum launum voru 1,1% árið 2018.

## STÖÐUGILDI

Miðað við 1. apríl 2018 voru samtals 705,4 stöðugildi hjá Garðabæ, A- og B-hluti.

Tafla 24: Fjöldi stöðugilda hjá samanburðar sveitarfélögunum 1. apríl 2018, A- og B-hluti, og íbúafjöldi í janúar 2018

| | Fjöldi íbúa 01.01.2018 | Fjöldi stöðugilda í apríl 2018 | Fjöldi íbúa á hvert stöðugildi |
|---|---|---|---|
| Reykjavíkurborg | 126.041 | 7.868,8 | 16,0 |
| Kópavogsbær | 35.970 | 1.930,5 | 18,6 |
| Hafnarfjarðarkaupstaður | 29.412 | 1.469,4 | 20,0 |
| Akureyrarbær | 18.787 | 1.472,5 | 12,8 |
| Reykjanesbær | 17.805 | 782,5 | 22,8 |
| Garðabær | 15.709 | 705,4 | 22,3 |
| Mosfellsbær | 10.556 | 534,5 | 19,7 |
| Sveitarfélagið Árborg | 8.995 | 578,9 | 15,5 |
| Akraneskaupstaður | 7.259 | 416,1 | 17,4 |
| Fjarðabyggð | 4.777 | 362,8 | 13,2 |
| Seltjarnarnesbær | 4.575 | 241,9 | 18,9 |
| Samtals | 279.886 | 16.363,3 | 17,1 |

Heimild: Árbók sveitarfélaga 2018 og Hagstofa Íslands

Tafla 24 sýnir fjölda stöðugilda 1. apríl 2018 hjá samanburðar sveitarfélögunum, A- og B-hluti. Þar sem íbúafjöldi sveitarfélaganna er nokkuð mismunandi er ekki rétt að horfa einungis á tölu stöðugilda. Jafnframt verður að hafa í huga að samsetning stöðugilda hjá sveitarfélögunum getur verið nokkuð mismunandi. Fjöldi íbúa á hvert stöðugildi gefur aftur á móti ákveðna vísbendingu. Hins vegar ber að hafa í huga að rekstur sveitarfélaga getur verið mismunandi, ef t.d. leikskólar eru reknir í einkaframkvæmd þá teljast stöðugildi þar ekki með o.s.frv. Einnig ef sveitarfélög eru með verkefni í byggðasamlögum þá teljast þau stöðugildi ekki með hjá viðkomandi sveitarfélögum. Gæta þarf að þessu við þennan samanburð.

Þegar fjöldi íbúa á hvert stöðugildi hjá samanburðar sveitarfélögunum er skoðaður í þessum samanburði var eitt sveitarfélag, Reykjanesbær, af samanburðar sveitarfélögunum með fleiri íbúa á hvert stöðugildi en Garðabær. Hjá Reykjanesbæ voru 22,8 íbúar á hvert stöðugildi en 22,3 hjá Garðabæ. Miðað við þennan samanburð kemur Garðabær vel út.

Að meðaltali fyrir þessi sveitarfélög voru 17,1 íbúar á hvert stöðugildi miðað við apríl 2018. Til samanburðar voru 22,3 íbúar á hvert stöðugildi hjá Garðabæ.

Tafla 25: Fjöldi stöðugilda hjá Garðabæ í apríl ár hvert skipt eftir aðildarfélögum og fjöldi íbúa í janúar ár hvert árin 2010 til 2018

| Ár | BSRB | BHM | KÍ | ASÍ | Annað | **Samtals stöðugildi** | Íbúafjöldi í janúar ár hvert | Fjöld íbúa á hvert stöðugildi |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 2010 | 153,9 | 18,9 | 193,6 | 18,9 | 6,0 | **391,3** | 10.643 | 27,2 |
| 2011 | 187,9 | 25,0 | 193,8 | 19,3 | 6,0 | **432,0** | 10.909 | 25,3 |
| 2012 | 205,0 | 27,9 | 199,1 | 16,7 | 5,0 | **453,7** | 11.283 | 24,9 |
| **2013** | **280,2** | **37,8** | **264,8** | **20,8** | **4,0** | **607,6** | **13.872** | **22,8** |
| 2014 | 345,1 | 49,9 | 270,5 | 9,0 | 4,0 | **678,5** | 14.180 | 20,9 |
| 2015 | 357,6 | 48,1 | 282,3 | 25,3 | 5,0 | **718,3** | 14.453 | 20,1 |
| 2016 | 365,9 | 49,9 | 282,6 | 20,1 | 3,6 | **722,1** | 14.717 | 20,4 |
| 2017 | 323,4 | 50,3 | 290,5 | 8,3 | 5,0 | **677,5** | 15.230 | 22,5 |
| **2018** | **337,6** | **55,7** | **302,9** | **6,2** | **3,0** | **705,4** | **15.709** | **22,3** |
| Breyting 2013 til 2018 | 57,4 | 17,9 | 38,1 | -14,6 | -1,0 | **97,8** | 1.837 | -0,6 |

Heimild: Árbók sveitarfélaga

Tafla 25 sýnir fjölda stöðugilda hjá Garðabæ í apríl ár hvert árin 2010 til 2018, skipt eftir aðildarfélögum starfsmanna. Einnig sýnir taflan fjölda íbúa 1. janúar sömu ár og fjölda íbúa á hvert stöðugildi hjá sveitarfélaginu þessi ár.

Árið 2013 sameinaðist Sveitarfélagið Álftanes Garðabæ og skýrir það fjölgun stöðugilda á milli áranna 2012 og 2013. Frá árinu 2013 til 2018 fjölgaði stöðugildum hjá Garðabæ um 97,8. Á sama tíma fjölgaði íbúum sveitarfélagsins um 1.837.

Árið 2013 voru 22,8 íbúar á hvert stöðugildi samanborið við 22,3 árið 2018. Þannig fækkaði um 0,5 íbúa á stöðugildi milli þessara ára.

## ANNAR REKSTRARKOSTNAÐUR

Eins og fram kemur hér að framan fóru 48% af tekjum Garðabæjar, A-hluta, í launagjöld árið 2018. Þannig að eftir stóðu 52% fyrir öðrum útgjöldum, fjármagnsgjöldum, afskriftum, afborgun lána og nýframkvæmdum árið 2018.

Tafla 26: Annar rekstrarkostnaður, A-hluti, sem hlutfall af tekjum hjá samanburðar sveitarfélögunum árin 2002 til 2018

| | Fjöldi íbúa, janúar 2019 | 2002 | 2003 | 2004 | 2005 | 2006 | 2007 | 2008 | 2009 | 2010 | 2011 | 2012 | 2013 | 2014 | 2015 | 2016 | 2017 | 2018 |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| Reykjavíkurborg | 128.793 | 44% | 44% | 43% | 41% | 39% | 37% | 46% | 42% | 43% | 42% | 40% | 40% | 41% | 40% | 36% | 33% | 35% |
| Kópavogsbær | 36.975 | 37% | 38% | 36% | 32% | 28% | 35% | 44% | 41% | 41% | 31% | 30% | 31% | 32% | 32% | 30% | 29% | 31% |
| Hafnarfjarðarkaupstaður | 29.799 | 45% | 44% | 39% | 37% | 39% | 41% | 50% | 37% | 36% | 33% | 35% | 37% | 38% | 38% | 33% | 32% | 35% |
| Akureyrarbær | 18.925 | 35% | 35% | 32% | 33% | 36% | 40% | 39% | 34% | 34% | 35% | 34% | 34% | 35% | 34% | 32% | 30% | 31% |
| Reykjanesbær | 18.920 | 52% | 67% | 59% | 51% | 53% | 57% | 69% | 68% | 49% | 43% | 44% | 47% | 48% | 40% | 36% | 31% | 32% |
| Garðabær | 16.299 | 36% | 36% | 35% | 33% | 40% | 37% | 45% | 43% | 41% | 39% | 41% | 39% | 40% | 39% | 35% | 37% | 40% |
| Mosfellsbær | 11.463 | 39% | 32% | 30% | 25% | 30% | 33% | 38% | 37% | 35% | 37% | 39% | 40% | 43% | 40% | 39% | 39% | 40% |
| Sveitarfélagið Árborg | 9.485 | 41% | 44% | 40% | 36% | 36% | 38% | 40% | 34% | 35% | 33% | 33% | 35% | 36% | 33% | 32% | 32% | 33% |
| Akraneskaupstaður | 7.411 | 33% | 39% | 36% | 33% | 41% | 42% | 44% | 35% | 35% | 35% | 33% | 31% | 31% | 29% | 28% | 25% | 26% |
| Fjarðabyggð | 5.070 | 40% | 42% | 39% | 34% | 26% | 29% | 35% | 36% | 30% | 30% | 29% | 30% | 32% | 30% | 30% | 30% | 29% |
| Seltjarnarnesbær | 4.664 | 35% | 35% | 33% | 29% | 35% | 35% | 45% | 47% | 37% | 35% | 35% | 35% | 37% | 38% | 38% | 39% | 42% |
| Meðaltal 11 sveitarfélaga | | 42% | 43% | 41% | 37% | 37% | 38% | 46% | 42% | 40% | 38% | 37% | 38% | 39% | 37% | 35% | 33% | 34% |
| Meðaltal allra sveitarfélaga | | 42% | 43% | 41% | 38% | 38% | 38% | 45% | 42% | 40% | 38% | 38% | 38% | 39% | 38% | 35% | 33% | |

Heimild: Samband íslenskra sveitarfélaga, ársreikningar, og ársreikningar sveitarfélaganna árið 2018

Tafla 26 sýnir annan rekstrarkostnað sem hlutfall af tekjum samanburðar sveitarfélaganna, A-hluta, meðaltalið fyrir þessi sveitarfélög og öll sveitarfélög á landinu. Annar rekstrarkostnaður er án launa, afskrifta og fjármagnsgjalda.

Eins og taflan sýnir var þetta hlutfall lægra hjá öllum samanburðar sveitarfélögunum nema tveimur en hjá Garðabæ árið 2018. Hafa ber í huga að hér hafa áhrif kaup á þjónustu í verktöku eins og t.d. rekstur grunn- og leikskóla. Kostnaður vegna þess er gjaldfærður sem annar rekstrarkostnaður.

Þau hlutföll sem voru lægri en hlutfallið hjá Garðabæ eru merkt með rauðu letri.

Til mikils er að vinna að ná öðrum rekstrarkostnaði niður. Ætla má að það sé hægt, t.d. með útboðum. Líka má gera ráð fyrir að hægt sé að ná þessum kostnaði niður að einhverju leyti með hagræðingu án þess að skerða þjónustu. Má þar nefna til viðbótar við útboð eftirfylgni og aga með kaupum á orku, endurskipulagningu á ræstingum o.s.frv.

## STJÓRNSÝSLAN

Málaflokkum Garðabæjar er skipt niður á fjögur svið og heyra forstöðumenn sviðanna beint undir bæjarstjóra.

Mynd 7: Skipurit Garðabæjar




Heimild: Garðabær

Mynd 7 sýnir skipurit fyrir Garðabæ tekið saman af skýrsluhöfundi í samráði við forstöðumenn sviða.

Eins og myndin sýnir eru sviðin fjögur, þ.e. fjármála- og stjórnsýslusvið, tækni- og umhverfissvið, fjölskyldusvið og fræðslu- og menningarsvið.

## FJÁRMÁLA- OG STJÓRNSÝSLUSVIÐ

Samkvæmt skipuriti er fjármála- og stjórnsýslusviði skipt niður á fjórar deildir. Auk þess eru tveir starfsmenn sem hafa heyrt beint undir forstöðumann sviðsins, bæjarritara, það eru persónuverndarfulltrúi og ritari bæjarstjóra.

Mynd 8: Skipurit fjármála- og stjórnsýslusviðs




Mynd 8 sýnir skipurit fjármála- og stjórnsýslusviðs tekið saman af skýrsluhöfundi í samráði við bæjarritara. Stöðugildin eru tilgreind í skipuritinu.

Eins og fram kemur í skipuritinu eru samtals 27 stöðugildi á sviðinu.

Haldnir eru reglulega sviðsstjórafundir með bæjarstjóra fyrsta og þriðja fimmtudag í hverjum mánuði. Bæjarritari undirbýr þá fundi og ritar fundargerðir. Ekki hafa verið haldnir reglulegir fundir með starfsmönnum fjármála- og stjórnsýslusviðs.

Bæjarritari er eini starfandi lögfræðingur bæjarfélagsins auk persónuverndarfulltrúa. Verkefni bæjarritara eru mörg.

**Bæjarritari – helstu verkefni**

| | |
|---|---|
| Dagleg morgunverk: | Skoða bankareikninga og ýmiss frágangur. |
| Bæjarráð: | Annast boðun bæjarráðs, ritun fundargerða og ber ábyrgð á tilkynningum vegna afgreiðslu mála. |
| Bæjarstjórn: | Annast boðun bæjarstjórnar, ritun fundargerða og ber ábyrgð á tilkynningum vegna afgreiðslu mála. |
| Reglur og samþykktir: | Annast gerð draga að reglum og samþykktum og gengur frá endanlegri útgáfu til opinberrar birtingar. |
| Gjaldskrár: | Annast gerð tillagna að gjaldskrám og gengur frá endanlegri útgáfu til opinberrar birtingar. |
| Samningar: | Kemur að nánast allri samningagerð bæjarins. |
| Lóðarleigu-samningar: | Gerir nýja lóðarleigusamninga og endurnýjun samninga í eldri hverfum. |

| | |
|---|---|
| Starfsmannamál: | Kemur að öllum stærri starfsmannamálum ásamt að því yfirfara laun mánaðarlega samkvæmt sérstökum reglum. |
| Ráðningar: | Í samvinnu við mannauðsstjóra. |
| Minnihlutinn: | Samskipti við minnihlutann varðandi upplýsingar og svör við formlegum fyrirspurnum. |
| Fjárhagsáætlun: | Í samvinnu við fjármálastjóra. |
| Ársreikningur: | Í samvinnu við fjármálastjóra. |
| Reikningar: | Annast uppáskrift reikninga vegna bæjarskrifstofu og margt fleira. |
| Persónuvernd: | Reglulegir fundir með persónuverndarfulltrúa, skjalastjóra og deildarstjóra tölvudeildar. |
| Kærumál: | Gengur frá greinargerðum bæjarins í málum hjá kærunefndum/ráðuneytum. Eftir atvikum í samstarfi við Juris – lögmenn. |
| Dómsmál: | Í samstarfi við lögmenn. Juris-lögmenn og Lögmál. |
| Innheimtumál: | Í samstarfi við fjármálastjóra og innheimtufulltrúa. |
| Gatnagerðargjöld: | Sér til þess að kröfur samkvæmt afgreiðslu bæjarráðs séu sendar innheimtufulltrúa til álagningar og innheimtu. Annast gerð samninga um greiðslu gatnagerðargjalda. |
| Framkvæmdir: | Boðar reglubundna innanhúsfundi með bæjarstjóra um framkvæmdir. (Bæjarstjóri, bæjarritari, fjármálastjóri, forst.m. fræðslu og m.sviðs, bæjarverkfræðingur, verkfræðingur á T&U-sviði). |
| Skipulagsmál: | Boðar reglubundna innanhúsfundi með bæjarstjóra um stöðu skipulagsmála. (Bæjarstjóri, bæjarritari, bæjarverkfræðingur, skipulagsstjóri, skipulagsfræðingur).<br>Situr afgreiðslufundi skipulagsstjóra. |
| Sviðafundir: | Boðar reglubundna sviðafundi. (Bæjarstjóri, sviðsstjórar, fjármálastjóri, mannauðsstjóri, upplýsingastjóri, þjónustustjóri, samskipta- og kynningarfulltrúi, þjónustustjóri, persónuverndarfulltrúi). |
| Opinberar stofnanir: | Annast allskyns samskipti við opinberar stofnanir. Sýslumaður, Þjóðskrá Íslands, ráðuneyti, Stjórnartíðindi. |
| Samskipti: | Kemur að allskyns samskiptum við bæjarbúa og viðskiptamenn bæjarins. |
| Fjölmiðlar: | Í samstarfi með bæjarstjóra og upplýsingastjóra. |
| Málaskráin: | Reglubundin yfirferð yfir málaskrá í ONE. |
| Kosningar: | Undirbýr kosningar og starfar með kjörstjórn við framkvæmd og eftirlit með kosningum. |

**Fjármálastjóri**
Næsti yfirmaður fjármálastjóra er bæjarritari.

Undir fjármálastjóra heyrir deildarstjóri bókhaldsdeildar og innheimtufulltrúi.

Fjármálastjóri situr ekki fundi bæjarráðs. Finnst stundum að það orsaki skort á upplýsingum sem síðan þarf að leita eftir að sögn fjármálastjóra.

Fjármálastjóri annast fjárhagsáætlunargerð í umboði bæjarritara og fylgir eftir kostnaðareftirliti. Vinnur að gerð ársreikninga og gerð ýmissa skýrslna tengdum fjármálum bæjarfélagsins. Hann leysir gjaldkera af. Í forföllum innheimtufulltrúa tekur

fjármálastjóri mikið af símtölum og afgreiðslu á skrifstofu sem innheimtufulltrúi hefði tekið.

Auk þessa er síðan ýmis þjónusta og samskipti tengd fjármálum við forstöðumenn og sviðsstjóra. Ekki eru aðrir sérfræðingar á sviði fjármála á öðrum sviðum og því mikið leitað til fjármálastjóra með ýmis erindi og útreikninga. Forstöðumenn fá sent yfirlit yfir stöðu sinna deilda mánaðarlega. Haldnir eru fundir með forstöðumönnum ef veruleg frávik eru við áætlun.

Haldnir voru reglulegir fundur varðandi fjármál stofnana með forstöðumönnum þar sem fjármálastjóri hittir forstöðumenn. Fallið hefur verið frá þessu fyrirkomulagi til reynslu og í staðinn eru haldnir mánaðarlegir fundir með fjármálastjóra þar sem forstöðumenn sviða (sviðsstjórar) og bæjarstjóri sitja. Á þessum fundum er farið yfir yfirlit varðandi rauntölur einstakra deilda í bókhaldi og fjárhagsáætlun fyrir hvert svið. Rædd m.a. frávik og hvernig við þeim skuli brugðist. Í samráði við sviðsstjóra haldnir fundir með þeim forstöðumönnum sem ástæða þykir til að ræða mál við og málum þannig fylgt eftir.

Ekki hafa verið haldnir sérstakir fundir með forstöðumönnum þegar fjárhagsáætlun liggur fyrir heldur hefur fjármálastjóri oftast gert grein fyrir fjárhagsáætlun ársins á sérstökum forstöðumannafundum sem haldnir eru nokkrum sinnum yfir árið. Sama á við um ársreikning. Er þá um að ræða einn lið á dagskrá forstöðumannafundar.

**Deildarstjóri bókhaldsdeildar**
Deildarstjóri bókhaldsdeildar heyrir undir fjármálastjóra. Undir deildarstjórann heyra þrír starfsmenn, fulltrúar í bókhaldsdeild. Starfsmenn bókhaldsdeildar vinna með innheimtufulltrúa og aðstoða hann. Þeir hafa tekið yfir ýmis verkefni frá innheimtufulltrúa til að létta á honum. Sem dæmi: Gjöld vegna tómstundaheimila og alla húsaleigu. Fulltrúi í bókhaldsdeild sér um vinnslu þar til að reikningar eru tilbúnir til bókunar, þá tekur innheimtufulltrúi við. Gjöldin vegna tómstundaheimila eru öll unnin í excelskjölum sem forstöðumenn á tómstundaheimilum senda til bókhaldsdeildar og fulltrúi keyrir þau yfir í Navision og úr verða reikningar.

Heimaþjónustan er reiknuð út og reikningar stofnaðir af starfsmanni heimaþjónustunnar, fulltrúi í bókhaldi er til aðstoðar. Innheimtufulltrúi bókar reikningana þegar þeir eru tilbúnir.

Bókhaldsdeildin sér einnig um samskipti vegna ofangreindra liða ef þarf að leiðrétta reikninga.

Bókhaldsdeildin hefur verið að taka yfir verkefni frá húsnæðisfulltrúa. Fulltrúi í bókhaldsdeild hefur m.a. gert leigusamninga eftir að húsnæðisfulltrúinn forfallaðist.

Fyrir nokkru var ákveðið að kaupa vefkerfið Karellen fyrir leikskóla. Fram að því höfðu starfsmenn bókhaldsdeildar annast utanumhald á leikskólagjöldum. Með hliðsjón af því að leikskólastjórar eru í samskiptum við forráðamenn og börnin, sem starfsmenn bókhaldsdeildar eru ekki, var það niðurstaðan að það væri eðlilegt að leikskólastjórar sæju um upplýsingagjöf í Karellen sem leikskólagjöldin eru unnin út frá. Starfsmenn bókhaldsdeildar sækja textaskrá úr Karellen, við það stofnast reikningar í Navision. Þegar það liggur fyrir stemmir deildarstjórinn það af við Karellen, þ.e. stemmir af á milli kerfa. Þegar stemmir þar á milli tekur innheimtufulltrúi við.

Fulltrúi í bókhaldsdeildinni sá um þetta áður og þurfti þá að sækja upplýsingar til leikskólanna. Allt var unnið í kerfi sem var í eldri Navision útgáfu, en Navision var uppfært vorið 2018.

Fulltrúi í bókhaldi hefur séð um að taka á móti öllum umsóknum varðandi fjölskylduafslætti vegna leik- og grunnskóla í samvinnu við skóladeild. Fulltrúi miðlar þessum umsóknum til leikskólastjóra.

Einn fulltrúi í bókhaldsdeild er gjaldkeri.

Innkaupareikningar koma annað hvort á pappír, í tölvupósti eða rafrænt. Þá reikninga sem koma á pappír þarf að skanna á rafrænt form.

Reikningur er skannaður í uppáskriftarkerfi og stilltur á viðkomandi forstöðumann til uppáskriftar. Síðan situr reikningurinn þar þangað til viðkomandi samþykkir. Fulltrúar í bókhaldsdeild eru duglegir við að ýta á viðkomandi ef reikningar eru ekki samþykktir tímanlega.

Rafrænir reikningar eru sóttir í gegnum Navision úr rafrænni skeytamiðlun. Þegar þeir hafa verið keyrðir inn er farið yfir þá alla, settar á bókunarstýringar ef kostur er og stýrt á viðkomandi aðila til samþykktar.

Þegar viðkomandi hefur samþykkt reikning fer hann inn á „uppáskrifaðir reikningar“. Það eru þrír starfsmenn bókhaldsdeildar sem bóka þaðan. Gjaldkeri gerir það ekki.

Tafla 27: Fjöldi bókaðra reikninga í bókhaldi Garðabæjar árin 2011 til 2018

| Ár | Pappír | Rafrænir | Samtals | Hlutfall rafrænna reikninga |
|---|---|---|---|---|
| 2011 | 13.771 | 1.934 | 15.705 | 12,3% |
| 2012 | 14.268 | 4.048 | 18.316 | 22,1% |
| 2013 | 15.951 | 6.807 | 22.758 | 29,9% |
| 2014 | 15.549 | 9.347 | 24.896 | 37,5% |
| 2015 | 12.286 | 13.457 | 25.743 | 52,3% |
| 2016 | 11.106 | 14.546 | 25.652 | 56,7% |
| 2017 | 10.377 | 15.202 | 25.579 | 59,4% |
| 2018 | 10.931 | 16.883 | 27.814 | 60,7% |

Heimild: Bókhaldsdeild

Tafla 27 sýnir fjölda bókaðra reikninga í bókhaldi Garðabæjar árin 2011 til 2018 skipt eftir reikningum sem bárust á pappír og rafrænt.

Eins og taflan sýnir voru bókaðir 15.705 reikningar í bókhaldinu árið 2011 samanborið við 27.814 árið 2018. Á þessu tímabili hafa reikningarnir nánast tvöfaldast í fjölda. Hins vegar bárust einungis 12% reikninga rafrænt árið 2011 samanborið við 61% árið 2018. Mikil vinnuhagræðing fæst með því að reikningar berast rafrænt. Alla reikninga sem berast á pappír þarf að skanna til að þeir séu einnig til rafrænt.

Mynd 9: Fjöldi bókaðra reikninga í bókhaldi Garðabæjar árin 2011 til 2018 og hlutfallsleg skipting þeirra sem bárust á pappír og þeirra sem bárust rafrænt




Heimild: Bókhaldsdeild

Mynd 9 sýnir sömu upplýsingar og fram koma í töflu 27 hér að framan, þ.e. fjölda bókaðra reikninga í bókhaldi Garðabæjar árin 2011 til 2018 skipt eftir því hvort þeir bárust á pappír eða rafrænt. Einnig sýnir myndin hlutfall þeirra sem bárust rafrænt.

Fulltrúi í bókahaldsdeild sér um kreditkort. Fylgiskjöl vegna kreditkorta eru ekki skönnuð inni í kerfin en þau koma öll til bókhaldsdeildar. Það gengur misjafnlega að kalla eftir þessum fylgiskjölum, en flestir eru í góðum málum með að skila. Samtals velta með kreditkort var 39.983 þúsund krónur á árinu 2018 samkvæmt upplýsingum frá bókhaldsdeildinni.

Samkvæmt upplýsingum frá fjármálastjóra í júní 2019 voru 43 kreditkort í notkun hjá sveitarfélaginu. Flestir forstöðumenn hafa kreditkort, þó ekki allir, og matráðar í skólum.

Allt sem tengist greiðslum til fólks hjá fjölskyldusviðinu vinnur bókhaldsdeildin í samvinnu við fjölskyldusviðið svo sem vegna fjárhagsaðstoðar, stuðningsfjölskyldna, NPA samninga o.s.frv.

Fjölskyldusviðið fær mikinn stuðning frá bókhaldsdeildinni við skráningu í Navision. Hópur flóttamanna er að stækka og bókhaldsdeildin hefur veitt aðstoð vegna þess.

Fulltrúi í bókhaldi sér um sérstakan húsnæðisstuðning. Einstaklingar sækja um stuðninginn á vef Garðabæjar. Upplýsingar um greiddar húsaleigubætur eru sóttar frá Íbúðalánasjóði og gerðir útreikningar frá því. Útreikningar byggjast á framlögum Íbúðalánasjóðs.

Þegar málefni fatlaðs fólks voru tekin yfir af sveitarfélaginu tók bókhaldsdeildin að sér að færa bókhaldið vegna þeirra fjögurra heimila sem rekin eru í Garðabæ.

Fjölskyldusvið tók að sér bókhaldið fyrir einstaklingana og úthýsir því verkefni. Þessi verkefni tilheyra ekki fjárhag Garðabæjar en það fylgir málaflokknum að sjá um þetta.

Bókhald heimilisins. Einstaklingur á heimili borgar inn í heimilissjóðinn, sem er síðan notaður til að reka heimilið. Fulltrúi í bókhaldsdeild sér um bókhald vegna þessa. Kallar eftir fylgiskjölum og bankahreyfingum til verksins.

Deildarstjórinn stemmir bókhaldsreikninga af að mestu. Fulltrúi í bókhaldi sér nánast alfarið um afstemmingar lánadrottna. Innheimtufulltrúi um viðskiptamenn. Tvisvar á ári stemmir KPMG af staðgreiðsluna og fer yfir jöfnunarsjóðsframlög í árslok. KPMG hefur stillt ársreikningi sveitarfélagsins upp.

Deildarstjóri sér um eignakerfi og skuldabréfakerfi að öllu leyti. Einnig samantekt vegna frístundastyrkja úr Nóra kerfi sem greiddir eru til félaga. Einnig um innri leigu. Aðstoðar við ákveðna þætti í áætlanagerð svo sem afskriftir, fjármagnskostnað, innri leigu. Vinnu við excel, uppsetningu á útgáfu áætlunarinnar. Keyra þær upplýsingar inn í bókhaldskerfið. Senda allar upplýsingar sem þarf til Hagstofu, svo sem ársfjórðungsskil, áætlanir, viðauka o.fl. Ber einnig ábyrgð á að stofna nýja notendur í Navision og uppáskriftarkerfi o.fl. sem tengist Navision.

Launakerfið sem mannauðs- og kjaradeild notar til útreikninga launa skilar af sér mánaðarlegri textaskrá sem deildarstjóri keyrir inn í Navision og bókar. Endurreiknar tryggingargjald og stemmir af launatengd gjöld.

Á tveggja mánaða fresti sér deildarstjóri um skil á almennum virðisaukaskatti og einnig umsókn um endurgreiðslur á innskatti. Tilfallandi samskipti við ríkisskattstjóra vegna hans og afstemmingar. Árleg afstemming, leiðréttingar, umsóknir um leiðréttingar sér deildarstjóri einnig um.

Fulltrúi í bókhaldsdeild er gjaldkeri fyrir starfsmannafélagið STAG og sér um innri starfsmannasjóðinn sem sér um afmælis- og kveðjugjafir.

Hjá sveitarfélaginu eru fimm sölukassar, m.a. vegna aðgangs í sundlaugar. Deildarstjóri bókhaldsdeildar hefur haft umsjón með sölukössunum.

Það er ekki tæmandi hér hvað bókhaldsdeildin sér um en aðalatriðin hafa komið fram.

Starfsmenn í bókhaldsdeildinni leysa hver annan af í fríum og taka einnig að sér verkefni innheimtufulltrúa þegar hann fer í frí.

Ekki eru haldnir reglulegir fundur á bókhaldsdeildinni. Hins vegar eru tíð samskipti á milli starfsmanna deildarinnar.

Vinnutíminn er frá kl. 8:00 til kl. 16:00.

**Innheimtufulltrúi**
Innheimtufulltrúi heyrir undir fjármálastjóra.
Innheimtufulltrúi les inn daglegar greiðslur sem komið hafa inn á reikninga frá bönkum. Navision er tengdur við kröfupott sem ráðstafar greiðslum inn á þrjá mismunandi bankareikninga. Lesa þarf greiðslur sem hafa borist inn á reikninga inn í Navision og stemma af, annars er röng staða greiðenda á viðskiptareikningum. Um er að ræða viðskiptareikninga, m.a. byggingarleyfisgjöld, fasteignagjöld, frístundabíll, gatnagerðargjöld, heimaþjónusta, húsaleiga, íþróttaleiga, leikskólar, tómstundaheimili, tónlistarskóli og ýmsar fleiri greiðslur.

Fasteignagjöld eru keyrð einu sinni í mánuði. Framkvæma þarf mánaðarálagningu vegna nýrra eigna. Síðan eru ýmsar breytingar á álagningu. Um getur verið að ræða breytingar varðandi eignabreytingar, breytingar á álagningarstofni, afslátt á fasteignagjöldum, nýir eigendur koma inn og eiga rétt á afslætti, o.s.frv. Breytingar sem þarf að gera innan ársins á álagningu fasteignagjalda þarf að gera handvirkt. Fylgjast þarf með þegar einstaklingar, sem fá afslátt á fasteignaskatti, flytja í annað húsnæði innan bæjarfélagsins, einnig þegar greiðendur falla frá o.s.frv.

Vinna við þetta tekur tvo til þrjá daga í mánuði hverjum. Framkvæma þarf eftirfarandi vegna breytinga:

- Mánaðarálagning – álagningarkerfi fasteignar – innlestur í Navision.
- Breytingarálagning – álagningarkerfi fasteignar – innlestur í Navision - gjaldfellt á viðskiptamenn – færslubók – á rekstur eignir GB – færslubók aftur - stofna sölureikninga til bókunar - stofna kröfukeyrslu við banka – taka út aðila sem eru í löginnheimtu, ekki hægt að merkja það í Navision – senda í prentun í Odda greiðsluseðla – stofna boðgreiðslubunka við Visa – senda rafræna reikninga – ýmis samskipti algeng í kjölfarið.

Komið hafa upp vandamál varðandi innheimtu gjalda vegna heimaþjónustu. Þeir sem eru 75 ára og eldri eiga að fá greiðsluseðla, en hjá öllum stofnast krafa í heimabanka. Í júlí 2019 voru 308 aðilar með heimaþjónustu. Hefur komið fyrir að ekki hafi gengið vel að fá upplýsingar frá heimaþjónustu til að geta svarað fyrirspurnum sem borist hafa varðandi reikninga.

Heimaþjónustan skráir inn hvaða þjónustu fólk fær. Þegar það er tilbúið er skráningin virkjuð og færist yfir í sölukerfi hjá innheimtufulltrúa, sem tekur það yfir og bókar og sendir á reiknistofu bankanna. Í hluta af þeirri keyrslu kemur fram að ákveðinn hluti fái greiðsluseðla sem eru prentaðir út og póstlagðir í þjónustuverinu.

Síðan er nokkuð um að þjónustuþegar hringi og spyrji um hvað liggi á bak við þjónustureikning. Þjónustufulltrúi og innheimtufulltrúi geta svarað varðandi innlit, þrif og heimsendan mat. Ef fólk vill fá frekari upplýsingar þarf það að hafa samband við heimaþjónustuna sem stýrt er frá Ísafold og þá er oft erfitt að ná sambandi og fá svör, að sögn þjónustuvers sem fær mörg símtöl til sín vegna þessa. Þetta hefur skapað pirring hjá þjónustuþegum. Svona málum hefur að mestu verið sinnt af fulltrúa bókhaldsdeildar sem hefur að mestu séð um leiðréttingar vegna þeirra að sögn innheimtufulltrúa.

Fulltrúi í bókhaldsdeild hefur annast gerð reikninga vegna tómstundaheimila og leiðréttingar. Annað í umsjón innheimtufulltrúa - stofna kröfukeyrslu við banka – stofna boðgreiðslur við Visa o.s.frv.

Innheimtufulltrúi annast samskipti við tómstundaheimili vegna vanskila, sendir ítrekun við greiðslufall og síðan löginnheimtu komi til þess.

Deildarstjóri bókhaldsdeildar hefur stemmt af leikskólagjöldin sem skráð eru í Karellen af leikskólastjórum og keyrð inn í Navision af deildarstjóra bókhaldsdeildar. Annað í umsjón innheimtufulltrúa. Hann stofnar kröfukeyrslu við banka, boðgreiðslur við Visa og samskipti við leikskólastjóra vegna vanskila. Við greiðslufall í lengri tíma sendir forstöðumaður leikskóladeildar uppsagnarbréf til leikskólastjóra sem er afhent foreldrum. Ef ekki greiðist fer málið í löginnheimtu.

Síðan eru ýmsar leiðréttingar sem þarf að framkvæma vegna rangrar skráningar frá leikskólastjórum. Deildarstjóri bókhaldsdeildar hefur annast þær og innheimtufulltrúi bakfært, bókað og sent leiðréttingar í banka.

Innheimtufulltrúi annast samskipti við lögfræðistofu varðandi innheimtu og uppboð gagnvart sýslumanni og setur í löginnheimtu o.s.frv.

Heilbrigðiseftirlitsgjald. Gjalddagi er einu sinni á ári. Heilbrigðiseftirlitið sendir lista yfir þá sem á að rukka. Í mars eru sendar út kröfur vegna heilbrigðiseftirlitsgjalda.

Frágangur og útgáfa á reikningum á öllum reikningum – mjög mikið þarf að stofna handvirkt í Navision.

Reikningar sem þarf að vinna handvirkt eru m.a. vegna byggingarleyfisgjalda, gatnagerðargjalda, leigu á íþróttamannvirkjum, skipulagsgjalda, fjölskyldugarða, skólagarða, heimæðargjalda, ýmsir reikningar vegna áhaldahúss, aukavatnsskatts o.s.frv.

Aðrir útgefnir reikningar, í þjónustukerfi Sveitarstjóra – excel skrá og o.s.frv. Allt sent í banka og póstlagðir greiðsluseðlar frá nokkrum viðskiptareikningum.

Ef bærinn setur kröfu í löginnheimtu og hún innheimtist ekki þarf bærinn að greiða um 35.000 kr. vegna kröfunnar. Gjaldskil sjá um innheimtuna.

**Mannauðs- og kjaradeild**
**Mannauðsstjóri**
Mannauðsstjóri heyrir undir bæjarritara. Næsti undirmaður mannauðsstjóra er deildarstjóri kjaradeildar. Á kjaradeild eru 4,8 stöðugildi.

Mannauðsstjóri er mikið í leiðbeiningum. Kemur að ráðningu sviðsstjóra og ráðningum yfirmanna. Sviðsstjórar sjá að mestu um ráðningu á öðrum starfsmönnum stofnana sem undir þá heyra.

Mannauðsstjóri hefur ekki komið að ráðningum grunn- og leikskólastjóra. Ráðning skólastjórnenda hefur alfarið verið í höndum forstöðumanns fræðslu- og menningarsviðs. Mannauðsstjóri hefur lagt mikla áherslu á fagmennsku við ráðningar því lykillinn að góðu starfi eru hæfir starfsmenn.

Hefur aðstoðað sviðsstjóra fjölskyldusviðs og tækni- og umhverfissviðs við ráðningar og leiðbeint öllum sem til hans hafa leitað í tengslum við ráðningar.

Fram kom í máli mannauðsstjóra að það væri eðlilegt og margt mælti með því að mannauðsstjóri komi að ráðningu forstöðumanna.

Mannauðsstjóri kemur mikið að gerð starfsauglýsinga og ber ábyrgð á þeim. Þær þarf að rýna vel. Veitir mikla ráðgjöf og stuðning við stjórnendur varðandi mannauðsmál. Er með eftirlit með forstöðumönnum varðandi ráðningar og hvort þeir hafa lokið ráðningarferlinu eftir að ráðning hefur farið fram. Misbrestur hefur verið hjá sumum forstöðumönnum að tilkynna umsækjendum um ráðningar. Gæta þarf að því að senda umsækjendum um ráðningu starfs tilkynningu um ráðningu og rétt umsækjanda til rökstuðnings. Mannauðsstjóri leggur áherslu á að þetta sé gert í gegnum H3 kerfið hjá sveitarfélaginu en ekki með „óformlegum tölvupóstum“, þannig að það liggi skýrt fyrir að þetta hafi verið gert og að rekjanleiki sé til staðar.

Leggur áherslu á að forstöðumenn vandi til ráðninga. Mannauðsstjóri leiðbeinir við áminningar og uppsögn á starfi komi til þess. Kemur einnig að mörgum málum hjá kjaradeildinni sem heyra undir mannauðsstjóra/kjaradeild.

Mannauðsstjóri hefur verið að setja upp vinnu- og verkferla varðandi mannauðsmál til að tryggja gæði og samræmi. Á undanförnum misserum hefur verið unnið að því að formfesta vinnuferla hjá kjaradeildinni.

Nokkuð er um að starfsmenn leiti til mannauðsstjóra með sín persónulegu mál og veitir mannauðsstjóri þeim þá þeim stuðning. Kemur að launasetningu starfsmanna og túlkun á kjarasamningum.

Mannauðsstjóri hefur verið með og skipulagt starfslokanámskeið fyrir starfsmenn o.s.frv.

Fram hafa komið athugasemdir frá endurskoðanda bæjarfélagsins varðandi uppsafnað ótekið orlof hjá starfsmönnum. Dæmi eru um að safnast hafa upp mikið af óteknu orlofi. Setja þarf reglur um ótekið orlof starfsmanna. Fram komi hvað megi safna miklu upp og hvernig skuli farið með ótekið orlof.

**Deildarstjóri kjaradeildar**

Deildarstjóri kjaradeildar heyrir undir mannauðsstjóra. Síðan eru 3,8 stöðugildi sem heyra undir deildarstjóra. Kjararáðgjafar í 1,8 stöðugildi og launafulltrúar í tveimur stöðugildum.

Mismunurinn á starfsheitum er verkefnalegur, sem dæmi sérhæfir einn starfsmaður sig í vaktakerfinu, Vinnustund, og annar í ráðningamálum o.s.frv. Þessir starfsmenn koma síðan að vinnu við launaáætlun.

Launafulltrúarnir eru meira í launavinnslu.

Fram kom í máli deildarstjórans að setja þurfi reglur varðandi yfirvinnu þannig að launadeildin gæti haft meira eftirlit. Að það væru viðmið sem hægt væri að styðjast við. Ekki gott að gera athugasemdir út frá tilfinningu. Frekar að hafa reglur til að vinna út frá. T.d. væru reglur um yfirvinnu þannig að það þurfi leyfi sviðsstjóra ef farið er yfir tiltekin mörk í yfirvinnu.

Eitthvað er um að hvíldartímabrot komi upp, t.d. vegna snjómoksturs.

Á launaskrá eru að jafnaði um 1.100 starfsmenn. Á sumrin bætast við 7 til 800 starfsmenn með vinnuskólanum.

Öll kerfismál varðandi launavinnsluna eru hjá launadeild. Öll samskipti og þróun launakerfa og viðverukerfa eru hjá launadeild. Um 50% af starfi deildarstjórans fer í mál sem eru tengd þeim kerfum sem unnið er með.

Forstöðumenn eiga vera að búnir að skila vinnustund tilbúinni um miðjan mánuð vegna næstu launakeyrslu. Þegar launadeild er búin að keyra launin fá forstöðumenn launakeyrsluna til staðfestingar áður en útborgun fer fram.

Hjá bæjarfélaginu er ekki mikið til af starfslýsingum. Garðabær er ekki með starfsmat. Ekki liggja fyrir upplýsingar um hvað hver og einn er að gera. Myndi mæla með því að bæjarfélagið taki upp starfsmat. Þar sem ekki er starfsmat verður vinna við jafnlaunavottun erfiðari.

Deildarstjórinn vinnur mjög náið með mannauðsstjóra.

**Upplýsingastjóri**

Næsti yfirmaður upplýsingastjóra er bæjarritari. Næstu undirmenn upplýsingastjóra eru samskipta- og kynningafulltrúi, þjónustustjóri og skjalastjóri.

Starf upplýsingastjóra er fjölbreytilegt. Hann ber ábyrgð á upplýsingum frá bæjarfélaginu og innan þess í víðum skilningi.

Auk þess að hafa yfirumsjón með vefmálum og upplýsingagjöf til viðskiptavina og starfsmanna kemur upplýsingastjóri mikið að ýmis konar viðburðum, svo sem vígsluathöfnum, móttökum og einnig viðburðum starfsmanna. Íbúafundir eru oft á tíðum alfarið skipulagðir af upplýsingadeild.

Upplýsingastjóri hefur að hluta til annast menningarmálin í samstarfi við menningar- og safnanefnd. Upplýsingastjóri er starfsmaður nefndarinnar. Skipuleggur marga menningarviðburði sem eru á vegum bæjarins, þar má nefna tónlistarveislu í skammdeginu, jazzhátíð Garðabæjar, listadaga barna- og ungmenna. Er í samstarfi við söfnin og hefur umsjón með rekstri Króks á Garðaholti.

Menningarmál heyra undir fræðslu- og menningarsvið þrátt fyrir að upplýsingastjóri hafi sinnt þeim að hluta. Þetta hefur gengið ágætlega en getur verið vandasamt þegar verkefnin eru mörg að sögn upplýsingastjóra.

Framkvæmir það sem menningar- og safnanefnd ákveður og hefur unnið með söfnunum varðandi annað en rekstur. Upplýsingastjóri hefur ekki setið fundi stjórnar Hönnunarsafns Íslands. Forstöðumaður fræðslu og menningarsviðs hefur setið þá fundi.

Fram kom hjá upplýsingastjóra að það sé erfitt að segja hvað menningarmálin taki mikið af tíma upplýsingastjóra. Vildi sjá til framtíðar litið hvernig þetta eigi að vera, hvort menningarmálin eigi að vera áfram að hluta hjá upplýsingastjóra og upplýsingadeild.

Skrifar reglulega fréttir og tekur myndir sem birtast á vef bæjarins og í Garðapóstinum. Heldur utan um samskiptamiðla svo sem facebooksíðu bæjarins. Upplýsingastjóri hefur annast þau að miklu leyti ásamt samskipta- og kynningarfulltrúa.

Upplýsingastjóri er ritstjóri vefsíðu bæjarfélagins. Telur að það sé kostur að fleiri en einn sjái um vefsíðuna. Mikil vinna er að halda utanum um vefsíðuna. Sjálfsagt að skýra ferlana og þá hver sjái um hvaða efni á vefinn. Vefurinn er hýstur annarstaðar en hjá bæjarfélaginu. Er í góðu samstarfi við tölvudeildina varðandi vefinn. Sumt skarast á milli tölvudeildar og upplýsingadeildar. Hafa fengið starfsmann hjá tölvudeild til að koma inn í verkefni sem snúa að vefmálum, svo sem með tækniráðgjöf.

Einnig er upplýsingastjóri ritstjóri innri vefs Garðabæjar og sér um að setja inn efni á innri vef ásamt samskipta- og kynningarfulltrúa.

Upplýsingadeildin í heild sinni hefur að jafnaði verið með einn til tvo fundi á önn, þ.e. vor og haust. Þar fyrir utan er fundað oft með næstu undirmönnum um einstaka verkefni.

Telur að það megi alltaf gera betur í að efla starfsmenn í þjónustuverinu en telur að þar séu öflugir starfsmenn sem eru fljótir að setja sig inn í mál.

Athuga með að persónuverndarfulltrúi sitji fundi upplýsingadeildar þar sem rætt er um ýmis mál, m.a. hvaða upplýsingar megi gefa upp í síma o.s.frv.

Ferðamál hafa að einhverju leyti verið undir upplýsingadeildinni. Upplýsingastjóri hefur setið fundi í tengslum við samstarf sveitarfélaga á vettvangi markaðsmála, viðburða og upplýsingamála í ferðaþjónustu á höfuðborgarsvæðinu.

Upplýsingastjóri hefur annast erlend samskipti fyrir bæjarfélagið eins og t.d. vinabæjarsamskipti. Hefur haldið utan um mál neyðarstjórnar Garðabæjar og annast fundarboð hennar. Situr fundi með vinnuhópi neyðarstjórna hjá Slökkviliði höfuðborgarsvæðisins. Annast ýmis önnur verkefni, svo sem nágrannavörslu í samvinnu við þjónustustjóra og samskipta- og kynningarfulltrúa. Hefur einnig verið starfsmönnum innan handar með aðstoð í skjalastjórnunarkerfinu One í forföllum skjalastjóra.

Upplýsingastjóri situr bæjarráðsfundi. Ef bæjarritari hefur forfallast hefur upplýsingastjóri séð um ritun fundargerðar bæjarráðs og bæjarstjórnar.

**Samskipta- og kynningafulltrúi**
Næsti yfirmaður samskipta- og kynningarfulltrúa er upplýsingastjóri.

Samskipta og kynningafulltrúi sér um vefinn og setur flest efni þar inn ásamt upplýsingastjóra. Sér um að skrifa fréttir og fréttatilkynningar. Hefur umsjón með innri vef sem er fyrir starfsmenn sveitarfélagsins, unnið er með gamalt kerfi. Kemur að öllu sem varðar upplýsingaefni fyrir sveitarfélagið. Kemur að flestu útgefnu efni. Auk þessa ýmis tilfallandi verkefni eins og t.d. „betri Garðabær." Sá um það verkefni ásamt tveimur öðrum starfsmönnum.

Samskipta- og kynningafulltrú hefur annast auglýsingar ásamt upplýsingastjóra.

Þjónustustjóri hefur einnig verið að setja efni inn á vefinn. Þannig eru þrír starfsmenn á upplýsingadeild sem hafa sett efni á vefinn, þ.e. upplýsingastjóri, samskipta- og kynningafulltrúi og þjónustustjóri. Auk þess getur skipulagsfræðingur hjá skipulagsstjóra sett efni á vefinn. Fram kom í máli samskipta- og kynningafulltrúa að fleiri gætu mögulega haft aðgang, sem hann veit ekki um.

Til bóta væri að setja upp ákveðnar verklagsreglur um hvernig skuli standa að því að upplýsa starfsmenn vefsins um ýmis mál, sem eiga að fara á vefinn, þ.e. efni sem við kemur einstaka sviðum, t.d. tækni- og umhverfissviði. Þá gæti verið gott að hafa reglulega fundi með skipulagsstjóra eða fulltrúa hans varðandi skipulagsmál sem eiga að vera á vefnum eða fara á hann.

Upplýsingadeildin hefur fundað nokkrum sinnum síðan samskipta- og kynningarfulltrúi hóf störf fyrir rúmu ári.

**Skjalastjóri**
Næsti yfirmaður skjalastjóra er upplýsingastjóri.

Skjalastjóri er kerfisstjóri á „OneSystems" og hefur yfirumsjón með því kerfi hjá bæjarfélaginu. „Minn Garðabær" og fundargátt nefndarmanna er hluti af „OneSystems". Skjalastjóri þjónustar alla sem eru að vinna í „OneSystems". „OneSystems" er ekki einungis skjalakerfi fyrir bæjarskrifstofur, það er m.a. hliðarkerfi (skjalakerfi) fyrir grunnskólana, Hönnunarsafnið og bókasafnið, allt sem tengist „OneSystems." Fundargátt nefndarmanna og „Minn Garðabær" er á forræði skjalastjóra.

Meginverkefni skjalastjóra er kerfisstjórn á „OneSystems“ og ráðgjöf í skjalamálum. Gefur ráð um hvernig ganga á frá skjölum og hvað má og hvað má ekki gera með skjöl. Skjalastjóri er lítið í því að skrá skjöl. Það gerir ritari bæjarstjóra.

Sumarstarfsmenn hafa verið fengnir til að aðstoða við að pakka gögnum. Skjöl eru geymd hjá eða nálægt þeim sviðum sem þau tilheyra.

Ritari bæjarstjóra tekur við pósti sem kemur og skráir í One og skannar og kemur öðrum gögnum til réttra aðila innanhúss. Tæknisviðið annast skönnun á gögnum sem tilheyra því sviði, mannauðs- og kjaradeild skannar og skráir í H3 og starfsmenn bókhalds skanna og skrá í Navision.

Tölvusamskipti eiga að fara í „OneSystems“ undir viðkomandi mál. Flest mál sem stofnuð eru koma í gegnum „Minn Garðabær“.

Lögin varðandi skjalavörslu miðast við að bærinn geymi gögn í 30 ár, eftir það er þeim skilað til Þjóðskjalasafnsins.

Ritari bæjarstjóra sér um að senda út dagskrá bæjarstjórnar. Skjalastjóri leysir ritara af í því.

Dagskráin er send út í gegnum „OneSystems“. Öll fylgigögn varðandi viðkomandi mál eru prentuð út og send til bæjarfulltrúa fyrir bæjarstjórn og bæjarráð. Eru sett saman í pdf og send þannig í tölvupósti til bæjarfulltrúa.

Fastanefndir fá ekki gögn send.

Bæjarfulltrúar geta farið inn á fundargáttina og nefndarmenn einnig og skoðað þau gögn sem sett eru undir viðkomandi mál.

**Þjónustustjóri**
Næsti yfirmaður þjónustustjóra er upplýsingastjóri. Undir þjónustustjóra heyra þrír þjónustufulltrúar í þjónustuveri.

Þjónustuverið er opið frá kl. 8:00 til 16:00 mánudaga til miðvikudaga, til kl. 18:00 á fimmtudögum og síðan til kl. 14:00 á föstudögum.

Þjónustuverið er tenging á milli bæjarbúa og stofnana bæjarfélagsins. Ef bæjarbúa vantar aðstoð og/eða upplýsingar er fyrsti snertiflöturinn þjónustuverið. Reynt er að afgreiða eins mikið af málum og kostur er í þjónustuverinu. Þjónustuverið hefur orðið mikinn aðgang að upplýsingum í „Onesystems“. Erindi eru skráð þar inn og veittar eru upplýsingar þaðan.

Fyrirspurnum varðandi fasteignagjöld er almennt svarað af þjónustuverinu. Fasteignasalar hringja mikið og fá upplýsingar. Eldri borgarar hringja mikið og er reynt er að afgreiða þá í þjónustuverinu. Sem dæmi þá hefur þjónustuverið aðgang að gögnum varðandi heimaþjónustu og geta starfsmenn þess því svarað fyrirspurnum varðandi hana. Starfsmenn þjónustuversins svara flestum málum nema þeim sem varða barnvernd. Starfsmennirnir eru bundnir trúnaðarskyldu. Geta afgreitt fólk orðið miklu hraðar en áður var. Það bætir þjónustuna mikið og léttir vinnuna innanhúss í ráðhúsinu. Hafa tekið að sér ýmis verkefni fyrir félagsþjónustuna svo sem að taka við umsóknum og fara yfir gögn til að athuga hvort gögn vanti o.s.frv.

Mikil vinna fer fram varðandi þjónustu sem tengist byggingarfulltrúa. Taka við teikningum, skrá þær inn og yfirfara hvort öll gögn séu komin varðandi viðkomandi byggingarmál. Síðan fara gögnin til byggingarfulltrúa sem fer yfir gögnin og afgreiðir þau. Þjónustuverið tilkynnir síðan þegar búið er að afgreiða teikningar.

Skrá öll viðtöl við byggingarfulltrúa. Skrá einnig úttektir á byggingum og skrá hvað á að gera. Senda síðan á Strending sem annast úttektir í verktöku fyrir bæjarfélagið.

Skjalastjóri bregst fljótt við að kenna þjónustufulltrúum opnist ný svæði í „Onesystems" fyrir þjónustuverið til að hafa aðgang að til að veita frekari upplýsingar. Þjónustufulltrúarnir þekkja vel inn á „Onesystems" kerfið og því eru þeir fljótir að tileinka sér aðgang að nýjum gáttum.

Stærstu viðskipavinahópar þjónustuversins eru þeir sem eru að koma vegna bygginga og þeir sem eru að leita til félagsþjónustunnar. Samtals er áætlað að um 80% af þjónustu þjónustuversins sé vegna þessara tveggja hópa.

Fram kom í máli þjónustustjóra að hann leitar til bæjarritara sem síns yfirmanns.

Þjónustustjóri hefur aðgang að heimasíðunni og er að setja efni inn á vefinn. Þetta fyrirkomulag byrjaði áður en samskipta- og kynningarfulltrúi var ráðinn og hefur haldist áfram þrátt fyrir að hann sé kominn til starfa. Þannig eru þrír starfsmenn á upplýsingadeild sem setja efni á vefinn.

Upplýsingadeildin hittist á eins til tveggja mánaða fresti. Þá hittast starfsmenn þjónustuversins, upplýsingadeildar, skjalastjóri og fulltrúi hjá byggingarfulltrúa.

Finnst þjónustan ganga vel og góð samvinna við önnur svið. Því meira traust sem er á milli sviða því meiri aðgang og þjónustu er hægt að veita. Þannig hefur það verið.

Öll vinna vegna utanumhalds á hvatapeninga er hjá þjónustuverinu. Þjónustuverið er fyrsti snertiflötur vegna hvatapeninga og ef eru einhver frávik kemur íþróttafulltrúi að málinu.

Þjónustustjóri er að vinna í forvarnarmálum, sem eru að hluta til hjá fjölskylduráði og íþrótta- og tómstundaráði. Þjónustustjóri hefur verið að fylgja eftir forvarnarmálum sem komin voru af stað. Þjónustustjóri er einn af þremur sem annast um forvarnarviku.

Þjónustustjóri hefur annast skipulagningu árshátíða fyrir starfsmenn Garðabæjar s.l. ár.

**Persónuverndarfulltrúi**
Persónuverndarfulltrúi heyrir undir bæjarritara.

Bæjarritari er eini lögfræðingurinn hjá bæjarfélaginu auk persónuverndarfulltrúa.

Persónuverndarfulltrúi hefur starfað nokkuð við almenn lögfræðistörf hjá bæjarskrifstofunni samhliða persónuverndarfulltrúastarfi og mun eftir 1. september 2019 starfa sem 75% persónuverndarfulltrúi og 25% í starfi við almenn lögfræðistörf. Persónuverndarfulltrú sér fyrir sér að í framtíðinni verði persónuverndarfulltrúa starfið í 50% starfshlutfalli og 50% starf í almennum lögfræðistörfum. Telur að hægt verði að skipta starfinu þannig upp eftir um eitt til tvö ár í starfi.

Haldnir hafa verið samráðsfundir með starfsmönnum fjölskyldusviðs varðandi barnaverndarmál og persónuvernd þeim tengdum og hefur talsvert reynt á þessi mörk í starfi.

Haldnir eru reglulegir fundir, hálfsmánaðarlega, þar sem mæta persónuverndarfulltrúi, bæjarritari, skjalastjóri og deildarstjóri tölvudeildar þar sem unnið er að innleiðingu á persónuvernd varðandi skjalavörslu, meðferð tölvukerfa og rekstur sveitarfélagsins í heild sinni.

**Deildarstjóri tölvudeildar**
Næsti yfirmaður deildarstjórans er bæjarritari.

Á tölvudeild eru auk deildarstjórans fjórir sérfræðingar í fjórum stöðugildum. Deildarstjórinn er þeirra yfirmaður. Þannig eru fimm stöðugildi á tölvudeild. Starfsmenn tölvudeildar eru allir með fasta yfirvinnu. Engir tölvuumsjónarmenn eru í grunnskólum bæjarins en kennsluráðgjafar í upplýsingatækni hafa séð um þróun upplýsingatæknimála í grunnskólum bæjarins, að hluta til í samstarfi við tölvudeild að sögn deildarstjórans.

Tölvudeildin annast allan daglegan rekstur tölvumála hjá bæjarfélaginu. Starfsmenn leysa þau vandamál sem kunna að koma upp, sjá um stofnun nýrra notenda, verkefnastjórnun í stærri verkefnum og annast uppsetningu á nýjum tölvubúnaði. Deildarstjórinn annast samskipti við birgja og þjónustuþega (starfsmenn Garðabæjar) varðandi tölvumál, uppáskrift reikninga, gerð verklagsregla og ýmislegt fleira.

Sendir út verðkönnun þegar tölvur eru keyptar. Gerir það alltaf a.m.k. einu sinni á ári. Vegna góðrar reynslu af þeim tölvubúnaði, sem bærinn hefur verið með, geta starfsmenn deildarinnar gert við tækin að hluta til sjálfir.

Er að kaupa tölvubúnað fyrir um 30 milljónir króna á ári.

Tafla 28: Kaup tölvudeildar á tölvubúnaði árin 2016 til 2018

| Liður | 2016 | | | 2017 | | | 2018 | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| | Magn | Verð | Meðalverð | Magn | Verð | Meðalverð | Magn | Verð |
| Keyptar fartölvur | 34 | 4.932.218 | 145.065 | 203 | 24.385.396 | 120.125 | 104 | 13.372.936 |
| Keyptar borðtölvur | 89 | 7.652.250 | 85.980 | 36 | 3.091.563 | 85.877 | 54 | 3.965.633 |
| Keyptar sértækar vélar | 5 | 985.836 | 197.167 | | | | 3 | 683.827 |
| Keyptar tölvur í vagna | 45 | 5.408.655 | 120.192 | | | | 30 | 3.273.574 |
| Keyptar Chrome Book | 0 | - | | | | | 246 | 8.527.453 |
| Keyptar spjaldtölvur (potturinn) | 147 | 13.086.968 | 89.027 | 113 | 6.731.289 | 59.569 | 83 | 5.612.694 |
| **Samtals** | **320** | **32.065.927** | | **352** | **34.208.248** | | **520** | **35.436.117** |

Heimild: Tölvudeild

Tafla 28 sýnir magn og verð á tölvubúnaði sem tölvudeildin keypti árin 2016 til 2018.

Spjaldtölvufjöldinn er einungis þær spjaldtölvur sem tölvudeildin sá um að kaupa. Síðan hafa skólarnir sjálfir keypt spjaldtölvur. Samkvæmt upplýsingum frá tölvudeild eru 605 spjaldtölvur í notkun í grunnskólunum (júlí 2019), þar af hefur tölvudeildin einungis keypt 343 spjaldtölvur undanfarin þrjú ár.

Tölvur í sérstök verkefni eru öflugar tölvur sem notaðar er m.a vegna myndavélakerfa, öryggiskerfa og fyrir tölvudeild.

Tölvudeildin kaupir/útvegar tölvubúnað fyrir allar stofnanir bæjarins nema spjaldtölvur að hluta sem hafa hins vegar verið lengi á forræði grunnskólanna. Í búnaðarkaupalista eru settar um 100 milljónir króna á ári, af þeirri upphæð fer ca.

þriðjungur í upplýsingatæknimál (25-35% árlega). Búnaðarkaupalistinn upp á um 100 miljónir er fyrir öll búnaðarkaup hjá bænum, bílar, húsgögn, tölvur o.s.frv. Líftími tölvubúnaðar er minnst fimm ár enda verið að kaupa góðan búnað til að hann endist. Hluti búnaðar er notaður lengur að sögn deildarstjórans.

Deildarstjórinn tekur undir það sjónarmið að tölvudeildin haldi einnig utan um spjaldtölvumálin. En til að það sé gerlegt þarf að bæta við stöðugildi að mati deildarstjórans.

Heildarfjöldi PC tölva í rekstri hjá Garðabæ er um 950 stykki að sögn deildarstjórans. Allir grunnskólakennarar fá fartölvur. Í leikskólum fá stjórnendur fartölvur og að auki er ein á hverri deild fyrir starfsmenn. Í tónlistarskólanum eru það stjórnendur sem fá fartölvur og síðan eru fjórar í vinnuherbergi kennara.

Miðlæg prentþjónusta er í rekstri hjá Garðabæ og þannig tryggt að ekkert prentast út nema notandi komi að prentara og sæki sína prentun með aðgangskóða.

Þekking þjónar bæjarfélagið með miðlægan rekstur tölvukerfis, hýsir servera og afritar gögn. Annast það að taka afrit af gögnum, hýsingu og nettengingar. Komi upp vandamál grunngreinir tölvudeild vandann og kallar Þekkingu eða aðra þjónustuaðila til aðstoðar þurfi þess.

## FJÖLSKYLDUSVIÐ

Fjölskyldusvið fer með framkvæmd þeirra mála er lúta að félagslegri þjónustu bæjarins, barnavernd og jafnréttismálum. Til félagslegrar þjónustu telst m.a. félagsleg ráðgjöf, fjárhagsaðstoð, félagsleg heimaþjónusta, málefni barna og ungmenna, málefni aldraðra, málefni fatlaðs fólks og húsnæðismál.

## Tafla 29: Rauntölur rekstrar og fjárheimildir hjá fjölskyldusviði árið 2018

| | Rauntölur | Fjárhagsáætlun með viðaukum | Frávík | Rauntala sem hlutfall af fjárheimild |
|---|---|---|---|---|
| Fjölskylduráð alls | 4.145 | 3.946 | -199 | 105,0% |
| Fjölskyldu- og heilbrigðissvið alls | 133.391 | 135.548 | 2.157 | 98,4% |
| Fjárhagsaðstoð alls | 60.353 | 50.000 | -10.353 | 120,7% |
| Félagsleg heimaþjónusta alls | 178.608 | 157.384 | -21.224 | 113,5% |
| Húsaleigubætur alls | 30.745 | 26.500 | -4.245 | 116,0% |
| Önnur félagsleg hjálp alls | 12.648 | 13.400 | 752 | 94,4% |
| Barnaverndarnefnd alls | 10.633 | 9.000 | -1.633 | 118,1% |
| Fóstrun barna utan heimilis alls | 4.008 | 4.200 | 192 | 95,4% |
| Úrræði á heimili vegna barna alls | 15.587 | 15.655 | 67 | 99,6% |
| Annað vegna barnaverndar alls | 1.267 | 1.600 | 333 | 79,2% |
| Persónuleg ráðgjöf og tilsjón alls | 50 | 200 | 150 | 25,0% |
| Nefnd um málefni aldraðra alls | 672 | 1.075 | 403 | 62,5% |
| Afsláttur fasteignagjalda alls | 83.700 | 85.000 | 1.300 | 98,5% |
| Félags- og íþróttastarf eldri borgara alls | 80.899 | 78.213 | -2.685 | 103,4% |
| Dagdvöl aldraðra alls | 14.585 | 21.262 | 6.677 | 68,6% |
| Hrafnista alls | 1.691 | 1.691 | 0 | 100,0% |
| Framlög til hjúkrunarheimila alls | 136.749 | 136.707 | -42 | 100,0% |
| Önnur þjónusta við aldraða alls | 15.454 | 17.698 | 2.244 | 87,3% |
| Sameiginlegir liðir alls | 755 | 2.100 | 1.345 | 35,9% |
| Frekari liðveisla alls | 368.311 | 255.151 | -113.160 | 144,4% |
| Liðveisla alls | 29.165 | 22.500 | -6.665 | 129,6% |
| Stuðningsfjölsk. og annar stuðn. utan heimilis alls | 27.061 | 28.196 | 1.135 | 96,0% |
| Ægisgrund 19 alls | 80.128 | 79.049 | -1.079 | 101,4% |
| Sigurhæð 12 alls | 91.639 | 84.966 | -6.673 | 107,9% |
| Krókamýri 54 alls | 79.756 | 75.592 | -4.164 | 105,5% |
| Miðskógar 22 alls | 82.208 | 90.520 | 8.312 | 90,8% |
| Skammtímavistun Móaflöt 24 alls | 119.805 | 126.721 | 6.915 | 94,5% |
| Skammtímavistun alls | 65.751 | -2.480 | -68.231 | -2651,3% |
| Sumarúrræði fyrir fatlaða alls | 18.568 | 10.000 | -8.568 | 185,7% |
| Lengd viðvera fatlaðra ungmenna alls | 25.365 | 16.100 | -9.265 | 157,5% |
| Styrkir til náms og verkfærakaupa alls | 0 | 550 | 550 | 0,0% |
| Atvinnumál fatlaðra alls | 2.521 | 1.450 | -1.071 | 173,9% |
| Önnur þjónusta við fatlaða alls | 80.846 | 71.000 | -9.846 | 113,9% |
| Orlofssjóður húsmæðra alls | 1.743 | 1.750 | 7 | 99,6% |
| Styrkir og framlög alls | 12.100 | 10.300 | -1.800 | 117,5% |
| **Samtals** | **1.870.906** | **1.632.544** | **-238.362** | **114,6%** |

Heimild: Garðabær

Tafla 29 sýnir rauntölur rekstrar og fjárheimildir fjölskyldusviðs árið 2018.

Eins og taflan sýnir fór fjölskyldusviðið 238 milljónir króna fram úr fjárheimildum ársins 2018, eða um 15% umfram fjárheimild. Frekari liðveisla fór 113 milljónir króna umfram

fjárheimild, eða sem nemur 44%. Síðan er skammtímavistun samtals sem fór 61,3 milljónir króna fram úr fjárheimild.

**Sviðsstjóri fjölskyldusviðs**
Sviðsstjóri fjölskyldusviðs er yfir fjölskyldusviði, þ.m.t. öldrunarþjónustunni sem fram fer í Ísafold.

Á sviðinu eru tveir umsjónarmenn, umsjónarfélagsráðgjafi og umsjónarþroskaþjálfi, sem heyra undir sviðsstjóra auk framkvæmdastjóra öldrunar-og heimaþjónustu, sem staðsettur er í Ísafold.

Sviðsstjóri fjölskyldusviðs hefur verið í veikindaleyfi og gegnir umsjónarfélagsráðgjafi starfi staðgengils sviðsstjóra við vinnslu þessarar skýrslu.

Mynd 10: Skipurit fyrir fjölskyldusvið




Mynd 10 sýnir skipurit fjölskyldusviðs tekið saman af skýrsluhöfundi. Myndin sýnir jafnframt fjölda stöðugildi á sviðinu og hverri starfseiningu sem heyrir undir sviðið.

Auk þeirra stöðugilda sem tilgreind eru undir forstöðumanni heimaþjónustu eru starfsmenn í liðveislu og frekari liðveislu samtals 51 í mars 2019. Þessir starfsmenn eru allir á launaskrá og vinna í tímavinnu. Flestir þeirra eru að sinna einum einstaklingi. Jafnframt er einn starfmaður í tímavinnu við að aðstoða við innkaup, frá 2 málum upp í 6, breytilegt.

Eins og fram kemur á mynd 10 eru 11 stöðugildi á fjölskyldusviðinu sjálfu, þar af eru þrjú staðsett í Ísafold. Auk þess eru 33,8 stöðugildi samtals á undirstofnunum sviðsins.

Samtals heyra því 44,8 stöðugildi undir fjölskyldusvið í júní 2019. Auk þess er nokkur fjöldi lausráðinna starfsmanna í tímavinnu sbr. hér að framan.

Umsjónarfélagsráðgjafi stýrir daglegu starfi barnaverndar, fjárhagsaðstoð og félagslegri ráðgjöf. Umsjónarfélagsráðgjafi hefur ekki mannaforráð. Umsjónarfélagsráðgjafi er staðgengill sviðsstjóra og situr alla fundi fjölskylduráðs. Með honum starfa þrír starfsmenn, hver í 100% stöðugildi. Umsjónarfélagsráðgjafi stýrir daglegum störfum þessara starfsmanna og úthlutar verkefnum.

Umsjónarþroskaþjálfi er með mannaforráð. Undir hann heyrir þroskaþjálfi sem er almennur starfsmaður í málefnum fatlaðs fólks og rekstur sambýla. Um 200 fatlaðir einstaklingar eru á skrá hjá sveitarfélaginu að sögn sviðsstjóra.

Af þessum 200 eru 42 börn á aldrinum eins til tíu ára. Umsjónarþroskaþjálfi er í samstarfi við önnur sveitarfélög á höfuðborgarsvæðinu við að samnýta samstarfsúrræði sveitarfélaganna í málefnum fatlaðs fólks.

Heimili fyrir fatlað fólk eru fjögur sambýli, þar sem búa samtals 15 einstaklingar. Verið er að taka í notkun nýtt heimili fyrir sex fatlaða einstaklinga. Um er að ræða litlar íbúðir fyrir hvern og einn. Þetta er fyrsti íbúðakjarninn fyrir fatlað fólk í sveitarfélaginu.

Haldnir eru vikulegir afgreiðslufundir um málefni fatlaðs fólks á sviðinu. Þar sem málefni fatlaðs fólks eru tekin fyrir og rædd og umsóknir teknar formlega fyrir. Fundirnir eru m.a. notaðir til að svara formlega erindum frá talsmanni fatlaðs fólks.

Vegna barnaverndarmála eru haldnir tveir fastir fundir í hverri viku. Tilkynningar- og könnunarfundir þar sem farið er yfir allar nýjar tilkynningar sem berast til að standast sjö daga reglu varðandi það að svara erindum sem berast. Inn á þessum fundum er einn fulltrúi sem vinnur við könnun mála og annar sem er í meðferðarmálum ásamt sviðsstjóra. Það hefur verið mikil aukning í könnunarmálum. Sviðsstjóri annast bókanir á þessum fundum. Allt sem er unnið með er skráð í One Systems.

Starfsmenn í barnaverndarmálum senda bréf eftir afgreiðslu erinda.

Síðan eru haldnir meðferðarfundir á fimmtudögum, áætlað er að í þá fundi fari tvær klukkustundir. Á þessum fundum er lögð fram greinargerð um könnun máls og ákvörðun um að mál fari í frekari vinnslu eða ekki. Þessir fundir eru notaðir líka til þess að fara yfir ýmis mál starfsmanna. Á þessum fundum eru tveir starfsmenn í barnaverndarmálum ásamt sviðsstjóra.

Gert er ráð fyrir að umsjónarfélagsráðgjafi sé 50% af sínum starfstíma í barnaverndarmálum og svo eru þessir tveir starfsmenn hvor í 100% starfi, eða samtals 2,5 stöðugildi í barnaverndarmálum.

Þeir starfsmenn sem gegna þessum störfum eru allar félagsráðgjafar. Annar starfsmannanna er svo til eingöngu í að kanna efni tilkynninga. Félagsráðgjafi í meðferðarmálum annast og ber ábyrgð á meðferð viðkomandi máls.

Miðað við fjölda mála í barnaverndarmálum er hver starfsmaður með um 45 til 50 mál að sögn sviðsstjóra. Að mati hans ætti hver starfsmaður í fullu starfi í barnaverndarmálum að vera með 25 til 30 mál. Ef málafjöldinn héldist í 25-30 málum á starfsmann næðust eftirfarandi markmið að mati sviðsstjóra: Tryggari málsmeðferð skv. barnaverndarlögum, betri yfirsýn starfsmanna yfir mál, rými fyrir þung og erfið mál þegar þau koma upp án þess að það bitni á vinnslu annarra mála. Það verður að opna

augun fyrir sérstöðu vinnslu barnaverndarmála til samanburðar við önnur verkefni stjórnsýslunnar. Gæði og árangur vinnslunnar byggir á meðferðarsambandi starfsmanns við skjólstæðinga sem kostar natni og tíma að byggja upp. Málafjöldi yfir 25-30 mála kostar okkur allt of oft þetta meðferðarsamband, gæði vinnslunnar fellur þar af leiðandi og árangur og oft er lagalegum skyldum varðandi málsmeðferð ekki fylgt að sögn sviðsstjóra. Staða barnaverndarinnar er því allt of oft á tæpasta vaði, því má lítið koma upp á svo allt fari í óefni segir sviðsstjóri.

Haldnir eru þjónustuteymisfundir. Þar er fundað með öllum aðilum viðkomandi máls. Teymið vinnur eftir áætlun um meðferð máls. Þegar búið er að taka ákvörðun um að gera meðferðaráætlun í máli barns þá gerir sviðsstjóri mikla kröfu um markvissa vinnslu málsins. Þegar stofnuð eru þjónustuteymi í máli barns er búið að stíga stórt skref hvað varðar markvissa eftirfylgd meðferðaráætlana, fundir eru reglulegir og allir aðilar sem koma að þjónustu við barnið og hafa hlutverki að gegna í meðferðaráætlun sitja fundina. Þetta er einnig gríðarlega tímasparandi, þar sem fjölda mikilvægra sjónarmiða í málinu er aflað á einum og sama fundinum. Þetta eru t.d. aðilar skóla, sálfræðingur, geðlæknir, læknir, tilsjónarmanneskja, persónulegur ráðgjafi auk foreldra, í einhverjum tilvikum barnið og undir stjórn barnaverndarstarfsmanns. Sviðsstjóri er með sérstaka fundargerð fyrir þjónustuteymin.

Haldnir eru nemendaráðsfundir í öllum skólum í Garðabæ, en skólarnir eru nú sex með tilkomu nýs skóla í Urriðaholti. Yfirfélagsráðgjafi situr alla nemendaverndarráðsfundi í Garðabæ, en fundað er einu sinni í mánuði í hverjum skóla. Áður var fundunum skipt á milli félagsráðgjafanna. Þetta verklag var tekið upp til að tryggja að sömu upplýsingar færu til allra skólanna og til að tryggja sama verklag og bæta samskipti. Einnig léttir þetta óneitanlega á öðrum félagsráðgjöfum í barnaverndinni. Þetta verklag hefur gefist vel. Þar eru fundarboð og þar eru mál nemenda rædd og þar kemur heilsugæslan einnig að málum.

Fjárhagsaðstoð. Einn félagsráðgjafi sem er í 100% starfi annast fjárhagsaðstoð og félagslega ráðgjöf. Afgreiðslufundur um fjárhagsaðstoð er haldinn vikulega. Tveggja tíma fundur og þar er farið yfir allar umsóknir og bókað og ákvörðun tekin. Sviðsstjóri er með sérstakt bókunarskjal sem tengt er reglum bæjarins um fjárhagsaðstoð. Sviðsstjóri situr þessa fundi með umsjónarfélagsráðgjafa og starfsmaður í fjárhagsaðstoð.

Fram kom í máli sviðsstjóra fjölskyldusviðs að hann er ekki vel inni í fjármálunum eins og staðan er í dag. Hefur reynslu af því að samþykkja reikninga, bóka rétt lykla o.s.frv.

Það er ekki markvisst verið að setja sitjandi sviðsstjóra fjölskyldusviðs inn í fjármálin og veit hann lítið um fjárhaginn að hans sögn. Utan við það að fylgjast sjálfur með þróun lyklanna í mánaðarlegu yfirliti sem hann fær sent úr bókhaldinu og samþykkja laun, en sá biti er einkar stór í ljósi mikilla veikindaleyfa á sviðinu. Hér er ekki við neinn að sakast, enda gekk staðgengill inn í starf sviðsstjóra án nokkurs fyrirvara.

Fram kom í máli sviðsstjóra að mikilvægt er að tryggja að starfsmenn sviðsins hafi innsýn í fjárhagsáætlun og séu meðvitaðir um ákvarðanir sem teknar eru í samhengi við fjárhagsáætlun. Sérstaklega þeir starfsmenn sem taka ákvarðanir sem kosta peninga. Með því er stuðlað að því að starfsmenn verði ábyrgari í notkun sinni þegar full meðvitund er um stöðuna. Yfirfélagsráðgjafi var t.d. aldrei inni í fjárhagsáætlun og hver þróunin var á lyklum sem varða barnavernd og fjárhagsaðstoð.

Haldnir eru fundir einu sinni í mánuði með sviðsstjórum og bæjarstjóra til að fara yfir fjármálin. Sviðsstjóri hefur tekið ákvörðun um að funda einu sinni í mánuði, í kjölfar fjárhagsfunda með bæjarstjóra og öðrum sviðsstjórum, með stjórnendum á sviðinu til að fara yfir stöðu fjárhagsáætlunar. Þeir stjórnendur bera svo ábyrgð á að upplýsa sitt fólk.

Allir sviðsstjórar sitja bæjarráðsfundi sem eru einu sinni í viku.

Hálfsmánaðarlega eru haldnir sviðsstjórafundir á mánudögum á milli klukkan 11 og 12.

Húsnæðisfulltrúi sem er í 50 % stöðugildi frá 1. maí 2019. Húsnæðisfulltrúi hefur verið í veikindaleyfi frá páskum og óvíst hvenær hann kemur til starfa. Hann heldur utanum umsóknir og úthlutanir á félagslegu húsnæði í Garðabæ og sér um akstursþjónustu fyrir eldri borgara og fatlað fólk. Engar reglur eru til um akstursþjónustu til eldri borgara og fatlaðs fólks, sama umsóknareyðublaðið er notað í báðum tilvikum sem er ótækt að mati sviðsstjóra. Nú stendur yfir vinna þar sem verið er að búa til reglur og rafræn umsóknareyðublöð fyrir báða hópa sem og að skilgreina verklagsreglur og bæta aðgengi og upplýsingar á heimasíðu. Ráðgjafaþroskaþjálfi hefur tekið að sér þetta verkefni sem og að annast um afgreiðslu umsókna í fjarveru húsnæðisfulltrúa.

Starfshlutfall húsnæðisfulltrúa væri hægt að nýta betur. Akstursþjónustan á að mati sviðsstjóra að færast niður til Ísafoldar, bæði til handa fötluðum og öldruðum. Starfsmenn þar myndu annast afgreiðslu þeirra umsókna.

Þrír starfsmenn eru með PMTO meðferðarmenntun í Garðabæ, þ.m.t. yfirfélagsráðgjafi. Sú menntun hefur ekki nýst sem skyldi þar sem verkefni barnaverndar taka yfir allt. Það þarf að vera áætlun um hvernig á að nýta þetta öfluga forvarnarverkfæri og stuðla að rými starfsmanna til að beita því fjölskyldum í Garðabæ til hagsbóta.

**Barnavernd**
Í barnavernd er auk verkefnastjóra, sem er í 100% stöðugildi, félagsráðgjafi í 100% stöðugildi og starfandi sviðsstjóri í 50% stöðugildi, eða samtals 2,5 stöðugildi.

Samstarf við grunn- og leikskóla er gott. Starfsmenn í barnavernd hafa verið að taka fundi í nemendavernd. Yfirfélagsráðgjafi tók að sér að fara á nemendaverndarráðsfundi í öllum sex grunnskólum Garðabæjar, einu sinni í mánuði, 1 ½ klst. í senn, frá og með haustinu 2018. Það var gert til að létta því verkefni af öðrum starfsmönnum, stuðla að því að sömu upplýsingar og vinnulag færi í alla skólana og stuðla að góðu samstarfi. Þetta bar góðan árangur. Frá 11. febrúar 2019 þurfti yfirfélagsráðgjafi þó að setja verkefnið aftur á starfsmenn í ljósi staðgengilshlutverksins sem félagsmálastjóri.

Mikill styrkur væri í því ef starfandi væri sálfræðingur hjá Garðabæ til að taka þátt í málum sem koma upp, t.d. þar sem um heimilisofbeldi er að ræða. Sálfræðingurinn gæti tekið samtal við aðstandendur o.s.frv. að sögn verkefnastjóra.

Öll sálfræðiþjónusta vegna félagsþjónustu sveitarfélagsins er aðkeypt. Kostnaður vegna þess á árinu 2018 var 8,5 milljón króna. Ef sálfræðingur væri starfandi hjá sveitarfélaginu yrði meiri tengsl við viðkomandi barn o.s.frv. að sögn verkefnastjóra.

Mikill styrkur væri í því að fá ritara til að ganga frá málum að sögn verkefnastjóra. M.a. til að senda svarbréf í kjölfar funda, afhenda gögn o.s.frv.

Sem stendur er verkefnastjóri með beiðni um gögn vegna sex mála. Þarf að taka saman öll gögn varðandi viðkomandi mál, þarf að ljósrita gögn, skanna o.s.frv. Þetta eru allt viðkvæm gögn sem þarf að gæta vel að.

Að meðaltali er verið að taka við um 15 barnaverndartilkynningum á viku. Hluti þeirra fer í mál sem eru í vinnslu. Tvö til fjögur ný mál berast í viku hverri að sögn verkefnastjóra.

Gera þarf reglur um hvenær afhenda á gögn varðandi tíma o.s.frv. Persónuverndarfulltrú þarf að gera þessar reglur þannig að það sé svigrúm fyrir starfsmanninn til að sinna verkefninu.

Mikið álag hefur verið á starfsmönnum í barnavernd að sögn verkefnastjóra. Þurfa oft að ákveða hvað á að vinna mál vel vegna tímaskorts.

Samkvæmt barnaverndarlögum hefur barnaverndarnefnd allt að þrjá mánuði til að kanna tilkynningu sem berst. Að lokinni könnun er tekin saman greinargerð um könnun málsins þar sem tilkynningarefni er annað hvort staðfest eða hrakið og þá gerð tillaga um að gerð verði meðferðaráætlun í málinu eða málinu lokað. Vegna mikils álags í barnaverndinni er allt of algengt að farið sé langt yfir þessi tímamörk, starfsfólk skortir tíma til að vinna greinargerðirnar og í enn öðrum tilfellum er ekki byrjað að kanna málið þar til mörgum mánuðum eftir að tekin var ákvörðun um könnun málsins. Þessi hringrás rofnar ekki nema starfsfólk hafi færri mál (25-30) og geti þar með sinnt þeim með eðlilegum hætti eins og gerð er krafa um í barnaverndarlögum. 50 mál á hvorn starfsmann gengur engan veginn upp að sögn verkefnastjóra.

Nokkuð er um að starfsmenn barnaverndar þurfi að sitja reglulega fundi: Á mánudögum vegna tilkynninga frá kl. 10:00 til 12:00. Meðferðarfundir á fimmtudögum frá kl. 9:00 til 12:00.

Verkefnastjóri og félagsráðgjafi taka bakvaktir með barnaverndarstarfsmönnum hjá Hafnarfjarðarkaupstað og Kópavogsbæ. Þessar bakvaktir eru á sex vikna fresti. Þegar tekin er bakvakt stendur hún yfir á virkum dögum frá kl. 16:00 til kl. 8:00 næsta dag. Er þannig á bakvakt mánudag til föstudagsmorguns. Síðan tekur hinn starfsmaðurinn bakvakt sem byrjar kl. 14:00 á föstudegi til kl. 8 á mánudagsmorgun. Síðan víxlast þetta næstu bakvakt sem starfsmenn barnaverndar hjá Garðabæ taka og þá eftir sex vikur.

Dæmi um vinnu á bakvakt er t.d. að mæta í útkall á heimili vegna heimilisofbeldis. Þá þarf t.d. að meta hvort fara eigi með annan hvorn einstakling af tveimur á sjúkrahús. Þá getur þurft að fara með viðkomandi þangað til að fá aðhlynningu og áverkavottorð. Síðan þarf oft að koma börnum fyrir o.s.frv.

Eru einnig að veita ráðgjöf í síma á bakvakt. Síðan þarf að skrifa skýrslur um þessi mál o.s.frv. Slíkt bitnar óumdeilanlega á öðrum verkefnum félagsráðgjafans, þar sem daginn eftir bakvakt er félagsráðgjafinn oft á tíðum að rita bakvaktarskýrslur vegna mála sem komu upp á vaktinni.

Eftir bakvaktina er mætt í vinnu daginn eftir. Á höfuðborgarsvæðinu er mikið álag vegna þessa.

Mikil eftirvinnsla er eftir útkall. Reynt að gera það í framhaldi af útkalli. Það er einn félagsráðgjafi á bakvakt en yfirfélagsráðgjafi er alltaf á svokallaðri bak-bakvakt.

Starfsmenn barnaverndar vinna jafnframt í því að fá stuðning inn á heimili og þurfa að fylgja því eftir hvernig stuðningur er að fara fram á viðkomandi heimili.

Spurning er að mati verkefnastjóra hvort það ættu ekki að vera aðrir en starfsmenn barnaverndar sem fylgja slíkum málum eftir.

Í dag er verkefnastjóri með tilsjónaraðila inn á þremur heimilum.

Hugmyndin er að verkefnastjóri sé eingöngu að sinna tilkynningum og hinn félagsráðgjafinn í barnaverndarmálum væri í meðferðarmálum. Barnaverndinni var skipt þannig að einn félagsráðgjafi sinnir könnun mála, annar félagsráðgjafi annast meðferð málanna og yfirfélagsráðgjafi sinnir bæði könnun og meðferð í 50% starfshlutfalli. Slík skipting þekkist hjá Barnavernd Reykjavíkur og eru kostir hennar þeir að skilin milli könnunar og meðferðar verða skýrari, þetta er hins vegar ekki besta leiðin gagnvart notendum, það er ekki í þeirra þágu að verið sé að breyta um starfsmann að lokinni könnun. Þessu verður því breytt þannig að allir félagsráðgjafar sinni bæði könnun mála og meðferð þeirra að mati verkefnastjórans.

Mynd 11: Fjöldi barnaverndartilkynninga, fjöldi barna sem unnið var með og ný barnaverndarmál 2010 til 2018




Heimild: Garðabær

Mynd 11 sýnir fjölda barnaverndartilkynninga, fjölda barna sem unnið var með og ný barnaverndarmál ár hvert frá árinu 2010 til 2018. Mismunurinn á fjölda barna sem unnið var með og fjölda nýrra mála eru mál frá fyrri árum sem ekki var lokið við. Árið 2018 voru því í vinnslu 82 eldri barnaverndarmál.

Eins og myndin sýnir fækkaði barnaverndarmálum á milli áranna 2016 til 2017 en fjölgaði á milli áranna 2017 og 2018. Sumar barnaverndartilkynningar verða ekki að barnaverndarmálum.

Eins og fram kemur á myndinni voru 192 virk barnaverndarmál sem unnið var með árið 2018. Miðað við að 2,5 stöðugildi voru að vinna við barnaverndarmál hjá Garðabæ árið 2018 voru 76,8 mál á hvert stöðugildi.

Vegna mikils álags í barnaverndarmálum árið 2018 var keypt aðstoð verktaka til að reyna að tryggja að málsmeðferðarreglum væri fylgt. Það stóðst þó engan veginn, enda ekki margir félagsráðgjafar á lausu til að taka að sér mál í verktöku að sögn sviðsstjóra. Við þetta bættist að árið 2018 voru starfsmannaskipti, þannig að ekki var um fulla mönnun að ræða í barnaverndinni allt árið eins og gert var ráð fyrir.

**Fjárhagsaðstoð og félagsleg ráðgjöf**
Félagsráðgjafi í 100% starfi. Hann annast fjárhagsaðstoð og félagslega ráðgjöf. Næsti yfirmaður hans er umsjónarfélagsráðgjafi.

Sótt er um fjárhagsaðstoð rafrænt. Nýir umsækjendur eru boðaðir í viðtöl. Einnig eru eldri umsækjendur boðaðir reglulega í viðtöl til þess að taka stöðuna. Gögn eiga að fylgja með umsóknum en oft vantar upp á það. Þegar umsækjendur koma í viðtöl er óskað eftir þeim gögnum sem vantar, ef um það er að ræða.

Þær stofnanir sem félagsráðgjafi hefur samstarf/samvinnu við eru m.a. Tryggingastofnun, Sjúkratryggingar Íslands, Vinnumálastofnun, Umboðsmaður skuldara, læknar, SÁÁ, Hlaðgerðarkot, áfangaheimili, Ríkiskattstjóri, Lánasjóður íslenskra námsmanna, framhaldsskólar, starfsendurhæfingin Virk, o.fl.

Þegar öll gögn hafa borist vinnur félagsráðgjafinn málin fyrir afgreiðslufund. Gerð er grein fyrir málunum í skrifuðum texta. Afgreiðslufundir eru einu sinni í viku. Umsjónarfélagsráðgjafi situr þessa fundi með félagsráðgjafanum. Þar eru málin tekin fyrir og afgreidd, samþykkt eða synjað.

Ef umsókn er synjað er viðkomandi tilkynnt það með bréfi þar sem m.a. er gerð grein fyrir að viðkomandi geti skotið málinu fyrir fjölskylduráð. Félagsráðgjafinn undirbýr málið einnig fyrir fjölskylduráð ef óskað er eftir að það fari þá leið.

Þegar umsókn er samþykkt er málið afgreitt inn í Navision fyrir hvern og einn. Þar þarf að setja upplýsingar um banka, upphæðir o.fl. Síðan annast gjaldkeri greiðslurnar til viðkomandi.

Félagsráðgjafi fylgist ekki með því hvaða fjárheimild er til ráðstöfunar samkvæmt fjárhagsáætlun. Eingöngu eru reglur varðandi fjárhagsaðstoð skoðaðar. Annað hvort á viðkomandi rétt eða ekki samkvæmt reglunum óháð fjárheimildum samkvæmt fjárhagsáætlun að sögn félagsráðgjafa.

Hefur ekki verið sett inn í fjárheimild skv. fjárhagsáætlun. Fer eingöngu eftir því hver á rétt skv. reglunum. Fjárheimild vegna fjárhagsaðstoðar samkvæmt fjárhagsáætlun 2018 var 50 milljónir króna en rauntala ársins var 60,4 milljónir króna. Þannig voru greiddar umfram heimild 10,4 milljónir króna.

Hælisleitendur er nýr hópur sem er að koma inn. Fólkið kemur t.d. til Reykjavíkur. Síðan leitar fólk að íbúð og tekur íbúð á leigu t.d. í Garðabæ og á þá þar með rétt á fjárhagsaðstoð í Garðabæ.

Viðkomandi er þá oftast kominn með stöðu flóttamanns. Í mars 2019 voru 5 til 6 þannig einstaklingar að fá fjárhagsaðstoð.

Ríkið greiðir fyrstu tvö árin vegna fjárhagsaðstoðar vegna hælisleitenda. Það er mikil vinna í kringum þetta vegna þess að það þarf m.a. túlka o.s.frv. að sögn félagsráðgjafa. Fram kom í máli félagsráðgjafa að þess væri gætt að krefja ríkið um endurgreiðslu þar sem það á við. Þetta er alveg nýr málaflokkur hjá fjölskyldusviðinu. Það hefur í raun

og veru ekki verið neitt rætt um flóttamenn eða vinnunna í kringum þá að sögn félagsráðgjafans. Þessi vinnsla kom bara – enginn undirbúningur að hans sögn.

Í einu af þessum málum var viðkomandi að fá fjölskylduna til sín. Í slíkum tilfellum virðist félagsráðgjafinn annast þau mál fyrir viðkomandi og vera í sambandi við félagsmálaráðuneytið vegna þess. Þarf m.a. að aðstoða við að koma viðkomandi fólki til landsins o.s.frv.

Mynd 12: Fjöldi þeirra sem fengu fjárhagsaðstoð og samtals veitt fjárhagsaðstoð í þúsundum króna árin 2009 til 2018




Heimild: Garðabær

Mynd 12 sýnir fjölda þeirra sem fengu fjárhagsaðstoð árin 2009 til 2018 og samtals veitta fjárhagsaðstoð sömu ár.

Eins og myndin sýnir fækkaði þeim sem fengu fjárhagsaðstoð á milli áranna 2015 til 2017. Á sama hátt lækkaði samtals veitt fjárhagsaðstoð á milli þessara ára.

Hins vegar fjölgaði þeim sem fengu fjárhagsaðstoð 2018 um átta frá því sem var árið 2017. Þannig fengu samtals 109 aðilar fjárhagsaðstoð árið 2018. Það vekur athygli hversu mikil hækkun er á fjárhagsaðstoðinni á milli áranna 2017 og 2018. Árið 2017 var fjárhagsaðstoð samtals 43 milljónir króna samanborið við 60,2 milljónir króna árið 2018, eða hækkun um 17,2 milljónir króna, þ.e. hækkun um 40%.

Árið 2015 fengu flestir fjárhagsaðstoð á þessu tímabili, eða 133. Á sama hátt var fjárhagsaðstoðin mest þetta ár, eða 62,9 milljónir króna. Til samanburðar fengu 109 fjárhagsaðstoð árið 2018 og veitt fjárhagsaðstoð samtals það ár var 60,2 milljónir króna.

Grunnfjárhæð fjárhagsaðstoðar hjá sveitarfélaginu var sem hér segir árin 2011 til 2019:

| | 2011 | 2012 | 2013 | 2014 | 2015 | 2016 | 2017 | 2018 | 2019 |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| Grunnfjárhæð fjárhagsaðstoðar í krónum | 128.812 | 135.551 | 141.683 | 146.864 | 156.244 | 159.361 | 162.702 | 185.000 | 191.015 |

Samkvæmt þessu hækkaði grunnfjárhæðin á milli áranna 2017 og 2018 um 13,7% samanborið við að veitt fjárhagsaðstoð hækkaði um 40%, sbr. hér að framan og þeim sem fengu aðstoð fjölgaði um 7,9%.

Mynd 13: Fjöldi mála þar sem veitt var félagsleg ráðgjöf árin 2010 til júní 2019




Heimild: Sviðsstjóri

Mynd 13 sýnir fjölda mála þar sem veitt var félagsleg ráðgjöf hjá Garðabæ.

Eins og myndin sýnir voru málin 37 og 39 hvort ár árin 2017 og 2018. Fram í júní 2019 voru málin orðin 18.

**Félagslegt leiguhúsnæði**

Húsnæðisfulltrúi var í 100% stöðugildi þegar samtal fór fram við viðkomandi en er nú kominn í 50% stöðugildi.

Húsnæðisfulltrúi annast um félagslegt leiguhúsnæði á vegum sveitarfélagsins og alla ferðaþjónustu á vegum Garðabæjar.

Umsækjandi um félagslegt húsnæði pantar tíma hjá húsnæðisfulltrúa og kemur í viðtal. Umsækjandi fær upplýsingar um hvernig á að sækja um húsnæði og hvaða gögnum á að skila með umsókn. Húsnæðisfulltrúi aðstoðar umsækjendur við að sækja rafrænt um félagslegt húsnæði og sækja umbeðin gögn sem þurfa að fylgja umsókn. Umsóknir eru í flestum tilfellum gerðar rafrænt.

Garðabær er með 29 félagslegar leiguíbúðir. Auk þess eru herbergja sambýli fyrir fatlað fólk fjögur með 15 íbúum.

Þrjár íbúðir fyrir eldri borgara í Kirkjuhvoli eru með ótímabundna húsaleigusamninga. Aðrir leigusamningar eru gerðir til eins árs í senn.

Íbúðirnar skiptast sem hér segir:

| | |
|---|---|
| Almennar íbúðir eru | 14 |
| Íbúðir fyrir fatlað fólk eru | 7 |
| Íbúðir fyrir aldraða | 6 |
| Námsmannaíbúðir | 2 |
| **Samtals** | **29** |

Húsaleiga er ákveðin út frá stofnkostnaði þ.e. kaupverði íbúðar og fylgir neysluvísitölu. Til ákvörðunar húsaleigu er stuðst við samræmdar reglur Íbúðalánasjóðs um húsaleigu.

Tafla 30: Félagslegar leiguíbúðir Garðabæjar

| Heiti | Tegund eignar | Herb. | Staðsetning | Fermetrar | Leiguverð í feb. 2019 | Leiga frá | Tegund íb. | Leiga á fermetra |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| Ásgarður | Íbúð í fjölbýli | 4 | Félagsleg leiguíbúð | 120,7 | 94.526 | 6.6.2017 | Almenn | 783 |
| Ásgarður | Íbúð í fjölbýli | 4 | Félagsleg leiguíbúð | 104,8 | 70.668 | 30.4.2002 | Almenn | 674 |
| Arnarás | Íbúð í fjölbýli | 3 | Félagsleg leiguíbúð | 71,5 | 123.365 | 1.6.2017 | Fatlaðir | 1.725 |
| Arnarás | Íbúð í fjölbýli | 3 | Félagsleg leiguíbúð | 71,5 | 123.365 | 1.7.2013 | Almenn | 1.725 |
| Arnarás | Íbúð í fjölbýli | 3 | Félagsleg leiguíbúð | 71,5 | 123.086 | 25.8.2017 | Almenn | 1.721 |
| Arnarás | Íbúð í fjölbýli | 3 | Félagsleg leiguíbúð | 71,5 | 125.433 | 23.11.2015 | Almenn | 1.754 |
| Garðatorg | Íbúð í fjölbýli | 3 | Félagsleg leiguíbúð | 104,3 | 111.753 | 30.10.1998 | Almenn | 1.071 |
| Hrísmóar | Íbúð í fjölbýli | 3 | Félagsleg leiguíbúð | 93,7 | 92.517 | 9.2.1998 | Almenn | 987 |
| Kirkjulundur | Íbúð í fjölbýli | 3 | Félagsleg leiguíbúð | 95,9 | 94.795 | 1.7.1998 | Aldraðir | 988 |
| Nónhæð | íbúð í fjölbýli | 3 | Félagsleg leiguíbúð | 97,2 | 53.203 | 4.6.1999 | Almenn | 547 |
| Ögurás | íbúð í fjölbýli | 3 | Félagsleg leiguíbúð | 94,3 | 98.395 | 1.11.2015 | Almenn | 1.043 |
| Arnarás | Íbúð í fjölbýli | 2 | Námsmannaíbúð | 54,2 | 102.625 | 1.6.2016 | Námsmanna | 1.893 |
| Arnarás | Íbúð í fjölbýli | 2 | Heimili fatlaðs fólks | 54,5 | 103.450 | 1.5.2016 | Fatlaðir | 1.898 |
| Arnarás | Íbúð í fjölbýli | 2 | Heimili fatlaðs fólks | 45,6 | 104.020 | 1.3.2018 | fatlaðir | 2.281 |
| Arnarás | Íbúð í fjölbýli | 2 | Heimili fatlaðs fólks | 54,2 | 102.785 | 9.3.2015 | Fatlaðir | 1.896 |
| Arnarás | Íbúð í fjölbýli | 2 | Félagsleg leiguíbúð | 54,5 | 102.180 | 7.6.2017 | Almenn | 1.875 |
| Arnarás | Íbúð í fjölbýli | 2 | Heimili fatlaðs fólks | 54,2 | 103.467 | 1.7.2015 | Fatlaðir | 1.909 |
| Asparholt | Íbúð í fjölbýli | 2 | Félagsleg leiguíbúð | 76,1 | 134.323 | 23.10.2017 | Almenn | 1.765 |
| Kirkjulundur | Íbúð í fjölbýli | 2 | Félagsleg leiguíbúð | 72,6 | 73.834 | 1.2.1995 | Aldraðir | 1.017 |
| Kirkjulundur | Íbúð í fjölbýli | 2 | Félagsleg leiguíbúð | 71,3 | 54.917 | 5.11.2012 | Aldraðir | 770 |
| Kirkjulundur | Íbúð í fjölbýli | 2 | Félagsleg leiguíbúð | 64,2 | 64.708 | 1.7.2001 | Aldraðir | 1.008 |
| Langamýri | Íbúð í fjölbýli | 2 | Heimili fatlaðs fólks | 76 | 82.653 | 16.7.2011 | Almenn | 1.088 |
| Strikið | íbúð í fjölbýli | 2 | Félagsleg leiguíbúð | 72,9 | 137.906 | 15.10.2013 | Aldraðir | 1.892 |
| Stórás | íbúð í fjölbýli | 2 | Félagsleg leiguíbúð | 70,8 | 134.422 | 5.12.2011 | Fatlaðir | 1.899 |
| Sautjándajúnítorg | íbúð í fjölbýli | 2 | Félagsleg leiguíbúð | 72,6 | 135.369 | 1.11.2011 | Aldraðir | 1.865 |
| Arnarás | Íbúð í fjölbýli | 1 | Heimili fatlaðs fólks | 45,9 | 95.521 | 7.7.2011 | Fatlaðir | 2.081 |
| Arnarás | Íbúð í fjölbýli | 1 | Heimili fatlaðs fólks | 54,5 | 92.735 | 5.6.2018 | Almenn | 1.702 |
| Arnarás | Íbúð í fjölbýli | 1 | Námsmannaíbúð | 45,9 | 90.791 | 8.6.2018 | Námsmanna | 1.978 |
| Arnarás | Íbúð í fjölbýli | 1 | Heimili fatlaðs fólks | 45,6 | 93.130 | 9.2.2015 | Fatlaðir | 2.042 |
| **Meðal leiguverð á hvern fermetra** | | | | **2082,5** | **2.919.942** | | | **1.402** |

Heimild: Garðabær

Tafla 30 sýnir félagslegar leiguíbúðir í eigu Garðabæjar, stærð þeirra, leiguverð og upphaf leigutíma.

Leiguverð á hvern fermetra er nokkuð mismunandi. Lægsta leiguverðið er 547 krónur á hvern fermetra. Hæsta leiguverðið er 2.042 krónur á fermetra. Meðalleiguverð er 1.402 krónur á hvern fermetra.

Samkvæmt upplýsingum á vef Þjóðskrár er meðalleiguverð í Garðabæ 2.272 krónur á hvern fermetra. Leiguverð eftir hverfum er nokkuð mismunandi. Lægst var

meðalleiguverðið í Ásahverfi, eða 2.025 krónur á hvern fermetra. Hæst var meðalleiguverðið á Arnarnesinu, eða 2.816 krónur á hvern fermetra.

Eins og fram kemur í töflunni voru gerðir þrír nýir leigusamningar árið 2018 og fimm árið 2017.

Við afgreiðslu á félagslegu leiguhúsnæði styðst Garðabær við reglugerð félagsmálaráðuneytisins um tekju- og eignamörk, sem uppreiknast árlega og úthlutunarreglur Garðabæjar um félagslegt leiguhúsnæði, sem samþykktar voru í fjölskylduráði þann 26. september 2002 og í bæjarráði þann 8. október 2002.

Húsnæðisfulltrúi tekur við beiðnum um viðhald frá leigjendum, samþykkir þær og áframsendir þær til rekstrarstjóra fasteigna hjá Garðabæ. Ef um framkvæmdir er ræða út fyrir eðlilegt viðhald þá óskar húsnæðisfulltrúi eftir að rekstrarstjóri geri kostnaðaráætlun og þá þarf að leita samþykkis bæjarritara/bæjarstjóra að sögn húsnæðisfulltrúa.

Leigjendur hafa samband við húsnæðisfulltrúa ef eitthvað er í ólagi og hann sendir verkbeiðni til Þjónustumiðstöðvar Garðabæjar.

Þegar íbúðir skipta um leigjendur þá þarf að yfirfara íbúðirnar. Húsnæðisfulltrúi fer með starfsmanni Þjónustumiðstöðvar Garðabæjar og gerir úttekt á því hvaða lagfæringar þarf að gera við íbúðirnar. Íbúðirnar eru málaðar, rafmagnstæki og hreinlætistæki yfirfarin, athugað með innréttingar, að þær séu í lagi, og þar sem eru gólfdúkar þarf að bónhreinsa og bóna á ný. Húsnæðisfulltrúi fylgir framkvæmdum eftir.

Leigjendur standa almennt skil á húsaleigu, vanskil eru undantekning, fari svo að leigjandi lendi í vanskilum er það húsnæðisfulltrúa að fylgja því eftir að húsaleiga verði greidd.

Mynd 14: Rekstrarreikningur félagslegra leiguíbúða, Garðhúsa ehf., vegna ársins 2018

| | Skýr. | 2018 | 2017 |
|---|---|---|---|
| **Rekstrartekjur** | | | |
| Húsaleiga | 2 | 31.883.549 | 26.859.783 |
| Rekstrarframlag Garðabæjar | | 9.000.000 | 9.000.000 |
| | | 40.883.549 | 35.859.783 |
| **Rekstrargjöld** | | | |
| Rekstrarkostnaður | | 14.855.055 | 15.062.977 |
| Afskriftir | 3 | 6.486.133 | 5.638.039 |
| | | 21.341.188 | 20.701.016 |
| **Rekstrarhagnaður** | | 19.542.361 | 15.158.767 |
| Fjármagnsgjöld | | ( 26.747.730) | ( 19.307.206) |
| **Fjármagnsgjöld samtals** | | ( 26.747.730) | ( 19.307.206) |
| **Tap ársins** | 6 | ( 7.205.369) | ( 4.148.439) |

Heimild: Ársreikningur Garðabæjar 2018

Mynd 14 sýnir rekstrarreikning vegna félagslegra leiguíbúða hjá Garðabæ árið 2018. Garðhús ehf., er hluti af B-hluta stofnunum sveitarfélagsins.

Eins og ársreikningurinn sýnir var tap á rekstri félagslegra leiguíbúða hjá Garðabæ árið 2018 að fjárhæð 7.205 þúsund krónur. Í reynd var tapið meira því Garðabær lagði félaginu til rekstrarframlag að upphæð 9,0 milljónir króna. Þannig að í reynd var tapið 16.205 þúsund krónur. Samanborið við að leigutekjur voru 31.884 þúsund krónur.

Kostnaður vegna viðhalds var samtals 6.418 þúsund krónur, eða sem nemur 20,1% af leigutekjum.

Eigið fé félagsins var neikvætt í árslok 2018 að fjárhæð 212,9 milljónir króna. Skuld var við eiganda félagsins, Garðabæ, að fjárhæð 45 milljónir króna í árslok 2018.

Handbært fé frá rekstri var 12.568 þúsund krónur. Ef Garðabær hefði ekki lagt félaginu til rekstrarframlag að fjárhæð 9,0 milljónir króna hefði handbært fé frá rekstri verið 3.568 þúsund krónur. Til samanburðar voru afborganir langtímalána á árinu 2018 að fjárhæð 6.998 þúsund krónur. Þannig hefði reksturinn ekki getað staðið undir afborgun langtímalána að fullu hefði ekki komið til framlags frá Garðabæ til félagsins.

**Ferðaþjónusta**
Strætó b.s. sér um ferðaþjónustu fatlaðs fólks fyrir Garðabæ. Strætó þjónustar alla fatlaða einstaklinga sem þurfa á þjónustu að halda, svo sem aldraða, fatlaða, grunnskólabörn og leikskólabörn.

Húsnæðisfulltrúi sér um að taka á móti öllum umsóknum um ferðaþjónustu, hafa samband við viðkomandi umsækjanda og úthluta ferðum. Er tengiliður við þjónustuaðila, sér einnig um samskipti milli þjónustuaðila og notenda og/eða foreldra notenda.

Strætó b.s sér um ferðaþjónustu fatlaðra skv. verksamningi við Garðabæ. Auk þess hefur Hreyfill annast þjónustu vegna aldraðra og Blindrafélagið akstur vegna blindra.

Eldri borgarar sem ekki geta komist leiðar sinnar til læknis og í þjálfun þurfa að leggja inn umsókn um ferðaþjónustu og skila inn læknisvottorði.

Við úthlutun á ferðum með Hreyfli er tekið mið af þörf umsækjanda og aðstæðum hans.

Þeir sem fá úthlutað ferðum fá svo kölluð aksturskort með nafni og kennitölu frá Hreyfli, gildistími korts er tvö ár en ferðum úthlutað í ca. 6 mánuði í senn. Gjald fyrir hverja ferð miðast við hálft almennt strætófargjald hverju sinni og er í dag 235 krónur.

Húsnæðisfulltrúi sér um skipulagningu á akstri í dagþjálfun með heilabilaða í samráði við hjúkrunarheimilin.

Húsnæðisfulltrúi fer yfir alla reikninga ferðaþjónustunnar.

Húsnæðisfulltrúi hefur unnið að fjárhagsáætlun með sviðsstjóra.

Allar umsóknir og úthlutanir fara í gegnum skjalakerfið One Systems.

### Tafla 31: Yfirlit yfir félagslega ferðaþjónustu hjá Garðabæ árin 2016 til 2017

| | Fjöldi ferða | Fjöldi notenda | Kostnaður | Kostnaður á ferð |
|---|---|---|---|---|
| **Strætó bs.:** | | | | |
| 2016 | 20.395 | 63 | 61.463.687 | 3.014 |
| 2017 | 20.511 | 72 | 57.757.528 | 2.816 |
| 2018 | 22.183 | 74 | 63.328.529 | 2.855 |
| **Hreyfill:** | | | | |
| 2016 | 2.639 | 65 | 6.111.321 | 2.316 |
| 2017 | 4.122 | 73 | 9.701.732 | 2.354 |
| 2018 | 4.145 | 81 | 11.496.663 | 2.774 |
| **Blindrafélagið:** | | | | |
| 2016 | | | 1.955.782 | |
| 2017 | | | 1.990.070 | |
| 2018 | | | 2.676.985 | |
| **Samtals:** | | | | |
| 2016 | | | 69.530.790 | |
| 2017 | | | 69.449.330 | |
| 2018 | | | 77.502.177 | |

Heimild: Garðabær

Tafla 31 sýnir yfirlit yfir félagslega ferðaþjónustu hjá Garðabæ árin 2016 til 2017.

Útgjöld vegna aksturs fatlaðs fólks lækkaði á milli áranna 2016 og 2017 en hækkar svo á milli áranna 2017 og 2018. Það vekur athygli að kostnaður á hverja ferð er hærri hjá Strætó bs. vegna fatlaðs fólks en hjá Hreyfli vegna aldraðra. Hins vegar ber að hafa það í huga að bílarnir sem annast akstursþjónustu fyrir fatlað fólk eru sérbúnir í þann akstur en bílarnir hjá Hreyfli eru leigubílar án sérbúnaðar.

**Framkvæmdastjóri öldrunar- og heimaþjónustu**

Framkvæmdastjóri öldrunar- og heimaþjónustu heyrir undir sviðsstjóra fjölskyldusviðs. Undir framkvæmdastjóra öldrunar- og heimaþjónustu heyrir félagsstarf eldri borgara og stoð- og stuðningsþjónusta (félagsleg heimaþjónusta).

Yfir félagsstarfi eldri borgara er umsjónarmaður og forstöðumaður yfir heimaþjónustu og er framkvæmdastjórinn næsti yfirmaður þeirra.

## Mynd 15: Skipurit öldrunar- og heimaþjónustu




Mynd 15 sýnir skipurit fyrir öldrunar- og heimaþjónustu tekið saman af skýrsluhöfundi.

Öll þjónusta við eldri borgara á vegum sveitarfélagsins heyrir undir framkvæmdastjórann nema akstursþjónusta.

Einnig annast félagsleg heimaþjónusta heimaþjónustu í málefnum fatlaðs fólks, fólks sem er að takast á við veikindi og aðra Garðbæinga sem þurfa á heimaþjónustu að halda.

Á undanförnum árum hefur starf framkvæmdastjóra öldrunar- og heimaþjónustu tekið nokkrum breytingum og verið í mótun. Byrjaði árið 2013 sem forstöðumaður yfir nýrri starfsemi á Ísafold, þ.e. rekstri hjúkrunarheimilis, dagþjálfunar og þjónustumiðstöðvar. Árið 2015 bættist heimaþjónustan og félagsstarf aldraðra við og starfsheitið breyttist í framkvæmdastjóra öldrunar- og heimaþjónustu Garðabæjar. Árið 2017 var starfsemi hjúkrunarheimilisins útvistað til Hrafnistu og er sá rekstur ekki lengur hluti af starfi framkvæmdastjóra. Á vormánuðum 2019 tók Hrafnista jafnframt yfir reksturinn á dagþjálfuninni. Þannig að nú heyrir undir framkvæmdastjóra öldrunar- og heimaþjónustu heimaþjónustan og félagsstarf eldri borgara.

Auk framanritaðs sér framkvæmdastjórinn um húsnæðismál í þeim hluta á Ísafold sem bærinn rekur og einnig í húsnæði félagsstarfs aldraðra, þ.e. í Jónshúsi, Smiðjunni Kirkjuhvoli og Litlakoti, Álftanesi. Gerir leigusamninga o.s.frv. Á Ísafold er sjálfstætt starfandi fótaaðgerðastofa, hárgreiðslustofa, sjúkraþjálfari auk þess sem hefur verið rekið bakarí undanfarin ár, sem nú hefur verið lokað. Þá er húsnæði leigt út í Jónshúsi undir snyrtistofu.

Framkvæmdastjórinn var starfsmaður nefndar um málefni aldraðra en nefndin var lögð niður árið 2018 og nýtt öldungaráð var stofnað samkvæmt nýjum lögum. Fráfarandi framkvæmdastjóri sá það fyrir sér að verðandi framkvæmdastjóri verði tengiliður/starfsmaður öldungaráðs.

Framkvæmdastjórinn vann að stefnu í málefnum eldri borgara í Garðabæ 2016 til 2026. Árlega er gerð aðgerðaráætlun til eins og þriggja ára í senn. Þetta var unnið af fulltrúum úr fjölskylduráði og fulltrúum úr nefnd um málefni eldri borgara og vann framkvæmdastjórinn að þessum málum með starfshópnum. Framkvæmdastjórinn hefur greint aðgerðaráætlunina niður á verkefnaskjal þar sem kemur skýrt fram hverju er lokið og hverju ólokið. Hluti af starfi framkvæmdastjórans er að fylgja þessari stefnu og aðgerðaráætlun eftir.

Nú er komið að því að gera nýja aðgerðaráætlun til eins og þriggja ára í samvinnu við nýtt öldungaráð.

Dæmi um verkefni sem unnið var upp úr aðgerðaráætluninni er Vegvísir, upplýsingarit fyrir eldri borgara í Garðabæ. Í ritinu er leitast við að koma á framfæri allri þjónustu sem eldri borgurum sveitarfélagsins stendur til boða. Þar er m.a. greint frá því hvað er kostað af sveitarfélaginu og hvað af ríkinu o.s.frv.

Nokkur tími hjá framkvæmdastjóranum fer í að sinna starfsmannamálum. Nokkuð hefur verið um langtíma veikindi hjá starfsmönnum.

Framkvæmdastjórinn er fulltrúi Garðabæjar í velferðartæknihópi sem er starfandi á vegum sveitarfélaganna á höfuðborgarsvæðinu. Markmiðið með starfsemi hópsins er að kynna sér og efla innleiðingu á nýjungum í þjónustu við aldraða og fatlað fólk. Um er að ræða fjölbreytta tækni sem eflir lífsgæði fólks. Að mati framkvæmdastjórans væri hægt að innleiða velferðartækni betur inn í starf öldrunar- og heimaþjónustu Garðabæjar, mikilvægt sé að ígrunda vel hvaða tækni verður fyrir valinu svo hún hafi bæði jákvæði áhrif á lífsgæði og starfsumhverfi og sé rekstrarlega hagkvæmur kostur. Undanfarið ár hefur öldrunar- og heimaþjónustan staðið fyrir mánaðarlegum kynningum fyrir eldri borgara í Garðabæ á ólíkri velferðartækni.

Fram kom í máli framkvæmdastjórans að Sinnum og Dagar sinni stórum hluta af heimaþjónustunni.

Að mati framkvæmdastjórans er gott samstarf við Sinnum og Daga og að þjónustuþegarnir sjálfir eru góðir eftirlitsaðilar með þjónustunni. Að jafnaði heyrist frá þeim ef þjónustan er ekki í samræmi við það sem hún á að vera.

Heimaþjónustan á gott samstarf við heimahjúkrun sem rekin er af Heilsugæslu höfuðborgarsvæðisins. Heimahjúkrunin hefur aðstöðu til að funda í Ísafold og haldnir eru reglulegir fundir þessara aðila, þ.e.a.s. bæjarins og starfsmanna við heimahjúkrun.

Félagsstarf eldri borgara fer fram á þremur stöðum í sveitarfélaginu. Í Jónshúsi, þar sem aðal félagsstarfið fer fram. Síðan er félagsmiðstöð fyrir eldri borga í Smiðjunni, Kirkjuhvoli í kjallara safnaðarheimilisins í Vídalínskirkju og í Litlakoti á Álftanesi

Heimaþjónustan er með alla stoð- og stuðningsþjónustu bæði fyrir aldraða, fatlað fólk og aðra Garðbæinga sem þurfa á heimaþjónustu að halda. Varðandi þjónustuna við fatlað fólk þá annast heimaþjónustan þjónustu við einn einstakling í sjálfstæðri búsetu auk þess að sjá um frekari liðveislu og liðveislu.

Forstöðumaður og þroskaþjálfi heimaþjónustunnar – í samstarfi við yfirþroskaþjálfa Garðabæjar – meta þjónustuþörf hvers og eins þjónustuþega.

Samkvæmt þessu er heimaþjónustan að stýra einu heimili sem fellur undir málefni fatlaðs fólks og er með sólarhrings þjónustu. Framkvæmdastjórinn kann ekki skýringu

á því af hverju þetta verkefni fellur undir starfsemina sem stýrt er frá Ísafold en aðrir einstaklingar sem eru í sjálfstæðri búsetu eru í úrræðum á vegum fjölskyldusviðs á bæjarskrifstofunum. Verkefnastjóri stýrir þessu verkefni.

Að mati framkvæmdastjórans þarf að skipuleggja frekar hvernig stoð- og stuðningsþjónusta verður framkvæmd til framtíðar litið með hliðsjón af breytingum á lögum um félagsþjónustu. Í þeirri vinnu er mikilvægt að skýra vel hvað tilheyrir öldrunar- og heimaþjónustunni og hvað tilheyrir fjölskyldusviði á bæjarskrifstofunum; einkum það er snýr að þjónustu við fólk með fötlun.

Allri akstursþjónustu og þ.m.t. fyrir aldraða er stýrt á bæjarskrifstofunum. Spurningar hafa vaknað hvort akstursþjónusta vegna eldri borgara ætti ekki að vera hjá þjónustunni í Ísafold þannig að öll þjónusta við aldraða væri á einum stað?

Heimsendum mat er stýrt frá Ísafold.

Nokkuð er um þung mál í málefnum aldraða og mikil þörf er fyrir aukningu í dagþjálfun. Frá árinu 2013 hafa verið til ráðstöfunar 20 rými fyrir dagþjálfun en þá var heimild einungis fyrir 10 dagþjálfunarrými. Síðan var bætt við sex rýmum árið 2014, eða samtals 16 dagþjálfunarrými. Í janúar 2018 fengust 4 dagþjálfunarrými fyrir fólk með heilabilun. Alls eru 20 rými í dagþjálfun Garðabæjar á Ísafold.

Framkvæmdastjóri fær vikulega sent yfirlit í excelskjali úr aðalbók vegna allra starfseininga sem undir hann heyra. Auk þess hefur framkvæmdastjórinn aðgang að „Smalaholti", bókhaldskerfi.

Framkvæmdastjórinn samþykkir alla reikninga í samþykktarkerfi vegna þeirra starfseininga sem undir hann heyra. Áður en reikningar eru samþykktir fær framkvæmdastjórinn staðfestingu viðkomandi starfsmanns vegna útgjalda sem hann hefur stofnað til.

Forstöðumenn hverrar starfseiningar fara yfir Vinnustund fyrir þá starfsmenn sem undir þá heyra en framkvæmdastjórinn sér um endanlega staðfestingu með því að bunka sínar undirdeildir.

Fráfarandi framkvæmdastjóri leggur áherslu á að það yrði mikill styrkur fyrir verðandi eftirmann að funda reglulega með öðrum stjórnendum á fjölskyldusviði.

**Umsjónarmaður heimaþjónustu**
Umsjónarmaður heimaþjónustu er í 100% starfi og með honum starfar þroskaþjálfi, einnig í 100% starfi, sem skilgreint er 50% í málefnum aldraðra og 50% í málefnum fatlaðs fólks. Næsti yfirmaður umsjónarmanns í heimaþjónustu er framkvæmdastjóri öldrunar- og heimaþjónustu.

Heimaþjónustan annast heima- og stuðningsþjónustu við aldraða og í málefnum fatlaðs fólks. Um er að ræða liðveislu og frekari liðveislu.

Auk umsjónarmanns heimaþjónustu og þroskaþjálfa eru starfandi þrír starfsmenn í 2,6 stöðugildum, sem annast þrif í heimahúsum og einn starfsmaður sem aðstoðar við innkaup og vinnur hann í tímavinnu.

Auk þess voru 51 starfsmaður í mars 2019 sem annast félagslega liðveislu við fatlað fólk. Um er að ræða starfsmenn sem vinna allir í tímavinnu, mismikla. Vinnan fer fram að mestu í yfirvinnu. Í mars 2019 fengu 62 einstaklingar þessa þjónustu. Umsjónarmaður

heimaþjónustu telur að hluti af þessum einstaklingum fá einnig þjónustu frá fjölskylduþjónustunni í ráðhúsinu.

Að öðru leyti er öll veitt heima- og stuðningsþjónusta keypt í verktöku.

Heimaþjónustan annast fimm heimili þar sem veitt er stuðningsþjónusta í málefnum fatlaðs fólks. Á einu af þessum heimilum er forstöðumaður sem annast rekstur heimilisins. Forstöðumaðurinn skipuleggur vaktir o.s.frv. Heimilið er með 4,74 stöðugildi. Launin eru gjaldfærð undir liðveislu og frekari liðveislu.

Haldnir eru afgreiðslufundir þar sem umsóknir um þjónustu fyrir aldraða eru teknar fyrir og afgreiddar. Þessa fundi hafa umsjónarmaður heimaþjónustu, þroskaþjálfi og framkvæmdastjóri öldrunar- og heimaþjónustu setið. Einnig halda þessir sömu aðilar fundi í málefnum fatlaðra, þ.e. varðandi liðveislu.

Umsjónarmaður heimaþjónustu gerir þjónustumat fyrir aldraða, en starfsmaður á fjölskyldusviði gerir það vegna málefna fatlaðs fólks.

Að mati umsjónarmannsins myndast rof í þjónustu við fatlað fólk með því að vera með stoðþjónustu í Ísafold og aðra þjónustu í málefnum fatlaðs fólks í ráðhúsinu.

Í mars 2019 voru virk mál þar sem veitt er heimaþjónusta og innlit 345. Málin eru breytileg, vegna veikinda, flutninga, fjarveru, andláts o.fl. þátta.

Heima- og stuðningsþjónustunni er að mestu leyti sinnt í verktöku. Um er að ræða tvo verktaka sem þjónustan hefur verið keypt af, þ.e. Sinnum og Dagar. Að mati umsjónarmannsins fer vel á því að kaupa þjónustuna af tveimur aðilum með hliðsjón af samkeppni bæði í verði og þjónustu.

Lögð er áhersla á að allir þeir sem starfa við innlit tali góða íslensku. Gerð er krafa um að þeir sem annast þrif og tala ekki íslensku geti talað ensku.

Innlit skiptast í löng og stutt í hvert sinn. Stutt innlit eru í hálfa klukkustund og löng í eina klukkustund. Verktakarnir taka fast gjald fyrir stutt innlit og annað fyrir löng innlit.

Verðskráin er sem hér segir:

Dagar: A kr. 7.489, B kr. 10.345, C kr. 10.345 D kr. 11.335. Stutt innlit kr. 3.730 og langt innlit 7.461.

Sinnum: A kr. 7.530 B kr. 9.300 C og D kr. 9.300. Stutt innlit kr. 3.785 og langt innlit kr. 5.575.

Eftirfarandi þjónusta er veitt:

Aðstoð við að klæða í og úr. Aðstoða með teygjusokk úr og í.
Gefa lyf eða minna á lyfjatöku. Aðstoða með augndropa.
Aðstoða fólk út í ferðaþjónustubílinn þegar það fer í dagvistun og síðan inn aftur.
Setja í eða taka úr þvottavél. Raða í og úr uppþvottavél. Taka ruslið út, t.d. bleyjur.
Hjálpa við matseld. Leggja á borð, minna fólk á að borða og drekka.
Vera til staðar þegar einstaklingur fer í bað (byltuhætta).
Viðvera hjá þeim sem eru heima/rúmfastir og eiga engan að, ákveðið eftirlit.
Spjall og viðvera hjá veikum maka, svo að sá heilbrigði geti farið út að sinna erindum.

Þrifum á íbúðum er skipt í fjóra flokka A, B, C og D sem greitt er til verkataka, sbr. hér að framan. Eftirfarandi er gjaldskrá fyrir þjónustuna sem veitt er og greitt af þjónustuþegum og hvað gert er:

- ✓ Gjaldflokkur 1 (A), kr. 1.235 – vísitöluhækkun verður um áramót. Húsnæði 150 fm og minna. Þrif á gólfum og baðherbergjum.
- ✓ Gjaldflokkur 2 (B), kr. 1.850 - vísitöluhækkun verður um áramót. Húsnæði 150 fm og minna. Þrif á gólfum og baðherbergjum og þurrka af. Önnur einföld verkefni.
- ✓ Gjaldflokkur 3 (C), kr. 1.850 - vísitöluhækkun verður um áramót. Húsnæði stærra en 150 fm. Þrif á gólfum og baðherbergjum.
- ✓ Gjaldflokkur 4 (D), kr. 2.465 - vísitöluhækkun verður um áramót.
- ✓ Stutt innlit, kr. 325 - vísitöluhækkun verður um áramót. Langt innlit, kr. 650 - vísitöluhækkun verður um áramót.

Allir þjónustuþegar greiða fyrir þjónustuna óháð efnahag.

Framkvæmdastjóri öldrunar- og heimaþjónustu samþykkir reikninga frá verktökum vegna heimaþjónustu.

Þjónusta við fatlað fólk er þannig að fólk þarf að byrja á að fara í ráðhúsið til að sækja um þjónustu í málefni fatlaðs fólks. Að loknu mati þar kemur málið til þeirra í Ísafold sem veita þjónustuna. Síðan ef óskað er eftir frekari þjónustu þarf aftur að snúa sér að ráðhúsinu.

### Tafla 32: Útgjöld vegna félagslegrar heimaþjónustu árið 2018

| | Rauntökur | Fjárhagsáætlun | Mismunur |
|---|---|---|---|
| Brúttó gjöld | 197.677.174 | 170.584.392 | -27.092.782 |
| Þar af launagjöld | 50.391.859 | 54.704.990 | 4.313.131 |
| Þar af verktakar | 138.169.525 | 106.800.000 | -31.369.525 |

Heimild: Aðalbók 2018

Tafla 32 sýnir útgjöld vegna félagslegrar heimaþjónustu árið 2018. Um er að ræða brúttó útgjöld að frádregnum kostnaði við heimsendan mat.

Eins og taflan sýnir fóru útgjöldin 27 milljónir króna fram úr fjárheimildum, eða sem nemur 16%. Þjónustukaup af verktökum fóru 31,4 milljónir króna umfram fjárheimild en launagjöld voru 4,3 milljónir króna lægri en fjárheimildin var.

Launagjöld voru 25% af brúttó gjöldum og þjónustukaup af verktökum voru 70%.

### Tafla 33: Útgjöld vegna frekari liðveislu árið 2018

| | Rauntölur | Fjárhagsáætlun | Mismunur |
|---|---|---|---|
| **Frekari liðveisla** | **368.310.599** | **255.150.978** | **-113.159.621** |
| Þar af launagjöld | 75.540.784 | 52.355.576 | -23.185.208 |
| Þar af þjónustukaup | 272.574.608 | 190.847.604 | -81.727.004 |

Heimild: Aðalbók 2018 og launadeild

Tafla 33 sýnir útgjöld vegna frekari liðveislu árið 2018.

Eins og fram kemur á töflunni fóru útgjöld vegna frekari liðveislu 113 milljónir krónur umfram fjárheimild, eða sem nemur 44%.

Launaútgjöld voru 23 milljónir króna umfram fjárheimild og þjónustukaup 113 milljónir króna.

Undir liðnum frekari liðveisla eru færðir ýmsir liðir sem skýrsluhöfundur vill benda á að færi betur á að færa sérstaklega. Má í því sambandi nefna þjónustu vegna heimilis þar sem er sólarhringsvakt og stöðugildi eru nokkur. Notendastýrð persónuleg aðstoð (NPA), að fjárhæð 106,6 milljónir króna, er færð undir frekari liðveislu, vistun hjá Vinakoti o.s.frv.

Tafla 34: Útgjöld vegna liðveislu árið 2018

| | Rauntölur | Fjárhagsáætlun | Mismunur |
|---|---|---|---|
| Launagjöld | 26.026.521 | 20.753.460 | -5.273.061 |
| Bifreiðastyrkir | 2.212.298 | 1.046.650 | -1.165.648 |
| Þjónustukaup | 895.015 | 699.890 | -195.125 |
| Annað | 30.827 | 0 | -30.827 |
| **Samtals** | **29.164.661** | **22.500.000** | **-6.664.661** |

Heimild: Aðalbók 2018

Tafla 34 sýnir útgjöld vegna liðveislu árið 2018.

Eins og fram kemur í töflunni voru heildargjöld vegna liðveislu 29,2 milljónir króna. Fjárheimild hljóðaði upp á 22,5 milljónir króna. Þannig fór liðveisla 6,7 milljónir króna umfram fjárheimild, eða 30%.

Öll laun voru greidd sem yfirvinna.

**Umsjónarmaður félags- og íþróttastarfs aldraðra**
Næsti yfirmaður umsjónarmanns félags- og íþróttastarfs aldraðra er framkvæmdastjóri öldrunar- og heimaþjónustu.

Aðalstarfsemi félagsstarfs aldraðra fer fram í Jónshúsi, þar sem félagsmiðstöðin er. Húsnæðið er á fyrstu hæð hússins og er í leiguhúsnæði. Eigendur húsnæðisins eru Byggingarfélag Gylfa og Gunnars.

Jónshús opnar kl. 9:30 og er opið til kl. 16:00 virka daga. Kaffi og veitingar eru seldar frá kl. 14:00 – 15:30. Hægt er að panta heitan mat frá Veislulist í hádeginu alla virka daga, sumir borða í Jónshúsi og sumir taka með sér heim.

Stutt lýsing á starfseminni sem fram fer í Jónshúsi er sem hér segir:

- ✓ Pullhópur karla kl. 8:30 – 10:00, alla virka daga, ca. 15 – 20 menn.
- ✓ Gönguhópur sem fer frá Jónshúsi kl. 10:00, allir koma inn í kaffi eftir gönguna. 15 – 30 manns.
- ✓ Stólajóga kl. 11:00 tvisvar í viku, ca. 40 manns. Kaffi á eftir jóga (mánudaga og miðvikudaga) FEBG greiðir leiðbeinanda.
- ✓ Bridge kl. 13:00 – 16:00 tvisvar í viku (mánudaga og miðvikudaga), spilað á 12 - 16 borðum.
- ✓ Mánudaga kl. 13:00. Vinabandið hópur af konum sem hittast og prjóna ca. 10 – 15 konur.

- ✓ Leðurhópur kl. 10:00 einu sinni í viku ca. sex konur sem hittast saman og sauma úr leðri.
- ✓ Þriðjudagar kl. 13:00 – 16:00 mismunandi hópar sem koma ca. 15 – 25 manns.
- ✓ Saumahópur kl. 13:00 ca. sex konur sem hittast og sauma bútasaum. (þriðjudagar).
- ✓ Bútasaumshópur kl. 13:00 ca. sex konur sem hittast og sauma saman (miðvikudagar).
- ✓ Handavinnuhorn kl. 13:00 konur sem hittast og prjóna, og fleiri, ca. 20 – 25 konur. Saumanámskeið með leiðbeinanda (fimmtudaga), uppákomur, fyrirlestrar og tónlist setjum við inn á fimmtudögum.
- ✓ Félagsvist kl. 13:00 – 15:30 ca. 19 – 23 borð. Fólkið sem er í dansleikfimi kemur í kaffi f.h. Dansleikfimi greiðir fólkið sjálft fyrir.
- ✓ Alla daga kemur mikið af fólki af götunni bæði fyrir hádegi í kaffi, les morgunblöðin og spjallar og síðan eftir hádegi í kaffi og meðlæti. Um 100 manns sem kemur daglega.

Smiðjan er Vídalínskirkja, þar sem haldin eru námskeið með leiðbeinendum í smíði, leir og málun.

Stutt lýsing á starfseminni í Smiðjunni:

- ✓ Smíðanámskeið á þriðjudögum eru tvö f.h. 15. skráðir ( kl. 9:00 – 12:00) og 15. skráðir e.h. (kl. 13:00 – 16:00). Námskeiðin eru í 12 vikur.
- ✓ Miðvikudögum kl. 10:00 – 13:00 er smiðjan opin fyrir þá sem vilja vinna. Heldriborgari opnar og sér um þennan tíma.
- ✓ Leirnámskeið eftir hádegi á miðvikudögum, skráðir 10 á námskeiðið, frá kl. 13:00 – 16:00.
- ✓ Málun eftir hádegi á fimmtudögum, skráðir 24 á námskeiðið, frá kl. 13:00 – 16:00. Sami leiðbeinandi á þessum námskeiðum. Námskeiðin eru í 12 vikur.
- ✓ Föstudagar e.h (13:00 – 16:00) er smiðjan opin og sjá heldriborgarar um föstudagana.
- ✓ Leikfimisalur í Smiðjunni þar er línudans á þriðjudögum tvö námskeið (13:30/14:30) FEBG greiða leiðbeinanda. Ca. 25 í tíma.
- ✓ Leikfimisalur í Smiðjunni á mánudögum og miðvikudögum kl. 16:15 er Zumba. FEBG greiða leiðbeinanda fyrir um 25 tíma.

Öll námskeið fara fram í Smiðjunni nema saumanámskeið sem haldið er í Jónshúsi. Saumanámskeiðin eru í Jónshúsi á fimmtudögum, ca. 5 konur taka þar þátt, leiðbeinandi á þessum námskeiðum fær 6.000 kr. fyrir 60 mínútna kennslustund. Námskeiðin eru í 12 vikur. Leiðbeinendur senda reikninga sem verktakar. Það eru þrír leiðbeinendur í handverki. Auk þess er leiðbeinandi í hreyfingu.

Hreyfing á vegum Garðabæ. Einn leiðbeinandi sér um hreyfinguna:

- Vatnsleikfimi, kennt í sundlaug Sjálandsskóla. Það eru tíu tímar í viku sem eldri borgarar geta valið úr f.h og e.h.
- Karlaleikfimi, kennt í Ásgarði tvisvar í viku f.h.
- Kvennaleikfimi, kennt í Ásgarði og Sjálandsskóla fjórum sinnum í viku.
- Liðstyrkur, kennt í Sjálandsskóla tvisvar í viku.
- Haustönn byrjar ca. 27. ágúst – 13. des., og vorönn 8. jan. – 28. maí.

Í leir, málningu, smíði og saum greiða eldri borgarar 4.000 kr. fyrir námskeiðið.

Umsjónarmaðurinn samþykkir alla reikninga í samþykktarkerfi vegna félagsstarfsins.

Í eldhúsi er eitt og hálft stöðugildi.

Í eldhúsinu er allt meðlæti bakað, brauð og kökur. Morgnarnir fara m.a. í bakstur. Auk þess er uppvask, lagað kaffi, þrífa tuskur frá Litlakoti, Smiðju og Jónshúsi, panta mat, panta vörur og þjónusta fyrir þá gesti sem koma. Starfsfólkið sem starfar í Jónshúsi tekur á móti fólkinu sem kemur á hverjum degi, það t.d þarf að undirbúa stólajóga og setja spjöld en eldri borgarar sjá um að stafla og færa húsgögnin fram og til baka. Starfsmenn í eldhúsi annast jafnframt að þurrka af í sal þar sem félagsstarfið fer fram. Einnig að halda öllu hreinu, þrífa glugga og fleira. Jónshús býður heldriborgurum að vera með sýningar í Jónshúsi einn til tvo mánuði í senn og aðstoðar starfsfólk við að setja upp og taka niður.

Kaffiveitingar eru frá kl. 14:00 til 15:30. Kaffi og meðlæti kostar 400 kr. Auk þess býður bærinn upp á kaffi með mjólk, sykurmola og kandís. Allt kaffi, mjólk, sykurmolar og kandís er frítt í Jónshúsi, Smiðju og Litlakoti.

Matur er aðkeyptur og kemur í hádeginu um kl. 12:00.

Að meðaltali borða 6 til 10 manns á hverjum degi. Ef góður matur er á föstudögum er alveg upp í 20 manns í mat að sögn umsjónarmanns. Heimaþjónustan býður upp á heimsendan mat.

Maturinn kostar 1.400 kr. fyrir þjónustuþegann. Það var verið að gera nýja samninga við Veislulist og greiðir bærinn 1.255 kr. með vsk.

Umsjónarmaður stemmir alltaf af fjöldann sem borðar og tilgreindur er á reikningum verktakans.

Ekki er fastur starfsmaður í Vídalínskirkju, þar sem Smiðjan er.

Umsjónarmaður félags- og íþróttastarfs aldraðra gætir þess að vera sjáanlegur í Smiðjunni. Reynir að vera þar a.m.k. einu sinni í viku en á stundum erfitt með að fara út úr Jónshúsi þegar starfsemin þar er ekki fullmönnuð. Námskeið klárast í lok apríl eða byrjun maí, þá er Vorsýning heldriborgara, á verkum sem þeir hafa búið til yfir veturinn, mjög vönduð og flott sýning. Í maí hefur verið opið í tvo daga fyrir þá sem vilja mæta og sjá heldriborgarar um það undir leiðsögn forstöðumanns.

Á Álftanesi fer félagsstarf eldri borgara fram í Litlakoti sem er staðsett á lóð leikskólans Krakkakots.

Félag eldri borgara á allt varðandi félagsstarfið á Álftanesi nema húsnæðið sem er í eigu Garðabæjar. Félagið er sjálft með leiðbeinanda í málun og vatnsleikfimi sem er hvoru tveggja borgað af félaginu.

Á Álftanesi er starfsmaður í 44% starfi. Starfsmaðurinn er í veikindaleyfi. Vinnutími starfsmannsins er frá kl. 13:30 til 16:00 alla daga nema föstudaga en er á launum á föstudögum, gamall samningur. Starfsmaðurinn hefur komið tvisvar í mánuði í Jónshús á föstudögum. Þrif eru fyrir utan þetta. Starfsmaður Litlakots hefur séð um það, en það var ráðin inn kona sem þrífur einu sinni í viku á meðan fastur starfsmaður er í veikindaleyfi. Hún kemur með tuskur í Jónshús sem eru þrifnar þar.

Litlakot er ekki opið yfir sumartímann frá júní til loka ágúst.

Ekki hefur verið ráðið fyrir starfsmanninn sem er í veikindaleyfi á Álftansi. Samið hefur verið við félag eldri borgara um að þeir annist kaffiveitingar í forföllum starfsmannsins. Umsjónarmaðurinn fór s.l. vetur einu sinni í viku í Litlakot með meðlæti og fylgdist með hvernig gengi hjá þeim. Þrifum er sinnt af starfsmanni frá Jónshúsi.

Rétt er að vekja athygli á miklum kostnaði vegna ræstinga vegna félagsstarfsins. Árið 2018 var ræstingarkostnaðurinn 3.826 þúsund krónur.

Fram kom í máli umsjónarmannsins óánægja með þrifin bæði í Jónshúsi og Smiðjunni.

**Ráðgjafi í málefnum fatlaðs fólks**
Undir ráðgjafann heyrir þroskaþjálfi, sem er í 100% starfi, og forstöðumenn heimila fyrir fatlað fólk. Auk þess starfar umsjónarþroskaþjálfi við málaflokkinn. Þessir starfsmenn hafa umsjón með úrræðum fyrir fatlað fólk. Ráða m.a. starfsfólk í atvinnutengda frístund fyrir fötluð ungmenni og stuðning fyrir börn með sérþarfir á sumrin. Kostnaður fyrir sumarúrræði fyrir fötluð ungmenni árið 2018 var 17.000.000 króna.

Ráðgjafinn annast verkefnastjórn í daglegum samskiptum við foreldra fatlaðra barna. Situr teymisfundi vegna grunnskólabarna. Ýmist í viðkomandi skóla eða á Sjónarhóli. Fundirnir eru teymisfundir þar sem fulltrúi frá skóla, foreldrar og aðrir fagaðilar koma saman og ræða stöðu barnsins. Situr skilafundi hjá Greiningarstöð ríkisins, þar sem skilað er niðurstöðum í greiningum. Það eru fundir sem haldnir eru ef barn er að fá greiningu eða endurmat. Situr fundi með þjónustuaðilum vegna einstaklinga eða samninga, til dæmis Ás vinnustofu, Klettabæ, Vinakot, Örva og fleirum. Annast móttöku og úrvinnslu umsókna og þjónustu og metur þjónustuþörf. Umsóknirnar eru m.a. um umönnunarmat, NPA, stuðningsfölskyldur, beiðni um ráðgjöf, sumarúrræði o. fl.

Þegar greining liggur fyrir sækja foreldrar um umönnunargreiðslur til Tryggingarstofnunar ríkisins. Ráðgjafinn fær beiðni um umönnunarmat. Þegar starfsmenn sviðsins hafa hitt forráðamann og viðkomandi einstakling og framkvæmt mat er matið sent til Tryggingarstofnunar ríkisins. Á grundvelli þess er greitt til foreldra/forráðamanna.

Umönnunargreiðslur: Markmið umönnunargreiðslna er að veita fjárhagslegan stuðning til framfærenda fatlaðra og/eða langveikra barna, auk barna með þroskaraskanir. Þetta er félagsleg aðstoð sem veitt er þegar umönnun er krefjandi og kostnaður vegna heilbrigðisþjónustu, meðferðar og þjálfunar er orðinn umtalsverður. Umönnunarmat getur verið frá fæðingu barns og til 18 ára aldurs. Umönnunargreiðslur eru skattfrjálsar og greiddar út fyrirfram í byrjun mánaðar. Umönnunarmat byggir á 4. grein laga um félagslega aðstoð nr. 99/2007 og reglugerð nr. 504/1997.

Starfsmenn sviðsins fara inn á heimili fatlaðs fólks og meta þjónustuþörfina, oftast í framhaldi af umsókn viðkomandi fyrir ákveðinni þjónustu eins og NPA. Gerð er jafnframt úttekt á heimili þeirra sem eru stuðningsfjölskyldur fatlaðra barna.

Þegar farið er á heimili til að meta þjónustuþörf er um huglætt mat að ræða. Vantar matslista til að vinna eftir og að hann sé aðgengilegur að sögn ráðgjafans. Ráðgjafinn telur að það hljóti að vera til matslistar til að vinna með.

Þegar matið er huglægt er hætta á að niðurstaðan verði mismunandi eftir því hver gerir matið.

Í Garðabæ er ekki rekin frístund fyrir fötluð börn og unglinga. Borga sveitarfélögunum í kring fyrir frístund eftir skóla vegna barna og unglinga frá Garðabæ sem þar eru. Kostnaðurinn fyrir lengda viðveru fatlaðra ungmenna fyrir 2018 var 17.500.000 króna.

Forstöðumenn heimila fyrir fatlað fólk heyra undir ráðgjafann. Um er að ræða fjögur heimili og skammtímavistun.

Þessi fjögur heimili eru herbergjasambýli. Það búa fjórir á þremur heimilum og þrír á einu.

Garðabær rekur skammtímavistun. Þangað koma einnig fötluð börn frá öðrum sveitarfélögum á höfuðborgarsvæðinu. Skammtímavistun í Móaflöt, það eru 25-30 börn sem nýta þjónustu þar. Misjafnt er hvað börn dvelja þar lengi, allt frá tveimur sólarhringum upp í 13 sólarhringa. Móaflöt er úrræði fyrir Hafnarfjörð, Garðabæ, Kópavog, Seltjarnarnesbæ og Mosfellsbæ.

Stefnt er að því að opna nýjan íbúðakjarna fyrir fatlað fólk í byrjun júní 2019. Gerður hefur verið samningur við Ás um reksturinn. Þar verða 6 einstaklingsíbúðir og auk þess starfsmannaaðstaða.

Ráðgjafinn er ekki inni í greiðslum frá Jöfnunarsjóði vegna málefna fatlaðs fólks. Það er hlutverk umsjónarþroskaþjálfa að hans sögn.

Er meðvituð um reikninga sem þau fá vegna NPA samninga.

Ráðgjafinn samþykkir ekki reikninga og þekkir ekki til samþykktarkerfisins sem sveitarfélagið vinnur með. Hann situr afgreiðslufundi um málefni fatlaðs fólk og leggur þar fram erindi sem þarfnast samþykki félagsmálastjóra. Erindin snúa flest að þjónustu sem sveitarfélagið er skyldugt að veita og einnig aðra þjónustu, stuðningsfjölskyldu, NPA, fjölgun á tímum, styrkjum til náms-, tækja- og verkfærakaupa, samninga við Klettabæ, Vinakot, hegðunarráðgjöf, atferlisráðgjöf og fleira. Hann útbýr alla samninga og reikninga eftir afgreiðslufundi.

Verkefnastjórinn hefur engar upplýsingar um fjárheimildir samkvæmt fjárhagsáætlun og hverju hefur verið ráðstafað. Er meðvitaður um fjárhagsáætlunina en ekki hve miklu hefur verið ráðstafað að hans sögn.

Ráðgjafinn metur þjónustuþörf, útbýr NPA-samninga og reikninga. Verkefnastjóri hefur umsjón með stuðningsfjölskyldum, ráðgjöf og samningum við Klettabæ og Vinakot. Starfsemin í Ísafold sér um alla almenna félagsþjónustu, innlit, þrif, innkaup, samninga við Sinnum, Dögun og fleiri.

Klettabær og Vinakot eru úrræði fyrir einstaklinga með margþættan vanda. Þar eru einstaklingar frá sveitarfélaginu í búsetu, hvíldardvöl, lengdri viðveru og aðstoð á morgnana.

Á biðlista eftir búsetu eru 30 einstaklingar. Þar af eru 12 á biðlista eftir sértæku úrræði. Þar af sex væntanlega að fá lausn. Þannig að sex eru á biðlista. Það vantar nýjan kjarna að sögn verkefnastjóra.

Atvinna fyrir fatlaða. Atvinna með stuðningi. Finnst að taka eigi á með vernduðum vinnustað. Enginn vinnustaður fyrir fatlað fólk er í Garðabæ, allt okkar fólk með fötlun fer í vinnu í Hafnarfjarðarkaupstað, Kópavogsbæ og Reykjavík. Að mati ráðgjafans væri það stórt skref fram á við ef Garðabær veitti fötluðu fólki vinnu í sveitarfélaginu sínu.

Klettabær og Vinakot eru dýr úrræði. Að mati ráðgjafans væri ódýrara fyrir sveitarfélagið að reka sjálft svona þjónustu.

Sveitarfélagið greiðir mikið fyrir einstaklinga sem eru að fá félagsaðstoð, t.d. í tvo tíma á dag. Aðkeypt þjónusta, klukkutíminn kostar 7.000 kr. hjá Vinakoti og Klettabæ. Um er að ræða viðveru eftir skóla eða hluta úr degi um helgar.

Þessi þjónusta er að skarast einhverju leyti við þá þjónustu sem veitt er frá Ísafold.

Verkefnastjóri er í ráðgjafateymi með öðrum sveitarfélögum á höfuðborgarsvæðinu og gerir reikninga á þau vegna þeirrar þjónustu sem Garðabær veitir þeim í málefnum fatlaðs fólks.

Verkefnastjóri samþykkir vinnustund hjá forstöðumönnum þeirra stofnana sem undir hann heyra og gerir þjónustusamninga við Klettakot og Vinakot.

**Herbergjasambýli að Krókamýri**
Forstöðumaður heimilisins er forstöðuþroskaþjálfi. Heldur einnig utan um þjónustu hjá einstaklingi sem er með sjálfstæða búsetu við Arnarás.

Þrír einstaklingar eru til heimilis að Krókamýri. Voru áður fimm. Fólkið hefur búið að Krókamýri síðan 1996.

Stöðugildin eru 6,7.

Tveir heimilismanna eru í dagþjónustu á hæfingarstöðinni við Bæjarhraun. Þriðji heimilismaðurinn er á Dalvegi.

Íbúinn í sjálfstæðu búsetunni í Arnarási hefur 3,5 stöðugildi.

Forstöðumaðurinn samþykkir reikninga fyrir heimilið og gerir rekstraráætlun. Fylgist vel með því hvað búið er að eyða af rekstraráætlun á hverjum tíma að sögn forstöðumanns.

Mikil yfirvinna er m.a vegna langtímaveikinda.

Starfsmenn skrá sig í og úr vinnu á stimpilklukku.

Forstöðumaðurinn annast fjármálin fyrir íbúa heimilisins en endurskoðandi bæjarins fer yfir bókhaldið vegna þess.

Endurskoðandinn gerir einnig skattskýrslur fyrir íbúa.

Forstöðumaðurinn annast einnig heimilissjóðinn. Bókari hjá Garðabæ annast bókhald fyrir heimilissjóðinn.

Starfsmenn heimilisins annast kaup á mat fyrir íbúa. Það er vinnureglan að annar skrifar uppá nótur vegna matarkaupa þegar komið er með matinn heim í hús.

Tveir íbúar greiða húsaleigu sem er kr. 24,613 alls en þegar húsnæðisstuðningur frá Íbúðalánasjóði er dreginn frá greiðist 7.131 kr. Einn íbúi greiðir 20.826 kr. á mánuði þar sem hann fær ekki stuðning frá Íbúðalánasjóði, skv. upplýsingum frá forstöðumanni.

Umsjónarmaður fasteigna sér um viðhaldið á húsnæðinu en forstöðumaður forgangsraðar verkefnum með umsjónarmanninum.

Rekstur heimilisins kostaði 79,8 milljónir króna. Greiðslur frá Jöfnunarsjóði vegna heimilisfólksins námu samtals 44,6 milljónum króna árið 2018. Þannig kostaði rekstur heimilisins 35,2 milljónir króna umfram framlög frá Jöfnunarsjóði. Rétt er að fram komi að framlögin frá Jöfnunarsjóði eiga einnig að ná yfir kostnað vegna atvinnu með stuðningi o.fl. vegna viðkomandi einstaklinga.

**Ægisgrund**
Á Ægisgrund eru fjórir íbúar. Við heimilið eru sjö stöðugildi samtals með forstöðumanni.

Einn starfsmaður er á vakt á nóttunni frá kl. 23:00 til kl. 8:00 á morgnana.

Forstöðumaðurinn fær senda inn á „Smalaholt“ þá reikninga sem tilheyra heimilinu og eru til samþykktar. Hefur aðgang að bókhaldinu og fylgist vel með bókhaldsstöðu heimilisins.

Forstöðumaður sér um heimilissjóðinn. Jafnframt um fjármál fólksins.

Forstöðumaðurinn færir bókhaldið fyrir fólkið í hverjum mánuði. Á sex mánaða fresti fer forstöðumaðurinn með það til endurskoðanda til yfirferðar. Heimilisbókhaldið fer mánaðarlega upp á bæjarskrifstofu til færslu.

Fólkið borgar hita og rafmagn úr heimilissjóði.

Íbúarnir borga húsaleigu að upphæð 24.741 kr. á mánuði.

Verkefnastjóri í málefnum fatlaðs fólks fundaði reglulega með forstöðumönnum heimila fatlaðs fólks hálfsmánaðarlega. Að undanförnu hefur orðið breyting þar á. Forstöðumennirnir funda reglulega en verkefnastjórinn situr ekki alltaf þá fundi að sögn forstöðumanns.





Aðstaða á heimilinu er mjög erfið. Vantar stærra baðherbergi. Vegna þrengsla er erfitt að vera með öll tæki sem þarf inni á baðinu o.s.frv.

Rekstur heimilisins kostaði 80,1 milljónir króna. Greiðslur frá Jöfnunarsjóði vegna heimilisfólksins námu samtals 53,7 milljón króna árið 2018. Þannig kostaði rekstur heimilisins 26,4 milljón króna umfram framlög frá Jöfnunarsjóði.

**Miðskógar**
Á heimilinu búa fjórir einstaklingar. Stöðugildin eru 7,33. Þó heimilisfólkinu hafi fækkað var ekki farið í að fækka stöðugildum við fækkunina, þar sem þjónustuþörfin á heimilinu er mikil. Íbúar voru áður fimm talsins.

Það eru 11 starfsmenn í þessum 7,33 stöðugildum.

Forstöðumaðurinn fylgist vel með bókhaldinu og samþykkir reikninga. Greiðir reikninga fyrir heimilissjóðinn og sveitarfélagið færir bókhaldið vegna hússjóðsins. Endurskoðandi fer yfir bókhaldið vegna íbúa.

Aðstæður eru þokkalegar og húsnæðið í þokkalegu standi. Húsið er í eigu Brynju.

Fundað er reglulega með starfsmönnum heimilisins. Forstöðumenn heimila fyrir fatlað fólk funda hálfsmánaðarlega. Fram kom hjá forstöðumanni að ástæða væri til þess að yfirmenn málaflokksins sætu þessa fundi með forstöðumönnum heimilanna.

Rekstur heimilisins kostaði 82,2 milljónir króna. Greiðslur frá Jöfnunarsjóði vegna heimilisfólksins námu samtals 54,1 milljón króna árið 2018. Þannig kostaði rekstur heimilisins 28,1 milljón króna umfram framlög frá Jöfnunarsjóði.

**Sigurhæð**
Í Sigurhæð eru fjórir í heimili voru áður fimm. Við heimilið eru 6,7 stöðugildi.

Allir á heimilinu fara í ákveðin verkefni hluta úr degi, mismikið.



Nokkur viðhaldsþörf er komið á húsið.

Rekstur heimilisins kostaði 91,6 milljónir króna. Greiðslur frá Jöfnunarsjóði vegna heimilisfólksins námu samtals 61,9 milljónum króna árið 2018. Þannig kostaði rekstur heimilisins 29,7 milljón króna umfram framlög frá Jöfnunarsjóði.

Tafla 35: Rauntölur rekstrar, framlög frá Jöfnunarsjóði og fjárheimild vegna reksturs heimila fyrir fatlað fólk árið 2018

| | Rauntölur | Framlög Jöfnunarsjóðs | Umfram kostnaður | Fjöldi íbúa | Umfram kostnaður á íbúa | Fjárhags-áætlun | Mismunur |
|---|---|---|---|---|---|---|---|
| Krókamýri 54 | 79.756 | 44.639 | **35.117** | **3** | **11.706** | 75.592 | -4.164 |
| Miðskógar 22 | 82.208 | 54.119 | **28.089** | **4** | **7.022** | 90.520 | 8.312 |
| Ægisgrund 19 | 80.128 | 53.702 | **26.426** | **4** | **6.606** | 79.049 | -1.079 |
| Sigurhæð 12 | 91.639 | 61.919 | **29.720** | **4** | **7.430** | 84.966 | -6.673 |
| **Samtals** | **333.731** | **214.380** | **119.351** | **15** | **7.957** | **330.127** | **-3.604** |

Heimild: Garðabær og Jöfnunarsjóður sveitarfélaga

Tafla 35 sýnir rauntölur rekstrar, framlög frá Jöfnunarsjóði og fjárheimildir vegna reksturs heimila fyrir fatlað fólk. Jafnframt er umframkostnaður sýndur.

Eins og taflan sýnir kostaði rekstur þessara heimila 119,4 milljónir króna umfram framlög frá Jöfnunarsjóði sveitarfélaga. Rétt er að fram komi að gera má ráð fyrir að framlögin frá Jöfnunarsjóði eigi að geta staðið undir kostnaði við rekstur heimilanna. Auk þess fellur til kostnaður vegna atvinnu með stuðningi vegna heimilisfólksins. Gert hefur verið ráð fyrir að framlögin frá Jöfnunarsjóði standi að fullu undir kostnaði við rekstur heimila fyrir fatlað fólk og einnig atvinnu með stuðningi. Ljóst er samkvæmt þessu að þau gera það ekki.

Eins og fram kemur á töflunni var kostnaður umfram framlög frá Jöfnunarsjóði sveitarfélaga að meðaltali 7.957 þúsund krónur á hvern íbúa.

Samtals fór rekstur þessara heimila 3,6 milljónir króna umfram fjárheimildir.

**Móaflöt, skammtímavistun fyrir fötluð börn og ungmenni**
Á Móaflöt er rekin skammtímavistun fyrir fötluð börn og ungmenni, á aldrinum frá sex til 16 ára. Ungmenni 16 ára og eldri fara í skammtímavistun á Hnotuberg í Hafnarfirði.

Á Móaflöt kemur fyrir að ungmenni á aldrinum 16 til 18 ára dvelji þar á meðan beðið er eftir að komast að á Hnotubergi. Síðan er þriðji hlekkurinn í þessari keðju Hrauntunga en þar er verið að undirbúa viðkomandi undir búsetu.

Öll sveitarfélögin á höfuðborgarsvæðinu nema Reykjavíkurborg standa sameiginlega að rekstri þessara þriggja heimila þannig að það sveitarfélag sem heimilið er í annast rekstur heimilisins og innheimtir gjald af hinum sveitarfélögunum.

Sem stendur eru 32 börn sem koma yfir mánuðinn á Móaflöt. Fimm börn eru á sama tíma í húsinu, mislengi. Sum börn eru t.d. tvo til þrjá sólarhringa í mánuði hverjum og alveg upp í 15 sólarhringa. Yfirleitt eru eitt til tvö börn svo lengi.

Forstöðumaður gerir dvalaráætlun fyrir börnin, fjóra til fimm mánuði fram í tímann. Tryggt er að börn eigi alltaf ákveðna helgi í hverjum mánuði. Þeir sem eru minna en viku eru annan mánuðinn á virkum dögum og hinn mánuðinn um helgar.

Ákveðið teymi sem er skipað fulltrúum frá öllum sveitarfélögunum fer yfir dvalaráætlunina.

Forstöðumaður telur að um 10 börn séu á biðlista eftir skammtímaúræðum hjá sveitarfélögunum. Vegna þess er þörf á viðbótar skammtímavistun.

Heimiluð stöðugildi fyrir heimilið eru 11.

Skammtímavistunin er lokuð frá kl. 8:00 til 16:00 á virkum dögum. Börnin fara í skóla og svo eru þau í lengri viðveru eftir að skóla lýkur. Ferðaþjónusta fatlaðra kemur með börnin. Stundum koma fimm bílar með börn jafnvel frá sama stað í sumum tilfella að sögn forstöðumanns.

Vaktir byrja um kl. 16:00 og eru til kl. 23:00. Eftir það tekur við næturvakt, sem einn starfsmaður annast. Starfsmaður frá Securitas, öryggisgæslu, kemur tvisvar yfir nóttina.

Fjöldi barna frá hverju sveitarfélagi var þannig í mars 2019:

Garðabær 6 börn
Hafnarfjörður 10 börn
Kópavogur 10 börn
Mosfellsbær 4 börn
Seltjarnarnesbær 2 börn

Um hver mánaðamót sendir forstöðumaður upplýsingar til bæjarskrifstofu um hvað hvert barn var lengi og er síðan borgað eftir þremur flokkum eftir þjónustuþörf hvers barns.

Forstöðumaður fylgist vel með bókhaldi og fjárheimildum heimilisins og samþykkir reikninga heimilisins.

**Framlög úr Jöfnunarsjóði sveitarfélaga og hlutur sjóðsins í útsvarstekjum Garðabæjar árið 2018 vegna málefna fatlaðs fólks**

Gert er ráð fyrir að þjónusta við fatlað fólk sé fjármögnuð með framlögum frá Jöfnunarsjóði sveitarfélaga, með ákveðinni hlutdeild í útsvarstekjum viðkomandi sveitarfélags og af almennum skatttekjum viðkomandi sveitarfélags.

Þegar sveitarfélögin tóku yfir þjónustu við fatlað fólk var gengið út frá því að 1,20% hækkun á útsvari stæði undir kostnaði vegna þeirrar þjónustu sem sveitarfélögin tóku yfir frá ríkinu. Önnur þjónusta við fatlað fólk, sem sveitarfélögin höfðu veitt fyrir yfirtökuna, er áfram fjármögnuð af almennum skatttekjum sveitarfélaga.

Þar sem hlutfallsleg dreifing fatlaðs fólks á milli sveitarfélaga og kostnaður vegna þjónustunnar er mismunandi, og getur í ákveðnum tilfellum verið umtalsverður fyrir suma einstaklinga, var ákveðið að einstaklingsmiða greiðslur við hvern og einn þjónustuþega með framlögum frá Jöfnunarsjóði sveitarfélaga samkvæmt ákveðnu mati og á það við þá sem eru með þjónustuþörf miðað við SIS-flokk 4 og yfir. Þetta var m.a. einnig gert með hliðsjón af því að kostnaðurinn gæti orðið minni sveitarfélögum ofviða.

Ákveðið var að skipta 1,20% útsvarshlutfalli hvers sveitarfélags, annars vegar í 0,95% útsvarshlutfall, sem rennur beint til Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga, og hins vegar í 0,25% útsvarshlutfall sem rennur til viðkomandi sveitarfélags vegna málaflokksins.

Þannig var gert ráð fyrir að Jöfnunarsjóður sveitarfélaga hefði 0,95% útsvarshlutfall af útsvarstofni allra sveitarfélaga til ráðstöfunar til einstaklingsmiðaðra framlaga umfram ákveðin matsstig eftir þjónustuþörf hvers einstaklings samkvæmt mati varðandi þjónustuþörf.

Síðan var gert ráð fyrir að hvert sveitarfélag hefði 0,25% útsvarshlutfall til að standa undir stjórnunarkostnaði og útgjöldum vegna þjónustu við fatlað fólk, sem framlög frá Jöfnunarsjóði sveitarfélaga næði ekki yfir en var hluti af þeirri þjónustu sem sveitarfélögin tóku yfir.

Vegna mikils hallareksturs á málaflokknum hjá sveitarfélögum eftir yfirtökuna var gert tvíþætt samkomulag á milli ríkis og sveitarfélaga í desember 2015 um fjármögnun þjónustu sveitarfélaga við fatlað fólk. Annars vegar var tímabundin 0,04% hækkun útsvarshlutfalls sveitarfélaga, sem ákveðin var árið 2014, lögfest sem hluti af hámarksútsvari sveitarfélaga og nemur þar með 1,24% af útsvarshlutfalli til málaflokksins. Hlutur Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga í útsvarshlutfalli hvers sveitarfélags var hækkaður úr 0,95% í 0,99%. Hins vegar var kveðið á um hækkun framlaga í Jöfnunarsjóð sveitarfélaga sem hlutfall af skatttekjum ríkissjóðs. Áætlað var að þessar breytingar leiddu til þess að framlög til þjónustu við fatlað fólk á hendi sveitarfélaganna aukist um allt að 1,5 milljarða króna á ári.

## Tafla 36: Skipting á útgjöldum vegna þjónustu við fatlað fólk hjá Garðabæ árið 2018

Þjónusta sem sveitarfélagið tók yfir við yfirfærslu málaflokksins:

| | Rauntölur |
|---|---|
| Stjórnun | |
| Sameiginlegir liðir alls | 754.768 |
| Frekari liðveisla alls | 368.310.599 |
| Stuðningsfjölskyldur og annar stuðningur utan heimilis alls | 27.060.853 |
| Ægisgrund 19 alls | 80.127.559 |
| Sigurhæð 12 alls | 91.638.729 |
| Krókamýri 54 alls | 79.756.346 |
| Miðskógar 22 alls | 82.208.066 |
| Skammtímavistun Móaflöt 24 alls | 119.805.317 |
| Skammtímavistun alls | 65.751.477 |
| Sumarúrræði fyrir fatlaða alls | 18.568.358 |
| Lengd viðvera fatlaðra ungmenna alls | 25.364.902 |
| Atvinnumál fatlaðra alls | 2.520.904 |
| Samtals | 961.867.878 |
| Þjónusta sem sveitarfélagið var með og tilheyrir ekki yfirfærslunni: | |
| Liðveisla alls | 29.164.661 |
| Önnur þjónusta við fatlaða alls, akstur | 80.846.251 |
| Samtals | 110.010.912 |
| Samtals | 1.071.878.790 |

Heimild: Garðabær

Tafla 36 sýnir skiptingu á útgjöldum vegna þjónustu við fatlað fólk, annars vegar vegna þjónustu sem Garðabær tók yfir við yfirfærslu málaflokksins og hins vegar vegna þeirrar starfsemi sem sveitarfélagið rak fyrir yfirfærsluna, miðað við árið 2018.

Eins og taflan sýnir voru útgjöld Garðabæjar árið 2018 vegna þjónustu við fatlað fólk, sem sveitarfélagið tók yfir við yfirfærslu málaflokksins, 962 milljónir króna árið 2018. Auk þess var kostnaður vegna stjórnunar sem ekki er hér meðtalinn.

Samkvæmt yfirliti frá Jöfnunarsjóði sveitarfélaga námu framlög sjóðsins til að mæta þessum útgjöldum 487.160 þúsundum króna árið 2018.

Samkvæmt upplýsingum frá Fjársýslu ríkisins er notast við eftirfarandi formúlu við að reikna út hlutdeild Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga í útsvarstekjum viðkomandi sveitarfélags vegna málefna fatlaðs fólks:

Hlutdeild Jöfnunarsjóðs=Útsvar sveitarfélags x (málefnafatlaðraprósenta/ útsvarsprósenta sveitarfélags)

Samkvæmt þessari formúlu og uppgjörsyfirliti frá Fjársýslu ríkisins nam hlutur Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga af útsvarstekjum Garðabæjar 807.972 þúsund króna árið 2018 vegna málefna fatlaðs fólks. Á sama hátt reiknast 0,25% útsvarshlutfall árið 2018, sem ætlað var í málefni fatlaðs fólks af útsvarstekjum Garðabæjar, 204.034 þúsund krónur.

Tafla 37: Útgjöld og tekjur í þúsundum króna vegna málefna fatlaðs fólks hjá Garðabæ árið 2018 vegna þess rekstrar sem yfirtekinn var árið 2011 frá ríkinu

| | |
|---|---|
| Rekstrargjöld málaflokksins | 961.868 |
| Framlög frá Jöfnunarsjóði sveitarfélaga | 487.160 |
| Hlutdeild í útsvarstekjum | 204.034 |
| **Hallarekstur á málefnum fatlaðs fólks** | **270.674** |

Heimild: Garðabær, Jöfnunarsjóður sveitarfélaga og Samband íslenskra sveitarfélaga

Tafla 37 sýnir útgjöld og tekjur vegna reksturs á þjónustu við fatlað fólk vegna þess sem yfirtekið var við flutning málaflokksins frá ríkinu til sveitarfélaga árið 2011 hjá Garðabæ.

Eins og tafla 37 sýnir stóðu tekjur vegna málefna fatlaðs fólks hjá Garðabæ ekki undir útgjöldum vegna málaflokksins árið 2018. Hallinn nam 271 milljónum króna og var í reynd meiri því ekki eru meðtalin útgjöld vegna stjórnunar. Um er að ræða hallarekstur sem nemur 28,1% af rekstrargjöldum.

Tafla 38: Hlutdeild málaflokks fatlaðs fólks í útsvarstekjum Garðabæjar og útgjöld 2018 í þúsundum króna

| | Hlutdeild í útsvarsstofni | |
|---|---|---|
| Hlutur Jöfnunarsjóðs af útsvarstekjum | 0,99% | 807.973 |
| Til ráðstöfunar hjá sveitarfélaginu af útsvarstekjum | 0,25% | 204.034 |
| **Samtals** | | **1.012.007** |
| Gjöld vegna málefna fatlaðs fólks | | **961.868** |
| **Tekjur umfram gjöld** | | **50.139** |

Tafla 38 sýnir hlutdeild málaflokks fatlaðs fólks í útsvarstekjum Garðabæjar og útgjöld sveitarfélagsins vegna málefna fatlaðs fólks árið 2018 vegna þess rekstrar sem yfirtekinn var árið 2011 frá ríkinu. Eins og hér að framan er ekki meðtalinn kostnaður vegna stjórnunar. Einnig er ekki meðtalin möguleg hlutdeild Garðabæjar í auknum tekjum Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga vegna málefna fatlaðs fólks samkvæmt samkomulagi sem gert var á árinu 2015 á milli ríkisins og sveitarfélaga varðandi hækkun á hlutfalli af skatttekjum ríkissjóðs, samanber hér að framan.

Hefði sveitarfélagið haft til ráðstöfunar allt það fjármagn, sem fór í málaflokkinn af útsvarstekjum sveitarfélagsins árið 2018, hefði orðið afgangur upp á 50 milljónir króna en ekki fjárvöntun upp á 271 milljónir króna að öllu óbreyttu eins og reyndin varð.

Eins og taflan sýnir voru 1.012 milljónir króna af útsvarstekjum Garðabæjar ætlaðar í málefni fatlaðs fólks árið 2018. Þar af fékk sveitarfélagið til ráðstöfunar samtals 691,2 milljónir króna, þ.e. 487,2 milljónir króna frá Jöfnunarsjóði sveitarfélaga og 204 milljónir króna af útsvarstekjum sveitarfélagsins. Þannig hafði sveitarfélagið til ráðstöfunar 320,8 milljónir króna lægri upphæð en ætlað var af útsvarstekjum sveitarfélagsins til málaflokksins árið 2018.

Tafla 39: Hlutdeild Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga í útsvarstekjum Garðabæjar og greiðslur til Garðabæjar árið 2018 vegna málefna fatlaðs fólks í þúsundum króna

| | |
|---|---|
| Hlutur Jöfnunarsjóðs af útsvarstekjum | 807.973 |
| Greitt til Garðabæjar úr Jöfnunarsjóði | 487.160 |
| **Umfram greiðslur** | **320.813** |

Heimild: Samband íslenskra sveitarfélaga og Jöfnunarsjóður sveitarfélaga

Tafla 39 sýnir hlutdeild Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga í útsvarstekjum Garðabæjar og greiðslur til Garðabæjar frá Jöfnunarsjóði sveitarfélaga vegna málefna fatlaðs fólks árið 2018.

Eins og fram kemur í töflunni nam hlutdeild Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga í útsvarstekjum Garðabæjar 321 milljón króna hærri upphæð en Garðabær fékk greitt frá jöfnunarsjóðnum vegna málefna fatlaðs fólks árið 2018.

Tafla 40: Rekstrargjöld og tekjur hjá Garðabæ og Hafnarfjarðarkaupstað árið 2018 í þúsundum króna vegna málefna fatlaðs fólks

| | Garðabær | Hafnarfjarðarkaupstaður |
|---|---|---|
| Rekstrargjöld málaflokksins | 961.868 | 1.940.643 |
| Framlög frá Jöfnunarsjóði sveitarfélaga | 487.160 | 1.512.350 |
| Hlutdeild í útsvarstekjum, 0,25% | 204.034 | 320.579 |
| **Hallarekstur á málefnum fatlaðs fólks** | **270.674** | **107.714** |
| Hallarekstur sem hlutfall af rekstrargjöldum málaflokksins | 28,1% | 5,6% |

Heimild: Sveitarfélögin og Samband íslenskra sveitarfélaga

Tafla 40 sýnir rekstrargjöld og tekjur vegna málefna fatlaðs fólks sem sveitarfélögin tóku yfir frá ríkissjóði árið 2011 hjá Garðabæ og Hafnarfjarðarkakaupstað.

Eins og taflan sýnir var kostnaður umfram tekjur vegna málefna fatlaðs fólks hjá Garðabæ árið 2018 28,1% samanborið við 5,6% hjá Hafnarfjarðarkaupstað.

Tafla 41: Hlutdeild Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga í útsvarstekjum Garðabæjar og Hafnarfjarðarkaupstaðar og greiðslur til sveitarfélaganna árið 2018 vegna málefna fatlaðs fólks í þúsundum króna

| | Garðabær | Hafnarfjarðarkaupstaður |
|---|---|---|
| Hlutur Jöfnunarsjóðs af útsvarstekjum (1,99% stig) | 807.973 | 1.269.493 |
| Greitt úr Jöfnunarsjóði | -487.160 | -1.512.350 |
| **Hlutdeild í útsvari umfram greiðslur frá Jöfnunarsjóði** | **320.813** | **-242.857** |

Heimild: Samband íslenskra sveitarfélaga og Jöfnunarsjóður sveitarfélaga

Tafla 41 sýnir hlut Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga í útsvarstekjum Garðabæjar og Hafnarfjarðarkaupstaðar og greiðslur úr sjóðnum vegna þessara sveitarfélaga vegna málefna fatlaðs fólks árið 2018.

Eins og taflan sýnir fékk Garðabær 321 milljón krónu lægri upphæð greidda úr Jöfnunarsjóði sveitarfélaga árið 2018 en hlutdeild Jöfnunarsjóðs var í útsvarstekjum Garðabæjar vegna málefna fatlaðs fólks. Hins vegar fékk Hafnarfjarðarkaupstaður 243 milljónir króna hærri upphæð en hlutdeild Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga var í útsvarstekjum Hafnarfjarðarkaupstaðar árið 2018 vegna málefna fatlaðs fólks.

**Deildarstjóri skóladeildar**
Næsti yfirmaður deildarstjóra skólamála er forstöðumaður fræðslu- og menningarsviðs. Deildarstjórinn er staðgengill forstöðumanns fræðslu- og menningarsviðs.

Deildarstjóri skóladeildar er samkvæmt skipuriti yfirmaður skólamála, þ.e. málefna grunnskóla, leikskóla og tónlistarskóla. Hefur umsjón með grunnskólum sveitarfélagsins og eftirlit með einkaskólum, sem reknir eru í sveitarfélaginu. Grunnskólaþjónustan, sem veitt er af skóladeildinni, er svo til öll í verktöku ef frá er talin sálfræðiþjónusta. Deildarstjórinn hefur yfirumsjón með verktakaþjónustunni.

Starfsmenn á skóladeild eru:

Forstöðumaður fræðslu- og menningarsviðs, sem sinnir skólamálum í 60% stöðugildi (annað menningar-, íþróttamál og forvarnir). Deildarstjóri skóladeildar í 100% starfi sem sinnir aðallega grunnskólamálum auk tónlistarskóla og sameiginlegra verkefna. Verkefnastjóri í 100% stöðu hefur umsjón með starfi leikskóla og dagforeldra og sinnir einnig sameignlegum verkefnum. Sérkennslufulltrúi leikskóla í 80% starfi. Talmeinafræðingar, 2 starfsmenn í samtals 135% starfi, sinna eingöngu leikskólunum. Talmeinafræðingaþjónusta í grunnskólum er aðkeypt. Þrír sálfræðingar í samtals 265% stöðugildum. Samtals eru þetta 7,4 stöðugildi á skóladeildinni.

Tafla 42: Fjöldi deildarstjóra, sérkennara, skrifstofustjóra og fagfólks annað en með kennaramenntun við grunnskóla Garðabæjar vorið 2019

| | Fjöldi nemenda | Deildar-stjórar sér-kennslu | Sér-kennarar | Deildar-stjórar alm. | Þroska-þjálfar | Kennslu-ráðgjafar í upplýsinga og tæknimennt | Skrifstofu-stjórar | Náms og starfs-ráðgjafar | List-meðferðar-fræðingur | Atferlis-fræðingur | Verkefna-stjórar | Frístunda-leiðbeinendur | Félags-ráðgjafi | Samtals |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| Hofsstaðaskóli | 578 | 1 | 3 | 2 | 2 | 1 | | 1 | | | | | | 10 |
| Garðaskóli | 535 | 1 | 1 | 2 | 2 | 1 | 1 | 2 | | | | | 1 | 11 |
| Flataskóli | 474 | 1 | 1 | 2 | 3 | 1 | 1 | 1 | | 0,25 | | 1 | | 11,25 |
| Álftanesskóli | 400 | 1 | 3 | 1 | 1,5 | 0 | 1 | 1 | | | 4 | | | 12,5 |
| Sjálandsskóli | 279 | 0 | 2 | 0 | 2,9 | 1 | 1 | 0,8 | 0,5 | | 1 | | | 9,2 |
| Urriðaholtsskóli | 25 | 1 | | | | 0 | | | | | | 0,45 | | 1,45 |
| **Samtals** | **2.291** | **5** | **10** | **7** | **11,4** | **4** | **4** | **5,8** | **0,5** | **0,25** | **5** | **1,45** | **1** | **55,4** |

Heimild: Skóladeild

Tafla 42 sýnir fjölda stöðugilda fagfólks með aðra menntun en kennaramenntun við grunnskóla Garðabæjar vorið 2019.

Eins og fram hefur komið hér að framan eru sálfræðingar á skóladeild, sem sinna grunnskólunum, en við skólana sjálfa er nokkur fjöldi stöðugilda fagmenntaðra starfsmanna með aðra menntun en kennaramenntun, sbr. töflu 42. Önnur sérfræðiþjónusta við grunnskólana er keypt í verktöku. Vegna þessa hafa skólastjórar takmarkaðan stuðning frá skólaskrifstofu en hafa nokkuð sjálfstæði. Það er mat skýrsluhöfundar eftir samtöl við alla skólastjóra grunnskóla Garðabæjar að þetta fyrirkomulag hafi gefist vel.

Aðkeypt þjónusta vegna grunnskóla fer öll í gegn hjá deildarstjóra. Stærstur hluti þeirrar þjónustu er talmeinaþjónusta í grunnskólum og hegðunar- og atferlisráðgjöf fyrir bæði skólastig. Árið 2018 var kostnaður við aðkeypta talmeinaþjónustu í grunnskóla 3.685 þúsund krónur. Á sama tíma var kostnaður vegna aðkeyptrar atferlis- og hegðunarráðgjafar 3.598 þúsund krónur. Í einstöku tilfellum hefur skóladeild keypt inn

aðkeypta aðstoð vegna annars vanda s.s. eineltis eða samskiptavanda sem illa gengur að eiga við. Árið 2018 var kostnaður vegna þess laust innan við 800 þúsund krónur. Samtals var því aðkeypt þjónusta vegna framanritaðs um 8.083 þúsund krónur árið 2018.

Önnur þjónusta skóladeildar. Deildarstjórinn telur sig vera í góðu samstarfi við skólana en gerir sér grein fyrir að þjónustan er ekki fullkomin. Tekur við þyngstu nemendamálunum og er talsmaður grunnskólanna á skólaskrifstofunni. Deildarstjórinn metur það þannig að skrifstofan eigi gott samstarf við alla skólastjórana og hafi skilning á flóknu starfi þeirra þar sem starfsmannamál og einstök nemendamál geta tekið mikið rými. Eins og er vel þekkt þá snúa umkvörtunarefni skólastjórnenda oft að álagi og takmörkuðum tíma til að sinna starfi faglegs leiðtoga.

Samstarf við félagsþjónustu. Veik félagsþjónusta skapar álag á skólaþjónustu að mati deildarstjórans. Hann á samtal við félagsþjónustu nánast á hverjum degi og í erfiðum málum kemur það fyrir að deildarstjórinn leggur nánast allt til hliðar í einhverja daga og er bara í teymisvinnu með félagsþjónustunni – veik staða undanfarið en gott samstarf. Þyrfti að efla þessi tengsl að mati deildarstjórans. Þurfum að horfa meira á einstaklinga sem heild en ekki vanda þeirra á ólíkum sviðum að mati deildarstjórans.

Raunin hefur verið sú að skólastjórnendum er tíðrætt um vinnubrögð á tækni- og umhverfissviði. Starfsmenn sviðsins reyna að gera alla ánægða en hafa takmarkað fjármagn og lítið svigrum. Ef til vill væri betra að gera minna og ljúka við verk. Hafa skýrt hvaða verkefnum á að sinna og hvað á að láta bíða, að mati deildarstjórans.

Deildarstjóri boðar fundi skólanefndar grunnskóla og ritar fundargerðir. Skólanefndirnar eru þrjár, þ.e. skólanefnd grunnskóla, leikskóla og tónlistarskóla. Verkefnastjóri á skóladeild sér um leikskólanefnd og skólastjóri tónlistarskólans situr fundi tónlistarskólanefndar, ritar fundargerðir og vinnur með formanni nefndarinnar.

Skólanefnd grunnskóla fundar að meðaltali 12 sinnum á ári og hinar nefndirnar átta sinnum hvor. Að hluta til er verið að fjalla um sömu málefni í öllum þessum nefndum svo sem skóladagatal o.þ.h. Að mati deildarstjóra gæti verið kostur að hafa eina nefnd í stað þriggja.

Deildarstjórinn hefur yfirsýn með sérfræðiþjónustu og sérkennslu í grunnskólunum. Hefur umsjón með fjármálum og kemur að fjárhagsáætlunargerð með skólastjórum óski þeir eftir því.

Annast þróunarsjóð grunnskóla. Annst námsvistarbeiðnir frá öðrum sveitarfélögum sem og óskir Garðbæinga um að stunda nám í öðrum sveitarfélögum og einkaskólum, þar á meðal sérskólum.

**Námsvist milli sveitarfélaga**
Á skólaárinu 2018/2019 voru 88 nemendur úr nágrannasveitarfélögum með heimild fyrir námsvist í grunnskólum Garðabæjar. Flestir, eða 34 nemendur, voru í Sjálandsskóla þar sem þeir eru umfram 10% af heildarfjölda nemenda. Um 30 nemendur sem ekki eiga lögheimili í Garðabæ eru með námsvist í Garðaskóla. Hinir dreifast á aðra skóla bæjarins. Í þessari tölu, 88, eru einungis þeir nemendur sem sækja nám í skólum sem reknir eru af Garðabæ. Hópur nemenda, sem ekki á lögheimili í Garðabæ, sækir einnig nám í Alþjóðaskólanum og Barnaskóla Hjallastefnunnar.

Það vekur athygli að foreldrar í nágrannasveitarfélögunum tala um Sjálandsskóla eins og eitt af best geymdu leyndarmálum höfuðborgarsvæðisins og sækja í að koma börnum

sínum í skólann. Þó að börnin sem ekki eiga lögheimili í Garðabæ séu 34 í skólanum er Sjálandsskóli líka sá skóli sem hefur þurft að hafna flestum beiðnum um skólavist. Þannig að eftirspurnin úr nágrannasveitarfélögunum í skólann er enn meiri en þessar tölur sýna að sögn deildarstjórans.

Unglingadeild Sjálandsskóla hefur stundum verið fámenn og á það rætur í þeirri ríku hefð að unglingar í bænum fari í Garðaskóla sem er eingöngu unglingaskóli. Deildarstjórinn skoðaði þetta fyrir nokkrum árum og nemendur í Sjálandsskóla, sem áttu foreldra sem höfðu alist upp í Garðabæ, voru mun líklegri til að fara í Garðaskóla á unglingastigi en börn sem áttu foreldra sem höfðu flutt í bæinn.

Garðabær á nemendur í tveimur sérskólum, Klettaskóla og Arnarskóla. Samtals 11 nemendur eins og staðan var í maí 2019. Auk þess eru nemendur í einkaskólum, Alþjóðaskólanum og Hjalla sem eru í Garðabæ. Í einkaskólum utan Garðabæjar voru 16 nemendur s.l. vor, s.s. Waldorfskóla, Nú-Framsýnn menntun, Ísaksskóla og Suðurhlíðarskóla.

Um 28 nemendur í Garðabæ hafa sótt um og fengið heimild til að stunda nám í almennum grunnskóla í öðrum sveitarfélögum. Almenna reglan er sú að í samræmi við frjálst skólaval er nemendum heimilað að stunda nám þar sem þeir kjósa og alla jafna er ekki sagt nei við beiðnum um námsvist utan sveitarfélaga. Samtals voru í maí 2019 55 nemendur frá Garðabæ í öðrum skólum en í Garðabæ, þ.e. almennum og einkaskólum.

Deildarstjórinn sinnir málefunum grunnskóla gagnvart Jöfnunarsjóði sveitarfélaga bæði hvað varðar almennt framlag, framlag vegna fatlaðra nemenda, íslensku nemenda með annað móðurmál og lengdrar viðveru fatlaðra grunnskólabarna. Hann situr í samstarfshópi Samtaka sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu varðandi fræðslu fyrir kennara á höfuðborgarsvæðinu.

Umsjón með verkefnum innanhúss, svo sem Menntadagar og Stóra upplestrarkeppnin. Samþykkir hluta reikninga skólaskrifstofu. Sér um að úthluta fjármagni vegna nemenda með sérþarfir í grunnskólanum.

Deildarstjórinn fundar með skólastjórum einu sinni í mánuði og situr forstöðumaður sviðsins þá fundi oftast. Hann heimsækir einnig skólana hvern fyrir sig og á samtal við stjórnendur hvers grunnskóla 5-6 sinnum á hverju skólaári. Auk funda í skólanum vegna einstakra nemenda eða samskiptamála.

Fyrir deildarstjóranum er óljóst hver á að setja efni á heimasíðu sveitarfélagsins. Þrír starfsmenn annast það.

Telur að frjálsa skólavalið bæti skólastarfið. Ráðgjafahlutverk skólaskrifstofu er lítið. Erum meira í að slökkva elda og bregðast við uppáfallandi málum að sögn deildarstjórans.

Fram kom í máli deildarstjórans að allir starfsmenn leggja sig fram við að vera innan fjárhagsáætlunar.

### Tafla 43: Fjármagn til stuðnings við nemendur með sérþarfir samkvæmt fjárhagsáætlun 2018

| Fjárhagsáætlun 2018: Fjármagn til stuðnings við nemendur með sérþarfir: | Fjármagn | Hlutfall af heildarskólakostnaði | Hlutfall af heildarlaunakostnaði |
|---|---|---|---|
| Stuðningur við nemendur með almenna og sértæka námserfiðleika | 228,0 | 5,6% | 8,4% |
| Stuðningur við fatlaða nemendur | 310,2 | 7,60% | 11,40% |
| Stuðningur við nemendur með hegðunar- og tilfinningavanda | 8,1 | | |
| Stuðningur við nemendur af erlendum uppruna | 15,0 | | |
| **Samtals** | **561,3** | **14%** | **21%** |

Heimild: Fræðslu- og menningarsvið Garðabæjar

Tafla 43 sýnir fjármagn sem ætlað var til stuðnings við nemendur með sérþarfir hjá Garðabæ samkvæmt fjárhagsáætlun 2018.

Eins og þarna kemur fram voru ætlaðar 561 milljón króna í þetta verkefni á árinu 2018, eða 14% af heildarkostnaði vegna skólamála. Hluti þessarar upphæðar eru greiðslur til sérskóla, s.s. Klettaskóla, Arnarskóla og Brúarskóla sem sinna nemendum með flókinn og fjölþættan vanda.

Að mati deildarstjórans liggja tækifæri í sérkennslumálum. Að hans mati þarf að gera heildarúttekt á sérkennslumálum. Þar liggja tækifæri til hagræðingar en þó kannski fyrst og fremst til að bæta þjónustu og nýta fjármagn betur. Starfsmenn eru þess meðvitaðir og skýrslan Menntun fyrir alla ber þess einnig vitni að við erum farin út af sporinu þegar kemur að því að veita gæðaþjónustu fyrir þennan hóp. Þurfum að ráða fagfólk sem tilheyrir ólíkum fagstéttum inn í skólana í stað ungra og ófaglærðra stuðningsfulltrúa að sögn deildarstjórans.

Að mati deildarstjórans, þá saknar hann þess að hafa ekki sambærilegan starfsmann grunnskólamegin eins og sérkennslufulltrúa leikskóla sem gæti veitt ráðgjöf í erfiðum málum og unnið í þéttara samstarfi við fjölskyldusvið.

Ef horft er til sviðsins í heild væri einnig hentugt að hafa rekstrarmann innan sviðs sem gæti jafnframt því að vinna innan sviðsins verið forstöðumönnum til ráðgjafar þar sem það á við og jafnvel ritara sem kæmi í veg fyrir að sérfræðingar sviðsins verðu jafn miklum tíma og raun ber vitni í pappírsvinnu, s.s. skönnun og endurtekin verk sem ekki þarfnast neinnar sérfræðikunnáttu að sögn deildarstjórans. Snýst um að nýta betur mannauð.

Að sögn deildarstjóra hefur sveitarfélagið verið að stækka og nýjum verkefnum geta þurft að fylgja ný störf.

**Verkefnastjóri leikskóla**
Fram kom í máli verkefnastjórans að honum finnist skipurit sviðsins óljóst. Óljós m.a. verkaskipting á milli forstöðumanns sviðsins og deildarstjóra. Óljóst hlutverk verkefnastjórans gagnvart stoðþjónustunni, þ.e. talmeinafræðingum, sálfræðingum og sérkennslufulltrúa leikskóla.

Úthlutunarteymi annast úthlutun á sérkennslutímum inn í leikskólana. Í teyminu sitja sérkennslufulltrúi, fulltrúi talmeinafræðinga og sálfræðinga og verkefnastjórinn.

Talmeinafræðingar og sálfræðingar eru þeir sérfræðingar sem vinna mest með leikskólunum og eru starfsmenn Garðabæjar. Auk þess eru atferlisráðgjafar, sem fengnir eru í ráðgjafaþjónustu.

Starfandi er teymi sem afgreiðir umsóknir um forgang á leikskóla. Í teyminu sitja verkefnastjórinn, sérkennslufulltrúi leikskóla og fulltrúi af fjölskyldusviði. Eru að taka inn nemendur á leikskóla í ágúst og september. Teknir eru nemendur inn á leikskóla 12 mánaða og eldri. Samkvæmt upplýsingum verkefnastjóra er ekki biðlisti eftir leikskólaplássum (júní 2019).

Forgangur á leikskóla getur verið af eftirfarandi ástæðum:

- ✓ Fötlun barna, alvarleg þroskafrávik eða langtímaveikindi.
- ✓ Erfiðleikar í félagsumhverfi viðkomandi barna.
- ✓ Fötlun foreldra eða systkina eða alvarleg veikindi.
- ✓ Aðild barns að barnaverndarmáli.
- ✓ Ungum aldri foreldra.
- ✓ Ef barn á systkini á sama leikskóla.

Samrekinn leik- og grunnskóli er í Urriðaholtsskóla. Mikilvægt að bæði skólastigin hafi aðgang að málum þar.

Að mati verkefnastjórans er mikilvægt að sveitarfélagið fari að móta stefnu til framtíðar. Horfa til þess hvernig þjónustan muni þróast í stækkandi samfélagi. Sæi hlutverk sitt vera meira að horfa til framtíðar. Er meira í praktískum málum í dag að sögn verkefnastjórans.

Í Garðabæ er verið að úthluta dvöl í leikskóla í júní 2019 til barna sem fædd eru í byrjun nóvemberlok 2018. Það er ljóst að innritun svo ungra barna kallar á breytingar í þjónustu bæði hvað varðar starfsfólk og starfsumhverfi. Mikilvægt er að gefa þessum breytingum gaum og rýna í framtíðina að sögn verkefnastjórans.

Verkefnastjórinn sér um alla innritun í leikskóla sveitarfélagsins. Dagforeldrar eru einnig á borði verkefnastjórans, þ.m.t. eftirlit með dagforeldrum. Kemur einnig að innheimtu á leikskólagjöldum sem eru í vanskilum. Auk þess sinnir verkefnastjórinn vinnu við úthlutun úr Þróunarsjóði leikskóla, undirbúningi Menntadags, skipulagi allra funda og viðburða er lúta að leikskólastiginu og úthlutun styrkja til náms í leikskólakennarafræðum. Auk þessa eru ýmis önnur mál sem verkefnastjórinn sinnir.

Verkefnastjórinn á gott samstarf með fjölskyldusviðinu. Gerðir hafa verið ferlar til að vinna með mál.

Ef koma upp mál á leikskólum og varða fjölskyldusviðið leita leikskólastjórar beint til fjölskyldusviðsins. Unnið er samkvæmt ákveðnum ferlum sem settir hafa verið upp. Ef koma upp vanskil t.d. eru þau mál skoðuð með fjölskyldusviðinu.

Einnig er góð samvinna við launa- og kjaradeild, mannauðsstjóra og gott samstarf við fjármálasviðið.

Það svið sem stendur útaf borðinu er eigna- og framkvæmdasvið, þar þarf að skerpa á vinnubrögðum að sögn verkefnastjóra. Að undanförnu hefur verið unnið í málefnum húsvarða. Eitthvað er um það að húsverðir svara ekki tölvupóstum frá leikskólastjórum. Unnið er með fasteignastjórnunarkerfið „Maine manager". Þegar leikskólastjórar leggja inn beiðni þar um lagfæringar er nokkuð um að húsumjónarmenn bregðist ekki við því.

Í máli verkefnastjórans kom fram mikil ánægja með þróunarsjóð leikskóla hjá sveitarfélaginu. Mikil ánægja með það hvernig verkefnin hafa þróast í gegnum árin með sjóðnum.

Varðandi stoðþjónustu. Kom það verkefnastjóranum á óvart að hjá sveitarfélaginu starfi talmeinafræðingar í leikskólum, sálfræðingar og sérkennslufulltrúi, sem verkefnastjóri hefur enga aðkoma að skv. skipuriti. Verkefnastjórinn kemur ekki að ráðningu talmeinafræðinga í leikskóla og ekki heldur þegar keypt er sérfræðiþjónusta fyrir leikskóla að sögn verkefnastjórans.

Fram kom í máli verkefnastjóra að hann telur eðlilegt að koma á starfsmannasamtölum sem tekin eru einu sinni ári, t.d. eins og við talmeinafræðinga.

Sérkennslustjóri sem er með leikskólana fellur ekki undir verkstjórn verkefnastjórans.

Verkefnastjórinn fylgist vel með fjárhagsáætlun og tekur þátt í vinnu við hana. Fjármálastjóri á reglulega fundi með leikskólastjórum. Leikskólastjórar sýna góða ráðdeild að mati verkefnastjórans.

Haldnir eru reglulegir fundir með leikskólastjórum einu sinni í mánuði. Forstöðumaður sviðsins situr ekki alla fundi að sögn verkefnastjórans.

Matur er eldaður frá grunni í öllum leikskólunum nema í Urriðaholtskóla þar er maturinn keyptur af Skólamat.

Fram kom í máli verkefnastjórans að skoða megi sameiginleg innkaup á hráefni í mat með það að markmiði að vera með enn betri mat og yrði ódýrara.

Verkefnastjórinn veit ekki til þess að farið hafi verið í útboð vegna kaupa á hráefni í mat fyrir leikskólana. Æskilegt að hér væri starfsmaður sem stýrir innkaupamálum að mati verkefnastjórans.

**Íþróttafulltrúi**

Íþróttafulltrúi heyrir undir forstöðumann fræðslu- og menningarsviðs. Íþrótta- og tómstundaráð fer með íþróttamál hjá sveitarfélaginu. Íþróttafulltrúi starfar með ráðinu. Ráðið fundar að jafnaði mánaðarlega.

Að sögn íþróttafulltrúa hafa nýverið verið gerðar breytingar á verkefnum íþrótta- og tómstundaráðs. Íþrótta- og tómstundaráð hefur tekið yfir tómstundamál aldraðra og forvarnarmál. Íþróttafulltrúi fer ekki með forvarnarmál, þau eru hjá forvarnar- og tómstundafulltrúa og tómstundamál aldraðra heyra undir fjölskyldusvið.

Íþróttafulltrúi hefur yfirumsjón með íþróttamálum í sveitarfélaginu og þar með talið á rekstri íþróttamannvirkja í eigu sveitarfélagsins. Skilin á verkefnum milli íþróttafulltrúa annars vegar og forvarnar- og tómstundafulltrúa hins vegar eru óljós. M.a. verkefna sem íþróttafulltrúi hefur annast er samningagerð við Skátana og æskulýðsstarf kirkjunnar.

Að mati íþróttafulltrúa mætti skoða að sameina íþróttir og tómstundir í eina deild undir fræðslu- og menningarsviði. Síðan væri forstöðumaður sem annaðist rekstur sundlauga og annarra íþróttamannvirkja og að gerður verði rekstrarsamningur við Stjörnuna um rekstur Mýrarinnar.

Auk þess að annast daglegan rekstur íþróttamála, þ.m.t. rekstur íþróttamannvirkja, hefur íþróttafulltrúi einnig haft eftirlit með þeim samningum sem sveitarfélagið hefur gert við íþróttafélögin. Þar með eru taldir samningar við skátafélögin, æskulýðsstarf kirkjunnar og félög eldri borgara. Að mati íþróttafulltrúa hefur ekki gefist nægur tími til eftirfylgni með þessum samningum. Auk framanritaðs annast íþróttafulltrúi einnig umsjón og skipulag frístundabíls og umsjón með hvatapeningum.

Frístundabíllinn er hugsaður til að keyra nemendur fyrsta til fjórða bekkjar frá skólum bæjarins í íþróttamiðstöðvar, dans, tónlistarkennslu o.fl. Þannig að nemendur séu búnir að ljúka öllum æfingum fyrir lok vinnudags. Frístundabíllinn í „litlu lúfunni" er hálfa klukkustund að fara hringinn. Skólabíllinn fer jafnframt að Vífilsstöðum þar sem Barnaskóli Hjallastefnunnar er. Sérstakur bíll fer frá Álftanesi á klukkutíma fresti. Urriðaholt hefur bæst við. Meðan skólinn er ekki fullbúinn í Urriðaholti þarf skólaakstur í Urriðaholtinu. Börnum í efri bekkjum (5.-10. bekk) er ekið úr hverfinu í aðra skóla á morgnana. Eftir hádegi er boðið upp á að nýta frístundabílinn til að fara heim aftur í Urriðaholtið.

Frístundaaksturinn byrjar kl. 14:15 og lýkur kl. 17:30.

Tónlistarskólinn byrjar kl. 14:30 en frístundabíllinn hefur viðkomu þar. Foreldrar sækja krakkana yfirleitt í íþróttamiðstöðvarnar.

Það er regla varðandi frístundabílinn, að sögn íþróttafulltrúa, að bílstjórinn fer út úr bílnum við hvern áfangastað og gætir þess að börnin fari rétta leið að húsi og séu ekki í kringum bílinn þegar farið er af stað. Í hvert skipti áður en farið er af stað fer bílstjórinn um bílinn og gætir þess að börnin séu með bílbelti.

Frístundaaksturinn var boðinn út árið 2011.

Undir íþróttafulltrúa heyrir rekstrarstjóri.

Rekstrarstjórinn sér um innkaup á rekstrarvörum vegna íþróttamannvirkjanna. Hann annast þessi innkaup í samráði við vaktstjóra. Náðst hefur ákveðin hagræðing í innkaupum með að vera með þau sameiginleg á einum stað. Rekstrarstjórinn annast Vinnustundina vegna starfsmanna íþróttamannvirkjanna, gerir leiðréttingar o.s.frv. Auk þess fylgir hann eftir smávægilegu viðhaldi á íþróttamannvirkjum og annast samskipti við skólana. Þetta eru helstu verkefni rekstrarstjórans. Rekstrarstjórinn er jafnframt formaður starfsmannafélags Garðabæjar. Nokkur tími fer í að sinna verkefnum fyrir félagið hjá rekstrarstjóranum.

Íþróttafulltrúi hefur annast gerð samninga við skátafélagið Vífil varðandi 17 júní hátíðarhöldin.

Í Ásgarði er sundlaug, bæði almennings- og kennslusundlaug. Þar er stór körfuboltasalur, sem er nýttur sem kennslusalur fyrir Garðaskóla og fyrir körfuboltadeild Stjörnunnar. Gamli íþróttasalurinn, blái salurinn, þar fer íþróttakennsla fyrir Flataskóla fram. Seinni part dags er Stjarnan með salinn fyrir körfubolta og almenningsíþróttir og jafnframt eru leigðir út nokkrir tímar til almennings. Í fimleikasal fer fram íþróttakennsla fyrrihluta dags á vegum Garðaskóla, Flataskóla, Sjálandsskóla og Barnaskóla Hjallastefnunnar. Þar koma einnig leikskólahópar og frá sambýlum fatlaðs fólks. Lyftingasalur er notaður af lyftingadeild Stjörnunnar. Danssalur, þar sem kennsla Dansskóla Birnu Björns fer fram. Salurinn er jafnframt nýttur af fleirum. Síðan er lítill þreksalur í húsnæðinu sem er fyrir almenning og fylgir því að fara í sund.

Ásgarður opnar kl. 6:30 á morgnana fyrir almenning í sund. Opið er til 22:00 í sund en til kl. 23:00 í salina alla virka daga. Um helgar er opið frá kl. 8:00 til 18:00.

Að jafnaði eru sex manns á vakt í öllu húsinu á virkum dögum. Starfsmennirnir annast sundlaugavörslu, klefavörslu, miðasölu og ræstingar á öllu húsnæðinu. Um helgar eru fjórir á vakt, en einn í viðbót þegar fjölmenn mót eru í húsnæðinu.

Er með aukafólk sem tekur aukavaktir. Þeir starfsmenn eru á tímakaupi. Í Ásgarði eru 14 stöðugildi sem ganga vaktir. Síðan er starfsmaður í þvottahúsi í 70% stöðugildi. Allir óskilamunir eru þvegnir af starfsmanninum, auk þess sundföt og handklæði sem eru leigð út. Starfsmaðurinn hefur jafnframt sinnt klefavörslu ef þess hefur verið þörf. Starfsmaðurinn hefur jafnframt þrifið handbolta- og körfuboltabúninga fyrir meistaradeild karla og kvenna í Stjörnunni. Annast einnig þrif á hæðinni sem skrifstofan er á, þreksal og speglasal.

Auk þess er íþróttafulltrúi og rekstrarstjóri við Ásgarð, eða samtals 16,7 stöðugildi.

Samningur við Curron ehf. um aðgangsstýrikerfi í sundlaugina Ásgarði var gerður 14. mars 2011. Samningurinn er um hugbúnað til að stjórna CTS-hliðstýringarkerfi, CTS-afgreiðslukerfi, CTS-hópakerfi og CTS-umsjónarkerfi. Greitt er mánaðarlegt notkunargjald sem var í byrjun 16.500,- kr. auk VSK. Auk þess er greitt fyrir leigu á kortaskanna kr. 1.500,- pr. stk., alls 5 stk. Við sameiningu Garðabæjar og Sveitarfélagsins Álftaness 1. janúar 2013 gilti samningurinn einnig fyrir Álftaneslaug. Greitt er gjald af hverri færslu í kerfinu kr. 6,90,- auk VSK, sem gerir þá samtals 8,56 kr., fyrir hverja færslu umfram 140.000 færslur sem er innifalið í grunngjaldinu.

Samkvæmt upplýsingum frá íþróttafulltrúa hafa framangreind verð hækkað lítillega frá því að samningurinn var gerður. Í 3. gr. samningsins segir: „Ef verðforsendur breytast þá skal seljandi leggja fram tillögur að gjaldbreytingu ásamt rökstuðningi og aðilar sameiginlega að ná samkomulagi um niðurstöðu".

Færslugjaldið greiðist fyrir alla umfram 140.000 færslur hvort sem viðkomandi er greiðandi eða fer ekki í sund. Sundgestir 18 ára og yngri og 67 ára og eldri fá frítt í sund í sundlaugum Garðabæjar. Þrátt fyrir það þarf að greiða færslugjald fyrir þá sbr. framanritað.

Samkvæmt upplýsingum frá bókhaldsdeild voru greiðslur vegna Currons, aðgangsstýringarkerfis árið 2018 ásamt aðgangseyri í Ásgarðslaug og Álftaneslaug sem hér segir í þúsundum króna:

| | Curron | Aðgangseyrir | Hlutfall |
|---|---|---|---|
| Ásgarðslaug | 2.567 | 30.448 | 8,4% |
| Álftaneslaug | 1.534 | 23.894 | 6,4% |
| **Samtals** | **4.101** | **54.342** | **7,5%** |

Eins og þarna kemur fram voru greidd 8,4% af aðgangseyri í Ásgarðslaug árið 2018 til verksala Currons aðgangsstýriskerfisins. hjá Álftaneslaug var greitt 6,4%. Samtals var greitt 4,1 milljón króna eða 7,5% af heildartekjum vegna aðgangseyris.

Í gildi er rekstrarsamningur við Stjörnuna um rekstur íþróttavallarins. Stjarnan á félagsmiðstöðina en Garðabær á vallarhúsið með búningsklefum og stúku og tengibygginguna. Bærinn borgar rafmagn og hita af öllum þessum mannvirkjum, þ.m.t. vegna lýsingar og snjóbræðslukerfis á aðal-, og æfingavöllunum.

Notast er við afrennsli af sundlauginni inn á hitakerfi vallarins.

Sundlaugin á Álftanesi er opin virka daga frá kl. 6:30 til 21:00. Þar eru fjórir á vakt til að sinna sundlauginni á tvískiptum vöktum. Um helgar er sundlaugin opin frá kl. 9:00 til 18:00 sem tekið er á einni vakt.

Þegar skólakennsla stendur yfir eru tveir starfsmenn sem vinna í dagvinnu og eru í 75% stöðugildi. Leikskólarnir hafa verið að koma í íþróttahúsið og leikfimi eldri borgara fer þar fram líka. UMF Álftaness nýtir íþróttahúsið undir sína starfsemi eftir skólatíma til kl. 22:00.

UMFÁ er með þjónustusamning um íþróttavellina og vallarhúsið. Nýr gervigrasvöllur var tekinn í notkun 2016. En einnig er stór grasvöllur notaður til knattspyrnu. Vallarhúsið var nýtt sem frístundaheimili fyrir börn en það færðist 2018 yfir í „útistofur" við grunnskólann. Nú er unnið að því að setja upp búningsklefa í vallarhúsinu. Garðabær greiðir orkureikninga af völlunum.

Félagsaðstaða UMFÁ er í íþróttahúsinu. Þar er einnig félagsmiðstöð unglinga og eldri borgara. Hátíðarsalur og matsalur skólans er á efstu hæð félagsálmunnar í íþróttahúsinu.

Samtals stöðugildi við íþróttamannvirki á Álftanesi eru 11,5.

Bakskolun í sundlauginni á Álftanesi fer fram handvirkt. Vegna þess þarf starfsmaður að vakta skolunina sem tekur tvær klukkustundir á dag. Væri skolunin sjálfvirk eins og er í flestum sundlaugum þyrfti ekki þessa vöktun. Bæta þyrfti sjálfvirkri bakskolun á þrjú sundlaugakerfi.

Í sundlaugum Garðabæjar er frítt í sund fyrir 67 ára og eldri og 17 ára og yngri.

Mýrin er tvöfalt handboltahús og kennslusundlaug. Þar fer fram íþróttakennsla Hofsstaðaskóla og Fjölbrautaskólans í Garðabæ. Seinni part dags, eða um kl. 15:00 til 22:00, er Stjarnan með starfsemi handboltadeildar í sölunum og sundlauginni.

Við Mýrina eru fimm starfsmenn. Þar er kennsla og síðan handboltaæfingar seinni partinn. Í húsinu er „Hardpix", klístur á hendur, mikið notað. Þetta þarf að þrífa á hverjum morgni. Starfsmaður mætir kl. 6:00 til að þrífa gólfin áður en leikfimi byrjar.

Einn starfsmaður mætir kl. 6:00 og vinnur til kl. 14:00. Tveir karlmenn skipta með sér vaktavinnu 7:30-15:30 (klefavaktir, viðhald og ræstingar) og kl. 15:00 til kl. 23:00. Kvöldvaktin ræstir búningsklefa eftir að lokað er. Auk þessa eru tvær konur sem vinna dagvinnu frá kl. 8:00 til 16:00 við klefagæslu, viðhald og ræstingar.

Þegar kennsla fer fram eru alltaf tvær konur og tveir karlar, þar sem þarf að vakta vegna leikfimi og sunds. Ekki hægt að samnýta klefa þar sem klefarnir eru litlir.

Íþróttahús Sjálandsskóla, þar er íþróttasalur og kennslulaug. Þar fer fram kennsla í leikfimi og sundi á vegum Sjálandsskóla og Alþjóðaskólans á Íslandi. Þar er einnig sundleikfimi fyrir eldri borgara. Danssalur er nýtur af mörgum hópum og einnig af dansskóla.

Við íþróttahúsið eru þrír starfsmenn. Tveir ganga vaktir kvölds og morgna. Tvær konur og einn karl. Konurnar ganga vaktir kvölds og morgna. Karlinn er í dagvinnu. Byrjar kl. 7:00 og er búinn kl. 15:00. Hann tekur mælingar á sundlauginni o.s.frv.

Konurnar vinna á átta tíma vöktum. Aðra vikuna byrja þær kl 7:30 og eru til 15:30. Síðdegis vaktin er frá 15:00 til 23:00. Á laugardögum er útleiga ýmissa hópa frá 10:00-13:00, starfsmenn skipta því með sér að taka þá tíma í yfirvinnu. Lokað er á sunnudögum.

Íþróttafulltrúi gerir stundatöflu og úthlutar tímum í öllum íþróttamannvirkjunum. Það er vinna sem fer fram á vorin og sumrin og henni lýkur í ágúst. Innheimta útleigu er sundurliðuð á verkefnin og send innheimtustjóra Garðabæjar við lok vorannar og við lok haustannar.

Íþróttafulltrúi samþykkir reikninga fyrir þær stofnanir sem undir hann heyra. Íþróttafulltrúi hefur látið rekstrarstjóra fara yfir rekstrarreikninga í íþróttamiðstöðvunum.

Íþróttafulltrúi fylgist vel með hver rekstrarstaðan er á milli mánaða. Hefur aðgang að „sveitarstjóra". Í áætluninni hefur hann reynt að jafna útgjöldum yfir árið. Hefur ekki verið að stoppa greiðslur þó farið sé fram úr áætlun í einstökum liðum en hefur síðan tekið á því á haustin.

Íþróttafulltrúi sér um „Íþróttahátíð Garðabæjar", undirbýr hana og stjórnar framkvæmd hennar í byrjun janúar ár hvert. Þar eru veittar viðurkenningar fyrir íþróttaafrek o.fl., alls um 400 viðurkenningar. Tómstundafulltrúi hefur séð um ljós og hljóð á þessum viðburði. Undirbúningur að þessari hátíð hefst í byrjun nóvember og stendur hæst í desember og milli jóla og nýárs.

**Forvarnar- og tómstundafulltrúi**
Næsti yfirmaður forvarnar- og tómstundafulltrúa er forstöðumaður fræðslu- og menningarsviðs.

Æskulýðsstarfsemin var í kringum þennan vinnustað áður, félagsmiðstöðina í Garðaskóla, og snérist um að reka félagsmiðstöð fyrir nemendur i Garðaskóla og einnig þjóna félögum, stofnunum og menningartengdum viðburðum.

Forvarnar- og tómstundafulltrúi sér um tómstundastarfið í félagsmiðstöðinni í Garðaskóla, Garðalundi. Sérstakur forstöðumaður er síðan yfir félagstarfinu í Klakanum, Sjálandsskóla, og annar í Elítunni í Álftanesskóla. Hver þessara félagsmiðstöðva vinnur sjálfstætt og heyra forstöðumennirnir stjórnunarlega undir forstöðumann fræðslu- og menningarsviðs. Faglega vinna félagsmiðstöðvarnar saman, hafa samráð, samvinnu um starfmannafræðslu og stöku viðburði og miðla kunnáttu og búnaði sín á milli.

Félagsmiðstöðin í Garðaskóla er vel búin af hljóð- og ljósabúnaði, hljóðfærum, leiktækjum og spilum, til er grill og ýmislegt fleira til tómstundastarfs og afþreyingar. Þessi búnaður er oft nýttur fyrir viðburði sem fara fram í bænum og annast forvarnar- og tómstundafulltrúi um slíkt ásamt starfsmönnum, sem undir hann heyra. Nemendur við skólann hafa tekið þátt í uppsetningu og stjórnun á búnaðnum. Sem dæmi má nefna að forvarnar- og tómstundafulltrúi ásamt hans starfsmönnum sjá um búnaðinn vegna 17. júní hátíðarhalda, ýmissa menningartengdra viðburða o.fl.

Félagasamtök hafa haft möguleika á að nýta aðstöðu í félagsmiðstöðinni í skólanum. Stefnt er því að hýsa frístundastarf fatlaðra nemenda úr 5.-10. bekk úr öllum Garðabæ næsta vetur í félagsmiðstöðinni.

Forvarnar- og tómstundafulltrúi sér um að skipuleggja vinnuskólann, ræður starfsfólk sem er um 30 manns vegna vinnuskólans. Fjöldi nemenda á launaskrá hefur verið á bilinu 350-550 á undanförnum árum, eða 50-70% nemenda í öllum skólum bæjarins. Hann hefur yfirumsjón með öllum tækjum og tólum vinnuskólans. Áhöld vinnuskólans eru geymd í kjallara Garðaskóla og í Áhaldahúsinu. Vinnuskólinn er gerður út frá Garðaskóla. Á Álftanesi er rekin hverfisstöð. Þar er yfirflokkstjóri sem stýrir vinnuskóladeildinni á Álftanesi. Í unglingadeild Álftanesskóla eru um 120 nemendur en við vinnuskólann, sem gerður er út frá Garðaskóla eru um 550 unglingar og til viðbótar um 100 nemendur í Sjálandsskóla og Alþjóðaskólanum sem eiga kost á að skrá sig í vinnuskólann. Um 20% nemenda, 80 - 100 nemendur úr vinnuskólunum, eru lánaðir til leikskóla og til að styðja við fjölbreytt leikjanámskeið fyrir börn á sumrin hjá félagasamtökum Um er að ræða 15-20 mismunandi starfsstaði sem krakkarnir dreifast á.

Forvarnar- og tómstundafulltrúi hefur séð um gistingar íþrótta- og æskulýðshópa og útlán húss og búnaðar til félagasamtaka og eftirfylgni ef um það er að ræða, í húsnæði Garðaskóla.

Forvarnar- og tómstundafulltrúi situr í skólaráði Garðaskóla, fundi nemendaverndarráðs eða fulltrúi hans og er í áfallaráði starfsstaðarins.

Með forvarnar- og tómstundafulltrúa í félagsmiðstöðinni í Garðaskóla starfar aðstoðarmaður í 100% starfi. þeir eru tveir í fullu starfi og svo með átta starfsmenn í 25% hlutastarfi til að sinna kvöld- og helgarstarfi og hópastarfi, eða samtals tvö stöðugildi. Einnig eru á launaskrá félagsmiðstöðvar ýmsir leiðbeinendur í tímavinnu til að sinna tímabundum verkefnum sem og kennarar og starfslið skóla í ferðir, verkefni, ræstingu og til aðstoðar við stærstu viðburði.

Félagsmiðstöðin er opin alla virka daga frá kl. 8:00 til 22:00. Frá byrjun september til maí. Opnun tekur mið af skóladagatali. Skipulögð auglýst dagskrá er flesta daga og oft stærri viðburðir um kvöld og helgar.

Forvarnar- og tómstundafulltrúi skipuleggur flest öll ferðalög fyrir félagsmiðstöðina og skóla svo sem vorferðir, skíðaferðir o.s.frv. Forvarnar- og tómstundafulltrúi ræður kennara í störf vegna þessara ferða. Þegar starfsmönnum skóla er greitt fyrir félagsstörf er það gjaldfært á félagsmiðstöðina.

Forvarnamál eru komin til íþrótta- og tómstundarráðs. Forvarnar- og tómstundafulltrúi situr þá fundi. Situr þar sem forvarnar- og tómstundafulltrúi. Íþrótta - og tómstundaráð setti sér íþrótta- og tómstundastefnu 2015 sem er enn í gildi. Þar eru kaflar um æskulýðsstarf sem unnið er eftir. Stefnur og áherslur verða væntanlega endurskoðaðar í haust með hliðsjón af nýjum verkefnum ráðsins, sem eru m.a. forvarnir og tómstundir fyrir aldraða.

Forvarnar- og tómstundafulltrúi situr fundi Samanhópsins, sem starfar á landsvísu. Í hópnum eru t.d. fulltrúar lögreglu, ýmissa landssamtaka um velferð barna og ungmenna s.s. Barnaheilla, Heimilis og skóla, Samfoks, landlæknisembættis, heilsugæslu, umboðsmaður barna og helstu forvarnarfulltrúar stærri sveitarfélaga. Um er að ræða mikilvægan samráðsvettvang. Meginmarkmið hópsins er að efla foreldra í uppeldishlutverki sínu. T.d. gerð auglýsingaefnis á samfélagsmiðlum, hvetja foreldra til eftirlits og árvekni, virða útivistartíma og vera styðjandi í uppeldishlutverki sínu o.s.frv. Hugmyndafræði og aðgerðir byggja á vísindalegum grunni og rannsóknum.

Það hefur verið sett upp aðgerðaráætlun í forvarnarmálum gegnum tíðina hjá Garðabæ sem forvarnar- og tómstundafulltrúi hefur séð um að fylgja eftir. Síðasta forvarnarstefna Garðabæjar var fyrir tímabilið 2014 til 2018.

Sveitarfélagið hefur á liðnum árum keypt kannanir um hagi og líðan barna og ungmenna sem sýna niðurstöður um samspil íþrótta, tómstunda, líðan í skóla, einelti, neyslu áfengis og vímuefna o.fl. þátta. Þessar mælingar og niðurstöður hafa einar sér haft mikil áhrif á stefnur og aðgerðir bæjarins í forvörnum, íþrótta,- æskulýðs- og skólamálum.

Könnunin hefur verið gerð árlega að sögn forvarnar- og tómstundafulltrúa. Hún hefur síðan verið rýnd og ef sjást breytingar hefur verið farið í aðgerðir.

Bein verkefni forvarnamála hafa verið ca. 10% af starfi forvarnar- og tómstundafulltrúa. Stuðningur og þjónusta við tómstunda-, menningar-, viðburða- og æskulýðsstarf bæjarins og annarra en beinlínis unglingastarfs í félagsmiðstöðinni Garðalundi er um 20%. Stýring og forstaða félagsmiðstöðvar og útfærsla verkefna þar um 50% starfsins. Vinnuskóli og rekstur hans um 20%. Þessir málaflokkar skarast mjög með einum eða öðrum hætti.

Fjárhagsáætlun er vel mótuð og stöðug fyrir starfsemi félagsmiðstöðvar og Vinnuskóla Í anda þriggja ára áætlunar veit forvarnar- og tómstundafulltrúi hvað er gert ráð fyrir til framtíðar.

Forvarnar- og tómstundafulltrúi samþykkir reikninga. Notar beiðnabók og innkaupakort. Forvarnar- og tómstundafulltrúi samþykkir reikninga fyrir Garðalund, félagsmiðstöð Garðaskóla, og vinnuskólann. Fylgist mjög vel með stöðinni á milli mánaða.

Getur alltaf séð raunstöðuna í „Smalaholti" að hans sögn.

## TÓNLISTARSKÓLI GARÐABÆJAR

Tónlistarskóli Garðabæ er staðsettur að Kirkjulundi 11 og er með starfsstöð á Álftanesi í Áfltanesskóla. Þar er deildarstjóri í 50% starfshlutfalli og er einn dag í viku í skólanum að Kirkjulundi 11. Jafnframt fer fram kennsla í öllum grunnskólunum alla virka daga nema í Garðaskóla. En í öðrum skólum en Garðaskóla eru nemendur teknir úr tímum. Það gengur mjög vel og hefur ekki komið niður á öðrum greinum eftir því sem við best vitum að sögn skólastjóra.

Kennsla byrjar kl. 8:00 í grunnskólunum og er kennt til kl. 21:30 í Kirkjulundi fjóra daga vikunnar, þ.e. mánudaga, þriðjudaga, miðvikudaga og fimmtudag. Fyrst og fremst er um hljómsveitaræfingar og samspil að ræða þegar kennt er á kvöldin.

Kennsla fer fram til kl. 15:00 í grunnskólunum. Þeir nemendur sem stunda tónlistarnám í grunnskólunum koma í tónfræði og til að æfa með hljómsveitum og samspilum í tónlistarskólanum í Kirkjulundi og á Álftanesi. Kennsla fer stundum fram á laugardögum en þá er helst um að ræða samspilsæfingar vegna tónleika sem ekki er hægt að koma við á öðrum tímum.

Frístundabíllinn er ekki mikið notaður af nemendum tónlistarskólans að sögn skólastjóra.

Það er biðlisti í tónlistarskólann. Í maí 2019 voru um 200 á biðlista eftir námi í tónlistarskólanum. Í haust verða teknir inn um 80 nýir nemendur. Þannig að á biðlista eftir það verða um 120.

Við skólann eru 28,78 stöðugildi. Vegna takmarkaðs húsnæðis er ekki hægt að fjölga nemendum við skólann.

Við skólann voru 495 nemendur þegar honum var slitið s.l. vor (2019). Af þeim voru um 85% grunnskólanemendur að sögn skólastjóra.

Fram kom í máli skólastjóra að skólinn finni fyrir því að nemendur í menntaskóla eru að hætta fyrr en áður eftir að framhaldsskólinn var styttur í þrjú ár. Nemendur sem eru að byrja í menntaskóla segjast ekki geta stundað nám samhliða menntaskólanámi og hætta í tónlistarskólanum. Hvort það tengist styttingu framhaldsskólans hefur ekki verið skoðað.

Skólagjöld eru 99.300 fyrir fullt nám.

Fram kom í máli skólastjóra að ánægja væri með samstarfið við fræðslu- og menningarsvið og mikil ánægja með allt hjá bænum og samskipti við ráðhúsið. Finnur að stjórnsýslan hjá Garðabæ virkar vel og skólinn hefur góðan stuðning frá bæjarfélaginu.

Þjónusta vegna viðhalds er mjög góð. Um leið og beðið er um aðstoð er það strax gert og þjónustumiðstöðin stendur sig mjög vel.

Fram kom í máli skólastjóra að forstöðumaður fræðslu- og menningarsviðs sé hans næsti yfirmaður. Starfandi er skólanefnd fyrir tónlistarskólann.

Hann fær í hverjum mánuði yfirlit yfir reksturinn og fylgist vel með. Mikið aðhald í því að fylgjast vel með fjármálunum.

Vinnustund heldur vel utan um forföll hjá kennurum.

Eru með kerfi sem heldur utanum upplýsingar um nemendur, https://www.schoolarchive.net

Tafla 44: Rekstrargjöld og -tekjur Tónlistarskóla Garðabæjar árin 2016 til 2018

| | | | | Breyting | |
|---|---|---|---|---|---|
| | 2016 | 2017 | 2018 | 2017/2018 | 2016/2018 |
| Mánaðarlaun | 158.375.477 | 183.177.928 | 186.463.314 | 1,8% | 17,7% |
| Dagvinnulaun | 4.594.020 | 4.205.027 | 4.629.618 | 10,1% | 0,8% |
| Yfirvinna | 7.275.854 | 10.481.725 | 15.246.125 | 45,5% | 109,5% |
| Vaktaálag | 4.007.742 | 4.570.293 | 4.431.395 | -3,0% | 10,6% |
| Veikindalaun | | | 293.943 | | |
| Önnur laun | 4.600.571 | 4.843.661 | 6.042.100 | 24,7% | 31,3% |
| Nefnda og stjórnarlaun | 939.104 | 1.086.315 | 1.236.195 | 13,8% | 31,6% |
| **Laun alls** | 179.792.768 | 208.364.949 | 218.342.690 | 4,8% | 21,4% |
| Annar launa- og starfsmannakostnaður | 235.129 | 8.062.159 | -3.931.339 | -148,8% | -1772,0% |
| **Launatengd gjöld alls** | 41.866.448 | 47.453.888 | 50.168.332 | 5,7% | 19,8% |
| **Laun og launatengd gjöld alls** | 221.894.345 | 263.880.996 | 264.579.683 | 0,3% | 19,2% |
| Vörukaup alls | 3356650 | 4.049.750 | 4.315.001 | 6,5% | 28,6% |
| Þjónustukaup | 37008155 | 38.029.029 | 40.319.491 | 6,0% | 8,9% |
| Tekjur | -43911090 | -42.797.413 | -45.914.857 | 7,3% | 4,6% |
| Rekstrarniðurstaða | 218.348.060 | 263.162.362 | 263.299.318 | 0,1% | 20,6% |

Heimild: Garðabær

Tafla 44 sýnir rekstrargjöld og -tekjur hjá Tónlistarskóla Garðabæjar árin 2016 til 2018 á verðlagi hvers árs.

Eins og fram kemur í töflunni hækkuðu launaútgjöldin nokkuð á milli áranna 2016 og 2017. Yfirvinna er að aukast nokkuð. Hún hækkaði um 45,5% á milli áranna 2017 og 2018 og rúmlega tvöfaldast á milli áranna 2016 og 2018.

Vöru og þjónustukaup eru að hækka nokkuð umfram verðlagshækkanir á milli þessara ára.

## Leikskólar í Garðabæ

Í Garðabæ eru reknir 11 leikskólar, tveir leik- og grunnskólar og tveir grunnskólar með fimm ára deild. Af 11 leikskólum eru þrír leikskólar einkareknir. Annar af tveimur leik- og grunnskólum er einkarekinn og annar af grunnskólum með fimm ára deild.

Leikskólarnir sem eru einkareknir eru:

Ásar og Litlu Ásar, Hjallastefnan
Hnoðraholt, Hjallastefnan
Sjáland

Einkarekinn grunnskóli með fimm ára deild er Alþjóðaskólinn á Íslandi og leik- og grunnskóli, sem er einkarekinn er Barnaskóli Hjallastefnunnar.

Fimm ára deild er rekin í Flataskóla og samrekinn leik- og grunnskóli hjá Garðabæ er Urriðaholtsskóli.

Leikskólar Garðabæjar opna allir kl. 7:30 og loka kl. 17:00 og eru reknir allt árið, þ.e. ekki lokað yfir sumarmánuðina.

## Tafla 45: Fjöldi barna í leikskólum í Garðabæ árin 2002 til 2017

| | 2002 | 2003 | 2004 | 2005 | 2006 | 2007 | 2008 | 2009 | 2010 | 2011 | 2012 | 2013 | 2014 | 2015 | 2016 | 2017 | Breyting 2011/2017 |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| Bæjarból | 90 | 83 | 85 | 82 | 77 | 82 | 81 | 83 | 98 | 114 | 92 | 97 | 92 | 94 | 90 | 86 | -28 |
| Holtakot | | | | | | 46 | 57 | 80 | 73 | 72 | 74 | 79 | 77 | 66 | 65 | 75 | 3 |
| Hæðarból | 62 | 62 | 62 | 60 | 54 | 62 | 63 | 59 | 59 | 60 | 57 | 58 | 57 | 56 | 57 | 53 | -7 |
| Kirkjuból | 71 | 71 | 70 | 69 | 68 | 63 | 64 | 61 | 64 | 62 | 59 | 60 | 59 | 59 | 60 | 61 | -1 |
| Krakkakot | 110 | 116 | 141 | 167 | 122 | 118 | 120 | 114 | 121 | 103 | 98 | 98 | 97 | 102 | 101 | 100 | -3 |
| Lundaból | 70 | 72 | 73 | 66 | 59 | 60 | 63 | 68 | 68 | 68 | 65 | 65 | 65 | 64 | 64 | 51 | -17 |
| Sunnuhvoll | 31 | 27 | 27 | 29 | 30 | 31 | 30 | 30 | 30 | 30 | 30 | 30 | 27 | 28 | 27 | 26 | -4 |
| Akrar | | | | | | | | | | | 98 | 99 | 100 | 99 | 96 | 96 | 96 |
| Flataskóli | | | | | | | | | | | | | 34 | 35 | 42 | 34 | 34 |
| **Samtals Garðabær** | **434** | **431** | **458** | **473** | **410** | **462** | **478** | **495** | **513** | **509** | **573** | **586** | **608** | **603** | **602** | **582** | **73** |
| Leikskóladeild Hjallastefnunnar | | 39 | 43 | 49 | 13 | 62 | 50 | 44 | 55 | 38 | 51 | 34 | 52 | 39 | 17 | 29 | -9 |
| Ásar | 104 | 104 | 104 | 109 | 119 | 113 | 113 | 111 | 114 | 111 | 110 | 108 | 108 | 94 | 96 | 88 | -23 |
| Kjarrið | 27 | 27 | 27 | 28 | 27 | 26 | 28 | 26 | 20 | 24 | | | | | | | -24 |
| Litlu Ásar | | | | | | 23 | 28 | 29 | 29 | 31 | 24 | 28 | 57 | 53 | 53 | 43 | 12 |
| Montessori | | | | | 17 | 25 | | | | | | | | | | | 0 |
| Sjáland | | | | 43 | 76 | 108 | 114 | 111 | 135 | 147 | 146 | 157 | 140 | 123 | 106 | 104 | -43 |
| Hnoðraholt | | | | | | | | | | | | | | | | 55 | 55 |
| **Samtals einkareknir skólar** | **131** | **170** | **174** | **229** | **252** | **357** | **333** | **321** | **353** | **351** | **331** | **327** | **357** | **309** | **272** | **319** | **-32** |
| **Samtals leikskólabörn í Garðabæ** | **565** | **601** | **632** | **702** | **662** | **819** | **811** | **816** | **866** | **860** | **904** | **913** | **965** | **912** | **874** | **901** | **41** |
| Hlutfall barna í einkareknum | 23% | 28% | 28% | 33% | 38% | 44% | 41% | 39% | 41% | 41% | 37% | 36% | 37% | 34% | 31% | 35% | |

Heimild: Samband íslenskra sveitarfélaga

Tafla 45 sýnir fjölda barna í leikskólum í Garðabæ árin 2002 til 2017. Eins og taflan sýnir fjölgaði börnum samtals á tímabilinu frá 2011 til 2017 um 41 barn. Voru samtals 860 árið 2011 en 901 árið 2017.

Árið 2017 voru 582 börn í leikskólum sem Garðabær rekur og 319 börn í einkareknum leikskólum. Þannig voru 35% af börnunum í einkareknum skólum.

## Tafla 45a: Fjöldi heilsdagsígilda í leikskólum í Garðabæ árin 2002 til 2017

| | 2002 | 2003 | 2004 | 2005 | 2006 | 2007 | 2008 | 2009 | 2010 | 2011 | 2012 | 2013 | 2014 | 2015 | 2016 | 2017 | Breyting 2011/2017 |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| Bæjarból | 83,4 | 75,4 | 79,9 | 77,3 | 75,8 | 80,6 | 79,8 | 82,3 | 95,4 | 111,5 | 94,4 | 101,5 | 93,5 | 96,4 | 93,3 | 88,4 | -23,1 |
| Holtakot | | | | | | 44,3 | 55,9 | 78,8 | 71,3 | 71,0 | 76,0 | 78,9 | 76,4 | 66,1 | 65,3 | 76,4 | 5,4 |
| Hæðarból | 57,1 | 57,1 | 56,8 | 56,9 | 51,0 | 61,5 | 62,0 | 58,8 | 59,0 | 60,0 | 57,8 | 60,5 | 58,6 | 57,5 | 58,5 | 54,9 | -5,1 |
| Kirkjuból | 67,9 | 68,3 | 67,9 | 68,1 | 67,0 | 61,9 | 63,0 | 60,6 | 63,3 | 60,8 | 59,9 | 61,3 | 58,9 | 59,8 | 61,1 | 62,6 | 1,9 |
| Krakkakot | 97,4 | 105,3 | 133,4 | 161,3 | 117,8 | 115,3 | 117,5 | 111,4 | 118,8 | 100,1 | 96,5 | 96,5 | 97,6 | 102,1 | 99,5 | 99,9 | -0,3 |
| Lundaból | 65,8 | 67,8 | 70,6 | 63,9 | 56,6 | 57,8 | 60,3 | 66,1 | 66,9 | 67,1 | 68,3 | 68,3 | 66,6 | 66,1 | 68,4 | 52,5 | -14,6 |
| Sunnuhvoll | 29,0 | 25,9 | 25,0 | 27,6 | 30,0 | 30,3 | 28,5 | 29,5 | 29,8 | 29,8 | 30,4 | 31,6 | 27,6 | 28,1 | 27,4 | 26,0 | -3,8 |
| Akrar | | | | | | | | | | | 101,5 | 105,0 | 102,8 | 102,0 | 100,3 | 99,6 | 99,6 |
| Flataskóli | | | | | | | | | | | | | 36,0 | 36,6 | 44,6 | 35,3 | 35,3 |
| **Samtals Garðabær** | **400,6** | **399,8** | **433,6** | **455,0** | **398,1** | **451,5** | **466,9** | **487,4** | **504,3** | **500,3** | **584,6** | **603,5** | **618,0** | **614,8** | **618,3** | **595,5** | **95,3** |
| Leikskóladeild Hjallastefnunnar | | 37,3 | 42,0 | 47,0 | 11,9 | 60,5 | 48,5 | 44,0 | 55,0 | 37,5 | 51,5 | 34,4 | 52,5 | 39,5 | 17,4 | 29,0 | -8,5 |
| Ásar | 98,4 | 97,0 | 98,1 | 104,4 | 117,0 | 111,0 | 111,3 | 109,8 | 111,9 | 110,0 | 110,1 | 110,4 | 112,6 | 98,9 | 99,6 | 89,4 | -20,6 |
| Kjarrið | 23,5 | 23,8 | 24,5 | 24,3 | 24,0 | 23,5 | 25,9 | 25,3 | 20,0 | 24,0 | | | | | | | -24,0 |
| Litlu Ásar | | | | | | 20,8 | 27,5 | 28,5 | 28,3 | 30,6 | 23,3 | 28,4 | 58,1 | 54,4 | 54,1 | 42,9 | 12,3 |
| Montessori | | | | | 16,3 | 24,3 | | | | | | | | | | | 0,0 |
| Sjáland | | | | 41,8 | 72,1 | 103,3 | 110,9 | 109,1 | 132,1 | 143,9 | 147,4 | 158,9 | 143,8 | 126,4 | 105,9 | 105,5 | -38,4 |
| Hnoðraholt | | | | | | | | | | | | | | | | 53,5 | 53,5 |
| **Samtals einkareknir skólar** | **121,9** | **158,1** | **164,6** | **217,4** | **241,3** | **343,3** | **324,0** | **316,6** | **347,3** | **346,0** | **332,3** | **332,0** | **367,0** | **319,1** | **277,0** | **320,3** | **-25,8** |
| **Samtals leikskólabörn í Garðabæ** | **522,5** | **557,9** | **598,2** | **672,4** | **639,4** | **794,8** | **790,9** | **804,0** | **851,5** | **846,3** | **916,9** | **935,5** | **985,0** | **933,9** | **895,3** | **915,8** | **69,5** |
| Hlutfall barna í einkareknum | 23% | 28% | 28% | 32% | 38% | 43% | 41% | 39% | 41% | 41% | 36% | 35% | 37% | 34% | 31% | 35% | |

Heimild: Samband íslenskra sveitarfélaga

Tafla 45a sýnir fjölda heilsdagsígilda (HDÍG) í leikskólum í Garðabæ frá árinu 2002 til 2017. Eitt HDÍG er átta klukkustundir í leikskóla. Þannig eru tvö börn sem eru fjórar

klukkustundir hvort eitt HDÍG. Eins og taflan sýnir fjölgar HDÍG samtals um 69,5 hjá leikskólum í Garðabæ á milli áranna 2011 og 2017. Í leikskólum Garðabæjar fjölgaði HDÍG um 95,3. Hins vegar fækkaði HDÍG í einkareknum leikskólum á þessu tímabili um 25,8. Árið 2011 voru 41% af HDÍG í Garðbæ hjá einkareknum leikskólum. Árið 2017 var hlutfallið komið niður í 35%.

## Tafla 46: Fjöldi stöðugilda hjá leikskólum í Garðabæ árin 2002 til 2017

| | | | | | | | | | | | | | | | | | **Breyting** |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| **Garðabær:** | 2002 | 2003 | 2004 | 2005 | 2006 | 2007 | 2008 | 2009 | 2010 | **2011** | 2012 | 2013 | 2014 | 2015 | 2016 | **2017** | **2011/2017** |
| Heildagsígildi (HDÍG) | 400,6 | 399,8 | 433,6 | 455,0 | 398,1 | 451,5 | 466,9 | 487,4 | 504,3 | 500,3 | 584,6 | 603,5 | 618,0 | 614,8 | 618,3 | 595,5 | **95,3** |
| Leikskólakennari | 33,6 | 30,4 | 35,5 | 34,1 | 27,3 | 30,8 | 31,7 | 42,5 | 40,7 | **44,2** | 58,1 | 54,6 | 55,9 | 54,1 | 49,8 | **40,1** | **-4,1** |
| Önnur uppeldisfræðimenntun | 9,4 | 5,8 | 7,1 | 4,0 | 5,4 | 8,5 | 10,4 | 21,0 | 25,9 | **23,7** | 36,8 | 25,3 | 22,5 | 35,1 | 27,0 | **51,1** | **27,3** |
| Aðrir starfsmenn | 58,2 | 61,4 | 61,0 | 72,1 | 64,9 | 75,7 | 78,1 | 63,3 | 57,6 | **57,6** | 59,9 | 71,3 | 76,3 | 74,5 | 81,7 | **58,2** | **0,6** |
| **Stöðugildi samtals** | **101,2** | **97,6** | **103,6** | **110,3** | **97,6** | **115,0** | **120,3** | **126,8** | **124,3** | **125,5** | **154,8** | **151,2** | **154,7** | **163,7** | **158,5** | **149,3** | 23,8 |
| HDÍG á hvert stöðugildi | 4,0 | 4,1 | 4,2 | 4,1 | 4,1 | 3,9 | 3,9 | 3,8 | 4,1 | 4,0 | 3,8 | 4,0 | 4,0 | 3,8 | 3,9 | 4,0 | **0,0** |
| Hlutfall leikskólakennara af stöðugildum samtals | 33% | 31% | 34% | 31% | 28% | 27% | 26% | 33% | 33% | 35% | 38% | 36% | 36% | 33% | 31% | 27% | |
| Hlutf. leikskólak. og uppeldisfr.m af st. samtals | 42% | 37% | 41% | 35% | 33% | 34% | 35% | 50% | 54% | 54% | 61% | 53% | 51% | 54% | 48% | 61% | |
| | | | | | | | | | | | | | | | | | |
| **Einkareknir leikskólar:** | | | | | | | | | | | | | | | | | |
| Heildagsígildi (HDÍG) | **121,9** | **158,1** | **164,6** | **217,4** | **241,3** | **343,3** | **324,0** | **316,6** | **347,3** | **346,0** | **332,3** | **332,0** | **367,0** | **319,1** | **277,0** | **320,3** | **-25,8** |
| Leikskólakennari | 9,0 | 11,4 | 17,9 | 21,3 | 20,5 | 26,2 | 25,3 | 22,0 | 20,8 | 25,4 | 20,8 | 30,7 | 15,3 | 20,0 | 12,4 | 5,5 | **-19,9** |
| Önnur uppeldisfræðimenntun | 0,7 | 5,1 | 0,6 | 5,9 | 8,8 | 12,3 | 14,6 | 14,8 | 13,6 | 18,0 | 11,9 | 1,0 | 14,7 | 16,5 | 18,2 | 17,1 | **-0,9** |
| Aðrir starfsmenn | 15,3 | 16,1 | 12,0 | 17,5 | 27,2 | 39,5 | 30,6 | 33,3 | 46,7 | 38,6 | 35,4 | 48,6 | 63,5 | 59,7 | 58,4 | 76,0 | **37,5** |
| **Stöðugildi samtals** | **25,0** | **32,6** | **30,4** | **44,8** | **56,5** | **78,0** | **70,5** | **70,1** | **81,0** | **81,9** | **68,1** | **80,2** | **93,5** | **96,2** | **89,0** | **98,6** | 16,7 |
| HDÍG á hvert stöðugildi | 4,9 | 4,8 | 5,4 | 4,9 | 4,3 | 4,4 | 4,6 | 4,5 | 4,3 | 4,2 | 4,9 | 4,1 | 3,9 | 3,3 | 3,1 | 3,2 | **-1,0** |
| Hlutfall leikskólakennara af stöðugildum samtals | 36% | 35% | 59% | 48% | 36% | 34% | 36% | 31% | 26% | 31% | 31% | 38% | 16% | 21% | 14% | 6% | |
| Hlutf. leikskólak. og uppeldisfr.m af st. samtals | 39% | 51% | 61% | 61% | 52% | 49% | 57% | 53% | 42% | 53% | 48% | 39% | 32% | 38% | 34% | 23% | |
| | | | | | | | | | | | | | | | | | |
| **Samtals Garðabær og einkareknir leikskóalar:** | | | | | | | | | | | | | | | | | |
| Heildagsígildi (HDÍG) | 522,5 | 557,9 | 598,2 | 672,4 | 639,4 | 794,8 | 790,9 | 804,0 | 851,5 | 846,3 | 916,9 | 935,5 | 985,0 | 933,9 | 895,3 | 915,8 | **69,5** |
| Leikskólakennari | 42,6 | 41,8 | 53,3 | 55,5 | 47,8 | 57,0 | 57,1 | 64,5 | 61,5 | 69,5 | 78,9 | 85,2 | 71,1 | 74,1 | 62,2 | 45,5 | **-24,0** |
| Önnur uppeldisfræðimenntun | 10,1 | 10,9 | 7,7 | 9,9 | 14,2 | 20,8 | 25,0 | 35,8 | 39,5 | 41,7 | 48,6 | 26,3 | 37,3 | 51,6 | 45,2 | 68,1 | **26,5** |
| Aðrir starfsmenn | 73,5 | 77,5 | 73,0 | 89,7 | 92,1 | 115,3 | 108,7 | 96,6 | 104,3 | 96,2 | 95,3 | 119,9 | 139,8 | 134,2 | 140,1 | 134,2 | **38,1** |
| **Stöðugildi samtals** | **126,2** | **130,2** | **134,0** | **155,0** | **154,0** | **193,0** | **190,8** | **197,0** | **205,4** | **207,4** | **222,9** | **231,4** | **248,2** | **259,9** | **247,5** | **247,9** | 40,5 |
| HDÍG á hvert stöðugildi | 4,1 | 4,3 | 4,5 | 4,3 | 4,2 | 4,1 | 4,1 | 4,1 | 4,1 | 4,1 | 4,1 | 4,0 | 4,0 | 3,6 | 3,6 | 3,7 | **-0,4** |
| Hlutfall leikskólakennara af stöðugildum samtals | 34% | 32% | 40% | 36% | 31% | 30% | 30% | 33% | 30% | 34% | 35% | 37% | 29% | 29% | 25% | 18% | |
| Hlutf. leikskólak. og uppeldisfr.m af st. samtals | 42% | 40% | 46% | 42% | 40% | 40% | 43% | 51% | 49% | 54% | 57% | 48% | 44% | 48% | 43% | 46% | |

Heimild: Samband íslenskra sveitarfélaga

Tafla 46 sýnir fjölda stöðugilda samtals hjá leikskólum í Garðabæ árin 2002 til 2017. Eins og taflan sýnir helst fjöldi HDÍG á hvert stöðugildi nokkuð stöðugt á milli ára hjá Garðabæ, eða 4,0 HDÍG á hvert stöðugildi. Hins vegar er fækkun hjá einkareknu leikskólunum. Árið 2011 voru 4,2 HDÍG á hvert stöðugildi en var komið niður í 3,2 árið 2017, eða fækkun um 1,0 HDÍG á milli þessara ára.

Á milli áranna 2011 og 2017 lækkar hlutfall stöðugilda leikskólakennara af heildarfjölda stöðugilda hjá Garðabæ. Hlutallið var 35% árið 2011 en komið niður í 27% árið 2017. Hins vegar fjölgar stöðugildum starfsmanna með aðra uppeldismenntun. Þannig að samtals hlutfall leikskólakennara og þeirra sem eru með aðra uppeldismenntun hækkar á milli áranna 2011 og 2017 sem hlutfall af heildarfjölda stöðugilda. Þetta hlutfall var 54% árið 2011 en komið í 61% árið 2017. Samkvæmt þessu er nokkuð hátt hlutfall starfsmanna í leikskólum Garðabæjar með uppeldismenntun, eða 61% af heildarfjölda stöðugilda.

Hjá einkareknum leikskólum fækkar leikskólakennurum. Hlutfall leikskólakennara af stöðugildum samtals var 31% árið 2011 en komið niður í 6% árið 2017. Einnig lækkaði hlutfall stöðugilda samtals leikskólakennara og uppeldisfræðimenntaðra starfsmanna hjá einkareknum leikskólunum. Hlutfallið var 53% árið 2011 en komið í 23% árið 2017.

## LEIKSKÓLINN HOLTAKOT

Holtakot er fjögurra deilda leikskóli. Í vetur (2018/2019) voru 72 börn við leikskólann. Leikskólinn getur verið með allt upp í 80 börn. Við leikskólann er leikskólastjóri, aðstoðarleikskólastjóri, sérkennslustjóri og fjórir deildarstjórar. Samtals eru 12,67 stöðugildi á deildum með deildarstjórum. Auk þess er eitt stöðugildi sem annast um stuðning. Heimild er fyrir 75% stöðugildi í viðbót. Í eldhúsi er 1,75 stöðugildi. Er með 75% stöðugildi í afleysingu og undirbúning.

Samantekið eru stöðugildin sem hér segir:

| | |
|---|---|
| Leikskólastjóri | 1,00 stöðugildi |
| Aðstoðarleikskólastjóri | 1,00 |
| Sérkennslustjóri | 1,00 |
| Deildarstjórar | 4,00 |
| Starfsmenn á deildum | 8,67 |
| Afleysing v/undirbúnings | 0,75 |
| Afleysing v/ veikinda | 1,00 |
| Eldhús | 1,75 |
| Samtals | 19,17 stöðugildi |

Fram kom í máli leikskólastjóra að það þyrfti að auka starfshlutfall sem er í afleysingu. Við leikskólann er samtals 1,75 stöðugildi vegna afleysinga.

Klukkan 7:30 mætir leikskólastjóri og einn starfsmaður. Er með tvo starfsmenn til skiptis viku og viku til að opna með leikskólastjóra. Greitt er álag vegna opnunar á morgnana til starfsmanna en ekki til leikskólastjóra.

Leikskólinn fær um 30 klukkustundir á starfsmann á ári í yfirvinnu. Yfirvinna var 4,0% af mánaðarlaunum árið 2018. Eru með sérverkefnapott sem er úthlutað eftir stærð leikskóla að sögn leikskólastjóra að hann telur. Starfsmenn taka að sér ákveðin verkefni og er greitt úr þessum potti vegna þess, sem dæmi má nefna verkefnastjóra yfir grænfána. Verkefnastjórnun er unnin innan daglegs vinnutíma. Þannig að um er að ræða uppbót á laun. Leikskólastjóri setur um tvær klukkustundir á hvert verkefni í mánuði, sem viðkomandi starfsmaður fær greitt.

Varðandi viðhaldsmál, þá er fljótt brugðist við ef eitthvað bilar. Vegna takmarkaðs fjármagns í viðhald er ekki hægt að láta gera við allt sem þarf. Fá góð viðbrögð frá tækni- og umhverfissviði. Hins vegar kemur fyrir að það vanti svör við tölvupóstum þegar sent er á þann starfsmann sem sér um viðhaldsmálin. Fram kom mikil ánægja með nýjan húsumsjónarmann hjá leikskólanum, sem er jafnframt húsumjónarmaður í Álftanesskóla og leikskólanum Krakkakoti.

Húsnæði er í þokkalegu standi að sögn leikskólastjóra.

Samskipti við fræðslu- og menningarsviðið er gott. Á undanförnum árum er búið að koma miklu af verkefnum yfir á leikskólastjóra. Leikskólastjóri fær umsóknir um leikskóladvöl og vinnur úr þeim. Sótt er um leikskóladvöl á viðkomandi skóla og leikskólastjóri vinnur úr umsóknum. Leikskólastjóri sendir bréf til foreldra og tilkynnir um þegar leikskóladvöl hefur verið samþykkt.

Leikskólastjóri tekur saman leikskólagjöld vegna hvers barns í mánuði hverjum og sendir áfram í ráðhúsið til innheimtu. Fram kom að vilji leikskólastjóra væri að

leikskólagjöldin væru alfarið unnin í ráðhúsinu eins og áður var. Hér áður fyrr útbjó leikskólastjóri excel skjal og sendi á viðkomandi starfsmann sem vann úr því og útbjó gjöldin til innheimtu. Starfsmaðurinn sem gerði þetta áður er enn að vinna á skrifstofunni að sögn leikskólastjóra. Þessu var breytt fyrir um tveimur árum.

Börnin fá morgunmat, hádegismat og síðdegiskaffi. Millibiti á morgnana og einnig síðdegis.

Innkaup vegna eldhússins fara fram hjá nokkrum aðilum, má þar nefna Mjólkursamsöluna, Ekruna, Norðlenska og fisksala í Hafnarfirði. Pöntun er gerð símleiðis og síðan er hún send til leikskólans. Fram kom hjá leikskólastjóra að hann veit lítið um nákvæma prósentu á afslætti sem fást vegna þessara innkaupa. Í júlí þegar fisksalinn lokar fer leikskólastjóri í Fjarðarkaup og kaupir fisk þar á verðinu sem er í búðinni.

Starfsmaður í eldhúsi annast alfarið innkaupin vegna eldhússins að öðru leyti.

Leikskólastjóra finnst það koma til greina að vera með sameiginleg innkaup vegna matarkaupa fyrir leikskólana en það yrði að gerast í samráði við matráðinn.

Leikskólastjóri hefur aðgang að „Smalaholti" og fær einnig reglulega yfirlit yfir fjárhagsstöðuna. Fjármálastjóri kemur á fund með leikskólastjórum á þriggja mánaða fresti til að fara yfir fjárhagsstöðuna.

Við fjárhagsáætlunargerð fær leikskólastjóri heildarupphæðina sem ætluð er í annað en laun og brýtur niður á lykla.

Launaáætlun vinnur leikskólastjóri ekki.

Fram kom í máli leikskólastjóra að hann vildi sjá meira samtal á fundum leikskólastjóra með stjórnendum fræðslu- og menningarsviðs varðandi málefni leikskólanna til að styðja leikskólastjóra frekar í starfi.

Fram kom mikil ánægja með þróunarsjóðinn. Í hann er sótt um ákveðin verkefni.

Tölvukostur er í góðu lagi en nokkuð hægvirkur.

Allir deildarstjórar eru með fartölvur, einnig sérkennslustjóri og aðrir stjórnendur. Síðan eru deildartölvur fyrir hverja deild. Það eru fartölvur. Spjaldtölvur eru inná deildum til að skrá inn á Karellen.

Starfsmenn fá hálfan frídag fyrir hvern mánuð ef engin forföll eru hjá viðkomandi starfsmanni í þeim mánuði. Starfsmenn geta náð fjórum dögum mest í auka frídaga fyrir forfallalausa mánuði. Ef ekki er mætt einn dag í mánuði fæst ekki aukafrídagur vegna þess mánaðar. Þetta fyrirkomulag hefur leitt til þess að mætingar eru 35,6% betri en árið áður en þetta fyrirkomulag var tekið upp, þ.e. veikindadögum hefur fækkað um 35,6% að sögn leikskólastjóra.

Hver starfsmaður fær að fara í göngutúr hálfa klukkustund tvisvar í viku. Þetta hefur aukið mikið á starfsánægju starfsmanna.

Allir fagmenn fá undirbúningstíma. Deildarstjórar fá fimm klukkustundir á viku. Leikskólakennari á deild fær fjórar klukkustundir. Aðrir starfsmenn hafa ekki fengið

undirbúningstíma. Breyta á því í haust og eiga þá allir aðrir starfsmenn að fá um klukkustund.

Dagar annast ræstingar í leikskólanum. Fram kom að ekki er ánægja með ræstingarnar. Mikill kostnaður og illa þrifið. Af ræstingavörum sér verktakinn eingöngu um þrifaefni. Kostnaður vegna ræstinga árið 2018 var 4.172 þúsund krónur.

Kostnaður er mikill við að bóna gólf skólans. Alþrif eru ekki gerð nema af starfsmönnum.

Börnin fara fæst niður í um 30 yfir sumarmánuðina. Nokkur vinna fer í að skipuleggja sumaropnun vegna sumarleyfa starfsmanna.

Varðandi barnaverndarmál þá vantar meira upp á samstarf og upplýsingar til leikskólans, að sögn leikskólastjóra varðandi börn, sem eru á leikskólanum.

Tafla 47: Rekstrargjöld og -tekjur samanburðarleikskóla á hvert heildagsígildi árið 2017 í þúsundum króna

| | Kópav | Snæf.b. | Hverag. | Kópav | Kópav | Garðab. | Stykkish. | Rvikurb. | Rvikurb. | Rvikurb. | Rvikurb. |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| | Fagra-brekka | Leikskóli Snæfells-bæjar | Undra-land | Furu-grund | Kópa-steinn | Holta-kot | Leik-skólinn í Stykkis-hólmi | Múla-borg | Granda-borg | Sól-borg | Lyng-heimar |
| Heildagsígildi (HDÍG) | 72,3 | 72,3 | 73,0 | 73,9 | 74,4 | 76,4 | 76,4 | 76,9 | 77,1 | 77,9 | 78,6 |
| Fjöldi barna | 68 | 78 | 73 | 72 | 71 | 75 | 78 | 76 | 73 | 75 | 74 |
| Rekstrarkostnaður á hvert HDÍG | 2.235 | 2.741 | 2.079 | 2.778 | 2.510 | 1.979 | 1.860 | 3.048 | 1.973 | 3.046 | 1.979 |
| Launakostnaður á hvert HDÍG | 2.004 | 2.455 | 1.851 | 2.569 | 2.292 | 1.656 | 1.634 | 2.765 | 1.756 | 2.749 | 1.742 |
| Annar rekstrarkostnaður á hvert HDÍG | 230 | 287 | 229 | 208 | 219 | 323 | 225 | 282 | 218 | 297 | 237 |
| Tekjur á hvert HDÍG | 335 | 453 | 633 | 333 | 329 | 430 | 434 | 291 | 286 | 247 | 243 |
| Tekjur sem hlutfall af brúttó gjöldum | 15% | 17% | 30% | 12% | 13% | 22% | 23% | 10% | 14% | 8% | 12% |

Heimild: Samband íslenskra sveitarfélaga

Tafla 47 sýnir rekstrargjöld og –tekjur á hvert heildagsígildi (HDÍG) árið 2017 fyrir samanburðarleikskóla, þ.e. fimm leikskóla með fleiri HDÍG og fimm með færri en Holtakot. Jafnframt sýnir taflan tekjur sem hlutfall af gjöldum. Í rekstrargjöldum er innri leiga ekki meðtalin. Ástæða þess er að sveitarfélög nota mismunandi aðferðir við að reikna innri leigu.

Í þessum samanburði er rekstrarkostnaður á hvert HDÍG næst lægstur hjá leikskólanum Holtakoti. Lægstur var kostnaðurinn hjá Leikskólanum í Stykkishólmi þar sem hann var 1.860 þúsund krónur á hvert HDÍG. Til samanburðar var þessi kostnaður 1.979 þúsund krónur hjá leikskólanum Holtakoti. Nota ber þennan samanburð sem vísbendingu þar sem leikskólar geta verið mismunandi með hliðsjón m.a. af aldri barna, þjónustuþörf barna á viðkomandi leikskóla o.s.frv.

Einn leikskóli var með lægri launakostnað á hvert HDÍG en leikskólinn Holtakot. Í þessum samanburði var annar rekstrarkostnaður án innri leigu hæstur hjá leikskólanum Holtakoti. Einn leikskóli var með hærri tekjur á hvert HDÍG en leikskólinn Holtakot í þessum samanburði.

## Tafla 48: Skipting launa hjá leikskólanum Holtakoti árin 2016, 2017 og 2018 í þúsundum króna

| | 2016 | 2017 | 2018 | Hlutfallselg breyting 2016/2018 | 2017/2018 |
|---|---|---|---|---|---|
| Mánaðarlaun | 79.430 | 88.659 | 95.401 | 20% | 8% |
| Dagvinnulaun | 2.215 | 1.654 | 2.001 | -10% | 21% |
| Yfirvinna | 2.804 | 2.603 | 3.817 | 36% | 47% |
| Vaktaálag | 220 | 233 | 212 | -4% | -9% |
| Sérverkefni | 1.292 | 2.950 | 2.846 | 120% | -4% |
| Sérkennsla | 8.838 | 3.455 | 5.745 | -35% | 66% |
| Önnur laun | 2.983 | 3.207 | 3.233 | 8% | 1% |
| Áfallið orlof | 1.845 | -1.242 | -572 | -131% | -54% |
| Launatengd gjöld alls | 24.158 | 24.967 | 27.291 | 13% | 9% |
| Annar starfsmannakostnaður | 95 | 87 | 76 | -20% | -13% |
| **Samtals** | **123.880** | **126.574** | **140.051** | **13%** | **11%** |
| Yfirvinna sem hlutfall af mánaðarlaunum | 4% | 3% | 4% | | |
| Yfirvinna og sérverkefni sem hlutfall af mánaðarlaunum | 5% | 6% | 7% | | |

Heimild: Garðabær

Tafla 48 sýnir skiptingu launaútgjalda hjá leikskólanum Holtakoti árin 2016, 2017 og 2018.

Launaútgjöldin hækka um 11% á milli áranna 2017 og 2018. Mánaðarlaun hækkuðu um 8%, yfirvinna um 47% og sérkennsla um 66%.

Á milli áranna 2016 og 2018 hækkuðu launaútgjöldin um 13%.

Yfirvinna og sérverkefni sem hlutfall af mánaðarlaunum hefur farið hækkandi, var 5% ári 2016 en 7% 2018.

## Tafla 49: Nokkrir útgjaldaliðir hjá leikskólanum Holtakoti árin 2016 til 2018

| | 2016 | 2017 | 2018 | Breyting 2017/2018 | 2016/2018 |
|---|---|---|---|---|---|
| Matvæli | 8.238 | 8.279 | 8.872 | 7,15% | 7,69% |
| Rafmagn | 1.089 | 1.021 | 1.115 | 9,18% | 2,38% |
| Heitt vatn | 646 | 417 | 795 | 90,41% | 22,97% |
| Kalt vatn | 221 | 231 | 207 | -10,39% | -6,31% |
| Hreinlætisvörur | 635 | 654 | 698 | 6,81% | 10,03% |
| Vinnufatnaður | 0 | 251 | 212 | -15,67% | |
| Aðkeypt ræsting | 3.370 | 3.568 | 3.829 | 7,31% | 13,60% |
| Sorphreinsun | 257 | 228 | 232 | 1,97% | -9,82% |
| **Samtals** | **14.457** | **14.650** | **15.959** | **8,94%** | **10,39%** |

Heimild: Garðabær

Tafla 49 sýnir nokkrar útgjaldaliði hjá Holtakoti árin 2016 til 2017.

Eins og fram kemur á töflunni hækkuðu þessir útgjaldaliðir samtals um 8,9% á milli áranna 2017 og 2018. Til samanburðar þá hækkaði meðtalsvísitala neysluverðs um 2,7% á milli áranna 2017 og 2018.

Tafla 50: Fjöldi HDÍG og stöðugilda í leikskólanum Holtakoti árin 2002 til 2017 og fjöldi HDÍG á hvert stöðugildi.

| | 2007 | 2008 | 2009 | 2010 | **2011** | 2012 | 2013 | 2014 | 2015 | 2016 | **2017** | Breyting 2011/2017 |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| Heildagsígildi (HDÍG) | 44,3 | 55,9 | 78,8 | 71,3 | **71,0** | 76,0 | 78,9 | 76,4 | 66,1 | 65,3 | **76,4** | 5,4 |
| Leikskólakennari | 1,5 | 2,3 | 6,2 | 5,9 | **5,5** | 9,6 | 8,0 | 7,4 | 7,4 | 5,6 | **6,6** | 1,1 |
| Önnur uppeldisfræðimenntun | 2,1 | 1,0 | 3,0 | 2,0 | **2,7** | 2,7 | 0,0 | 0,9 | 0,9 | 1,8 | **4,4** | 1,7 |
| Aðrir starfsmenn | 12,1 | 15,3 | 15,9 | 10,8 | **12,1** | 11,8 | 11,1 | 10,7 | 11,7 | 10,1 | **8,4** | -3,7 |
| Stöðugildi samtals | **15,7** | **18,5** | **25,1** | **18,7** | **20,2** | **24,2** | **19,1** | **19,0** | **20,0** | **17,4** | **19,4** | -0,8 |
| HDÍG á hvert stöðugildi | 2,8 | 3,0 | 3,1 | 3,8 | **3,5** | 3,1 | 4,1 | 4,0 | 3,3 | 3,7 | **3,9** | 0,4 |
| Hlutfall leikskólakennara af stöðugildum samtals | 10% | 12% | 25% | 31% | **27%** | 40% | 42% | 39% | 37% | 32% | **34%** | |
| Hlutf. leikskólak. og uppeldisfr.m af st. samtals | 23% | 18% | 37% | 42% | **40%** | 51% | 42% | 44% | 41% | 42% | **57%** | |

Heimild: Samband íslenskra sveitarfélaga

Tafla 50 sýnir fjölda HDÍG og stöðugilda hjá leikskólanum Holtakoti frá árinu 2007 til 2017.

Eins og taflan sýnir fækkar stöðugildum um 0,8 á milli áranna 2011 og 2017. Á sama tíma fjölgaði HDÍG um 5,4. Fjöldi HDÍG á hvert stöðugildi var 3,5 árið 2011 en var komið upp í 3,9 árið 2017, eða aukning um 0,4 HDÍG á hvert stöðugildi.

Hlutfall fagmenntaðra starfsmanna hefur farið hækkandi. Fjöldi stöðugilda leikskólakennara sem hlutfall af stöðugildum samtals var 27% árið 2011 en 34% árið 2017. Á sama hátt var samtals fjöldi stöðugilda leikskólakennara og uppeldisfræðimenntaðra starfsmanna sem hlutfall af stöðugildum samtals 40% árið 2011 en 57% árið 2017.

Leikskólinn Holtakot er á Álftanesi. Rétt er að fram komi að í byrjun árs 2011 sameinaðist Sveitarfélagið Álftanes Garðabæ. Eins og fram kemur í töflu 50 hefur stöðugildum annarra starfsmanna við leikskólann fækkað, á sama tíma hefur stöðugildum fagmenntaðra starfsmanna farið fjölgandi og einnig HDÍG við skólann. Þannig má ætla að sameiningin hafi haft jákvæð áhrif á málefni skólans, alla vega hvað starfsmannamálin varðar.

## Tafla 51: Fjöldi stöðugilda í samanburðarleikskólum og HDÍG á hvert stöðugildi árið 2017

| | Kópav | Snæf.b. | Hverag. | Kópav | Kópav | Garðab. | Stykish. | Rvikurb. | Rvikurb. | Rvikurb. | Rvikurb. |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| | Fagra-brekka | Leikskóli Snæfells-bæjar | Undra-land | Furu-grund | Kópa-steinn | Holta-kot | Leik-skólinn í Stykkis-hólmi | Múla-borg | Granda-borg | Sól-borg | Lyng-heimar |
| Heildagsígildi (HDÍG) | 72,3 | 72,3 | 73,0 | 73,9 | 74,4 | 76,4 | 76,4 | 76,9 | 77,1 | 77,9 | 78,6 |
| Fjöldi barna | 68 | 78 | 73 | 72 | 71 | 75 | 78 | 76 | 73 | 75 | 74 |
| Leikskólakennarar | 5,5 | 6,3 | 5,6 | 12,0 | 8,1 | 6,6 | 3,7 | 10,7 | 3,0 | 8,3 | 8,4 |
| Önnur uppeldismenntun | 3,5 | 8,8 | 5,1 | 1,9 | | 4,4 | 4,2 | 3,6 | 6,0 | 10,4 | |
| Ófaglærðir starfsmenn | 11,8 | 8,0 | 10,7 | 7,2 | 14,9 | 6,6 | 11,1 | 12,7 | 8,3 | 9,1 | 10,7 |
| Annað, matseld og þrif | 1,6 | 4,0 | 1,8 | 1,7 | 1,8 | 1,8 | 1,5 | 2,0 | 2,0 | 2,0 | 1,6 |
| **Samtals** | **22,5** | **27,0** | **23,2** | **22,8** | **24,7** | **19,4** | **20,5** | **29,0** | **19,3** | **29,7** | **20,7** |
| **HDÍG á hvert stöðugildi:** | | | | | | | | | | | |
| Leikskólakennara | 13,0 | 11,5 | 13,1 | 6,2 | 9,2 | 11,6 | 20,4 | 7,2 | 25,7 | 9,4 | 9,4 |
| Leikskólakennara og aðra uppeldismenntun | 8,0 | 4,8 | 6,8 | 5,3 | 9,2 | 6,9 | 9,7 | 5,4 | 8,6 | 4,2 | 9,4 |
| Ófaglærðra og annarra starfsmanna | 5,4 | 6,0 | 5,8 | 8,3 | 4,5 | 9,1 | 6,1 | 5,2 | 7,5 | 7,0 | 6,4 |
| Samtals | 3,2 | 2,7 | 3,2 | 3,2 | 3,0 | 3,9 | 3,7 | 2,6 | 4,0 | 2,6 | 3,8 |
| Hlutfall leikskólakennara af stöðugildum samtals | 25% | 23% | 24% | 53% | 33% | 34% | 18% | 37% | 16% | 28% | 41% |
| Hlutf. leikskólak. og uppeldisfr.m af st. samtals | 40% | 56% | 46% | 61% | 33% | 57% | 39% | 49% | 47% | 63% | 41% |

Heimild: Samband íslenskra sveitarfélaga

Tafla 51 sýnir fjölda stöðugilda í samanburðarleikskólum árið 2017 og fjölda HDÍG á hvert stöðugildi. Eins og taflan sýnir kemur leikskólinn Holtakot vel út í þessum samanburði. Einn leikskóli var með fleiri HDÍG á hvert stöðugildi en Holtakot. Var það leikskólinn Grandaborg í Reykjavíkurborg þar sem HDÍG voru 4,0 samanborðið við 3,9 hjá Holtakoti.

Tveir leikskólar voru með hærra hlutfall stöðugilda fagmenntaðra af heildarfjölda stöðugilda en leikskólinn Holtakot. Voru það leikskólinn Sólborg í Reykjavíkurborg, þar sem hlutfallið var 63%, og leikskólinn Furugrund í Kópavogi, þar sem hlutfallið var 61%. Hjá leikskólanum Holtakoti var hlutfallið 57%.

## LEIKSKÓLINN KRAKKAKOT

Leikskólinn Krakkakot er sex deilda leikskóli. Deildarstjórar eru á hverri deild. Í júní 2019 voru börnin 106 en geta verið allt að 120.

Fjöldi barna fer eftir aldurssamsetningu ef yngstu börnin eru fjölmenn þá er færra í skólanum. Yngstu börnin eru 12 mánaða.

Stjórnendur við leikskólann eru leikskólastjóri, aðstoðarleikskólastjóri, sex deildarstjórar og sérkennslustjóri.

Stöðugildi við leikskólann skiptast sem hér segir:

| | |
|---|---|
| Leikskólastjóri | 1,00 stöðugildi |
| Aðstoðarleikskólastjóri | 1,00 |
| Sérkennslustjóri | 1,00 |
| Deildarstjórar | 6,00 |
| Aðrir starfsmenn á deildum | 13,25 |
| Afleysingar | 1,45 |
| Eldhús | 2,00 |
| **Samtals:** | **25,75** |

Klukkan 7:30 mæta leikskólastjóri og aðstoðarleikskólastjóri til að opna leikskólann. Aðrir starfsmenn mæta kl. 8:00.

Aðstoðarleikskólastjóri fær greitt álag fyrir að mæta fyrir kl. 8:00.

Um 75% af börnunum eru í átta og átta og hálf klukkustund á leikskólanum á degi hverjum að sögn leikskólastjóra.

Starfsmannafundir eru haldnir einu sinni í mánuði. Þeir standa yfir í tvær til þrjár klukkustundir sem greitt er fyrir í yfirvinnu. Einnig er greidd yfirvinna til hluta af starfsmönnum vegna starfsdaga ef þeir eru utan vinnutíma hjá viðkomandi.

Auk þessa er Potturinn sem notaður er í greiðslur fyrir sérverkefni. Sem dæmi má nefna verkefnastjóra yfir grænfánanum o.s.frv.

Undirbúningstímar eru eins og samningar segja til um. Deildarstjórar eru með fimm klukkustundir og leikskólakennarar fjórar klukkustundir.

Deildarstjórar hafa verið að bjóða ófaglærðum starfsmönnum undirbúning einu sinni í mánuði.

Samskipti við fræðslu- og menningarsvið gengur mjög vel. Verkefnastjóri leikskóla hefur reynst vel.

Eiga í samskiptum við fjölskyldusviðið. Öll stoðþjónusta er til fyrirmyndar hjá sveitarfélaginu. Frábær og skilvirk að sögn leikskólastjóra. Eru með sérkennsluteymisfundi á sex vikna fresti. Þar er farið yfir þau mál þar sem börn þurfa stuðning. I vetur voru um 20 börn sem þurftu stuðning.

Fram kom ánægja með leikskólastjórafundi.

Störf leikskólastjóra hafa aukist umtalsvert. Sem dæmi má nefna eru leikskólastjórar komnir með útreikning á leikskólagjöldum og utanumhald um þau.

Sitja innritunarfundi, þar sem farið er yfir umsóknir um leikskóladvöl. Leikskólinn sér um að senda tilkynningar á foreldra varðandi leikskóladvöl og sér um að leikskólagjöldin séu rétt. Sér líka um að vinnustund sé rétt.

Þurfa alltaf að skila skýrslum vegna þróunarsjóðsins. Fá ekki síðustu greiðslur úr þróunarsjóði nema að skila skýrslu um verkefnið. Mikil ánægja er með þróunarsjóðinn og hefur leikskólastarfið þróast mikið með tilkomu hans.

Samskipti við tækni- og umhverfissvið. Þar mætti starfsmaður sem annast viðhald svara tölvupóstum betur. Að öðru leyti stendur tækni- og umhverfissvið sig með mikilli prýði. Ef málið snýr að öryggi barna eru starfsmenn sviðsins komnir um hæl. Nýr húsumsjónarmaður hefur sést oftar frá því sem áður var.

Eftir að húsumsjónarmenn tóku yfir viðhaldsmál í leikskólum hafa komið upp ýmis vandamál. Hefur ekki verið nægilegt skipulag á því hvernig á að kalla eftir viðhaldi.

Sá starfsmaður sem sér um lóð leikskólans hefur staðið sig vel. Þjónustumiðstöðin hefur alltaf staðið sig vel. Fulltrúar á launadeild leysa vel úr málum og hafa bjargað miklu. Einnig eru góð samskipti við mannauðsstjóra.

Sameining sveitarfélaganna gekk vel fyrir sig og margt hefur þróast á jákvæðan veg. Hafa fengið mikinn faglegan stuðning eftir sameininguna.

Börnin fá morgunmat, hádegismat og síðdegis hressingu. Börnin fá ávaxtahressingu á morgnana og alltaf með síðdegishressingu.

Allur matur er unninn frá grunni. Fram kom í máli leikskólastjóra að hann telur að leikskólinn fái ekki mikinn afslátt þegar keypt er inn í matinn. Fá bara þennan hefðbundna afslátt sem skólar fá þegar keypt er af birgjum.

Versla mikið við Ekruna, Mjólkursamsöluna, Sæfisk, Norðlenska o.fl. Stundum er verslað við Stórkaup, kaffi frá Ölgerðinni. Skipta einnig við Rekstrarvörur og annast leikskólastjóri þau innkaup. Allur pappír, hreinlætisvörur eru frá Rekstrarvörum. Ekkert hefur verið boðið út.

Fram kom vilji hjá leikskólastjóra að afleysingarprósentan verði hækkuð. Er núna 8,33% samkvæmt reiknilíkani.

Aðstoðarleikskólastjóri á að vera 40% starfi sem slíkur en nær því yfirleitt ekki yfir veturinn.

Endurskoða þarf barngildin, sérstaklega varðandi yngstu börnin. Einnig má endurskoða barngildi á eldri börnunum. Þau eru orðin mun meira krefjandi en áður var.

Leikskólinn hefur gefið starfsmönnum jólagjafir. Þrátt fyrir það finnst starfsmönnum eins og bærinn gefi ekki jólagjafir þar sem þær koma ekki frá ráðhúsinu.

Öllum starfsmönnum er gefinn kostur á að hreyfa sig einu sinni í viku í vinnutíma. Þetta er gert þannig að kaffipásum yfir daginn er þjappað saman í einn kaffitíma í hádegi og einu sinni í viku er kaffitíminn ein klukkustund. Þá gefst starfsmönnum tækifæri til að hreyfa sig í 30 mínútur eða lengur og hvíla í 30 mínútur eða skemur. Með þetta fyrirkomulag hefur verið mikil ánægja.

Skiptar skoðanir eru um sumaropnun leikskólanna.

Allir stjórnendur eru með fartölvur. Síðan er tölva á hverri deild og spjaldtölvur. Mætti fylgja meiri þjónusta með spjaldtölvum. Óljóst er hver á að sinna spjaldtölvu umhverfinu hjá sveitarfélaginu að sögn leikskólastjóra.

Ræstingar eru unnar af Dögum. Ekki alltaf ánægja með ræstingarnar. Veltur á því hver er að ræsta.

Hafa mætt velvilja allstaðar í stjórnkerfinu.

### Tafla 52: Rekstrargjöld og -tekjur samanburðarleikskóla á hvert heildagsígildi (HDÍG) árið 2017 í þúsundum króna

| | Rvikurb. Jörfi | Hornafj. Sjónar-hóll | Dalvíkurb. Kátakot/ Krílakot | Hafnarfj. Hlíðar-berg | Garðab. Akrar | Garðab. Krakka-kot | Reykjanesb. Garðasel | Akureyri Kiðagil | Rvikurb. Haga-borg | Kópav. Núpur | Rvikurb. Hjalla-tún |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| Heildagsígildi (HDÍG) | 97,0 | 98,4 | 98,5 | 98,8 | 99,6 | 99,9 | 100,1 | 100,6 | 100,8 | 101,6 | 102,4 |
| Fjöldi barna | 93 | 107 | 100 | 97 | 96 | 100 | 97 | 102 | 95 | 98 | 104 |
| Rekstrarkostnaður á hvert HDÍG | 1.844 | 2.118 | 1.922 | 2.144 | 1.954 | 2.118 | 2.039 | 1.548 | 2.034 | 1.955 | 1.932 |
| Launakostnaður á hvert HDÍG | 1.560 | 1.891 | 1.671 | 1.942 | 1.665 | 1.809 | 1.771 | 1.374 | 1.760 | 1.745 | 1.658 |
| Annar rekstrarkostnaður á hvert HDÍG | 284 | 227 | 251 | 202 | 290 | 310 | 269 | 173 | 274 | 210 | 274 |
| Tekjur á hvert HDÍG | 312 | 291 | 372 | 385 | 459 | 435 | 365 | 447 | 245 | 353 | 378 |
| Tekjur sem hlutfall af brúttó gjöldum | 17% | 14% | 19% | 18% | 23% | 21% | 18% | 29% | 12% | 18% | 20% |

Heimild: Samband íslenskra sveitarfélaga

Tafla 52 sýnir rekstrargjöld og –tekjur á hvert heildagsígildi (HDÍG) árið 2017 fyrir samanburðarleikskóla, þ.e. fimm leikskóla með fleiri HDÍG og fimm með færri en Leikskólinn Krakkakot. Jafnframt sýnir taflan tekjur sem hlutfall af gjöldum. Í rekstrargjöldum er innri leiga ekki meðtalin. Ástæða þess er að sveitarfélög nota mismunandi aðferðir við að reikna innri leigu.

Í þessum samanburði er einn leikskóli með hærri rekstrarkostnað á hvert HDÍG en leikskólinn Krakkakot. Lægstur var kostnaðurinn hjá leikskólanum Kiðagili á Akureyri, þar sem hann var 1.548 þúsund krónur á hvert HDÍG. Til samanburðar var þessi kostnaður 2.118 þúsund krónur hjá leikskólanum Krakkakoti, eða mismunur upp á 571 þúsund krónur á hvert HDÍG í þessum leikskólum. Miðað við 99,9 HDÍG gerir þessi mismunur samtals 56.995 þúsund krónur. Hafa ber þennan samanburð sem vísbendingu, þar sem leikskólar geta verið mismunandi með hliðjón m.a. af aldri barna, þjónustuþörf barna á viðkomandi leikskóla o.s.frv.

Tveir leikskólar voru með hærri launakostnað á hvert HDÍG en leikskólinn Krakkakot í þessum samanburði. Í þessum samanburði var annar rekstrarkostnaður án innri leigu hæstur hjá leikskólanum Krakkakoti og munar þar nokkru.

### Tafla 53: Skipting launa hjá leikskólanum Krakkakoti árin 2016 til 2017

| | 2016 | 2017 | 2018 | Breyting 2016/2018 | Breyting 2017/2018 |
|---|---|---|---|---|---|
| Mánaðarlaun | 111.182 | 118.675 | 118.750 | 7% | 0% |
| Dagvinnulaun | 3.594 | 2.290 | 3.346 | -7% | 46% |
| Yfirvinna | 3.543 | 2.483 | 4.450 | 26% | 79% |
| Vaktaálag | 312 | 776 | 793 | 154% | 2% |
| Sérverkefni | 767 | 1.807 | 3.146 | 310% | 74% |
| Sérkennsla | 7.903 | 10.722 | 14.917 | 89% | 39% |
| Veikindalaun | | 2.691 | 3.327 | | 24% |
| Önnur laun | 3.867 | 4.326 | 4.518 | 17% | 4% |
| Áfallið orlof | 2.319 | 2.801 | -1.934 | -183% | -169% |
| Launatengd gjöld alls | 31.328 | 34.071 | 36.506 | 17% | 7% |
| **Annar starfsmannakostnaður** | -841 | 189 | 114 | -114% | -40% |
| Samtals | **163.973** | **180.830** | **187.932** | 15% | 4% |
| Yfirvinna sem hlutfall af mánaðarlaunum | 3% | 2% | 4% | | |
| Yfirvinna og sérverkefni sem hlutfall af mánaðarlaunum | 4% | 4% | 6% | | |

Heimild: Garðabær

Tafla 53 sýnir skiptingu launaútgjalda hjá leikskólanum Krakkakoti árin 2016 til 2018. Launaútgjöldin hækka um 4% á milli áranna 2017 og 2018. Mánaðarlaun eru nánast óbreytt á milli áranna. Hins vegar hækkaði yfirvinna, sérkennsla og sérverkefni nokkuð á milli áranna. Yfirvinna af mánaðarlaunum var 2% árið 2017 samanborið við 4% árið 2018. Yfirvinna og sérverkefni sem hlutfall af mánaðarlaunum var 4% árið 2017 en 6% árið 2018.

Veikindalaun voru sem hlutfall af föstum mánaðarlaunum 2,8% árið 2018.

Á milli áranna 2016 og 2018 hækkuðu launagjöldin samtals um 15%.

## Tafla 54: Nokkrir útgjaldaliðir hjá leikskólanum Krakkakoti árin 2016 til 2018

| | | | | Breyting | |
|---|---|---|---|---|---|
| | 2016 | 2017 | 2018 | 2017/2018 | 2016/2018 |
| Matvæli | 10.329 | 14.180 | 14.931 | 5,29% | 44,56% |
| Rafmagn | 0 | 450 | 5 | -98,88% | #DIV/0! |
| Heitt vatn | 520 | 451 | 480 | 6,53% | -7,68% |
| Kalt vatn | 192 | 293 | 242 | -17,36% | 26,32% |
| Hreinlætisvörur | 742 | 866 | 625 | -27,81% | -15,81% |
| Vinnufatnaður | 132 | 243 | 204 | -16,15% | 54,80% |
| Aðkeypt ræsting | 3.380 | 3.618 | 3.762 | 3,98% | 11,32% |
| Sorphreinsun | 350 | 366 | 451 | 23,24% | 28,99% |
| **Samtals** | **15.644** | **20.468** | **20.701** | 1,14% | 32,32% |

Heimild: Garðabær

Tafla 54 sýnir útgjöld vegna nokkurra kostnaðarliða hjá leikskólanum Krakkakoti árin 2016 til 2018.

Eins og taflan sýnir var 1% hækkun á þessum útgjöldum samtals á milli áranna 2017 og 2018. Rétt er að vekja athygli á mikilli hækkun vegna matvæla á milli áranna 2016 og 2017, en kostnaðurinn hækkar um 37% á milli þessara ára.

## Tafla 55: Fjöldi HDÍG og stöðugilda í leikskólanum Krakkakoti 2002 til 2017 og fjöldi HDÍG á hvert stöðugildi

| | | | | | | | | | | | | | | | | | **Breyting** |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| | 2002 | 2003 | 2004 | 2005 | 2006 | 2007 | 2008 | 2009 | 2010 | **2011** | 2012 | 2013 | 2014 | 2015 | 2016 | **2017** | **2011/2017** |
| Heildagsígildi (HDÍG) | 97,4 | 105,3 | 133,4 | 161,3 | 117,8 | 115,3 | 117,5 | 111,4 | 118,8 | **100,1** | 96,5 | 96,5 | 97,6 | 102,1 | 99,5 | **99,9** | **-0,3** |
| Leikskólakennari | 7,1 | 3,3 | 8,0 | 7,9 | 4,5 | 0,0 | 0,0 | 3,4 | 5,5 | **7,2** | 5,6 | 5,6 | 6,6 | 6,6 | 2,0 | **1,8** | **-5,4** |
| Önnur uppeldisfræðimenntun | 2,2 | 0,0 | 1,4 | 1,4 | 2,1 | 2,1 | 0,4 | 4,9 | 6,9 | **5,4** | 14,4 | 3,0 | 4,3 | 15,4 | 9,9 | **22,6** | **17,2** |
| Aðrir starfsmenn | 17,4 | 20,2 | 21,0 | 27,1 | 19,9 | 27,3 | 29,1 | 19,6 | 17,2 | **11,1** | 4,3 | 16,3 | 12,8 | 3,4 | 13,5 | **2,1** | **-8,9** |
| Stöðugildi samtals | 26,7 | 23,5 | 30,4 | 36,4 | 26,5 | 29,4 | 29,5 | 27,9 | 29,7 | **23,7** | 24,2 | 24,8 | 23,7 | 25,4 | 25,4 | **26,5** | **2,9** |
| HDÍG á hvert stöðugildi | 3,6 | 4,5 | 4,4 | 4,4 | 4,4 | 3,9 | 4,0 | 4,0 | 4,0 | **4,2** | 4,0 | 3,9 | 4,1 | 4,0 | 3,9 | **3,8** | **-0,5** |
| Hlutfall leikskólakennara af stöðugildum samtals | 27% | 14% | 26% | 22% | 17% | 0% | 0% | 12% | 19% | **30%** | 23% | 22% | 28% | 26% | 8% | **7%** | |
| Hlutf. leikskólak. og uppeldisfr.m af st. samtals | 35% | 14% | 31% | 26% | 25% | 7% | 2% | 30% | 42% | **53%** | 82% | 34% | 46% | 87% | 47% | **92%** | |

Heimild: Samband íslenskra sveitarfélaga

Tafla 55 sýnir fjölda HDÍG og stöðugilda hjá leikskólanum Krakkakoti árin 2002 til 2017. Jafnframt sýnir taflan hlutfall stöðugilda leikskólakennara af stöðugildum samtals og hlutfall stöðugilda leikskólakennara og starfsmanna með uppeldisfræðimenntun sem hlutfall af stöðugildum starfsmanna samtals.

Eins og taflan sýnir hefur verið ákveðinn stígandi í fjölda stöðugilda samtals frá árinu 2011. Á milli áranna 2011 og 2017 fjölgar stöðugildum um 2,9 en HDÍG lækkar um 0,9. Árið 2011 voru 4,2 HDÍG á hvert stöðugildi en var 3,8 árið 2017, eða fækkun um 0,5.

Hefði HDÍG á hvert stöðugildi árið 2017 verið það sama og það var árið 2011 hefðu stöðugildi samtals verið 23,6 samanborið við að þau voru 26,5, eða 2,9 stöðugildum færri.

Hlutfall stöðugilda leikskólakennara af stöðugildum samtals var 7% árið 2017 og hlutfall stöðugilda leikskólakennara og starfsmanna með aðra uppeldismenntun af stöðugildum samtals var 92%.

## Tafla 56: Fjöldi stöðugilda í samanburðarleikskólum og HDÍG á hvert stöðugildi árið 2017

| | Rvikurb. Jörfi | Hornafj. Sjónar-hóll | Dalvíkurb Kátakot/ Krílakot | Hafnarfj. Hlíðar-berg | Garðab. Akrar | Garðab. Krakka-kot | Reykjanesb. Garðasel | Akureyri Kiðagil | Rvikurb. Haga-borg | Kópav Núpur | Rvikurb. Hjalla-tún |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| Heildagsígildi (HDÍG) | 97,0 | 98,4 | 98,5 | 98,8 | 99,6 | 99,9 | 100,1 | 100,6 | 100,8 | 101,6 | 102,4 |
| Fjöldi barna | 93 | 107 | 100 | 97 | 96 | 100 | 97 | 102 | 95 | 98 | 104 |
| Leikskólakennarar | 3,6 | 2,0 | 10,1 | 6,0 | 2,0 | 1,8 | 7,6 | 6,8 | 7,2 | 8,9 | 5,8 |
| Önnur uppeldismenntun | 3,2 | 6,0 | 7,5 | 3,5 | 0,6 | 22,6 | 4,0 | 4,3 | 4,0 | 2,9 | 1,0 |
| Ófaglærðir starfsmenn | 14,4 | 20,8 | 9,7 | 16,4 | 18,5 | | 15,8 | 10,0 | 10,8 | 10,2 | 20,2 |
| Annað, matseld og þrif | 0,4 | 3,2 | 2,0 | 1,0 | 2,3 | 2,1 | 2,0 | 2,3 | 1,7 | 2,0 | 1,7 |
| **Samtals** | **21,6** | **32,0** | **29,3** | **26,9** | **23,4** | **26,5** | **29,4** | **23,3** | **23,7** | **24,0** | **28,7** |
| **HDÍG á hvert stöðugildi:** | | | | | | | | | | | |
| Leikskólakennara | 26,8 | 49,2 | 9,8 | 16,5 | 49,8 | 55,5 | 13,2 | 14,8 | 14,1 | 11,4 | 17,8 |
| Leikskólakennara og aðra uppeldismenntun | 14,3 | 12,3 | 5,6 | 10,4 | 38,9 | 4,1 | 8,6 | 9,1 | 9,0 | 8,6 | 15,2 |
| Ófaglærðra og annarra starfsmanna | 6,5 | 4,1 | 8,4 | 5,7 | 4,8 | 46,7 | 5,6 | 8,2 | 8,1 | 8,4 | 4,7 |
| **Samtals** | **4,5** | **3,1** | **3,4** | **3,7** | **4,3** | **3,8** | **3,4** | **4,3** | **4,3** | **4,2** | **3,6** |
| Hlutfall leikskólakennara af stöðugildum samtals | 17% | 6% | 34% | 22% | 9% | 7% | 26% | 29% | 30% | 37% | 20% |
| Hlutf. leikskólak. og uppeldisfr.m af st. samtals | 31% | 25% | 60% | 35% | 11% | 92% | 39% | 47% | 47% | 49% | 24% |

Heimild: Samband íslenskra sveitarfélaga

Tafla 56 sýnir fjölda stöðugilda í samanburðarleikskólunum árið 2017 og fjölda HDÍG á hvert stöðugildi.

Eins og taflan sýnir voru fimm leikskólar í þessum samanburði með færri HDÍG á hvert stöðugildi en leikskólinn Krakkakot.

Í þessum samanburði kemur leikskólinn vel út hvað varðar fjölda HDÍG á hvert stöðugildi leikskólakennara og annarra með uppeldisfræðimenntun, en það voru 4,1 HDÍG á hvert stöðugildi leikskólakennara og starfsmanna með aðra uppeldisfræðimenntun.

## Leikskólinn Lundaból

Leikskólinn Lundaból er þriggja deilda leikskóli. Börnin eru 63 (júní 2019). Við leikskólann er leikskólastjóri, aðstoðarleikskólastjóri, sem starfar í 25% stjórnunarstarfi, sérkennslustjóri í 75% starfi og þrír deildarstjórar. Í eldhúsi er 1,6 stöðugildi.

Stöðugildi við leikskólann eru sem hér segir (júní 2019):

| | | |
|---|---|---|
| Leikskólastjóri | 1,00 | stöðugildi |
| Aðstoðarleikskólastjóri | 1,00 | |
| Sérkennslustjóri | 0,75 | |
| Deildarstjórar | 3,81 | |
| Aðrir starfsmenn á deildum | 10,70 | |
| Eldhús | 1,60 | |
| **Samtals:** | **18.86** | |

Leikskólakennari opnar leikskólann á morgnana. Leikskólastjóri leysir hann af við opnun. Greitt er álag fyrir opnunina vegna leikskólakennarans.

Yfirvinna er vegna funda, tvær til fjórar klukkustundir í mánuði hverjum á hvern starfsmann. Síðan fellur ýmislegt til sem þarf að greiða yfirvinnu fyrir, t.d. opið hús o.s.frv.

Hefur launapott sem hún getur úthlutað úr. Potturinn skiptir miklu máli til að fá gott fólk og einnig þróunarsjóðurinn að sögn leikskólastjóra.

Samskipti við fræðslu- og menningarsvið eru góð.

Leikskólastjórafundir eru þarflegir. Fram kom í máli leikskólastjóra að þar væri fræðsla og styrking og farið yfir málin. Leikskólastjórar geta sent inn beiðni um umræðuefni sem farið er yfir undir önnur mál á fundunum.

Leikskólastjórar hafa verið að hittast fyrir utan leikskólastjórafundi.

Fær ágætan stuðning frá öðrum leikskólastjórum í erfiðum málum.

Samskipti við stjórnkerfið hjá bæjarfélaginu er mjög gott og þar með talið tækni- og umhverfissvið. Leikskólastjóra var vel tekið þegar hann hóf störf. Stjórnendur sendu tölvupósta og kynntu sig.

Gott að fá aðstoð hjá öllum innan stjórnkerfisins. Hins vegar kom fram óánægja varðandi fyrirkomulag á störfum húsumsjónarmanna leikskóla.

Dagar annast ræstingar. Það var mjög góður starfsmaður að ræsta en viðkomandi hætti og eftir það hafa komið upp vandamál.

Leikskólastjóri sinnir öllum samskiptum við Daga vegna ræstinga leikskólans.

Matarkaup: Matráður sér um að panta inn mat. Kaupir matinn hjá Ekrunni, Fiskikónginum o.fl. Sendi nokkrum aðilum póst fyrir nokkru og bað um tilboð vegna fiskkaupa.

Fjárhagsáætlun og eftirfylgni með henni gengur mjög vel að sögn leikskólastjóra.

Leikskólastjórar annast innritun og skólagjöldin. Verkefnastjóri leikskóla stýrir innrituninni. Það eru haldnir innritunarfundir. Leikskólastjórar sitja alla þessa fundi.

Tölvumál eru í mjög góðu lagi að sögn leikskólastjóra. Netið virkar vel. Gott að fá aðstoð hjá öllum. Hins vegar kom fram óánægja varðandi störf og fyrirkomulag starfa húsumsjónarmanns leikskólans sbr. hér að framan.

### Tafla 57: Rekstrargjöld og -tekjur samanburðarleikskóla á hvert heildagsígildi (HDÍG) árið 2017 í þúsundum króna

| | Borgarb. Anda-bær | Vesturb. Ara-klettur | H.vestra Ás-garður | Fjarðab. Kæri-bær | Rvikurb. Brákar-borg | Garðab. Lunda-ból | Rvikurb. Garða-borg | Bolun. Glað-heimar | Rvikurb. Hóla-borg | Rvikurb. Blásalir | Rvikurb. Bakki - Berg |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| Heildagsígildi (HDÍG) | 45,3 | 45,3 | 48,8 | 51,9 | 52,4 | 52,5 | 52,9 | 53,1 | 53,9 | 54,5 | 54,9 |
| Fjöldi barna | 46 | 45 | 52 | 56 | 51 | 51 | 51 | 53 | 52 | 52 | 52 |
| Rekstrarkostnaður á hvert HDÍG | 3.248 | 2.270 | 1.954 | 1.906 | 2.158 | 2.914 | 1.959 | 1.997 | 2.414 | 2.581 | 1.573 |
| Launakostnaður á hvert HDÍG | 2.998 | 1.938 | 1.701 | 1.551 | 1.916 | 2.547 | 1.537 | 1.806 | 2.161 | 2.231 | 1.387 |
| Annar rekstrarkostnaður á hvert HDÍG | 250 | 332 | 253 | 356 | 243 | 367 | 422 | 190 | 253 | 350 | 186 |
| Tekjur á hvert HDÍG | 564 | 407 | 483 | 351 | 242 | 522 | 248 | 330 | 275 | 308 | 184 |
| Tekjur sem hlutfall af brúttó gjöldum | 17% | 18% | 25% | 18% | 11% | 18% | 13% | 17% | 11% | 12% | 12% |

Heimild: Samband íslenskra sveitarfélaga

Tafla 57 sýnir rekstrargjöld og –tekjur á hvert heildagsígildi (HDÍG) árið 2017 fyrir samanburðarleikskóla, þ.e. fimm leikskóla með fleiri HDÍG og fimm með færri en leikskólinn Lundaból. Jafnframt sýnir taflan tekjur sem hlutfall af gjöldum. Í rekstrargjöldum er innri leiga ekki meðtalin. Ástæða þess er að sveitarfélög nota mismunandi aðferðir við að reikna innri leigu.

Í þessum samanburði er einn leikskóli með hærri rekstrarkostnað á hvert HDÍG en leikskólinn Lundaból. Næst lægstur var kostnaðurinn hjá leikskólanum Kærabæ í Fjarðabyggð, þar sem hann var 1.906 þúsund krónur á hvert HDÍG. Til samanburðar var þessi kostnaður 2.914 þúsund krónur hjá leikskólanum Lundabóli, eða mismunur upp á 1.007 þúsund krónur á hvert HDÍG í þessum leikskólum. Miðað við 52,5 HDÍG gerir þessi mismunur samtals 52.890 þúsund krónur. Hafa ber þennan samanburð sem vísbendingu, þar sem leikskólar geta verið mismunandi með hliðjón m.a. af aldri barna, þjónustuþörf barna á viðkomandi leikskóla o.s.frv.

Einn leikskóli var með hærri launakostnað á hvert HDÍG en leikskólinn Lundaból í þessum samanburði. Annar rekstrarkostnaður á hvert HDÍG var hæstur hjá leikskólanum Lundabóli í þessum samanburði. Einn leikskóli var með hærra hlutfall tekna af útgjöldum án innri leigu en Lundaból í þessum samanburði.

## Tafla 58: Skipting launa hjá leikskólanum Lundabóli árin 2016 til 2018

| | | | | Breyting | |
|---|---|---|---|---|---|
| | 2016 | 2017 | 2018 | 2016/2018 | 2017/2018 |
| Mánaðarlaun | 83.274 | 87.795 | 96.526 | 16% | 10% |
| Dagvinnulaun | 791 | 836 | 1.386 | 75% | 66% |
| Yfirvinna | 3.163 | 4.011 | 5.026 | 59% | 25% |
| Vaktaálag | 229 | 238 | 262 | 14% | 10% |
| Sérverkefni | 883 | 2.715 | 3.526 | 299% | 30% |
| Sérkennsla | 4.633 | 5.010 | 5.159 | 11% | 3% |
| Veikindalaun | | 3.979 | 2.634 | | -34% |
| Önnur laun | 2.738 | 2.945 | 3.168 | 16% | 8% |
| Áfallið orlof | 1.693 | 560 | -92 | -105% | -116% |
| Launatengd gjöld alls | 23.138 | 25.613 | 27.613 | 19% | 8% |
| **Annar starfsmannakostnaður** | -1.913 | 118 | 226 | -112% | 92% |
| **Samtals** | **118.630** | **133.820** | **145.434** | **23%** | **9%** |
| Yfirvinna sem hlutfall af mánaðarlaunum | 4% | 5% | 5% | | |
| Yfirvinna og sérverkefni sem hlutfall af mánaðarlaunum | 5% | 8% | 9% | | |

Heimild: Garðabær

Tafla 58 sýnir skiptingu launaútgjalda hjá leikskólanum Lundabóli árin 2016 til 2018. Launaútgjöldin hækka um 9% á milli áranna 2017 og 2018. Mánaðarlaun hækka um 10%. Yfirvinna hækkar um 25% og sérverkefni um 30%. Yfirvinna af mánaðarlaunum var 5% árið 2017 og 2018. Yfirvinna og sérverkefni sem hlutfall af mánaðarlaunum var 5% árið 2016 en 9% árið 2018.

Veikindalaun voru sem hlutfall af föstum mánaðarlaunum 2,7% árið 2018.

Á milli áranna 2016 og 2018 hækkuðu launagjöldin samtals um 23%.

### Tafla 59: Nokkrir útgjaldaliðir hjá leikskólanum Lundabóli árin 2016 til 2018

| | 2016 | 2017 | 2018 | Breyting 2017/2018 | Breyting 2016/2018 |
|---|---|---|---|---|---|
| Matvæli | 5.858 | 5.678 | 6.195 | 9,10% | 5,76% |
| Rafmagn | 415 | 419 | 573 | 36,88% | 38,35% |
| Heitt vatn | 376 | 311 | 489 | 57,42% | 29,90% |
| Kalt vatn | | | | | |
| Hreinlætisvörur | 730 | 646 | 1.140 | 76,36% | 56,25% |
| Vinnufatnaður | 78 | 107 | 113 | 5,54% | 44,31% |
| Aðkeypt ræsting | 3.612 | 3.353 | 3.272 | -2,42% | -9,42% |
| Sorphreinsun | 210 | 244 | 605 | 147,63% | 188,16% |
| **Samtals** | 11.278 | 10.758 | 12.387 | 15,14% | 9,83% |

Heimild: Garðabær

Tafla 59 sýnir útgjöld vegna nokkurra kostnaðarliða hjá leikskólanum Lundabóli árin 2016 til 2018.

Eins og taflan sýnir  þá lækkaði kostnaður samtals fyrir þessa útgjaldaliði á milli áranna 2016 og 2017.  Hins vegar hækkuðu útgjöldin samtals á milli áranna 2017 og 2018.  Mikil útgjöld vegna hreinlætisvara árið 2018 vekja athygli, en þau voru 1.140 þúsund krónur. Einnig er rétt að vekja athygli á mikilli hækkun á orkukostnaði á milli áranna 2017 og 2018 og einnig sorphreinsun.

Kostnaður við ræstingu fer lækkandi á milli áranna.  Var 3.612 þúsund krónur árið 2016 en 3.272 þúsund krónur árið 2018.

### Tafla 60: Fjöldi HDÍG og stöðugilda í leikskólanum Lundabóli 2002 til 2017 og fjöldi HDÍG á hvert stöðugildi.

| | 2002 | 2003 | 2004 | 2005 | 2006 | 2007 | 2008 | 2009 | 2010 | **2011** | 2012 | 2013 | 2014 | 2015 | 2016 | **2017** | **Breyting 2011/2017** |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| Heildagsígildi (HDÍG) | 65,8 | 67,8 | 70,6 | 63,9 | 56,6 | 57,8 | 60,3 | 66,1 | 66,9 | **67,1** | 68,3 | 68,3 | 66,6 | 66,1 | 68,4 | **52,5** | **-14,6** |
| Leikskólakennari | 4,2 | 6,2 | 4,8 | 7,0 | 5,7 | 3,2 | 4,2 | 5,4 | 4,6 | **4,6** | 7,6 | 4,8 | 6,6 | 7,9 | 7,5 | **8,4** | **3,8** |
| Önnur uppeldisfræðimenntun | 3,0 | 1,5 | 0,9 | 0,8 | 1,4 | 0,8 | 2,3 | 2,9 | 3,4 | **1,5** | 1,5 | 2,8 | 1,6 | 1,8 | 1,3 | **6,1** | **4,6** |
| Aðrir starfsmenn | 8,9 | 9,5 | 10,0 | 7,7 | 7,1 | 9,8 | 9,4 | 8,2 | 7,3 | **9,3** | 6,6 | 8,6 | 9,4 | 9,4 | 9,8 | **2,5** | **-6,9** |
| **Stöðugildi samtals** | **16,1** | **17,2** | **15,8** | **15,5** | **14,3** | **13,8** | **15,9** | **16,5** | **15,3** | **15,4** | **15,7** | **16,2** | **17,6** | **19,1** | **18,6** | **17,0** | **1,6** |
| **HDÍG á hvert stöðugildi** | **4,1** | **3,9** | **4,5** | **4,1** | **4,0** | **4,2** | **3,8** | **4,0** | **4,4** | **4,4** | **4,3** | **4,2** | **3,8** | **3,5** | **3,7** | **3,1** | **-1,3** |
| Hlutfall leikskólakennara af stöðugildum samtals | 26% | 36% | 31% | 45% | 40% | 24% | 26% | 33% | 30% | **30%** | 48% | 30% | 37% | 42% | 40% | **49%** | |
| Hlutf. leikskólak. og uppeldisfr.m af st. samtals | 45% | 45% | 37% | 50% | 50% | 29% | 41% | 50% | 52% | **39%** | 58% | 47% | 47% | 51% | 47% | **86%** | |

Heimild:  Samband íslenskra sveitarfélaga

Tafla 60 sýnir fjölda HDÍG og stöðugilda hjá leikskólanum Lundabóli árin 2002 til 2017. Jafnframt sýnir taflan hlutfall stöðugilda leikskólakennara af stöðugildum samtals og hlutfall stöðugilda leikskólakennara og starfsmanna með uppeldisfræðimenntun sem hlutfall af stöðugildum samtals.

Eins og taflan sýnir var ákveðinn stígandi í fjölda stöðugilda samtals frá árinu 2011.  Á milli áranna 2011 og 2017 fjölgar stöðugildum um 1,6 en HDÍG fækkar um 14,6.  Árið 2011 voru 4,4 HDÍG á hvert stöðugildi en var 3,1 árið 2017, eða fækkun um 1,3 HDÍG.

Hlutfall stöðugilda leikskólakennara af stöðugildum samtals var 49% árið 2017 og hlutfall stöðugilda leikskólakennara og starfsmanna með aðra uppeldismenntun af stöðugildum samtals var 86%.

Tafla 61: Fjöldi stöðugilda í samanburðarleikskólum og HDÍG á hvert stöðugildi árið 2017

| | Borgarb. Anda-bær | Vesturb. Ara-klettur | H.vestra Ás-garður | Fjarðab. Kæri-bær | Rvikurb. Brákar-borg | Garðab. Lunda-ból | Rvikurb. Garða-borg | Bolun. Glað-heimar | Rvikurb. Hóla-borg | Rvikurb. Blásalir | Rvikurb. Bakki - Berg |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| Heildagsígildi (HDÍG) | 45,3 | 45,3 | 48,8 | 51,9 | 52,4 | 52,5 | 52,9 | 53,1 | 53,9 | 54,5 | 54,9 |
| Fjöldi barna | 46 | 45 | 52 | 56 | 51 | 51 | 51 | 53 | 52 | 52 | 52 |
| Leikskólakennarar | 3,5 | 4,0 | 3,6 | 2,4 | 5,6 | 8,4 | 4,7 | 2,8 | 4,0 | 4,4 | 2,0 |
| Önnur uppeldismenntun | 1,5 | | 0,2 | 1,0 | 2,0 | 6,1 | 2,0 | 2,3 | 2,4 | 0,6 | 6,9 |
| Ófaglærðir starfsmenn | 6,9 | 9,0 | 7,8 | 10,2 | 6,1 | 0,8 | 5,3 | 10,1 | 7,0 | 11,3 | 7,7 |
| Annað, matseld og þrif | 1,6 | 2,0 | 1,5 | 1,7 | 1,0 | 1,7 | 0,0 | 0,5 | 1,0 | 1,0 | 1,0 |
| **Samtals** | **13,5** | **15,0** | **13,1** | **15,3** | **14,7** | **17,0** | **12,1** | **15,6** | **14,4** | **17,2** | **17,6** |
| **HDÍG á hvert stöðugildi:** | | | | | | | | | | | |
| Leikskólakennara | 12,8 | 11,3 | 13,4 | 21,8 | 9,3 | 6,2 | 11,2 | 19,3 | 13,5 | 12,4 | 27,4 |
| Leikskólakennara og aðra uppeldismenntun | 9,0 | 11,3 | 12,8 | 15,3 | 6,9 | 3,6 | 7,9 | 10,4 | 8,4 | 11,0 | 6,2 |
| Ófaglærðra og annarra starfsmanna | 5,3 | 4,1 | 5,2 | 4,3 | 7,4 | 21,2 | 9,9 | 5,0 | 6,7 | 4,4 | 6,3 |
| **Samtals** | **3,3** | **3,0** | **3,7** | **3,4** | **3,6** | **3,1** | **4,4** | **3,4** | **3,7** | **3,2** | **3,1** |
| Hlutfall leikskólakennara af stöðugildum samtals | 26% | 27% | 28% | 16% | 38% | 49% | 39% | 18% | 28% | 26% | 11% |
| Hlutf. leikskólak. og uppeldisfr.m af st. samtals | 37% | 27% | 29% | 22% | 52% | 85% | 56% | 33% | 45% | 29% | 51% |

Heimild: Samband íslenskra sveitarfélaga

Tafla 61 sýnir fjölda stöðugilda í samanburðarleikskólum árið 2017 og fjölda HDÍG á hvert stöðugildi. Eins og taflan sýnir var einn leikskóli í þessum samanburði með færri HDÍG á hvert stöðugildi en leikskólinn Lundaból.

Í þessum samanburði kemur leikskólinn vel út hvað varðar fjölda barna á hvert stöðugildi leikskólakennara, en það voru 6,2 HDÍG á hvert stöðugildi leikskólakennara. Enginn leikskóli í þessum samanburði var með svo fá HDÍG á hvert stöðugildi leikskólakennara. Það sama á við þegar stöðugildi leikskólakennara og annarra starfsmanna með aðra uppeldismenntun eru tekin saman eru HDÍG fæst á hvert stöðugildi hjá leikskólanum Lundabóli eða 3,6. Sá skóli sem kemur næst var með 6,2 HDÍG á hvert stöðugildi. Skýringin á þessu er hátt hlutfall af fagmenntuðum starfsmönnum við leikskólann.

Með hliðsjón af því hvað leikskólinn Lundaból kemur vel út hvað varðar fjölda stöðugilda fagmenntaðra kemur á óvart hvað fá HDÍG eru á hvert stöðugildi við skólann í þessum samanburði.

## Leikskólinn Kirkjuból

Leikskólinn Kirkjuból er þriggja deilda leikskóli.

Samtals eru 60 börn á leikskólanum en pláss er fyrir 61 barn.

Gert er ráð fyrir að 22 börn séu á eldri deild, 21 á miðdeild og 18 á yngstu deild.

Í haust (2019) verða tekin inn börn 12 mánaða og eldri. Verður það í fyrsta skipti í haust sem svo ung börn eru tekin á leikskólann. Nú eru hafnar breytingar til þess að koma til móts við svona ung börn með því að setja hita í gólf og betri skiptiaðstöðu.

Við leikskólann er leikskólastjóri og aðstoðarleikskólastjóri í 25% stjórnunarhlutfalli. Í heildina er hann 10 klukkustundir í stjórnun á viku. Er hinar 30 klukkustundirnar starfsmaður á deild. Að sögn leikskólastjóra er þetta of lítið stjórnunarhlutfall.

Deildarstjóri er á hverri deild. Auk þessa er sérkennslustjóri. Miðað við stærð skólans er sérkennslustjóri í 75% stöðu sérkennslustjóri og 18% inn á deild. Sérkennslustjórar í Garðabæ eru í hærra starfshlutfalli en í öðrum sveitarfélögum, m.v. þessa stærð af skóla ætti starfshlutfallið að vera 50% að sögn leikskólastjóra. Sérkennsla er flokkuð niður í flokka 1 – 4 og eru stuðningstímar á bak við flokka 1-2 en í flokkum 3-4 eru ekki stuðningstímar á bak við börnin heldur eiga sérkennslustjórar í Garðabæ að sinna þeim börnum að sögn leikskólastjóra. Þetta er ekki alltaf gott þegar mörg börn í skólanum þurfa aðstoð að mati leikskólastjóra.

Samantekið eruð stöðugildi við skólann sem hér segir samkvæmt fjárhagsáætlun:

| | |
|---|---|
| Leikskólastjóri | 1,00 stöðugildi |
| Aðstoðarleikskólastjóri | 1,00 (0,25 stjórnun) |
| Deildarstjórar | 3,00 |
| Sérkennslustjóri | 0,75 |
| Starfsmenn á deildum | 10,2 |
| Afleysing v/ undirbúnings | 0,95 |
| Afleysing v veikinda | 0,93 |
| Afleysing v/orlofs | 0,89 |
| Eldhús | 1,60 |
| **Samtals** | **19,57 stöðugildi** |

Á leikskólanum er nokkuð hátt hlutfall af tvítyngdum börnum. Á leikskólanum eru 60 börn (júní 2019) og þar af 13 tvítyngd, eða 22% barnanna. Kallað er eftir meiri aðstoð fyrir þessi börn að sögn skólastjóra.

Í eldhúsi eru 1,6 stöðugildi. Matráður er í 1,00 stöðugildi og aðstoð í 0,6.

Við skólann starfa 21 starfsmenn í 19,57 stöðugildum (júlí 2019), auk sumarstarfsfólks sem leysir starfsfólk af þegar það fer í orlof.

Leikskólinn opnar kl. 7:30 og lokar kl. 17:00. Eins og staðan er núna koma tvö börn kl. 7:30. Síðan byrja börnin að koma kl. 7:45.

Aðstoðarleikskólastjóri hefur opnað á morgnana og einn deildarstjóri einu sinni í viku. Leikskólastjóri opnar þegar þessir starfsmenn eru fjarverandi en fær ekki greitt álag fyrir opnum líkt og aðrir starfsmenn.

Greitt er álag fyrir opnunina. Þessir starfsmenn vinna 8 klukkustundir á dag og hætta fyrr á daginn vegna mætingar fyrir kl. 8:00. Starfsfólk sem opnar kl. 7.30 vinnur fullan vinnudag til kl. 15.30 en fær greitt 55% álag í hálfa klukkustund fyrir hvern dag sem það opnar.

Ef leikskólastjóri óskar eftir að starfsmenn vinni lengur vegna manneklu er greitt fyrir það í yfirvinnu og stundum óskar starfsmaðurinn eftir því að safna tímunum upp í orlof en þá fær starfsmaðurinn greiddan mismun á dagvinnu og yfirvinnu. 30 klukkustundir eru notaðar á hvern starfsmann í fundi og annað slíkt yfir skólaárið.

Leikskólinn fær 2.750 þúsund krónur í sérverkefni skv. fjárhagsáætlun. Leikskólastjóri hefur boðið starfsfólki að taka að sér sérverkefni eins og að vera verkefnastjóri yfir

ákveðnum verkefnum, vera fánastjóri, sem sér um/ber ábyrgð á að flaggað er á tyllidögum og fáninn tekinn niður í lok dags. Starfsfólk er ekki viljugt að taka að sér sérverkefni þar sem það er langþreytt í flestum tilvikum. Leikskólastjóri þarf því oft að taka að sér þessi verkefni en hefur ekki möguleika á því að fá greitt fyrir það úr sérverkefnapottinum að sögn leikskólastjóra. Starfsmaður með börn í sérkennslu hefur fengið greitt úr sérverkefnasjóðnum þar sem hún ber ábyrgð á sérkennslu tveggja barna.

Starfsmenn hafa fengið greitt álag vegna breytinga á húsnæðinu, sem greitt hefur verið úr pottinum sem leikskólinn fær úthlutað en ekki leikskólastjóri sem hefur þurft að taka á sig mörg önnur verkefni á þessum tíma og mæta á kvöldin og um helgar fyrir iðnaðarmenn að sögn leikskólastjóra. Miklar framkvæmdir standa yfir í leikskólanum.

Samstarfið við fræðslu- og menningarsvið er mjög gott. Verkefnastjóri leikskóla hefur reynst mjög vel í breytingunum.

Fram kom í máli leikskólastjóra að honum finnist vanta meiri stuðning þegar erfið mál koma upp. Vantar handleiðara.

Samskipti við tækni- og umhverfissvið er búið að vera mikið vegna yfirstandandi framkvæmda. Fram kom að leikskólastjórinn hafi verið með ýmsar óskir vegna framkvæmdanna sem ekki hafi verið hlustað á. Má þar nefna t.d. að skiptiaðstaða fyrir ungabörn er ekki rafdrifin eins og leikskólastjóri óskaði eftir.

Vinna við lagfæringu á þakskeggi byrjaði og var stoppað vegna þess að peningarnir voru búnir. Verkinu hefur ekki verið lokið og hefur aldrei lekið jafn mikið að sögn leikskólastjóra.

Fram kom vilji til þess að húsumsjónarmaður hefði ákveðinn dag í leikskólanum og kæmi reglulega.

Varðandi viðhald er notast við „MainManager" húsumsjónarkerfi. Setti fyrir löngu inn að það væri sírennsli á ofni. Því hefur ekki verið sinnt. Síðan er sett inn eitthvað annað og því er sinnt strax.

Skráði áður notkun á rafmagni og hita. Í það fór mikill tími og hefur því verið hætt.

Að mati leikskólastjóra ætti rödd leikskólastjóra að fá að heyrast meira á fundum leikskólastjóra með fræðslu- og menningarsviði. Fram kom að gott væri ef litlir handleiðsluhópar væru starfandi. Garðabær hefur sett upp handleiðsluhópa fyrir deildarstjóra eins og fram hefur komið hér á undan en fram kom í máli leikskólastjóra að hann telji það nauðsynlegt líka fyrir leikskólastjóra og aðstoðarleikskólastjóra. Þá er leikskólastjórum skipt upp í 5-6 manna hópa og fundað er á ca. 4-6 vikna fresti. Þar kemur einn með ákveðið mál, svo eru hinir sem handleiða og koma með lausnir að því hvað er best að gera að þeirra mati.

Garðabær kom til móts við starfsfólk sitt með aukagreiðslum. Leikskólastjórar fá 10 klukkustundir á mánuði í fasta yfirvinnu. Aðstoðarleikskólastjóri 3 klukkustundir. Deildarstjórar fá 3 tíma sem leikskólastjóri setur á þá í hverjum mánuði sem Garðabær greiðir úr tímabundnum sérverkefnum og sérkennslustjóri fær 3 tíma sem

leikskólastjórinn greiðir úr sérverkefnapotti leikskólans. Á síðasta ári fengu aðrir starfsmenn greidda 5 tíma í fjögur skipti yfir árið en því var hætt um áramótin.

Að mati leikskólastjóra er ekki nægjanleg afleysing. Það er frábært að hafa námskeið fyrir allt starfsfólk leikskólans og handleiðslu fyrir deildarstjóra en engin afleysing kemur inn fyrir þetta.

Verið er að vinna að breytingu á barngildum og bindur leikskólastjóri vonir við það að með þeirri vinnu verði aukið við stöðugildin á deildum.

Ræstingar er á vegum Daga. Hefur verið með góðan starfsmann sem ræstir. Vegna þess hefur lítið þurft að hafa samband við fyrirtækið. Þetta fer alveg eftir starfsmanninum sem ræstir að sögn leikskólastjóra.

Samningurinn við Daga var gerður áður en leikskólastjórinn byrjaði. Hefur beðið um að fá að sjá samninginn en það hefur ekki gengið eftir.

Leikskólastjóri hefur verið að leita eftir tilboðum í ræstingar vegna breytinga sem standa yfir.

Matráður sér alfarið um matarinnkaupin. Þegar matráður er í fríi hefur leikskólastjóri og aðstoðarleikskólastjóri séð um að panta.

Kaupir allan fisk hjá Sæsteini. Leikskólastjóri telur að leikskólinn fái afslátt en mestu máli skiptir að við fáum góðan fisk frá þeim.

Leikskólinn verslar mikið við Stórkaup. Þægilegt fyrir matráða og panta flest þar. Fær vörur frá Stórkaup einu sinni í viku. Einnig er verslað við Mata, Kjöthúsið, kjúklingur kemur frá Matfugli. Stundum er verslað við Norðlenska og Mjólkursamsalan kemur með vörur tvisvar sinnum í viku.

Eftir að Bónus kom á Garðatorg hefur verið verslað þar einnig. Allur matur er gerður frá grunni.

Tölvumál eru í góðu lagi hjá leikskólanum. Þau fá þó ekki að ráða hvað er keypt að sögn leikskólastjóra. Reglan er að tölvum er skipt út á fimm ára fresti. Stundum þarf ekki að gera það að mati leikskólastjóra. Deildarstjórar sem fengu nýjar tölvur voru ánægðir með sínar gömlu og þurftu ekki að fá nýjar. En gömlu tölvurnar átti að nota á deildum en þar er ekki not fyrir þær.

Spjaldtölvur eru a.m.k. tvær á hverri deild og unnið er með spjaldtölvur sem kennslutæki og til að skrá börn inn og út. Tölvudeildin sinnir ekki spjaldtölvum og vantar oft aðstoð í sambandi við spjaldtölvur.

Eru með snúru símkerfi sem veldur miklum óþægindum, mögulega vegna þess að ekki eru símtæki á öllum svæðum. Verið var að setja upp nýtt kerfi. Þetta er ekki skv. ósk starfsmanna leikskólans.

Þróunarsjóður. Komið hefur fyrir að enginn starfsmaður hafi viljað taka að sér þróunarverkefni, þar sem viðkomandi starfsmaður þarf að kynna verkefnið á menntadegi. Sumir starfsmenn eru ekki alveg tilbúnir til að gera það. Starfsmönnum finnst þetta of mikil kvöð. Starfsmaður sem tók að sér þrjú verkefni hætti áður en verkefnunum átti að ljúka. Enginn vildi halda áfram með verkefnið, þá dettur það niður.

Sá sem er verkefnastjóri fær greitt fyrir það sem búið er að vinna en verkefninu er ekki lokið.

Leikskólastjóri tilkynnir innritun inn á leikskólann.

Leikskólastjóri þarf að fylgja eftir kröfum vegna vanskila. Fær ekki reglulega yfirlit yfir vanskil.

Fram kom að gott væri ef kerfið væri þannig að ef eru t.d. komin vanskil í tvo mánuði komi áminning til viðkomandi. Að mati leikskólastjóra eiga leikskólastjórar ekki að þurfa að fylgja eftir vanskilum við forráðamenn barna á viðkomandi leikskóla.

Leikskólastjóri keyrir út reikninga vegna leikskólagjalda í hverjum mánuði. Af einhverjum ástæðum getur Garðabær ekki innheimt í júlí að sögn leikskólastjóra. Vegna þess eru sendir út reikningar fyrir tvo mánuði, þ.e. júní og júlí, sem getur reynst erfitt fyrir suma foreldra.

Tafla 62: Rekstrargjöld og -tekjur samanburðarleikskóla á hvert heildagsígildi (HDÍG) árið 2017 í þúsundum króna

| | Hafnarfj. Smáralundur | Rvikurb. Vesturborg | Vogar Suðurvellir | Borgarb. Uglu-klettur | Rvikurb. Seljakot | Garðab. Kirkjuból | Rvikurb. Seljaborg | Kópav. Grænatún | Rvikurb. Rauðaborg | Kópav. Álfatún | Rvikurb. Klambrar |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| Heildagsígildi (HDÍG) | 57,3 | 59,8 | 60,3 | 61,6 | 62,0 | 62,6 | 63,1 | 63,9 | 64,0 | 64,3 | 64,5 |
| Fjöldi barna | 57 | 56 | 62 | 64 | 58 | 61 | 60 | 63 | 59 | 66 | 62 |
| **Rekstrarkostnaður á hvert HDÍG** | **2.366** | **2.250** | **2.336** | **1.681** | **2.256** | **2.347** | **1.866** | **2.299** | **1.882** | **2.909** | **2.141** |
| Launakostnaður á hvert HDÍG | 2.088 | 2.037 | 2.029 | 1.462 | 1.986 | 2.066 | 1.647 | 2.049 | 1.672 | 2.649 | 1.822 |
| Annar rekstrarkostnaður á hvert HDÍG | 277 | 213 | 306 | 219 | 269 | 282 | 219 | 250 | 210 | 260 | 320 |
| Tekjur á hvert HDÍG | 371 | 277 | 453 | 277 | 257 | 434 | 253 | 352 | 261 | 361 | 272 |
| Tekjur sem hlutfall af brúttó gjöldum | 16% | 12% | 19% | 16% | 11% | 19% | 14% | 15% | 14% | 12% | 13% |

Heimild: Samband íslenskra sveitarfélaga

Tafla 62 sýnir rekstrargjöld og –tekjur á hvert heildagsígildi (HDÍG) árið 2017 fyrir samanburðarleikskóla, þ.e. fimm leikskóla með fleiri HDÍG og fimm með færri en leikskólinn Kirkjuból. Jafnframt sýnir taflan tekjur sem hlutfall af gjöldum. Í rekstrargjöldum er innri leiga ekki meðtalin. Ástæða þess er að sveitarfélög nota mismunandi aðferðir við að reikna innri leigu.

Í þessum samanburði eru tveir leikskólar með hærri rekstrarkostnaður á hvert HDÍG en leikskólinn Kirkjuból. Lægstur var kostnaðurinn hjá leikskólanum Ugluklett í Borgarbyggð, þar sem hann var 1.681 þúsund krónur á hvert HDÍG. Til samanburðar var þessi kostnaður 2.347 þúsund krónur hjá leikskólanum Kirkjuból, eða mismunur upp á 666 þúsund krónur á hvert HDÍG í þessum leikskólum. Miðað við 62,6 HDÍG gerir þessi mismunur samtals krónur 41.709 þúsund krónur. Hafa ber þennan samanburð sem vísbendingu, þar sem leikskólar geta verið mismunandi með hliðjón m.a. af aldri barna, þjónustuþörf barna á viðkomandi leikskóla o.s.frv.

Tveir sömu leikskólar voru með hærri launakostnað á hvert HDÍG en leikskólinn Kirkjuból í þessum samanburði. Tveir leikskólar voru með annan rekstrarkostnað án innri leigu hærri en leikskólinn Kirkjuból. Einn leikskóli var með hærri tekjur á hvert HDÍG en leikskólinn Kirkjuból í þessum samanburði. Tekjur sem hlutfall af útgjöldum án innri leigu voru hæstar hjá leikskólanum Kirkjubóli í þessum samanburði ásamt leikskólanum Suðurvöllum í Sveitarfélaginu Vogum.

### Tafla 63: Skipting launa hjá leikskólanum Kirkjubóli árin 2016 til 2018

| | 2016 | 2017 | 2018 | Breyting 2016/2018 | Breyting 2017/2018 |
|---|---|---|---|---|---|
| Mánaðarlaun | 74.045 | 79.467 | 92.958 | 26% | 17% |
| Dagvinnulaun | 1.261 | 4.112 | 7.001 | 455% | 70% |
| Yfirvinna | 2.794 | 3.392 | 4.696 | 68% | 38% |
| Vaktaálag | 207 | 270 | 259 | 25% | -4% |
| Sérverkefni | 1.489 | 2.509 | 3.796 | 155% | 51% |
| Sérkennsla | 10.137 | 7.606 | -509 | -105% | -107% |
| Veikindalaun | | 5.971 | 974 | | -84% |
| Önnur laun | 2.724 | 4.231 | 3.629 | 33% | -14% |
| Áfallið orlof | 1.669 | -3.128 | -1.135 | -168% | -64% |
| Launatengd gjöld alls | 21.944 | 25.129 | 26.050 | 19% | 4% |
| **Annar starfsmannakostnaður** | -913 | -85 | 211 | -123% | -349% |
| **Samtals** | **115.356** | **129.475** | **137.930** | **20%** | **7%** |
| Yfirvinna sem hlutfall af mánaðarlaunum | 4% | 4% | 5% | | |
| Yfirvinna og sérverkefni sem hlutfall af mánaðarlaunum | 6% | 7% | 9% | | |

Heimild: Garðabær

Tafla 63 sýnir skiptingu launaútgjalda hjá leikskólanum Kirkjubóli árin 2016 til 2018. Launaútgjöldin hækka um 7% á milli áranna 2017 og 2018. Mánaðarlaun hækka um 17%. Dagvinnulaun um 70%. Yfirvinna hækkar um 38% og sérverkefni um 51%. Yfirvinna af mánaðarlaunum var 4% árið 2016 og 2017 en 5% árið 2018. Yfirvinna og sérverkefni sem hlutfall af mánaðarlaunum var 6% árið 2016 en 9% árið 2018.

Á milli áranna 2016 og 2018 hækkuðu launagjöldin samtals um 20%.

### Tafla 64: Nokkrir útgjaldaliðir hjá leikskólanum Kirkjubóli árin 2016 til 2018

| | 2016 | 2017 | 2018 | Breyting 2017/2018 | Breyting 2016/2018 |
|---|---|---|---|---|---|
| Matvæli | 5.632 | 5.964 | 6.563 | 10,0% | 16,5% |
| Rafmagn | 567 | 479 | 491 | 2,5% | -13,4% |
| Heitt vatn | 340 | 335 | 447 | 33,4% | 31,7% |
| Kalt vatn | | | | | |
| Hreinlætisvörur | 567 | 625 | 986 | 57,9% | 73,9% |
| Vinnufatnaður | 178 | 197 | 249 | 26,3% | 39,4% |
| Aðkeypt ræsting | 2.744 | 2.965 | 2.593 | -12,5% | -5,5% |
| Sorphreinsun | 298 | 325 | 367 | 12,7% | 23,1% |
| **Samtals** | **10.326** | **10.890** | **11.696** | **7,4%** | **13,3%** |

Heimild: Garðabær

Tafla 38 sýnir útgjöld vegna nokkurra kostnaðarliða hjá leikskólanum Kirkjubóli árin 2016 til 2018.

Eins og taflan sýnir þá hækkaði kostnaður samtals fyrir þessa útgjaldaliði á milli áranna 2017 og 2018 um 7,4% og á milli áranna 2016 og 2018 um 13,3%.

Það vekur athygli hvað heitt vatn hækkar mikið.

Kostnaður við ræstingu lækkar á milli áranna 2017 og 2018.

### Tafla 65: Fjöldi HDÍG og stöðugilda í leikskólanum Kirkjubóli 2002 til 2017 og fjöldi HDÍG á hvert stöðugildi

| | 2002 | 2003 | 2004 | 2005 | 2006 | 2007 | 2008 | 2009 | 2010 | **2011** | 2012 | 2013 | 2014 | 2015 | 2016 | **2017** | Breyting **2011/2017** |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| Heildagsígildi (HDÍG) | 67,9 | 68,3 | 67,9 | 68,1 | 67,0 | 61,9 | 63,0 | 60,6 | 63,3 | **60,8** | 59,9 | 61,3 | 58,9 | 59,8 | 61,1 | 62,6 | **1,9** |
| Leikskólakennari | 5,6 | 5,7 | 8,0 | 9,1 | 6,7 | 7,0 | 5,6 | 6,5 | 6,2 | **6,4** | 7,7 | 8,2 | 8,9 | 8,3 | 7,1 | 6,3 | **-0,1** |
| Önnur uppeldisfræðimenntun | 0,0 | 0,0 | 0,0 | 0,0 | 0,0 | 0,0 | 2,0 | 3,2 | 2,5 | **2,5** | 2,4 | 1,5 | 0,0 | 1,0 | 1,0 | 2,0 | **-0,5** |
| Aðrir starfsmenn | 10,6 | 10,5 | 9,5 | 9,0 | 9,3 | 9,0 | 8,1 | 6,8 | 7,1 | **5,5** | 7,1 | 6,7 | 6,4 | 7,5 | 9,5 | 7,8 | **2,3** |
| **Stöðugildi samtals** | **16,2** | **16,2** | **17,5** | **18,1** | **16,0** | **16,1** | **15,7** | **16,5** | **15,9** | **14,4** | **17,2** | **16,4** | **15,3** | **16,8** | **17,6** | **16,1** | **1,7** |
| **HDÍG á hvert stöðugildi** | **4,2** | **4,2** | **3,9** | **3,8** | **4,2** | **3,9** | **4,0** | **3,7** | **4,0** | **4,2** | **3,5** | **3,7** | **3,9** | **3,6** | **3,5** | **3,9** | **-0,3** |
| Hlutfall leikskólakennara af stöðugildum samtals | 35% | 35% | 46% | 50% | 42% | 44% | 36% | 39% | 39% | **44%** | 45% | 50% | 58% | 49% | 40% | **39%** | |
| Hlutf. leikskólak. og uppeldisfr.m af st. samtals | 35% | 35% | 46% | 50% | 42% | 44% | 48% | 59% | 55% | **62%** | 59% | 59% | 58% | 55% | 46% | **51%** | |

Heimild: Samband íslenskra sveitarfélaga

Tafla 65 sýnir fjölda HDÍG og stöðugilda hjá leikskólanum Kirkjubóli árin 2008 til 2017. Jafnframt sýnir taflan hlutfall stöðugilda leikskólakennara af stöðugildum samtals og hlutfall stöðugilda leikskólakennara og starfsmanna með aðra uppeldisfræðimenntun sem hlutfall af stöðugildum samtals.

Á milli áranna 2011 og 2017 fjölgar HDÍG um 1,9 og stöðugildum um 1,7. Árið 2011 voru 4,2 HDÍG á hvert stöðugildi en 3,9 árið 2017.

Hlutfall stöðugilda leikskólakennara af stöðugildum samtals var 39% árið 2017 og hlutfall stöðugilda leikskólakennara og starfsmanna með aðra uppeldismenntun af stöðugildum samtals var 51%.

### Tafla 66: Fjöldi stöðugilda í samanburðarleikskólum og HDÍG á hvert stöðugildi árið 2017

| | Hafnarfj. Smáralundur | Rvikurb. Vesturborg | Vogar Suðurvellir | Borgarb. Uglu-klettur | Rvikurb. Selja-kot | Garðab. Kirkju-ból | Rvikurb. Selja-borg | Kópav. Græna-tún | Rvikurb. Rauða-borg | Kópav. Álfa-tún | Rvikurb. Klamb-rar |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| Heildagsígildi (HDÍG) | 57,3 | 59,8 | 60,3 | 61,6 | 62,0 | 62,6 | 63,1 | 63,9 | 64,0 | 64,3 | 64,5 |
| Fjöldi barna | 57 | 56 | 62 | 64 | 58 | 61 | 60 | 63 | 59 | 66 | 62 |
| Leikskólakennarar | 4,8 | 3,9 | 7,5 | 8,9 | 7,5 | 6,3 | | 6,9 | 3,9 | 7,8 | 2,5 |
| Önnur uppeldismenntun | 1,4 | 6,8 | 2,0 | 2,9 | 2,6 | 2,0 | 3,8 | 4,6 | 4,0 | 2,7 | 7,7 |
| Ófaglærðir starfsmenn | 13,3 | 5,0 | 6,8 | 6,4 | 5,4 | 5,8 | 9,0 | 5,9 | 8,0 | 10,9 | 6,3 |
| Annað, matseld og þrif | 1,0 | 2,3 | 1,8 | 1,5 | 0,0 | 2,0 | 1,0 | 0,5 | 1,3 | 2,0 | 1,0 |
| **Samtals** | **20,6** | **18,1** | **18,0** | **19,6** | **15,5** | **16,1** | **13,8** | **17,8** | **17,2** | **23,4** | **17,5** |
| **HDÍG á hvert stöðugildi:** | | | | | | | | | | | |
| Leikskólakennara | 11,8 | 15,2 | 8,0 | 7,0 | 8,3 | 9,9 | | 9,3 | 16,2 | 8,2 | 25,8 |
| Leikskólakennara og aðra uppeldismenntun | 9,2 | 5,5 | 6,3 | 5,3 | 6,1 | 7,5 | 16,8 | 5,6 | 8,1 | 6,1 | 6,3 |
| Ófaglærðra og annarra starfsmanna | 4,0 | 8,2 | 7,1 | 7,8 | 11,5 | 8,0 | 6,3 | 10,0 | 6,9 | 5,0 | 8,8 |
| **Samtals** | **2,8** | **3,3** | **3,3** | **3,1** | **4,0** | **3,9** | **4,6** | **3,6** | **3,7** | **2,7** | **3,7** |
| Hlutfall leikskólakennara af stöðugildum samtals | 24% | 22% | 42% | 45% | 48% | 39% | 0% | 38% | 23% | 33% | 14% |
| Hlutf. leikskólak. og uppeldisfr.m af st. samtals | 30% | 60% | 53% | 60% | 65% | 51% | 27% | 64% | 46% | 45% | 58% |

Heimild: Samband íslenskra sveitarfélaga

Tafla 66 sýnir fjölda stöðugilda í samanburðarleikskólum árið 2017 og fjölda HDÍG á hvert stöðugildi. Eins og taflan sýnir voru tveir leikskólar í þessum samanburði með fleiri HDÍG á hvert stöðugildi en leikskólinn Kirkjuból.

## LEIKSKÓLINN HÆÐARBÓL

Leikskólinn Hæðarból er þriggja deilda leikskóli með 53 börn. Við leikskólann er leikskólastjóri, aðstoðarleikskólastjóri, sem er í 25% starfshlutfall sem stjórnandi, sérkennslustjóri í 75% og tvö stöðugildi vegna sérkennslu barna með greiningu. Síðan eru þrír deildarstjórar.

Samantekin eru stöðugildin sem hér segir:

| | |
|---|---|
| Leikskólastjóri | 1,00 stöðugildi |
| Aðstoðarleikskólastjóri | 0,25 |
| Sérkennslustjóri | 0,75 |
| Deildarstjórar | 2,80 |
| Aðrir starfsmenn á deildum | 9,38 |
| Eldhús | 1,57 |
| **Samtals** | **15,75 stöðugildi** |

Leikskólinn opnar kl. 7.30 og lokar kl. 17:00. Þrjú til fjögur börn koma kl. 7.30. Leikskólastjóri opnar leikskólann á morgnana.

Við leikskólann er unnið með þróunarverkefni þar sem verið er að nýta mannauð hvers leikskólakennara. Með því fá starfsmenn að njóta sín í starfi og vegna þessa er mikil starfsánægja hjá starfsmönnum að sögn leikskólastjóra.

Samskipti við fræðslu- og menningarsvið eru mjög góð. Hins vegar mætti sinna viðhaldsmálum betur. Vatn safnast á lóðinni yfir veturinn sem frís. Ekki hefur fengist lagfæring á því. Einnig hefur verið beðið um að sett væru ljós í útigeymslu, sem ekki hefur fengist.

Góð samskipti eru við húsumsjónarmann. Hann hringir í leikskólastjóra af og til og ekki þarf að bíða lengi eftir úrlausnum. Húsumsjónarmaður annast einnig Hofsstaðaskóla.

Ræstingar voru hjá Dögum en fengu samþykkt með tveimur leikskólum öðrum að skipta um ræstingafyrirtæki. Iclean annast ræstingar. Fá það sama borgað og var áður. Mikil ánægja er núna með ræstingar.

Leikskólastjórar önnuðust sjálfir samningaviðræður við þetta nýja ræstingafyrirtæki.

Þrif fara fram eftir lokun skóla. Leikskólinn bauð upp á að ræstingar gætu farið fram fyrr um daginn en það kom ekki til þess.

Matráður sér um að kaupa inn vegna matargerðar. Skipta nokkuð mikið við Bónus. Kemur fyrir að leikskólastjóri fari sjálfur út í búð þegar þannig stendur á. Versla við Mjólkursamsöluna, Ekruna, Rekstrarvörur, A-4, Ísey o.fl.

Kaupa fisk hjá Sæsteini. Margir hafa gert tilboð varðandi fisk en Sæsteinn hefur alltaf verið lægstur að sögn leikskólastjóra.

Tölvumál eru í góðu lagi. Símamál eru ekki í lagi. Geta ekki fært símtöl á milli deilda.

Gengur erfiðlega að senda símtöl á milli síma. Símafyrirtækið er ekki að standa sig í því að laga þetta.

Vandamál er með ljósleiðara inn í skólann.

Karellen. Þar er vandamál. Kerfið liggur alltaf mikið úti. Kerfið virðist ekki þola þegar mikið álag er.

Ástand húsnæðis leikskólans er nokkuð gott að sögn leikskólastjóra. Hins vegar er húsnæðið barn síns tíma.

Starfsmannafundir eru haldnir einu sinni í mánuði. Skipulagsdagar, þá þarf að greiða starfsfólki sem er í hlutastörfum yfirvinnu ef þeir eru á þeim tíma sem viðkomandi á að vera í fríi. Þarf að greiða yfirvinnu ef það er opið hús, foreldradagar og aðrar uppákomur þar sem æskilegt er að starfsfólkið sé.

Deildarstjórar eru með 3 fasta yfirvinnutíma óunna á mánuði ásamt aðstoðarleikskólastjóra.

Ef vantar fólk á deild er greidd yfirvinna. Jafnframt hefur leikskólinn aðgang að starfsmönnum sem hægt er að kalla til í tímavinnu ef svo ber undir.

Tafla 67: Rekstrargjöld og -tekjur samanburðarleikskóla á hvert heildagsígildi (HDÍG) árið 2017 í þús. kr.

| | Garðab. Lunda-ból | Rvikurb. Garða-borg | Bol. Glað-heimar | Rvikurb. Hóla-borg | Rvikurb. Blá-salir | Garðab. Hæðar-ból | Borgarb. Kletta-borg | Rvikurb. Steina-hlíð | Rvikurb. Ösp | Blöndu. Barna-bær | Hafnarfj. Smára-lundur |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| Heildagsígildi (HDÍG) | 52,5 | 52,9 | 53,1 | 53,9 | 54,5 | 54,9 | 55,0 | 55,3 | 56,0 | 57,1 | 57,3 |
| Fjöldi barna | 51 | 51 | 53 | 52 | 52 | 53 | 56 | 52 | 55 | 56 | 57 |
| **Rekstrarkostnaður á hvert HDÍG** | **2.914** | **1.959** | **1.997** | **2.414** | **2.581** | **2.491** | **2.581** | **2.081** | **2.047** | **2.018** | **2.366** |
| Launakostnaður á hvert HDÍG | 2.547 | 1.537 | 1.806 | 2.161 | 2.231 | 2.176 | 2.367 | 1.790 | 1.748 | 1.784 | 2.088 |
| Annar rekstrarkostnaður á hvert HDÍG | 367 | 422 | 190 | 253 | 350 | 315 | 214 | 292 | 299 | 233 | 277 |
| Tekjur á hvert HDÍG | 522 | 248 | 330 | 275 | 308 | 507 | 457 | 243 | 314 | 363 | 371 |
| Tekjur sem hlutfall af brúttó gjöldum | 18% | 13% | 17% | 11% | 12% | 20% | 18% | 12% | 15% | 18% | 16% |

Heimild: Samband íslenskra sveitarfélaga

Tafla 67 sýnir rekstrargjöld og –tekjur á hvert heildagsígildi (HDÍG) árið 2017 fyrir samanburðarleikskóla, þ.e. fimm leikskóla með fleiri HDÍG og fimm með færri en leikskólinn Hæðarból. Jafnframt sýnir taflan tekjur sem hlutfall af gjöldum. Í rekstrargjöldum er innri leiga ekki með talin. Ástæða þess er að sveitarfélög nota mismunandi aðferðir við að reikna innri leigu.

Í þessum samanburði eru þrír leikskólar með hærri rekstrarkostnað á hvert HDÍG en leikskólinn Hæðarból. Þar af er einn leikskóli í Garðabæ, leikskólinn Lundaból. Lægstur var kostnaðurinn hjá leikskólanum Garðaborg í Reykjavíkurborg, þar sem hann var 1.959 þúsund krónur á hvert HDÍG. Til samanburðar var þessi kostnaður 2.491 þúsund krónur hjá leikskólanum Hæðarból, eða mismunur upp á 532 þúsund krónur á hvert HDÍG í þessum leikskólum. Miðað við 54,9 HDÍG gerir þessi mismunur samtals 29.199 þúsund krónur. Hafa ber þennan samanburð sem vísbendingu, þar sem leikskólar geta verið mismunandi með hliðjón m.a. af aldri barna, þjónustuþörf barna á viðkomandi leikskóla o.s.frv.

Þrír sömu leikskólarnir voru með hærri launakostnað á hvert HDÍG en leikskólinn Hæðarból í þessum samanburði. Einn þeirra er leikskólinn Lundaból. Þrír leikskólar voru með annan rekstrarkostnað án innri leigu hærri en leikskólinn Hæðarból, þar af var leikskólinn Lundaból einn þeirra. Einn leikskóli, leikskólinn Lundaból, var með hærri tekjur á hvert HDÍG en leikskólinn Hæðarból. Hlutfall tekna af útgjöldum án innri leigu var hæst í þessum samanburði hjá leikskólanum Hæðarbóli.

### Tafla 68: Skipting launa hjá leikskólanum Hæðarbóli árin 2016 til 2018

| | 2016 | 2017 | 2018 | 2016/2018 | 2017/2018 |
|---|---|---|---|---|---|
| Mánaðarlaun | 71.942 | 71.241 | 71.994 | 0% | 1% |
| Dagvinnulaun | 1.975 | 2.760 | 2.386 | 21% | -14% |
| Yfirvinna | 2.664 | 4.204 | 6.061 | 128% | 44% |
| Vaktaálag | 0 | | | | |
| Sérverkefni | 1.127 | 1.899 | 2.379 | 111% | 25% |
| Sérkennsla | 12.439 | 13.130 | 12.667 | 2% | -4% |
| Veikindalaun | | 411 | 3.060 | | 645% |
| Önnur laun | 2.655 | 2.477 | 2.595 | -2% | 5% |
| Áfallið orlof | 1.437 | 805 | -431 | -130% | -154% |
| Launatengd gjöld alls | 22.015 | 22.506 | 23.420 | 6% | 4% |
| **Annar starfsmannakostnaður** | -1.350 | 111 | 118 | -109% | 7% |
| **Samtals** | **114.903** | **119.544** | **124.249** | **8%** | **4%** |
| Yfirvinna sem hlutfall af mánaðarlaunum | 4% | 6% | 8% | | |
| Yfirvinna og sérverkefni sem hlutfall af mánaðarlaunum | 5% | 9% | 12% | | |

Heimild: Garðabær

Tafla 68 sýnir skiptingu launaútgjalda hjá leikskólanum Hæðarbóli árin 2016 til 2018. Launaútgjöldin hækka um 4% á milli áranna 2017 og 2018. Það vekur athygli að mánaðarlaun eru nánast þau sömu öll árin. Yfirvinna hækkar nokkuð, var 2.664 þúsund krónur árið 2016 en 6.061 þúsund krónur árið 2018. Dagvinnulaun hækka um 21% á milli áranna 2016 og 2018.

Yfirvinna sem hlutfall af mánaðarlaunum var 4% árið 2016 en 8% árið 2018. Yfirvinna og sérverkefni sem hlutfall af mánaðarlaunum var 5% árið 2016 en 12% árið 2018.

Á milli áranna 2016 og 2018 hækkuðu launagjöldin samtals um 8%.

### Tafla 69: Nokkrir útgjaldaliðir hjá leikskólanum Hæðarbóli árin 2016 til 2018

| | | | | Breyting | |
|---|---|---|---|---|---|
| | 2016 | 2017 | 2018 | 2017/2018 | 2016/2018 |
| Matvæli | 5.358 | 5.164 | 5.208 | 0,8% | -2,8% |
| Rafmagn | 356 | 325 | 289 | -11,1% | -19,0% |
| Heitt vatn | 210 | 182 | 347 | 90,3% | 65,7% |
| Kalt vatn | | | | | |
| Hreinlætisvörur | 537 | 466 | 1.241 | 166,0% | 131,2% |
| Vinnufatnaður | 112 | 112 | 33 | -70,5% | -70,4% |
| Aðkeypt ræsting | 3.561 | 3.273 | 2.916 | -10,9% | -18,1% |
| Sorphreinsun | 140 | 186 | 188 | 0,8% | 33,8% |
| **Samtals** | **10.274** | **9.709** | **10.221** | **5,3%** | **-0,5%** |

Heimild: Garðabær

Tafla 69 sýnir útgjöld vegna nokkurra kostnaðarliða hjá leikskólanum Hæðarbóli árin 2016 til 2018.

Eins og taflan sýnir  þá hækkaði kostnaður samtals fyrir þessa útgjaldaliði á milli áranna 2017 og 2018 um 5,3% en á milli áranna 2016 og 2018 lækkaði kostnaðurinn um 0,5%.

Útgjöld vegna matvæla voru lægri árið 2018 en 2017

Kostnaður við ræstingu lækkar á milli ára öll árin.

## Tafla 70:  Fjöldi HDÍG og stöðugilda í leikskólanum Hæðarbóli 2002 til 2017 og fjöldi HDÍG á hvert stöðugildi

| | 2002 | 2003 | 2004 | 2005 | 2006 | 2007 | 2008 | 2009 | 2010 | **2011** | 2012 | 2013 | 2014 | 2015 | 2016 | **2017** | Breyting **2011/2017** |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| Heildagsígildi (HDÍG) | 57,1 | 57,1 | 56,8 | 56,9 | 51,0 | 61,5 | 62,0 | 58,8 | 59,0 | 60,0 | 57,8 | 60,5 | 58,6 | 57,5 | 58,5 | 54,9 | **-5,1** |
| Leikskólakennari | 7,0 | 5,9 | 5,7 | 4,8 | 6,3 | 6,8 | 7,4 | 7,4 | 7,4 | **6,6** | 6,6 | 6,6 | 6,8 | 6,1 | 5,5 | 6,2 | **-0,4** |
| Önnur uppeldisfræðimenntun | 2,8 | 2,4 | 3,2 | 1,8 | 1,8 | 1,9 | 2,9 | 3,4 | 3,6 | **3,0** | 6,0 | 6,0 | 5,8 | 3,8 | 6,0 | 6,7 | **3,7** |
| Aðrir starfsmenn | 6,4 | 5,8 | 6,1 | 5,8 | 5,4 | 3,8 | 3,8 | 4,2 | 3,8 | **6,5** | 3,2 | 2,5 | 4,0 | 7,7 | 4,3 | 2,5 | **-4,0** |
| **Stöðugildi samtals** | **16,2** | **14,1** | **15,1** | **12,4** | **13,6** | **12,5** | **14,1** | **14,9** | **14,8** | **16,0** | **15,8** | **15,0** | **16,6** | **17,7** | **15,8** | **15,4** | **-0,6** |
| **HDÍG á hvert stöðugildi** | **3,5** | **4,0** | **3,8** | **4,6** | **3,8** | **4,9** | **4,4** | **3,9** | **4,0** | **3,7** | **3,7** | **4,0** | **3,5** | **3,3** | **3,7** | **3,6** | **-0,2** |
| Hlutfall leikskólakennara af stöðugildum samtals | 43% | 42% | 38% | 39% | 47% | 54% | 53% | 50% | 50% | **41%** | 42% | 44% | 41% | 35% | 35% | **40%** | |
| Hlutf. leikskólak. og uppeldisfr.m af st. samtals | 60% | 59% | 59% | 53% | 60% | 70% | 73% | 72% | 74% | **59%** | 80% | 84% | 76% | 56% | 73% | **84%** | |

Heimild:  Samband íslenskra sveitarfélaga

Tafla 70 sýnir fjölda HDÍG og stöðugilda hjá leikskólanum Hæðarbóli árin 2002 til 2017. Jafnframt sýnir taflan hlutfall stöðugilda leikskólakennara af stöðugildum samtals og hlutfall stöðugilda leikskólakennara og starfsmanna með aðra uppeldisfræðimenntun sem hlutfall af stöðugildum samtals.   Á milli áranna 2011 og 2017 fækkaði stöðugildum um 0,6.  Á sama tímabili fækkaði HDÍG  um 5,1.

Hlutfall stöðugilda leikskólakennara af stöðugildum samtals var 40% árið 2017 og hlutfall stöðugilda leikskólakennara og starfsmanna með aðra uppeldismenntun af stöðugildum samtals var 54%.

## Tafla 71:  Fjöldi stöðugilda í samanburðarleikskólum og HDÍG á hvert stöðugildi árið 2017

| | Garðab. Lunda-ból | Rvikurb. Garða-borg | Bol. Glað-heimar | Rvikurb. Hóla-borg | Rvikurb. Blá-salir | Garðab. Hæðar-ból | Borgarb. Kletta-borg | Rvikurb. Steina-hlíð | Rvikurb. Ösp | Blöndu. Barna-bær | Hafnarfj. Smára-lundur |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| Heildagsígildi (HDÍG) | 52,5 | 52,9 | 53,1 | 53,9 | 54,5 | 54,9 | 55,0 | 55,3 | 56,0 | 57,1 | 57,3 |
| Fjöldi barna | 51 | 51 | 53 | 52 | 52 | 53 | 56 | 52 | 55 | 56 | 57 |
| Leikskólakennarar | 8,4 | 4,7 | 2,8 | 4,0 | 4,4 | 6,2 | 8,1 | 4,9 | | 1,0 | 4,8 |
| Önnur uppeldismenntun | 6,1 | 2,0 | 2,3 | 2,4 | 0,6 | 6,7 | 0,9 | 3,8 | 1,0 | | 1,4 |
| Ófaglærðir starfsmenn | 0,8 | 5,3 | 10,1 | 7,0 | 11,3 | 1,0 | 7,0 | 3,9 | 14,0 | 17,3 | 13,3 |
| Annað, matseld og þrif | 1,7 | 0,0 | 0,5 | 1,0 | 1,0 | 1,5 | 2,0 | 1,0 | 1,0 | 2,4 | 1,0 |
| **Samtals** | **17,0** | **12,1** | **15,6** | **14,4** | **17,2** | **15,4** | **17,9** | **13,5** | **16,0** | **20,7** | **20,6** |
| **HDÍG á hvert stöðugildi:** | | | | | | | | | | | |
| Leikskólakennara | 6,2 | 11,2 | 19,3 | 13,5 | 12,4 | 8,9 | 6,8 | 11,4 | | 57,1 | 11,8 |
| Leikskólakennara og aðra uppeldismenntun | 3,6 | 7,9 | 10,4 | 8,4 | 11,0 | 4,3 | 6,1 | 6,4 | 56,0 | 57,1 | 9,2 |
| Ófaglærðra og annarra starfsmanna | 21,3 | 9,9 | 5,0 | 6,7 | 4,4 | 22,0 | 6,2 | 11,3 | 3,7 | 2,9 | 4,0 |
| **Samtals** | **3,1** | **4,4** | **3,4** | **3,7** | **3,2** | **3,6** | **3,1** | **4,1** | **3,5** | **2,8** | **2,8** |
| Hlutfall leikskólakennara af stöðugildum samtals | 49% | 39% | 18% | 28% | 26% | 40% | 45% | 36% | 0% | 5% | 24% |
| Hlutf. leikskólak. og uppeldisfr.m af st. samtals | 86% | 56% | 33% | 45% | 29% | 84% | 50% | 64% | 6% | 5% | 30% |

Heimild:  Samband íslenskra sveitarfélaga

Tafla 71 sýnir fjölda stöðugilda í samanburðarleikskólum árið 2017 og fjölda HDÍG á hvert stöðugildi.

Eins og taflan sýnir voru þrír leikskólar í þessum samanburði með fleiri HDÍG á hvert stöðugildi en leikskólinn Hæðarból.

## Leikskólinn Akrar

Leikskólinn Akrar er fjögurra deilda leikskóli með 96 börn.

Á leikskólanum eru tvær yngri deildir og tvær eldri.

Við leikskólann starfar leikskólastjóri, aðstoðarleikskólastjóri í 50% stjórnunarstarfi, sérkennslustjóri og fjórir deildarstjórar. Í eldhúsi eru tvö stöðugildi.

Stöðugildi við leikskólann eru sem hér segir:

| | | |
|---|---|---|
| Leikskólastjóri | 1,00 | stöðugildi |
| Aðstoðarleikskólastjóri | 1,00 | |
| Sérkennslustjóri | 1,00 | |
| Deildarstjórar | 4,00 | |
| Aðrir starfsmenn á deildum | 11,00 | |
| Afleysingar | 5,50 | |
| Eldhús | 2,00 | |
| **Samtals:** | **25,50 stöðugildi** | |

Leikskólinn opnar kl. 7:30 og lokar kl. 17:00. Aðstoðarleikskólastjóri opnar leikskólann. Deildarstjórar fara af deildum kl. 14:00. Á hverri deild er einn stjórnandi sem tekur við og fær greitt sértaklega fyrir það í yfirvinnu. Hafa fengið 10 klukkustundir í yfirvinnu á mánuði. Er tekið úr sérsjóðnum. Einnig er greitt úr honum vegna sérverkefna.

Að mati leikskólastjóra er verið að bæta mikið af verkefnum á leikskólastjóra.

Viðhaldsdeildin er ágæt í samskiptum. Húsumsjónarmaðurinn er að standa sig mjög vel. Leikskólastjóri hringir í húsumjónarmann og hann kemur eins fljótt og hann getur. Hann er líka í Hofsstaðaskóla.

Kom upp leki í nýju húsi. Kannast ekki við að verktakinn hafi verið látinn gera við lekann. Telur að bærinn sé að gera við lekann á sinn kostnað.

Mikil ánægja er með ræstingar. Nýbúið að skipta um ræstingafyrirtæki. Einn starfsmaður annast þrifin og þrífur mjög vel. Iclean annast þrifin. Þegar komið er á morgnana sér leikskólastjóri að það hefur verið þrifið að sögn leikskólastjóra.

Matarinnkaupin. Matráður sér um að panta. Eru að kaupa fisk af Hafinu. Auk þess er verslað við Ekruna og stundum farið í Bónus og Krónuna til að kaupa inn.

Leikskólastjóri er með kreditkort og einnig matráður. Sem er mjög þægilegt að sögn leikskólastjóra.

Mikil ánægja kom fram með þróunarsjóðinn.

## Tafla 72: Rekstrargjöld og -tekjur samanburðarleikskóla á hvert heildagsígildi (HDÍG) árið 2017 í þúsundum króna

| | Reykjnes. | Reykjnes. | Rvikurb. | Hornaf. | Hafnarfj. | Garðab. | Garðab. | Reykjnes. | Akur. | Rvikurb. | Kópav. |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| | Heiðar-sel | Holt | Jörfi | Sjónar-hóll | Hlíðar-berg | Akrar | Krakka-kot | Garða-sel | Kiða-gil | Haga-borg | Núpur |
| Heildagsígildi (HDÍG) | 94,9 | 95,4 | 97,0 | 98,4 | 98,8 | 99,6 | 99,9 | 100,1 | 100,6 | 100,8 | 101,6 |
| Fjöldi barna | 93 | 93 | 93 | 107 | 97 | 96 | 100 | 97 | 102 | 95 | 98 |
| **Rekstrarkostnaður á hvert HDÍG** | **1.900** | **1.929** | **1.844** | **2.118** | **2.144** | **1.954** | **2.118** | **2.039** | **1.548** | **2.034** | **1.955** |
| Launakostnaður á hvert HDÍG | 1.622 | 1.662 | 1.560 | 1.891 | 1.942 | 1.665 | 1.809 | 1.771 | 1.374 | 1.760 | 1.745 |
| Annar rekstrarkostnaður á hvert HDÍG | 278 | 267 | 284 | 227 | 202 | 290 | 310 | 269 | 173 | 274 | 210 |
| Tekjur á hvert HDÍG | 365 | 390 | 312 | 291 | 385 | 459 | 435 | 365 | 447 | 245 | 353 |
| Tekjur sem hlutfall af brúttó gjöldum | 19% | 20% | 17% | 14% | 18% | 23% | 21% | 18% | 29% | 12% | 18% |

Heimild: Samband íslenskra sveitarfélaga

Tafla 72 sýnir rekstrargjöld og –tekjur á hvert heildagsígildi (HDÍG) árið 2017 fyrir samanburðarleikskóla, þ.e. fimm leikskóla með fleiri HDÍG og fimm með færri en leikskólinn Akrar. Jafnframt sýnir taflan tekjur sem hlutfall af gjöldum. Í rekstrargjöldum er innri leiga ekki með talin. Ástæða þess er að sveitarfélög nota mismunandi aðferðir við að reikna innri leigu.

Í þessum samanburði eru fjórir leikskólar með lægri rekstrarkostnað á hvert HDÍG en leikskólinn Akrar. Lægstur var kostnaðurinn hjá leikskólanum Kiðagili hjá Akureyrarkaupstað, þar sem hann var 1.548 þúsund krónur á hvert HDÍG. Til samanburðar var þessi kostnaður 1.954 þúsund krónur hjá leikskólanum Ökrum, eða mismunur upp á 406 þúsund krónur á hvert HDÍG í þessum leikskólum. Miðað við 99,6 HDÍG gerir þessi mismunur samtals 40.490 þúsund krónur. Hafa ber þennan samanburð sem vísbendingu, þar sem leikskólar geta verið mismunandi með hliðjón m.a. af aldri barna, þjónustuþörf barna á viðkomandi leikskóla o.s.frv.

Fjórir sömu leikskólarnir voru með lægri launakostnað á hvert HDÍG en leikskólinn Akrar í þessum samanburði. Einn leikskóli var með annan rekstrarkostnað án innri leigu hærri en leikskólinn Akrar. Það er leikskóli í Garðabæ, leikskólinn Krakkakot. Tekjur á hvert HDÍG voru hæstar hjá leikskólanum Ökrum. Hlutfall tekna af útgjöldum án innri leigu voru einnig hæst í þessum samanburði hjá leikskólanum Ökrum, eða 23%.

## Tafla 73: Skipting launa hjá leikskólanum Ökrum árin 2016 til 2018

| | 2016 | 2017 | 2018 | Breyting 2016/2018 | Breyting 2017/2018 |
|---|---|---|---|---|---|
| Mánaðarlaun | 96.599 | 95.013 | 110.609 | 15% | 16% |
| Dagvinnulaun | 4.656 | 3.533 | 3.016 | -35% | -15% |
| Yfirvinna | 4.321 | 5.446 | 7.113 | 65% | 31% |
| Vaktaálag | 364 | 407 | 455 | | |
| Sérverkefni | 1.727 | 3.613 | 6.249 | 262% | 73% |
| Sérkennsla | 18.815 | 17.727 | 13.022 | -31% | -27% |
| Laun í námsleyfi | | 2.278 | | | |
| Veikindalaun | | 519 | 849 | | 63% |
| Önnur laun | 3.986 | 3.992 | 4.140 | 4% | 4% |
| Áfallið orlof | 2.046 | 1.973 | -899 | -144% | -146% |
| Launatengd gjöld alls | 31.424 | 31.329 | 34.099 | 9% | 9% |
| **Annar starfsmannakostnaður** | 236 | 222 | 208 | -12% | -6% |
| **Samtals** | **164.173** | **166.052** | **178.859** | **9%** | **8%** |
| Yfirvinna sem hlutfall af mánaðarlaunum | 4% | 6% | 6% | | |
| Yfirvinna og sérverkefni sem hlutfall af mánaðarlaunum | 6% | 10% | 12% | | |

Heimild: Garðabær

Tafla 73 sýnir skiptingu launaútgjalda hjá leikskólanum Ökrum árin 2016 til 2018. Launaútgjöldin hækka um 8% á milli áranna 2017 og 2018. Það vekur athygli að mánaðarlaun eru nánast þau sömu öll árin.

Yfirvinna sem hlutfall af mánaðarlaunum var 4% árið 2016 en 6% árið 2018. Yfirvinna og sérverkefni sem hlutfall af mánaðarlaunum var 6% árið 2016 en 12% árið 2018.

Á milli áranna 2016 og 2018 hækkuðu launagjöldin samtals um 9%.

## Tafla 74: Nokkrir útgjaldaliðir hjá leikskólanum Ökrum árin 2016 til 2018

| | 2016 | 2017 | 2018 | Breyting 2017/2018 | Breyting 2016/2018 |
|---|---|---|---|---|---|
| Matvæli | 9.543 | 9.792 | 10.136 | 3,5% | 6,2% |
| Rafmagn | 622 | 669 | 660 | -1,5% | 6,0% |
| Heitt vatn | 531 | 296 | 402 | 35,9% | -24,3% |
| Kalt vatn | | | | | |
| Hreinlætisvörur | 1.024 | 975 | 814 | -16,5% | -20,4% |
| Vinnufatnaður | 220 | 290 | 355 | 22,5% | 61,6% |
| Aðkeypt ræsting | 4.318 | 4.746 | 4.902 | 3,3% | 13,5% |
| Sorphreinsun | 230 | 242 | 251 | 3,7% | 9,1% |
| **Samtals** | **16.488** | **17.010** | **17.520** | **3,0%** | **6,3%** |

Heimild: Garðabær

Tafla 74 sýnir útgjöld vegna nokkurra kostnaðarliða hjá leikskólanum Ökrum árin 2016 til 2018.

Eins og taflan sýnir hækkaði kostnaður samtals fyrir þessa útgjaldaliði á milli áranna 2017 og 2018 um 3% en á milli áranna 2016 og 2018 hækkaði kostnaðurinn um 6,3%.

### Tafla 75: Fjöldi HDÍG og stöðugilda í leikskólanum Ökrum 2002 til 2017 og fjöldi HDÍG á hvert stöðugildi

| | 2012 | 2013 | 2014 | 2015 | 2016 | **2017** | Breyting **2012/2017** |
|---|---|---|---|---|---|---|---|
| Heildagsígildi (HDÍG) | 101,5 | 105,0 | 102,8 | 102,0 | 100,3 | 99,6 | **-1,9** |
| Leikskólakennari | 8,3 | 7,2 | 5,9 | 5,9 | 6,9 | 2,0 | **-6,3** |
| Önnur uppeldisfræðimenntun | 4,4 | 7,3 | 3,8 | 3,7 | 1,6 | 0,6 | **-3,9** |
| Aðrir starfsmenn | 14,1 | 13,6 | 15,9 | 17,5 | 15,1 | 20,8 | **6,7** |
| **Stöðugildi samtals** | **26,8** | **28,1** | **25,6** | **27,1** | **23,6** | **23,4** | **-3,5** |
| **HDÍG á hvert stöðugildi** | **3,8** | **3,7** | **4,0** | **3,8** | **4,3** | **4,3** | **4,3** |
| Hlutfall leikskólakennara af stöðugildum samtals | 31% | 26% | 23% | 22% | 29% | **9%** | |
| Hlutf. leikskólak. og uppeldisfr.m af st. samtals | 48% | 52% | 38% | 35% | 36% | **11%** | |

Heimild: Samband íslenskra sveitarfélaga

Tafla 75 sýnir fjölda HDÍG og stöðugilda hjá leikskólanum Ökrum árin 2002 til 2017. Jafnframt sýnir taflan hlutfall stöðugilda leikskólakennara af stöðugildum samtals og hlutfall stöðugilda leikskólakennara og starfsmanna með aðra uppeldisfræðimenntun sem hlutfall af stöðugildum samtals.

Á milli áranna 2012 og 2017 fækkaði stöðugildum um 3,5. Á sama tímabili fækkaði HDÍG um 1,9.

Fjöldi HDÍG á hvert stöðugildi var 4,3 árið 2017 samanborið við 3,8 árið 2012.

Hlutfall stöðugilda leikskólakennara af stöðugildum samtals var 9% árið 2017 og hlutfall stöðugilda leikskólakennara og starfsmanna með aðra uppeldismenntun af stöðugildum samtals var 11% samkvæmt þeim upplýsingum sem fram koma á vef Sambands íslenskra sveitarfélaga.

## Tafla 76: Fjöldi stöðugilda í samanburðarleikskólum og HDÍG á hvert stöðugildi árið 2017

| | Reykjnes. Heiðar-sel | Reykjnes. Holt | Rvikurb. Jörfi | Hornaf. Sjónar-hóll | Hafnarfj. Hlíðar-berg | Garðab. Akrar | Garðab. Krakka-kot | Reykjnes. Garða-sel | Akur. Kiða-gil | Rvikurb. Haga-borg | Kópav. Núpur |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| Heildagsígildi (HDÍG) | 94,9 | 95,4 | 97,0 | 98,4 | 98,8 | 99,6 | 99,9 | 100,1 | 100,6 | 100,8 | 101,6 |
| Fjöldi barna | 93 | 93 | 93 | 107 | 97 | 96 | 100 | 97 | 102 | 95 | 98 |
| Leikskólakennarar | 6,6 | 8,6 | 3,6 | 2,0 | 6,0 | 2,0 | 1,8 | 7,6 | 6,8 | 7,2 | 8,9 |
| Önnur uppeldismenntun | 7,6 | 4,8 | 3,2 | 6,0 | 3,5 | 0,6 | 22,6 | 4,0 | 4,3 | 4,0 | 2,9 |
| Ófaglærðir starfsmenn | 9,4 | 9,1 | 14,4 | 20,8 | 16,4 | 18,5 | | 15,8 | 10,0 | 10,8 | 10,2 |
| Annað, matseld og þrif | 2,1 | 1,8 | 0,4 | 3,2 | 1,0 | 2,3 | 2,1 | 2,0 | 2,3 | 1,7 | 2,0 |
| **Samtals** | **25,7** | **24,3** | **21,6** | **32,0** | **26,9** | **23,4** | **26,5** | **29,4** | **23,3** | **23,7** | **24,0** |
| **HDÍG á hvert stöðugildi:** | | | | | | | | | | | |
| Leikskólakennara | 14,3 | 11,1 | 26,8 | 49,2 | 16,5 | 49,8 | 55,5 | 13,2 | 14,8 | 14,1 | 11,4 |
| Leikskólakennara og aðra uppeldismenntun | 6,7 | 7,1 | 14,3 | 12,3 | 10,4 | 38,9 | 4,1 | 8,6 | 9,1 | 9,0 | 8,6 |
| Ófaglærðra og annarra starfsmanna | 8,3 | 8,8 | 6,5 | 4,1 | 5,7 | 4,8 | 46,7 | 5,6 | 8,2 | 8,1 | 8,4 |
| **Samtals** | **3,7** | **3,9** | **4,5** | **3,1** | **3,7** | **4,3** | **3,8** | **3,4** | **4,3** | **4,3** | **4,2** |
| Hlutfall leikskólakennara af stöðugildum samtals | 26% | 35% | 17% | 6% | 22% | 9% | 7% | 26% | 29% | 30% | 37% |
| Hlutf. leikskólak. og uppeldisfr.m af st. samtals | 55% | 55% | 31% | 25% | 35% | 11% | 92% | 39% | 47% | 47% | 49% |

Heimild: Samband íslenskra sveitarfélaga

Tafla 76 sýnir fjölda stöðugilda í samanburðarleikskólum árið 2017 og fjölda HDÍG á hvert stöðugildi.

Eins og taflan sýnir var einn leikskóli í þessum samanburði með fleiri HDÍG á hvert stöðugildi en leikskólinn Akrar.

## LEIKSKÓLINN BÆJARBÓL

Leikskólinn Bæjarból er fjögurra deilda leikskóli. Rými er fyrir 86 börn. Á eldri deild eru 23 börn, tvær deildir, 22 á næst yngstu og 18 á yngstu deild í júní 2019.

Við leikskólann starfar leikskólastjóri, aðstoðarleikskólastjóri í 40% stjórnunarstarfi, Sérkennslustjóri sem er í 87,5% stöðugildi og fjórir deildarstjórar. Síðan er verkefnastjóri yfir hreyfingu.

Stöðugildi við leikskólann eru sem hér segir:

| | |
|---|---|
| Leikskólastjóri | 1,00 stöðugildi |
| Aðstoðarleikskólastjóri | 0,40 st. |
| Sérkennslustjóri | 0,88 st. |
| Deildarstjórar | 3,50 st. |
| Aðrir starfsmenn á deildum | 13,20 st. |
| Afleysingar | 2,00 st. |
| Eldhús | 2,00 st. |
| **Samtals** | **22,98 stöðugildi** |

Leikskólinn opnar kl. 7:30 og lokar kl. 17:00. Tveir starfsmenn skipta með sér að opna leikskólann. Þeir sem skipta með sér opnuninni eru aðstoðarleikskólastjóri og leiðbeinandi á deild. Borgað er álag fyrir opnunartímann á morgnana. Einn starfsmaður kemur kl. 7:30 og annar starfsmaður kl. 7:45.

Yfirvinnutímar eru vegna starfmannafunda sem haldnir eru einu sinni í mánuði. Um er að ræða þriggja til fjögurra tíma fundi. Ef starfsmenn eru almennt lengur en dagvinnutími segir til um er greidd yfirvinna.

Góð samskipti eru við fræðslu- og menningarsvið. Jafnframt hefur leikskólinn fengið góðan stuðning frá ráðhúsinu. Mannauðsstjóri hefur reynst leikskólanum vel.

Samskipti við viðhaldsdeildina hafa ekki gengið nógu vel en eru ekki alslæm að sögn leikskólastjóra. Ef settar eru athugasemdir inn á „MainManager“ varðandi öryggismál er brugðist skjótt við.

Engar áætlanir eru um framkvæmdir að sögn leikskólastjóra. Óskað hefur verið eftir endurbótum á eldhúsi. Ekki er lokið við viðhaldsverk, sjá myndir.






Tölvupóstum vegna viðhalds er yfirleitt ekki svarað. Þarf iðulega að hringja á endanum. Að öðru leyti eru góð samskipti varðandi viðhaldsmál.

Þegar málari kom á s.l. ári var ekki til fjármagn til að klára allt. Fór yfir verkefnin um viðhald með umsjónarmanni viðhalds í febrúar s.l., sem var mjög gott. Síðan kom málari og fór að spyrja leikskólastjóra hvað ætti að mála. Leikskólastjóra fannst hann ekki eiga að stýra því. Sérstaklega með hliðsjón af því að hann veit ekki hver staðan er á peningamálum varðandi viðhald og hvað hann má láta mála mikið miðað við fjárhagsáætlun og leikskólastjóri veit ekki hvað kostar að láta mála.



Garðlist sér um sláttinn. Ekki ánægð með sláttinn, sjá mynd. Virðist ekki vera rakað eftir slátt.

Þrír leikskólar tóku sig saman og fengu fyrirtækið Iclean til að ræsta. Ánægja er með ræstingar.

Ekki fór fram útboð. Iclean tók verkið yfir á sama verði og sá fékk sem sá um ræstingarnar áður.

Matráður sér um innkaup. Leikskólastjóri gerir áætlun með matráði varðandi það sem hann má eyða í mat. Með því fylgist matráður betur með því sem keypt er og maturinn er nýttur betur.

Matarinnkaup fara fram á nokkrum stöðum. Mikið keypt hjá Mata, Kjöthúsinu, brauð hjá Myllunni, Ásbirni Ólafssyni, Garra, Fiskikónginum, Ísfugli, Mjólkursamsölunni, Þykkvabæ, flatkökur frá Kökugerð HP. Leikskólastjóri telur að leikskólinn fái einhvern afslátt hjá þessum þjónustuaðilum.

Tölvumálin. Vantar upp á þjónustu vegna spjaldtölva. Fengu spjaldtölvur fyrir nokkrum árum en skýrt tekið fram að ekki væri um mikla þjónusta að ræða vegna þeirra. Þarf að vera starfsmaður sem þjónar spjaldtölvum að sögn leikskólastjóra.

Fram kom að þreytu væri farið að gæta vegna málefna húsumsjónarmanna. Húsumjónarmaður sem sinnir Bæjarbóli annast jafnframt Garðaskóla og Kirkjuból.

Að mati leikskólastjóra ætti að ráða húsumsjónarmann sem sinnir eingöngu leikskólum. Ekki gengið eftir að setja fastan tíma fyrir leikskólana inn í verkáætlun húsvarða að sögn leikskólastjóra.

Þurfa að fá meiri þjónustu frá húsumsjónarmanni.

Varðandi lóðamálin, þar mætti einnig gera betur. Því borið við að ekki sé til fjármagn.

Mikið af verkefnum hvílir á leikskólastjórum og þeim fjölgar bara að sögn leikskólastjóra.

Leikskólastjóri sér um innritun á leikskólann í samstarfi við verkefnastjóra leikskóla. Yfirfer launalista. Gerir uppgjör fyrir hvern mánuð vegna leikskólagjalda sem er nýtt verkefni leikskólastjóra tengt Karellen o.s.frv.

Haldnir hafa verið fundir með fjármálastjóra en hafa ekki verið á vorönn þennan veturinn (2018/2019).

Tafla 77: Rekstrargjöld og -tekjur samanburðarleikskóla á hvert heildagsígildi (HDÍG) árið 2017 í þúsundum króna

| | Hafnarfj. Hlíðar-endi | Kópav. Arnar-smári | Kópav. Álfa-heiði | Mosf. Hlíð | Akur. Iða-völlur | Garðab. Bæjar-ból | Kópav. Dalur | Reykjnes. Vestur-berg | Rvikurb. Álfta-borg | Rvikurb. Nóa-borg | Rvikurb. Reynis-holt |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| Heildagsígildi (HDÍG) | 87,0 | 87,6 | 87,8 | 87,9 | 88,3 | 88,4 | 88,5 | 88,8 | 88,9 | 89,1 | 89,8 |
| Fjöldi barna | 83 | 84 | 85 | 85 | 90 | 86 | 86 | 89 | 83 | 84 | 83 |
| **Rekstrarkostnaður á hvert HDÍG** | **1.774** | **2.237** | **2.119** | **1.621** | **2.041** | **1.977** | **2.073** | **1.925** | **2.138** | **2.071** | **1.972** |
| Launakostnaður á hvert HDÍG | 1.604 | 2.015 | 1.915 | 1.422 | 1.826 | 1.684 | 1.831 | 1.657 | 1.810 | 1.832 | 1.781 |
| Annar rekstrarkostnaður á hvert HDÍG | 170 | 222 | 204 | 199 | 214 | 294 | 242 | 268 | 328 | 239 | 191 |
| Tekjur á hvert HDÍG | 373 | 361 | 329 | 363 | 450 | 451 | 372 | 365 | 249 | 291 | 271 |
| Tekjur sem hlutfall af brúttó gjöldum | 21% | 16% | 16% | 22% | 22% | 23% | 18% | 19% | 12% | 14% | 14% |

Heimild: Samband íslenskra sveitarfélaga

Tafla 77 sýnir rekstrargjöld og –tekjur á hvert heildagsígildi (HDÍG) árið 2017 fyrir samanburðarleikskóla, þ.e. fimm leikskóla með fleiri HDÍG og fimm með færri en leikskólinn Bæjarból. Jafnframt sýnir taflan tekjur sem hlutfall af gjöldum. Í rekstrargjöldum er innri leiga ekki með talin. Ástæða þess er að sveitarfélög nota mismunandi aðferðir við að reikna innri leigu.

Í þessum samanburði voru fjórir leikskólar með lægri rekstrarkostnað á hvert HDÍG en leikskólinn Bæjarból. Lægstur var kostnaðurinn hjá leikskólanum Hlíð í Mosfellsbæ, þar sem hann var 1.422 þúsund krónur á hvert HDÍG. Til samanburðar var þessi kostnaður 1.977 þúsund krónur hjá leikskólanum Bæjarból, eða mismunur upp á 356 þúsund krónur á hvert HDÍG í þessum leikskólum. Miðað við 88,4 HDÍG gerir þessi mismunur samtals 31.470 þúsund krónur. Hafa ber þennan samanburð við vísbendingu, þar sem leikskólar geta verið mismunandi með hliðjón m.a. af aldri barna, þjónustuþörf barna á viðkomandi leikskóla o.s.frv.

Þrír leikskólar voru með lægri launakostnað á hvert HDÍG en leikskólinn Bæjarból í þessum samanburði. Einn leikskóli var með annan rekstrarkostnað án innri leigu hærri en leikskólinn Bæjarból. Tekjur á hvert HDÍG voru hæstar hjá leikskólanum Bæjarbóli.

Hlutfall tekna af útgjöldum án innri leigu var hæst í þessum samanburði hjá leikskólanum Bæjarbóli.

### Tafla 78: Skipting launa hjá leikskólanum Bæjarbóli árin 2016 til 2018

| | 2016 | 2017 | 2018 | Breyting 2016/2018 | Breyting 2017/2018 |
|---|---|---|---|---|---|
| Mánaðarlaun | 97.330 | 94.927 | 94.953 | -2% | 0% |
| Dagvinnulaun | 2.443 | 4.056 | 3.865 | 58% | -5% |
| Yfirvinna | 4.036 | 4.297 | 5.652 | 40% | 32% |
| Vaktaálag | 279 | 327 | 387 | | |
| Sérverkefni | 1.728 | 3.384 | 3.968 | 130% | 17% |
| Sérkennsla | 6.079 | 8.803 | 9.773 | 61% | 11% |
| Veikindalaun | | 2.447 | 4.674 | | 91% |
| Önnur laun | 3.279 | 3.386 | 3.477 | 6% | 3% |
| Áfallið orlof | 1.926 | -1.534 | -804 | -142% | -48% |
| Launatengd gjöld alls | 27.267 | 28.657 | 29.921 | 10% | 4% |
| Annar starfsmannakostnaður | 175 | 229 | 59 | -66% | -74% |
| **Samtals** | **144.542** | **148.979** | **155.926** | **8%** | **5%** |
| Yfirvinna sem hlutfall af mánaðarlaunum | 4% | 5% | 6% | | |
| Yfirvinna og sérverkefni sem hlutfall af mánaðarlaunum | 6% | 8% | 10% | | |

Heimild: Garðabær

Tafla 78 sýnir skiptingu launaútgjalda hjá leikskólanum Bæjarbóli árin 2016 til 2018. Launaútgjöldin hækka um 5% á milli áranna 2017 og 2018. Það vekur athygli að mánaðarlaun eru nánast þau sömu öll árin. Yfirvinna hækkar nokkuð.

Yfirvinna sem hlutfall af mánaðarlaunum var 4% árið 2016 en 6% árið 2018. Yfirvinna og sérverkefni sem hlutfall af mánaðarlaunum var 6% árið 2016 en 10% árið 2018.

Á milli áranna 2016 og 2018 hækkuðu launagjöldin samtals um 8%.

### Tafla 79: Nokkrir útgjaldaliðir hjá leikskólanum Bæjarbóli árin 2016 til 2018

| | 2016 | 2017 | 2018 | Breyting 2017/2018 | Breyting 2016/2018 |
|---|---|---|---|---|---|
| Matvæli | 10.366 | 8.755 | 9.061 | 3,5% | -12,6% |
| Rafmagn | 695 | 682 | 630 | -7,6% | -9,3% |
| Heitt vatn | 797 | 539 | 543 | 0,8% | -31,8% |
| Kalt vatn | | | | | |
| Hreinlætisvörur | 879 | 908 | 726 | -20,0% | -17,4% |
| Vinnufatnaður | 163 | 199 | 311 | 56,2% | 91,0% |
| Aðkeypt ræsting | 5.101 | 5.011 | 4.684 | -6,5% | -8,2% |
| Sorphreinsun | 289 | 407 | 416 | 2,2% | 43,8% |
| **Samtals** | **18.289** | **16.501** | **16.372** | **-0,8%** | **-10,5%** |

Heimild: Garðabær

Tafla 79 sýnir útgjöld vegna nokkurra kostnaðarliða hjá leikskólanum Bæjarbóli árin 2016 til 2018.

Eins og taflan sýnir lækkaði kostnaður samtals fyrir þessa útgjaldaliði á milli áranna 2016 til 2018 um 10,5% en á milli áranna 2017 og 2018 lækkaði kostnaðurinn um 0,8%.

Útgjöld vegna matvæla voru lægri árið 2018 en 2016.

Kostnaður við ræstingu lækkar á milli ára öll árin.

## Tafla 80: Fjöldi HDÍG og stöðugilda í leikskólanum Bæjarbóli 2002 til 2017 og fjöldi HDÍG á hvert stöðugildi

| | 2002 | 2003 | 2004 | 2005 | 2006 | 2007 | 2008 | 2009 | 2010 | **2011** | 2012 | 2013 | 2014 | 2015 | 2016 | **2017** | Breyting **2011/2017** |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| Heildagsígildi (HDÍG) | 83,4 | 75,4 | 79,9 | 77,3 | 75,8 | 80,6 | 79,8 | 82,3 | 95,4 | **111,5** | 94,4 | 101,5 | 93,5 | 96,4 | 93,3 | **88,4** | **-23,1** |
| Leikskólakennari | 5,3 | 5,7 | 4,3 | 0,0 | 0,0 | 7,6 | 7,8 | 8,9 | 8,8 | **9,6** | 6,3 | 8,6 | 6,8 | 5,8 | 6,5 | **4,6** | **-5,0** |
| Önnur uppeldisfræðimenntun | 1,4 | 1,4 | 1,5 | 0,0 | 0,0 | 1,7 | 1,8 | 3,6 | 5,7 | **5,0** | 5,3 | 4,8 | 3,4 | 4,4 | 3,4 | **4,2** | **-0,8** |
| Aðrir starfsmenn | 10,9 | 10,6 | 10,9 | 19,0 | 19,7 | 10,8 | 9,5 | 6,7 | 8,3 | **12,4** | 11,2 | 10,4 | 13,0 | 11,8 | 13,6 | **9,4** | **-3,0** |
| Stöðugildi samtals | 17,6 | 17,7 | 16,7 | 19,0 | 19,7 | 20,1 | 19,1 | 19,2 | 22,7 | 27,0 | 22,9 | 23,8 | 23,1 | 21,9 | 23,5 | 18,2 | -8,8 |
| **HDÍG á hvert stöðugildi** | **4,7** | **4,3** | **4,8** | **4,1** | **3,8** | **4,0** | **4,2** | **4,3** | **4,2** | **4,1** | **4,1** | **4,3** | **4,0** | **4,4** | **4,0** | **4,9** | **0,7** |
| Hlutfall leikskólakennara af stöðugildum samtals | 30% | 32% | 26% | 0% | 0% | 38% | 41% | 46% | 38% | **36%** | 28% | 36% | 29% | 26% | 28% | **26%** | |
| Hlutf. leikskólak. og uppeldisfr.m af st. samtals | 38% | 40% | 35% | 0% | 0% | 46% | 50% | 65% | 64% | **54%** | 51% | 56% | 44% | 46% | 42% | **48%** | |

Heimild: Samband íslenskra sveitarfélaga

Tafla 80 sýnir fjölda HDÍG og stöðugilda hjá leikskólanum Bæjarbóli árin 2002 til 2017. Jafnframt sýnir taflan hlutfall stöðugilda leikskólakennara af stöðugildum samtals og hlutfall stöðugilda leikskólakennara og starfsmanna með aðra uppeldisfræðimenntun sem hlutfall af stöðugildum samtals. Á milli áranna 2011 og 2017 fækkaði stöðugildum um 8,8. Á sama tímabili fækkaði HDÍG um 23,1.

Hlutfall stöðugilda leikskólakennara af stöðugildum samtals var 26% árið 2017 og hlutfall stöðugilda leikskólakennara og starfsmanna með aðra uppeldismenntun af stöðugildum samtals var 48%.

## Tafla 81: Fjöldi stöðugilda í samanburðarleikskólum og HDÍG á hvert stöðugildi árið 2017

| | Hafnarfj. Hlíðar-endi | Kópav. Arnar-smári | Kópav. Álfa-heiði | Mosf. Hlíð | Akur. Iða-völlur | Garðab. Bæjar-ból | Kópav. Dalur | Reykjnes. Vestur-berg | Rvikurb. Álfta-borg | Rvikurb. Nóa-borg | Rvikurb. Reynis-holt |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| Heildagsígildi (HDÍG) | 87,0 | 87,6 | 87,8 | 87,9 | 88,3 | 88,4 | 88,5 | 88,8 | 88,9 | 89,1 | 89,8 |
| Fjöldi barna | 83 | 84 | 85 | 85 | 90 | 86 | 86 | 89 | 83 | 84 | 83 |
| Leikskólakennarar | 6,4 | 9,6 | 9,6 | 6,3 | 16,0 | 4,6 | 9,8 | 7,9 | 6,2 | 6,0 | 8,5 |
| Önnur uppeldismenntun | 1,8 | 2,7 | 2,0 | 4,5 | 0,9 | 4,2 | 2,6 | 12,4 | 4,3 | 3,8 | 6,5 |
| Ófaglærðir starfsmenn | 13,4 | 12,4 | 8,5 | 10,5 | 7,9 | 8,4 | 9,8 | 1,0 | 11,6 | 11,3 | 8,2 |
| Annað, matseld og þrif | 2,0 | 1,4 | 1,5 | 2,7 | 2,5 | 1,0 | 1,6 | 1,9 | 0,0 | 0,0 | 1,9 |
| **Samtals** | **23,5** | **26,0** | **21,6** | **24,0** | **27,3** | **18,2** | **23,9** | **23,2** | **22,0** | **21,0** | **25,0** |
| **HDÍG á hvert stöðugildi:** | | | | | | | | | | | |
| Leikskólakennara | 13,7 | 9,1 | 9,2 | 14,0 | 5,5 | 19,0 | 9,0 | 11,2 | 14,4 | 14,9 | 10,6 |
| Leikskólakennara og aðra uppeldismenntun | 10,7 | 7,1 | 7,6 | 8,1 | 5,2 | 10,0 | 7,1 | 4,4 | 8,5 | 9,1 | 6,0 |
| Ófaglærðra og annarra starfsmanna | 5,6 | 6,4 | 8,8 | 6,7 | 8,5 | 9,4 | 7,7 | 30,3 | 7,7 | 7,9 | 8,9 |
| **Samtals** | **3,7** | **3,4** | **4,1** | **3,7** | **3,2** | **4,9** | **3,7** | **3,8** | **4,0** | **4,2** | **3,6** |
| Hlutfall leikskólakennara af stöðugildum samtals | 27% | 37% | 44% | 26% | 58% | 26% | 41% | 34% | 28% | 29% | 34% |
| Hlutf. leikskólak. og uppeldisfr.m af st. samtals | 34% | 47% | 54% | 45% | 62% | 48% | 52% | 87% | 47% | 46% | 60% |

Heimild: Samband íslenskra sveitarfélaga

Tafla 81 sýnir fjölda stöðugilda í samanburðarleikskólum árið 2017 og fjölda HDÍG á hvert stöðugildi.

Eins og taflan sýnir var leikskólinn Bæjarból í þessum samanburði með flest HDÍG á hvert stöðugildi, eða 4,9.

## LEIKSKÓLINN SUNNUHVOLL

Leikskólinn Sunnuhvoll er tveggja deilda ungbarnaleikskóli. Börnin eru 12 mánaða þegar þau koma inn og eru í eitt ár.

Við leikskólann er leikskólastjóri, tveir deildarstjórar í 80% stöðugildum hvor og 25% staða sérkennslustjóra. Annar deildarstjórinn er staðgengill leikskólastjóra.

Stöðugildi við leikskólann eru sem hér segir:

| | |
|---|---|
| Leikskólastjóri | 1,00 stöðugildi |
| Deildarstjórar | 1,60 |
| Sérkennslustjóri | 0,25 |
| Aðrir starfsmenn á deildum | 5.95 |
| Afleysingar | 0.60 |
| Eldhús | 1,00 |
| **Samtals:** | **10,40 stöðugildi** |

Á hvorri deild eru 15 og 12 börn, eða samtals 27 börn (júní 2019).

Matráður sér alfarið um eldhús og þvotta. Hann kaupir inn. Hann kaupir af ýmsum birgjum. Hann verslar við Sæstein með fisk, Mjólkursamsöluna, Ekruna, Bónus o.fl.

Leikskólastjóri og matráður eru með kreditkort.

Leikskólinn opnar kl. 7:30 og lokar kl. 17:00. Staðgengill leikskólastjóra opnar og hættir fyrr á daginn vegna þess.

Ákveðinn fjöldi yfirvinnutíma er á hvern starfsmann, um 30 klukkustundir á hvern starfsmann yfir árið.

Þróunarsjóðurinn hefur haft mikil jákvæð áhrif á starfsemi leikskólans. Leikskólinn er m.a. í samvinnu við háskóla vegna þróunarverkefnis. Verkefnið er hugsað til þriggja ára. Er samstarfsverkefni við menntavísindasvið Háskóla Íslands.

Kaupa ræstingarþjónustu frá Hreint. Fyrirrennari leikskólastjóra samdi við Hreint á sínum tíma. Eru mjög ánægð með þjónustuna sem þau fá frá Hreint.

Samskiptin við tækni- og umhverfissvið fara í gegnum „MainManager“. Allt minniháttar viðhald gengur hratt og örugglega fyrir sig. Hér á að vera húsvörður sem leikskólastjóri á að geta leitað til. Hefur ekki gengið alveg vel fyrir sig að sögn leikskólastjóra. Umgjörðin í kringum húsumsjónarmanninn er ekki alveg að virka.

Aðgengi að bókhaldsþjónustu, launadeild, mannauðsstjóra og sú aðstoð sem þarf að fá frá ráðhúsinu er mjög gott. Samstarfið við verkefnastjóra leikskóla er gott.

Stuðningsnetið sem leikskólastjóri hefur í starfi er mjög gott.

Helstu hnökrarnir eru húsumsjónarmálin sem mætti vera betri. Annar stuðningur er mjög góður. Fá svör fljótt og þá aðstoð sem þarf.

## Tafla 82: Rekstrargjöld og -tekjur samanburðarleikskóla á hvert heildagsígildi (HDÍG) árið 2017 í þúsundum króna

| | Vop.fj.h. | Borgarb. | Skagaf. | Skaftárh. | Langan. | Garðab. | Skeiða- | Svalb. | Skútus. | Hörg. | Fljótd.h. |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| | Brekku-bær | Hnoðra-ból | Trölla-borg | Kæri-bær | Barna-ból | Sunnu-hvoll | Leik-skólinn | Álfa-borg | Ylur | Álfa-steinn | Hádegis-höfði |
| Heildagsígildi (HDÍG) | 20,9 | 21,0 | 21,1 | 21,3 | 22,6 | 26,0 | 27,0 | 28,8 | 28,8 | 29,5 | 34,0 |
| Fjöldi barna | 24 | 22 | 25 | 24 | 23 | 26 | 27 | 29 | 31 | 31 | 39 |
| **Rekstrarkostnaður á hvert HDÍG** | **3.503** | **2.444** | **2.814** | **1.608** | **2.570** | **3.541** | **2.982** | **2.021** | **1.850** | **2.461** | **2.679** |
| Launakostnaður á hvert HDÍG | 3.079 | 2.146 | 2.513 | 1.369 | 2.137 | 3.087 | 2.637 | 1.752 | 1.598 | 2.140 | 2.443 |
| Annar rekstrarkostnaður á hvert HDÍG | 425 | 298 | 301 | 239 | 433 | 454 | 345 | 269 | 251 | 321 | 237 |
| Tekjur á hvert HDÍG | 434 | 380 | 384 | 337 | 578 | 487 | 83 | 247 | 195 | 430 | 344 |
| Tekjur sem hlutfall af brúttó gjöldum | 12% | 16% | 14% | 21% | 22% | 14% | 3% | 12% | 11% | 17% | 13% |

Heimild: Samband íslenskra sveitarfélaga

Tafla 82 sýnir rekstrargjöld og –tekjur á hvert heildagsígildi (HDÍG) árið 2017 fyrir samanburðarleikskóla, þ.e. fimm leikskóla með fleiri HDÍG og fimm með færri en leikskólinn Sunnuhvoll. Jafnframt sýnir taflan tekjur sem hlutfall af gjöldum. Í rekstrargjöldum er innri leiga ekki meðtalin. Ástæða þess er að sveitarfélög nota mismunandi aðferðir við að reikna innri leigu.

Í þessum samanburði var rekstrarkostnaður á hvert HDÍG hæstur hjá leikskólanum Sunnuhvoli. Nokkur munur er á rekstrarkostnaði þessara skóla. Lægstur var kostnaðurinn hjá leikskólanum Kærabæ í Skaftárhreppi, þar sem hann var 1.608 þúsund krónur á hvert HDÍG. Hafa ber þennan samanburð sem vísbendingu, þar sem leikskólar geta verið mismunandi með hliðjón m.a. af aldri barna, þjónustuþörf barna á viðkomandi leikskóla o.s.frv. Leikskólinn Sunnuhvoll er ungbarnaleikskóli þar sem börn eru tekin inn 12 mánaða og eru í leikskólanum að hámarki í eitt ár.

Launakostnaður var jafnframt hæstur hjá leikskólanum Sunnuhvoli og sömuleiðis annar rekstrarkostnaður á hvert HDÍG.

## Tafla 83: Skipting launa hjá leikskólanum Sunnuhvoli árin 2016 til 2018

| | | | | Breyting | |
|---|---|---|---|---|---|
| | 2016 | 2017 | 2018 | 2016/2018 | 2017/2018 |
| Mánaðarlaun | 49.776 | 50.486 | 51.513 | 3% | 2% |
| Dagvinnulaun | 972 | 446 | 2.803 | 188% | 529% |
| Yfirvinna | 1.784 | 1.421 | 2.398 | 34% | 69% |
| Vaktaálag | 114 | 102 | 133 | | |
| Sérverkefni | 725 | 1.039 | 1.542 | 113% | 48% |
| Sérkennsla | 1.463 | 1.583 | 1.620 | 11% | 2% |
| Laun í námsleyfi | | | 1.964 | | |
| Veikindalaun | | 6.245 | 612 | | -90% |
| Önnur laun | 1.640 | 1.865 | 3.659 | 123% | 96% |
| Áfallið orlof | 884 | 2.263 | -1.445 | -264% | -164% |
| Launatengd gjöld alls | 13.415 | 14.815 | 15.320 | 14% | 3% |
| Annar starfsmannakostnaður | 56 | 56 | 70 | 24% | 24% |
| **Samtals** | **70.829** | **80.323** | **80.189** | **13%** | **0%** |
| Yfirvinna sem hlutfall af mánaðarlaunum | 4% | 3% | 5% | | |
| Yfirvinna og sérverkefni sem hlutfall af mánaðarlaunum | 5% | 5% | 8% | | |

Heimild: Garðabær

Tafla 83 sýnir skiptingu launaútgjalda hjá leikskólanum Sunnuhvoli árin 2016 til 2018. Launaútgjöldin voru nánast óbreytt á milli áranna 2017 og 2018. Dagvinnulaun hækkuðu hlutfallslega nokkuð mikið á milli áranna. Einnig yfirvinna og sérverkefni.

Yfirvinna sem hlutfall af mánaðarlaunum var 4% árið 2016 en 5% árið 2018. Yfirvinna og sérverkefni sem hlutfall af mánaðarlaunum var 5% árið 2016 en 8% árið 2018.

Á milli áranna 2016 og 2018 hækkuðu launagjöldin samtals um 13%, sem var svo til eingöngu hækkun launa á milli áranna 2016 og 2017.

### Tafla 84: Nokkrir útgjaldaliðir hjá leikskólanum Sunnuhvoli árin 2016 til 2018

| | | | | Breyting | |
|---|---|---|---|---|---|
| | 2016 | 2017 | 2018 | 2017/2018 | 2016/2018 |
| Matvæli | 3.677 | 3.620 | 3.619 | 0,0% | -1,6% |
| Rafmagn | 646 | 256 | 534 | 108,6% | -17,4% |
| Heitt vatn | 218 | 166 | 183 | 10,1% | -16,2% |
| Kalt vatn | | | | | |
| Hreinlætisvörur | 318 | 621 | 316 | -49,1% | -0,8% |
| Vinnufatnaður | 141 | 135 | 125 | -7,0% | -11,0% |
| Aðkeypt ræsting | 2.522 | 2.516 | 2.769 | 10,0% | 9,8% |
| Sorphreinsun | 245 | 271 | 358 | 31,8% | 46,0% |
| **Samtals** | **7.768** | **7.584** | **7.903** | **4,2%** | **1,7%** |

Heimild: Garðabær

Tafla 84 sýnir útgjöld vegna nokkurra kostnaðarliða hjá leikskólanum Sunnuhvoli árin 2016 til 2018.

Eins og taflan sýnir þá hækkaði kostnaður samtals fyrir þessa útgjaldaliði á milli áranna 2017 og 2018 um 4,2% en á milli áranna 2016 og 2018 hækkaði kostnaðurinn um 1,7%.

Útgjöld vegna matvæla voru lægri árið 2018 en 2016. Útgjöldin voru nánast þau sömu öll árin.

### Tafla 85: Fjöldi HDÍG og stöðugilda í leikskólanum Sunnuhvoli 2002 til 2017 og fjöldi HDÍG á hvert stöðugildi

| | 2002 | 2003 | 2004 | 2005 | 2006 | 2007 | 2008 | 2009 | 2010 | **2011** | 2012 | 2013 | 2014 | 2015 | 2016 | **2017** | **Breyting 2011/2017** |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| Heildagsígildi (HDÍG) | 29,0 | 25,9 | 25,0 | 27,6 | 30,0 | 30,3 | 28,5 | 29,5 | 29,8 | **29,8** | 30,4 | 31,6 | 27,6 | 28,1 | 27,4 | **26,0** | **-3,8** |
| Leikskólakennari | 4,4 | 3,6 | 4,6 | 5,3 | 4,1 | 4,6 | 4,4 | 4,8 | 2,5 | **4,3** | 6,6 | 5,7 | 5,0 | 5,1 | 7,9 | **3,2** | **-1,2** |
| Önnur uppeldisfræðimenntun | 0,0 | 0,5 | 0,0 | 0,0 | 0,0 | 0,0 | 0,0 | 0,0 | 1,8 | **3,7** | 0,0 | 0,0 | 0,0 | 2,0 | 0,0 | **1,3** | **-2,4** |
| Aðrir starfsmenn | 4,0 | 4,8 | 3,5 | 3,5 | 3,5 | 3,0 | 3,0 | 2,0 | 3,0 | **0,8** | 1,5 | 2,1 | 3,0 | 3,5 | 1,5 | **4,7** | **3,9** |
| **Stöðugildi samtals** | **8,4** | **8,9** | **8,1** | **8,8** | **7,6** | **7,6** | **7,4** | **6,8** | **7,3** | **8,9** | **8,1** | **7,8** | **8,0** | **10,6** | **9,4** | **9,2** | **0,3** |
| **HDÍG á hvert stöðugildi** | **3,5** | **2,9** | **3,1** | **3,1** | **3,9** | **4,0** | **3,8** | **4,4** | **4,1** | **3,4** | **3,8** | **4,1** | **3,5** | **2,6** | **2,9** | **2,8** | **-0,5** |
| Hlutfall leikskólakennara af stöðugildum samtals | 52% | 40% | 57% | 60% | 53% | 60% | 60% | 70% | 34% | **49%** | 81% | 73% | 63% | 48% | 84% | **34%** | |
| Hlutf. leikskólak. og uppeldisfr.m af st. samtals | 52% | 46% | 57% | 60% | 53% | 60% | 60% | 70% | 59% | **91%** | 81% | 73% | 63% | 67% | 84% | **49%** | |

Heimild: Samband íslenskra sveitarfélaga

Tafla 85 sýnir fjölda HDÍG og stöðugilda hjá leikskólanum Sunnuhvoli árin 2002 til 2017. Jafnframt sýnir taflan hlutfall stöðugilda leikskólakennara af stöðugildum samtals og hlutfall stöðugilda leikskólakennara og starfsmanna með aðra uppeldisfræðimenntun sem hlutfall af stöðugildum samtals. Á milli áranna 2011 og 2017 fjölgaði stöðugildum um 0,3. Á sama tímabili fækkaði HDÍG um 3,8.

Fjöldi HDÍG á hvert stöðugildi var 2,8 árið 2017.

Hlutfall stöðugilda leikskólakennara af stöðugildum samtals var 34% árið 2017 og hlutfall stöðugilda leikskólakennara og starfsmanna með aðra uppeldismenntun af stöðugildum samtals var 49%.

Tafla 86: Fjöldi stöðugilda í samanburðarleikskólum og HDÍG á hvert stöðugildi árið 2017

| | Vop.fj.h. Brekkubær | Borgarb. Hnoðraból | Skagaf. Tröllaborg | Skaftárh. Kæribær | Langan. Barnaból | Garðab. Sunnuhvoll | Skeiða- Leikskólinn | Svalb. Álfaborg | Skútus. Ylur | Hörg. Álfasteinn | Fljótd.h. Hádegishöfði |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| Heildagsígildi (HDÍG) | 20,9 | 21,0 | 21,1 | 21,3 | 22,6 | 26,0 | 27,0 | 28,8 | 28,8 | 29,5 | 34,0 |
| Fjöldi barna | 24 | 22 | 25 | 24 | 23 | 26 | 27 | 29 | 31 | 31 | 39 |
| Leikskólakennarar | 5,3 | 1,0 | 4,0 | 1,0 | 2,7 | 3,2 | 5,7 | 2,1 | 1,8 | 5,9 | 2,5 |
| Önnur uppeldismenntun | | | | 2,0 | 2,0 | 1,3 | 0,8 | | | | 1,0 |
| Ófaglærðir starfsmenn | 1,9 | 5,3 | 3,8 | 3,0 | 2,6 | 3,9 | 3,0 | 4,5 | 5,9 | 1,8 | 9,4 |
| Annað, matseld og þrif | 0,9 | 0,8 | 0,6 | 0,3 | 0,0 | 0,8 | 0,9 | 0,0 | 0,4 | 1,7 | 0,2 |
| **Samtals** | **8,1** | **7,1** | **8,4** | **6,3** | **7,3** | **9,2** | **10,4** | **6,6** | **8,1** | **9,4** | **13,2** |
| **HDÍG á hvert stöðugildi:** | | | | | | | | | | | |
| Leikskólakennara | 4,0 | 21,0 | 5,3 | 21,3 | 8,4 | 8,2 | 4,7 | 14,0 | 15,9 | 5,0 | 13,4 |
| Leikskólakennara og aðra uppeldismenntun | 4,0 | 21,0 | 5,3 | 7,1 | 4,8 | 5,8 | 4,1 | 14,0 | 15,9 | 5,0 | 9,6 |
| Ófaglærðra og annarra starfsmanna | 7,3 | 3,4 | 4,8 | 6,4 | 8,8 | 5,5 | 6,9 | 6,4 | 4,6 | 8,5 | 3,5 |
| **Samtals** | **2,6** | **3,0** | **2,5** | **3,4** | **3,1** | **2,8** | **2,6** | **4,4** | **3,6** | **3,2** | **2,6** |
| Hlutfall leikskólakennara af stöðugildum samtals | 65% | 14% | 48% | 16% | 37% | 34% | 55% | 31% | 22% | 63% | 19% |
| Hlutf. leikskólak. og uppeldisfr.m af st. samtals | 65% | 14% | 48% | 48% | 65% | 49% | 63% | 31% | 22% | 63% | 27% |

Heimild: Samband íslenskra sveitarfélaga

Tafla 86 sýnir fjölda stöðugilda í samanburðarleikskólum árið 2017 og fjölda HDÍG á hvert stöðugildi.

Eins og taflan sýnir var einn leikskóli í þessum samanburði með færri HDÍG á hvert stöðugildi en leikskólinn Sunnuhvoll.

## LEIKSKÓLAR Í GARÐABÆ, SAMANTEKIÐ

Nokkur mismunur er á því hvað sveitarfélög innheimta í leikskólagjöld og fyrir fæði á leikskólum.

## Mynd 16: Leikskólagjöld hjá samanburðarsveitarfélögum í janúar 2018 og 2019




Heimild: Vefsíða ASÍ

Mynd 16 sýnir almenn leikskólagjöld miðað við átta klukkustundir og fullt fæði hjá samanburðar sveitarfélögum árið 2018 og 2019. Sveitarfélögin veita afslætti svo sem systkina afslætti o.s.frv., sem ekki er gert ráð fyrir hér.

Eins og þarna kemur fram er hæsta gjaldtakan hjá Garðabæ, eða 39.618 kr. miðað við átta klukkustundir og fullt fæði. Lægst er gjaldið hjá Reykjavíkurborg þar sem það er 25.963 kr.

## Tafla 87: Rekstrargjöld og –tekjur á hvert HDÍG hjá leikskólum Garðabæjar árið 2017 í þúsundum króna

| | | | | | | | | | **Mismunur á milli leikskóla** | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| | Akrar | Bæjar-ból | Holta-kot | Krakka-kot | Kirkju-ból | Hæðar-ból | Lunda-ból | Sunnu-hvoll | Krakkakot -Akrar | Lundaból -Kirkjuból | Lundaból - Akrar |
| Heilsdagsígildi | 99,6 | 88,4 | 76,4 | 99,9 | 62,6 | 54,9 | 52,5 | 26,0 | 0,3 | -10,1 | -47,1 |
| Fjöldi barna 2017 | 96 | 86 | 75 | 100 | 61 | 53 | 51 | 26 | 4,0 | -10,0 | -45,0 |
| Rekstrarkostnaður á hvert HDÍG | 1.954 | 1.977 | 1.979 | 2.118 | 2.347 | 2.491 | 2.914 | 3.541 | 164 | 567 | 960 |
| Heildar launakostnaður á hvert HDÍG | 1.665 | 1.684 | 1.656 | 1.809 | 2.066 | 2.176 | 2.547 | 3.087 | 144 | 481 | 882 |
| Annar rekstrarkostnaður á hvert HDÍG | 290 | 294 | 323 | 310 | 282 | 315 | 367 | 454 | 20 | 85 | 77 |
| Tekjur á hvert HDÍG | 459 | 451 | 430 | 435 | 434 | 507 | 522 | 487 | | | |
| Tekjur sem hlutfall af útgjöldum | 23% | 23% | 22% | 21% | 19% | 20% | 18% | 14% | | | |

Heimild: Samband íslenskra sveitarfélaga

Tafla 87 sýnir rekstrargjöld og –tekjur á hvert HDÍG hjá leikskólum Garðabæjar árið 2017 í þúsundum krónum.

Rekstrarkostnaður á hvert HDÍG var lægstur hjá leikskólanum Ökrum árið 2017 hjá leikskólum sveitarfélagsins. Kostnaðurinn var 1.954 þúsund krónur á hvert HDÍG en hann var 3.541 þúsund krónur á hvert HDÍG, þar sem hann var hæstur eða hjá ungbarnaleikskólanum Sunnuhvoli. Hafa ber í huga að sá leikskóli er rekinn einungis

fyrir 12 mánaða gömul börn sem eru þar í eitt ár. Launakostnaður var lægstur á hvert HDÍG hjá leikskólanum Holtakoti, eða 1.656 þúsund krónur á hvert HDÍG. Annar rekstrarkostnaður á hvert HDÍG var lægstur hjá leikskólanum Kirkjubóli, eða 282 þúsund krónur á hvert HDÍG.

Rétt er að vekja athygli á því að nokkur munur er á rekstrarkostnaði á hvert HDÍG eftir fjölda HDÍG.

Ef aðrir leikskólar en leikskólinn Sunnuhvoll eru bornir saman var rekstrarkostnaður á hvert HDÍG hæstur hjá leikskólanum Lundabóli þar sem hann var 2.914 þúsund krónur samanborið við 1.954 þúsund krónur hjá leikskólanum Ökrum þar sem hann var lægstur, eða mismunur á hvert HDÍG upp á 960 þúsund krónur.

Tafla 88: Fjöldi stöðugilda í leikskólum Garðabæjar og HDÍG á hvert stöðugildi árið 2017

| | Bæjar-ból | Akrar | Holta-kot | Kirkju-ból | Krakka-kot | Hæðar-ból | Lunda-ból | Sunnu-hvoll |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| Heildagsígildi (HDÍG) | 88,4 | 99,6 | 76,4 | 62,6 | 99,9 | 54,9 | 52,5 | 26,0 |
| Fjöldi barna | 86 | 96 | 75 | 61 | 100 | 53 | 51 | 26 |
| Leikskólakennarar | 4,6 | 2,0 | 6,6 | 6,3 | 1,8 | 6,2 | 8,4 | 3,2 |
| Önnur uppeldismenntun | 4,2 | 0,6 | 4,4 | 2,0 | 22,6 | 6,7 | 6,1 | 1,3 |
| Ófaglærðir starfsmenn | 8,4 | 18,5 | 6,6 | 5,8 | | 1,0 | 0,8 | 3,9 |
| Annað, matseld og þrif | 1,0 | 2,3 | 1,8 | 2,0 | 2,1 | 1,5 | 1,7 | 0,8 |
| **Samtals** | **18,2** | **23,4** | **19,4** | **16,1** | **26,5** | **15,4** | **17,0** | **9,2** |
| **HDÍG á hvert stöðugildi:** | | | | | | | | |
| Leikskólakennara | 19,0 | 49,8 | 11,6 | 9,9 | 55,5 | 8,9 | 6,2 | 8,2 |
| Leikskólakennara og aðra uppeldismenntun | 10,0 | 38,9 | 6,9 | 7,5 | 4,1 | 4,3 | 3,6 | 5,8 |
| Ófaglærðra og annarra starfsmanna | 9,4 | 4,8 | 9,1 | 8,0 | 46,7 | 22,0 | 21,2 | 5,5 |
| Samtals | **4,9** | **4,3** | 3,9 | **3,9** | **3,8** | **3,6** | **3,1** | **2,8** |
| Hlutfall leikskólakennara af stöðugildum samtals | 26% | 9% | 34% | 39% | 7% | 40% | 49% | 34% |
| Hlutf. leikskólak. og uppeldisfr.m af st. samtals | 48% | 11% | 57% | 51% | 92% | 84% | 85% | 49% |

Heilmild: Samband íslenskra sveitarfélaga

Tafla 88 sýnir fjölda stöðugilda og HDÍG á hvert stöðugildi hjá leikskólum Garðabæjar.

Eins og taflan sýnir voru 4,9 HDÍG á hvert stöðugildi í leikskólanum Bæjarbóli þar sem HDÍG voru flest á hvert stöðugildi. Til samanburðar voru t.d. 3,1 HDÍG á hvert stöðugildi hjá leikskólanum Lundabóli og 2,8 HDÍG á hvert stöðugildi hjá ungbarnaleikskólanum Sunnuhvoli.

Eins og áður ber að leggja áherslu á að mönnun leikskóla getur verið mismunandi m.a. vegna mismunandi þjónustuþarfa barnanna, aldursdreifingu þeirra o.s.frv. Hins vegar gæti hér verið um vísbendingu að ræða sem gefur ástæðu til að mönnun leikskólanna verði skoðuð frekar.

Tafla 89: Rekstrargjöld nokkurra gjaldaliða hjá leikskólum Garðabæjar árið 2018 í þúsundum króna og á hvert HDÍG

| | Krakka-kot | Akrar | Bæjar-ból | Holta-kot | Lunda-ból | Kirkju-ból | Hæðar-ból | Sunnu-hvoll | Samtals |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| Heilsdagsígildi | 99,9 | 99,6 | 88,4 | 76,4 | 52,5 | 62,6 | 54,9 | 26,0 | 560,3 |
| Fjöldi barna 2017 | 100 | 96 | 86 | 75 | 51 | 61 | 53 | 26 | 548,0 |
| Matvæli | 14.931 | 10.136 | 9.061 | 8.872 | 6.195 | 6.563 | 5.208 | 3.619 | 64.584 |
| Rafmagn | 5 | 660 | 630 | 1.115 | 573 | 491 | 289 | 534 | 4.297 |
| Heitt vatn | 480 | 402 | 543 | 795 | 489 | 447 | 347 | 183 | 3.687 |
| Kalt vatn | 242 | | | 207 | | | | | 449 |
| Hreinlætisvörur | 625 | 814 | 726 | 698 | 1.140 | 986 | 1.241 | 316 | 6.547 |
| Vinnufatnaður | 204 | 355 | 311 | 212 | 113 | 249 | 33 | 125 | 1.602 |
| Aðkeypt ræsting | 3.762 | 4.902 | 4.684 | 3.829 | 3.272 | 2.593 | 2.916 | 2.769 | 28.727 |
| Sorphreinsun | 451 | 251 | 416 | 232 | 605 | 367 | 188 | 358 | 2.867 |
| **Samtals** | **20.701** | **17.520** | **16.372** | **15.959** | **12.387** | **11.696** | **10.221** | **7.903** | **112.759** |
| **Kostnaður á hvert HDÍG:** | | | | | | | | | |
| Matvæli | 149 | 102 | 103 | 116 | 118 | 105 | 95 | 139 | 115 |
| Orka | 5 | 11 | 13 | 25 | 20 | 15 | 12 | 28 | 14 |
| Kalt vatn | 2 | | | 3 | | | | | |
| Hreinlætisvörur | 6 | 8 | 8 | 9 | 22 | 16 | 23 | 12 | 12 |
| Vinnufatnaður | 2 | 4 | 4 | 3 | 2 | 4 | 1 | 5 | 3 |
| Aðkeypt ræsting | 38 | 49 | 53 | 50 | 62 | 41 | 53 | 106 | 51 |
| Sorphreinsun | 5 | 3 | 5 | 3 | 12 | 6 | 3 | 14 | 5 |
| **Samtals** | **207** | **176** | **185** | **209** | **236** | **187** | **186** | **304** | **201** |

Heimild: Garðabær

Tafla 89 sýnir rekstrarútgjöld nokkurra gjaldaliða hjá leikskólum Garðabæjar og á hvert HDÍG árið 2018.

Kostnaður við kaup á matvælum samtals var hæstur hjá leikskólanum Krakkakoti, eða 14.931 þúsund krónur. Það vekur athygli að kostnaðurinn er um 4,8 milljónum krónum lægri hjá Leikskólanum Akrar þar sem HDÍG og barnafjöldinn eru nokkuð áþekk.

Á sama hátt skera útgjöld almennt í þessum samanburði nokkuð úr hversu mismunandi þau eru. Samtals voru þessir útgjaldaliðir á hvert HDÍG 207 þúsund krónur hjá leikskólanum Krakkakoti saman borið við 176 þúsund krónur hjá leikskólanum Ökrum. En hjá þeim skóla voru þessir kostnaðarliðir lægstir á hvert HDÍG. Hæstur var þessi kostnaður hjá ungbarnaleikskólanum Sunnuhvoli þar sem hann var 304 þúsund krónur á hver HDÍG.

### Tafla 90: Greining á mánaðarlaunum og viðbótar launagreiðslum árið 2018

| | Krakka-kot | Akrar | Bæjar-ból | Holta-kot | Lunda-ból | Kirkju-ból | Hæðar-ból | Sunnu-hvoll | **Samtals** |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| Heilsdagsígildi | 99,9 | 99,6 | 88,4 | 76,4 | 52,5 | 62,6 | 54,9 | 26,0 | **560,3** |
| Fjöldi barna 2017 | 100 | 96 | 86 | 75 | 51 | 61 | 53 | 26 | **548,0** |
| Mánaðarlaun | 118.750 | 110.609 | 94.953 | 95.401 | 96.526 | 92.958 | 71.994 | 51.513 | **732.705** |
| Dagvinnulaun | 3.346 | 3.016 | 3.865 | 2.001 | 1.386 | 7.001 | 2.386 | 2.803 | **25.805** |
| Yfirvinna | 4.450 | 7.113 | 5.652 | 3.817 | 5.026 | 4.696 | 6.061 | 2.398 | **39.213** |
| Vaktaálag | 793 | 455 | 387 | 212 | 262 | 259 | | 133 | **2.500** |
| Sérverkefni | 3.146 | 6.249 | 3.968 | 2.846 | 3.526 | 3.796 | 2.379 | 1.542 | **27.451** |
| Yfirvinna sem hlutfall af mánaðarlaunum | 4% | 6% | 6% | 4% | 5% | 5% | 8% | 5% | **5%** |
| Dagv. og yfirv. sem hlutfall af mánaðarl. | 7% | 9% | 10% | 6% | 7% | 13% | 12% | 10% | **9%** |
| Yfirv. og sérv. sem hlutfall af mánaðarl. | 6% | 12% | 10% | 7% | 9% | 9% | 12% | 8% | **9%** |

Heimild: Garðabær

Tafla 90 sýnir mánaðarlaun og viðbótar launagreiðslur hjá leikskólum Garðabæjar árið 2018.

Eins og fram kemur í töflunni eru viðbótarlaunagreiðslur sem hlutfall af mánaðarlaunum nokkuð mismunandi hjá leikskólum Garðabæjar.

Yfirvinna sem hlutfall af mánaðarlaunum var lægst 4% og hæst 8%. Dagvinna og yfirvinna sem hlutfall af mánaðarlaunum var lægst 6% en hæst 13%. Yfirvinna og sérverkefni sem hlutfall af mánaðarlaunum var lægst 6% en hæst 12%.

### Tafla 91: Kostnaður vegna launagjalda og matarkaupa hjá leikskólum Garðabæjar árið 2018 borið saman við kaup á mat og þjónustu vegna þess við verð hjá verktaka

| | Bæjarból | Hæðarból | Kirkjuból | Lundaból | Akrar | Krakkakot | Holtakot | Sunnuhvoll | Samtals |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| HDÍG 2017 | 88,4 | 54,9 | 62,6 | 52,5 | 99,6 | 99,9 | 76,4 | 26,0 | 560,3 |
| Stöðugildi 2017 | **18,2** | **15,4** | **16,1** | **17,0** | **23,4** | **26,5** | **19,4** | **9,2** | 145,2 |
| Fjöldi barna júní 2019 | 86 | 53 | 60 | 63 | 96 | 106 | 72 | 27 | 563,0 |
| Fjöldi stöðugilda í júní 2019 | 23,0 | 15,8 | 19,6 | 18,9 | 24,5 | 25,8 | 19,2 | 10,4 | 157,2 |
| Launagjöld | 11.381.488 | 12.789.647 | 10.551.858 | 10.850.476 | 11.412.708 | 9.842.823 | 10.732.525 | 6.193.319 | 83.754.844 |
| Matvörur | 9.061.346 | 5.207.640 | 6.562.608 | 6.194.723 | 10.135.805 | 14.930.735 | 8.871.651 | 3.619.022 | 64.583.530 |
| **Samtals** | **20.442.834** | **17.997.287** | **17.114.466** | **17.045.199** | **21.548.513** | **24.773.558** | **19.604.176** | **9.812.341** | **148.338.374** |
| Kostnaður á HDÍG og stöðugildi 2017 | 191.834 | 256.244 | 217.285 | 245.184 | 175.227 | 195.970 | 204.733 | 278.997 | 210.290 |
| Kostnaður á barn og stöðugildi í júní 2019 | 187.549 | 261.588 | 215.006 | 208.122 | 178.826 | 187.963 | 214.958 | 262.362 | 205.968 |
| **Fjöldi HDÍG og stöðugilda 2017:** | | | | | | | | | |
| Verktaki árlegur kostnaður á barn 190.300 krónur | 16.817.763 | 10.442.713 | 11.917.538 | 9.990.750 | 18.958.638 | 19.006.213 | 14.534.163 | 4.947.800 | 106.615.575 |
| Verktaki árlegu kostnaður á starfsmann 235.972 | 4.292.331 | 3.624.530 | 3.808.588 | 4.016.243 | 5.509.946 | 6.262.697 | 4.573.137 | 2.163.863 | 34.251.336 |
| **Samtals** | **21.110.093** | **14.067.242** | **15.726.126** | **14.006.993** | **24.468.584** | **25.268.909** | **19.107.300** | **7.111.663** | **140.866.911** |
| Kostnaður á HDÍG og stöðugildi 2017 | 198.096 | 200.288 | 199.659 | 201.481 | 198.972 | 199.889 | 199.544 | 202.208 | 199.698 |
| Mismunur | -6.262 | 55.956 | 17.626 | 43.703 | -23.745 | -3.918 | 5.189 | 76.789 | 10.592 |
| **Fjöldi barna og stöðugilda í júní 2019:** | | | | | | | | | |
| Verktaki árlegur kostnaður á barn 190.300 krónur | 16.365.800 | 10.085.900 | 11.418.000 | 11.988.900 | 18.268.800 | 20.171.800 | 13.701.600 | 5.138.100 | 107.138.900 |
| Verktaki árlegu kostnaður á starfsmann 235.972 | 5.427.356 | 3.728.358 | 4.625.051 | 4.459.871 | 5.781.314 | 6.088.078 | 4.530.662 | 2.454.109 | 37.094.798 |
| **Samtals** | **21.793.156** | **13.814.258** | **16.043.051** | **16.448.771** | **24.050.114** | **26.259.878** | **18.232.262** | **7.592.209** | **144.233.698** |
| Kostnaður á barn og stöðugildi í júní 2019 | 199.937 | 200.789 | 201.546 | 200.840 | 199.586 | 199.240 | 199.915 | 203.000 | 200.269 |
| Mismunur | -12.388 | 60.800 | 13.460 | 7.282 | -20.760 | -11.277 | 15.043 | 59.362 | 5.699 |
| Samt. mismunur miðað við HDÍG og stöðugildi 2017 | -667.259 | 3.930.045 | 1.388.340 | 3.038.206 | -2.920.071 | -495.351 | 496.876 | 2.700.678 | 7.471.463 |
| Samt. Mismunur miðaða við börn og stöðuildi 2019 | -1.350.322 | 4.183.029 | 1.071.415 | 596.428 | -2.501.601 | -1.486.320 | 1.371.914 | 2.220.132 | 4.104.676 |

Heimild: Garðabær

Tafla 91 sýnir kostnað við matarkaup og launaútgjöld vegna mötuneyta í leikskólum Garðabæjar. Einnig kemur fram áætlaður kostnaður við kaup á mat frá verktaka til samanburðar.

Það vekur athygli hversu mismikill launakostnaðurinn er á milli leikskólanna. Hæstur var launakostnaðurinn hjá leikskólanum Hæðarbóli þar sem hann var 12,8 milljónir króna. HDÍG við skólann voru 54,9. Til samanburðar var launakostnaðurinn á leikskólanum Krakkakoti 9,8 milljónir króna þar sem HDÍG voru 99,9. Samtals launkostnaður við alla leikskólana var 83,8 milljónir króna árið 2018.

Einnig er nokkur mismunur á kostnaði við kaup á hráefni til matargerðar. Hæstur var kostnaðurinn við leikskólann Krakkakot eða 14,9 milljónir króna, þar sem voru 99,9 HDÍG. Til samanburðar var kostnaðurinn hjá leikskólanum Ökrum 10,1 milljón króna þar sem voru 99,6 HDÍG. Samtals var matarkostnaðurinn 64,6 milljónir króna.

Reynt var að bera saman kostnaðinn við það ef tilbúinn matur með starfsfólki í eldhúsi hefði verið keyptur af verktaka. Skoðaður var kostnaðurinn annars vegar miðað við fjölda barna og hins vegar miðað við fjölda HDÍG. Fengið var uppgefið verð frá verktakanum á hverja máltíð.

Eins og fram kemur í töflunni að ef miðað er við fjölda HDÍG og stöðugilda 2017 hefði kostnaðurinn verið 7,4 milljónir krónum lægri ef tilbúinn matur hefði verið keyptur af verktaka.

Ef miðað er við fjölda barna og stöðugilda árið 2019 hefði mismunurinn verið 4,1 milljón króna.

Þannig að ætla má að öllu óbreyttu að kostnaðurinn væri lægri ef maturinn væri keyptur af verktaka.

Hins vegar er það mat skýrsluhöfundar að hægt eigi að vera að ná niður kostnaðnum við matargerðina miðað við að leikskólarnir sinni áfram matargerðinni.

### Tafla 92: Heildagsígildi, stöðugildi og launagjöld samtals vegna leikskóla hjá samanburðar sveitarfélögum árið 2017

| Sveitarfélag | Fjöldi íbúa, janúar 2019 | Heilsdags-ígildi (HDÍG) | Stöðu-gildi | Fjöldi HDÍG á hvert stöðugildi | Stöðugildi í Garðabæ miðað við HDÍG á hvert stöðugildi í samanburðarsveitarfélögunum | Umfram stöðugildi hjá Garðabæ | Kostnaður vegna umfram stöðugilda | Launa-útgjöld samtals | Meðallauna-útgjöld á hvert stöðugildi |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| Reykjavíkurborg | 128.793 | 5.706,9 | 1.457,5 | 3,92 | 143,1 | 2,0 | 15.166 | 10.115.163 | 6.940 |
| Kópavogsbær | 36.975 | 1.501,3 | 440,7 | 3,41 | 164,4 | -19,3 | -144.588 | 2.915.839 | 6.616 |
| Hafnarfjarðarkaupstaður | 29.799 | 1.458,8 | 438,5 | 3,33 | 168,4 | -23,3 | -174.082 | 2.656.872 | 6.059 |
| Akureyrarbær | 18.925 | 861,8 | 229,4 | 3,76 | 149,1 | -4,0 | -30.032 | 1.390.926 | 6.063 |
| Reykjanesbær | 18.920 | 561,9 | 154,2 | 3,64 | 153,7 | -8,6 | -64.531 | 958.200 | 6.214 |
| Garðabær | 16.299 | 560,2 | 145,1 | 3,86 | 145,1 | 0,0 | 0 | 1.084.543 | 7.474 |
| Mosfellsbær | 11.463 | 586,5 | 141,6 | 4,14 | 135,3 | 9,8 | 73.621 | 1.004.389 | 7.093 |
| Sveitarfélagið Árborg | 9.485 | 513,8 | 153,8 | 3,34 | 167,7 | -22,6 | -168.843 | 1.008.906 | 6.560 |
| Akraneskaupstaður | 7.411 | 422,9 | 99,0 | 4,27 | 131,1 | 14,0 | 104.331 | 653.325 | 6.599 |
| Fjarðabyggð | 5.070 | 345,6 | 103,2 | 3,35 | 167,3 | -22,2 | -165.798 | 589.838 | 5.715 |
| Seltjarnarnesbær | 4.664 | 213,3 | 58,4 | 3,65 | 153,4 | -8,3 | -61.879 | 410.392 | 7.027 |
| Meðaltal 11 sveitarfélaga | | 12.733,0 | 3.421,4 | 3,72 | 150,5 | -5,4 | -40.569 | 22.788.393 | 6.661 |

Heimild: Samband íslenskra sveitarfélaga

Tafla 92 sýnir HDÍG, stöðugildi og launagjöld samtals hjá hverju af samanburðarsveitarfélögunum árið 2017.

Eins og fram kemur í töflunni voru þrjú sveitarfélög í þessum samanburði með fleiri HDÍG á hvert stöðugildi í leikskólum samtals en Garðabær. Flest voru HDÍG á hvert stöðugildi hjá Akraneskaupstað þar sem þau voru 4,27 samanborið við 3,86 hjá Garðabæ. Væri 4,27 HDÍG á hvert stöðugildi í Garðabæ eins og þau voru hjá Akraneskaupstað hefðu stöðugildin hjá Garðabæ verið 14 færri en þau voru. Miðað við meðallaunaútgjöld

vegna leikskóla hjá Garðabæ gerir kostnaður við 14 stöðugildi samtals 104 milljónir króna. Hafa ber í huga að taka verður svona samanburð með fyrirvara, sbr. hér að framan.

Hjá þessum samanburðarsveitarfélögum voru meðallaunaútgjöld á hvert HDÍG hæst hjá Garðabæ, eða 7.474 þúsund krónur. Miðað við hversu krefjandi þessi leikskólastörf eru ber að fagna þessu að mati skýrsluhöfundar. Meðallaunaútgjöldin samkvæmt þeim upplýsingum sem taflan byggir á voru næst hæst hjá Mosfellsbæ, eða 7.093 þúsund krónur. Er hér mismunur upp á 381 þúsund krónur sem meðallaunaútgjöldin voru hærri hjá Garðabæ.

## GRUNNSKÓLAR Í GARÐABÆ

Í Garðabæ eru reknir átta grunnskólar, þar af tveir einkareknir. Grunnskólarnir sem Garðabær rekur eru: Álftanesskóli, Flataskóli, Garðaskóli, Hofsstaðaskóli, Sjálandsskóli og Urriðaholtsskóli, sem hóf starfsemi haustið 2018. Einkareknu skólarnir eru Alþjóðaskólinn á Íslandi og Barnaskóli Hjallastefnunnar.

Tafla 93: Fjöldi nemenda í grunnskólum í Garðabæ 2002 til 2017

| | 2002 | 2003 | 2004 | 2005 | 2006 | 2007 | 2008 | 2009 | 2010 | **2011** | 2012 | 2013 | 2014 | 2015 | 2016 | **2017** | **Breyting 2011/2017** |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| Álftanesskóli | 243 | 265 | 315 | 369 | 425 | 449 | 475 | 465 | 456 | **445** | 446 | 436 | 447 | 440 | 438 | **410** | **-35** |
| Flataskóli | 437 | 452 | 410 | 419 | 355 | 315 | 321 | 287 | 272 | **264** | 233 | 279 | 331 | 420 | 491 | **499** | **235** |
| Garðaskóli | 712 | 735 | 703 | 518 | 423 | 446 | 440 | 439 | 403 | **391** | 390 | 416 | 442 | 465 | 497 | **523** | **132** |
| Hofstaðaskóli | 382 | 373 | 343 | 394 | 383 | 391 | 390 | 405 | 423 | **438** | 447 | 458 | 454 | 491 | 534 | **556** | **118** |
| Sjálandsskóli | 0 | 0 | 0 | 78 | 115 | 163 | 181 | 238 | 250 | **241** | 245 | 249 | 268 | 278 | 284 | **279** | **38** |
| Alþjóðaskólinn á Íslandi | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 40 | 44 | **44** | 65 | 60 | 55 | 72 | 73 | **89** | **45** |
| Barnaskóli Hjallastefnunnar | 0 | 13 | 50 | 86 | 141 | 112 | 135 | 129 | 169 | **230** | 265 | 260 | 211 | 148 | 96 | **67** | **-163** |
| **Samtals** | **1.774** | **1.838** | **1.821** | **1.864** | **1.842** | **1.876** | **1.942** | **2.003** | **2.017** | **2.053** | **2.091** | **2.158** | **2.208** | **2.314** | **2.413** | **2.423** | **370** |
| Breyting á milli ára | | 64 | -17 | 43 | -22 | 34 | 66 | 61 | 14 | 36 | 38 | 67 | 50 | 106 | 99 | 10 | |

Heimild: Samband íslenskra sveitarfélaga

Tafla 93 sýnir hvernig fjöldi nemenda í grunnskólum í Garðabæ hefur þróast á tímabilinu frá 2002 til 2017.

Eins og fram kemur á töflunni fjölgaði nemendum samtals í grunnskólum í bæjarfélaginu öll árin nema árið 2004 og 2006, þegar þeim fækkaði frá árinu á undan. Nemendum fjölgaði mest á milli áranna 2014 og 2015, eða um 106 nemendur.

Á milli áranna 2011 og 2017 fjölgar nemendum samtals í grunnskólum í bæjarfélaginu um 370. Í einum af grunnskólum Garðabæjar var fækkun, þ.e. í Álftanesskóla þar sem nemendum fækkaði um 35. Árið 2011 var Álftanesskóli í Sveitarfélaginu Álftanesi, þ.e. fyrir sameiningu sveitarfélaganna, sbr. hér að framan. Einnig fækkaði nemendum á milli áranna 2011 og 2017 í Barnaskóla Hjallastefnunnar. Samtals voru nemendur 230 í Barnaskóla Hjallastefnunnar árið 2011 en 67 árið 2017, eða fækkun um 163 nemendur. Frá árinu 2012 hefur nemendum í Barnaskóla Hjallastefnunnar verið að fækka á milli ára. Voru 265 haustið 2012.

## GARÐASKÓLI

Í Garðaskóla eru nemendur á unglingastigi, þ.e. áttundi, níundi og tíundi bekkur.

Hópaskipting er stór þáttur í rekstri skólans. Í áttunda bekk er hefðbundið bekkjakerfi. Nemendur í hverjum umsjónarbekk sækja allar kennslustundir saman. Í níunda og tíunda bekk eru skipulagið í svo kölluðu ferðakerfi. Í kjarnagreinum er nemendum skipt

í hæg-, mið- og hraðferðir eftir námslegum þörfum og áhuga nemenda. Stundatöflur eru gerðar fyrir hvern nemanda líkt og tíðkast í áfangaskólum framhaldsskóla. Enginn nemandi er með eins stundatöflu. Raðað er í hópa eftir vali nemenda, námslegri getu (í íslensku, ensku, dönsku og stærðfræði) og öðrum þáttum, t.d. félagslegum.

Ferðakerfið er líklega sterkasta einkenni skólans að sögn skólastjóra. Mikil ánægja er með ferðirnar, getuskiptingu. Á síðustu misserum hefur komið fram óánægja hjá kennurum með hægferðarhluta ferðakerfisins. Kennarar hafa haft lítinn áhuga á að raða í hópa í hverri námsgrein eftir áhuga (valgreinar), námslegum þörfum (getuskiptir hópar) eða öðrum þáttum, t.d. félagslegum hægferðum vegna agavandamála. Skiptir máli hvernig kennarar sjá hópasamsetningu og hvernig þeir vilja vinna með hópum.

Þangað til fyrir tveimur árum var ekki vilji til að hreyfa við ferðakerfi skólans og kannanir sýna mikla ánægju nemenda og foreldra með kerfið. En gætt hefur vaxandi óánægju hjá kennurum og ákveðnum hópi nemenda í hægferðum og foreldum þeirra og gera má ráð fyrir að það verði einhverjar breytingar á næstu misserum.

Áfangakerfið gengur vel. Þar er hægt að raða öðruvísi í hópa. Það býður upp á mikinn sveigjanleika að vera með einstaklingsmiðaða stundatöflu eftir þörf nemandans. Möguleikar eru á að para saman nemendur og kennara, raða kennslustundum seint eða snemma að deginum o.s.frv.

Með þessu kerfi næst að fullnægja þörfum mjög margra nemenda. Stjórnendur nýta það mikið að sníða stundatöflur með nemendum sjálfum og bregðast við þeirra óskum.

Nýta talsvert að hafa hópa misstóra. Það er kostur að geta boðið litla námshópa o.s.frv.

Hafa verið að para saman kennurum eftir þörfum hópa. Stundum vinna kennarar og þroskaþjálfi saman í teymi.

Boðið er upp á mikið af valgreinum í níunda og 10. bekk og þar er verið að kenna árgöngum saman.

Nemendur með mikla námslega hæfni og áhuga geta tekið svo kallaða flugferð í níunda bekk. Þeir klára þá námsefni níunda og 10. bekkjar á einu ári. Þessir nemendur ljúka grunnskólaprófi í ákveðnum greinum í níunda bekk. Síðan taka þeir fjölbrautaáfanga í 10. bekk. Þeir áfangar eru kenndir í Garðaskóla. Nemendur geta klárað annars þreps áfanga í fjölbraut í ensku, stærðfræði og íslensku. Eru allt 10. bekkjarárið að vinna á framhaldsskólastigi.

Skólinn opnar kl. 7:30 á morgnana og kennsla hefst síðan flesta morgna kl. 8:10. Húsvörður opnar skólann upp úr kl. 7:00 og kveikir ljós í húsinu. Tveir skólaliðar mæta fyrir kl. 7:00 og þrífa ganga skólans eftir starf félagsmiðstöðvar kvöldið áður.

Starfsmenn sem mæta kl. 7:00 fá greitt fyrir það í yfirvinnu og greiðir félagsmiðstöð fyrir þessi þrif að sögn skólastjóra.

Skólaliðar eru fimm í heilum stöðugildum. Þeir annast ræstingar og gæslu í matartíma og frímínútum nemenda. Einn af skólaliðunum fær greidda yfirvinnu fyrir að þrífa stærra svæði. Annar skólaliði fær greidda yfirvinnu fyrir að verkstýra skólaliðum og þrífa stærra svæði.

Allir skólaliðarnir eru af erlendu bergi brotnir. Tveir íslenskir starfsmenn, matráður og bókavörður, vinna líka hluta þrifanna í húsinu og fá það greitt í yfirvinnu.

Nemendur setja almennt ekki stóla upp á borð eftir að námsdegi lýkur. Skólaliðar þurfa að gera það fyrir ræstingar. Mikil vinnuhagræðing er af því fyrir ræstingafólk ef allir nemendur setja stóla upp á borð í lok skóladags að mati skýrsluhöfundar.

Það eru tveir starfsmenn á skrifstofu en skólinn hefur bara heimild fyrir einum. Á bókasafni eru tveir starfsmenn en heimild fyrir einum. Þetta næst fram með sparnaði í ræstingu og hluta af kennslukvóta að sögn skólastjóra.

Er með stórt stjórnunarteymi. Hefur verið að skila skólanum með talsverðum rekstrarafgangi undanfarin ár að sögn skólastjóra.

Námsráðgjöf er umfram skólavísir.

Starfsmaður er í eldhúsi kennara. Hann er í fullu starfi. Útbýr morgunmat á morgnana og mat og salatbar í hádeginu. Að auki er hann með kaffiveitingar þegar skólastjóri biður um það.

Bærinn kostar kaffi, te og mjólk fyrir starfsmenn. Öll önnur matvara á kaffistofu kennara er á kostnað kennara.

Húsumsjónarmaður er starfsmaður tækni- og umhverfissviðs. Er í Garðaskóla og tveimur leikskólum.

Skapar ákveðið vandamál að húsumsjónarmaður er ekki starfsmaður skólans. Kemur fyrir að erfitt er að ná á húsumsjónarmann og erfitt getur verið að gera athugasemdir vegna starfa hans, þar sem hann heyrir ekki undir skólastjóra. Í sumum tilfellum þarf skólastjóri að tala við starfsmanninn og yfirmann hans o.s.frv. Þetta getur skapað ýmis vandamál.

Þetta fyrirkomulag gerir mannauðsstjórnunina erfiðari. Það er langsótt að eiga að stýra starfsmanni sem heyrir ekki undir skólastjóra að sögn hans.

Vegna þessa fyrirkomulags hafa verið að koma upp ýmis samskiptavandamál.

Samstarf skólans við tækni- og umhverfissvið varðandi viðhald á fasteignum skólans. Er ítrekað búið að koma á framfæri athugasemdum er varðar skort á viðhaldi. Salerni fyrir nemendur hefur verið lokað í tvo mánuði vegna skemmda (maí 2019). Langt síðan að iðnaðarmenn komu og byrjuðu að laga en síðan hefur orðið langt hlé.

Síðasta sumar var lagaður loftræstistokkur í smíðastofu vegna myglu í nærliggjandi stofu. Í maí 2019 voru enn ófrágengnir endar vegna þessara viðgerðar. Ófrágengnar rafmagnstengingar, pípulögn o.s.frv. Hitastýring í stofu virkar ekki að sögn skólastjóra.

Fram kom í máli skólastjóra að hann telur að það vanti upp á skipulag vegna viðhalds. Fær ekki áætlun um hvenær áætlað er að farið verði í viðgerðir. Vantar framtíðarsýn um viðhald og gerð áætlunar. Búið er að gera athugasemdir varðandi salerni á kennarastofu í mörg ár en vegna hægrar framvindu í viðhaldi hefur ítrekað þurft að færa nemendatengdar viðgerðir fram fyrir þetta verkefni.

Fjöldi nemenda í Garðaskóla, maí 2019:

| | |
|---|---|
| 8. bekkur: | 177 |
| 9. bekkur: | 180 |
| 10. bekkur: | 173 |
| Samtals | 530 |

Tafla 94: Fjöldi stöðugilda við Garðaskóla í maí 2019

| | |
|---|---|
| Stjórnendur | 5,00 |
| Kennarar | 41,26 |
| Þroskaþjálfar | 2,00 |
| Náms- og starfsráðgjafi | 2,00 |
| Ráðgjafi í barnavernd | 1,00 |
| Stuðningsfulltrúi | 2,08 |
| Skrifstofa | 2,00 |
| Starfsmaður í upplýsingaveri | 1,00 |
| Matráður | 1,00 |
| Skólaliðar | 5,00 |
| **Samtals** | **62,34** |

Heimild: Skólastjóri

Tafla 94 sýnir samantekinn fjölda stöðugilda í maí 2019 í Garðaskóla. Eins og taflan sýnir voru stöðugildin samtals 62,34.

## Tafla 95: Fjöldi nemenda í Garðaskóla 2016 til 2018, laungjöld og annar kostnaður í þúsundum króna

| | 2016 | 2017 | 2018 | Breyting 2016/2018 | Breyting 2017/2018 |
|---|---|---|---|---|---|
| Fjöldi nemenda | 497 | 523 | **530** | 33 | 7 |
| Útgjöld: | | | | | |
| Laun og launatengd gjöld | 418.917 | 517.033 | 566.814 | 35,3% | 9,6% |
| Vörukaup | 26.071 | 25.656 | 24.731 | -5,1% | -3,6% |
| Þjónustukaup án innri leigu | 45.006 | 53.670 | 59.573 | 32,4% | 11,0% |
| **Samtals** | 489.994 | 596.359 | 651.118 | 32,88% | 9,2% |
| Innri leiga | 144.048 | 151.637 | 160.348 | | |
| Tekjur | **-19.996** | **-12.780** | **-10.734** | | |
| Samtals rekstrarniðurstaða | **614.046** | **735.216** | **800.732** | | |
| Á hvern nemanda: | | | | | |
| Laun | 843 | 989 | 1.069 | | |
| Annar kostnaður | 143 | 152 | 159 | | |
| **Samtals** | **986** | **1.140** | **1.229** | | |
| Nokkrir útgjaldaliðir: | | | | | |
| Orka | 7.862 | 6.458 | 7.586 | -4% | 17% |
| Hreinlætisvörur | 1.465 | 1.141 | 1.590 | 9% | 39% |
| Vinnufatnaður | 141 | 245 | 354 | 151% | 45% |
| Ræstingar | | | | | |
| Sorphreinsun | 594 | 628 | 1.128 | 90% | 80% |
| **Samtals** | **10.062** | **8.472** | **10.658** | **6%** | **26%** |
| Á hvern nemanda: | | | | | |
| Orka | 16 | 12 | 14 | | |
| Hreinlætisvörur | 3 | 2 | 3 | | |
| Vinnufatnaður | 0,3 | 0,5 | 1 | | |
| Ræstingar | | | | | |
| Sorphreinsun | 1 | 1 | 2 | | |
| **Samtals** | 20 | 16 | 20 | | |

Heimild: Garðabær

Tafla 95 sýnir fjölda nemenda í Garðaskóla frá 2016 til 2018. Einnig sýnir taflan útgjöld og kostnað á hvern nemanda þessi ár. Útgjöldin eru sýnd á verðlagi hvers árs.

Eins og fram kemur í töflunni hækka launaútgjöldin um 35% á milli áranna 2016 og 2018. Nemendum fjölgaði um 40 á þessu tímabili. Það vekur athygli að kostnaður vegna vörukaupa fer lækkandi á milli ára. Hins vegar hækka þjónustukaupin án innri leigu nokkuð á milli ára.

Rétt er að benda á hvernig kostnaður á nokkrum útgjaldaliðum er að breytast á milli ára.

## Tafla 96: Gjöld og tekjur og gjöld og tekjur á hvern nemanda í samanburðarskólum árið 2017 í þúsundum króna

| | Reykjavíkurb. | Reykjavíkurb. | Akureyrark. | Reykjanesb. | Vestmanna. | Garðabær | Seltjarnarn. | Hafnarfjarðark. | Hafnarfjarðark. | Reykjavíkurb. | Reykjavíkurb. |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| | Rimaskóli | Laugarnes-skóli | Brekkuskóli | Akurskóli | Grunnskóli Vestmanna. | Garða-skóli | G. Seltjarnar-ness | Lækjarskóli | Öldutúnsskóli | Háaleitis-skóli | Hagaskóli |
| Fjöldi nemenda | 507 | 508 | 509 | 516 | 520 | 523 | 524 | 525 | 532 | 543 | 548 |
| Laun og launatengd gjöld | 586.171 | 524.302 | 513.008 | 479.978 | 690.064 | 516.520 | 667.018 | 683.033 | 561.834 | 669.881 | 525.047 |
| Annar rekstrarkostnaður | 72.664 | 96.350 | 68.751 | 82.359 | 85.271 | 88.705 | 196.510 | 124.817 | 89.076 | 103.450 | 94.313 |
| **Rekstrarkostnaður samtals** | **658.835** | **620.652** | **581.759** | **562.337** | **775.335** | **605.225** | **863.528** | **807.851** | **650.909** | **773.331** | **619.360** |
| Tekjur | 39.027 | 54.646 | 52.878 | 8.384 | 41.638 | 12.780 | 52.341 | 57.955 | 4.485 | 43.800 | 51.673 |
| | | | | | | | | | | | |
| **Útgjöld á hvern nemanda:** | | | | | | | | | | | |
| Laun og launatengd gjöld | 1.156 | 1.032 | 1.008 | 930 | 1.327 | 988 | 1.273 | 1.301 | 1.056 | 1.234 | 958 |
| Annar rekstrarkostnaður | 143 | 190 | 135 | 160 | 164 | 170 | 375 | 238 | 167 | 191 | 172 |
| **Rekstrarkostnaður samtals** | **1.299** | **1.222** | **1.143** | **1.090** | **1.491** | **1.157** | **1.648** | **1.539** | **1.224** | **1.424** | **1.130** |

Heimild: Samband íslenskra sveitarfélaga

Tafla 96 sýnir samanburð á rekstrarkostnaði samtals og á hvern nemanda í 11 samanburðarskólum árið 2017. Fimm stærri en Garðaskóli og fimm minni hvað nemendafjölda varðar. Innri leiga hefur verið dregin frá. Reynslan sýnir að það er mjög mismunandi hvernig sveitarfélög reikna innri leigu, sem hefur leitt til þess að ekki fæst rétt mynd af samanburðinum ef innri leiga er tekin með. Þess vegna er hún ekki reiknuð með hér. Gerður er fyrirvari á þessum samanburði þar sem skólahald getur verið mismunandi í þessum skólum sem getur leitt til mismunar í útgjöldum. Engu að síður gefur samanburðurinn ákveðna vísbendingu.

Eins og taflan sýnir voru rekstrarútgjöld samtals, launagjöld og annar rekstrarkostnaður, á hvern nemanda lægri hjá þremur skólum en hjá Garðaskóla, þar sem kostnaðurinn var 1.157 þúsund krónur á hvern nemanda. Lægstur var kostnaðurinn hjá Akurskóla í Reykjanesbæ, eða 1.090 þúsund krónur á hvern nemanda, eða 67 þúsund krónum lægri á hvern nemanda. Miðað við 523 nemendur gerir þetta samtals 35 milljónir króna.

## Tafla 97: Fjöldi stöðugilda í samanburðarskólum 2017

| | Reykjavíkurb. | Reykjavíkurb. | Akureyrark. | Reykjanesb. | Vestmanna. | Garðabær | Seltjarnarn. | Hafnarfjarðark. | Hafnarfjarðark. | Reykjavíkurb. | Reykjavíkurb. |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| | Rimaskóli | Laugarnes-skóli | Brekkuskóli | Akurskóli | Grunnskóli Vestmanna. | Garða-skóli | G. Seltjarnar-ness | Lækjarskóli | Öldutúnsskóli | Háaleitis-skóli | Hagaskóli |
| Fjöldi nemenda | 507 | 508 | 509 | 516 | 520 | 523 | 524 | 525 | 532 | 543 | 548 |
| Stjórnendur | 5,0 | 3,5 | 3,0 | 6,0 | 6,4 | 6,0 | 6,9 | 8,5 | 7,0 | 6,5 | 4,0 |
| Sérkennarar | 4,1 | 4,1 | 4,6 | 2,8 | 7,1 | 1,0 | 3,4 | 12,7 | 10,0 | 0,5 | 2,7 |
| Kennarar | 36,8 | 41,6 | 35,2 | 41,3 | 43,5 | 35,8 | 43,5 | 40,6 | 41,3 | 47,4 | 28,7 |
| **Stg. alls við kennslu** | **45,9** | **49,2** | **42,8** | **50,1** | **57,0** | **42,8** | **53,8** | **61,8** | **58,3** | **54,4** | **35,4** |
| Aðrir starfsmenn | 18,6 | 22,3 | 21,5 | 22,7 | 29,1 | 16,0 | 30,9 | 20,0 | 14,5 | 28,0 | 21,0 |
| **Samtals stöðugildi** | **64,5** | **71,5** | **64,3** | **72,8** | **86,1** | **58,8** | **84,7** | **81,8** | **72,8** | **82,4** | **56,4** |

Heimild: Samband íslenskra sveitarfélaga

Tafla 97 sýnir stöðugildi í samanburðarskólum árið 2017. Um er að ræða skóla með 507 nemendur upp í 548. Eins og þarna kemur fram er nokkur munur á fjölda stöðugilda hjá þessum skólum. Rétt er að leggja áherslu á að svona samanburð er ekki hægt að nota nema til vísbendingar því skólahald á milli skóla getur verið mismunandi.

## Tafla 98: Fjöldi nemenda á hvert stöðugildi í samanburðarskólum árið 2017

| | Reykjavíkurb. | Reykjavíkurb. | Akureyrark. | Reykjanesb. | Vestmanna. | Garðabær | Seltjarnarn. | Hafnarfjarðark. | Hafnarfjarðark. | Reykjavíkurb. | Reykjavíkurb. |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| | Rimaskóli | Laugarnes-skóli | Brekkuskóli | Akurskóli | Grunnskóli Vestmanna. | Garða-skóli | G. Seltjarnar-ness | Lækjarskóli | Öldutúnsskóli | Háaleitis-skóli | Hagaskóli |
| Fjöldi nemenda | 507 | 508 | 509 | 516 | 520 | 523 | 524 | 525 | 532 | 543 | 548 |
| Stg. alls við kennslu | 11,0 | 10,3 | 11,9 | 10,3 | 9,1 | 12,2 | 9,7 | 8,5 | 9,1 | 10,0 | 15,5 |
| Stg. við kennslu án stjórnenda | 12,4 | 11,1 | 12,8 | 11,7 | 10,3 | 14,2 | 11,2 | 9,8 | 10,4 | 11,3 | 17,5 |
| Aðrir starfsmenn | 27,3 | 22,8 | 23,7 | 22,7 | 17,9 | 32,7 | 17,0 | 26,3 | 36,7 | 19,4 | 26,1 |
| **Stöðugildi samtals** | **7,9** | **7,1** | **7,9** | **7,1** | **6,0** | **8,9** | **6,2** | **6,4** | **7,3** | **6,6** | **9,7** |

Heimild: Samband íslenskra sveitarfélaga

Tafla 98 sýnir nemendafjölda á hvert stöðugildi í samanburðarskólunum 11 árið 2017.

Einn skóli, Hagaskóli í Reykjavíkurborg, var með fleiri nemendur á hvert stöðugildi en Garðaskóli. Í Hagaskóla voru 9,7 nemendur á hvert stöðugildi samanborið við 8,9 hjá Garðaskóla. Rétt er að fram komi að hjá Garðaskóla annast starfsmenn skólans ræstingar á húsnæði skólann. Oftar en ekki sjá verktakar um það hjá mörgum skólum. Í þeim skólum teljast stöðugildi þeirra sem annast ræstingu í verktöku ekki með stöðugildum í viðkomandi skóla.

## Tafla 99: Fjöldi nemenda og stöðugildi við Garðaskóla árin 2002 til 2017

| Ár | Fjöldi nemenda | Kennarar / leiðbeinendur | Aðrir starfsmenn | Samtals |
|---|---|---|---|---|
| 2002 | 712 | 60,9 | 28,3 | 89,2 |
| 2003 | 735 | 61,4 | 27,3 | 88,7 |
| 2004 | 703 | 57,5 | 25,3 | 82,8 |
| 2005 | 518 | 51,1 | 25,7 | 76,9 |
| 2006 | 423 | 39,5 | 24,6 | 64,1 |
| 2007 | 446 | 41,3 | 20,0 | 61,3 |
| 2008 | 440 | 38,8 | 18,8 | 57,6 |
| 2009 | 439 | 40,8 | 18,8 | 59,6 |
| **2010** | **403** | **33,5** | **16,8** | **50,3** |
| 2011 | 391 | 36,4 | 13,3 | 49,7 |
| 2012 | 390 | 34,8 | 7,9 | 42,6 |
| 2013 | 416 | 37,2 | 15,9 | 53,0 |
| 2014 | 442 | 41,4 | 13,4 | 54,9 |
| 2015 | 465 | 38,5 | 15,5 | 53,9 |
| 2016 | 497 | 40,6 | 16,9 | 57,5 |
| **2017** | **523** | **42,8** | **16,0** | **58,8** |
| Breyting 2010/2017 | 120 | 9,3 | -0,8 | 8,5 |

Heimild: Samband íslenskra sveitarfélaga

Tafla 99 sýnir fjölda nemenda og stöðugilda kennara og annarra starfsmanna við Garðaskóla á árunum 2002 til 2017.

Eins og taflan sýnir fór nemendum fækkandi við grunnskólann framan af tímabilinu. Hins vegar eftir 2012 hefur þeim farið fjölgandi á milli ára. Á milli áranna 2010 og 2017 fjölgar nemendum um 120, stöðugildum kennara fjölgar um 9,3 en stöðugildum annarra starfsmanna fækkar um 0,8, eða samtals fjölgun stöðugilda um 8,5.

Tafla 100: Fjöldi nemenda á hvert stöðugildi við Garðaskóla árin 2002 til 2017

| Ár | Fjöldi nemenda | Kennarar / leiðbeinendur | Aðrir starfsmenn | Samtals |
|---|---|---|---|---|
| 2002 | 712 | 11,7 | 25,2 | 8,0 |
| 2003 | 735 | 12,0 | 26,9 | 8,3 |
| 2004 | 703 | 12,2 | 27,8 | 8,5 |
| 2005 | 518 | 10,1 | 20,1 | 6,7 |
| 2006 | 423 | 10,7 | 17,2 | 6,6 |
| 2007 | 446 | 10,8 | 22,3 | 7,3 |
| 2008 | 440 | 11,4 | 23,4 | 7,6 |
| 2009 | 439 | 10,8 | 23,4 | 7,4 |
| **2010** | **403** | **12,0** | **23,9** | **8,0** |
| 2011 | 391 | 10,7 | 29,4 | 7,9 |
| 2012 | 390 | 11,2 | 49,6 | 9,2 |
| 2013 | 416 | 11,2 | 26,2 | 7,8 |
| 2014 | 442 | 10,7 | 32,9 | 8,1 |
| 2015 | 465 | 12,1 | 30,1 | 8,6 |
| 2016 | 497 | 12,2 | 29,4 | 8,6 |
| **2017** | **523** | **12,2** | **32,7** | **8,9** |
| Breyting 2010/2017 | 120 | 0,2 | 8,7 | 0,9 |

Heimild: Samband íslenskra sveitarfélaga

Tafla 100 sýnir fjölda nemenda á hvert stöðugildi í Garðaskóla frá 2002 til 2017.

Eins og taflan sýnir fór nemendum á hvert stöðugildi kennara og annarra starfsmanna fækkandi framan af tímabilinu. Frá árinu 2013 hefur nemendum á hvert stöðugildi verið að fjölga. Þannig voru 12,0 nemendur á hvert stöðugildi kennara í skólanum 2010 og 23,9 nemendur á hvert annað stöðugildi og 8,0 nemendur á stöðugildi samtals. Árið 2017 voru nemendur orðnir 12,2 á hvert stöðugildi kennara, eða fjölgun um 0,2 nemendur, og 32,7 nemendur á hvert stöðugildi annarra starfsmanna, eða fjölgun um 8,7 nemendur. Þannig voru orðnir 8,9 nemendur á hvert stöðugildi samtals í skólanum árið 2017 samanborið við 8,0 árið 2010, eða fjölgun um 0,9 nemanda.

## Tafla 101: Greining á launum í Garðaskóla árin 2017 og 2018

| | | | | | Hlutfall af mánaðarlaunum | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| | 2017 | | 2018 | | 2017 | | 2018 | |
| | Kennarar og stjórnendur | Aðrir starfsmenn | Kennarar og stjórnendur | Aðrir starfsmenn | Kennarar og stjórnendur | Aðrir starfsmenn | Kennarar og stjórnendur | Aðrir starfsmenn |
| Mánaðarlaun | 287.921.689 | 53.242.679 | 324.607.454 | 58.560.496 | | | | |
| Yfirvinna | 9.244.904 | 8.716.941 | 11.117.302 | 8.444.949 | 22,2% | 18,5% | 23,3% | 16,3% |
| Forfallakennsla | 7.425.296 | | 6.243.987 | | | | | |
| Kennsluyfirvinna grunnskóla | 39.885.294 | | 49.846.374 | | | | | |
| Orlof yfirvinna | 7.237.702 | 1.131.227 | 8.517.790 | 1.095.595 | | | | |
| Eingreiðsla | 6.951.014 | | 5.676.450 | | | | | |
| Desemberuppbót | | 1.336.276 | | 1.467.871 | | | | |
| Annaruppbót | 7.322.239 | | 8.093.507 | | | | | |
| Orlofsuppbót | | 525.924 | | 591.669 | | | | |
| Önnur laun | | | | | | | | |
| Launatengd gjöld | 90.678.064 | 14.532.727 | 101.449.142 | 15.611.536 | | | | |
| Orlof dagvinna | 196.407 | | 143.867 | | | | | |
| **Samtals** | **456.862.609** | **79.485.774** | **515.695.873** | **85.772.116** | | | | |

Heimild: Garðabær

Tafla 101 sýnir greiningu á launum í Garðaskóla árin 2017 og 2018.

Yfirvinna, forfallakennsla, kennsluyfirvinna og orlof á yfirvinnu hjá kennurum var 22,2% sem hlutfall af mánaðarlaunum árið 2017 en 23,3% árið 2018, þar af var kennsluyfirvinna 15% stig eða samtals 49,8 milljónir króna auk orlofs árið 2018. Hjá öðrum starfsmönnum var yfirvinna og orlof á yfirvinnu sem hlutfall mánaðarlaunum 16%. Telja verður bæði þessi hlutföll nokkuð há.

Varðandi yfirvinnu hjá öðrum starfsmönnum er rétt að hafa í huga að almennu skólastarfi lýkur á degi hverjum vel fyrir þann tíma sem dagvinnutíma lýkur. Með hliðsjón af því á að vera hægt að skipuleggja vinnu starfsmanna án þess að til yfirvinnu komi.

## FLATASKÓLI

Í Flataskóla eru nemendur í fyrsta til sjöunda bekk. Auk þess er rekin leikskóladeild, sem fellur að skólastarfinu, fyrir fjögurra og fimm ára nemendur. Fyrir þau eru greidd leikskólagjöld eins og á leikskólum sveitarfélagsins.

Leikskólinn, grunnskólinn og tómstundaheimili eru hvert fyrir sig rekin sem sjálfstæðar einingar.

Skólastarfið byrjar kl. 8:30. Skólinn opnar kl. 7:45. Þá koma fyrstu starfsmenn í hús. Húsumsjónarmaður opnar, ritari og aðstoðarskólastjóri mæta kl. 7:45. Leikskólastarfið byrjar kl. 8.00.

Þeir starfsmenn skólans sem byrja daginn kl. 7:45 hætta korteri fyrr á daginn.

Allir aðrir starfsmenn sem eru í fullu starfi mæta kl. 8:00 og eru með undirbúning til kl. 8:30, þegar skólastarfið byrjar.

Húsumsjónarmaður er starfsmaður tækni- og umhverfissviðs en ekki starfsmaður skólans. Það hefur ekki gengið nægilega vel að sögn skólastjóra. Tækni- og umhverfissvið er t.d. að fela húsumsjónarmanni verkefni sem skólastjórinn veit ekki um. Skólastjórinn veit ekki oft á tíðum hvar húsumsjónarmaður er, þar sem hann heyrir ekki undir skólastjóra. Það getur skapað ýmis vandamál að vera með starfsmann í húsi sem ekki heyrir undir skólastjóra og ekki hvað síst starfsmann sem sinnir mikilvægum verkefnum fyrir skólastarfið eins og húsumsjón er.

Þegar húsumsjónarmaður hefur forfallast hefur enginn komið til að leysa hann af. Þar sem húsumsjónarmaður er starfsmaður tækni- og umhverfissviðs ætti það að sjá um mönnun þegar viðkomandi er t.d. veikur að sögn skólastjóra.

Það hefur skapað ýmis vandamál að sinna verkefnum húsumsjónarmanns þegar hann forfallast eins og t.d. snjómokstri.

Leggja ber áherslu á að húsumsjónarmaður hafi yfirumsjón með ræstingum í skólahúsnæðinu.

Það eru fjórar skólaliðar sem ræsta að hluta. Síðan annast verktakafyrirtækið Sólar annað af húsnæðinu sem skólaliðarnir gera ekki. Skólinn gerði samning við Sólar varðandi ræstingar á ákveðnum svæðum. Um er að ræða fast mánaðargjald samkvæmt tímamælingu. Einnig hefur Sólar tekið að sér umfangsmeiri þrif og einnig þrif í forföllum starfsmanna skólans sem sjá um þrif.

Fram kom í máli skólastjóra að ánægja væri með þrifin hjá Sólar og að það væri oftast gert vel. Á sama hátt er ánægja með þrifin hjá skólaliðunum.

Skólamatur annast matargerð fyrir nemendur og starfsmenn Skólamats framreiða matinn. Nema fyrir fyrsta bekk og fjögurra og fimm ára nemendur, þar er starfsmaður skólans sem framreiðir matinn frá Skólamat. Starfsmaðurinn er í 70% starfshlutfalli, þar af vinnur hann í fjórar klukkustundir vegna afgreiðslu á mat sem í raun ætti að vera á kostnað Skólamatar að sögn skólastjóra. Jafnframt sinnir starfsmaðurinn vinnu í leikskólanum og í ýmsu öðru.

Búið er að ráða skrifstofustjóra. Samhliða því hafa verið gerðar þær breytingar að starfsmaður sem sér um mötuneyti starfsmanna mun svara í síma fyrst á morgnana. Skrifstofustjóri á m.a. skipuleggja vinnu vegna forfalla starfsmanna.

Starfsmaðurinn sem svarar í síma á morgnana er jafnframt í eldhúsi starfsmanna skólans. Hann er í 70% starfshlutfalli. Hann sér um morgunmat fyrir starfsmenn. Hætt hefur verið að vera með sérstakan matráð til að útbúa hádegismat fyrir starfsmenn. Starfsmenn geta nú keypt mat af Skólamat.

Skólastjóri stefnir að því að nýta skrifstofustjóra til að fara yfir fjármál skólans og fleira.

Fá aðalbók senda einu sinni í mánuði og auk þess er alltaf hægt að fletta upp í „sveitarstjóranum". Fram kom í máli skólastjóra að gott væri að hafa aðgang að starfsmanni sem geti aðstoðað við að lesa úr bókhaldstölum. Skólastjóri sér fyrir sér að skrifstofustjóri komi að þeim verkefnum.

Fram kom ánægja með Vinnustund þó umfangið væri mikið. Allir starfsmenn skólans notast við Vinnustund. Vinnustund er nýtt verkefni sem komið er á hendur stjórnenda. Hér er um verkefni að ræða sem hægt verður að fela skrifstofustjóra.

Skólastjóri reynir að fara vel yfir reikninga vegna skólans. En vegna mikilla anna er alltaf hætta á mistökum að sögn skólastjóra og vonir standa til að skrifstofustjóri yfirfari reikninga fyrir skólastjóra til samþykktar.

Skólinn er ekki með hefðbundið bekkja fyrirkomulag. Í þriðja bekk eru sem dæmi 60 nemendur og þrír kennarar. Kennararnir eru samábyrgir fyrir öllum hópnum.

Skólinn á gott samstarf við fræðslu- og menningarsvið. Fá góð ráð og gott samstarf við deildarstjóra skóladeildar. Að mati skólastjóra er skortur á frekari sérfræðiþekkingu á sviðinu, þ.e. starfsmönnum með sérmenntun. Vantar starfsmann til að taka á málum sem varða nemendur af erlendum uppruna og sama á við um nemendur með fjölþættan vanda (greiningar). Það þyrfti að hafa starfsmann sem gæti unnið í slíkum verkefnum.

Biðlistar vegna greininga er þolanlegur að sögn skólastjóra. Nokkur börn eru á biðlista en sleppur alveg.

Talmeinakennsla hefur verið upp og niður og þar er biðlisti. Telur að talmeinafræðingar séu allir verktakar. Ekki hefur gegnið vel með talmeinakennslu.

Fram kom í máli skólastjóra að hann væri ánægður með hvernig skólaskrifstofan hefur brugðist við erindum skólans og að það væri auðsótt mál að fá stuðning vegna nemenda sem þurfa aðstoð þó ekki sé um greiningar að ræða.

Við skólann eru þrír þroskaþjálfar og vegna þess færri stuðningsfulltrúar.

Nokkur tími hefur liðið frá því að skólinn hefur sent barnaverndartilkynningar til fjölskyldusviðs þar til að haft hefur verið samband við foreldra. Fram kom í máli skólastjóra að hann hefði miklar áhyggjur af þessu vegna mikils álags á starfsmönnum fjölskyldusviðsins.

Fram kom í máli skólastjóra að honum finnst vanta frekari festu í að boðið sé upp á góða handleiðslu fyrir stjórnendur hjá sveitarfélaginu.

Skólastjóri veit að hann getur fengið handleiðslu en það ætti frekar að vera vinnuregla. Skólastjórnendur eru mjög oft að fást við erfið og flókin mál, sem geta verið krefjandi og oft spurning hvernig eigi að bregðast við. Með hliðsjón af því væri mikill stuðningur fyrir skólastjórnendur að geta hitt stuðningsaðila í handleiðslu, t.d. einu sinni í mánuði, til að geta rætt þau þungu og erfiðu mál sem kunna að koma upp.

### Tafla 102: Fjöldi stöðugilda við Flataskóla í maí 2019

| | |
|---|---|
| Stjórnendur | 5,00 |
| Kennarar | 37,59 |
| Þroskaþjálfar | 3,00 |
| Náms- og starfsráðgjafi | |
| Atferlisfræðingur | 0,25 |
| Kennsluráðgjafi | 1,00 |
| Námsráðgjafi | 1,00 |
| Safnstjóri | 0,80 |
| Ráðgjafi í barnavernd | |
| Stuðningsfulltrúa | 3,37 |
| Skrifstofa | 2,00 |
| Starfsmaður í upplýsingaveri | |
| Matráður | |
| Frístundaleiðbeinandi | 1,00 |
| Skólaliðar | 5,78 |
| **Samtals** | **60,79** |
| Tómstundaheimili: | |
| Umsjónarmaður | 1,00 |
| Leiðbeinandi | 3,64 |
| **Samtals** | **4,64** |
| Leikskóli: | |
| Aðstoðarleikskólastjóri | 1,00 |
| Kennari | 1,75 |
| Leiðbeinandi | 0,63 |
| **Samtals** | **3,38** |
| **Samtals öll stöðugildi** | **68,81** |

Heimild: Skólastjóri.

Tafla 102 sýnir skiptingu stöðugilda við skólann eins og þau voru í maí 2019.

## Tafla 103: Fjöldi nemenda í Flataskóla 2016 til 2018, laungjöld og annar kostnaður í þúsundum króna

| | 2016 | 2017 | 2018 | Breyting 2016/2018 | Breyting 2017/2018 |
|---|---|---|---|---|---|
| Fjöldi nemenda | 491 | 499 | **485** | -6 | -14 |
| Útgjöld: | | | | | |
| Laun og launatengd gjöld | 397.837 | 503.853 | 516.866 | 29,9% | 2,6% |
| Vörukaup | 17.419 | 18.390 | 22.437 | 28,8% | 22,0% |
| Þjónustukaup án innri leigu | 38.358 | 53.148 | 61.180 | 59,5% | 15,1% |
| **Samtals** | 453.614 | 575.391 | 600.483 | 32,38% | 4,4% |
| Innri leiga | 139.711 | 143.157 | 146.696 | | |
| Tekjur | **-2.155** | **-6.395** | **-9.829** | | |
| Samtals rekstrarniðurstaða | **591.170** | **712.153** | **737.350** | | |
| Á hvern nemanda: | | | | | |
| Laun | 810 | 1.010 | 1.066 | | |
| Annar kostnaður | 114 | 143 | 172 | | |
| **Samtals** | **924** | **1.153** | **1.238** | | |
| Nokkrir útgjaldaliðir: | | | | | |
| Orka | 4.873 | 6.069 | 5.439 | 12% | -10% |
| Hreinlætisvörur | 919 | 1.111 | 1.461 | 59% | 32% |
| Vinnufatnaður | 348 | 164 | 163 | -53% | -1% |
| Ræstingar | | 1.178 | 2.452 | | 108% |
| Sorphreinsun | 814 | 1.114 | 921 | 13% | -17% |
| **Samtals** | **6.954** | **9.636** | **10.436** | **50%** | **8%** |
| Á hvern nemanda: | | | | | |
| Orka | 10 | 12 | 11 | | |
| Hreinlætisvörur | 2 | 2 | 3 | | |
| Vinnufatnaður | 0,7 | 0,3 | 0 | | |
| Ræstingar | | | | | |
| Sorphreinsun | 2 | 2 | 2 | | |
| **Samtals** | 14 | 19 | 22 | | |

Heimild: Garðabær

Tafla 103 sýnir fjölda nemenda frá 2016 til 2018. Einnig sýnir taflan útgjöld og kostnað á hvern nemanda þessi ár. Útgjöldin eru sýnd á verðlagi hvers árs í þúsundum króna.

Nemendum fjölgaði um átta á milli áranna 2016 og 2017 og fækkar um 14 á milli áranna 2017 og 2018.

Útgjöld án innri leigu aukast nokkuð á milli áranna 2016 og 2018, eða um 32%. Þau aukast um 4,4% á milli áranna 2017 og 2018. Það vekur athygli hvað vöru- og þjónustukaup án innri leigu aukast mikið á milli þessara ára. Voru samtals 55,7 milljónir króna árið 2016 en 83,6 milljónir króna árið 2018, eða aukning um 50%. Á milli áranna 2016 til 2018 hækkaði meðaltals vísitala neysluverðs um 4,5%.

Vakin er athygli á því að orkukostnaður er að lækka og hækka á milli ára. Jafnframt hvað þeir útgjaldaliðir sem sýndir eru voru að hækka mikið á milli þessara ára. Sérstaklega er vakin athygli á kostnaði við aðkeypta ræstingu sem var enginn árið 2016

en hækkar síðan nokkuð á milli áranna 2017 og 2018, eða rúmlega tvöfaldast. Spurning er hvort stöðugildi skólaliða hafi verið tekið til endurskoðunar þegar ákveðið var að fara með ræstingar að hluta í verktöku?

## Tafla 104: Áætluð breyting á reglulegum launum kennara og skólastjórnenda á tímabilinu 2015 til 2017

| | 2015 | 2016 | 2017 |
|---|---|---|---|
| Félag grunnskólakennara | 100 | 107,7 | 119,5 |
| Skólastjórafélag Íslands | 100 | 107,0 | 113,6 |

Heimild: Samband íslenskra sveitarfélaga

Tafla 104 sýnir áætlaða breytingu á launum kennara og skólastjórnenda á árunum 2015 til 2017. Eins og þarna kemur fram hækkuðu laun kennara að meðaltali um 119,5% á milli áranna 2015 og 2017 og skólastjórnenda um 113,6%. Síðan hækkuðu laun kennara að meðaltali um 11% á milli áranna 2016 og 2017 og skólastjórnenda um 6,2%.

## Tafla 105: Gjöld og tekjur og gjöld og tekjur á hvern nemanda í samanburðarskólum árið 2017 í þúsundum króna

| | Akureyrark. Lundar-skóli | Reykjavíkurb. Hlíðaskóli | Reykjavíkurb. Vættaskóli | Kópavogsb. Lindaskóli | Grindavíkurb. Grunnskóli Grindavíkur | Garðabær Flataskóli | Reykjavíkurb. Foldaskóli | Reykjavíkurb. Hólabrekku-skóli | Hafnarfjarðark. Áslandsskóli | Reykjavíkurb. Rimaskóli | Reykjavíkurb. Laugar-nesskóli |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| Fjöldi nemenda | 464 | 469 | 473 | 483 | 494 | 499 | 501 | 502 | 504 | 507 | 508 |
| Laun og launatengd gjöld | 448.044 | 633.113 | 594.700 | 521.429 | 573.705 | 503.183 | 616.292 | 512.544 | 519.515 | 586.171 | 524.302 |
| Annar rekstrarkostnaður | 65.285 | 72.951 | 83.350 | 73.870 | 86.284 | 76.473 | 80.278 | 92.739 | 142.555 | 72.664 | 96.350 |
| **Rekstrarkostnaður samtals** | **513.330** | **706.064** | **678.049** | **595.299** | **659.989** | **579.656** | **696.570** | **605.283** | **827.063** | **658.835** | **620.652** |
| Tekjur | 49.795 | 49.019 | 47.756 | 53.430 | 12.456 | 6.395 | 36.481 | 33.010 | 40.338 | 39.027 | 54.646 |
| | | | | | | | | | | | |
| **Útgjöld á hvern nemanda:** | | | | | | | | | | | |
| Laun og launatengd gjöld | 966 | 1.350 | 1.257 | 1.080 | 1.161 | 1.008 | 1.230 | 1.021 | 1.031 | 1.156 | 1.032 |
| Annar rekstrarkostnaður | 141 | 156 | 176 | 153 | 175 | 153 | 160 | 185 | 283 | 143 | 190 |
| **Rekstrarkostnaður samtals** | **1.106** | **1.505** | **1.434** | **1.233** | **1.336** | **1.162** | **1.390** | **1.206** | **1.314** | **1.299** | **1.222** |

Heimild: Samband íslenskra sveitarfélaga

Tafla 105 sýnir samanburð á rekstrarkostnaði samtals og á hvern nemanda í 11 samanburðarskólum árið 2017. Fimm stærri en Flataskóli og fimm minni hvað nemendafjölda varðar. Innri leiga hefur verið dregin frá. Reynslan sýnir að það er mjög mismunandi hvernig sveitarfélög reikna innri leigu, sem hefur leitt til þess að ekki fæst rétt mynd af samanburðinum ef innri leiga er tekin með. Þess vegna er hún ekki reiknuð með hér. Gerður er fyrirvari um þennan samanburð því skólahald getur verið mismunandi í þessum skólum sem getur leitt til mismunar í útgjöldum. Engu að síður gefur samanburðurinn ákveðna vísbendingu.

Eins og taflan sýnir var einn skóli, Lundarskóli í Akureyrarkaupstað, með lægri launagjöld á hvern nemanda í þessum samanburði en Flataskóli. Hins vegar voru tveir skólar með lægri annan rekstrarkostnað á hvern nemanda en Flataskóli. Þegar rekstrarkostnaður samtals án innri leigu er borinn saman var einn skóli, þ.e. Lundarskóli, í þessum samanburði með lægri gjöld en Flataskóli.

## Tafla 106: Fjöldi stöðugilda í samanburðarskólum 2017

| | Akureyrark. Lundar-skóli | Reykjavíkurb. Hlíðaskóli | Reykjavíkurb. Vættaskóli | Kópavogsb. Lindaskóli | Grindavíkurb. Grunnskóli Grindavíkur | Garðabær Flataskóli | Reykjavíkurb. Foldaskóli | Reykjavíkurb. Hólabrekku-skóli | Hafnarfjarðark. Áslandsskóli | Reykjavíkurb. Rimaskóli | Reykjavíkurb. Laugar-nesskóli |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| Fjöldi nemenda | 464 | 469 | 473 | 483 | 494 | 499 | 501 | 502 | 504 | 507 | 508 |
| Stjórnendur | 4,0 | 5,0 | 6,0 | 3,0 | 3,8 | 6,9 | 4,0 | 4,6 | 5,0 | 5,0 | 3,5 |
| Sérkennarar | 2,0 | 12,8 | 3,7 | 4,2 | 5,0 | 2,5 | 10,0 | 5,2 | 2,6 | 4,1 | 4,1 |
| Kennarar | 33,7 | 38,6 | 41,7 | 36,9 | 37,6 | 35,1 | 39,2 | 33,1 | 40,1 | 36,8 | 41,6 |
| **Stg. alls við kennslu** | **39,7** | **56,4** | **51,4** | **44,1** | **46,4** | **44,5** | **53,2** | **42,9** | **47,7** | **45,9** | **49,2** |
| Aðrir starfsmenn | 20,3 | 19,7 | 8,7 | 19,3 | 22,6 | 22,0 | 23,2 | 20,9 | 20,6 | 18,6 | 22,3 |
| **Samtals stöðugildi** | **60,0** | **76,1** | **60,1** | **63,4** | **69,0** | **66,5** | **76,4** | **63,8** | **68,3** | **64,5** | **71,5** |

Heimild: Samband íslenskra sveitarfélaga

Tafla 106 sýnir stöðugildi í samanburðarskólum árið 2017. Um er að ræða skóla með 464 nemendur upp í 508. Eins og þarna kemur fram er nokkur munur á fjölda stöðugilda hjá þessum skólum, eða frá því að vera samtals 60 stöðugildi í 76,4.

## Tafla 107: Fjöldi nemenda á hvert stöðugild í samanburðarskólum árið 2017

| | Akureyrark. Lundar-skóli | Reykjavíkurb. Hlíðaskóli | Reykjavíkurb. Vættaskóli | Kópavogsb. Lindaskóli | Grindavíkurb. Grunnskóli Grindavíkur | Garðabær Flataskóli | Reykjavíkurb. Foldaskóli | Reykjavíkurb. Hólabrekku-skóli | Hafnarfjarðark. Áslandsskóli | Reykjavíkurb. Rimaskóli | Reykjavíkurb. Laugar-nesskóli |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| Fjöldi nemenda | 464 | 469 | 473 | 483 | 494 | 499 | 501 | 502 | 504 | 507 | 508 |
| Stg. alls við kennslu | 11,7 | 8,3 | 9,2 | 11,0 | 10,6 | 11,2 | 9,4 | 11,7 | 10,6 | 11,0 | 10,3 |
| Stg. við kennslu án stjórnenda | 13,0 | 9,1 | 10,4 | 11,8 | 11,6 | 13,3 | 10,2 | 13,1 | 11,8 | 12,4 | 11,1 |
| Aðrir starfsmenn | 22,9 | 23,8 | 54,4 | 25,0 | 21,9 | 22,7 | 21,6 | 24,0 | 24,5 | 27,3 | 22,8 |
| **Stöðugildi samtals** | **7,7** | **6,2** | **7,9** | **7,6** | **7,2** | **7,5** | **6,6** | **7,9** | **7,4** | **7,9** | **7,1** |

Heimild: Samband íslenskra sveitarfélaga

Tafla 107 sýnir nemendafjölda á hvert stöðugildi í samanburðarskólunum 11 árið 2017. Eins og taflan sýnir voru tveir skólar með fleiri nemendur á hvert stöðugildi kennara en Flataskóli. Tveir skólar voru með færri nemendur á hvert stöðugildi annarra starfsmanna en Flataskóli. Fimm skólar voru með fleiri nemendur á hvert stöðugildi samtals en Flataskóli í þessum samanburði.

## Tafla 108: Fjöldi nemenda og stöðugildi við Flataskóla árin 2004 til 2017

| Ár | Fjöldi nemenda | Kennarar / leiðbeinendur | Aðrir starfsmenn | **Samtals** |
|---|---|---|---|---|
| 2002 | 437 | 42,9 | 23,4 | **66,4** |
| 2003 | 452 | 45,5 | 24,5 | **70,0** |
| 2004 | 410 | 43,2 | 24,3 | **67,5** |
| 2005 | 419 | 44,5 | 24,2 | **68,6** |
| 2006 | 355 | 37,3 | 19,9 | **57,2** |
| 2007 | 315 | 32,7 | 20,0 | **52,7** |
| 2008 | 321 | 33,5 | 19,2 | **52,7** |
| 2009 | 287 | 27,6 | 17,3 | **44,8** |
| **2010** | **272** | **27,6** | **14,7** | **42,3** |
| 2011 | 264 | 26,2 | 12,9 | **39,1** |
| 2012 | 233 | 22,2 | 13,3 | **35,5** |
| 2013 | 279 | 25,5 | 13,3 | **38,7** |
| 2014 | 331 | 28,2 | 13,3 | **41,5** |
| 2015 | 420 | 36,4 | 16,1 | **52,5** |
| 2016 | 491 | 45,8 | 24,4 | **70,2** |
| **2017** | 499 | 44,6 | 22,0 | **66,6** |
| **Breyting 2010/2017** | **227** | **17,0** | **7,3** | **24,3** |

Heimild: Samband íslenskra sveitarfélaga

Tafla 108 sýnir fjölda nemenda og stöðugilda kennara og annarra starfsmanna við Flataskóla á árunum 2002 til 2017.

Eins og taflan sýnir fjölgar nemendum nokkuð við skólann. Á tímabilinu 2010 til 2017 fjölgar nemendum við skólann um 227. Á sama tíma fjölgar stöðugildum kennara um 17 og annarra starfsmanna um 7,3, eða fjölgun stöðugilda samtals um 24,3.

Tafla 109: Fjöldi nemenda á hvert stöðugildi við Flataskóla árin 2002 til 2017

| Ár | Fjöldi nemenda | Kennarar / leiðbeinendur | Aðrir starfsmenn | Samtals |
|---|---|---|---|---|
| 2002 | 437 | 10,2 | 18,6 | 6,6 |
| 2003 | 452 | 9,9 | 18,5 | 6,5 |
| 2004 | 410 | 9,5 | 16,9 | 6,1 |
| 2005 | 419 | 9,4 | 17,3 | 6,1 |
| 2006 | 355 | 9,5 | 17,8 | 6,2 |
| 2007 | 315 | 9,6 | 15,7 | 6,0 |
| 2008 | 321 | 9,6 | 16,7 | 6,1 |
| 2009 | 287 | 10,4 | 16,6 | 6,4 |
| **2010** | 272 | **9,8** | **18,5** | **6,4** |
| 2011 | 264 | 10,1 | 20,5 | 6,8 |
| 2012 | 233 | 10,5 | 17,6 | 6,6 |
| 2013 | 279 | 11,0 | 21,0 | 7,2 |
| 2014 | 331 | 11,8 | 24,8 | 8,0 |
| 2015 | 420 | 11,6 | 26,0 | 8,0 |
| 2016 | 491 | 10,7 | 20,1 | 7,0 |
| **2017** | 499 | **11,2** | **22,7** | **7,5** |
| Breyting 2010/2017 | 227 | 1,3 | 4,2 | 1,1 |

Heimild: Samband íslenskra sveitarfélaga

Tafla 109 sýnir fjölda nemenda á hvert stöðugildi í Flataskóla frá árinu 2002 til 2017.

Eins og taflan sýnir fjölgaði nemendum á hvert stöðugildi kennara frá árinu 2010 til 2017 um 1,3 og á hvert stöðugilda annarra starfsmanna um 4,2. Nemendum fjölgaði á stöðugildi samtals á milli áranna 2010 og 2017 um 1,1. Fjöldinn var 6,4 á hvert stöðugildi árið 2010 en 7,5 árið 2017.

### Tafla 110: Greining á launum í Flataskóla árin 2017 og 2018

| | 2017 | | 2018 | | Hlutfall af mánaðarlaunum | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| | | | | | 2017 | | 2018 | |
| | Kennarar og stjórnendur | Aðrir starfsmenn | Kennarar og stjórnendur | Aðrir starfsmenn | Kennarar og stjórnendur | Aðrir starfsmenn | Kennarar og stjórnendur | Aðrir starfsmenn |
| Mánaðarlaun | 274.494.365 | 66.566.861 | 294.167.981 | 67.982.036 | | | | |
| Yfirvinna | 10.597.044 | 4.261.421 | 13.131.667 | 2.847.382 | | | | |
| Forfallakennsla | 8.976.295 | | 12.073.118 | | 11,5% | 7,2% | 12,3% | 4,7% |
| Kennsluyfirvinna grunnskóla | 8.600.899 | | 7.106.822 | | | | | |
| Orlof yfirvinna | 3.283.413 | 540.158 | 3.798.799 | 360.293 | | | | |
| Eingreiðsla | 7.352.221 | | 5.757.795 | | | | | |
| Desemberuppbót | | 1.948.783 | | 1.776.700 | | | | |
| Annaruppbót | 6.986.508 | | 7.361.420 | | | | | |
| Orlofsuppbót | | 829.263 | | 799.707 | | | | |
| Önnur laun | | | | | | | | |
| Launatengd gjöld | 80.394.944 | 18.066.248 | 84.859.400 | 17.603.539 | | | | |
| Orlof dagvinna | 201.605 | 61.329 | 460.640 | 99.299 | | | | |
| **Samtals** | **400.887.294** | **92.274.063** | **428.717.642** | **91.468.956** | | | | |

Heimild: Garðabær

Tafla 110 sýnir greiningu á launum í Flataskóla árin 2017 og 2018.

Yfirvinna, forfallakennsla, kennsluyfirvinna og orlof á yfirvinnu hjá kennurum var 11,5% sem hlutfall af mánaðarlaunum árið 2017 en 12,3% árið 2018, þar af var kennsluyfirvinna 2,4% stig eða samtals 7,1 milljónir króna auk orlofs árið 2018. Hjá öðrum starfsmönnum var yfirvinna og orlof á yfirvinnu sem hlutfall af mánaðarlaunum 4,7% árið 2018 samanborið við 7,2% árið 2017.

## ÁLFTANESSKÓLI

Álftanesskóli er heildstæður skóli, þ.e. með nemendur í fyrsta til 10. bekk.

Skólastarfið byrjar kl. 8:15 og kl. 8.25. Er það gert vegna þrengsla. Skólinn opnar kl. 7:45. Húsumsjónarmaður eða skólaliði opnar skólahúsnæðið á morgnana. Þeir starfsmenn skólans sem mæta fyrir kl. 8:00 á morgnana hætta fyrr á daginn.

Samstarfið við húsumsjónarmanninn gengur vel og hann bregst vel við beiðnum um verk.

Ráðinn hefur verið skrifstofustjóri. Ritari er enn að störfum (maí 2019) en er að hætta. Þegar ritarinn lætur af störfum þá þarf að leysa það hver svari í síma að sögn skólastjóra.

Ekki er fastur starfsmaður á kennarastofu. Skólaliði sér um að gera kaffi fyrir kennara og ganga frá í eldhúsi. Matur er tvisvar í viku fyrir kennara sem skólaliði hefur annast. Að öðru leyti koma kennarar með sitt nesti hver.

Ræstingar í skólanum eru unnar af skólaliðum. Þar sem tveir skólaliðar hafa verið í langtímaveikindum hafa Sólar verið fengnir til að þrífa listgreinastofur. Skólastjóri annaðist samningagerðina við Sólar.

Skólaliði og húsumsjónarmaður hafa fylgst með ræstingum.

Tómstund heyrir undir skólann. Fram kom í máli skólastjóra að það væri ekki alveg á hreinu hvernig starfsmannafjöldinn í tómstund væri ákveðinn. En það eiga að vera 12 börn á hvert stöðugildi. Við frekari skoðun skólastjóra kom fram að það eiga að vera 12 börn á hvern starfsmann nema forstöðumann. Forstöðumaður er í 100% starfi. Síðan voru níu starfsmenn í 30 til 40% starfi hver í samtals 4,5 stöðugildum. Þannig voru samtals 5,5 stöðugildi með forstöðumanni við tómstundina. Tómstundin er fyrir börn í fyrsta til fjórða bekk eftir að skóla lýkur.

Tómstundabílinn kemur og sækir nemendur í tómstund og fer með nemendur á æfingar hjá Stjörnunni.

Félagsmiðstöðin er rekin alveg sér innan skólans.

Vinna mikið með starfsmanni félagsmiðstöðvarinnar og þar er gott samstarf. Forstöðumaður félagsmiðstöðvarinnar situr nemendaverndarfundi.

Miðstiginu er kennt í stórum kennslurýmum. Í öðru eru 48 nemendur og 43 í hinu. Síðan eru kennslustofur fyrir hvern bekk. Í þremur stofum er hægt að opna á milli stofa.

Við skólabókasafnið eru tveir starfsmenn. Annar er bóksafnsfræðingur í 50% starf hjá skólanum og svo er stuðningsfulltrúi sem er einn klukkutíma á dag í bókasafninu á vegum skólans. Síðan er starfsmaður frá Bókasafni Garðabæjar sem vinnur við bókasafnið og þá fyrir almenning.

Samskipti við tækni- og umhverfissvið hafa gengið vel. Brugðist skjótt við beiðni um úrbætur.

Samskipti við fræðslu- og menningarsvið hafa einnig gengið vel. Að jafnaði kom forstöðumaður sviðsins einu sinni í mánuði í skólann en það hefur ekki verið gert síðustu misseri.

Skólastjórar og aðstoðarskólastjórar hafa átt reglulega fundi einu sinni í mánuði með starfsmönnum skóladeildar, þar með töldum forstöðumanni sviðsins.

Fær alltaf sent reglulega yfirlit yfir fjárhagsstöðuna og hefur jafnframt aðgang að bókhaldinu.

Vinnustund er notuð og veikindi eru skráð þar sérstaklega.

Fram kom í máli skólastjórnenda við skólann að mikilvægt væri að skólalóðin verði tekin í gegn. Aðstaðan eins og hún er núna er ekki boðleg að sögn skólastjóra. Lögð var áhersla á að þetta þurfi að gera fyrir næsta skólaár.

### Tafla 111: Fjöldi stöðugilda við Álftanesskóla í maí 2019

| | |
|---|---|
| Stjórnendur | 3,50 |
| Kennarar | 32,50 |
| Þroskaþjálfi | 1,50 |
| Skrifstofa | 2,00 |
| Bókasafn | 0,29 |
| Kennsluráðgjafi | 0,75 |
| Námsráðgjafi | 0,75 |
| Nemendaráðgjafi | 0,75 |
| Verkefnastjóri, uppbygging og námsmat | 0,20 |
| Verkefnastjóri í læsi | 0,50 |
| Skólaliðar | 7,00 |
| Stuðningsfulltrúar | 3,15 |
| **Samtals** | **52,89** |

Heimild: Skólastjóri

Tafla 111 sýnir skiptingu stöðugilda í Álftanesskóla í maí 2019.

Tafla 112: Fjöldi nemenda í Álftanesskola 2016 til 2018, launagjöld og annar kostnaður í þúsundum króna

| | 2016 | 2017 | 2018 | Breyting 2016/2018 | Breyting 2017/2018 |
|---|---|---|---|---|---|
| Fjöldi nemenda | 438 | **410** | **401** | -37 | -9 |
| Útgjöld: | | | | | |
| Laun og launatengd gjöld | 435.173 | 518.587 | 497.978 | 14,4% | -4,0% |
| Vörukaup | 14.156 | 14.369 | 17.343 | 22,5% | 20,7% |
| Þjónustukaup án innri leigu | 39.940 | 48.323 | 50.337 | 26,0% | 4,2% |
| **Samtals** | **489.269** | **581.279** | **565.658** | **15,61%** | **-2,7%** |
| Innri leiga | 131.706 | 134.145 | 140.290 | | |
| Tekjur | -6.368 | -9.781 | **-5.737** | | |
| Samtals rekstrarniðurstaða | **614.607** | **705.643** | **700.211** | | |
| Á hvern nemanda: | | | | | |
| Laun | 994 | 1.265 | 1.242 | | |
| Annar kostnaður | 124 | 153 | 169 | | |
| **Samtals** | **1.117** | **1.418** | **1.411** | | |
| Nokkrir útgjaldaliðir: | | | | | |
| Orka | 5.243 | 5.072 | 6.392 | 22% | 26% |
| Hreinlætisvörur | 1.193 | 874 | 1.018 | -15% | 16% |
| Vinnufatnaður | 338 | 114 | 383 | 13% | 236% |
| Ræstingar | | | 319 | | |
| Þvottahús og efnalaugar | 315 | 405 | 366 | | |
| Sorphreinsun | 515 | 611 | 889 | 73% | 45% |
| **Samtals** | **7.604** | **7.076** | **9.367** | **23%** | **32%** |
| **Á hvern nemanda:** | | | | | |
| Orka | 12 | 12 | 16 | | |
| Hreinlætisvörur | 3 | 2 | 3 | | |
| Vinnufatnaður | 1 | 0 | 1 | | |
| Ræstingar | 0 | 0 | 1 | | |
| Þvottahús og efnalaugar | 1 | 1 | 1 | | |
| Sorphreinsun | 1 | 1 | 2 | | |
| **Samtals** | **17** | **17** | **23** | | |

Heimild: Garðabær

Tafla 112 sýnir fjölda nemenda frá 2016 til 2018 í Álftanesskóla. Einnig sýnir taflan útgjöld og kostnað á hvern nemanda þessi ár. Útgjöldin eru sýnd á verðlagi hvers árs í þúsundum króna.

Nemendum fer fækkandi á milli þessara ára. Voru 438 árið 2016 en 401 árið 2018, eða fækkun um 37 nemendur.

Útgjöld án innri leigu aukast nokkuð á milli áranna 2016 og 2017, eða um 19%. Hins vegar lækka þau um 3% á milli áranna 2017 og 2018.

Vakin er athygli á því að orkukostnaður er að lækka og hækka á milli ára Hækkar nokkuð mikið á milli áranna 2017 og 2018. Jafnframt hvað þeir útgjaldaliðir, sem sýndir eru, voru að hækka mikið á milli áranna 2016 og 2018.

Rétt er að benda á kostnað vegna þvottahúss og efnalaugar, sem var 366 þúsund krónur árið 2018.

## Tafla 113: Gjöld og tekjur og gjöld og tekjur á hvern nemanda í samanburðarskólum árið 2017 í þúsundum króna

| | Akureyrark. | Reykjavíkurb. | Akureyrark. | Hafnarfjarðark. | Reykjanesb. | Garðabær | Reykjavíkurb. | Hafnarfjarðark. | Reykjanesb. | Kópavogsb. | Reykjanesb. |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| | Nausta-skóli | Réttarholts-skóli | Giljaskóli | Hvaleyrarskóli | Njarðvíkur-skóli | Álftanes-skóli | Austurbæjar-skóli | Setbergsskóli | Heiðarskóli | Snælands-skóli | Holtaskóli |
| Fjöldi nemenda | 392 | 399 | 400 | 409 | 409 | 410 | 413 | 416 | 418 | 444 | 447 |
| Laun og launatengd gjöld | 401.736 | 383.791 | 421.845 | 464.643 | 425.782 | 517.310 | 492.960 | 525.761 | 430.437 | 495.449 | 479.221 |
| Annar rekstrarkostnaður | 58.948 | 68.439 | 66.018 | 90.095 | 73.415 | 71.305 | 74.251 | 99.646 | 81.312 | 76.643 | 84.142 |
| **Rekstrarkostnaður samtals** | **460.685** | **452.230** | **487.863** | **554.738** | **499.197** | **588.615** | **567.211** | **625.406** | **511.749** | **572.092** | **563.363** |
| Tekjur | 48.778 | 35.801 | 54.401 | 8.927 | 11.488 | 9.781 | 31.284 | 33.103 | 14.648 | 31.671 | 10.250 |
| **Útgjöld á hvern nemanda:** | | | | | | | | | | | |
| Laun og launatengd gjöld | 1.025 | 962 | 1.055 | 1.136 | 1.041 | 1.262 | 1.194 | 1.264 | 1.030 | 1.116 | 1.072 |
| Annar rekstrarkostnaður | 150 | 172 | 165 | 220 | 179 | 174 | 180 | 240 | 195 | 173 | 188 |
| **Rekstrarkostnaður samtals** | **1.175** | **1.133** | **1.220** | **1.356** | **1.221** | **1.436** | **1.373** | **1.503** | **1.224** | **1.288** | **1.260** |

Heimild: Samband íslenskra sveitarfélaga

Tafla 113 sýnir samanburð á rekstrarkostnaði samtals og á hvern nemanda í 11 samanburðarskólum árið 2017. Fimm stærri en Álftanesskóli og fimm minni hvað nemendafjölda varðar. Innri leiga hefur verið dregin frá. Reynslan sýnir að það er mjög mismunandi hvernig sveitarfélög reikna innri leigu, sem hefur leitt til þess að ekki fæst rétt mynd af samanburðinum ef innri leiga er tekin með. Þess vegna er hún ekki reiknuð með hér. Gerður er fyrirvari um þennan samanburð því skólahald getur verið mismunandi í þessum skólum sem getur leitt til mismunar í útgjöldum. Engu að síður gefur samanburðurinn ákveðna vísbendingu.

Eins og taflan sýnir var einn skóli í þessum samanburði með launagjöld á hvern nemanda hærri en Álftanesskóli. Hins vegar voru sex skólar af þessum skólum með önnur rekstrargjöld á hvern nemanda hærri en Álftanesskóli.

Þegar gjöldin eru tekin saman á hvern nemanda var einn skóli í þessum samanburði með hærri rekstrargjöld samtals á hvern nemanda en Álftanesskóli.

Rekstrarútgjöld samtals á hvern nemanda voru næst lægst hjá Naustaskóla á Akureyri þar sem þau voru 1.175 þúsund krónur samanborið við 1.436 þúsund krónur hjá Álftanesskóla, eða mismunur upp á 260 þúsund krónur á hvern nemanda. Miðað við 410 nemendur gerir þessi mismunur samtals 107 milljónir króna.

## Tafla 114: Fjöldi stöðugilda í samanburðarskólum 2017

| | Akureyrark. | Reykjavíkurb. | Akureyrark. | Hafnarfjarðark. | Reykjanesb. | Garðabær | Reykjavíkurb. | Hafnarfjarðark. | Reykjanesb. | Kópavogsb. | Reykjanesb. |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| | Nausta-skóli | Réttarholts-skóli | Giljaskóli | Hvaleyrarskóli | Njarðvíkur-skóli | Álftanes-skóli | Austurbæjar-skóli | Setbergsskóli | Heiðarskóli | Snælands-skóli | Holtaskóli |
| Fjöldi nemenda | 392 | 399 | 400 | 409 | 409 | 410 | 413 | 416 | 418 | 444 | 447 |
| Stjórnendur | 3,0 | 3,0 | 3,0 | 7,8 | 7,0 | 7,1 | 3,9 | 5,9 | 5,0 | 6,0 | 6,1 |
| Sérkennarar | 1,0 | 3,0 | 4,5 | 5,0 | 4,7 | 3,6 | 7,1 | 5,0 | 1,8 | 4,0 | 5,5 |
| Kennarar | 26,6 | 24,3 | 28,6 | 30,0 | 28,5 | 31,5 | 31,4 | 31,9 | 31,6 | 30,6 | 30,1 |
| **Stg. alls við kennslu** | **30,6** | **30,3** | **36,1** | **42,8** | **40,2** | **42,2** | **42,4** | **42,8** | **38,4** | **40,6** | **41,7** |
| Aðrir starfsmenn | 26,6 | 11,1 | 24,5 | 14,8 | 29,3 | 17,7 | 18,4 | 20,3 | 16,2 | 14,6 | 4,9 |
| **Samtals stöðugildi** | **57,2** | **41,4** | **60,6** | **57,6** | **69,5** | **59,9** | **60,8** | **63,1** | **54,6** | **55,2** | **46,6** |

Heimild: Samband íslenskra sveitarfélaga

Tafla 114 sýnir stöðugildi í samanburðarskólum árið 2017. Um er að ræða skóla með 392 nemendur upp í 447.

Fjórir skólar voru með fleiri stöðugildi samtals en Álftanesskóli í þessum samanburði.

## Tafla 115: Fjöldi nemenda á hvert stöðugild í samanburðarskólum árið 2017

| | Akureyrark. Nausta-skóli | Reykjavíkurb. Réttarholts-skóli | Akureyrark. Giljaskóli | Hafnarfjarðark. Hvaleyrarskóli | Reykjanesb. Njarðvíkur-skóli | Garðabær Álftanes-skóli | Reykjavíkurb. Austurbæjar-skóli | Hafnarfjarðark. Setbergsskóli | Reykjanesb. Heiðarskóli | Kópavogsb. Snælands-skóli | Reykjanesb. Holtaskóli |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| Fjöldi nemenda | 392 | 399 | 400 | 409 | 409 | 410 | 413 | 416 | 418 | 444 | 447 |
| Stg. alls við kennslu | 12,8 | 13,2 | 11,1 | 9,6 | 10,2 | 9,7 | 9,7 | 9,7 | 10,9 | 10,9 | 10,7 |
| Stg. við kennslu án stjórnenda | 14,2 | 14,6 | 12,1 | 11,7 | 12,3 | 11,7 | 10,7 | 11,3 | 12,5 | 12,8 | 12,6 |
| Aðrir starfsmenn | 14,7 | 35,9 | 16,3 | 27,6 | 14,0 | 23,2 | 22,4 | 20,5 | 25,8 | 30,4 | 91,2 |
| **Stöðugildi samtals** | **6,9** | **9,6** | **6,6** | **7,1** | **5,9** | **6,8** | **6,8** | **6,6** | **7,7** | **8,0** | **9,6** |

Heimild: Samband íslenskra sveitarfélaga

Tafla 115 sýnir nemendafjölda á hvert stöðugildi í samanburðarskólunum 11 árið 2017. Eins og taflan sýnir var einn skóli með færri nemendur á hvert stöðugildi kennara en Álftanesskóli í þessum samanburði. Tveir skólar voru með færri nemendur á hvert stöðugildi annarra starfsmanna. Þrír skólar voru með færri nemendur á hvert stöðugildi samtals en Álftanesskóli í þessum samanburði.

## Tafla 116: Fjöldi nemenda og stöðugildi við Álftanesskóla árin 2002 til 2017

| Ár | Fjöldi nemenda | Kennarar / leiðbeinendur | Aðrir starfsmenn | Samtals |
|---|---|---|---|---|
| 2002 | 243 | 30,7 | 14,8 | 45,5 |
| 2003 | 265 | 31,2 | 17,9 | 49,1 |
| 2004 | 315 | 34,8 | 11,9 | 46,8 |
| 2005 | 369 | 52,1 | 16,9 | 69,0 |
| 2006 | 425 | 58,1 | 22,5 | 80,6 |
| 2007 | 449 | 51,1 | 17,8 | 68,9 |
| 2008 | 475 | 51,3 | 16,6 | 67,9 |
| 2009 | 465 | 47,9 | 17,5 | 65,4 |
| **2010** | **456** | **42,7** | **17,3** | **59,9** |
| 2011 | 445 | 41,9 | 17,4 | 59,3 |
| 2012 | 446 | 45,1 | 15,9 | 61,0 |
| 2013 | 436 | 40,4 | 15,3 | 55,7 |
| 2014 | 447 | 43,5 | 18,1 | 61,6 |
| 2015 | 440 | 40,3 | 16,9 | 57,1 |
| 2016 | 438 | 39,4 | 17,0 | 56,4 |
| **2017** | **410** | **42,1** | **17,7** | **59,8** |
| Breyting 2010/2017 | -46 | -0,6 | 0,4 | -0,1 |

Heimild: Samband íslenskra sveitarfélaga

Tafla 116 sýnir fjölda nemenda og stöðugildi kennara og annarra starfsmanna við Álftanesskóla á árunum 2002 til 2017.

Eins og taflan sýnir fjölgar nemendum við skólann framan af tímabilinu. Frá árinu 2008 fækkar nemendum nokkuð við skólann. Þeim er að fækka á milli ára öll árin eftir 2008 nema tvö, þ.e. 2012 og 2014. Á tímabilinu 2010 til 2017 fækkar nemendum um 46. Á sama tíma fækkar stöðugildum kennara ekki nema um 0,6 og stöðugildum annarra starfsmanna fjölgar um 0,4. Þannig var nánast sami stöðugildafjöldi við skólann árið 2017 og 2010 þrátt fyrir að nemendum hafi fækkað um 46.

Það vekur t.d. athygli að á milli áranna 2016 og 2017 fækkar nemendum um 28 en

stöðugildum kennara fjölgar um 2,6 stöðugildi og annarra starfsmanna um 0,7, eða fjölgun samtals um 3,3 stöðugildi á sama tíma og nemendum fækkar um 28.

### Tafla 117: Fjöldi nemenda á hvert stöðugildi við Álftanesskóla árin 2002 til 2017

| Ár | Fjöldi nemenda | Kennarar / leiðbeinendur | Aðrir starfsmenn | Samtals |
|---|---|---|---|---|
| 2002 | 243 | 7,9 | 16,4 | 5,3 |
| 2003 | 265 | 8,5 | 14,8 | 5,4 |
| 2004 | 315 | 9,0 | 26,4 | 6,7 |
| 2005 | 369 | 7,1 | 21,8 | 5,3 |
| 2006 | 425 | 7,3 | 18,9 | 5,3 |
| 2007 | 449 | 8,8 | 25,2 | 6,5 |
| 2008 | 475 | 9,3 | 28,6 | 7,0 |
| 2009 | 465 | 9,7 | 26,6 | 7,1 |
| **2010** | **456** | **10,7** | **26,4** | **7,6** |
| 2011 | 445 | 10,6 | 25,6 | 7,5 |
| 2012 | 446 | 9,9 | 28,0 | 7,3 |
| 2013 | 436 | 10,8 | 28,5 | 7,8 |
| 2014 | 447 | 10,3 | 24,7 | 7,3 |
| 2015 | 440 | 10,9 | 26,1 | 7,7 |
| 2016 | 438 | 11,1 | 25,8 | 7,8 |
| **2017** | **410** | **9,7** | **23,2** | **6,9** |
| Breyting 2010/2017 | -46 | -1,0 | -3,2 | -0,8 |

Heimild: Samband íslenskra sveitarfélaga

Tafla 117 sýnir fjölda nemenda á hvert stöðugildi í Álftanesskóla frá árinu 2002 til 2017. Eins og taflan sýnir hefur nemendum á hvert stöðugildi kennara verið ýmist að fjölga eða fækka á milli ára. Á milli áranna 2010 og 2017 fækkaði nemendum á hvert stöðugildi kennara um 1,0. Það sama á við varðandi aðra starfsmenn. Nemendum á hvert stöðugildi annarra starfsmanna fækkar um 3,2 á milli áranna 2010 og 2017.

Þegar fjöldi nemenda á stöðugildi samtals er skoðaður voru 7,6 nemendur á hvert stöðugildi við skólann árið 2010 samanborið við 6,9 árið 2017.

### Tafla 118: Greining á launum í Álftanesskóla árin 2017 og 2018

| | 2017 | | 2018 | | Hlutfall af mánaðarlaunum 2017 | | Hlutfall af mánaðarlaunum 2018 | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| | Kennarar og stjórnendur | Aðrir starfsmenn | Kennarar og stjórnendur | Aðrir starfsmenn | Kennarar og stjórnendur | Aðrir starfsmenn | Kennarar og stjórnendur | Aðrir starfsmenn |
| Mánaðarlaun | 279.123.865 | 69.051.836 | 290.036.036 | 68.005.493 | | | | |
| Yfirvinna | 12.987.453 | 4.035.884 | 14.853.833 | 3.584.921 | 12,3% | 6,6% | 12,6% | 6,0% |
| Forfallakennsla | 7.884.652 | | 8.813.969 | | | | | |
| Kennsluyfirvinna grunnskóla | 10.076.442 | | 9.409.455 | | | | | |
| Orlof yfirvinna | 3.340.591 | 527.065 | 3.517.338 | 478.381 | | | | |
| Eingreiðsla | 7.830.214 | | 5.907.645 | | | | | |
| Desemberuppbót | | 1.790.324 | | 1.790.429 | | | | |
| Annaruppbót | 7.044.166 | | 7.192.110 | | | | | |
| Orlofsuppbót | | 817.215 | | 782.007 | | | | |
| Önnur laun | | | | | | | | |
| Launatengd gjöld | 82.435.279 | 17.893.042 | 84.530.656 | 17.530.449 | | | | |
| Orlof dagvinna | 708.816 | 313.859 | 660.438 | 138.929 | | | | |
| **Samtals** | **411.431.478** | **94.429.225** | **424.921.480** | **92.310.609** | | | | |

Heimild: Garðabær

Tafla 118 sýnir greiningu á launum í Álftanesskóla árin 2017 og 2018.

Yfirvinna, forfallakennsla, kennsluyfirvinna og orlof á yfirvinnu hjá kennurum var 12,3% sem hlutfall af mánaðarlaunum árið 2017 en 12,6% árið 2018, þar af var kennsluyfirvinna 3,2% stig eða samtals 9,4 milljónir króna auk orlofs árið 2018. Hjá öðrum starfsmönnum var yfirvinna og orlof á yfirvinnu sem hlutfall af mánaðarlaunum 6% árið 2018 samanborið við 6,6% árið 2017.

### Tafla 119: Skipting nemenda við Álftanesskóla skólaárið 2018/2019 í bekkjardeildir

| | Bekkjardeildir | | **Samtals** | Meðaltal |
|---|---|---|---|---|
| 1. bekkur | 17 | 14 | **31** | 15,5 |
| 2. bekkur | 14 | 15 | **29** | 14,5 |
| 3. bekkur | 25 | 27 | **52** | 26,0 |
| 4. bekkur | 20 | 19 | **39** | 19,5 |
| 5. bekkur | 24 | 23 | **47** | 23,5 |
| 6. bekkur | 22 | 19 | **41** | 20,5 |
| 7. bekkur | 24 | 25 | **49** | 24,5 |
| 8. bekkur | 24 | 24 | **48** | 24,0 |
| 9. bekkur | 17 | 19 | **36** | 18,0 |
| 10. bekkur | 12 | 17 | **29** | 14,5 |
| | **Samtals** | | **401** | 20,1 |

Heimild: Skólastjóri

Tafla 119 sýnir skiptingu nemenda í bekkjardeildir skólaárið 2018/2019. Með hliðsjón af því t.d. hvað eru fáir nemendur í sumum bekkjardeildum vaknar sú spurning hvort ekki komi til greina að blanda nemendum saman í árgöngum. Hægt er að nefna mörg dæmi þess þar sem reynslan af því hefur verið góð.

## SJÁLANDSSKÓLI

Alþjóðaskóli Íslands er leigjandi í skólahúsnæði Sjálandsskóla. Alþjóðaskólinn hefur fengið úthlutað lóð að sögn skólastjóra. Skólastjóri hefur ekki haft aðkomu að samkomulagi sem gert hefur verið við Alþjóðaskólann á Íslandi um notkun á húsnæði Sjálandsskóla. Fram kom í máli skólastjóra að hann leggi áherslu á að það liggi ákveðið fyrir að Alþjóðaskóli Íslands fari úr skólahúsnæðinu í lok næsta skólaárs vegna þrengsla í skólanum. Leigusamningur rann út um s.l. áramót. Skólastjóri hefur ekki vitneskju um hvort nýr samningur hafi verið gerður.

Gjöldin sem Alþjóðaskólinn greiðir vegna aðstöðu í húsnæði Sjálandsskóla eru nemendatengd. Þau voru 12 milljónir króna á síðasta fjárhagsári að sögn skólastjóra. Alþjóðaskólinn hefur eina skrifstofu fyrir stjórnendur, aðstöðu fyrir skrifstofustjóra hjá ritara Sjálandsskóla, aðstöðu fyrir fjóra kennara á kennslusvæði, aðgang að kaffistofu starfsfólks, fundarherbergjum, not af tölvuvagni Sjálandsskóla, notar forritunargögn (lítillega), aðgang að list- og verkgreinastofum. Sjálandsskóli skaffar húsgögn fyrir nemendur Alþjóðaskólans. Alþjóðaskólinn er með eitt kennslurými fyrir ofan bókasafn og annað rými í íþróttahúsi. Þau nýta matsal skólans í hádeginu og fyrir einstaka viðburði sína eftir skóla. Þá er símakostnaður, hiti, rafmagn og þrif innifalin í húsaleigunni. Þá nýtir Alþjóðaskólinn tómstundaheimili skólans. Forráðamenn greiða fyrir vistunina eins og aðrir foreldrar Sjálandsskóla. Skólastjóri hefur lagt áherslu á að þegar skólinn fer í sitt eigið húsnæði þá sjái Alþjóðaskólinn um að reka sitt eigið tómstundaheimili. Þá hefur skólinn aðgang að bókasafni Sjálandsskóla bæði starfsmenn og nemendur. Sjálandsskóli fær úthlutað í Skólavísi starfsgildi á bókasafni m.v. nemendafjölda Sjálandsskóla sem er 65%. Úthlutun dugar ekki til að hafa opið á starfstíma skólans. Með réttu ætti safnið að vera lokað einni klukkustund fyrir skólalok eða klukkustund eftir að skóli hefst að sögn skólastjóra.

Skólastjórinn vildi einnig sjá einhverja framtíðarsýn um það hvenær gert er ráð fyrir næsta byggingaráfanga við skólann. Sjálandsskóli var í ytra mati á vegum Menntamálastofnunar. Þar er m.a. bent á að bæta þurfi aðstöðu til heimilisfræðikennslu, náttúrufræðikennslu og bæta úr þrengslum í skólanum og þá sérstaklega í unglingadeildinni. Þá má benda á að við gaflinn (bráðabirgðagafl), þar sem næsti áfangi á að koma, hefur verið leki inn um glugga frá upphafi, eða í 14 ár. Þá gengur gaflinn til í vondum veðrum og nokkrum sinnum hefur björgunarsveitin verið kölluð til.

Varðandi viðhaldsmál þá er skólahúsnæðið í góðu ástandi en komi eitthvað upp þarf að hafa mikið fyrir því að fá gert við, hringja mörg símtöl og lítið um svör. Tölvupóstum er ekki svarað. Verulegur misbrestur er á því að tækni- og umhverfissvið bregðist við beiðnum um viðgerðir.

Þá eru stundum óljós skil á milli tölvudeildar og tækni- og umhverfissviðs, t.d. var óskað eftir fleiri öryggismyndavélum á skólalóð fyrir tveimur árum og haldinn fundur með fulltrúa tölvudeildar. Þar strandaði málið. Tækni- og umhverfissvið átti að sjá um framkvæmdina vegna raflagnavinnu og skólinn að greiða vélarnar. Ekkert hefur gerst síðan þá og það virðist vanta skilvirkari verkferil þarna á milli. Sama má segja um þjónustumiðstöðina. Það virðist vanta verkferla um hreinsun lóða stofnana bæjarins og þrif t.d. á gluggum sem ætti að vera t.d. gert í útboði fyrir allar stofnanir bæjarins í hagræðingarskyni. Það þarf að kalla eftir lóðarhreinsun á hverju hausti. Varðandi viðhald á skólalóð þá eru um 3 – 400 þúsund krónur áætlaðar í það að sögn skólastjóra.

Fram kom í máli skólastjóra að honum finnist að það fari ekki vel á því að skólastjóri sé ekki næsti yfirmaður húsumsjónarmanns. Það er mat skólastjóra að húsumsjónarmaður myndi nýtast betur ef hann heyrði undir skólastjóra.

Skólastjóra fannst það vera afturför þegar húsumsjónarmaður var færður yfir á eignasvið.

Húsumsjónarmaður mætir kl. 7:00. Fer yfir húsnæði skólans og íþróttahússins og opnar skólann síðan kl. 7:30. Gæsla nemenda byrjar ekki fyrr en kl. 8:00. Skólastarfið hefst síðan kl. 8:15 nema hjá unglingadeildinni en þar hefst skólastarfið kl. 8:20. Enginn starfsmaður skólans mætir fyrr en kl. 8:00 nema skrifstofustjóri sem mætir kl. 7:45.

Skrifstofustjóri kemur kl. 7:45 og fer alla daga kl. 16:00 til 16:30, nema á föstudögum þá lýkur hann störfum kl. 15:00. Skrifstofustjórinn hefur aðstoðað við frágang í eldhúsi þegar skólaliði er í leyfi eða veikur. Hann svarar síma og er í afgreiðslu í hádegis- og matarhléum. Hann tekur ekki kaffihlé eftir hádegi. Fyrir þetta fær hann greiddar 45 mínútur á dag í yfirvinnu að sögn skólastjóra. Skrifstofustjóri fær greidda þá yfirvinnu sem þarf að vinna. S.l. mánuð voru það 17 klukkustundir. Þessir tímar eru eingöngu greiddir utan starfstíma skólans enda unnir.

Skrifstofustjórinn hefur í auknu mæli verið að taka verkefni sem stjórnendur skólans sinntu áður.

Á kaffistofu kennara er ekki matráður. Einn skólaliði sinnir kaffistofunni. Skólaliðar eru í 4,75 stöðugildum.

Við skólann er starfandi námsráðgjafi í 100% stöðugildi en heimild er bara fyrir 50% stöðugildi að sögn skólastjóra.

Fær úthlutað 65% stöðugildi vegna bókasafnsfræðings, sem þýðir að bókasafnið þyrfti að vera lokað í klukkustund á dag sem gengur ekki. Bókasafnsfræðingurinn er í 70% starfshlutfalli.

Við skólann eru þrír sérkennarar í 2,6 stöðugildum. Fær úthlutað 2,4 stöðugildi. Sjálandsskóli fær úthlutað sérkennslukvóta eins og aðrir skólar í Garðabæ þrátt fyrir miklar sérþarfir nemenda í Sjálandsskóla.

Fram kom í máli skólastjóra að hann telji að sama reiknilíkan gangi ekki fyrir heildstæðan skóla og skóla sem er með eitt skólastig. Reiknilíkanið er hagstætt fyrir stóran skóla en ekki lítinn. Þetta þarf að leiðrétta að sögn skólastjóra. Er líklegt að hægt sé að fá námsráðgjafa í hálft starf við skóla spyr skólastjóri?

Við skólann eru nemendur sem þurfa maður á mann kennslu. Það er vel hlustað á beiðni um auka úthlutun vegna þess en skólastjóri vill sjá meiri festu í þeim málum, t.d. vildi skólastjóri vita núna (vor 2019) að heimilt verði að ráða einn þroskaþjálfa í viðbót næsta skólaár. Það vantar fleiri úrræði fyrir þá nemendur sem eiga erfitt í skólanum, s.s. vegna hegðunarvanda. Skólastjóri sér fyrir sér einhverskonar fagteymi sem gæti nýst öllum skólunum í bænum og bendir á svo kallaða Herningaðferð, sem beitt hefur verið í Hafnarfjarðarkaupstað. Þá vantar tilfinnanlega aðstöðu í skólanum fyrir nemendur með sérþarfir til að mæta þörfum þeirra. Skólinn hefur áhyggjur af fjölda nemenda með sérþarfir. Nemendum með frávik er enn að fjölga á næsta skólaári.

Vöntun er á rými innan skólans fyrir nemendur sem þurfa frekari aðstoð. Ekkert slíkt rými er í skólanum. Fram kom í máli skólastjóra að hann vildi geta auglýst eftir fagfólki

við skólann. Í sumum tilfella, þegar fagfólk er ráðið, er það skilgreint sem stuðningsfulltrúi, sem þýðir að launin verða ekki í samræmi við menntun viðkomandi. Ef fagfólk er ráðið í stað kennara verður að ráða það sem stuðningsfulltrúa 3 að sögn skólastjóra í a.m.k. sumum tilfella.

Við skólann starfar listmeðferðarfræðingur í hlutastarfi sem hefur reynst vel.

Við skólann eru tveir stjórnendur, skólastjóri og aðstoðarskólastjóri.

Fram kom í máli skólastjóra að mikill kostur væri við stjórnkerfi Garðabæjar hvað boðleiðir væru stuttar. Deildarstjóri skóladeildar vinnur vel með skólunum og forstöðumaður fræðslu- og menningarsviðs kemur mjög sterkur inn að sögn skólastjóra.

Fram kom í máli skólastjóra að starfsmenn í barnaverndarmálum hafi verið of fáir en þeir hafa staðið sig mjög vel. Skólaskrifstofan og starfsmenn barnaverndarmála hafa stutt vel við skólana. Það er mikilvægt að fjölga starfsstéttum og hafa fleiri úrræði.

Samstarfið við heilsugæsluna hefur fjarað út að undanförnu. Heilsugæslan var með fjölskylduráðgjafa sem kom á alla fundi nemendaverndarráðs. Um var að ræða öfluga tengingu við grunnskólana. Skólahjúkrunarfræðingur, sem búinn var að vera lengi, hætti. Í haust kom nýr skólahjúkrunarfræðingur sem síðan lét af störfum 1. maí s.l. Enginn hefur komið í staðinn. Þegar spurt er hvenær skólahjúkrunarfræðingur komi er svarið: Vonandi færðu einhvern í haust (2019). Skólahjúkrunarfræðingur er starfsmaður heilsugæslunnar, ekki sveitarfélagsins.

Mikið álag er á heilsugæslunni og vegna þess eru hjúkrunarfræðingarnir teknir frá skólunum að sögn skólastjóra.

Skólastjóri saknar þess að hafa ekki tengingu við heilsugæsluna eins og var.

Síðasti fundur nemendaverndarráðs verður í maí (2019). Enginn fulltrúi frá heilsugæslunni verður á fundinum.

Fyrir kemur að fulltrúi frá fjölskyldusviðinu hefur ekki komist á nemendaverndarfundi vegna anna hjá þeim.

Erfitt er að átta sig á stöðu skólans síðustu tvo mánuði ársins varðandi fjárhag hans að sögn skólastjóra. Upplýsingar um fjármagn vegna aukastuðnings, langtímaveikinda, launahækkana o.þ.h. koma seint inn.

Þá kemur búnaðarkaupalisti yfirleitt ekki fyrr en í apríl, maí. Það er bagalegt og vont að þurfa að gera pantanir þegar komið er í tímaþröng vegna næsta skólaárs.

Það vantar áætlanir um framkvæmdir, t.d. varðandi skólalóð. Eru það þeir sem pressa mest sem fá tæki á skólalóðirnar (sbr. yfirstandandi kosningu á vef GB)? Af hverju eru ekki settir körfuboltavellir og sambærileg aðstaða á allar skólalóðir? Eitthvað sem væri gott að hafa áætlun um.

Fjórir skólaliðar annast þrif á skólahúsnæðinu sem er 5.500 m$^2$.

### Tafla 120: Fjöldi stöðugilda við Sjálandsskóla í maí 2019

| | |
|---|---|
| Stjórnendur | 2 |
| Kennarar | 22,5 |
| Þroskaþjálfar | 3 |
| Kennsluráðgjafi | 1 |
| Meðferðarfulltrúi | 0,65 |
| Listmeðferðarfræðingur | 0,4 |
| Námsráðgjafi | 0,8 |
| Skólaritari | 1 |
| Starfsmaður á bókasafni | 0,7 |
| Stuðningsfulltrúar | 11,5 |
| Skólaliðar | 4,75 |
| **Samtals** | **48,3** |
| Tómstund | 4,15 |
| **Samtals** | **52,45** |

Heimild: Skólastjóri

Tafla 120 sýnir skiptingu stöðugilda í Sjálandsskóla í maí 2019.

## Tafla 121: Fjöldi nemenda í Sjálandsskóla 2016 til 2018, launagjöld og annar kostnaður í þúsundum króna

| | 2016 | 2017 | 2018 | Breyting 2016/2018 | Breyting 2017/2018 |
|---|---|---|---|---|---|
| Fjöldi nemenda | 284 | 279 | **283** | -1 | 4 |
| Útgjöld: | | | | | |
| Laun og launatengd gjöld | 343.435 | 388.907 | 430.169 | 25,3% | 10,6% |
| Vörukaup | 21.061 | 20.177 | 23.390 | 11,1% | 15,9% |
| Þjónustukaup án innri leigu | 29.128 | 33.085 | 35.281 | 21,1% | 6,6% |
| **Samtals** | **393.624** | **442.169** | **488.840** | **24,19%** | **10,6%** |
| Innri leiga | 123.291 | 128.634 | 132.938 | | |
| Tekjur | -17.851 | -23.289 | **-18.901** | | |
| Samtals rekstrarniðurstaða | **499.064** | **547.514** | **602.877** | | |
| Á hvern nemanda: | | | | | |
| Laun | 1.209 | 1.394 | 1.520 | | |
| Annar kostnaður | 177 | 191 | 207 | | |
| **Samtals** | **1.386** | **1.585** | **1.727** | | |
| Nokkrir útgjaldaliðir: | | | | | |
| Orka | 9.888 | 9.227 | 10.957 | 11% | 19% |
| Hreinlætisvörur | 956 | 999 | 1.124 | 18% | 13% |
| Vinnufatnaður | 16 | 15 | 31 | 94% | 107% |
| Ræstingar | | | | | |
| Þvottahús og efnalaugar | | | | | |
| Sorphreinsun | 491 | 531 | 526 | 7% | -1% |
| **Samtals** | **11.351** | **10.772** | **12.638** | **11%** | **17%** |
| Á hvern nemanda: | | | | | |
| Orka | 35 | 33 | 39 | | |
| Hreinlætisvörur | 3 | 4 | 4 | | |
| Vinnufatnaður | 0 | 0 | 0 | | |
| Ræstingar | 0 | 0 | 0 | | |
| Þvottahús og efnalaugar | 0 | 0 | 0 | | |
| Sorphreinsun | 2 | 2 | 2 | | |
| **Samtals** | **40** | **39** | **45** | | |

Heimild: Garðabær

Tafla 121 sýnir fjölda nemenda frá 2016 til 2018 í Sjálandsskóla. Einnig sýnir taflan útgjöld og kostnað á hvern nemanda þessi ár. Útgjöldin eru sýnd á verðlagi hvers árs í þúsundum króna.

Nemendum fækkaði á milli áranna 2016 og 2017 og fjölgar aftur árið 2018. Það var einum nemanda færri í skólanum haustið 2018 en var haustið 2016.

Útgjöld án innri leigu aukast nokkuð á milli þessara ára, eða um 24,1% á milli áranna 2016 og 2018 og um 11% á milli áranna 2017 og 2018.

Vakin er athygli á því að orkukostnaður er að lækka og hækka á milli ára. Hækkar nokkuð mikið á milli áranna 2017 og 2018. Það sama á við um samtölu þeirra útgjaldaliða sem þarna eru tilgreindir. Þeir hækka um 17% á milli áranna 2017 og 2018

sem er langtum meira en verðlag hækkaði. Vísitala neysluverðs hækkaði um 2,7% á milli þessara ára.

### Tafla 122: Gjöld og tekjur og gjöld og tekjur á hvern nemanda í samanburðarskólum árið 2017 í þúsundum króna

| | Snæfellsb. G. Snæfellsb. | Reykjavíkurb. Dalskóli | Reykjanesb. Háaleitis-skóli | Sandgerðisb. Grunnsk. í Sandgerði | Hornarfj. G. Horna-fjarðar | Garðabær Sjálands-skóli | Borgarb. G. í Borgarnesi | Norðurþ. Borgar-hólsskóli | Reykjavíkurb. Lauga-lækjarskóli | Reykjavíkurb. Vogaskóli | Akureyri Glerár-skóli |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| Fjöldi nemenda | 229 | 236 | 245 | 246 | 252 | 279 | 279 | 281 | 312 | 314 | 314 |
| Laun og launatengd gjöld | 434.602 | 315.911 | 346.020 | 391.092 | 329.784 | 387.499 | 401.678 | 368.199 | 383.564 | 391.537 | 348.345 |
| Annar rekstrarkostnaður | 52.718 | 54.878 | 66.388 | 65.515 | 39.655 | 60.455 | 41.213 | 40.711 | 61.374 | 69.017 | 53.506 |
| **Rekstrarkostnaður samtals** | **487.320** | **370.789** | **412.409** | **456.607** | **369.438** | **447.954** | **442.891** | **408.910** | **444.938** | **460.554** | **401.851** |
| Tekjur | 23.193 | 12.923 | 9.640 | 6.132 | 648 | 23.289 | 8.060 | 8.274 | 36.849 | 43.213 | 35.386 |
| | | | | | | | | | | | |
| **Útgjöld á hvern nemanda:** | | | | | | | | | | | |
| Laun og launatengd gjöld | 1.898 | 1.339 | 1.412 | 1.590 | 1.309 | 1.389 | 1.440 | 1.310 | 1.229 | 1.247 | 1.109 |
| Annar rekstrarkostnaður | 230 | 233 | 271 | 266 | 157 | 217 | 148 | 145 | 197 | 220 | 170 |
| **Rekstrarkostnaður samtals** | **2.128** | **1.571** | **1.683** | **1.856** | **1.466** | **1.606** | **1.587** | **1.455** | **1.426** | **1.467** | **1.280** |

Heimild: Samband íslenskra sveitarfélaga

Tafla 122 sýnir samanburð á rekstrarkostnaði samtals og á hvern nemanda í 11 samanburðarskólum árið 2017. Fimm stærri en Sjálandsskóli og fimm minni hvað nemendafjölda varðar. Innri leiga hefur verið dregin frá. Reynslan sýnir að það er mjög mismunandi hvernig sveitarfélög reikna innri leigu, sem hefur leitt til þess að ekki fæst rétt mynd af samanburðinum ef innri leiga er tekin með. Þess vegna er hún ekki reiknuð með hér. Gerður er fyrirvari um þennan samanburð því skólahald getur verið mismunandi í þessum skólum sem getur leitt til mismunar í útgjöldum. Engu að síður gefur samanburðurinn ákveðna vísbendingu.

Eins og taflan sýnir voru fjórir skólar í þessum samanburði með launagjöld á hvern nemanda hærri en Sjálandsskóli. Fimm af þessum skólum voru með önnur rekstrargjöld á hvern nemanda hærri en Sjálandsskóli.

Þegar gjöldin eru tekin saman á hvern nemanda voru þrír skólar í þessum samanburði með hærri rekstrargjöld samtals á hvern nemanda en Sjálandsskóli.

Rekstrarútgjöld samtals á hvern nemanda voru lægst hjá Glerárskóla á Akureyri þar sem þau voru 1.180 þúsund krónur samanborið við 1.606 þúsund krónur hjá Sjálandsskóla, eða mismunur upp á 326 þúsund krónur á hvern nemanda. Miðað við 279 nemendur gerir þessi mismunur samtals 91 milljón króna.

### Tafla 123: Fjöldi stöðugilda í samanburðarskólum 2017

| | Snæfellsb. G. Snæfellsb. | Reykjavíkurb. Dalskóli | Reykjanesb. Háaleitis-skóli | Sandgerðisb. Grunnsk. í Sandgerði | Hornarfj. G. Horna-fjarðar | Garðabær Sjálands-skóli | Borgarb. G. í Borgarnesi | Norðurþ. Borgar-hólsskóli | Reykjavíkurb. Lauga-lækjarskóli | Reykjavíkurb. Vogaskóli | Akureyri Glerár-skóli |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| Fjöldi nemenda | 229 | 236 | 245 | 246 | 252 | 279 | 279 | 281 | 312 | 314 | 314 |
| Stjórnendur | 7 | 1,5 | 4,8 | 4 | 3 | 4 | 4,8 | 4 | 4,8 | 3 | 4 |
| Sérkennarar | 2 | 1,8 | 0 | 2,1 | 5 | 2 | 1,5 | 1 | 3 | 3,4 | 1 |
| Kennarar | 24,6 | 20 | 21 | 26,7 | 23,4 | 22,4 | 25,8 | 27,8 | 25,1 | 23,9 | 27,2 |
| **Stg. alls við kennslu** | **33,6** | **23,3** | **25,8** | **32,8** | **31,4** | **28,4** | **32,1** | **32,8** | **32,9** | **30,3** | **32,2** |
| Aðrir starfsmenn | 22,3 | 12,6 | 13,2 | 20,8 | 17,1 | 24,9 | 18,8 | 17,9 | 10,8 | 12,2 | 17,3 |
| **Samtals stöðugildi** | **55,9** | **35,9** | **39** | **53,6** | **48,5** | **53,3** | **50,9** | **50,7** | **43,7** | **42,5** | **49,5** |

Heimild: Samband íslenskra sveitarfélaga

Tafla 123 sýnir stöðugildi í samanburðarskólum árið 2017. Um er að ræða skóla með 229 nemendur upp í 314.

Tveir skólar voru með fleiri stöðugildi samtals en Sjálandsskóli í þessum samanburði.

## Tafla 124: Fjöldi nemenda á hvert stöðugild í samanburðarskólum árið 2017

| | Snæfellsb. | Reykjavíkurb. | Reykjanesb. | Sandgerðisb. | Hornarfj. | Garðabær | Borgarb. | Norðurþ. | Reykjavíkurb. | Reykjavíkurb. | Akureyri |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| | G. Snæ-fellsb. | Dalskóli | Háaleitis-skóli | Grunnsk. í Sandgerði | G. Horna-fjarðar | Sjálands-skóli | G. í Borgarnesi | Borgar-hólsskóli | Lauga-lækjarskóli | Vogaskóli | Glerár-skóli |
| Fjöldi nemenda | 229 | 236 | 245 | 246 | 252 | 279 | 279 | 281 | 312 | 314 | 314 |
| Stg. alls við kennslu | 6,8 | 10,1 | 9,5 | 7,5 | 8,0 | 9,8 | 8,7 | 8,6 | 9,5 | 10,4 | 9,8 |
| Stg. við kennslu án stjórnenda | 8,6 | 10,8 | 11,7 | 8,5 | 8,9 | 11,4 | 10,2 | 9,8 | 11,1 | 11,5 | 11,1 |
| Aðrir starfsmenn | 10,3 | 18,7 | 18,6 | 11,8 | 14,7 | 11,2 | 14,8 | 15,7 | 28,9 | 25,7 | 18,2 |
| **Stöðugildi samtals** | **4,1** | **6,6** | **6,3** | **4,6** | **5,2** | **5,2** | **5,5** | **5,5** | **7,1** | **7,4** | **6,3** |

Heimild: Samband íslenskra sveitarfélaga

Tafla 124 sýnir nemendafjölda á hvert stöðugildi í samanburðarskólunum 11 árið 2017. Eins og taflan sýnir voru tveir skólar með færri nemendur á hvert stöðugildi samtals en Sjálandsskóli í þessum samanburði.

## Tafla 125: Fjöldi nemenda og stöðugildi við Sjálandsskóla árin 2005 til 2017

| Ár | Fjöldi nemenda | Kennarar / leiðbeinendur | Aðrir starfsmenn | **Samtals** |
|---|---|---|---|---|
| 2005 | 78 | 10,4 | 6,3 | **16,7** |
| 2006 | 115 | 15,9 | 9,1 | **25,0** |
| 2007 | 163 | 20,8 | 8,0 | **28,8** |
| 2008 | 181 | 21,9 | 8,8 | **30,7** |
| 2009 | 238 | 21,1 | 14,0 | **35,1** |
| **2010** | **250** | **20,9** | **14,2** | **35,1** |
| 2011 | 241 | 24,7 | 12,6 | **37,3** |
| 2012 | 245 | 27,1 | 11,5 | **38,6** |
| 2013 | 249 | 24,1 | 16,8 | **41,0** |
| 2014 | 268 | 30,7 | 19,6 | **50,3** |
| 2015 | 278 | 26,3 | 22,1 | **48,4** |
| 2016 | 284 | 29,4 | 21,8 | **51,2** |
| **2017** | **279** | **28,3** | **24,9** | **53,2** |
| Breyting 2010/2017 | 29 | 7,4 | 10,7 | **18,1** |

Heimild: Samband íslenskra sveitarfélaga

Tafla 125 sýnir fjölda nemenda og stöðugildi kennara og annarra starfsmanna við Sjálandsskóla á árunum 2005 til 2017.

Eins og taflan sýnir fjölgar nemendum við skólann öll árin nema tvö, þ.e. árin 2011 og 2017. Á tímabilinu 2010 til 2017 fjölgaði nemendum um 29. Á sama tíma fjölgaði stöðugildum kennara um 7,4 og stöðugildum annarra starfsmanna fjölgaði um 10,7. Þannig fjölgaði stöðugildum samtals við Sjálandsskóla á milli áranna 2010 og 2017 um 18,1 stöðugildi og nemendum um 29.

### Tafla 126: Fjöldi nemenda á hvert stöðugildi við Sjálandsskóla árin 2005 til 2017

| Ár | Fjöldi nemenda | Kennarar / leiðbeinendur | Aðrir starfsmenn | **Samtals** |
|---|---|---|---|---|
| 2005 | 78 | 7,5 | 12,4 | **4,7** |
| 2006 | 115 | 7,2 | 12,7 | **4,6** |
| 2007 | 163 | 7,8 | 20,3 | **5,7** |
| 2008 | 181 | 8,3 | 20,6 | **5,9** |
| 2009 | 238 | 11,3 | 17,0 | **6,8** |
| **2010** | 250 | **12,0** | **17,7** | **7,1** |
| 2011 | 241 | 9,8 | 19,1 | **6,5** |
| 2012 | 245 | 9,0 | 21,4 | **6,4** |
| 2013 | 249 | 10,3 | 14,8 | **6,1** |
| 2014 | 268 | 8,7 | 13,7 | **5,3** |
| 2015 | 278 | 10,6 | 12,6 | **5,7** |
| 2016 | 284 | 9,7 | 13,0 | **5,5** |
| **2017** | 279 | **9,9** | **11,2** | **5,2** |
| Breyting 2010/2017 | 29 | -2,1 | -6,5 | **-1,9** |

Heimild: Samband íslenskra sveitarfélaga

Tafla 126 sýnir fjölda nemenda á hvert stöðugildi í Sjálandsskóla frá árinu 2005 til 2017. Eins og taflan sýnir hefur nemendum á hvert stöðugildi kennara verið ýmist að fjölga eða fækka á milli ára. Á milli áranna 2010 og 2017 fækkaði nemendum á hvert stöðugildi kennara um 2,1. Fjöldi nemenda á hvert stöðugildi kennara var 12,0 árið 2010 samanborið við 9,9 árið 2017.

Nemendum á hvert stöðugildi annarra starfsmanna fækkaði um 6,5 á þessu tímabili. Þannig voru 17,7 nemendur á hvert stöðugildi árið 2010 en 11,2 árið 2017.

Þegar fjöldi nemenda á stöðugildi samtals er skoðaður voru 7,1 nemandi á hvert stöðugildi við skólann árið 2010 samanborið við 5,2 árið 2017, eða fækkun um 1,9 nemanda.

### Tafla 127: Greining á launum í Sjálandsskóla árin 2017 og 2018

| | 2017 | | 2018 | | Hlutfall af mánaðarlaunum 2017 | | Hlutfall af mánaðarlaunum 2018 | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| | Kennarar og stjórnendur | Aðrir starfsmenn | Kennarar og stjórnendur | Aðrir starfsmenn | Kennarar og stjórnendur | Aðrir starfsmenn | Kennarar og stjórnendur | Aðrir starfsmenn |
| Mánaðarlaun | 190.267.732 | 76.212.016 | 198.884.536 | 82.527.046 | | | | |
| Yfirvinna | 10.792.942 | 3.108.491 | 13.844.872 | 3.334.601 | 12,4% | 4,5% | 13,0% | 4,5% |
| Forfallakennsla | 3.211.678 | | 2.818.522 | | | | | |
| Kennsluyfirvinna grunnskóla | 6.901.171 | | 6.348.648 | | | | | |
| Orlof yfirvinna | 2.596.469 | 354.710 | 2.844.185 | 410.076 | | | | |
| Eingreiðsla | 5.859.900 | | 4.209.435 | | | | | |
| Desemberuppbót | | 1.876.329 | | 2.111.315 | | | | |
| Annaruppbót | 5.202.119 | | 5.202.119 | | | | | |
| Orlofsuppbót | | 791.987 | | 788.459 | | | | |
| Önnur laun | | | | | | | | |
| Launatengd gjöld | 56.032.563 | 19.099.056 | 58.008.201 | 20.815.582 | | | | |
| Orlof dagvinna | 117.672 | 9.910 | 45.054 | 3.414 | | | | |
| **Samtals** | **280.982.246** | **101.452.499** | **292.205.572** | **109.990.493** | | | | |

Heimild: Garðabær

Tafla 127 sýnir greiningu á launum í Sjálandsskóla árin 2017 og 2018.

Yfirvinna, forfallakennsla, kennsluyfirvinna og orlof á yfirvinnu hjá kennurum var 12,4% sem hlutfall af mánaðarlaunum árið 2017 en 13% árið 2018, þar af var kennsluyfirvinna 3,2% stig eða samtals 6,3 milljónir króna auk orlofs árið 2018. Hjá öðrum starfsmönnum var yfirvinna og orlof á yfirvinnu sem hlutfall af mánaðarlaunum 4,5% árið 2018 og sama hlutfall árið 2017, eða 4,5%.

Tafla 128: Skipting nemenda við Sjálandsskóla skólaárið 2018/2019 í bekkjardeildir

| | Bekkjardeildir | | Samtals | Stöðugildi umsjónarkennara | Meðaltal |
|---|---|---|---|---|---|
| 1. bekkur | 15 | | 15 | 1,0 | |
| 2. bekkur | 15 | 8 | 23 | 1,5 | |
| 1,3. bekkur | 18 | 19 | 37 | 2,0 | |
| 4. bekkur | 16 | 17 | 33 | 2,0 | |
| 5. bekkur | 19 | 19 | 38 | 2,0 | |
| 6. bekkur | 14 | 17 | 31 | 1,8 | |
| 7. bekkur | 16 | 16 | 32 | 2,0 | |
| 8. bekkur | 22 | | 22 | 0,8 | |
| 9. bekkur | 16 | 17 | 33 | 1,8 | |
| 10. bekkur | 20 | | 20 | 1,0 | |
| **Samtals og meðaltal** | | | **284** | | **16,7** |

Heimild: Skólastjóri

Tafla 128 sýnir fjölda nemenda í árgöngum og hvernig þeim er skipt í bekkjardeildir ásamt fjölda stöðugilda umsjónarkennara í hverjum árgangi skólaárið 2018/2019.

## HOFSSTAÐASKÓLI

Kennsla fer fram í Hofsstaðaskóla í fyrsta til sjöunda bekk.

Skólinn byrjar kl. 8:30 og húsið opnar kl. 7:30, þegar húsumsjónarmaður kemur, en engin gæsla er fyrr en kl. 8:00.

Fram kom ánægja með störf húsumsjónarmanns. Hins vegar kom fram óánægja hjá stjórnendum skólans með það skipulag að húsumsjónarmaður heyri undir tækni- og umhverfissvið. Starfsvettvangur húsumsjónarmannsins er í skólanum. Hann er hluti af skólastarfinu og er oft á tíðum að sinna ýmsum störfum sem tækni- og umhverfissviði finnst að húsumsjónarmaður eigi ekki að sinna. Húsumsjónarmaðurinn annast jafnframt tvo leikskóla.

Í forföllum húsumsjónarmanns setur tækni- og umhverfissvið ekki neinn inn í staðinn. Þegar sú staða kemur upp hefur skólaliði tekið að sér að opna og loka skólahúsnæðinu og sinnt ýmsum störfum sem húsumsjónarmaður hefði átt að sinna. Fram kom mikil óánægja með þetta fyrirkomulag. Aukin verkefni falla á stjórnendur skólans í forföllum húsumsjónarmanns. Sem dæmi má nefna að húsumsjónarmaður fór í sumarfrí í septembermánuði. Þá kom enginn inn til að leysa hann af.

Fram kom hjá stjórnendum að það hafi verið nokkuð flókið að fá heimild fyrir afleysingu fyrir húsumsjónarmann. Þetta var verkefni sem stjórnendur skólans þurftu að leysa þrátt fyrir að húsumsjónarmaður heyri undir tækni- og umhverfissvið.

Fram kom að mikil þörf væri orðin á viðhaldi á skólahúsnæðinu og að ekki væri gerð t.d. þriggja ára áætlun um viðhald. Unnið hefur verið við að klæða skólahúsnæðið sem tekið hefur langan tíma. Starfsmenn bæjarins hafa að hluta unnið að þessari klæðningu að sögn skólastjórnenda.

Komin eru tvö ár síðan múrviðgerð fór fram á gluggum norðanmegin í austurálmu á neðri hæð. Lokafrágangur á gluggum hefur ekki farið fram eftir að múrað var.

Loftræstikerfið í skólanum hefur ekki verið hreinsað mjög lengi. Eftir er að setja ristar í hurðar í nýbyggingu sem tekin var í notkun haustið 2015. Ristarnar eru til í kjallara.

Loftræstikerfið í sundlauginni er ónýtt. Kennarar hafa kvartað mikið vegna þess. Ástandið er óviðunandi eins og það er. Kennarar við sundkennslu óska eftir að kenna færri sundtíma vegna þessa ástands. Forstöðumaður fræðslu- og menningarsviðs, deildarstjóri skóladeildar og forstöðumaður eignasjóðs hafa verið upplýstir um þetta að sögn skólastjórnenda.

Eins og umferðarmálum við skólahúsnæðið er háttað skapast mikil hætta að sögn stjórnenda skólans. Það liggja fyrir tillögur um breytingar sem tekið hefur verið vel í. En málið hefur ekki náð lengra.

Fram kom hjá stjórnendum að oft væri erfitt að eiga samskipti við tækni- og umhverfissvið. Starfsmenn svara sjaldan tölvupósti.

Ræstingar eru unnar af Sólar og skólaliðum. Skólaliðar eru í þremur stöðugildum.

Skólastjórnendur höfðu sjálfir samband við Sólar varðandi ræstingar. Ekkert útboð fór fram og engin stefna er um það hvernig á að standa að ræstingum almennt að sögn stjórnenda skólans.

Matráður er í eldhúsi starfsmanna. Sveitarfélagið borgar laun starfsmannsins en starfsmenn borga fyrir hráefnið sem notað er í matargerðina.

Skólamatur sér um matinn fyrir nemendur.

Vegna aukinna stjórnsýsluverkefna hjá skólastjóra hafa skólastjórnendur minna svigrúm í fagleg störf. Skólastjóri fór áður mjög oft í salinn á skemmtanir hjá nemendum og í kennslustofur til að vera innan um nemendur en það hefur dregið úr því vegna anna við önnur verkefni. Einnig hafa orðið breytingar á samskiptum við foreldra. Foreldrar gera orðið meiri kröfur en áður og vilja skipta sér meira af málum skólans frá því sem áður var. Hér er ekki verið að gagnrýna það heldur að allt tekur þetta tíma og að öllu óbreyttu er minni tími til að sinna öðrum verkefnum. Á þessu vilja stjórnendur skólans vekja athygli.

Í fjárhagsáætlun er samþykki fyrir ráðningu skrifstofustjóra í stað skólaritara. Fram kom hjá stjórnendum skólans að það þyrfti að vera skrifstofustjóri í t.d. 60% starfi og ritari í 100% starfi. Eins og staðan er núna kemst ritari ekki í kaffi eða mat og fær í þess stað greidda yfirvinnutíma. Ætlunin með ráðningu skrifstofustjóra er að hann geti séð um ýmis verkefni sem stjórnendur skólans hafa séð um hingað til og hann og ritari geti leyst hvor annan af, sbr. hér að ofan. Fyrir liggur starfslýsing fyrir skrifstofustjóra og ritara.

Reglulegir skólastjórafundir með skóladeildinni eru aðallega afgreiðslufundir. Lítið er verið að sinna starfsþróun fyrir skólastjórnendur að sögn skólastjórnenda. Fram kom að

stjórnendum skólans finnst að skóladeildin ætti að standa að einhverskonar eflingu á stjórnendahlutverkinu og skólastarfinu.

Að öðru leyti eru góð samskipti við skóladeildina. Stjórnendur skólans eru í miklum samskiptum við deildarstjóra skóladeildar. Stjórnendur fræðslu- og menningarsviðs komu formlega einu sinni í mánuði á fund í skólanum. Það hefur ekki verið eins reglulega og áður var. Fram kom hjá stjórnendum skólans að þeim finnst gott að leita til skólaskrifstofunnar.

Hafa haft heimild til að færa fjárheimildir af launalið yfir á önnur rekstrarútgjöld og launaliði á milli starfsheita ef um er að ræða viðurkennd starfsheiti og þau eru til í launakerfi Garðabæjar.

Þegar fagfólk hefur verið ráðið og ekki hefur verið hægt að raða í launaflokka samkvæmt starfsheiti hefur þurft að ráða viðkomandi sem stuðningsfulltrúa.

Við skólann er fjölbreytilegur hópur nemenda með ýmsar sérþarfir.

Gerðar hafa verið breytingar á því hvernig sálfræðivinna við skólann fer fram. Fyrra fyrirkomulag var þannig að ekki varð langur biðlisti eftir greiningum. Hins vegar vegna þeirra breytinga sem gerðar hafa verið er nú kominn langur biðlisti eftir greiningum. Sálfræðingur er ekki með fasta viðveru eins og áður var.

Þessi stefnubreyting hefur leitt til þess að nú er unnið meira af málefnum skólans á bæjarskrifstofunni og minna í skólanum sjálfum en áður var og því er erfiðara fyrir stjórnendur að fylgjast með gangi mála.

Skólastjóri er með fastan bílastyrk. Matráður fær greitt skv. akstursbók sem sett er í Vinnustund. Jafnframt fær annar heimiliskennarinn greiddan bifreiðastyrk skv. akstursbók og er sett í vinnustund. Aðrir starfsmenn við skólann fá ekki bifreiðastyrki. Bent er á að það sé eðlilegt að aðrir stjórnendur fái greitt skv. akstursdagbók.

Skólastjóri samþykkir reikninga vegna rafmagns og hita en hefur engin gögn til að sannreyna þá reikninga.

### Tafla 129: Fjöldi stöðugilda við Hofsstaðaskóla í maí 2019

| | |
|---|---|
| Stjórnendur | 5,0 |
| Kennarar | 39,2 |
| Þroskaþjálfar | 2,0 |
| Kennsluráðgjafi | 1,0 |
| Náms- og starfsráðgjafi | 1,0 |
| Skólaritari | 1,0 |
| Matráður | 1,0 |
| Stuðningsfulltrúar | 8,1 |
| Skólaliðar/ræsting | 3,0 |
| **Samtals** | **61,3** |

Heimild: Skólastjóri

Tafla 129 sýnir skiptingu stöðugilda í Hofsstaðaskóla í maí 2019. Í töfluna vantar fjölda stöðugilda í tómstund.

### Tafla 130: Fjöldi nemenda í Hofsstaðaskóla 2016 til 2018, launagjöld og annar kostnaður í þúsundum króna

| | | | | Breyting | |
|---|---|---|---|---|---|
| | 2016 | 2017 | 2018 | 2016/2018 | 2017/2018 |
| Fjöldi nemenda | 534 | 556 | **575** | 41 | 19 |
| Útgjöld: | | | | | |
| Laun og launatengd gjöld | 438.380 | 524.784 | 557.418 | 27,2% | 6,2% |
| Vörukaup | 19.308 | 22.666 | 29.007 | 50,2% | 28,0% |
| Þjónustukaup án innri leigu | 45.545 | 59.902 | 60.011 | 31,8% | 0,2% |
| **Samtals** | **503.233** | **607.352** | **646.436** | **28,5%** | **6,4%** |
| Innri leiga | 170.806 | 177.322 | 184.418 | | |
| Tekjur | -2.921 | -9.087 | **-5.416** | | |
| Samtals rekstrarniðurstaða | **671.118** | **775.587** | **825.438** | | |
| Á hvern nemanda: | | | | | |
| Laun | 821 | 944 | 969 | | |
| Annar kostnaður | 121 | 149 | 155 | | |
| **Samtals** | **942** | **1.092** | **1.124** | | |
| Nokkrir útgjaldaliðir: | | | | | |
| Orka | 8.726 | 5.706 | 8.626 | -1% | 51% |
| Hreinlætisvörur | 1.196 | 1.623 | 1.691 | 41% | 4% |
| Vinnufatnaður | 375 | 208 | 254 | -32% | 22% |
| Ræstingar | 2.652 | 3.426 | 6.196 | 134% | 81% |
| Þvottahús og efnalaugar | | | | | |
| Sorphreinsun | 479 | 431 | 450 | -6% | 4% |
| **Samtals** | **13.428** | **11.394** | **17.217** | **28%** | **51%** |
| **Á hvern nemanda:** | | | | | |
| Orka | 16 | 10 | 15 | | |
| Hreinlætisvörur | 2 | 3 | 3 | | |
| Vinnufatnaður | 1 | 0 | 0 | | |
| Ræstingar | 5 | 6 | 11 | | |
| Þvottahús og efnalaugar | 0 | 0 | 0 | | |
| Sorphreinsun | 1 | 1 | 1 | | |
| **Samtals** | **25** | **20** | **30** | | |

Heimild: Garðabær

Tafla 130 sýnir fjölda nemenda frá 2016 til 2018 í Hofsstaðaskóla. Einnig sýnir taflan útgjöld og kostnað á hvern nemanda þessi ár. Útgjöldin eru sýnd á verðlagi hvers árs í þúsundum króna.

Nemendum fer fjölgandi á milli ára. Fjölgaði um 22 á milli áranna 2016 og 2017 og fjölgaði um 19 á milli 2017 og 2018.

Útgjöld án innri leigu aukast nokkuð á milli áranna 2016 og 2017, eða um 104 milljónir krónur. Hlutfallslega var aukningin 21%. Útgjöldin aukast síðan um 6,4% á milli áranna 2017 og 2018. Er þessi hækkun nokkru meiri en vísitala neysluverðs hækkaði á milli áranna.

Vakin er athygli á því að orkukostnaður var að lækka og hækka á milli ára  Hækkar nokkuð mikið á milli áranna 2017 og 2018.  Kostnaður við aðkeypta ræstingu hækkar mikið.  Kostnaðurinn rúmlega tvöfaldast á milli áranna 2016 og 2018.  Var 2,7 milljónir króna árið 2016 en 6,2 milljónir króna árið 2018.

Samtala þeirra útgjaldaliða sem sýnd er neðst í töflu 130 lækkar á milli áranna 2016 og 2017 en hækkar um 51% á milli áranna 2017 og 2018.

## Tafla 131:  Gjöld og tekjur og gjöld og tekjur á hvern nemanda í samanburðarskólum árið 2017 í þúsundum króna

| | Seltjarnarn. G. Seltjarnar-ness | Hafnarfjarðark. Lækjarskóli | Hafnarfjarðark. Öldutúnsskóli | Reykjavíkurb. Háaleitis-skóli | Reykjavíkurb. Hagaskóli | Garðabær Hofsstaða-skóli | Kópavogsb. Kársnes-skóli | Kópavogsb. Salaskóli | Árborg Valla-skóli | Kópavogsb. Vatnsenda-skóli | Reykjavíkurb. Norðlinga-skóli |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| Fjöldi nemenda | 524 | 525 | 532 | 543 | 548 | 556 | 571 | 571 | 575 | 591 | 594 |
| Laun og launatengd gjöld | 667.018 | 683.033 | 561.834 | 669.881 | 525.047 | 524.083 | 641.007 | 663.542 | 639.984 | 583.407 | 656.831 |
| Annar rekstrarkostnaður | 196.510 | 124.817 | 89.076 | 103.450 | 94.313 | 92.472 | 84.555 | 91.325 | 152.483 | 104.489 | 99.008 |
| **Rekstrarkostnaður samtals** | **863.528** | **807.851** | **650.909** | **773.331** | **619.360** | **616.555** | **725.562** | **754.867** | **792.468** | **687.896** | **755.839** |
| Tekjur | 52.341 | 57.955 | 4.485 | 43.800 | 51.673 | 9.087 | 64.433 | 67.979 | 49.988 | 54.686 | 49.729 |
| | | | | | | | | | | | |
| **Útgjöld á hvern nemanda:** | | | | | | | | | | | |
| Laun og launatengd gjöld | 1.273 | 1.301 | 1.056 | 1.234 | 958 | 943 | 1.123 | 1.162 | 1.113 | 987 | 1.106 |
| Annar rekstrarkostnaður | 375 | 238 | 167 | 191 | 172 | 166 | 148 | 160 | 265 | 177 | 167 |
| **Rekstrarkostnaður samtals** | **1.648** | **1.539** | **1.224** | **1.424** | **1.130** | **1.109** | **1.271** | **1.322** | **1.378** | **1.164** | **1.272** |

Heimild:  Samband íslenskra sveitarfélaga

Tafla 131 sýnir samanburð á rekstrarkostnaði samtals og á hvern nemanda í 11 samanburðarskólum árið 2017.  Fimm stærri en Hofsstaðaskóli og fimm minni hvað nemendafjölda varðar.  Innri leiga hefur verið dregin frá.  Reynslan sýnir að það er mjög mismunandi hvernig sveitarfélög reikna innri leigu, sem hefur leitt til þess að ekki fæst rétt mynd af samanburðinum ef innri leiga er tekin með.  Þess vegna er hún ekki reiknuð með hér.  Gerður er fyrirvari um þennan samanburð því skólahald getur verið mismunandi í þessum skólum sem getur leitt til mismunar í útgjöldum.  Engu að síður gefur samanburðurinn  ákveðna vísbendingu.

Eins og taflan sýnir voru launagjöld á hvern nemanda lægst hjá Hofsstaðaskóla í þessum samanburði.  Tveir skólar af þessum skólum voru með önnur rekstrargjöld á hvern nemanda lægri en Hofsstaðaskóli.

Þegar gjöldin eru tekin saman á hvern nemanda voru þau lægst hjá Hofsstaðaskóla.

## Tafla 132:  Fjöldi stöðugilda í samanburðarskólum 2017

| | Seltjarnarn. G. Seltjarnar-ness | Hafnarfjarðark. Lækjarskóli | Hafnarfjarðark. Öldutúnsskóli | Reykjavíkurb. Háaleitis-skóli | Reykjavíkurb. Hagaskóli | Garðabær Hofsstaða-skóli | Kópavogsb. Kársnes-skóli | Kópavogsb. Salaskóli | Árborg Valla-skóli | Kópavogsb. Vatnsenda-skóli | Reykjavíkurb. Norðlinga-skóli |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| Fjöldi nemenda | 524 | 525 | 532 | 543 | 548 | 556 | 571 | 571 | 575 | 591 | 594 |
| Stjórnendur | 6,9 | 8,5 | 7,0 | 6,5 | 4,0 | 5,5 | 3,0 | 5,2 | 5,0 | 5,1 | 4,0 |
| Sérkennarar | 3,4 | 12,7 | 10,0 | 0,5 | 2,7 | 3,0 | 5,8 | 10,1 | 5,7 | 6,6 | 4,9 |
| Kennarar | 43,5 | 40,6 | 41,3 | 47,4 | 28,7 | 34,2 | 41,4 | 39,5 | 45,2 | 41,4 | 46,4 |
| **Stg. alls við kennslu** | **53,8** | **61,8** | **58,3** | **54,4** | **35,4** | **42,7** | **50,2** | **54,8** | **55,9** | **53,1** | **55,3** |
| Aðrir starfsmenn | 30,9 | 20,0 | 14,5 | 28,0 | 21,0 | 27,0 | 21,5 | 9,4 | 29,0 | 17,2 | 33,8 |
| **Samtals stöðugildi** | **84,7** | **81,8** | **72,8** | **82,4** | **56,4** | **69,7** | **71,7** | **64,2** | **84,9** | **70,3** | **89,1** |

Heimild:  Samband íslenskra sveitarfélaga

Tafla 132 sýnir  stöðugildi í samanburðarskólum árið 2017.  Um er að ræða skóla með 524 nemendur upp í 594.

Tveir skólar voru með færri stöðugildi samtals en Hofsstaðaskóli í þessum samanburði.

## Tafla 133: Fjöldi nemenda á hvert stöðugildi í samanburðarskólum árið 2017

| | Seltjarnarn. G. Seltjarnar-ness | Hafnarfjarðark. Lækjarskóli | Hafnarfjarðark. Öldutúnsskóli | Reykjavíkurb. Háaleitis-skóli | Reykjavíkurb. Hagaskóli | Garðabær Hofsstaða-skóli | Kópavogsb. Kársnes-skóli | Kópavogsb. Salaskóli | Árborg Valla-skóli | Kópavogsb. Vatnsenda-skóli | Reykjavíkurb. Norðlinga-skóli |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| Fjöldi nemenda | 524 | 525 | 532 | 543 | 548 | 556 | 571 | 571 | 575 | 591 | 594 |
| Stg. alls við kennslu | 9,7 | 8,5 | 9,1 | 10,0 | 15,5 | 13,0 | 11,4 | 10,4 | 10,3 | 11,1 | 10,7 |
| Stg. við kennslu án stjórnenda | 11,2 | 9,8 | 10,4 | 11,3 | 17,5 | 14,9 | 12,1 | 11,5 | 11,3 | 12,3 | 11,6 |
| Aðrir starfsmenn | 17,0 | 26,3 | 36,7 | 19,4 | 26,1 | 20,6 | 26,6 | 60,7 | 19,8 | 34,4 | 17,6 |
| **Stöðugildi samtals** | **6,2** | **6,4** | **7,3** | **6,6** | **9,7** | **8,0** | **8,0** | **8,9** | **6,8** | **8,4** | **6,7** |

Heimild: Samband íslenskra sveitarfélaga

Tafla 133 sýnir nemendafjölda á hvert stöðugildi í samanburðarskólunum 11 árið 2017. Eins og taflan sýnir voru þrír skólar með fleiri nemendur á hvert stöðugildi samtals en Hofsstaðaskóli í þessum samanburði.

## Tafla 134: Fjöldi nemenda og stöðugildi við Hofsstaðaskóla árin 2002 til 2017

| Ár | Fjöldi nemenda | Kennarar / leiðbeinendur | Aðrir starfsmenn | Samtals |
|---|---|---|---|---|
| 2002 | 382 | 36,1 | 24,0 | 60,1 |
| 2003 | 373 | 37,8 | 22,6 | 60,4 |
| 2004 | 343 | 34,1 | 18,1 | 52,2 |
| 2005 | 394 | 30,9 | 14,3 | 45,2 |
| 2006 | 383 | 38,4 | 18,6 | 56,9 |
| 2007 | 391 | 39,8 | 14,8 | 54,5 |
| 2008 | 390 | 39,9 | 11,5 | 51,4 |
| 2009 | 405 | 36,2 | 17,9 | 54,1 |
| **2010** | **423** | **34,9** | **14,6** | **49,5** |
| 2011 | 438 | 37,4 | 15,1 | 52,5 |
| 2012 | 447 | 37,8 | 12,2 | 49,9 |
| 2013 | 458 | 37,0 | 20,4 | 57,4 |
| 2014 | 454 | 40,3 | 19,5 | 59,8 |
| 2015 | 491 | 41,5 | 15,8 | 57,3 |
| 2016 | 534 | 42,9 | 19,6 | 62,5 |
| 2017 | 556 | 42,7 | 27,0 | 69,7 |
| **Breyting 2010/2017** | **133** | **7,8** | **12,4** | **20,2** |

Heimild: Samband íslenskra sveitarfélaga

Tafla 134 sýnir fjölda nemenda og stöðugilda kennara og annarra starfsmanna við Hofsstaðaskóla á árunum 2002 til 2017.

Eins og taflan sýnir var nemendum ýmist að fjölga eða fækka á milli ára framan af tímabilinu. Frá árinu 2009 fjölgar nemendum á milli ára. Á tímabilinu 2010 til 2017 fjölgaði nemendum um 133. Á sama tíma fjölgaði stöðugildum kennara um 7,8 og stöðugildum annarra starfsmanna fjölgaði um 12,4. Þannig fjölgaði stöðugildum samtals við Hofsstaðaskóla á milli áranna 2010 og 2017 um 20,2 stöðugildi og nemendum um 133.

### Tafla 135: Fjöldi nemenda á hvert stöðugildi við Hofsstaðaskóla árin 2002 til 2017

| Ár | Fjöldi nemenda | Kennarar / leiðbeinendur | Aðrir starfsmenn | Samtals |
|---|---|---|---|---|
| 2002 | 382 | 10,6 | 15,9 | 6,4 |
| 2003 | 373 | 9,9 | 16,5 | 6,2 |
| 2004 | 343 | 10,1 | 19,0 | 6,6 |
| 2005 | 394 | 12,7 | 27,6 | 8,7 |
| 2006 | 383 | 10,0 | 20,6 | 6,7 |
| 2007 | 391 | 9,8 | 26,5 | 7,2 |
| 2008 | 390 | 9,8 | 33,9 | 7,6 |
| 2009 | 405 | 11,2 | 22,7 | 7,5 |
| **2010** | **423** | **12,1** | **29,0** | **8,5** |
| 2011 | 438 | 11,7 | 29,0 | 8,3 |
| 2012 | 447 | 11,8 | 36,8 | 9,0 |
| 2013 | 458 | 12,4 | 22,5 | 8,0 |
| 2014 | 454 | 11,3 | 23,3 | 7,6 |
| 2015 | 491 | 11,8 | 31,1 | 8,6 |
| 2016 | 534 | 12,5 | 27,2 | 8,5 |
| **2017** | **556** | **13,0** | **20,6** | **8,0** |
| **Breyting 2010/2017** | **133** | **0,9** | **-8,4** | **-0,6** |

Heimild: Samband íslenskra sveitarfélaga

Tafla 135 sýnir fjölda nemenda á hvert stöðugildi í Hofsstaðaskóla frá árinu 2002 til 2017. Eins og taflan sýnir hefur nemendum á hvert stöðugildi kennara verið ýmist að fjölga eða fækka á milli ára. Á milli áranna 2010 og 2017 fjölgaði nemendum á hvert stöðugildi kennara um 0,9. Fjöldi nemenda á hvert stöðugildi kennara var 12,1 árið 2010 samanborið við 13,0 árið 2017.

Nemendum á hvert stöðugildi annarra starfsmanna fækkaði um 8,4 á þessu tímabili. Þannig voru 29 nemendur á hvert stöðugildi árið 2010 en 20,6 árið 2017.

Þegar fjöldi nemenda á stöðugildi samtals er skoðaður voru 8,5 nemandi á hvert stöðugildi við skólann árið 2010 samanborið við 8,0 árið 2017, eða fækkun um 0,6 nemendur.

Hefði fjöldi nemenda við skólann á hvert stöðugildi verði 8,5 eins og fjöldinn var árið 2010 árið 2017 hefðu stöðugildi samtals við skólann verið 65,1 en ekki 69,7 eins og þau voru, eða 4,6 stöðugildum færri en þau voru.

### Tafla 136: Greining á launum í Hofsstaðaskóla árin 2017 og 2018

| | 2017 | | 2018 | | Hlutfall af mánaðarlaunum | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| | | | | | 2017 | | 2018 | |
| | Kennarar og stjórnendur | Aðrir starfsmenn | Kennarar og stjórnendur | Aðrir starfsmenn | Kennarar og stjórnendur | Aðrir starfsmenn | Kennarar og stjórnendur | Aðrir starfsmenn |
| Mánaðarlaun | 298.272.578 | 59.191.138 | 323.293.417 | 63.696.157 | | | | |
| Yfirvinna | 14.393.778 | 3.217.399 | 14.656.321 | 2.246.930 | 12,0% | 6,1% | 11,2% | 4,0% |
| Forfallakennsla | 7.991.865 | | 7.065.708 | | | | | |
| Kennsluyfirvinna grunnskóla | 9.984.350 | | 10.823.004 | | | | | |
| Orlof yfirvinna | 3.509.014 | 395.860 | 3.583.330 | 277.234 | | | | |
| Eingreiðsla | 7.826.358 | | 6.041.715 | | | | | |
| Desemberuppbót | | 1.553.821 | | 1.780.006 | | | | |
| Annaruppbót | 7.491.859 | | 8.081.949 | | | | | |
| Orlofsuppbót | | 637.760 | | 724.141 | | | | |
| Önnur laun | | | | | | | | |
| Launatengd gjöld | 88.807.721 | 15.138.965 | 94.316.021 | 16.117.901 | | | | |
| Orlof dagvinna | 531.324 | 54.909 | 504.174 | 40.056 | | | | |
| **Samtals** | **438.808.847** | **80.189.852** | **468.365.639** | **84.882.425** | | | | |

Heimild: Garðabær

Tafla 136 sýnir greiningu á launum í Hofsstaðaskóla árin 2017 og 2018.

Yfirvinna, forfallakennsla, kennsluyfirvinna og orlof á yfirvinnu hjá kennurum var 12% sem hlutfall af mánaðarlaunum árið 2017 en 11,2% árið 2018, þar af var kennsluyfirvinna 3,3% stig eða samtals 10,8 milljónir króna auk orlofs árið 2018. Hjá öðrum starfsmönnum var yfirvinna og orlof á yfirvinnu sem hlutfall af mánaðarlaunum 4% árið 2018 samanborið við 6,1% árið 2017.

### Tafla 137: Skipting nemenda við Hofsstaðaskóla skólaárið 2018/2019 í bekkjardeildir

| | Bekkjardeildir | | | | Samtals | Meðaltal |
|---|---|---|---|---|---|---|
| 1. bekkur | 23 | 24 | 25 | | 72 | |
| 2. bekkur | 22 | 20 | 22 | 21 | 85 | |
| 3. bekkur | 20 | 19 | 20 | 19 | 78 | |
| 4. bekkur | 22 | 24 | 22 | 23 | 91 | |
| 5. bekkur | 24 | 22 | 23 | 21 | 90 | |
| 6. bekkur | 24 | 25 | 24 | 23 | 96 | |
| 7. bekkur | 20 | 20 | 23 | | 63 | |
| **Samtals og meðaltal** | | | | | **575** | **21,3** |

Heimild: Skólastjóri

Tafla 137 sýnir fjölda nemenda í bekkjardeildum í Hofsstaðaskóla skólaárið 2018/2019. Nemendur í hverri bekkjardeild voru um og yfir 20 nemendur. Í tveimur bekkjardeildum voru nemendur 19 en að öðru leyti 20 og fleiri.

## URRIÐAHOLTSSKÓLI

Urriðaholtsskóli tók til starfa í apríl 2018 þegar fyrstu leikskólabörnin mættu til starfa á tveimur leikskóladeildum (heimasvæðum). Haustið 2018 voru fjórar leikskóladeildir teknar í notkun og húsnæði tveggja deilda nýtt fyrir grunnskólanemendur í fyrsta til

fjórða bekk grunnskóla. Gert er ráð fyrir heildstæðum skóla og leikskóla. Skólastjóri er jafnframt yfirmaður leikskólastigsins í skólanum.

Skólastjóri horfir á starfsemi skólans sem eitt skólasamfélag. Skiptir skólanum í fjögur stig, leikskólastig, yngsta stig, miðstig og unglingastig. Gert er ráð fyrir að eftir að hverju stigi lýkur verði útskrift. Síðan verði fullnaðar útskrift að loknu grunnskólanámi.

Skólastarf Urriðaholtsskóla mun byggja á samkennslu árganga á öllum skólastigum. Það er gert til að auka félagaval nemenda og styðja við að hverjum sé mætt þar sem hann er staddur. Skólastjóri nefnir að í einum bekk þar sem allir eru jafngamlir séu frávik barna mjög sýnileg. Ef hins vegar t.d. þrír til fjórir ágangar eru saman býður það upp á meiri fjölbreytileika og þá breytast frávik yfir í fjölbreytileika. Nemendur blandast betur saman.

Að mati skólastjóra er mikil eineltis forvörn með þessu fyrirkomulagi. Þau eldri læra að hlusta og að mæta þeim yngri o.s.frv. Jafnframt geta nemendur átt vini þvert á árganga óháð aldri. Jafnvel er verið að kenna nemendum úr þremur til fjórum árgöngum saman.

Þetta fyrirkomulag styður við þá kennsluhætti sem verið er að innleiða á grunnskólastigi, þ.e. bein kennsla og fimiþjálfun. Byrjuðu með þetta í íslensku og lestrarnámi s.l. haust (haust 2018) og síðan var stærðfræði bætt við um áramót. Staða barns er metin í upphafi og raðað í hópa eftir færni hvers og eins, endurskoðað/metið eftir þörfum og þá stokkað upp í hópum.

Leikskóladeildir eru fjórar við skólann þetta skólaár en frá næsta hausti (2019) verða þær sex með um 120 nemendur. Þar af eru 60 börn fædd 2017 og 2018. Verið er að byrja á því að láta nemendur á fimm ára deild blandast með nemendum á sex ára deild o.s.frv. 72 nemendur eru á leikskólaaldri við skólann og 25 nemendur á grunnskólaaldri (maí 2019). Gert er ráð fyrir að grunnskólanemendur verði um 50-60 í haust (2019) en mikil hreyfing er í hverfinu og því erfitt að kortleggja nákvæman fjölda grunnskólanemenda.

Kennsla byrjar kl. 8:20. Skólahúsið opnar kl. 7:30. Kl. 7:30 mæta tveir starfsmenn. Síðan kl. 7:45 eru komnir fjórir starfsmenn. Þeir sem opna vinna sína 8 tíma en fá greitt álag fyrir tímann fyrir kl. 8:00. Skólinn er opinn til kl. 17:00.

Húsumsjónarmaður hefur ekki hafið störf við skólann.

Hefur ekki gengið að fá loftræstikerfi í skólanum stillt þrátt fyrir að ítrekað sé búið að óska eftir að kerfið sé stillt. Ýmis verkefni húsumsjónarmanns þetta skólaárið hefur skólastjóri haldið utan um í samstarfi við eftirlitsmann framkvæmda á húsnæðinu.

Sýn skólastjórans er að skólinn sé einn skóli og að flæði starfsfólks sé á milli skólastiga. Stjórnendateymi skólans samanstendur af skólastjóra, aðstoðarskólastjóra og sérkennslustjóra (er ráðin sem verkefnastjóri á grunnskólastigi og tekur laun sem slíkur). Mikilvægt er að við mótun nýs skólasamfélags fái skólastjóri svigrúm til að fara nýjar leiðir enda lítil hefð fyrir því að skólastig leik- og grunnskóla séu eitt skólasamfélag. Sérkennslustjóri er t.d. grunnskólakennari með meistaranám í sálfræði með áherslu á atferlismótun. Hann er með mikla reynslu sem nýtist á öllum skólastigum og búinn að bæta við sig fræðslu er varðar leikskólastig ásamt því að hafa reynslu af kennslu á leik- og grunnskólastigi. Það að vera með sérkennslustjóra (sem er í raun náms- og hegðunarráðgjafi) sem getur haft yfirsýn frá því að barn hefur skólagöngu eins árs og þar til að það útskrifast er mjög dýrmætt fyrir bæði barnið og samfélagið í heild og gerir skólanum kleift að vera með snemmtæka íhlutun. Það þarf því að gera skólanum kleift

að láta fagfólk flæða á milli stiga án þess að kjarasamningar eða rammar sveitarfélagsins standi þar í vegi. Skólastjórinn leggur áherslu á að hafa yfirsýn yfir allt skólasamfélagið og að stjórnendateymi tilheyri bæði leik- og grunnskólastigi.

Stefna skólastjóra er að fara aðrar leiðir en hina hefðbundnu bekkjarkennsluleið eins og tíðkast í stórum skólum. Mikilvægt að fá svigrúm til að fara óhefðbundnar leiðir og þá að stilla fagfólki upp til samræmis við áherslu skóla án aðgreiningar þannig að öllum nemendum sé mætt þar sem þeir eru staddir. Þannig þarf að vera svigrúm fyrir annað fagfólk með kennurum á skólatíma og á þetta við um bæði leik- og grunnskólastig.

Nemendur sækja skólasund við sundlaugina á Álftanesi og í vetur (2018/2019) var kennt tvisvar í viku frá október og fram að páskum (hlé í desember). Grunnskólabörn hefja alla skóladaga á útihreyfikennslu undir leiðsögn kennara í 20 mínútur, í desember og janúar hófu þau daginn á jógakennslu inni. Næsta vetur má gera ráð fyrir ákveðinni íþróttakennslu á einu heimasvæði grunnskólans.

Framkvæmdir á næsta áfanga hafa verið í góðum farvegi og var hann afhentur fyrir byrjun skólastarfs haustið 2019. Þar er rými fyrir um 240 nemendur, bráðabirgðaaðstaða fyrir list- og verkgreinar, útibú frá Bókasafni Garðabæjar sem og útibú frá Tónlistarskóla Garðabæjar. Ekki er búið að ganga endanlega frá hvenær þessar stofnanir hefja starfsemi formlega í skólahúsnæðinu. Í þessum áfanga er einnig rými fyrir stoðþjónustu og stjórnendur ásamt góðri vinnuaðstöðu starfsfólks. Gert er ráð fyrir að nýta eitt heimasvæði fyrir almenna bekkjarkennslu, list- og verkgreinasvæði og nýta eitt heimasvæði fyrir íþróttir (hreyfingu, jóga og annað sem rúmast innan þess rýmis).

### Tafla 138: Fjöldi stöðugilda við Urriðaholtsskóla í maí 2019

| | Grunnskólastig/sameiginlegt | Leikskólastig | Samtals |
|---|---|---|---|
| Stjórnendur | 3,0 | 3,8 | 6,8 |
| Kennarar | 3,9 | 2,0 | 5,9 |
| Háskolamenntaðir leiðbeinendur | | 8,1 | 8,1 |
| Leiðbeinendur | | 6,6 | 6,6 |
| Þroskaþjálfar | | 0,5 | 0,5 |
| Skólaritari | 1,0 | | 1,0 |
| **Samtals** | **7,9** | **21,0** | **28,9** |
| Tómstund | 1,5 | | 1,5 |
| **Samtals** | **9,2** | 21,0 | 30,2 |

Heimild: Skólastjóri

Tafla 138 sýnir skiptingu stöðugilda í Urriðaholtsskóla í maí 2019.

### Tafla 139: Skipting nemenda við Urriðaholtsskóla skólaárið 2018/2019 eftir árgöngum

| | Leikskólastig | | | | | | Grunnskólastig | | | | | **Skólinn** |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| Árgangar | 2017 | 2016 | 2015 | 2014 | 2013 | **Samtals** | 2012 | 2011 | 2010 | 2009 | **Samtals** | **Samtals** |
| Fjöldi | 24 | 13 | 16 | 10 | 9 | **72** | 10 | 5 | 9 | 1 | 25 | **97** |

Heimild: Skólastjóri

Tafla 139 sýnir fjölda nemenda skipt eftir árgöngum annars vegar leikskólastig og hins vegar grunnskólastig í Urriðaholtsskóla skólaárið 2018/2019.

Tafla 140: Greining á launum starfsmanna við Urriðaholtsskóla árið 2018

| | 2018 | | Hlutfall af mánaðarlaunum 2018 | |
|---|---|---|---|---|
| | Kennarar og stjórnendur | Aðrir starfsmenn | Kennarar og stjórnendur | Aðrir starfsmenn |
| Mánaðarlaun | 32.366.285 | 4.887.022 | | |
| Yfirvinna | 3.630.105 | 351.221 | 14% | 8% |
| Forfallakennsla | 97.196 | | | |
| Kennsluyfirvinna grunnskóla | 375.475 | | | |
| Orlof yfirvinna | 545.853 | 38.516 | | |
| Eingreiðsla | | | | |
| Desemberuppbót | | 98.175 | | |
| Annaruppbót | 730.193 | | | |
| Orlofsuppbót | | | | |
| Önnur laun | | | | |
| Launatengd gjöld | 9.145.090 | 1.307.930 | | |
| Orlof dagvinna | | | | |
| **Samtals** | **46.890.197** | **6.682.864** | | |

Heimild: Garðabær

Tafla 140 sýnir greiningu launa hjá Urriðaholtsskóla árið 2018.

Yfirvinna, forfallakennsla, kennsluyfirvinna og orlof á yfirvinnu hjá kennurum var samtals 14% sem hlutfall af mánaðarlaunum, þar af var yfirvinna 11,2% stig eða samtals 3,6 milljónir króna auk orlofs.

Yfirvinna og orlof hjá öðrum starfsmönnum sem hlutfall af mánaðarlaunum var 8%.

## GRUNNSKÓLAR, SAMANTEKIÐ

Í þessu kafla eru samandregnar helstu niðurstöður varðandi rekstur grunnskóla í Garðabæ.

Tafla 141: Rekstrargjöld og gjöld á hvert stöðugildi í þúsundum króna hjá grunnskólum Garðabæjar árið 2017

| | Sjálands-skóli | Álftanes-skóli | Flataskóli | Garðaskóli | Hofsstaða-skóli | Samtals |
|---|---|---|---|---|---|---|
| Fjöldi nemenda | 279 | 410 | 499 | 523 | 556 | **2.267** |
| Laun og launatengd gjöld | 387.499 | 517.310 | 503.183 | 516.520 | 524.083 | **2.448.594** |
| Annar rekstrarkostnaður | 60.455 | 71.305 | 76.473 | 88.705 | 92.472 | **389.410** |
| **Rekstrarkostnaður samtals** | **447.954** | **588.615** | **579.656** | **605.225** | **616.555** | **2.838.005** |
| Tekjur | 23.289 | 9.781 | 6.395 | 12.780 | 9.087 | **61.332** |
| **Útgjöld á hvern nemanda:** | | | | | | |
| Laun og launatengd gjöld | 1.389 | 1.262 | 1.008 | 988 | 943 | **1.080** |
| Annar rekstrarkostnaður | 217 | 174 | 153 | 170 | 166 | **172** |
| **Rekstrarkostnaður samtals** | 1.606 | 1.436 | 1.162 | 1.157 | 1.109 | **1.252** |

Heimild: Samband íslenskra sveitarfélaga

Tafla 141 sýnir samanburð á rekstrargjöldum og gjöldum á hvert stöðugildi í þúsundum króna hjá grunnskólum Garðabæjar árið 2017.

Launagjöld á hvern nemanda voru lægst hjá Hofsstaðaskóla, eða 943 þúsund krónur á hvern nemanda. Til samanburðar voru þau 1.389 þúsund króna hjá Sjálandsskóla. Mismunurinn nemur 446 þúsund krónur á hvern nemanda. Hér ber að hafa í huga að mikill munur er á fjölda nemenda í þessum skólum. Annar þeirra er heildstæður skóli, þ.e. Sjálandsskóli en hinn er með nemendur í fyrsta til sjöunda bekk. Einnig getur skipt hér máli þjónustuþörf nemenda. Meðallaunakostnaður á hvern nemanda í grunnskólum Garðabæjar var 1.080 þúsund krónur árið 2017.

Annar rekstrarkostnaður á hvern nemanda var lægstur hjá Flataskóla, eða 153 þúsund krónur á hvern nemanda. Hæstur var kostnaðurinn hjá Sjálandsskóla, eða 217 þúsund krónur. Að meðaltali var þessi kostnaður hjá grunnskólum Garðabæjar 172 þúsund krónur á hvern nemanda árið 2017.

Rekstrarkostnaður samtals án innri leigu var lægstur á hvern nemanda hjá Hofsstaðaskóla, eða 1.109 þúsund krónur. Til samanburðar var hann hæstur hjá Sjálandsskóla, eða 1.606 þúsund krónur á hvern nemanda. Meðaltalið fyrir grunnskóla Garðabæjar var 1.252 þúsund krónur á hvern nemanda.

Eins og komið hefur fram hér að framan er notast við úthlutunarlíkan við gerð fjárhagsáætlunar vegna grunnskóla Garðabæjar. Notast hefur verið við sama líkanið fyrir alla skólana. Reynslan hefur verið að fjölmennari skólarnir hafa skilað afgangi þegar rauntölur hafa verið bornar saman við fjárhagsáætlun. Því hefur oft verið öfugt farið hjá fámennari skólunum í Garðabæ. Eins og komið hefur fram hér að framan við samanburð á rekstrarkostnaði grunnskóla er reynslan að rekstrarkostnaður á hvern nemanda er hærri í fámennari skólum en hjá fjölmennari skólum.

Með hliðsjón af því er spurt hvort rétt sé að styðjast við sama úthlutunarmódel fyrir alla grunnskólana í Garðabæ?

Tafla 142: Fjöldi stöðugilda og fjöldi nemenda á hvert stöðugildi hjá grunnskólum í Garðabæ árið 2017

| | Sjálands-skóli | Álftanes-skóli | Flataskóli | Garðaskóli | Hofsstaða-skóli | **Samtals** |
|---|---|---|---|---|---|---|
| Fjöldi nemenda | 279 | 410 | 499 | 523 | 556 | **2.267** |
| Stjórnendur | 4,0 | 7,1 | 6,9 | 6,0 | 5,5 | **30** |
| Sérkennarar | 2,0 | 3,6 | 2,5 | 1,0 | 3,0 | **12** |
| Kennarar | 22,4 | 31,5 | 35,1 | 35,8 | 34,2 | **159** |
| **Stg. alls við kennslu** | **28,4** | **42,2** | **44,5** | **42,8** | **42,7** | **201** |
| Aðrir starfsmenn | 24,9 | 17,7 | 22,0 | 16,0 | 27,0 | **108** |
| **Samtals stöðugildi** | **53,3** | **59,9** | **66,5** | **58,8** | **69,7** | **308** |
| | | | | | | |
| Fjöldi nemenda á hvert stöðugildi: | | | | | | |
| Stg. alls við kennslu | 9,8 | 9,7 | 11,2 | 12,2 | 13,0 | **11,3** |
| Stg. við kennslu án stjórnenda | 11,4 | 11,7 | 13,3 | 14,2 | 14,9 | **13,2** |
| Aðrir starfsmenn | 11,2 | 23,2 | 22,7 | 32,7 | 20,6 | **21,1** |
| Stöðugildi samtals | **5,2** | **6,8** | **7,5** | **8,9** | **8,0** | **7,4** |

Heimild: Samband íslenskra sveitarfélaga

Tafla 142 sýnir fjölda stöðugilda og fjölda nemenda á hvert stöðugildi hjá grunnskólum Garðabæjar árið 2017.

Þegar fjöldi nemenda á hvert stöðugildi samtals er skoðaður í skólunum kemur Garðaskóli best út hvað varðar fjölda nemenda á hvert stöðugildi, eða með 8,9 nemendur. Samanborið við 5,2 nemendur í Sjálandsskóla og 6,8 nemendur við Álftanesskóla.

Tafla 143: Samanburður á nokkrum útgjaldaliðum hjá grunnskólum Garðabæjar í þúsundum króna og á hvern nemanda

| | Sjálands-skóli | Álftanes-skóli | Flataskóli | Garðaskóli | Hofsstaða-skóli | **Samtals** |
|---|---|---|---|---|---|---|
| Fjöldi nemenda | **283** | **401** | **485** | **530** | **575** | **2.274** |
| Orka | 10.957 | 6.392 | 5.439 | 7.586 | 8.626 | **39.000** |
| Hreinlætisvörur | 1.124 | 1.018 | 1.461 | 1.590 | 1.691 | **6.884** |
| Vinnufatnaður | 31 | 383 | 163 | 354 | 254 | **1.185** |
| Ræstingar | | 319 | 2.452 | | 6.196 | **8.967** |
| Þvottahús og efnalaugar | | 366 | | | | **366** |
| Sorphreinsun | 526 | 889 | 921 | 1.128 | 450 | **3.914** |
| **Samtals** | **12.638** | **9.367** | **10.436** | **10.658** | **17.217** | **60.316** |
| Á hvern nemanda: | | | | | | |
| Orka | 38,7 | 15,9 | 11,2 | 14,3 | 15,0 | **17,2** |
| Hreinlætisvörur | 4,0 | 2,5 | 3,0 | 3,0 | 2,9 | **3,0** |
| Vinnufatnaður | 0,1 | 1,0 | 0,3 | 0,7 | 0,4 | **0,5** |
| Ræstingar | | 0,8 | 5,1 | | 10,8 | **3,9** |
| Þvottahús og efnalaugar | | 0,9 | | | | **0,2** |
| Sorphreinsun | 1,9 | 2,2 | 1,9 | 2,1 | 0,8 | **1,7** |
| **Samtals** | **44,7** | **23,4** | **21,5** | **20,1** | **29,9** | **26,5** |

Heimild: Garðabær

Tafla 143 sýnir samanburð á nokkrum rekstrarútgjaldaliðum hjá grunnskólum Garðabæjar.

Rétt er að benda á að þrír skólar eru farnir að fá verktaka til að ræsta hluta af skólahúsnæðinu og virðist það a.m.k. í sumum tilfella vera að aukast sbr. hér að framan. Ef það er ætlun bæjarfélagsins að fara með ræstingar í verktöku hjá grunnskólunum er mikilvægt að mótuð verð stefna um hvernig það verði gert. Skoða þarf hvort ekki komi til greina, ef farið er með ræstingu í verktöku, að fækka stöðugildum á móti í viðkomandi skóla.

Tafla 144: Fjöldi nemenda og stöðugildi samtals við grunnskóla Garðabæjar árin 2002 til 2017

| Ár | Fjöldi nemenda | Kennarar / leiðbeinendur | Aðrir starfsmenn | **Samtals** |
|---|---|---|---|---|
| 2002 | 1.774 | 170,6 | 90,5 | **261,1** |
| 2003 | 1.825 | 175,9 | 92,3 | **268,2** |
| 2004 | 1.771 | 169,7 | 79,6 | **249,3** |
| 2005 | 1.778 | 189,0 | 87,5 | **276,5** |
| 2006 | 1.701 | 189,3 | 94,6 | **283,9** |
| 2007 | 1.764 | 185,6 | 80,7 | **266,3** |
| 2008 | 1.807 | 185,3 | 74,9 | **260,2** |
| 2009 | 1.834 | 173,7 | 85,3 | **259,0** |
| **2010** | **1.804** | **159,5** | **77,6** | **237,1** |
| 2011 | 1.779 | 166,6 | 71,3 | **237,9** |
| 2012 | 1.761 | 166,9 | 60,7 | **227,6** |
| 2013 | 1.838 | 164,2 | 81,5 | **245,8** |
| 2014 | 1.942 | 184,1 | 83,9 | **268,1** |
| 2015 | 2.094 | 182,9 | 86,4 | **269,2** |
| 2016 | 2.244 | 198,0 | 99,7 | **297,8** |
| **2017** | **2.267** | **200,5** | **107,6** | **308,1** |
| Breyting 2010/2017 | 463 | 41,0 | 30,0 | **71,0** |

Heimild: Samband íslenskra sveitarfélaga

Tafla 144 sýnir fjölda nemenda og stöðugilda kennara og annarra starfsmanna samtals við grunnskóla Garðabæjar á árunum 2002 til 2017.

Eins og taflan sýnir var nemendum ýmist að fjölga eða fækka á milli ára framan af tímabilinu og alveg fram til ársins 2012. Frá árinu 2012 hefur nemendum verið að fjölga á milli ára. Á tímabilinu 2010 til 2017 fjölgaði nemendum um 463. Á sama tíma fjölgaði stöðugildum kennara um 41,0 og stöðugildum annarra starfsmanna fjölgaði um 30,0. Þannig fjölgaði samtals við grunnskóla Garðabæjar á milli áranna 2010 og 2017 um 71 stöðugildi og nemendum um 463.

Tafla 145: Fjöldi nemenda á hvert stöðugildi samtals við grunnskóla Garðabæjar árin 2002 til 2017

| Ár | Fjöldi nemenda | Kennarar / leiðbeinendur | Aðrir starfsmenn | **Samtals** |
|---|---|---|---|---|
| 2002 | 1.774 | 10,4 | 19,6 | **6,8** |
| 2003 | 1.825 | 10,4 | 19,8 | **6,8** |
| 2004 | 1.771 | 10,4 | 22,3 | **7,1** |
| 2005 | 1.778 | 9,4 | 20,3 | **6,4** |
| 2006 | 1.701 | 9,0 | 18,0 | **6,0** |
| 2007 | 1.764 | 9,5 | 21,9 | **6,6** |
| 2008 | 1.807 | 9,8 | 24,1 | **6,9** |
| 2009 | 1.834 | 10,6 | 21,5 | **7,1** |
| **2010** | **1.804** | **11,3** | **23,3** | **7,6** |
| 2011 | 1.779 | 10,7 | 25,0 | **7,5** |
| 2012 | 1.761 | 10,6 | 29,0 | **7,7** |
| 2013 | 1.838 | 11,3 | 22,5 | **7,5** |
| 2014 | 1.942 | 10,5 | 23,1 | **7,2** |
| 2015 | 2.094 | 11,4 | 24,2 | **7,8** |
| 2016 | 2.244 | 11,3 | 22,5 | **7,5** |
| **2017** | **2.267** | **11,3** | **21,1** | **7,4** |
| Breyting 2010/2017 | 463 | 0,0 | -2,2 | **-0,2** |

Heimild: Samband íslenskra sveitarfélaga

Tafla 145 sýnir fjölda nemenda á hvert stöðugildi samtals í grunnskólum Garðabæjar frá árinu 2002 til 2017. Eins og taflan sýnir hefur nemendum á hvert stöðugildi kennara verið ýmist að fjölga eða fækka á milli ára. Á milli áranna 2010 og 2017 var fjöldi nemenda á hvert stöðugildi kennara óbreyttur, eða 11,3 nemendur á hvert stöðugildi.

Nemendum á hvert stöðugildi annarra starfsmanna fækkaði um 2,2 nemendur á milli áranna 2010 og 2017. Þannig voru 23,3 nemendur á hvert stöðugildi annarra starfsmanna en kennara árið 2010 en 21,1 árið 2017. Þannig má ætla að stöðugildum annarra starfsmanna hafi fjölgað meira hlutfallslega en nam fjölgun nemenda.

Ef fjöldi nemenda á hvert stöðugildi annarra starfsmanna hefði verið það sama árið 2017 og var árið 2010, eða 23,3, hefði fjöldi stöðugilda annarra starfsmanna verið 97,5 en þau voru 107,6, eða 10,1 stöðugildum fleiri.

Þegar fjöldi nemenda á stöðugildi samtals er skoðaður voru 7,6 nemandi á hvert stöðugildi við skólann árið 2010 samanborið við 7,4 árið 2017, eða fækkun um 0,2 nemendur.

### Tafla 146: Skipting launagjalda kennara og stjórnenda við grunnskóla Garðabæjar árið 2018

| | Sjálands-skóli | Álftanes-skóli | Flataskóli | Garðaskóli | Hofsstaða-skóli | Urriðaholts-skóli | **Samtals** |
|---|---|---|---|---|---|---|---|
| Fjöldi nemenda | **283** | **401** | **485** | **530** | **575** | | **2.274** |
| Mánaðarlaun | 198.884.536 | 290.036.036 | 294.167.981 | 324.607.454 | 323.293.417 | 32.366.285 | **1.463.355.709** |
| Yfirvinna | 13.844.872 | 14.853.833 | 13.131.667 | 11.117.302 | 14.656.321 | 3.630.105 | **71.234.100** |
| Forfallakennsla | 2.818.522 | 8.813.969 | 12.073.118 | 6.243.987 | 7.065.708 | 97.196 | **37.112.500** |
| Kennsluyfirvinna grunnskóla | 6.348.648 | 9.409.455 | 7.106.822 | 49.846.374 | 10.823.004 | 375.475 | **83.909.778** |
| Orlof yfirvinna | 2.844.185 | 3.517.338 | 3.798.799 | 8.517.790 | 3.583.330 | 545.853 | **22.807.295** |
| Eingreiðsla | 4.209.435 | 5.907.645 | 5.757.795 | 5.676.450 | 6.041.715 | | **27.593.040** |
| Annaruppbót | 5.202.119 | 7.192.110 | 7.361.420 | 8.093.507 | 8.081.949 | 730.193 | **36.661.298** |
| Launatengd gjöld | 58.008.201 | 84.530.656 | 84.859.400 | 101.449.142 | 94.316.021 | 9.145.090 | **432.308.510** |
| Orlof dagvinna | 45.054 | 660.438 | 460.640 | 143.867 | 504.174 | | **1.814.173** |
| **Samtals** | **292.205.572** | **424.921.480** | **428.717.642** | **515.695.873** | **468.365.639** | **46.890.197** | **2.176.796.403** |
| Hlutfall af mánaðarlaunum: | | | | | | | |
| Yfirvinna, forf.k., k. yfirv. og orlof | 13,0% | 12,6% | 12,3% | 23,3% | 11,2% | 14,4% | **14,7%** |
| Hlutfallið 2017 | 12,4% | 12,3% | 11,5% | 22,2% | 12,0% | | |

Heimild: Garðabær

Tafla 146 sýnir skiptingu launagjalda kennara og stjórnenda við grunnskóla Garðabæjar árið 2018. Einnig sýnir taflan hlutfall yfirvinnu, forfallakennslu, kennsluyfirvinnu og orlof vegna þessa af mánaðarlaunum.

Yfirvinna, forfallakennsla, kennsluyfirvinna og orlof á yfirvinnu hjá kennurum var samtals að meðaltali 14,7% sem hlutfall af mánaðarlaunum árið 2018.

Hæst var hlutfall yfirvinnu, forfallakennslu, kennsluyfirvinnu og orlof vegna þessa samtals af mánaðarlaunum hjá Garðaskóla eða 22%. Lægst var hlutfallið hjá Hofsstaðaskóla, eða 11,2%.

Hlutfallið hækkar lítillega á milli ára hjá öllum skólunum nema Hofsstaðaskóla þar sem það lækkaði.

### Tafla 147: Skipting launagjalda annarra starfsmanna en kennara og stjórnenda við grunnskóla Garðabæjar árið 2018

| | Sjálands-skóli | Álftanes-skóli | Flataskóli | Garðaskóli | Hofsstaða-skóli | Urriðaholts-skóli | **Samtals** |
|---|---|---|---|---|---|---|---|
| Fjöldi nemenda | **283** | **401** | **485** | **530** | **575** | | **2.274** |
| Mánaðarlaun | 82.527.046 | 68.005.493 | 67.982.036 | 58.560.496 | 63.696.157 | 4.887.022 | **345.658.250** |
| Yfirvinna | 3.334.601 | 3.584.921 | 2.847.382 | 8.444.949 | 2.246.930 | 351.221 | **20.810.004** |
| Orlof yfirvinna | 410.076 | 478.381 | 360.293 | 1.095.595 | 277.234 | 38.516 | **2.660.095** |
| Desemberuppbót | 2.111.315 | 1.790.429 | 1.776.700 | 1.467.871 | 1.780.006 | 98.175 | **9.024.496** |
| Orlofsuppbót | 788.459 | 782.007 | 799.707 | 591.669 | 724.141 | | **3.685.983** |
| Launatengd gjöld | 20.815.582 | 17.530.449 | 17.603.539 | 15.611.536 | 16.117.901 | 1.307.930 | **88.986.937** |
| Orlof dagvinna | 3.414 | 138.929 | 99.299 | | 40.056 | | **281.698** |
| **Samtals** | 109.990.493 | 92.310.609 | 91.468.956 | 85.772.116 | 84.882.425 | 6.682.864 | 471.107.463 |
| Hlutfall af mánaðarlaunum: | | | | | | | |
| Yfirvinna og orlof á yfirvinnu | 4,5% | 6,0% | 4,7% | 16,3% | 4,0% | 8,0% | **6,8%** |
| Hlutfallið 2017 | 4,5% | 6,6% | 7,2% | 18,5% | 6,1% | | |

Heimild: Garðabær

Tafla 147 sýnir skiptingu launagjalda hjá öðrum starfsmönnum en kennurum og stjórnendum hjá grunnskólum Garðabæjar árið 2018. Einnig kemur fram hlutfall

yfirvinnu og orlofs á yfirvinnu af mánaðarlaunum.

Hlutfall yfirvinnu og orlofs á yfirvinnu af mánaðarlaunum var hæst hjá Garðaskóla, eða 16,3%. Lægst var þetta hlutfall hjá Hofsstaðaskóla, eða 4,0%. Rétt er að fram komi að Urriðaholtsskóli hóf rekstur á árinu 2018.

Hlutfallið lækkaði hjá öllum skólunum nema Sjálandsskóla þar sem það stóð í stað.

Eins og komið hefur fram hér að framan lýkur skólastarfi vel fyrir þann tíma sem daglegur vinnutími almennra starfsmanna fer fram á. Því á það að vera auðvelt að skipuleggja vinnutíma starfsmanna annarra en kennara þannig að vinnutíminn rúmist vel inn daglegs vinnutíma og yfirvinna á ekki að þurfa að koma til.

Ef það er ætlunin að nýta yfirvinnu til launahækkunar er mikilvægt að gætt sé jafnræðis á milli starfsmanna.

Tafla 148: Fjöldi nemenda, stöðugilda og launagjöld samtals hjá samanburðar sveitarfélögum árið 2017

| Sveitarfélag | Fjöldi íbúa, janúar 2019 | Fjöldi nemenda | Stöðu-gildi | Fjöldi nemenda á hvert stöðugildi | Stöðugildi í samanburðar sveitarfélögum miðað við fjölda nemenda á hvert stöðugildi í Garðabæ | Umfram stöðugildi hjá samanburðar sveitarfélögum miðað við Garðabæ | Kostnaður vegna umfram stöðugilda hjá samanburðar sveitarfélögum | Launa-útgjöld samtals | Meðallauna-útgjöld á hvert stöðugildi | Launagjöld á hvern nemanda |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| Reykjavíkurborg | 128.793 | 14.031 | 1.970,3 | 7,12 | 1.906,9 | -63,4 | 522.401 | 16.235.809 | 8.240 | 1.157 |
| Kópavogsbær | 36.975 | 4.949 | 678,2 | 7,30 | 672,6 | -5,6 | 47.199 | 5.717.362 | 8.430 | 1.155 |
| Hafnarfjarðarkaupstaður | 29.799 | 4.009 | 556,2 | 7,21 | 544,8 | -11,4 | 89.247 | 4.373.151 | 7.863 | 1.091 |
| Akureyrarbær | 18.925 | 2.672 | 401,4 | 6,66 | 363,1 | -38,3 | 276.117 | 2.897.011 | 7.217 | 1.084 |
| Reykjanesbær | 18.920 | 2.364 | 343,1 | 6,89 | 321,3 | -21,8 | 164.394 | 2.585.299 | 7.535 | 1.094 |
| Garðabær | 16.299 | 2.267 | 308,1 | 7,36 | 308,1 | 0,0 | 0 | 2.448.594 | 7.947 | 1.080 |
| Mosfellsbær | 11.463 | 1.672 | 244,7 | 6,83 | 227,2 | -17,5 | 118.451 | 1.659.667 | 6.782 | 993 |
| Sveitarfélagið Árborg | 9.485 | 1.364 | 225,0 | 6,06 | 185,4 | -39,6 | 298.988 | 1.697.787 | 7.546 | 1.245 |
| Akraneskaupstaður | 7.411 | 1.078 | 154,5 | 6,98 | 146,5 | -8,0 | 62.166 | 1.201.668 | 7.778 | 1.115 |
| Fjarðabyggð | 5.070 | 640 | 113,5 | 5,64 | 87,0 | -26,5 | 210.774 | 902.075 | 7.948 | 1.409 |
| Seltjarnarnesbær | 4.664 | 524 | 87,2 | 6,01 | 71,2 | -16,0 | 122.274 | 667.018 | 7.649 | 1.273 |
| Meðaltal 11 sveitarfélaga | | 35.570 | 5.082,2 | 7,00 | 4.834,2 | -248,0 | 1.970.770 | 40.385.442 | 7.946 | 1.135 |

Heimild: Samband íslenskra sveitarfélaga

Tafla 148 sýnir fjölda nemenda samtals, stöðugildi samtals, launagjöld samtals, meðallaun á hvert stöðugildi og launagjöld á hvern nemanda hjá samanburðar sveitarfélögum vegna þeirra grunnskóla sem þau reka.

Eins og fram kemur í töflunni voru flestir nemendur á hvert stöðugildi í grunnskólum Garðabæjar. Hjá þremur sveitarfélögum var launakostnaður á hvert stöðugildi hærri en hjá Garðabæ. Hjá einu sveitarfélagi voru launagjöld á hvern nemanda lægri en hjá Garðabæ.

Gera verður fyrirvara varðandi þennan samanburð. Í fyrsta lagi geta upplýsingar frá sveitarfélögum verið ónákvæmar og í öðru lagi er mikill munur á fjölda nemenda og skóla á milli þessara sveitarfélaga sem hafa hér áhrif. Einnig getur mismunandi þjónustuþörf nemenda haft áhrif og þá í sumum tilfellum til kostnaðarhækkunar.

Með hliðsjón af framanrituðu er mikilvægt að áður en ályktanir eru dregnar af þessari töflu séu málin skoðuð frekar. Engu að síður má ætla að taflan gefi ákveðnar vísbendingar sem alla vega í sumum tilfellum gefur tilefni til að skoða frekar þar sem það á við.

## EINKAREKNIR LEIK- OG GRUNNSKÓLAR

Hjallastefnan ehf rekur þrjá leikskóla í Garðabæ, leikskólann Ása, leikskólann Litlu-Ása og leikskólann Hnoðraholt. Auk þess rekur Hjallastefnan leik- og grunnskóla fyrir 5 til 12 ára börn.

Garðabær er síðan með samning við Sjáland ehf. um rekstur leikskólans Sjáland. Einnig er samningur um rekstur Alþjóðaskólans á Íslandi þar sem rekinn er grunnskóli.

**Barnaskóli Hjallastefnunnar í Garðabæ**
Gerður var samningur þann 5. júní 2015 á milli Garðabæjar og Hjallastefnunnar ehf. varðandi starfsemi leikskóla fyrir 5 ára nemendur og grunnskólastarfsemi fyrir 1. til 7. bekk að Vífilsstöðum.

Í 3. gr. samningsins eru ákvæði varðandi greiðslur. Þar segir að fyrir 5 ára barn greiði Garðabær sömu fjárhæð og greidd er með börnum er sækja aðra einkarekna leikskóla, sbr. reglur Garðabæjar um greiðslur vegna dvalar barna á leikskólum sem ekki eru reknir af Garðabæ, dags. 6. desember 2012. Ákvæði reglnanna um greiðslur vegna einstæðra foreldra og systkinaafslátt gilda þegar við á. Samkvæmt reglunum er greidd mánaðarleg greiðsla sem tekur mið af aldri og dvalartíma í samræmi við „Viðmiðunarreglur Sambands íslenskra sveitarfélaga vegna leikskóladvalar utan lögheimilissveitarfélags“.

Síðan segir í greininni að fyrir hvert barn í 1. til 7. bekk grunnskóla skuli Garðabær greiða frá 1. janúar ár hvert fjárhæð samkvæmt fjárhagsáætlun næsta árs fyrir grunnskóla Garðabæjar. Fjárhæðin er fundin með áætluðu meðaltali heildarrekstrarkostnaðar grunnskóla Garðabæjar fyrir komandi ár. Ef breytingar verða á heildarrekstrarkostnaði grunnskóla Garðabæjar á fjárhagsári fylgir slík breyting til Hjallastefnunnar.

Gildistími samningsins var frá 1. ágúst 2014 til 31. júlí 2017. Í lok þess tíma framlengist samningurinn um þrjú ár hafi honum ekki verið sagt upp með a.m.k. eins árs fyrirvara. Samkvæmt þessu ákvæði rennur samningurinn úr gildi 31. júlí 2020, eða í lok núverandi skólaárs.

Tafla 149: Fjöldi nemenda, HDÍG og stöðugilda hjá leikskóladeild í Barnaskóla Hjallastefnunnar í Garðabæ

| | 2003 | 2004 | 2005 | 2006 | 2007 | 2008 | 2009 | 2010 | 2011 | 2012 | 2013 | 2014 | 2015 | 2016 | 2017 |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| Nemendur | 39 | 43 | 49 | 13 | 62 | 50 | 44 | 55 | 38 | 51 | 34 | 52 | 39 | 17 | 29 |
| HDÍG | 37,3 | 42,0 | 47,0 | 11,9 | 60,5 | 48,5 | 44,0 | 55,0 | 37,5 | 51,5 | 34,4 | 52,5 | 39,5 | 17,4 | 29,0 |
| **Fjöldi stöðugilda:** | | | | | | | | | | | | | | | |
| Leikskólakennari | 2,8 | 5,4 | 6,1 | 2,8 | 5,3 | 4,4 | 5,4 | 3,5 | 3,5 | 3,3 | 1,3 | 2,1 | 1,5 | 2,1 | 0,7 |
| Önnur uppeldisfræðimenntun | 1,7 | 0,0 | 0,0 | 0,9 | 1,0 | 2,0 | 0,0 | 2,5 | 0,0 | 0,0 | 0,0 | 0,0 | 0,0 | 0,3 | 2,5 |
| Aðrir starfsmenn | 2,2 | 0,2 | 2,4 | 0,5 | 3,7 | 1,9 | 1,7 | 2,4 | 1,4 | 1,4 | 3,4 | 3,8 | 3,2 | 3,5 | 12,8 |
| **Samtals stöðugildi** | **6,7** | **5,6** | **8,6** | **4,2** | **10,0** | **8,3** | **7,1** | **8,4** | **4,9** | **4,7** | **4,7** | **5,9** | **4,7** | **5,8** | **15,9** |
| Fjöldi HDÍG á hvert stöðugildi | **5,6** | **7,5** | **5,5** | **2,8** | **6,0** | **5,9** | **6,2** | **6,5** | **7,6** | **11,0** | **7,4** | **8,9** | **8,4** | **3,0** | **1,8** |
| Hlutfall leikskólakennara af stöðugildum samtals | 42% | 97% | 72% | 67% | 53% | 54% | 76% | 42% | 72% | 71% | 28% | 35% | 32% | 36% | 4% |
| Hl. Leikskólak. og uppeldisf.m. af stöðug. samt. | 67% | 97% | 72% | 88% | 63% | 78% | 76% | 72% | 72% | 71% | 28% | 35% | 32% | 41% | 20% |

Heimild: Samband íslenskra sveitarfélaga

Tafla 149 sýnir fjölda nemenda, HDÍG og stöðugilda hjá Barnaskóla Hjallastefnunnar í Garðabæ, leikskóladeild.

Gera verður fyrirvara á þessum upplýsingum með hliðsjón af fjölda stöðugilda árið 2017.

Það sem vekur athygli í töflunni er hlutfallsleg fækkun stöðugilda leikskólakennara og annarra með uppeldisfræðimenntun. Einnig að nemendum fer fækkandi við leikskóladeildina.

Tafla 150: Fjöldi nemenda og stöðugilda hjá Barnaskóla Hjallastefnunnar í Garðabæ

| | 2003 | 2004 | 2005 | 2006 | 2007 | 2008 | 2009 | 2010 | 2011 | 2012 | 2013 | 2014 | 2015 | 2016 | 2017 |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| Fjöldi nemenda | **13** | **50** | **86** | **141** | **112** | **135** | **129** | **169** | **230** | **265** | **260** | **211** | **148** | **96** | **67** |
| Stöðugildi kennara með réttindi | 1,8 | 2,5 | 5,0 | 14,8 | 11,9 | 10,3 | 9,3 | 14,4 | 18,4 | 25,2 | 12,0 | 14,6 | 25,4 | 13,7 | 8,0 |
| Stöðugildi kennara án réttinda | 0,0 | 2,8 | 6,7 | 3,5 | 4,0 | 5,6 | 3,7 | 3,0 | 3,0 | 4,0 | 0,0 | 1,0 | 2,7 | 0,8 | 0,9 |
| **Samtals kennarar** | **1,8** | **5,3** | **11,7** | **18,3** | **15,9** | **15,9** | **12,9** | **17,4** | **21,4** | **29,2** | **12,0** | **15,6** | **28,1** | **14,5** | **8,9** |
| Aðrir starfsmenn | 0,7 | 1,8 | 3,3 | 8,0 | 7,8 | 8,3 | 10,8 | 7,7 | 11,8 | 11,1 | 2,9 | 3,1 | 12,1 | 9,8 | 8,9 |
| Stöðugildi samtals | 2,4 | 7,1 | 15,0 | 26,2 | 23,7 | 24,2 | 23,7 | 25,1 | 33,2 | 40,3 | 14,9 | 18,8 | 40,2 | 24,3 | 17,8 |
| Fjöldi nemenda á hvert stöðugildi | 5,4 | 7,0 | 5,7 | 5,4 | 4,7 | 5,6 | 5,4 | 6,7 | 6,9 | 6,6 | 17,4 | 11,2 | 3,7 | 3,9 | 3,8 |

Heimild: Samband íslenskra sveitarfélaga

Tafla 150 sýnir fjölda nemenda og stöðugilda hjá Barnaskóla Hjallastefnunnar í Garðabæ.

Eins og fram kemur á töflunni hefur nemendum við skólann fækkað nokkuð síðustu ár. Tölur í töflu 149 og 150 eru fengnar á vef Sambands íslenskra sveitarfélaga. Viðkomandi rekstraraðili hefur gefið þær upp til Hagstofu Íslands. Rétt er að fram komi að í fjölda nemenda getur einnig verið um að ræða nemendur, sem eiga lögheimili í öðru sveitarfélagi en Garðabæ.

**Leikskólinn Ásar**

Í maí 2006 var undirritaður samningur um rekstur leikskólans Ása. Í 2. gr. samningsins varðandi gildistíma segir að samningurinn gildi frá 1. júní 2006 til 31. maí 2011. Samningurinn framlengist til 5 ára í senn, nema honum hafi verið sagt upp af öðrum hvorum samningsaðila. Uppsagnarfrestur er sex mánuðir og skal uppsögn vera skrifleg. Samningnum hefur ekki verið sagt upp.

Síðan segir í 4. grein varðandi dvalargildi að dvalargildi er útreikningseining viðkomandi mánaðar sem er notuð við uppgjör. Dvalargildi mælir meðaldvalarstundir á dag margfaldaðar með barngildisstuðli.

Í 14. grein samningsins er kveðið á um greiðslur Garðabæjar. Þar segir m.a. að greiða skuli fyrir 11 mánuði á ári. Ekki er greitt framlag vegna júlímánaðar. Greiddar eru 8.471 krónur á mánuði fyrir hvert dvalargildi sem er miðað við 50% hlutfall fagmenntaðra leikskólakennara. Frávik frá 50% hlutfallinu reiknast til hækkunar eða lækkunar á greiðslum Garðabæjar, samkvæmt reiknireglu sem samningsaðilar skulu koma sér saman um.

Að öðru leyti er fjárhæðin tengd vísitölu neysluverðs að 1/5 hluta og 4/5 hluta við breytingar sem verða á launum leikskólakennara samkvæmt launaflokki 114-4. Miðað er við grunnvísitölu neysluverðs í janúar 2006. Við gerð nýs kjarasamnings leikskólakennara skulu samningsaðilar semja um ný viðmið launaþátta leikskólakennara, sem skal gilda frá sama tíma. Síðan er ákvæði um greiðslur vegna sérkennslu.

## Tafla 151: Fjöldi nemenda, HDÍG og stöðugilda hjá leikskólanum Ásum

| | 2002 | 2003 | 2004 | 2005 | 2006 | 2007 | 2008 | 2009 | 2010 | 2011 | 2012 | 2013 | 2014 | 2015 | 2016 | 2017 |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| Nemendur | 104 | 104 | 104 | 109 | 119 | 113 | 113 | 111 | 114 | 111 | 110 | 108 | 108 | 94 | 96 | 88 |
| HDÍG | 98,4 | 97,0 | 98,1 | 104,4 | 117,0 | 111,0 | 111,3 | 109,8 | 111,9 | 110,0 | 110,1 | 110,4 | 112,6 | 98,9 | 99,6 | 89,4 |
| **Fjöldi stöðugilda:** | | | | | | | | | | | | | | | | |
| Leikskólakennari | 6,8 | 6,6 | 8,6 | 9,6 | 8,2 | 7,0 | 6,6 | 5,2 | 6,1 | 4,8 | 5,2 | 10,9 | 3,6 | 5,8 | 3,4 | 1,0 |
| Önnur uppeldisfræðimenntun | 0,7 | 1,6 | 0,5 | 1,9 | 3,4 | 2,0 | 4,0 | 6,6 | 3,1 | 6,1 | 1,3 | 1,0 | 4,6 | 4,1 | 10,3 | 6,7 |
| Aðrir starfsmenn | 14,1 | 12,4 | 11,3 | 9,7 | 11,3 | 17,5 | 13,6 | 13,4 | 15,8 | 13,9 | 14,0 | 9,6 | 16,1 | 14,3 | 9,8 | 13,1 |
| **Samtals stöðugildi** | **21,6** | **20,6** | **20,3** | **21,2** | **22,9** | **26,6** | **24,2** | **25,1** | **24,9** | **24,7** | **20,5** | **21,5** | **24,3** | **24,2** | **23,6** | **20,8** |
| Fjöldi HDÍG á hvert stöðugildi | **4,6** | **4,7** | **4,8** | **4,9** | **5,1** | **4,2** | **4,6** | **4,4** | **4,5** | **4,4** | **5,4** | **5,1** | **4,6** | **4,1** | **4,2** | **4,3** |
| Hlutfall leikskólakennara af stöðugildum samtals | 31% | 32% | 42% | 45% | 36% | 26% | 27% | 20% | 24% | 19% | 25% | 51% | 15% | 24% | 15% | 5% |
| Hl. Leikskólak. og uppeldisf.m. af stöðug. samt. | 35% | 40% | 44% | 54% | 51% | 34% | 44% | 47% | 37% | 44% | 31% | 55% | 34% | 41% | 59% | 37% |

Heimild: Samband íslenskra sveitarfélaga

Tafla 151 sýnir fjölda nemenda og stöðugilda hjá leikskólanum Ásum.

Eins og fram kemur í töflunni hefur nemendum (börnum) og HDÍG við leikskólann farið fækkandi á síðustu árum. Flest voru HDÍG árið 2006 þegar þau voru 117 samanborið við 88 árið 2017 þegar þau voru fæst.

Það sem vekur athygli er lágt hlutfall leikskólakennara við leikskólann. Greiðslur til verktakans taka m.a. mið af hlutfalli leikskólakennara við skólann. Samningsupphæðin miðast við að hlutfallið sé 50%. Sé hlutfallið lægra á greiðslan að lækka og hækka ef hlutfallið er hærra. Öll árin nema árið 2013 var hlutfallið lægra en 50%. Var 51% árið 2013 en 5% árið 2017 þegar það var lægst.

### Ungbarnaleikskólinn Litlu-Ásar

Árið 2014 var gerður viðbótarsamningur við samning Garðabæjar og Hjallastefnunnar um rekstur leikskólans Litlu-Ása varðandi rekstur leikskóla fyrir allt að 60 börn á aldrinum 12 til 24 mánaða á Vífilsstöðum. Samningurinn var samþykktur í bæjarstjórn 21. ágúst 2014.

Í 1. gr. viðbótarsamningsins varðandi gildistíma segir að hann gildi frá 1. september 2014 til 31. maí 2016. Að þeim tíma liðnum skal samningurinn framlengjast um fimm ár nema honum hafi veri sagt upp af öðrum hvorum samningsaðila. Uppsagnarfrestur er sex mánuðir.

Í 7. gr. segir að ákvæði samningsins um leikskólann Ása gildi að öðru leyti en fram kemur í viðbótarsamningnum og þá væntanlega varðandi greiðslur til verktakans þar sem ekki er kveðið á um það í viðbótarsamningnum.

Tafla 152: Fjöldi nemenda, HDÍG og stöðugilda hjá leikskólanum Litlu-Ásum

| | 2007 | 2008 | 2009 | 2010 | 2011 | 2012 | 2013 | 2014 | 2015 | 2016 | 2017 |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| Nemendur | 23 | 28 | 29 | 29 | 31 | 24 | 28 | 57 | 53 | 53 | 43 |
| HDÍG | 20,8 | 27,5 | 28,5 | 28,3 | 30,6 | 23,3 | 28,4 | 58,1 | 54,4 | 54,1 | 42,9 |
| **Fjöldi stöðugilda:** | | | | | | | | | | | |
| Leikskólakennari | 2,6 | 4,5 | 5,3 | 5,4 | 6,2 | 3,5 | 2,5 | 2,9 | 4,1 | 3,0 | |
| Önnur uppeldisfræðimenntun | 0,0 | 0,9 | 0,0 | 0,0 | 0,0 | 0,0 | 0,0 | 1,0 | 1,0 | 1,0 | 1,0 |
| Aðrir starfsmenn | 4,3 | 2,6 | 3,1 | 4,4 | 6,3 | 4,5 | 6,6 | 12,4 | 12,8 | 13,9 | 13,8 |
| **Samtals stöðugildi** | **6,9** | **8,0** | **8,4** | **9,7** | **12,5** | **8,1** | **9,1** | **16,2** | **17,8** | **17,9** | **14,8** |
| Fjöldi HDÍG á hvert stöðugildi | **3,0** | **3,5** | **3,4** | **2,9** | **2,4** | **2,9** | **3,1** | **3,6** | **3,1** | **3,0** | **2,9** |
| Hlutfall leikskólakennara af stöðugildum samtals | 38% | 57% | 63% | 55% | 50% | 44% | 27% | 18% | 23% | 17% | 0% |
| Hl. Leikskólak. og uppeldisf.m. af stöðug. samt. | 38% | 68% | 63% | 55% | 50% | 44% | 27% | 24% | 28% | 22% | 7% |

Heimild: Samband íslenskra sveitarfélaga

Tafla 152 sýnir fjölda nemenda (barna), HDÍG og stöðugildi hjá leikskólanum Litlu-Ásum.

Eins og fram kemur á töflunni voru flest HDÍG árið 2014, eða 58,1. Þau voru komin niður í 42,9 árið 2017. Það vekur athygli að hlutfall leikskólakennara af heildarfjölda stöðugilda hefur fari lækkandi síðustu ár.

**Leikskólinn Hnoðraholt**

Árið 2014 gerði Garðabær samning við Hjallastefnuna um rekstur dagheimilis að Vífilsstöðum, Hnoðraholt. Samkvæmt samningnum var veitt dagvistarleyfi fyrir 40 börn frá 20. ágúst til 19. ágúst 2017. Að þeim tíma liðnum áttu aðilar samnings að leggja mat á verkefnið. Samkvæmt samningnum átti að greiða fyrir börn frá 9 mánaða aldri skv. reglum vegna dvalar barna úr Garðabæ hjá dagforeldrum.

Gerð hafa verið ný drög að samningi sem unnið hefur verið eftir að hluta. Gert er ráð fyrir að samningurinn gildi frá 1. janúar 2017 til 31. desember 2020. Í lok þess tíma er gert ráð fyrir að samningurinn framlengist um þrjú ár hafi honum ekki verið sagt upp með a.m.k. eins árs fyrirvara.

Samkvæmt 5. gr. samningsins mun verkkaupi greiða mánaðarlega framlög samkvæmt reglum bæjarins um greiðslur til leikskóla sem ekki eru reknir af Garðabæ, sbr. hér að framan. Hjallastefnan leigir húsnæði leikskólans af Garðabæ.

Samkvæmt upplýsingum frá verkefnastjóra leikskóla er greitt eftir báðum framangreindum samningum. Fyrir börn 9 til 12 mánaða er greitt skv. samningnum sem var undirritaður árið 2014. Fyrir eldri börn er greitt samkvæmt samningsdrögunum sem taka áttu gildi frá 1. janúar 2017 til 31. desember 2020.

Tafla 153: Fjöldi nemenda, HDÍG og stöðugilda hjá leikskólanum Hnoðraholti

| | 2017 |
|---|---|
| Nemendur | 55 |
| HDÍG | 53,5 |
| **Fjöldi stöðugilda:** | |
| Leikskólakennari | 2,0 |
| Önnur uppeldisfræðimenntun | 4,0 |
| Aðrir starfsmenn | 13,2 |
| **Samtals stöðugildi** | 19,2 |
| Fjöldi HDÍG á hvert stöðugildi | 2,785 |
| Hlutfall leikskólakennara af stöðugildum samtals | 10,4% |
| Hl. Leikskólak. og uppeldisf.m. af stöðug. samt. | 31,2% |

Heimild: Samband íslenskra sveitarfélaga

Tafla 153 sýnir fjölda nemenda (barna), HDÍG og stöðugilda fyrir leikskólann Hnoðraholt. Eingöngu lágu fyrir upplýsingar vegna ársins 2017.

### Leikskólinn Sjáland

Árið 2004 gerði Garðabær samning um rekstur og leigu á húsnæði fyrir leikskóla á Sjálandi í Garðabæ við Sjáland ehf. Samningurinn er fyrst uppsegjanlegur til lausnar 31. júlí 2030 og þarf sú uppsögn að berast í síðasta lagi fyrir júlílok 2029.

Samkvæmt 6. gr. samningsins skiptist samningsfjárhæð um rekstur í þrjá þætti:

Stoðþjónusta á ári 6.719.437 krónur með vsk. allan samningstímann.
Kennsla á ári 70.137.744 krónur án vsk. allan samningstímann.
Mötuneyti á ári 10.262.000 krónur með vsk. allan samningstímann.

Húsaleiga greiðist síðan samkvæmt leigusamningi.

Frá framangreindum upphæðum dragast leikskólagjöld. Mánaðarlegar greiðslur fyrir verkliðina kennslu og mötuneyti taka breytingum eftir nýtingu. Samningsbundnar greiðslur fyrir kennslu miðast við 160,8 barngildi. Greiðslur fyrir mötuneyti miðast við fjölda barna í morgunmat, hádegismat og síðdegiskaffi á hverjum tíma.

Fyrir sérverkefni, svo sem sérstuðning, er greitt sérstaklega.

Samningsbundnar greiðslur fyrir stoðþjónustu og mötuneyti taka mánaðarlegum breytingum samkvæmt vísitölu neysluverðs sem gildir fyrir þann mánuð sem greitt er fyrir. Grunnvísitala samnings er 226,3 stig.

Samningsbundnar greiðslur fyrir kennslu breytast í samræmi við launabreytingar kjarasamnings Félags íslenskra leikskólakennara við launanefnd sveitarfélaga. Miða skal við breytingar sem verða á launaflokki 308, 5. þrepi í starfsheiti leikskólakennara. Grunnfjárhæð miðast við gildandi launatöflu á opnunardegi tilboða í ágúst 2003. Jafnframt kemur fram í útboðslýsingu sem er fylgigagn samningsins ákveðin reikniformúla, þ.e. vægi fagmenntunar, sem styðjast skuli við varðandi hækkun eða lækkun greiðslna fyrir kennslu með hliðsjón af hlutfalli stöðugilda leikskólakennara af heildarfjölda stöðugilda.

## Tafla 154: Fjöldi nemenda, HDÍG og stöðugilda hjá leikskólanum Sjálandi

| | 2005 | 2006 | 2007 | 2008 | 2009 | 2010 | 2011 | 2012 | 2013 | 2014 | 2015 | 2016 | 2017 |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| Nemendur | 43 | 76 | 108 | 114 | 111 | 135 | 147 | 146 | 157 | 140 | 123 | 106 | 104 |
| HDÍG | 41,8 | 72,1 | 103,3 | 110,9 | 109,1 | 132,1 | 143,9 | 147,4 | 158,9 | 143,8 | 126,4 | 105,9 | 105,5 |
| **Fjöldi stöðugilda:** | | | | | | | | | | | | | |
| Leikskólakennari | 1,8 | 3,0 | 6,3 | 6,8 | 3,7 | 3,6 | 8,2 | 8,8 | 16,0 | 6,7 | 8,6 | 3,8 | 1,8 |
| Önnur uppeldisfræðimenntun | 3,0 | 3,0 | 4,8 | 5,9 | 6,7 | 6,4 | 9,9 | 10,6 | 0,0 | 9,2 | 11,4 | 6,5 | 2,9 |
| Aðrir starfsmenn | 4,9 | 14,0 | 12,4 | 11,9 | 14,4 | 24,1 | 17,0 | 15,5 | 29,1 | 31,1 | 29,5 | 31,3 | 23,3 |
| **Samtals stöðugildi** | **9,7** | **20,0** | **23,5** | **24,6** | **24,8** | **34,2** | **35,1** | **34,9** | **45,0** | **47,0** | **49,5** | **41,7** | **27,9** |
| Fjöldi HDÍG á hvert stöðugildi | **4,3** | **3,6** | **4,4** | **4,5** | **4,4** | **3,9** | **4,1** | **4,2** | **3,5** | **3,1** | **2,6** | **2,5** | **3,8** |
| Hlutfall leikskólakennara af stöðugildum samtals | 19% | 15% | 27% | 27% | 15% | 10% | 23% | 25% | 35% | 14% | 17% | 9% | 6% |
| Hl. Leikskólak. og uppeldisf.m. af stöðug. samt. | 49% | 30% | 47% | 51% | 42% | 29% | 52% | 56% | 35% | 34% | 40% | 25% | 17% |

Heimild: Samband íslenskra sveitarfélaga

Tafla 154 sýnir fjölda nemenda, HDÍG og stöðugilda hjá leikskólanum Sjálandi.

Eins og fram kemur á töflunni hefur nemendum (börnum) og HDÍG fækkað við leikskólann síðustu ár. HDÍG voru 105,5 árið 2017 samanborið við 158,9 árið 2013 þegar þau voru flest. Einnig vekur athygli lágt hlutfall fagmenntaðra við leikskólann af heildarfjölda stöðugilda. Rétt er að benda á eins og komið hefur fram hér að framan að greiðslur Garðabæjar vegna launa taka breytingum samkvæmt töxtum leikskólakennara.

## Tafla 155: Kostnaður Garðabæjar vegna sérkennslu í leikskólum

| | **2016** | **2017** | **2018** |
|---|---|---|---|
| **Bæjarreknir leikskólar** | | | **áætl.** |
| Bæjarból | 6.078.824 | 8.803.414 | 10.807.304 |
| Hæðarból | 12.439.278 | 13.130.487 | 17.291.687 |
| Kirkjuból | 10.137.014 | 7.606.046 | 19.453.148 |
| Lundaból | 4.633.380 | 5.010.090 | 2.750.000 |
| Sunnuhvoll | 1.463.027 | 1.583.294 | 1.496.452 |
| Akrar | 18.814.622 | 17.726.733 | 12.968.765 |
| Leikskóladeild Flataskóla | 0 | 0 | 0 |
| Krakkakot | 7.903.418 | 10.722.433 | 24.856.800 |
| Holtakot | 8.837.960 | 3.455.282 | 6.484.383 |
| | | | |
| **Samtals** | **70.307.523** | **68.037.779** | **96.108.539** |
| **Hlutfall af samtals bæjar- og einkareknir** | **51%** | **47%** | **53%** |
| **Einkareknir leikskólar** | | | |
| Leikskólinn Ásar | 14.004.228 | 13.949.185 | 17.832.052 |
| Hjalli - leikskóladeild | 0 | 10.802.816 | 5.944.017 |
| Litlu Ásar | 1.703.660 | 2.014.774 | 1.703.658 |
| Hnoðraholt Hjalli | 0 | 3.463.531 | 5.000.000 |
| Leikskólinn Sjálandi | 50.633.309 | 47.593.688 | 54.036.522 |
| | | | |
| **Samtals** | **66.341.197** | **77.823.994** | **84.516.249** |
| **Hlutfall af samtals bæjar- og einkareknir** | 49% | 53% | 47% |
| **Samtals bæjar- og einkareknir** | **136.648.720** | **145.861.773** | **180.624.788** |
| | | | |
| **Hlutfall HDÍG á einkareknum leikskólum** | 31% | 35% | |

Heimild: Garðabær

Tafla 155 sýnir kostnað Garðabæjar árið 2016 til 2018 vegna sérkennslu. Kostnaðartölur vegna 2018 eru áætlaðar.

Eins og fram kemur í töflunni var kostnaðurinn samtals 137 milljónir króna árið 2016 en 181 milljón króna árið 2018, eða hækkun sem nemur 32% á þessu tímabili.

Hátt hlutfall sérkennslu í einkaskólunum vekur athygli í samanburði við hlutfallslega skiptingu HDÍG á milli leikskóla sem Garðabær rekur og einkarekinna leikskóla.

Árið 2017 voru 35% af HDÍG í Garðabæ hjá einkareknum leikskólum og þá 65% hjá leikskólum sem Garðabær rekur. Af kostnaði vegna sérkennslu fóru 53% til einkarekinna leikskóla og þá 47% til leikskóla sem Garðabær rekur.

Leikskólinn Sjáland sker sig nokkuð úr en hann er með um 50 milljónir króna á ári á þessu tímabili, eða frá 47,6 milljónum króna upp í 54 milljónir króna.

Tafla 156: Rekstrarkostnaður á HDÍG í leikskólum Garðabæjar og einkareknum leikskólum árið 2017 í þúsundum krónum raðað eftir fjölda HDÍG

| | Krakka-kot | Akrar | Sjá-land | Bæjar-ból | Ásar | Holta-kot | Kirkju-ból | Hæðar-ból | Lunda-ból | Hnoðra-holt | Litlu Ásar | Sunnu-hvoll |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| Heilsdagsígildi | 99,9 | 99,6 | 97,1 | 88,4 | 88,2 | 76,4 | 62,6 | 54,9 | 52,5 | 43,8 | 41,5 | 26,0 |
| Fjöldi barna 2017 | 100 | 96 | 95 | 86 | 87 | 75 | 61 | 53 | 51 | 45 | 42 | 26 |
| **Rekstrarkostnaður á hvert HDÍG** | **2.118** | **1.954** | **2.252** | **1.977** | **2.036** | **1.979** | **2.347** | **2.491** | **2.914** | **2.273** | **3.431** | **3.541** |
| Hlutfall leikskólakennara af stöðugildum samtals | 7% | 9% | 6% | 26% | 5% | 34% | 39% | 40% | 49% | 10,4% | 0% | 34% |
| Hlutf. leikskólak. og uppeldisfr.m af st. samtals | 92% | 11% | 17% | 48% | 37% | 57% | 51% | 84% | 85% | 31,2% | 7% | 49% |

Heimild: Samband íslenskra sveitarfélaga og Garðabær

Tafla 156 sýnir kostnað á hvert HDÍG í leikskólum Garðabæjar og einkareknum leikskólum sem Garðabær kaupir þjónustu af. Fjöldi barna og HDÍG vegna einkareknu leikskólanna er skv. reikningum vegna viðkomandi skóla í nóvember 2017.

Ekki var skoðaður kostnaður þar sem leik- og grunnskóli eru reknir saman.

Í töflunni eru leikskólum raðað frá þar sem HDÍG voru flest, næst flest o.s.frv.

Tafla 157: Rekstrarkostnaður á HDÍG í leikskólum Garðabæjar og einkareknum leikskólum árið 2017 í þúsundum krónum raðað eftir kostnaði frá lægsta til hæsta

| | Akrar | Bæjar-ból | Holta-kot | Ásar | Krakka-kot | Sjá-land | Hnoðra-holt | Kirkju-ból | Hæðar-ból | Lunda-ból | Litlu Ásar | Sunnu-hvoll |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| Heilsdagsígildi | 99,6 | 88,4 | 76,4 | 88,2 | 99,9 | 97,1 | 43,8 | 62,6 | 54,9 | 52,5 | 41,5 | 26,0 |
| Fjöldi barna 2017 | 96 | 86 | 75 | 87 | 100 | 95 | 45 | 61 | 53 | 51 | 42 | 26 |
| **Rekstrarkostnaður á hvert HDÍG** | **1.954** | **1.977** | **1.979** | **2.036** | **2.118** | **2.252** | **2.273** | **2.347** | **2.491** | **2.914** | **3.431** | **3.541** |
| Hlutfall leikskólakennara af stöðugildum samtals | 9% | 26% | 34% | 5% | 7% | 6% | 10,4% | 39% | 40% | 49% | 0% | 34% |
| Hlutf. leikskólak. og uppeldisfr.m af st. samtals | 11% | 48% | 57% | 37% | 92% | 17% | 31,2% | 51% | 84% | 85% | 7% | 49% |

Tafla 157 sýnir það sama og tafla 156 nema nú er leikskólum raðað eftir kostnaði, frá lægsta kostnaði á hvert HDÍG til þess hæsta.

Þegar þessi kostnaður er skoðaður ber að hafa í huga að börn í hverjum leikskóla geta verið með mismunandi þjónustuþörf, aldurssamsetningu o.s.frv. sem hefur áhrif á kostnaðinn.

**Alþjóðaskólinn á Íslandi**

Í júní 2016 gerði Garðabær samning við Alþjóðaskólann á Íslandi um starfsemi leikskóla fyrir 5 ára nemendur og grunnskóla fyrir 1. til 10. bekk. Gildistími samningsins var frá 1. janúar til 31. desember 2018. Samkvæmt upplýsingum frá skóladeild er verið að vinna að gerð nýs samnings.

Samkvæmt samningnum frá 2016 greiðir Garðabær vegna leikskólahlutans eins og fyrir aðra einkarekna leikskóla samkvæmt reglum sem samþykktar voru í desember 2014.

Vegna nemenda á grunnskólaaldri í skólanum greiðir Garðabær ár hvert fjárhæð sem er áætlaður meðaltalskostnaður á nemanda miðað við heildarrekstrarkostnað grunnskóla Garðabæjar fyrir viðkomandi ár skv. fjárhagsáætlun. Auk þess er samið sérstaklega um greiðslur vegna sérfræðiþjónustu.

Garðabær leigir Alþjóðaskólanum aðstoð í húsnæði Sjálandsskóla.

### Tafla 158: Fjöldi nemenda og stöðugilda hjá Alþjóðaskólanum á Íslandi

| | 2009 | 2010 | 2011 | 2012 | 2013 | 2014 | 2015 | 2016 | 2017 |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| Fjöldi nemenda | **40** | **44** | **44** | **65** | **60** | **55** | **72** | **73** | **89** |
| Stöðugildi kennara með réttindi | 4,8 | 4,8 | 6,2 | 8,1 | 8,5 | 8,8 | 9,2 | 10,3 | 9,5 |
| Stöðugildi kennara án réttinda | 2,0 | 2,0 | 1,8 | 1,9 | 1,8 | 1,9 | 2,0 | 1,0 | 1,8 |
| **Samtals kennarar** | **6,8** | **6,8** | **8,0** | **10,0** | **10,3** | **10,7** | **11,2** | **11,3** | **11,3** |
| Aðrir starfsmenn | | | | 1,6 | 1,6 | 1,5 | 1,4 | 2,3 | 1,7 |
| **Stöðugildi samtals** | **6,8** | **6,8** | **8,0** | **11,6** | **11,8** | **12,1** | **12,6** | **13,6** | **13,0** |
| Fjöldi nemenda á hvert stöðugildi | 5,9 | 6,5 | 5,5 | 5,6 | 5,1 | 4,5 | 5,7 | 5,4 | 6,8 |

Heimild: Samband íslenskra sveitarfélaga

Tafla 158 sýnir fjölda nemenda og stöðugilda við Alþjóðaskóla Íslands í Garðabæ. Rétt er að fram komi að í fjölda nemenda eru einnig taldir nemendur úr öðrum sveitarfélögum.

### Tafla 159: Rekstrargjöld á hvern nemanda í grunnskólum Garðabæjar og einkareknum grunnskólum sem Garðabær er með samninga við

| | Sjálands-skóli | Álftanes-skóli | Flataskóli | Garðaskóli | Hofsstaða-skóli | Samtals | Alþjóðaskóli Íslands | Barnaskóli Hjallastefnunnar í Garðabæjar |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| Fjöldi nemenda | 279 | 410 | 499 | 523 | 556 | **2.267** | 54 | 80 |
| Laun og launatengd gjöld | 387.499 | 517.310 | 503.183 | 516.520 | 524.083 | **2.448.594** | | |
| Annar rekstrarkostnaður | 60.455 | 71.305 | 76.473 | 88.705 | 92.472 | **389.410** | | |
| **Rekstrarkostnaður samtals** | **447.954** | **588.615** | **579.656** | **605.225** | **616.555** | **2.838.005** | **79.171** | **119.241** |
| Tekjur | 23.289 | 9.781 | 6.395 | 12.780 | 9.087 | **61.332** | | |
| | | | | | | | | |
| **Útgjöld á hvern nemanda:** | | | | | | | | |
| Laun og launatengd gjöld | 1.389 | 1.262 | 1.008 | 988 | 943 | **1.080** | | |
| Annar rekstrarkostnaður | 217 | 174 | 153 | 170 | 166 | **172** | | |
| **Rekstrarkostnaður samtals** | 1.606 | 1.436 | 1.162 | 1.157 | 1.109 | **1.252** | 1.470 | 1.500 |

Heimild: Samband íslenskra sveitarfélaga og Garðabær varðandi einkareknu grunnskólana

Tafla 159 sýnir samanburð á rekstrarkostnaði á hvern nemanda hjá grunnskólum Garðabæjar og einkareknum grunnskólum sem Garðabær er með samninga við.

Upplýsingar varðandi fjölda nemenda og kostnað vegna einkareknu grunnskólana eru fengnar hjá Garðabæ. Varðandi grunnskóla Garðabæjar eru upplýsingarnar fengnar á vef Sambands íslenskra sveitarfélaga.

## BÓKASAFN GARÐABÆJAR

Bókasafn Garðabæjar er upplýsingar-, menningar- og þjónustustofnun.

Bókasafnið er á Garðatorgi 7. Bókasafnið rekur jafnframt almenningsbókasafn með skólabókasafni í Álftanesskóla og í undirbúningi er að opna bókasafn í Urriðaholtsskóla.

Forstöðumaður bókasafnsins heyrir undir forstöðumann fræðslu- og menningarsviðs. Á bókasafninu eru samþykkt 6,1 stöðugildi en stöðugildin eru 5,8.

Bókasafns- og upplýsingafræðingur sem er í 100% starfi vinnur um 60% í bókasafninu á Garðatorgi og 40% í útibúinu á Álftanesi. Auk þessa eru tveir starfsmenn á Álftanesi í 20% stöðugildi hvor. Bókasafns- og upplýsingafræðingur er staðgengill forstöðumanns bókasafnsins.

Einn starfsmaður er með barnastarfið og er í 95% stöðugildi, starfsmaður í afgreiðslu er í 80% stöðugildi, starfsmaður yfir skráningu er í 49% stöðugildi og tveir þjónustufulltrúar sem eru í 50% og 62,5% stöðugildum hvor.

Opnunartími bókasafnsins er frá kl. 9:00 til 19:00 alla virka daga. Fyrsta föstudag í hverjum mánuði er opnað kl. 11:00 til að starfsmenn geta fundað. Frá 1. september til 31. maí er opið á laugardögum frá kl. 11:00 til 15:00.

Opnunartími á Álftanesi er mánudaga, þriðjudaga og fimmtudaga frá kl. 16:00 til 19:00, miðvikudaga frá kl. 16:00 til 21:00 og föstudaga frá kl. 16:00 til kl. 18:00.

Frá 15. júní til 15. ágúst er opið í útibúinu á Álftanesi mánudaga til fimmtudaga frá kl. 14:00 til 18:00. Lokað á föstudögum þessa tvo mánuði. Bókasafnið sér ekki um skólabókasafnið í bókasafninu á Álftanesi.

Að mati forstöðumanns væri skynsamlegt að bókasafnið sjái um skólabókasafnið í Álftanesskóla. Einn starfsmaður sjái um skólabókasafnið og almenna bókasafnið. Telur að um 10%-20% stöðugildi myndi sparast við það. Jafnframt væri hægt að auka þjónustuna.

Starfsmaðurinn í skólabókasafninu á Álftanesi er í 49% starfshlutfalli að sögn forstöðumanns en það er tímabundið. Staðan var 80% áður.

Með þessu fyrirkomulagi myndi safnkosturinn nýtast betur. Skólinn kaupir skólabækur fyrir skólabókasafnið. Bækur frá menntamálastofnun, bekkjarsett, kennarabækur o.s.frv. og bókasafnið fyrir útlánasal bókasafnsins á Álftanesi, hvort sem er fyrir börn eða fullorðna. Engin aðgreining.

Bókasöfnin í Kópavogi, Garðabæ og Hafnarfirði vinna saman þannig að kort sem keypt er t.d. í Garðabæ gildir einnig fyrir bókasafnið í Hafnarfirði og Kópavogi. Kortið gildir fyrir öll söfnin í þessum sveitarfélögum.

Að mati forstöðumanns ætti að skoða að eingöngu væri greitt ef bókum er ekki skilað á réttum tíma en ekki fyrir lán á bók. Sem sé fella niður ágjald og frátektargjald, nema af nýju efni.

Dagar sjá um ræstinguna. Ræst er tvisvar i viku á sumrin og þrisvar í viku á vetrum. Að mati forstöðumanns mættu þrifin vera betri.

Samskiptin við ráðhúsið er alveg til fyrirmyndar og eiga starfsmenn safnsins í góðum samskiptum við alla í ráðhúsinu. Hægt er að ná sambandi við alla að sögn forstöðumanns. Starfsfólk bókasafnsins við Garðatorg borðar í turni ráðhússins með starfsmönnum ráðhússins.

### Tafla 160 og mynd 17: Útlán skipt eftir mánuðum og klukkustundum árið 2018 og myndin sýnir útlán samtals fyrir allt árið 2018 skipt eftir klukkustundum hjá Bókasafni Garðabæjar, Garðatorgi

| Klukku-stund | Janúar | Febrúar | Mars | Apríl | Maí | Júní | Júlí | Ágúst | Septem-ber | Októ-ber | Nóvem-ber | Desem-ber | **Samtals** |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 00:00-00:59 | 15 | | 1 | | 5 | 22 | 8 | 18 | | | | 14 | **83** |
| 01:00-01:59 | | | | | | | | 6 | | | 10 | 1 | **17** |
| 02:00-02:59 | | | | | | 6 | | 13 | | | | | **19** |
| 03:00-03:59 | | | | | | | | | | | | 5 | **5** |
| 04:00-04:59 | 3 | | | | | | | | | | | | **3** |
| 05:00-05:59 | | | | | | | 1 | | | | 5 | | **6** |
| 06:00-06:59 | 16 | 2 | 2 | | 7 | | 7 | | | 1 | | | **35** |
| 07:00-07:59 | 17 | 2 | 9 | 1 | 3 | 1 | 10 | | 2 | | 8 | 4 | **57** |
| 08:00-08:59 | 19 | 8 | 14 | 12 | 31 | 13 | 233 | 16 | 12 | 25 | 11 | 7 | **401** |
| 09:00-09:59 | 111 | 131 | 168 | 173 | 150 | 206 | 396 | 189 | 100 | 196 | 249 | 101 | **2.170** |
| 10:00-10:59 | 276 | 295 | 256 | 257 | 316 | 304 | 623 | 401 | 176 | 217 | 277 | 242 | **3.640** |
| 11:00-11:59 | 300 | 449 | 451 | 379 | 413 | 461 | 504 | 485 | 388 | 447 | 353 | 361 | **4.991** |
| 12:00-12:59 | 373 | 332 | 296 | 397 | 299 | 343 | 691 | 373 | 351 | 437 | 374 | 390 | **4.656** |
| 13:00-13:59 | 506 | 490 | 431 | 438 | 508 | 439 | 606 | 567 | 424 | 554 | 532 | 433 | **5.928** |
| 14:00-14:59 | 658 | 601 | 686 | 594 | 669 | 544 | 830 | 706 | 733 | 756 | 761 | 472 | **8.010** |
| 15:00-15:59 | 713 | 465 | 517 | 575 | 530 | 549 | 844 | 659 | 598 | 582 | 643 | 600 | **7.275** |
| 16:00-16:59 | 650 | 705 | 763 | 877 | 738 | 670 | 743 | 811 | 692 | 802 | 981 | 579 | **9.011** |
| 17:00-17:59 | 777 | 652 | 653 | 699 | 722 | 722 | 427 | 844 | 694 | 830 | 715 | 611 | **8.346** |
| 18:00-18:59 | 434 | 551 | 367 | 404 | 380 | 408 | 19 | 524 | 391 | 355 | 378 | 328 | **4.539** |
| 19:00-19:59 | 20 | 60 | 61 | 24 | 20 | 30 | 36 | 19 | 14 | 47 | 37 | 31 | **399** |
| 20:00-20:59 | 20 | 2 | 2 | 22 | | 8 | | 15 | 25 | 16 | 33 | 32 | **175** |
| 21:00-21:59 | 8 | 35 | 5 | 20 | 19 | 23 | 8 | 10 | 38 | 13 | 38 | 50 | **267** |
| 22:00-22:59 | 16 | 23 | 30 | 9 | 16 | 10 | 13 | 31 | 12 | 29 | 20 | 25 | **234** |
| 23:00-23:59 | 23 | 9 | 7 | 23 | 3 | 7 | 3 | 26 | | 4 | 8 | 16 | **129** |
| **Samtals** | **4.955** | **4.812** | **4.719** | **4.904** | **4.829** | **4.766** | **6.002** | **5.713** | **4.650** | **5.311** | **5.433** | **4.302** | **60.396** |




Heimild: Landskerfi bókasafna

Tafla 160 sýnir fjölda útlána skipt eftir mánuðum og klukkustundum árið 2018 hjá Bókasafni Garðabæjar á Garðatorgi. Myndin sýnir útlán samtals allt árið 2018 skipt eftir klukkustundum.

Eins og taflan sýnir voru útlán samtals 60.396 og útlán í mánuði hverjum um 5.000. Flest voru útlánin í júlí, en þá voru þau 6.002. Fæst voru útlánin í desember, eða 4.302. Eins og myndin sýnir voru útlánin flest á tímabilinu frá kl. 11:00 til kl. 17:59. Flest voru útlánin á einni klukkustund á tímabilinu frá kl. 16:00 til 16:59, eða 9.011. Fæst voru útlánin á opnunartíma frá kl. 9 til 9:59 á morgnana eða samtals 2.170 allt árið.

### Tafla 161 og mynd 18: Útlán á bókum skipt eftir mánuðum og klukkustundum árið 2018 og myndin sýnir útlán samtals fyrir allt árið 2018 skipt eftir klukkustundum hjá Bókasafni Garðabæjar á Álftanesi

| Klukku-stund | Janúar | Febrúar | Mars | Apríl | Maí | Júní | Júlí | Ágúst | Septem-ber | Októ-ber | Nóvem-ber | Desem-ber | **Samtals** |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 03:00-03:59 | | | | | | | | | | | 1 | 5 | **6** |
| 00:00-00:59 | | | | | | | 5 | | | | | | **5** |
| 07:00-07:59 | | | | | 8 | | | | | 1 | 1 | 2 | **12** |
| 08:00-08:59 | 334 | 270 | 307 | 239 | 249 | 30 | | 99 | 220 | 265 | 311 | 141 | **2.465** |
| 09:00-09:59 | 51 | 46 | 40 | 33 | 31 | 13 | 7 | 57 | 28 | 34 | 85 | 11 | **436** |
| 10:00-10:59 | 55 | 49 | 45 | 55 | 25 | 52 | 3 | 85 | 73 | 88 | 162 | 66 | **758** |
| 11:00-11:59 | 113 | 106 | 105 | 96 | 71 | 39 | 4 | 32 | 77 | 196 | 156 | 110 | **1.105** |
| 12:00-12:59 | 50 | 12 | 21 | 43 | 9 | 6 | | 33 | 5 | 28 | 19 | 19 | **245** |
| 13:00-13:59 | 21 | 8 | 8 | 45 | 17 | 3 | 6 | 22 | 25 | 33 | 32 | 20 | **240** |
| 14:00-14:59 | 12 | 57 | 13 | 7 | 12 | 2 | 14 | 6 | 9 | 5 | 10 | 5 | **152** |
| 15:00-15:59 | 17 | 5 | 10 | 4 | 8 | 4 | 4 | 13 | 3 | 9 | 5 | 5 | **87** |
| 16:00-16:59 | 103 | 104 | 116 | 73 | 123 | 111 | 109 | 91 | 113 | 120 | 146 | 115 | **1.324** |
| 17:00-17:59 | 135 | 83 | 69 | 97 | 86 | 115 | 95 | 78 | 96 | 117 | 122 | 70 | **1.163** |
| 18:00-18:59 | 61 | 18 | 29 | 33 | 37 | 55 | 44 | 51 | 41 | 56 | 47 | 53 | **525** |
| 19:00-19:59 | 4 | 25 | 12 | 11 | 3 | 5 | 5 | 4 | 7 | 1 | 5 | 30 | **112** |
| 20:00-20:59 | 2 | 9 | 2 | 12 | 4 | 4 | 2 | 4 | 2 | 3 | 4 | 17 | **65** |
| 21:00-21:59 | | | | 3 | 2 | | | | 2 | | 3 | | **10** |
| 22:00-22:59 | | | 1 | | | | | 9 | | | | | **10** |
| 23:00-23:59 | | | | | | | | | | | 1 | | **1** |
| **Samtals** | **958** | **792** | **778** | **751** | **685** | **439** | **298** | **584** | **701** | **956** | **1.110** | **669** | **8.721** |




Heimild: Landskerfi bókasafna

Tafla 161 sýnir fjölda útlána á bókum skipt eftir mánuðum og klukkustundum árið 2018 á Álftanesi. Myndin sýnir útlán á bókum samtals allt árið 2017 skipt eftir klukkustundum.

Eins og taflan sýnir voru útlán samtals 8.721 á Álftanesi og útlán í mánuði hverjum frá 584 þegar þau voru fæst upp í ágúst í 1.110 í nóvember þegar þau voru flest. Útlán á opnunartíma almenningsbókasafnsins voru samtals 3.189, eða 37% af heildarútlánunum. Eins og myndin sýnir voru útlánin flest á tímabilinu frá kl. 8:00 til kl. 8:59, eða á skólatíma. Þá voru útlánin 2.465. Flest voru útlánin á opnunartíma almenningsbókasafnsins á tímabilinu frá kl. 16:00 til 16,59 eða 1.324. Fæst voru útlánin á opnunartíma almennings bókasafnsins á milli kl. 20:00 til 20:59, eða 65 allt árið.

Mynd 19: Útlán hjá Bókasafni Garðabæjar skipt eftir útlánastöðum og eftir árum árin 2008 til 2018




Heimild: Landskerfi bókasafna

Mynd 19 sýnir fjölda útlána hjá Bókasafni Garðabæjar skipt eftir útlánastöðum og árum árin 2008 til 2018.

Eins og taflan sýnir jukust útlánin á milli áranna 2008 til 2010. Síðan fækkaði þeim á milli ára fram til ársins 2017. En á milli áranna 2017 og 2018 fjölgaði þeim aftur. Þessi þróun virðist almennt hafa verið hjá bókasöfnum, þ.e. í upphafi þessa tímabils fjölgaði útlánum en fækkar svo. Þetta hefur verið skýrt með því að ein af afleiðingum hrunsins hafi verið sú að fólk hafi leitað meira í afþreyingu við bókalestur en áður.

## Hönnunarsafn Íslands

**Forstöðumaður Hönnunarsafns Íslands.**
Næsti yfirmaður forstöðumanns Hönnunarsafns Íslands er forstöðumaður fræðslu- og menningarsviðs. Þriggja manna stjórn er yfir hönnunarsafninu sem skipuð er af Garðabæ.

Opnunartími safnsins er frá kl. 12:00 til 17:00 alla daga nema mánudaga. Fólk er í tímavinnu á laugardögum og sunnudögum vegna opnunar. Aðgangseyrir er 1.000 kr.

Garðabær rekur Hönnunarsafn Íslands í samstarfi við ríkissjóð. Garðabær borgar 64,5 milljónir króna á ári og ríkið 16,8 milljónir króna að sögn forstöðumanns. Forstöðumaðurinn er starfsmaður Garðabæjar. Við hönnunarsafnið eru tvö og hálft stöðugildi með forstöðumanninum. Einn starfsmaður sér um skráningu og hálft stöðugildi er í móttöku. Síðan er tímavinnufólk sem vinnur um helgar. Safnið er opið frá kl. 12 til 17 um helgar.

Fram kom í máli forstöðumanns mikil ánægja með samstarfið við Garðabæ varðandi rekstur hönnunarsafnsins. Fær góða þjónustu frá ráðhúsinu m.a. launadeild og bókhaldi og samvinnan góð.

Ef eitthvað kemur upp varðandi húsnæðið þá er haft samband við umsjónarmenn fasteigna hjá Garðabæ sem bregðast vel við. Allt samstarfið við Garðabæ er til fyrirmyndar.

Hönnunarsafnið gæti verið með ýmis konar kennslu eins og t.d. varðandi borgarkortin sem safnið er með til sýnis í augnablikinu (júlí 2019), einnig almennt varðandi hönnun og nýsköpun en þessir möguleikar eru ekki nýttir sem skyldi þar sem enginn starfsmaður er ráðinn í safnafræðslu.

Rúmlega 7.000 gestir komu á s.l. ári. Hönnunarsafnið var með sýningu í Kaupmannahöfn. Sýningin var um íslensku lopapeysuna. Gestir á þá sýningu voru fleiri en 7.000. Einnig var safnið með sýningu á hótelinu í Bláa Lóninu á íslenskri leirlist.

### Tafla 162: Rekstrargjöld og -tekjur hjá Hönnunarsafni Íslands

| | | | | Breyting | |
|---|---|---|---|---|---|
| | 2016 | 2017 | 2018 | 2017/2018 | 2016/2018 |
| Aðgangseyri | 505 | 768 | 1.121 | 46% | 122% |
| Sölutekjur | 2.924 | 2.703 | 3.384 | 25% | 16% |
| Endurgreiðslur ríkissjóður | 14.800 | 15.400 | 16.400 | 6% | 11% |
| Styrkir og framlög | 1.250 | 3.012 | 4.122 | 37% | 230% |
| Aðrar tekjur | 560 | 4.609 | 2.668 | -42% | 376% |
| Tekjur samtals | 20.039 | 26.492 | 27.695 | 5% | 38% |
| Mánaðarlaun | 14.417 | 14.924 | 15.724 | 5% | 9% |
| Yfirvinna | 5.860 | 6.496 | 6.582 | 1% | 12% |
| Önnur laun og starfsmannakostnaður | 1.522 | 776 | 2.452 | 216% | 61% |
| Launatengd gjöld | 5.564 | 5.918 | 5.621 | -5% | 1% |
| Vörukaup alls | 7.469 | 10.868 | 10.593 | -3% | 42% |
| Leigugreiðslur | 31.545 | 32.344 | 33.244 | 3% | 5% |
| Þjónustukaup, önnur | 12.296 | 14.876 | 18.188 | 22% | 48% |
| Gjöld samtals | 78.673 | 86.201 | 92.403 | 7% | 17% |
| **Gjöld að drádregnum tekjum** | **58.634** | **59.709** | **64.708** | 8% | 10% |
| Yfirvinna sem hlutfall af mánaðarlaunum | 41% | 44% | 42% | | |

Heimild: Garðabær

Tafla 162 sýnir rekstrargjöld og -tekjur hjá Hönnunarsafni Íslands árin 2016 til 2018.

Á tímabilinu eru tekjur að hækka nokkuð, eða um 38%. Yfirvinna eykst lítillega bæði í krónum talið og sem hlutfall af mánaðarlaunum.

Vörukaup og þjónustukaup aukast nokkuð á tímabilinu.

## TÆKNI- OG UMHVERFISSVIÐ

Tækni- og umhverfissviði er skipt í þrjár deildir.

Mynd 20: Skipurit tækni- og umhverfissvið




Heimild: Garðabær

Mynd 20 sýnir skipurit tækni- og umhverfissviðs eins og það lítur út eftir yfirferð skýrsluhöfundar með bæjarverkfræðingi um verkaskiptingu á sviðinu.

Bæjarverkfræðingur heyrir undir bæjarstjóra.

Undir forstöðumann sviðsins (bæjarverkfræðing) heyrir skipulagsstjóri, byggingarfulltrúi og forstöðumaður Samveitna, framkvæmda og eigna. Auk þess er aðstoðarmaður forstöðumanns, sem er umhverfisverkfræðingur.

Aðstoðarmaðurinn sinnir umhverfismálum og almennri verkefnastjórnun, m.a. verkefnastjórn fyrir fjölnota íþróttahús, þar sem framkvæmdir standa yfir o.s.frv.

Aðstoðarmaðurinn situr fundi bæjarverkfræðings (forstöðumanns sviðsins) með bæjarstjóra þar sem farið er m.a. yfir stöðu verklegra framkvæmda.

Hjá byggingarfulltrúa starfar móttökuritari, sem tekur á móti gögnum, skráir þau og heldur utanum gögn hjá byggingarfulltrúa. Móttökuritarinn vinnur eingöngu fyrir byggingarfulltrúa.

Með skipulagsstjóra starfar skipulagsfræðingur og að auki lóðaritari, sem m.a. annast lóðaskráningu, heldur utanum lóðablöð og aðstoðar skipulagsstjóra.

Samkvæmt því sem fram kemur á mynd 20 eru átta stöðugildi á sviðinu. Þar af eru sjö í ráðhúsinu og eitt staðsett í þjónustumiðstöðinni (áhaldahúsi) að Lyngási 18. Að Lyngási eru auk þessa samtals 30 stöðugildi, 13 í þjónustumiðstöð, 14 í garðyrkjudeild og tvö hjá Samveitum. Auk þess eru fimm stöðugildi húsumsjónarmanna sem eru

staðsettir í grunnskólum bæjarfélagsins. Samtals heyra því undir tækni- og umhverfissvið 43 stöðugildi.

**Skipulagsstjóri**
Næsti yfirmaður skipulagsstjóra er bæjarverkfræðingur.

Með skipulagsstjóra starfar skipulagsfræðingur og fulltrúi þeim til aðstoðar. Alls 3 stöðugildi.

Skipulagsstjóri er framkvæmdastjóri skipulagsnefndar sbr. 1. mgr. 7.gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Þungamiðjan í starfi skipulagsstjóra er að halda skipulagsfundi og setja mál þar á dagskrá í samráði við formann og beina málum í þann farveg sem þau eiga að fara.

Auk þess eru ýmsar daglegar afgreiðslur og samskipti við byggingarfulltrúa og framkvæmdadeildina. Umtalsverður erill og áreiti fylgir starfinu.

Aðstaða skipulagsstjóra og þeirra sem með honum starfa er mjög góð, rúmgóð skrifstofuherbergi og aðgengi að góðum og vel útbúnum fundarherbergjum sem hafa eflst gríðarlega mikið eftir að fundarherbergin í Sveinatungu bættust við.

Krefjandi getur reynst að vinna úr „löngum hala“ verkefna sem eru til úrvinnslu. Þau verk felast í að koma ýmsum málum til Skipulagstofnunar, vinna svör við athugasemdum sem berast varðandi skipulagsmál, fylgja eftir umsögnum og verkstýra ráðgjöfum. Skipulagsstjóri væntir þess að nýráðinn skipulagsfræðingur geti komið að þessum málum með honum og er reynslan af því samstarfi nú þegar mjög góð.

Þau verkefni sem eru á höndum skipulagsstjóra og fulltrúi sér mest um að annast, eru lóðaskráningar og samskipti við fasteignamat og sýslumann. Sjá til að lóðablöð séu útbúin á grundvelli skipulags. Bæjarritari leitar til fulltrúa hjá skipulagsstjóra við gerð lóðaleigusamninga. Fulltrúi annast jafnframt framkvæmd grenndarkynninga.

Eftir sameiningu sveitarfélaganna tók umtalsverðan tíma að leysa ýmis flókin skipulagsmál á Álftanesi. Í dag eru þau mál auðveldari þar sem að mikil þekking hefur skapast á málefnum Álftaness. Unnið er að því að bæta upplýsingar um eignarhald og eignamörk á Álftanesi.

Vinna við deiliskipulag og önnur skipulagsverkefni er að öllu leyti aðkeypt þjónusta skipulagsráðgjafa. Miklu skiptir að samskipti við ráðgjafa séu góð, að traust ríki á milli verktaka og verkkaupa og að kostnaðarvitund sé vakandi. Framundan eru stór verkefni við ný þéttingarsvæði innan sveitarfélagsins. Þó eru ýmis verkefni sem æskilegra er að séu unnin hjá embættinu eins og úrvinnsla athugasemda og ábendinga eins og gert er.

Skipulagsstjóri hefur heimild til þess samkvæmt samþykkt bæjarstjórnar árið 2017 að afgreiða mál eins og að vísa óverulegum deiliskipulagsbreytingum til grenndarkynningar, senda þau til Skipulagsstofnunar, beita frávikum og fleiri málum í samræmi við skipulagslög. Mál þessi er lögð fram á sérstökum afgreiðslufundum skipulagsstjóra. Tilgangur þessara heimilda er að létta á verkefnum skipulagsnefndar og sjá til þess að nefndin einbeiti sér að þeim verkefnum sem máli skipta. Fram hefur komið sú skoðun yfirstjórnar að skipulagsstjóri gæti notað afgreiðslufundi meira en verið hefur og tekur skipulagsstjóri undir það.

Afgreiðslufundi skipulagsstjóra sitja skipulagsstjóri, bæjarverkfræðingur (forstöðumaður sviðsins) og skipulagsfræðingur á embætti skipulagsstjóra og

bæjarritari. Byggingarfulltrúi hefur ekki setið afgreiðslufundi skipulagsstjóra. Að mati skipulagsstjóra ætti byggingarfulltrúi að sitja þessa fundi.

Auk nefndarmanna og skipulagsstjóra sitja byggingarfulltrúi, bæjarverkfræðingur og skipulagsfræðingur á embætti skipulagstjóra skipulagsfundi. Einnig hefur fulltrúi á embætti skipulagsfulltrúa setið skipulagsnefndarfundi. Ástæða þess að fulltrúi situr fundi má rekja til þess tíma að skipulagsstjóri óskaði eftir því til þess að fleiri hjá embættinu hefðu innsýn í störf nefndarinnar og gætu verið til svara um ferli mála. Nú þegar skipulagsfræðingur hefur komið til starfa má líta svo á að ekki sé þörf á því að fulltrúi sitji þessa fundi einnig.

Þegar umsókn berst um byggingarleyfi sem þarfnast skipulagsbreytinga skal byggingarfulltrúi gera viðkomandi grein fyrir því að hann eigi að sækja um breytingu á skipulagi til skipulagsstjóra.

Fram kom í máli skipulagstjóra að hann hefði stundum viljað geta fylgt málum betur eftir í bæjarráði. Jafnframt að góður andi væri á vinnustaðnum og hann eigi gott samstarf við bæjarverkfræðing og aðra starfsmenn á tækni- og umhverfissviði.

Reglulegir fundir skipulagsstjóra og bæjarverkfræðings með bæjarstjóra og bæjarritara um skipulagsmál, sem komið var á í upphafi síðasta kjörtímabils, eru mjög til bóta og væntir skipulagsstjóri þess að því fyrirkomulagi verði viðhaldið.

**Byggingarfulltrúi**
Næsti yfirmaður byggingarfulltrúa er bæjartæknifræðingur.

Byggingarfulltrúi hefur með allt að gera sem viðkemur byggingamálum í sveitarfélaginu. Samkvæmt gæðahandbók Garðabæjar um stjórnkerfi byggingarfulltrúa segir:

STE-002/01 - Embætti byggingarfulltrúa
Byggingarfulltrúi ber ábyrgð á að marka og viðhalda stefnu, og tryggja að henni sé framfylgt, meðal annars með því að reka virkt stjórnkerfi. Handbók stjórnkerfis byggingarfulltrúa lýsir uppbyggingu stjórnkerfis, lýsingum á ferlum ásamt tilheyrandi skjölum byggingarfulltrúa. Embætti byggingarfulltrúans starfar á grundvelli mannvirkjalaga nr. 160/2010, byggingarreglugerðar nr. 112/2012 og samþykktum sveitastjórnar svo og öðrum þeim lögum, reglugerðum og samþykktum sem byggingarmál varða.

Embætti byggingarfulltrúa hefur á að skipa byggingarfulltrúa ásamt einum starfsmanni sem annast skráningu og móttöku á gögnum. Frágang á gögnum og almenn störf. Einnig er umsjón með skönnun og skráningu á teikningum inn í kortagrunn Garðabæjar.

Yfirferð byggingarmála, teikningar: Allar byggingarleyfisumsóknar eru teknar til skoðunar á grundvelli skipulagsskilmála og byggingarreglugerðar nr. 112/2012.

Yfirferð aðaluppdrátta, á grundvelli skipulagsskilmála, vegna byggingarleyfisumsókna í Urriðaholti er framkvæmd af Arkís. Arkís er skipulagshönnuður í Urriðaholti. Skipulag þar er flókið og yfirferð tímafrek. Því var tekin sú ákvörðun árið 2012 að láta deiliskipulagshönnuði sjá um yfirferð teikninga á grundvelli skipulagsákvæða.

Í öðrum hverfum Garðabæjar er yfirferð, á grundvelli skipulags, í höndum byggingarfulltrúa. Ef byggingarleyfi er ekki í samræmi við skipulagsskilmála hverfis, er

erindi sent til skipulagsstjóra Garðabæjar til umsagnar. Erindi eru ýmist afgreidd á afgreiðslufundum skipulagsstjóra eða á fundi skipulagsnefndar Garðabæjar.

Byggingarfulltrúi situr fundi skipulagsnefndar en hefur ekki verið boðaður á afgreiðslufundi skipulagsstjóra.

Í Garðabæ fer bæjarráð með hlutverk byggingarnefndar í samræmi við 7. gr. laga um mannvirki nr. 160/2010.

Þegar byggingarfulltrúi hefur farið yfir byggingarleyfisumsókn og samþykkir framlögð gögn, er erindi sent til byggingarnefndar/bæjarráðs til samþykktar á byggingaráformum.

Byggingaráform heimila ekki framkvæmdir. Eftir að byggingaráform eru samþykkt þarf að skila inn gögnum í samræmi við 13. gr. laga um mannvirki og gr. 2.4.4 byggingarreglugerðar nr. 112/2012 til útgáfu á byggingarleyfi. Byggingarfulltrúi sér um útgáfu á byggingarleyfum.

Byggingarfulltrúi situr ekki fundi bæjarráðs. Bæjarverkfræðingur situr fundi bæjarráðs vegna mála frá byggingarfulltrúa.

Byggingarleyfi: Frá því að byggingarleyfisumsókn er lögð inn tekur 7 daga að afgreiða erindi til samþykktar á byggingaráformum, svo framarlega að gögn séu athugasemdalaus. Ef athugasemdir eru gerðar við umsóknir, fer málsmeðferð umsókna eftir eðli- og athugasemdum hvers máls. Reynt er eftir fremsta megni að afgreiða öll mál á sem skemmstum tíma og innan eðlilegra tímamarka skv. stjórnsýslulögum. Þegar mikið af gögnum kemur inn til afgreiðslu er líklegt að tíminn sem það tekur að taka málið fyrir lengist.

Eftirlit og úttektir: Byggingarfulltrú sér um allt eftirlit og úttektir á byggingarframkvæmdum.

Úttektir eru: Áfangaúttektir, stöðuúttektir (skv. ÍST 51), öryggis- og lokaúttektir.

Með breytingu á byggingarreglugerð nr. 112/2012 í janúar 2019 hafa áfangaúttektir verið færðar yfir á byggingarstjóra. Í stað áfangaúttekta byggingarfulltrúa eru nú komnar stöðuskoðanir. Stöðuskoðanir eru eftirlit byggingarfulltrúa með verklagi byggingarstjóra að farið sé eftir lögum og reglum. Enn er verið að gera áfangaúttektir hjá þeim byggingarstjórum sem óskað hafa eftir slíku. En þeim verður hætt í janúar 2020, þegar úttektarapp ONEsystems verður komið í fulla notkun.

Áfram verður sinnt stöðuúttektum, stöðuskoðunum og öryggis- og lokaúttektum. Öll eftirvinnsla og skráning vegna úttekta og eftirlits er gerð af byggingarfulltrúa.

Gjaldskrá byggingarfulltrúa: Í byggingarleyfisgjaldi er innifalið, ein lokaúttekt og 10 – 12 stöðuskoðanir (áður áfangaúttekt). Þurfi að fara í fleiri skoðanir er ekki rukkað aukalega fyrir slíkt.

Allar stöðuúttektir og öryggisúttektir er verkaupi rukkaður fyrir. Lokaúttekt sem ekki telst fulllokin er skráð sem öryggisúttekt.

Lokaúttekt á eldra húsnæði sem ekki hefur fengið slíka úttekt í samræmi við lög, er rukkað fyrir í samræmi við gjaldskrá. Telst slík úttekt sem stöðuúttekt.

Samningur hefur verið gerður við Verkfræðistofuna Strending um byggingareftirlit og úttektir í sveitarfélaginu. Greiðsla til Strendings fyrir árið 2018 var 23.586.101 kr. fyrir 1.274 tíma sérfræðivinnu. Starfsmenn Strendings eru faglegir í sinni vinnu og sinna starfi sínu vel.

Skráning mannvirkja: Öll fasteignaskráning og umsýsla eignaskiptasamninga er framkvæmd af byggingarfulltrúa. Byggingarfulltrúi sér um móttöku og alla umsýslu samninga. Bæði nýja og breytingar á eldri samningum.

Yfirferð á samningum er aðkeypt og er í dag framkvæmd af Þjóðskrá Íslands samkvæmt gjaldskrá. Yfirferð Þjóðskrár er einungis til að villuleita hlutfallsprósentur og orðalag í samningum. Garðabær greiðir fyrir þessa þjónustu en eigendur hafa ekki greitt fyrir þessa þjónustu eins og heimilt er í lögum.

Beinn aðgangur að starfsmanni: Á heimasíðu Garðabæjar eru gefin upp bein símanúmer starfsmanna og tölvupóstar að sögn byggingarfulltrúa.

Vegna þessa er hægt að hafa beint samband við starfsmann án þess að þjónustuver taki við símtali og beini því áfram á réttan starfsmann. Beinn aðgangur að starfsmanni veldur óþarfa áreiti og truflun á þeirri skjalavinnslu sem þarf að fara fram að sögn byggingarfulltrúa.

Hjá byggingarfulltrúa er komin sú stefna að hafa símatíma á milli kl 10 - 11 og viðtalstíma á skrifstofu frá 11 – 12 alla virka daga. Hægt er að hringja í þjónustuver Garðabæjar og panta tíma. Símatímar eru skráðir niður og hringir byggingarfulltrúi til baka á fyrirfram ákveðnum tíma. Þessi þjónusta hefur mælst vel hjá viðskiptavinum í Garðabæ. Ekki er mikið um að óskað sé eftir viðtölum á skrifstofu en í staðinn eru símtöl skráð í viðtalstíma. Því má segja að símatímar séu um 2 tíma á dag. Þó svo að síma- og viðtalstímar séu skráðir 2 tímar á dag er stanslaust áreiti í síma og á skrifstofu. Þetta áreiti tefur fyrir allri pappírsvinnu og umsýslu gagna sem þarf að sinna. Vinnsla gagna fær því ekki þann tíma sem hún á að fá að sögn byggingarfulltrúa.

Þjónustuver: Í þjónustuverinu eru starfsmenn sem leggja sig fram í að læra og fara eftir því verklagi sem lagt hefur verið fram varðandi byggingarleyfisumsóknir, móttöku og umsýslu gagna að sögn byggingarfulltrúa.

Þjónustuver tekur við símtölum og afgreiðir mál eins og mögulegt er.

Fram kom í máli byggingarfulltrúa að of mörgum símtölum er beint á byggingarfulltrúa. Þegar óskað er eftir byggingarfulltrúa er skráður símatími. Það þarf að greina betur erindið áður en símatíminn er skráður. Það eru ekki margir sem átta sig á því að það eru skipulagsstjóri og bæjarverkfræðingur einnig starfandi á deildinni. Eða hvort aðrir starfsmenn geti svarað erindinu.

Jafnframt kom fram að varðandi móttöku gagna mætti aðkoma þjónustuvers vera meiri en hún er í dag. Gögn eru ekki skráð inn í kerfið heldur send upp á tæknideild óskráð. Hér er ekki verið að tala um teikningar.

**Forstöðumaður Samveitna, framkvæmda og eigna**
Næsti yfirmaður forstöðumanns Samveitna, framkvæmda og eigna er bæjarverkfræðingur.

Undir forstöðumann Samveitna, framkvæmda og eigna heyrir viðhald eigna, þjónustumiðstöð, garðyrkjudeild og Samveitur.

Megin verkefni forstöðumannsins er rekstur allra fasteigna hjá sveitarfélaginu og þá sérstaklega viðhald þeirra. Fram kom í máli forstöðumannsins að hann telur að alltof lítið fjármagn sé sett í viðhald á fasteignum hjá sveitarfélaginu. Jafnframt að efla þurfi störf húsumsjónarmanna, sem starfa við skólamannvirki hjá sveitarfélaginu. Í sumum tilfellum skipta þeir ekki um perur svo dæmi sé nefnt.

Auk framanritaðs fer um helmingur af tíma forstöðumannsins í störf tengd veitum, vatns- og fráveitu. Tekur við öllum umsóknum um nýjar heimæðar, skrifar alla reikninga (fylgiskjöl) vegna vatnsveitu og yfirfer alla reikninga vegna Samveitna. Í viku hverri þarf forstöðumaðurinn að fara yfir um 400 reikninga sem hann þarf að samþykkja. Það hefur tekið um tvo daga í viku að fara yfir þessa reikninga og samþykkja þá. Um er að ræða reikninga vegna eigna og Samveitna. Yfirmenn þjónustumiðstöðvar og garðyrkju fara yfir reikninga, sem tilheyra þeirra stofnunum.

Nýlega hefur forstöðumaður fengið aðstoðarmann varðandi umsjón og viðhald fasteigna. Um er að ræða umsjónarmann fasteigna sem ráðinn var vegna reksturs bæjarins á hjúkrunarheimilinu Ísafold og var hann áður með aðsetur þar. Eftir að Hrafnista tók yfir rekstur Ísafoldar var umsjónarmaðurinn fluttur á skrifstofu þjónustumiðstöðvar til aðstoðar forstöðumanni varðandi umsjón og viðhald fasteigna. Hann sinnir umsjón með verkbeiðnakerfi, „ManManager", og úttektum á öryggiskerfum. Aðstoðarmaðurinn er ráðinn sem umsjónarmaður fasteigna og til að hafa umsjón með húsumsjónarmönnum.

Auk þessa eru fimm umsjónarmenn fasteigna á sviðnu, sem staðsettir eru í grunnskólunum. Sumir þeirra sinna ýmis konar viðhaldi í sínum byggingum. Forstöðumaður fer á alla fundi þar sem eru verklegar framkvæmdir við húseignir standa yfir (ekki nýframkvæmdir). Einnig hefur forstöðumaður setið fundi varðandi endurnýjun lagna í götum en þessar framkvæmdir hafa staðið yfir frá 2015.

Garðyrkjustjóri annast útboð á grasslætti og hefur gert það vel að sögn forstöðumanns. Hann fylgir verkum eftir hjá verktökum og gerir athugasemdir. Garðlist sér um grasslátt að mestu leyti hjá bænum nema á Álftanesi.

Garðlist sér um allan grasslátt við stofnanir bæjarins.

Forstöðumaðurinn er í miklu sambandi við veitustjóra Samveitna og húsumsjónarmenn en í minna sambandi við forstöðumann þjónustumiðstöðvar og garðyrkjustjóra.

Þessir aðilar funda ekki reglulega.

Haldnir eru fundir einu sinni í mánuði vegna Samveitna og situr fulltrúi frá Eflu þá fundi einnig. Efla hefur yfirumsjón og er ráðgefandi fyrir endurnýjun lagna í veitukerfi bæjarins og er til taks við ýmis konar lausnir þar sem upp koma vandamál.

Framkvæmt er innra eftirlit með vatnsveitunni tvisvar á ári og framkvæmir Mannvit það.

Fundað var alltaf einu sinni í mánuði með húsumsjónarmönnum en það var ekki gert s.l. vetur.

Húsumjónarmenn sjá um kaup á ýmis konar rekstrarvörum fyrir þá skóla sem þeir starfa fyrir og er ákvörðun um hvar skuli verslað hjá yfirmönnum skólanna (yfirleitt skólastjórum), þeir sjá um innkaup á hreingerningaefnum. Þeir versla inn hver í sínu

horni að sögn forstöðumanns. Fram kom í máli forstöðumannsins að hann vildi sjá meiri orkuvöktun á fasteignum bæjarins. Hlutir sem hann kemst ekki yfir að gera.

Fram kom í máli forstöðumannsins að það eru ekki tæknimenntaðir menn sem vinna i sundlaugunum. Eru að reka fjórar sundlaugar. Þar hefði þurft að vera véltæknimenntaður maður til að hafa yfirumsjón með búnaði sundlauganna.

Mikið áreiti er á forstöðumanninum vegna tölvupósta. Fær allt að 80 tölvupósta á dag. Að hans sögn kemst hann ekki yfir að svara öllum þessum póstum.

Vinnustund. Forstöðumaður fer yfir vinnustund hjá næstu undirmönnum. Fer yfir vinnustund hjá umsjónarmönnum fasteigna, starfsmönnum Samveitna og yfirmönnum áhaldahúss og garðyrkju.

Allir starfsmenn eiga að stimpla sig inn á vinnustað, annað er bannað, það kom í ljós að nokkrir starfsmenn höfðu verið að stimpla sig inn með öðrum hætti en það hefur vonandi verið stöðvað nú, að sögn forstöðumanns.

Útkallsþjónustna. Fram kom hjá forstöðumanni að hann er ekki klár á því hvernig bakvaktarfyrirkomulag er í þjónustumiðstöð vegna snjómoksturs en Vegagerðin vaktar þörf á snjómokstri fyrir bæjarfélagið.

Bakvaktir eru hjá Samveitum. Þar eru tveir fastir starfsmenn og standa þeir bakvaktir aðra hvora viku. Ekki er greitt fyrir bakvakt ef þeir lenda í útkalli að sögn forstöðumanns.

Tafla 163: Kostnaður vegna viðhalds fasteigna hjá Garðabæ árin 2015 til 2019

| | 2015 | 2016 | 2017 | 2018 | 2019 |
|---|---|---|---|---|---|
| Eignasjóður | 211.500 | 203.110 | 224.150 | 241.650 | 236.300 |
| Ísafold | 3.000 | 2.000 | 4.000 | 4.000 | 4.000 |
| Félagslegt húsnæði | 4.000 | 5.500 | 8.000 | 9.500 | 9.000 |
| **Samtals** | **218.500** | **210.610** | **236.150** | **255.150** | **249.300** |

Heimild: Forstöðumaður Samveitna, framkvæmda og eigna

Tafla 163 sýnir það fjármagn sem varið hefur verið í viðhald á fasteignum hjá sveitarfélaginu árin 2015 til 2019 (áætlun).

Eins og taflan sýnir hefur verið varið í viðhald fasteigna þessi ár frá 210 milljónum króna til 255 milljónir króna árlega á verðlagi hvers árs. Viðhald er svo til allt unnið af verktökum.

**Veitustjóri Samveitna**
Næsti yfirmaður veitustjóra er forstöðumaður Samveitna, framkvæmda og eigna.

Undir veitustjóra Samveitna heyrir vatns- og fráveita. Undir hann heyrir einn starfsmaður en heimild er fyrir tveimur stöðugildum til viðbótar, eða samtals fjórum stöðugildum hjá Samveitum. Að sögn veitustjóra hefur ekki tekist að manna þessar tvær stöður vegna kjaramála. Starfsmaðurinn sem heyrir undir veitustjóra er að mestu að verki úti ásamt veitustjóra. Síðan getur veitustjóri kallað til verktaka ef þörf gerist.

Öll stærri verk eru unnin af verktökum og ýmis smærri sem starfsmenn Samveitna komast ekki yfir.

Dagsdaglega eru starfsmenn Samveitna að vinna við leit að leka og að laga lekavandamál sem komið hafa upp jafnhliða þjónustu við bæjarbúa. Jafnframt ef um tengingar inn á æðar bæjarfélagsins er að ræða sinna þeir því.

Starfsmenn Samveitna sinna mælaeftirliti vegna aukavatnsskatts og lesa af mælum. Þeir annst dælubrunna fyrir neysluvatn sem þarf að yfirfara og taka út. Jafnframt sjá þeir um viðhald á brunahönum sem og að taka þá út einu sinni á ári hverju. Jafnframt skipta þeir um brunahana gerist þess þörf.

Bærinn á og rekur fráveitu í öllu sveitarfélaginu. Á sama hátt vatnsveituna nema á Álftanesi, þar á og rekur Orkuveitan vatnsveituna.

Verktakar annast alla jarðvinnu fyrir Samveitur en starfsmenn Samveitna leggja síðan í skurði.

Veitustjóri sér um að panta allt efni fyrir verktaka. Mikil vinna fer í það. Að mati veitustjóra telur hann réttara að ef verktakar taki að sér verk sjái þeir jafnframt um efniskaup vegna verksins ef um stærri verk er að ræða.

VSÓ sér um eftirlit á Lindarflöt og Smáraflöt. Efla annast ýmis konar ráðgjöf og hönnun að sögn veitustjóra. Vista sér um og annast búnað er sýnir rennsli og þrýsting í veitukerfi bæjarins.

Veitustjóri er með 40 klukkustundir í fasta yfirvinnu á mánuði eins og aðrir starfsmenn í þjónustumiðstöð og garðyrkjudeild. Þeir byrja að vinna kl. 7:20 og eru að vinna til kl. 17:00 og á föstudögum er unnið frá kl. 7:20 til 15:30.

Veitustjóri og starfsmaður hans skipta með sér bakvöktum aðra hverja viku vegna Samveitna.

Bakvakt byrjar kl. 17:00 á mánudegi og endar kl. 7:20 á mánudagsmorgni viku seinna. Bakvaktir eru fyrir utan reglubundinn vinnutíma á þessu tímabili.

Greitt er fyrir alla vinnu í yfirtíð sem fer fram eftir kl. 17:00 og 15:30 á föstudögum til kl. 7:20 næsta virka dag.

Samveitur hafa tvær bifreiðar, sendiferðabíla, til afnota.

Forstöðumaður Samveitna, framkvæmda og eigna fer yfir Vinnustund hjá veitustjóra. Veitustjóri fer yfir vinnustund annarra starfsmanna Samveitna.

Veitustjóri fer yfir reikninga en Samveitan samþykkir þá. Hann hefur ekki samþykkt reikninga í samþykktarkerfinu. Hefur ekki haft aðgang en er í vinnslu. Allt sem veitustjóri kaupir samþykkir forstöðumaður Samveitna, framkvæmda og eigna eins og staðan er í dag. Notast er við beiðnabækur. Leggja þarf fram beiðni fyrir öllu sem keypt er.

Einu kortin sem starfsmenn Samveitna eru með eru olíukortin vegna kaupa á olíu á bílana og aðgangskort vegna aðgengis. Forstöðumaður áhaldahúss fer yfir reikninga vegna olíukaupa.

Fram kom í máli veitustjóra að það væri gott að vinna hjá bæjarfélaginu og haldið vel utanum starfsmenn.

**Garðyrkjustjóri**

Garðyrkjustjóri heyrir undir forstöðumann Samveitna, framkvæmda og eigna. Á garðyrkjudeild eru 14 stöðugildi með garðyrkjustjóra, þar af eru fjórir lausráðnir, sem starfað hafa allt árið að sögn garðyrkjustjóra. Stöðugildin skiptast sem hér segir samkvæmt upplýsingum frá garðyrkjustjóra:

| | |
|---|---|
| Garðyrkjustjóri | 1,00 stöðugildi |
| Verkefnastjóri | 1,00 st. |
| Garðyrkjufræðingur | 1,00 st. |
| Smiður | 1,00 st. |
| Flokkstjóri I | 1,00 st. |
| Tækjamaður I | 2,00 st. |
| Verkamaður | 3,00 st. |
| Lausráðnir | 4,00 st. |
| **Samtals** | **14,00 st.** |

Það eru 10 stöðugildi fastráðinna í garðyrkjudeild. Auk þess eru fjögur stöðugildi fyrir lausráðna, sbr. hér að framan. Þar af eru þrír ráðnir til 10. september 2019 og einn er með ráðningu til 31. desember 2019.

Verkefnastjóri er ígildi umhverfisstjóra að sögn garðyrkjustjóra. Annast hreinsunarátak í bæjarfélaginu. Hefur umsjón með friðlöndum, Heiðmörk o.fl., og allt sem viðkemur því sem ekki er innan þéttbýlis í bæjarfélaginu, útmörk. Verkefnastjóri er í samskiptum við umhverfisnefnd. Garðyrkjustjóri situr ekki fundi umhverfisnefndar heldur verkefnastjóri. Verkefnastjóri hefur ekki mannaforræði.

Garðyrkjufræðingur er yfirverkstjóri yfir öllum sumarstarfsmönnum á garðyrkjudeild. Garðyrkjudeildin ræður 18 ára og eldri til að vinna yfir sumarmánuðina. Í sumar (2019) hefur verið erfitt að ráða fólk. Vegna þess hefur þurft að leggja niður sláttuhóp sem var og bæta meiru á verktaka og umsjónarmann umhverfishóps, sem starfar yfir sumarmánuðina.

Smiðurinn fylgist með stofnanalóðum og opnum leikvöllum. Hann gerir við og kallar á verktaka. Hann annast um allt viðhald leiktækja á stofnanalóðum, opnum leikvöllum og sparkvöllum. Smiðurinn er með verkstjórn á 2-3 starfsmönnum. Smiðurinn annast rekstrarskoðanir á stofnanalóðum og opnum völlum.

Umsjónarmaður skólagarða (verkamaður) sér um skólagarða og hefur sinnt landvörslu á friðlýstum svæðum og öðrum náttúrusvæðum í Garðabæ. Umsjónarmaðurinn hefur lokið námi í landvörslu, er ígildi landvarðar í Garðabæ að sögn garðyrkjustjóra. Umsjónarmaðurinn hefur sinnt veiðieftirliti í friðlandi Vífilsstaðavatns og tínir þar rusl, hefur eftirlit með banni við hundum um varptímann við vatnið, uppsetningu leiðbeiningaskilta, hefur aðstoðað verkefnastjóra við skýrslugerð o.fl. Hefur umsjón með skólagörðum, sem starfræktir eru yfir sumarmánuðina. Skólagarðar eru í Silfurtúni. Auk þessa hefur garðyrkjustjóri nýtt umsjónarmanninn við ýmis smá verkefni svo sem að laga blómakörfur o.s.frv. Fram kom í máli garðyrkjustjóra að það væru gríðarleg verðmæti fyrir hann að hafa starfsmann sem getur sinnt skólagörðum eins vel og umsjónarmaðurinn gerir.

Mikill tími hjá starfsmönnum Garðyrkjudeildar fer í að klippa trjágróður. Klippingar fara einnig fram yfir vetrarmánuðina. Trjáklippingar og grisjun er mikilvægur þáttur í því að móta runna og tré þannig að þau vaxi á þann hátt sem þykir æskilegast fyrir hverjar aðstæður. Hentugur tími til trjáklippinga er að vetri fram á vor og svo á sumrin að sögn garðyrkjustjóra. Haustgróðursetningar er stór verkþáttur hjá garðyrkjudeild þar

sem þúsundum trjáa og runna er plantað í ný og endurnýjuð gróðurbeð víðsvegar um bæinn bæði á stofnanalóðum og opnum svæðum. Gróðursett er fram í frost á haustin.

Síðan eru starfsmenn að vinna nokkuð við snjómokstur. Ef ekki er snjór og ekki verið að klippa eru alltaf einhver verkefni fyrir allt þetta fólk að sögn garðyrkjustjóra, svo sem tína rusl, flytja fyrir stofnanir o.s.frv.

Vinnutími starfsmanna garðyrkjudeildar er frá kl. 7:20 til kl. 17:00, nema á föstudögum þá lýkur vinnudeginum kl. 15:30. Allir starfsmennirnir fá fast 40 klst. á viku í dagvinnu og 10 klst. í yfirvinnu.

Sumarstarfsmenn eru með vinnutímann frá kl. 8:00 til kl. 16:45, mánudaga til fimmtudaga og föstudaga frá 8:00 til 15:30.

Kaffitímar eru teknir á morgnana frá kl. 9:00 til 9:30, matartími kl. 12:00 til 12:30 og síðdegiskaffi frá kl. 15:00 til 15:30 samkvæmt upplýsingum frá garðyrkjustjóra. Samkvæmt kjarasamningum á morgunkaffi að vera 15 mínútur, matartími í hádegi 30 mínútur og síðdegiskaffi 20 mínútur.

Sumarstarfmenn eiga kaffi frá kl. 9:30-9:45, hádegishlé kl. 12:00-12:30 og síðdegiskaffi kl. 15:10-15:30.

Venjulega er garðyrkjudeildin með 30 til 40 manns í vinnu yfir sumarmánuðina. Ástæðan fyrir því að garðyrkjustjóri hefur verið með lausráðið fólk í vinnu er til þess að nýta starfskrafta þeirra í trjáklippingar, gróðursetningar og önnur vor- og haustverk. Á móti hafa verið ráðnir færri yfir sumartímann. Þeim sem sækja um sumarstörf fer fækkandi. Sumarið 2019 voru sumarstarfsmenn 16.

Garðlist annast allan slátt í bæjarfélaginu nema á Álftanesi, þ.m.t. allar stofnanalóðir og opin svæði. Bærinn annast sláttinn á Álftanesi. Garðyrkjudeild sér um slátt og hirðingu á Álftanesi. Sláttuverktakinn hefur látið frá sér svæði sem hann hefur ekki komist yfir að sinna þannig að bæjarslátturinn og umhverfishópar hafa þurft að taka við þeim svæðum.



Garðlist slær fimm sinnum opin svæði og valdar leiðir eru slegnar sjö sinnum (sjá meðfylgjandi mynd), blár litur 7 sinnum, grænn 5 sinnum og appelsínugulur bæjarsláttur. Manir eru gular, rauðar og ljósbláar.

Fram kom í máli garðyrkjustjóra að eftirlit með verktakanum mætti vera betra og meira og að slegið sé skv. samningi. Hefur verið að fá kvartanir frá bæjarbúum um að ekki hafi verið slegið o.s.frv. Garðyrkjustjóri hefur ekki getað sinnt eftirlitinu vegna þess að hann hefur verið undirmannaður að hans sögn. Hann hefur ekki getað sinnt eftirlitinu sjálfur. Garðyrkjustjóri og verkefnastjóri sinna þessu eftirliti eftir fremsta megni og boða verktaka til verkfunda. Nýlega var tekið til notkunar „app“ fyrir síma sem byrjað er að nota. Þar sem teknar eru myndir með staðsetningu og athugasemdum. Verktaki kemur til með að fá afrit af athugasemdum jafn óðum.

Slátturinn var boðinn út 2018. Það er mikil óánægja hjá Garðbæingum með störf verktakans en verktakinn hefur verið lang lægstbjóðandi í sláttinn frá því fyrst að grassláttur í Garðabæ var boðinn út að sögn garðyrkjustjóra.

Rætt var um að vera með gátlista sem sýni hvenær á að slá tiltekin svæði og merkt við þegar það er búið. Gátlistinn gæti verið á vef sveitarfélagsins. Einnig mætti auglýsa í Garðapóstinum í upphafi sumars hvenær eigi að slá. Með því væru íbúar vel upplýstir um slátt og þeir eru jafnframt góðir eftirlitsaðilar.

Trjáklippingar eru að mestu unnar af bænum en í vetur var garðyrkjustjóri með verktaka með starfsmönnum bæjarins. Bærinn hefur séð um beðahreinsun nema s.l. ár og í ár hefur garðyrkjustjóri þurft að kalla til verktaka til að hreinsa einstaka beð. Síðastliðinn vetur og vor hafði garðyrkjustjóri verktaka með starfsfólki bæjarins í trjáklippingum og grisjunarvinnu vegna þess að það þurfti að fara í nokkuð mikla grisjunarvinnu á ákveðnum svæðum og nauðsynlegt að hafa fagmenntaðan mann með. Í fyrra og í vor lét garðyrkjustjóri verktaka hreinsa tvö beð sem eru á mjög áberandi stöðum.

Garðyrkjustjóri fer yfir Vinnustund vegna starfsmanna sem undir hann heyra og hefur eftirlit með verktökum.

Hann samþykkir reikninga vegna garðyrkjudeildar. Hann vinnur mikið með „smalaholti“ og fylgist þar vel með raunstöðu í samanburði við fjárheimildir skv. fjárhagsáætlun.

Allir tíma starfsmanna garðyrkjudeildar eru skráðir a verk. Fram kom í samtali við garðyrkjustjóra að það þyrfti að vera lykill sem hægt væri að skrá á ef starfsmenn hafa engin verkefni. Ef kemur eitthvert stopp hjá starfsmönnum í t.d. smá tíma hefur garðyrkjustjóri engan lykil til að skrá á. Ef það er stopp er það skráð á opin svæði. Allir tímar eru seldir út á stofnanir bæjarins. Þannig gefur kostnaður á opin svæði ekki raunverulegan kostnað við þau.

Fram kom í máli garðyrkjustjóra að yfir vetrarmánuðina þegar mest myrkur er koma upp vandamál um hvar á að skrá tíma. Starfsmenn fá alltaf verkefni óháð veðri eða birtu. Stór hluti vinnunnar yfir vetrarmánuðina er hálkueyðing og snjómokstur. Það eru alltaf tilfallandi verkefni sem þarf að sinna sem væri mjög dýrt og/eða erfitt að fá verktaka til þess að taka að sér. Mjög oft kemur eitthvað uppá sem þarf að sinna strax. Það hafa aukist beiðnir um húsgagnaflutninga frá stofnunum bæjarins, bæði milli stofnana og innandyra og eins að koma húsgögnum og öðrum búnaði til förgunar. Starfsmaður frá garðyrkjudeild hefur aðstoðað á tæknideild yfir vetrarmánuði og eins starfsmenn farið í þjónustuver og sinnt símavörslu. Mörg önnur tilfallandi verkefni koma á borð garðyrkjudeildar sem eru ekki garðyrkjutengd.

Tafla 164: Skipting launagjalda hjá garðyrkjudeild árin 2015 til 2018 í þúsundum króna

| | 2016 | 2017 | 2018 | Breyting 2016/2018 | 2017/2018 |
|---|---|---|---|---|---|
| Mánaðarlaun | 55.593 | 56.525 | 63.744 | 15% | 13% |
| Dagvinnulaun | 2.102 | 1.788 | 1.924 | -8% | 8% |
| Yfirvinna | 21.099 | 24.430 | 26.782 | 27% | 10% |
| Önnur laun | 1.523 | 1.622 | 1.720 | 13% | 6% |
| Áfallið orlof | 1.023 | -182 | 1.798 | 76% | |
| Launatengd gjöld | 18.896 | 19.568 | 21.655 | 15% | 11% |
| Launatengd gjöld | 1.842 | 1.714 | 1.911 | 4% | 12% |
| **Laun og launatengd gjöld** | **102.079** | **105.465** | **119.533** | **17%** | **13%** |
| Yfirvinna sem hlutfall af mánaðarlaunum | 38% | 43% | 42% | | |

Heimild: Garðabær

Tafla 164 sýnir skiptingu launagjalda hjá garðyrkjudeild árin 2016 til 2018 í þúsundum króna.

Eins og fram kemur í töflunni hækkuðu launagjöld garðyrkjudeildar samtals á milli áranna 2016 og 2018 um 17% og um 13% á milli áranna 2017 og 2018.

Yfirvinna sem hlutfall af mánaðarlaunum var 42% árið 2018.

**Forstöðumaður þjónustumiðstöðvar**
Næsti yfirmaður forstöðumanns þjónustumiðstöðvar er forstöðumaður Samveitna, framkvæmda og eigna.

Í þjónustumiðstöð eru 11 stöðugildi auk forstöðumanns þjónustumiðstöðvar, eða samtals 12 stöðugildi. Næstu undirmenn forstöðumanns er verkstæðisformaður og yfirverkstjóri. Auk þess var aðstoðarverkstjóri en það stöðugildi er ekki mannað í dag. Jafnframt er starfsmaður á Álftanesi, sem sér um göngubraut við skólann.

Yfirverkstjóri sér um alla verkstýringu úti á verkamönnum og hefur samband við verktaka og auga fyrir viðhaldsverkum um allan bæ og heldur bænum hreinum.

Forstöðumaður og yfirverkstjóri taka á móti öllum kvörtunum sem berast frá þjónustuveri, íbúum, bæjarverkfræðingi og bæjarstjóra og koma úrbótum í verk. Forstöðumaður og yfirverkstjóri tala saman á hverjum degi og fara yfir öll verkefni sem þarf að vinna og hvernig ágreiningsmál sem koma upp eru leyst, þannig að íbúar bæjarins fái fulla þjónustu og allir séu ánægðir að sögn forstöðumanns.

Meginverkefni forstöðumanns er mikil tölvuvinna tengd launum og bókhaldi, afgreiðsla á tölvupóstum og símsvörun (kvartanir) ásamt því að fara á verkfundi. Þannig að í meginuppdráttum er yfirverkstjóri úti en forstöðumaður þjónustumiðstöðvar inni.

Stöðugildi þjónustumiðstöðvar skiptast sem hér segir:

| | |
|---|---|
| Forstöðumaður þjónustumiðstöðvar | 1,0 stöðugildi |
| Verkstæðisformaður | 1,0 stöðugildi |
| Yfirverkstjóri | 1,0 stöðugildi |
| Vélamenn | 4,0 stöðugildi |
| Verkamenn | 2,0 stöðugildi |
| Umsjón með rusladöllum | 1,0 stöðugildi |
| Aðstoðarverkstjóri ekki mannað | 1,0 stöðugildi |
| Verkamaður ekki mannað | 1,0 stöðugildi |
| **Samtals** | **12,0 stöðugildi** |

Eins og þarna kemur fram eru tvö stöðugildi ekki mönnuð miðað við stöðuna í júlí 2019.

Daglegur vinnutími er frá kl. 7:20 til kl. 17:00 alla virka daga nema föstudaga, þá lýkur vinnudeginum kl. 15:30.

Menn mæta til starfa kl. 7:20. Dagurinn byrjar á því að farið er yfir verkefni dagsins með starfsmönnum. Að sögn forstöðumanns eru starfsmenn um 15 til 20 mínútur að fara úr húsi á morgnana. Kaffitími á morgnana er frá kl. 9:00 til kl. 9:15. Flestir starfsmenn koma í þjónustumiðstöðina til að taka kaffi. Matartími er frá kl. 12 til 12:30. Allir koma í mat í matsal þjónustumiðstöðvarinnar. Maturinn kemur frá Matur og kaffi og Veislulist.

Síðdegiskaffi er tekið á tímabilinu 15:00 til 15:15 einungis á veturna. Fastir starfsmenn þjónustumiðstöðvar taka ekki síðdegiskaffi að sögn forstöðumanns.

Gert er ráð fyrir að menn vinni 9 klukkustundir og 10 mínútur á dag. Frá 7:20 til 17:00 og föstudaga 7:20 til 15:30.

Fá greidda 8,5 klukkustund í dagvinnu mánudag til fimmtudag og 2 klukkustundir í yfirvinnu og 6 klukkustundir og 2 klukkustundir í yfirvinnu á föstudögum. Fá greiddar samtals 40 klukkustundir í dagvinnu og 10 klukkustundir í yfirvinnu í viku hverri. Af hverju greitt væri svona fyrir vinnutímann gat forstöðumaður þjónustumiðstöðvar ekki skýrt.

Yfirverkstjóri (bæjarverkstjóri) er hægri hönd forstöðumannsins úti við. Er í samskiptum við verktaka, starfsmenn og íbúa ásamt forstöðumanni.

Verkstæðisformaður sér um alla bíla bæjarins, vélar og tæki. Heldur þessu öllu gangandi.

Eftirfarandi eru myndir af tækjum þjónustumiðstöðvar og þau sem þjónustumiðstöðin annast:

## Traktorar:

Árgerð 2005. Bilar mikið Árgerð 2006. Góð vél Árgerð 1990, nothæf Keyptur notaður frá þýskalandi 2015






Árgerð 1992 Árgerð 2006 Árgerð 2006





## Tæki:

Ferrari Krókheysi og gámar Traktorsvagnar, eru mjög lélegir





Malarvagnar, í stöðugri notkun, eru slitnir. Mikill viðhaldskostnaður framundan. Krókheysi og gámar





## Bílar:

Árgerð 2018 Nýr 2015 Nýr 2015 Árgerð 2008 Árgerð 2007







Árgerð 1999 Nýr 2016 Nýr 2015 Árgerð 2007 Nýr 2015







Árgerð 2006 Árgerð 2002 Árgerð 2014 Nýr 2015 Árgerð 2006







Árgerð? Árgerð 2014 2 bílar í leigu Árgerð 2008 Nýr 2015







Nýr 2017



Fjöldi bifreiða hjá sveitarfélaginu er 22, þar af eru tvær bifreiðar í leigu. Eins og myndirnar sýna er nokkuð af tækjum og bílum komið vel til aldurs og spurning hvert notagildið er miðað við rekstrarkostnað. Nokkrar af bifreiðunum eru í notkun hjá öðrum innan sveitarfélagsins en þjónustumiðstöð. Nánari upplýsingar um þessi tæki eru að finna á fylgiskjali 2.

## Tafla 165: Rekstrargjöld vegna véla, tækja og bifreiða hjá þjónustumiðstöð árið 2018

| Númer og nafn | Niðurstaða deildar | Heildargjöld deildar | Eldsneyti/ olíur | Vinna Garðyrkju-deildar | Vinna Þjónustu-miðstöðvar | Afskriftir | Heildargjöld að frádregnum afskriftim |
|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 33318 TD 279 | 119.923 | 119.923 | 2.246 | | | | 119.923 |
| 33319 DP 333 (Traktor) | 291.372 | 291.372 | 52.475 | | 91.541 | | 291.372 |
| 33320 TK 804 New Holland | 1.063.926 | 1.064.163 | 163.450 | 213.865 | 402.258 | | 1.064.163 |
| 33321 GR 695 dráttarvél | 201.483 | 201.483 | | | 46.809 | | 201.483 |
| 33323 IM0943 Kubota vinnuvél | 1.070.115 | 1.070.115 | 49.631 | | 683.679 | | 1.070.115 |
| 33324 GZZ87 Iseki dráttarvél | 1.805.849 | 1.805.849 | 42.348 | | 489.316 | 639.672 | 1.166.177 |
| 33325 IM 1245 Multion vinnuvél | 1.136.847 | 1.136.847 | | | 387.374 | 536.136 | 600.711 |
| 33326 JR-B47 John Deer dráttarvél | 2.293.032 | 2.293.032 | 558.575 | | 122.047 | 1.340.976 | 952.056 |
| 33335 Snjómoksturstæki | 3.460.481 | 3.460.481 | | | 795.451 | 914.748 | 2.545.733 |
| 33371 Aðrar vélar og tæki | 5.906.609 | 5.944.476 | 360.334 | 170.419 | 668.746 | 2.773.060 | 3.171.416 |
| 33519 DZ 995 | -214.934 | 575.800 | 86.954 | 11.424 | 181.046 | | 575.800 |
| 33527 JS 513 | 74.224 | 516.101 | 54.685 | | 238.995 | | 516.101 |
| 33532 VO Z28 | -450.793 | 240.565 | 83.360 | | | | 240.565 |
| 33535 VG 213 Toyota | -1.263.956 | 945.837 | 168.078 | 186.026 | 117.998 | | 945.837 |
| 33536 TD 672 Mazda BT-50 | -133.897 | 1.283.056 | 210.476 | 55.594 | 270.491 | | 1.283.056 |
| 33537 VA-181 VW Transporter vsk.nr. | 174.042 | 1.049.498 | 103.194 | 76.561 | 292.896 | 23.750 | 1.025.748 |
| 33538 LH-613 VW Transporter | 131.997 | 646.775 | 85.964 | 35.270 | 67.140 | 297.500 | 349.275 |
| 33540 OJ T62 Isuzu D Max | -349.846 | 1.454.145 | 245.725 | 25.441 | 312.264 | 298.500 | 1.155.645 |
| 33541 BT M05 Toyota Auris | -421.394 | 985.414 | 137.744 | | 32.564 | 647.256 | 338.158 |
| 33542 NP J53 Merceds Benz Sprinter 515 | 1.150.060 | 2.759.266 | 359.970 | | 145.031 | 1.495.140 | 1.264.126 |
| 33543 YV U24 Nissan Micra CVT | -630.713 | 728.476 | 118.527 | 20.873 | 20.352 | 345.000 | 383.476 |
| 33544 IX S64 Nissan Micra CVT | -726.197 | 625.504 | 121.972 | | 18.317 | 345.000 | 280.504 |
| 33545 BT K52 Renault Master | 329.554 | 1.669.152 | 247.797 | | 201.398 | 800.448 | 868.704 |
| 33546 FX X18 Renault Kangoo | -2.312.387 | 1.599.657 | 542.838 | | 192.849 | 165.000 | 1.434.657 |
| 33547 FME03 Toyota Land Cruiser 150 | 2.130.132 | 2.130.132 | 297.552 | 2.044 | | 1.474.140 | 655.992 |
| 33548 LRH40 Dacia Dokker | -513.733 | 873.771 | 130.635 | 119.497 | 66.582 | 383.256 | 490.515 |
| 33549 ZNH70 Dacia Dokker | -339.633 | 1.134.333 | 171.070 | | 164.787 | 383.256 | 751.077 |
| 33550 DYG48 Izuzu Crew Cab | -906.559 | 2.176.244 | 427.120 | | 98.228 | 1.034.256 | 1.141.988 |
| 33551 HDA17 Dacia Dokker | -314.057 | 731.572 | 99.119 | | 77.294 | 389.664 | 341.908 |
| 33552 NH N72 Renault Master | -287.273 | 1.874.683 | 307.647 | 357.723 | 43.209 | 834.228 | 1.040.455 |
| 33553 SX Y79 Renault Master | -130.920 | 1.911.372 | 369.889 | | 236.322 | 750.156 | 1.161.216 |
| 33554 TLS85 Nissan Navara | -508.866 | 1.653.773 | 294.609 | | 48.823 | 565.542 | 1.088.231 |
| | 11.834.488 | 44.952.867 | 5.893.984 | 1.274.737 | 6.513.807 | 16.436.684 | 28.516.183 |
| Garðyrkjudeild og þjónustumiðstöð | | | | | 7.788.544 | | |
| Hlutfall af heildargjöldum - afskriftir | | | 21% | | 27% | | |

Heimild: Bókhaldsdeild Garðabæjar

Tafla 165 sýnir rekstrargjöld véla, tækja og bifreiða hjá þjónustumiðstöð árið 2018. Fyrsti dálkurinn „Niðurstaða deildar“ sýnir útgjöld að frádregnum tekjum.

Eins og taflan sýnir kostaði 45 milljónir króna að reka þessi tæki árið 2018. Þar af var kostnaður vegna garðyrkjudeildar og þjónustumiðstöðvar samtals 7,8 milljónir króna, eða 27% af heildarkostnaðnum að frádregnum afskriftum. Kostnaður vegna eldsneytis og olíu af öllum þessum tækjum nam 5,9 milljónum króna. Eins og þarna kemur fram var kostnaður við eldsneyti og olíu vegna sumra þessara tækja ekki mikill sem segir nokkuð um notagildi þeirra.

Forstöðumaður þjónustumiðstöðvar fer yfir „Vinnustund“ vegna starfsmanna þjónustumiðstöðvar. Nokkuð er um yfirvinnu í þjónustumiðstöðinni að sögn forstöðumannsins. Á vetrum er mikið um að vera í snjómokstri oft á tíðum og einnig þegar hlaup og sumarhátíðir eru í gangi.

Það hefur gengið upp og ofan að gæta þess að starfsmenn taki tilskyldan hvíldartíma. Hafa ekki haft mannskap til að láta hvíla menn samkvæmt kjarasamningum að sögn forstöðumanns. Þegar mest er í gangi er þjónustumiðstöðin aðeins undirmönnuð. Starfsmenn garðyrkjudeildar hafa þá einnig komið að snjómokstri. Þá aðallega á lóðum við leik- og grunnskóla. Um er að ræða 11 leikskóla og 6 grunnskóla þannig að þetta tekur góðan tíma að sögn forstöðumanns.

Tækjamenn eru á tækjunum nánast allan daginn yfir vetrarmánuðina. Ef þeir eru ekki á tækjum eru þeir að moka frá tröppum o.þ.h.

Tafla 166: Skipting launagjalda hjá þjónustumiðstöð árin 2015 til 2018 í þúsundum króna

| | | | | Breyting | |
|---|---|---|---|---|---|
| | 2016 | 2017 | 2018 | 2016/2018 | 2017/2018 |
| Mánaðarlaun | 51.130 | 50.214 | 48.976 | -4% | -2% |
| Dagvinnulaun | 704 | 351 | 920 | 31% | 162% |
| Yfirvinna | 32.417 | 32.949 | 34.808 | 7% | 6% |
| Veikindalaun | | | 738 | | |
| Önnur laun | 1.938 | 1.838 | 1.803 | -7% | -2% |
| Áfallið orlof | 1.229 | -1.391 | 1.041 | -15% | -175% |
| **Launatengd gjöld alls** | 20.746 | 19.998 | 20.573 | -1% | 3% |
| Annar starfsmannakostnaður | 1.934 | 2.114 | -1.389 | -172% | -166% |
| **Laun og launatengd gjöld alls** | **110.098** | **106.073** | **107.471** | **-2%** | **1%** |
| Yfirvinna sem hlutfall af mánaðarlaunum | 63% | 66% | 71% | | |

Heimild: Garðabær

Tafla 166 sýnir launagjöld hjá þjónustumiðstöð árin 2016 til 2018 í þúsundum króna.

Eins og fram kemur í töflunni lækkuðu launagjöld samtals í þjónustumiðstöðinni á milli áranna 2016 og 2018. Voru 110 milljónir króna ári 2016 en 107 milljónir króna árið 2018. Mánaðarlaun lækka á milli allra áranna. Hins vegar er yfirvinna að hækka. Yfirvinna var 63% sem hlutfall af mánaðarlaunum árið 2016 en 71% árið 2018. Telja verður að þetta hlutfall sé orðið nokkuð hátt, þ.e. 71% af mánaðarlaunum.

Starfsmenn þjónustumiðstöðvar sjá um gangstéttar út á Álftanesi og minni stíga innan sveitarfélagsins og allar tröppur upp að skólalóðum og eins tröppur við undirgöng. Vélamenn þjónustumiðstöðvar sjá um að ryðja og saltbera göngustíga á Álftanesi sem liggja til og frá skóla og aðra stærri stíga. Einnig sjá þeir um söltun á bílastæðum við stofnanir bæjarins. Mokstur á tröppum og strætóskýlum. Svo skipta þeir með sér bakvöktum til að ræsa gangstéttavertaka og verktaka sem fara á plön og húsagötur. Svo hlaupa þeir í hin ýmsu verk er tengjast snjómokstri og bregðast við kvörtunum.

Auk þessa eru þrír verktakar sem annast snjómokstur fyrir bæjarfélagið.

Einn verktaki sér um allar leiðir Strætó og einnig um aðalgötur. Um er að ræða aðalgötur, tengibrautir og safngötur, t.d. Bæjarbraut og Karlabraut. Vegagerðin kallar verktakann út og einnig starfsmenn þjónustumiðstöðvar sem eru á bakvakt. Síðan er verktaki sem sér um alla hjólastíga. Sá starfsmaður sem er á bakvakt kallar hann út. Þriðji verktakinn sér um húsagötur.

Síðan er verktaki sem er allt árið um kring að vinna fyrir bæjarfélagið. Hann annast bílastæði hjá leik- og grunnskólum og öðrum opinberum byggingum. Hann á að ljúka

mokstri bílastæða fyrir kl. 8:00. Og það er starfsmaður á bakvakt sem kallar hann út. Allir verktakar eiga að vera búnir að fara fyrstu yfirferð fyrir kl. 8:00.




Þjónustumiðstöðin er með lítinn bíl sem er með saltkassa og fer á eftir mokstursvél sem fer á skólalóðir og saltar þar.

Á meðfylgjandi mynd er snjómokstursfyrirkomulagið sýnt. Verktakar sjá um snjómokstur að græna punktinum. Þar tekur bærinn við og annast mokstur á gamla Álftanesveginum út á Álftanes. Vegagerðin annast snjómokstur á Gálgahraunsvegi (nýja Álftanesveginum). Verktaki sér um snjómokstur í Prýðahverfi, ekki gangstéttir. Rauðlitaðar götur eru í forgangi 1 sem á að vera búið að moka fyrir kl. 8:00. Bláar götur eru í forgangi 2 og eru mokaðar eftir kl. 8.

Samkvæmt upplýsingum frá bókhaldsdeild var aðkeypt þjónusta af verktökum vegna snjómoksturs 45.525 þúsund krónur árið 2017 og 46.416 þúsund krónur árið 2018.

Starfsmenn þjónustumiðstöðvar hafa annast jólaskraut fyrir bæjarfélagið með aðstoð eins til tveggja starfsmanna garðyrkjudeildar þegar mest stendur yfir.

Skátarnir hafa annast að hirða upp jólatré eftir jólin. Síðan hefur Þjónustumiðstöðin og garðyrkjudeildin séð um að hirða upp jólatré fram eftir vori.

Eru með götur og gangstéttir í viðhaldi. Forstöðumaðurinn er mikið í því að fá verktaka í gangstéttaviðgerðir og lagfæra skemmdir á graseyjum o.s.frv. Verktakar sjá um allar viðgerðir sem viðkoma malbiki og steypu. Þjónustumiðstöðin sér um þökulagnir og smáverk eins og að setja malbiksviðgerðarefni í smá holur, laga kantsteinabrot og fleira.

Þjónustumiðstöðin annast öll skiltamál. Mikið er um að keyrt er á skilti sem þarf þá að lagfæra eða endurnýja. Sjá um afgreiðslu á öllum öskutunnum. Um er að ræða ílát fyrir almennt sorp og svo fyrir pappír. Íslenska gámafélagið sér um að losa sorp hjá bæjarfélaginu. Hjá sumum sveitarfélögum hefur verktaki sem annast sorphirðu jafnframt séð um að afhenda ný ílát undir sorp.

Einn verkamaður þjónustumiðstöðvar hefur farið mikið í fráveituútköll vegna þess að Samveitur hafa ekki haft nægan mannskap að sögn forstöðumanns. Hann hefur verið að kalla út Hreinsitækni í verk fyrir Samveitur. Er þetta vegna þess að Samveitur hafa ekki haft menn í þetta og þeir sem vinna við vatnsveitu mega ekki nota sömu verkfæri eða vinna við skolp. Verkamaðurinn hefur jafnframt verið að fara í útköll fyrir Samveitur til að benda á hvar bilanir eru o.s.frv. Sem dæmi má nefna að íbúi hringir inn vegna stífluvandamála, verkamaður þjónustumiðstöðvar fer á staðinn ef forstöðumaður getur ekki leyst vandamálið í gegnum síma. Verkamaðurinn skoðar aðstæður og gerir það sem þarf að gera, hvort sem hann getur leyst málið sjálfur eða hringir á stífluþjónustu.

Þjónustumiðstöðin er með mikla þjónustu við leik- og grunnskóla að sögn forstöðumanns. Um er að ræða að henda rusli o.s.frv. Þjónusta við þessar stofnanir

hefur farið vaxandi. Viðkomandi forstöðumenn og skólastjórar hringja eða senda póst með beiðnir um rusl og færslur á húsgögnum og almenna hreinsun í kringum skólana, eins ef einhverjir mannfagnaðir eru, þá annast þjónustumiðstöðin að koma með fána og fánaborgir. Einnig er þjónustumiðstöðin að aðstoða stofnanir við að ná í hluti sem hafa verið keyptir út í bæ eins og þvottavélar og slíkt.

Sjá um ýmsa þjónustu sem viðkemur bæjarhátíðum og öðru slíku. Um er að ræða m.a. lokun á götum og flutning á tækjum og búnaði. Þjónustumiðstöðin annast afleysingu fyrir húsvörð á Garðatorgi, bæjarskrifstofu, þegar hann fer í frí. Húsvarslan á Garðatorgi er keypt í verktöku.

Á vorin þegar lóðahreinsun stendur yfir fara tvær til þrjár vikur í það að sögn forstöðumanns. Íslenska gámafélagið hirðir upp alla poka eftir vorhreinsun. Þjónustumiðstöðin hirðir svo upp allan trjáúrgang.

Eftir að lóðahreinsun lýkur er verið að vinna áfram í allt að tvær vikur við að hirða upp úrgang vítt og breitt um bæinn.

Þjónustumiðstöðin hefur veitt aðstoð vegna vatnsveitu.

Þjónustumiðstöðin annast allar rotþrær hjá bænum. Ef stíflast eða þær verða fullar þá kallar þjónustumiðstöðin til Hreinsitækni. Reynt er að sjá til þess að þetta sé gert einu sinni á ári. Þjónustumiðstöðin kemur að verki ef rotþró eyðileggst. Hjálpar til við endurgerð á henni og lögnum til og frá henni í samvinnu við íbúa.

Á þjónustumiðstöðinni eru fjórir menn sem skipta með sér bakvöktum. Þegar snjómokstur er í gangi eru þeir með bakvaktarsíma sem fer á milli þeirra viku í senn. Í þennan síma hringir Vegagerðin og vekur þá. Þessar bakvaktir byrja í október og standa yfir til mánaðamóta mars/apríl ár hvert. Síðan er forstöðumaður með síma sem hringt er í á öllum tímum sólarhrings, t.d. lögregla eða íbúar ef eitthvað kemur upp.

Tafla 167: Fjöldi stöðugilda í þjónustumiðstöð hjá samanburðar sveitarfélögum í desember 2018

| | Fjöldi íbúa 01.12.2018 | Fráveita | Vatnsveita | Annað/Garðyrkjudeild | Þjónustumiðstöð | Þjónustumiðstöð samtals | Fjöldi íbúa á hvert stöðugildi | Fjöldi íbúa á hvert stöðugildi án vatnsveitu |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| Kópavogsbær[1a)] | 36.930 | 1 | 5 | 6 | 27 | 39 | 947 | 1.086 |
| Hafnarfjarðarkaupstaður[1)] | 29.412 | 3 | 3 | | 18 | 24 | 1.226 | 1.401 |
| Akureyrarbær[2)] | 18.787 | | | | 33 | 33 | 569 | 569 |
| Reykjanesbær[3)] | 17.805 | 1 | | | 12 | 13 | 1.370 | 1.370 |
| Garðabær[4)] | 15.709 | 1 | 2 | 8 | 11 | 22 | 714 | 785 |
| Mosfellsbær[5)] | 10.556 | 3 | 4 | | 7 | 14 | 754 | 1.056 |
| Sveitarfélagið Árborg[6)] | 8.995 | | | | 16 | 16 | 562 | 562 |
| Akraneskaupstaður[7)] | 7.259 | | | | 6 | 6 | 1.210 | 1.210 |
| Fjarðabyggð[8)] | 4.777 | 2 | 2 | | 13 | 17 | 281 | 318 |
| Seltjarnarnesbær[9)] | 4.575 | 0,5 | 1,5 | | 9 | 11 | 416 | 482 |

Hvernig er snjómokstri háttað hjá sveitarfélaginu?

1a) Snjómoktstri í íbúagötum er unnin af verktökum.

1) Þjónustumiðstöðu sér að mestu leyti um snjómokstur. Snjómokstur er í verktöku á aðalgönguleiðum innan sveitarfélagsins.

2) Sveitarfélagi sér um snjómokstur og hálkuvarnir eins og það ræður við en jafnframt er samið við verktaka þegar á þarf að halda.

3) Vatnsveita er ekki í eigu sveitarfélagsins. Sveitarfélagið hefur tvo bíla til að annast söltun og mokstur á aðalleiðum.
Verktakar eru ræstir út eftir þröfum. Gangstéttir og stígar eru í verktöku.

4) Sveitarfélagið er með verktaka í snjómokstri gatna og stíga, en sveitarfélagið hefur til reiðu tæki og mannskap ef með þarf.
Í þjónustumiðstöð er garðyrkjudeild. Starfsmanafjöldi þar er mismunandi eftir árstíðum. Undir annað eru átta starfsmenn í garðyrkjudeildar.

5) Snjómokstur er í 80% verktöku og 20% þjónustumiðstöð.

6) Að hluta til sér sveitarfélagið um snjómokstur og að hluta verktakar.

7) Verktakar annast snjómokstur.

8) Í sveitarfélaginu eru sex byggðakjarnar og veitt sambærilega þjónusta á hverjum stað. Kostnaðrsamt að koma mönnum á milli staða.
Snjómokstur er í 75% verktöku og 25% á vegum sveitarfélagsins.

9) Sveitarfélagið annast allan snjómokstur. Starfsmenn vatnsveitu annast einnig hitaveitu ásamt öðrum starfsmönnum í þjónustumiðstöð.

Heimild: Viðkomandi sveitarfélög

Tafla 167 sýnir fjölda stöðugilda í þjónustumiðstöðvum hjá samanburðar sveitarfélögum eins og það var í desember 2018 nema Kópavogi, þar eru upplýsingar frá júlí 2019.

Gerður er fyrirvari á þessum samanburði þar sem mikill mismunur er á því hvað er gert á hverjum stað, sem dæmi má nefna að Akureyrarbær rekur malbikunarstöð.

Engu að síður gefur þessi samanburður ákveðnar vísbendingar og vekur upp spurningar um hversu umfangsmikla starfsemi sveitarfélög vilja láta fara fram í þjónustumiðstöð sveitarfélagsins.

Af fjölmennari sveitarfélögunum í þessum samanburði skera Akureyrarbær og Sveitarfélagið Árborg sig nokkuð úr, hvað varðar fjölda íbúa á hvert stöðugildi í þjónustumiðstöð. Hjá Sveitarfélaginu Árborg voru 562 íbúar á hvert stöðugildi og hjá Akureyrarbæ 569. Þar á eftir kemur Garðabær með 714 íbúa á hvert stöðugildi í þjónustumiðstöð og garðyrkjudeild.

## B-HLUTA STOFNANIR

Undir B-hluta heyra Samveitur, Ísafold, Strikið 3 og Garðahús. Hér að framan var fjallað um Garðahús þegar fjallað var um félagslegar leiguíbúðir.

**Samveitur**
Rekstrarniðurstaða Samveitna var 287 milljónir króna árið 2018. Samanborið við 337 milljónir króna árið 2017. Skuldir voru 927 milljónir króna í árslok 2018. Þar af voru skuldir við aðalsjóð 556 milljónir króna. Veltufé frá rekstri nam 387 milljónum króna. Fjárfestingar í varanlegum rekstrarfjármunum voru 414 milljónir króna. Af þessu má ljóst vera að fjárhagsleg staða Samveitna er nokkuð góð.

**Ísafold**
Enginn rekstur var hjá Ísafold á árinu 2018. Ísafold annaðist reksturinn á hjúkrunarheimilinu Ísafold. Með samningi dagsettum á þrettándanum 2017 tók Hrafnista yfir rekstur og starfsemi hjúkrunarheimilisins Ísafoldar frá og með 1. febrúar 2017. Samningurinn gildir til 31. desember 2026. Að þeim tíma loknum endurnýjast samningurinn sjálfkrafa til tveggja ára í senn, þar til nýr samningur hefur verið undirritaður eða honum sagt upp með samningsbundnum fyrirvara.

Samkvæmt samningnum renna daggjöld hjúkrunarrýma á hjúkrunarheimilinu óskert til Hrafnistu vegna rekstursins. Garðabær greiðir til Hrafnistu árlega 14.7 milljónir króna sem breytist í samræmi við vísitölu neysluverðs vegna viðhalds innanhúss. Gert er ráð fyrir að kostnaður vegna viðhalds sé hluti af leigugreiðslum sem Garðabær fær vegna leigu á húsnæðinu til ríkisins. Hér er gert ráð fyrir að 60% af áætluðum viðhaldskostnaði í húsaleigunni sé vegna viðhalds innanhúss og renni til Hrafnistu.

Samkvæmt samningnum er gert ráð fyrir að Garðabær skuldbindi sig til að leggja heimilinu árlegt framlag allt að 24 milljónum króna í þrjú ár til að jafna tap á rekstri heimilisins. Auk þess skuldbatt Garðabær sig til að greiða Hrafnistu tímabilið 2017 til 2018 fullt húsnæðisgjald eins og það er reiknað samkvæmt rammasamningi Sjúkratrygginga Íslands fyrir hvert ár fyrir sig.

Jafnframt skuldbatt Garðabær sig til að leggja heimilinu til framlag að fjárhæð 15 milljónir króna til búnaðarkaupa og upphafskostnaðar á árinu 2017. Í þessu sambandi er rétt að fram komi að í leiguverði sem félags- og tryggingamálaráðuneytið (nú velferðarráðuneytið) greiðir til Garðabæjar vegna húsnæðisins, samkvæmt samning

dagsettum í maí 2010 á milli Garðabæjar og félags- og tryggingamálaráðuneytisins (nú velferðarráðuneytis) er ekki gert ráð fyrir greiðslum vegna búnaðar. Í gr. 2.6 í samningnum segir eftirfarandi: „Sérstakan samning skal gera milli aðila um kaup á lausum búnaði og tækjum til nota á hjúkrunarheimilin". Samkvæmt upplýsingum frá Garðabæ hefur þessi samningur ekki verið gerður. Með hliðsjón af því er ljóst að ríkissjóði ber að greiða a.m.k. 85% af kostnaði við viðhald og endurnýjun á búnaði öðrum en þeim sem tilheyrir húsnæðinu sjálfu svo sem í eldhúsi, t.d. eldavél o.s.frv.

Árið 2010 gerði félags- og tryggingamálaráðuneytið (nú velferðarráðuneytið) samninga við x sveitarfélög um byggingu, leigu og rekstur hjúkrunarheimila. Tvö af þessum sveitarfélögum, þ.e. Hafnarfjarðarkaupstaður og Seltjarnarnesbær, hafa gert nýja samninga þar sem velferðarráðuneytið hefur tekið rekstur viðkomandi hjúkrunarheimila yfir og gert samninga við þriðja aðila um reksturinn þar sem viðkomandi bæjarfélög eru rekstrinum fjárhagslega óviðkomandi. Bæjarfélögin annast eingöngu húsnæðið samkvæmt samningi um leigu.

Í grein 3.2 í framangreindum samningi segir: „Félags- og tryggingamálaráðuneytið og Garðabær munu gera samning um rekstur hjúkrunarheimilisins. Garðabær getur falið þriðja aðila að reka hjúkrunarheimilið, enda staðfesti félags- og tryggingamálaráðuneytið þann samning, en ábyrgð á samningsskyldum við ráðuneytið verður ekki framseld."

Samkvæmt upplýsingum frá Garðabæ hefur þessi samningur ekki verið gerður. Þannig liggur ekki fyrir samningur á milli Garðabæjar og velferðarráðuneytisins um rekstur hjúkrunarheimilisins.

**Strikið 3**
Rekstrarniðurstaðan var jákvæð um 85 milljónir króna. Langtímakröfur námu 1.401 milljónum króna í árslok 2018. Langtímaskuldir við lánastofnanir voru 540 milljónir króna og við aðalsjóð 850 milljónum króna í árslok 2018. Veltufé frá rekstri var 113 milljónir króna.

# Tillögur

## Skuldir sveitarfélagsins

### 1. LANGTÍMASKULDIR

**Lagt er til að kanna hvort hægt sé að endurfjármagna eldri lán með hagstæðari kjörum.**

Mikill munur getur verið á kjörum þeirra lána sem í boði eru. Fyrir sveitarfélög hafa kjör á lánum hjá Lánasjóði sveitarfélaga reynst hagstæðari en lán hjá bankastofnunum almennt.

Lán sem Garðabær er með bera allt að 6,55% vexti. Lánasjóður sveitarfélaga er að bjóða verðtryggð lán sem bera allt niður í 1,89% vexti. Hér er lagt til að kannað verði hvort mögulegt sé að endurfjármagna dýr lán hjá sveitarfélaginu með nýju eða nýjum lánum sem bera lægri vexti.

## Fjárheimildir samkvæmt fjárhagsáætlun

### 2. FJÁRHEIMILDIR SAMKVÆMT FJÁRHAGSÁÆTLUN

**Lagt er til að lögð verði áhersla á það við forstöðumenn að óheimilt er skv. sveitarstjórnarlögum að fara fram úr fjárheimildum skv. fjárhagsáætlun.**

Brýnt er að starfsmenn sveitarfélaga séu meðvitaðir um að það sé ekki heimilt skv. sveitarstjórnarlögum að fara fram úr fjárheimildum skv. fjárhagsáætlun. Jafnframt verði forstöðumönnum gert skylt að tilkynna til viðkomandi sviðsstjóra og hann síðan til fjármálastjóra og/eða bæjarstjóra telji hann að rekstur viðkomandi stofnunar standist ekki áætlun.

Verði það niðurstaðan að svo sé verði málið lagt fyrir bæjarráð/bæjarstjórn sem síðan tekur ákvörðun um hvort gerður verði viðauki við fjárhagsáætlun. Lögð er áhersla á að skv. sveitarstjórnarlögum þarf þetta að gerast áður en stofnað er til útgjalda, sem ekki er gert ráð fyrir í fjárhagsáætlun. Ekki er heimilt skv. lögunum að samþykkja viðauka eftir á. Jafnframt, ef útgjaldaaukning er samþykkt, er skylt skv. lögunum, að gera grein fyrir því hvernig henni verður mætt.

Lögð skal áhersla á að almennt voru forstöðumenn meðvitaðir um að fjárhagsáætlun segir til um fjárheimild viðkomandi stofnunar en þó voru þar undantekningar.

## Laun

### 3. YFIRVINNA

**Lagt er til að settar verði ákveðnar reglur, viðmið, varðandi hámarks yfirvinnu.**

Mikilvægt er að stuðst sé við samræmdar reglur varðandi yfirvinnu hjá stofnunum sveitarfélagsins eins og t.d. grunn- og leikskólum og þá sérstaklega með vísan til jafnlaunastefnu.

Einnig verður að telja eðlilegt að yfirvinna hjá þjónustumiðstöð verði tekin til skoðunar með hliðsjón af því hversu mikil hún er og þá hvaða áhrif hún hefur á heilsu starfsmanna sem vinna mikla yfirvinnu í langan tíma.

Leggja ber áherslu á að þess sé gætt að starfsmenn fái og taki samningsbundinn hvíldartíma.

## Annar rekstrarkostnaður

### 4. Útboð

**Lagt er til að öll þjónustukaup, svo sem ræstingar, tryggingar, símaþjónusta (internet tenging) o.s.frv. hjá sveitarfélaginu, verði boðin út reglulega. Þetta verði gert a.m.k. á þriggja ára fresti.**

**Lagt er til að öll innkaup á rekstrarvörum verði boðin út og leitað eftir hagstæðum tilboðum. Þetta verði gert reglulega.**

**Athugað verði með að setja í þetta starfskraft/ráðgjöf vegna útboða/innkaupa og eftirfylgni a.m.k. tímabundið.**

Í samtölum við forstöðumenn kom fram að engar samræmdar reglur gilda um kaup á vöru og þjónustu. Grunn- og leikskólar versla hver og einn án þess að vera með samræmd innkaup og t.d. fara matarkaup að stórum hluta fram í smásöluverslunum o.s.frv. Það er mat skýrsluhöfundar að með því að samræma innkaup og bjóða út kaup á vöru og þjónustu eigi að vera hægt að lækka kostnað.

Árið 2018 nam annar rekstrarkostnaður samtals hjá Garðabæ 5.862 milljónum króna. Hvert prósentustig til lækkunar gerir 59 milljónir króna. Þannig að ef væri t.d. hægt að lækka annan rekstrarkostnað um 5% gerir það um 300 milljónir króna.

Ljóst er að hér er um krefjandi verkefni að ræða og má ekki ætla að hægt sé að bæta því við hjá starfsmanni sem jafnframt gegnir öðru starfi. Með hliðsjón af því er hér lagt til að skoðað verði að setja í þetta starfskraft tímabundið eða að fá til þess ráðgjöf.

### 5. Orkunotkun

**Lagt er til að forstöðumönnum verði falið að skrá mánaðarlega alla rafmagnsnotkun og hitunarkostnað. Rafmagnið verði skráð í kwst. Síðan verði notkunin borin saman á milli mánaða og ára.**

Mikilvægt er að fylgst sé nákvæmlega með allri orkunotkun, hún sé skráð mánaðarlega og borin saman á milli mánaða og ára. Mörg dæmi eru um það hjá sveitarfélögum, þar sem þetta er gert, að komið hafi verið í veg fyrir óþarfa notkun á orku. Jafnvel hafa sum sveitarfélög farið í að skrá orkunotkun á hvern fermetra og/eða rúmmetra í húsnæði og getað þannig borið saman notkunina á milli einstakra húsa. Með þessu er hægt að grípa inn í ef frávik koma fram. Utanumhald um orkumálin liggi hjá umhverfis- og framkvæmdasviði.

## Fjármála- og stjórnsýslusvið

### 6. LÖGFRÆÐI- OG PERSÓNUVERNDARFULLTRÚI

**Lagt er til að starfsheiti persónuverndarfulltrúa verði breytt í lögfræði- og persónuverndarfulltrúa.**

Með hliðsjón af því að gert er ráð fyrir að persónuverndarfulltrúi sinni jafnframt almennum lögfræðistörfum hjá sveitarfélaginu er hér lagt til að það komi fram í starfsheitinu.

### 7. ÞJÓNUSTUSTJÓRI

**Lagt er til að starf þjónustustjóra í þjónustuveri verði lagt niður.**

Eins og fram hefur komið hér að framan hefur upplýsingastjóri sinnt menningarmálum ásamt öðrum störfum þrátt fyrir að menningarmál heyri undir fræðslu- og menningarsvið. Jafnframt hefur þjónustustjóri sinnt ýmsum störfum sem ekki heyra undir þjónustuverið, sem dæmi má nefna forvarnarmálum sem einnig heyra undir fræðslu- og menningarsvið. Einnig má nefna að þjónustustjóri ásamt upplýsingastjóra hefur verið að sinna vefsíðu sveitarfélagsins sem að hluta til hefur komið til vegna mannabreytinga á sviðinu. Fyrir um ári síðan var ráðinn samskipta- og kynningarfulltrúi sem m.a. á að sinna vefsíðunni, þrátt fyrir það hefur þjónustustjóri einnig sinnt vefsíðunni áfram.

Hér er gert ráð fyrir að samskipta- og kynningarfulltrúi sinni vefsíðunni með upplýsingastjóra sem ritstjóra síðunnar.

Með þessum skipulagsbreytingum er hér lagt til að starf þjónustustjóra verði lagt niður. Stöðugildið sem slíkt verði flutt yfir á fræðslu- og menningarsvið og þar verði til nýtt stöðugildi. Sjá hér síðar.

Gert er ráð fyrir að með þessum breytingum taki upplýsingastjóri yfir ýmsa stjórnunarþætti þjónustuversins sem þjónustustjóri hefur sinnt þar sem menningarmál muni ekki heyra undir þjónustustjóra samkvæmt þessari tillögu. Til greina kemur að einn af þremur starfsmönnum í þjónustuveri eftir þessar breytingar beri meiri ábyrgð en aðrir starfsmenn þjónustuversins. Sjá tillögu að skipuriti fyrir fjármála- og stjórnsýslusvið á fylgiskjali 4.




### 8. LÖGINNHEIMTA

**Lagt er til að samið verði þannig við þann aðila sem annast löginnheimtu að Garðabær greiði ekki vegna krafna sem ekki innheimtast og hafa verið í löginnheimtu.**

Samkvæmt upplýsingum frá innheimtufulltrúa greiðir Garðabær Gjaldskilum sem annast löginnheimtu fyrir bæjarfélagið um 35.000 krónur fyrir hverja kröfu sem hefur

verið í löginnheimtu og innheimtist ekki. Á árinu 2018 voru greiddar 1.006 þúsund krónur vegna þessa.

Hér er lagt til að samið verð þannig varðandi löginnheimtu að viðkomandi innheimtuaðili beri þennan kostnað. Gert er ráð fyrir að löginnheimtan verði boðin út sbr. hér að framan. Þetta gæti t.d. komið fram í útboðslýsingu.

## 9. Kjaradeild

**Lagt er til að skoðað verði að fækka um eitt stöðugildi á kjaradeild.**

Meðal annars með hliðsjón af því að bæjarfélagið rekur ekki lengur Ísafold, hjúkrunarheimili, og dagþjálfun er hér lagt til að skoðað verði hvort til greina komi að fækka um eitt stöðugildi á deildinni. Þetta verði a.m.k. skoðað komi til mannabreytinga á kjaradeildinni.

## 10. Spjaldtölvur

**Lagt er til að tölvudeild annist kaup á spjaldtölvum fyrir grunn- og leikskóla og umsjón með þeim.**

Skýrsluhöfundur vill leggja áherslu á að tölvudeild annist öll kaup á tölvubúnaði og þar með taldar spjaldtölvur. Gera verður ráð fyrir að á tölvudeildinni sé þekking mest til annast þetta og einnig að með sameiginlegum innkaupum á spjaldtölvum eins og öðrum tölvubúnaði fyrir bæjarfélagið fáist betra verð að undangengnu útboði frekar en að hver skóli fyrir sig sé að annast þessi kaup og þá væntanlega án útboðs.

# Fjölskyldusvið

## 11. Akstursþjónusta fyrir fatlað fólk og aldraða

**Lagt er til að settar verði reglur um akstursþjónustu fyrir fatlað fólk og aldraða.**

Lögð er áhersla á að unnið sé með reglur varðandi akstursþjónustu fyrir fatlað fólk og aldraða. Í reglunum komi fram m.a. hverjir hafi rétt á þjónustunni, fjöldi ferða, hvers konar þjónustu um sé að ræða o.s.frv. Gert verði sérstakt umsóknareyðublöð fyrir hvorn hópinn.

Mikilvægt er að við svona þjónustu sé stuðst við reglur.

## 12. Akstursþjónusta fyrir fatlaða

**Lagt er til að skoðað verði hvort til greina komi að hafa annan hátt á akstursþjónustu fyrir fatlað fólk en nú er.**

Strætó bs. annast akstursþjónustu fyrir fatlað fólk en síðan hefur Hreyfill annast akstur fyrir aldraða. Það sem vekur athygli er að kostnaður á hverja ferð er lægri hjá Hreyfli en Strætó bs. Hins vegar ber að hafa í huga að bifreiðar vegna þjónustunnar fyrir fatlað fólk eru sérbúnir sem leigubílarnir eru ekki. Engu að síður er hér lagt til að þetta verði skoðað.

## 13. UMSJÓN MEÐ AKSTURSÞJÓNUSTU

**Lagt er til að umsjón með akstursþjónustu færist til þeirra starfsmanna sem annast stoðþjónustu.**

Hér er lagt til að umsjón með akstursþjónustu fyrir fatlað fólk og aldraða verði hjá starfsmönnum sem annast stoðþjónustu en hingað til hefur húsnæðisfulltrúi annast þessi mál.

## 14. FJÁRHAGSAÐSTOÐ, FÉLAGSLEG RÁÐGJÖF OG HÚSNÆÐISMÁL

**Lagt er til að starf félagsráðgjafa við fjárhagsaðstoð og félagslega ráðgjöf og húsumsjónarfulltrúa verði sameinað í eitt stöðugildi.**

Með hliðsjón af verkefnum sem þessir tveir starfsmenn hafa sinnt er hér lagt til að þessi tvö störf verði sameinuð í eitt stöðugildi. Viðkomandi starfsmaður sinni fjárhagsaðstoð, félagslegri ráðgjöf og umsjón með úthlutun á félagslegu húsnæði.

Umsjón með akstursþjónustu fatlaðs fólks og aldraðra færist til þeirra sem annast stoðþjónustu, sbr. tillögu hér að framan.

## 15. UMSÓKNIR UM FJÁRHAGSAÐSTOÐ

**Lagt er til að athugað verði það fyrirkomulag að sótt verði um fjárhagsaðstoð rafrænt og unnið verði úr umsóknum rafrænt svo sem kostur er.**

Hér er lagt til að athugað verði hvort ekki sé hægt að hafa þann hátt á að sótt verði um fjarhagsaðstoð rafrænt og jafnframt að unnið verði úr umsóknum á rafrænan hátt svo sem kostur er.

## 16. BARNAVERNDARMÁL

**Lagt er til að skoðað verði að fjölga um allt að tvö stöðugildi í barnaverndarmálum frá því sem nú er.**

Með hliðsjón af fjölda virkra barnaverndarmála má ljóst vera að fjölga þarf stöðugildum þeirra sem vinna að barnaverndarmálum. Á síðasta ári voru 192 virk barnaverndarmál og miðað við 2,5 stöðugildi sem hafa verið vegna barnaverndarmála voru 76,8 mál að meðaltali á hvern starfsmann. Hefðu stöðugildin verið 4,5 hefðu að meðaltali verið 42,7 mál á hvert stöðugildi.

Hér er lagt til að skoðað verði að fjölga stöðugildum í barnaverndarmálum um allt að tvö. Með vísan til tillögu 14 hér að framan, verði hún samþykkt, má segja að annað stöðugildið sé til staðar á sviðinu ef fjölgað verði um tvö. Þannig sé í reynd um að ræða flutning á einu stöðugildi á milli málaflokka á fjölskyldusviði.

## 17. BARNAVERNDARMÁL OG SÁLFRÆÐINGAR

**Lagt er til að athugað verði hvort til greina komi að sálfræðingar sem starfa á fræðslu- og menningarsviði komi að vinnslu barnaverndarmála.**

Fram kom í samtali við verkefnastjóra í barnaverndarmálum að mikill styrkur væri í því ef starfandi væri sálfræðingur hjá Garðabæ til að taka þátt í barnaverndarmálum sem

koma upp, t.d. þar sem um heimilisofbeldi er að ræða. Sálfræðingurinn gæti t.d. tekið samtöl við aðstandendur, að sögn verkefnastjóra.

Öll sálfræðiþjónusta vegna félagsþjónustu sveitarfélagsins er aðkeypt. Kostnaður vegna þess á árinu 2018 var 8,5 milljón króna. Ef sálfræðingur væri starfandi hjá sveitarfélaginu yrðu meiri tengsl við viðkomandi barn, að sögn verkefnastjóra.

Hér er lagt til að skoðað verði að sálfræðingar fræðslu- og menningarsviðs komi að vinnslu barnaverndarmála og jafnvel fleiri mála hjá fjölskyldusviði. Gera má ráð fyrir að sálfræðingarnir séu jafnvel að vinna að málum nemenda í grunnskólunum sem einnig er verið að vinna með í barnavernd. Þetta væri m.a. liður í að efla samstarf sviðanna.

Jafnframt er bent á hvort til greina komi að sérmenntaðir starfsmenn í grunnskólum koma að vinnslu barnaverndarmála ef málið varðar nemanda í viðkomandi skóla.

## 18. Viðhald á félagslegu leiguhúsnæði

**Lagt er til að umsjónarmaður fasteigna annist umsjón með félagslegu leiguhúsnæði eins og öðru húsnæði hjá bæjarfélaginu.**

Það er mat skýrsluhöfundar að það fari betur á því að umsjónarmaður fasteigna annist umsjón með félaglegu leiguhúsnæði eins og öðru húsnæði hjá bæjarfélaginu frekar en starfsmaður á fjölskyldusviði annist viðhaldsmál á félagslegu leiguhúsnæði. Beiðni leigjenda um viðgerð á leiguhúsnæði berist til umsjónarmanns fasteigna.

## 19. Leiguverð á félagslegum leiguíbúðum

**Lagt er til að leiguverð á félagslegum leiguíbúðum verði endurskoðað.**

Með hliðsjón af því að rekstur leiguíbúða stendur ekki undir sér og að leiguverð er langt undir markaðsleigu í sumum tilfella er þessi tillaga hér fram komin.

Farið verði strax í að skoða þetta. Leigutökum tilkynnt þetta tímanlega. Hægt væri að gera þetta t.d. í tveimur áföngum nú í lok árs (2019) og svo aftur um mitt næsta árs sé það gerlegt miðað við gildandi leigusamninga í þeim tilfellum sem leiguverð myndi hækka.

## 20. Annar rekstrarkostnaður félagslegs húsnæðis

**Lagt er til að annar rekstrarkostnaður vegna rekstrar félagslegra leiguíbúða verði greindur og endurskoðaður.**

Annar rekstrarkostnaður var 14.855 þúsund krónur samanborið við leigutekjur sem voru 31.883 þúsund krónur. Þannig var annar rekstrarkostnaður 47% sem hlutfall leigutekjum.

Með hliðsjón af því er hér lagt til að þessi kostnaður verði greindur.

Lögð er áhersla á að liðunum „annar rekstrarkostnaður“ og „húsaleiga“ verði stillt þannig upp að reksturinn standi undir sér og skili fjármagni til að standa undir afborgunum lána.

## 21. STOÐÞJÓNUSTA OG MÁLEFNI ALDRAÐRA

**Lagt er til að þrír stjórnendur, sem annast stoðþjónustu og máefni aldraðra og eru staðsettir í Ísafold, verði staðsettir á fjölskyldusviðinu í ráðhúsinu. Jafnframt verði fundin önnur not fyrir það húsnæði sem losnar í Ísafold við þessa breytingu, m.a. fyrir starfsmenn í stuðnings og stoðþjónustu.**

Nokkur breyting hefur orðið á starfi framkvæmdastjóra öldrunar- og heimaþjónustu á síðustu misserum þar sem rekstur hjúkrunarheimilisins og dagþjálfunar hefur verið tekinn yfir af Hrafnistu.

Ljóst er að starfsemi þeirra þriggja starfsmanna, sem eru staðsettir í Ísafold, skarast mikið við þá starfsemi sem fer fram á fjölskyldusviðinu í ráðhúsinu en vegna fjarlægðar á milli starfsmanna hefur orðið ákveðið rof í samskiptum starfsmannanna, sem hefur haft ýmsar afleiðingar.

Með hliðsjón af framanrituðu er það mat skýrsluhöfundar að það eru margir kostir við það að þessir þrír starfsmenn verði fluttir á fjölskyldusviðið í ráðhúsinu.

Samhliða þessari breytingu þarf að finna önnur not fyrir það húsnæði sem losnar í Ísafold við þessa breytingu. Skoðað verði m.a. að verði starfsmönnum fjölgað sem sinna stuðnings- og stoðþjónustu að þeir hafi aðstöðu í Ísafold.

## 22. FRAMKVÆMDASTJÓRI ÖLDRUNAR- OG HEIMAÞJÓNUSTU

**Lagt er til að starf framkvæmdastjóra öldrunar- og heimaþjónustu (forstöðumaður stuðnings- og öldrunarþjónustu) verði tekið til endurskoðunar í þeim tilgangi að gera það skilvirkara með hliðsjón af þeim breytingum sem tengjast nýjum skilgreiningum samkvæmt nýrri löggjöf um félagsþjónustu sveitarfélaga er varðar stuðnings- og stoðþjónustu. Lagt er til að starf forstöðumanns heimaþjónustu verði lagt niður og að ráðið verði í tvær stöður verkefnastjóra sem heyra beint undir forstöðumann (deildarstjóra) stuðnings- og öldrunarþjónustu og sinni verkefnum á sviði öldrunar-, stuðnings- og stoðþjónustu í samræmi við gildandi lög um félagsþjónustu sveitarfélaga og lög um þjónustu við fatlað fólk með langvarandi stuðningsþarfir.**

Með hliðsjón af því að rekstur hjúkrunarheimilisins Ísafoldar og dagþjálfunin hefur færst yfir til Hrafnistu hafa orðið miklar breytingar á starfi framkvæmdastjóra öldrunar- og heimaþjónustu. Jafnframt hafa verið gerðar breytingar á lögum um stoð- og stuðningsþjónustu.

Með vísan til þessa er þessi tillaga hér sett fram.

## 23. VERKTAKA VEGNA STOÐÞJÓNUSTU

**Lagt er til að fram fari ítarleg athugun á því hvort færi betur á því rekstrarlega að vera með meira jafnvægi á milli stoð- og stuðningsþjónustu í verktöku og því að veita þjónustuna með starfsmönnum sveitarfélagsins.**

Svo virðist sem þróunin hafi orðið að nú sé stoð- og stuðningsþjónustu sveitarfélagsins við aldraða og fatlað fólk að mestu sinnt af verktökum. Það er mat skýrsluhöfundar að það gæti farið betur á því að hluta af þjónustunni sé sinnt af starfsmönnum sveitarfélagsins og þá að hluta af verktökum. Svo virðist sem þróunin hafi orðið, a.m.k.

árið 2018, að keypt hafi verið meiri þjónusta af verktökum en fjárheimild heimilaði en heimild til launaútgjalda ekki nýtt að fullu.

Með vísan til framanritaðs er hér lagt til að fram fari ítarleg athugun á því hvort ekki færi betur á því að draga úr verktöku við þjónustu við aldraða og fatlað fólk.

## 24. SAMÞYKKT REIKNINGA VEGNA STUÐNINGS- OG STOÐÞJÓNUSTU

**Lagt er til að eftirlit og uppáskrift reikninga frá verktökum vegna stuðnings- og stoðþjónustu verði eflt.**

Hér er lagt til að eftirlit með verktökum vegna stuðnings- og stoðþjónustu verði eflt og tryggt verði að fullnægjandi upplýsingar liggi fyrir við samþykkt reikninga. Það getur verið nokkuð flókið að halda utan um öll verkkaup vegna stuðnings og stoðþjónustu, þar sem m.a. er um að ræða mörg heimili með mismunandi þjónustustig o.s.frv. Athugað verði m.a. hvort notast megi við skjal sem fyllt verði inní með ákveðnum upplýsingum varðandi verkkaup. Skjalið verði þannig hannað að það reikni út hver kostnaðurinn á að vera o.s.frv.

## 25. ÚTTEKT OG RÁÐSTEFNA/NÁMSKEIÐ Í MÁLEFNUM FATLAÐS FÓLKS

**Lagt er til að Garðabær beiti sér fyrir því að Samband íslenskra sveitarfélaga láti gera úttekt á framlögum úr Jöfnunarsjóði sveitarfélaga vegna málefna fatlaðs fólks. Jafnframt að sambandið haldi ráðstefnu eða námskeið fyrir starfsmenn í málefnum fatlaðs fólks þar sem farið verði yfir m.a. þýðingu SIS mats, framlög frá Jöfnunarsjóði sveitarfélaga, íbúasamsetningu í íbúðakjörnum, mönnun íbúðakjarna o.s.frv.**

Við lauslega yfirferð á framlögum vegna málefna fatlaðs fólks hefur vaknað sú spurning hvort framlögin dugi til reksturs málaflokksins eins og gert var ráð fyrir þegar sveitarfélögin tóku málaflokkinn yfir. Á undanförnum árum hefur skýrsluhöfundur átt samtöl við fjölmarga starfsmenn sem starfa að málefnum fatlaðs fólk víða á landinu. Í þessum samtölum hefur komið fram að oft á tíðum er lítil vitneskja um SIS möt og tilgang þeirra, framlög úr Jöfnunarsjóði sveitarfélaga, að það getur skipt máli hvernig samsetning íbúa er í íbúðakjörnum/sambýlum, mönnun íbúðakjarna o.s.frv.

Með hliðsjón af framanrituðu er þessi tillaga sett fram. Það er mat skýrsluhöfundar að almennt er mögulegt að bæta þjónustuna og lækka kostnað með því að gera starfsmenn upplýstari um málaflokkinn í heild sinni. Jafnframt samkvæmt þeim upplýsingum sem skoðaðar hafa verið eru mörg sveitarfélög með hallarekstur á málefnum fatlaðs fólks. Þeim hluta sem sveitarfélögin tóku yfir árið 2011. Með hliðsjón af því verður að telja eðlilegt að úttekt fari fram á framlögum frá Jöfnunarsjóði sveitarfélaga vegna fatlaðs fólks og rekstrarafkomu hjá sveitarfélögum vegna málafokksins.

## 26. SJÁLFSEIGNARSTOFNUN UM BYGGINGU OG REKSTUR ÍBÚÐAKJARNA FYRIR FATLAÐ FÓLK

**Lagt er til að Garðabær standi að stofnun sjálfseignarstofnunar samkvæmt lögum nr. 52/2016 um byggingu og rekstur sex leiguíbúða í íbúðakjarna fyrir fatlað fólk. Skoðað verði með að byggja a.m.k. þrjá íbúðakjarna fyrst um sinn.**

Hér er lagt til að Garðabær standi að stofnun sjálfseignarstofnunar um byggingu og rekstur sex almennra leiguíbúða í íbúðakjarna, skv. lögum nr. 52/2016, fyrir fatlað fólk. Sótt verði um stofnframlög fyrir allt að 34% af byggingarkostnaði vegna þessa

samkvæmt lögum um almennar íbúðir nr. 52/2016. Byggðir verði að minnsta kosti þrír íbúðakjarnar fyrst um sinn.

Gert verði ráð fyrir því að aðstandendur íbúa komi jafnvel að því að stýra félaginu/félögunum. Jafnframt að húsaleiga standi undir afborgun og vöxtum af láni sem tekið verði vegna framkvæmdarinnar og öðrum kostnaði við rekstur íbúðanna.

Bærinn verði eigandi að rými fyrir starfsmenn í hverjum kjarna.

Það er mat skýrsluhöfundar að með þessu fyrirkomulagi muni hlutur Garðabæjar vegna reksturs málefna fatlaðs fólks lækka. Haft verði að leiðarljósi við endurskipulagningu á búsetu fatlaðs fólks í sveitarfélaginu að greiðslur frá Jöfnunarsjóði standi að mestu undir þeim útgjöldum sem þeim er ætlað að standa undir en á engan hátt verði dregið úr þjónustunni. Haft verði að leiðarljósi að auka hana. Gætt verði að samsetningu íbúa í hverjum íbúðakjarna með hliðsjón af þjónustuþörf hvers og eins.

Jafnframt er lagt til að skoðað verði að farið verði í alútboð vegna byggingar íbúðakjarna.

## 27. SAMSTARF UM REKSTUR ÍBÚÐAKJARNA MEÐ SÉRHÆFÐA ÞJÓNUSTU

**Lagt er til að kannað verði hvort vilji sé til þess hjá sveitarfélögum á höfuðborgarsvæðinu að standa sameiginlega að rekstri íbúðakjarna fyrir fatlað fólk með mikla og sérhæfða þjónustu.**

Hér er lagt til að kannað verði hvort vilji standi til þess hjá sveitarfélögum á höfuðborgarsvæðinu að standa sameiginlega að rekstri íbúðakjarna fyrir fatlað fólk sem þarfnast mikillar sérhæfðrar þjónustu. Hér er átt við þjónustu eins og sveitarfélögin hafa verið að kaupa af einkaaðilum og hefur reynst kostnaðarsöm.

Hugmynd er að jafnvel verði um fleiri en einn íbúðakjarna að ræða svo hægt sé að mæta mismunandi þörf á mikilli sérhæfðri þjónustu.

Íbúðakjarnar verði byggðir samkvæmt lögum nr. 52/2016 um almennar leiguíbúðir. Stofnuð verði sjálfseignarstofnun um byggingu og rekstur húsnæðisins, sbr. tillögu nr. 26 hér að framan.

## 28. ÍBÚAR Í ÍBÚÐAKJARNA

**Lagt er til að gætt verði að því að þjónustuþörf íbúa í íbúðakjarna/herbergjasambýli fari saman.**

Mikilvægt er að leggja áherslu á að íbúar í íbúðakjarna þarfnist svipaðrar þjónustu eða með öðrum orðum séu ekki með mikinn mun á þjónustuþörf samkvæmt SIS mati. Sé þetta ekki gert er líklegt að rekstrarframlög samkvæmt SIS mati muni ekki duga fyrir rekstrarútgjöldum viðkomandi íbúðakjarna.

Að sjálfsögðu þarf þetta alltaf að meta út frá aðstæðum á hverjum tíma.

## 29. ENDURMAT Á ÞJÓNUSTUÞÖRF

**Lagt er til að óskað verði formlega eftir endurmati á þjónustuþörf þeirra einstaklinga, þar sem munurinn á veittri þjónustu er mun meiri en núgildandi mat segir til um.**

Í einstaka tilfellum hjá Garðabæ voru framlög frá Jöfnunarsjóði sveitarfélaga árið 2018 langt frá því að duga fyrir útgjöldum vegna þeirrar þjónustu, sem framlögunum er ætlað að standa undir. Munurinn er það mikill að erfitt er að sjá rök fyrir því að þau framlög fáist ekki endurskoðuð.

Samkvæmt þessu er ljóst að þjónustuþörfin í þessum tilvikum er mun meiri en viðkomandi mat segir til um. Með hliðsjón af þessu er þessi tillaga hér sett fram.

## 30. Rekstrarkostnaður sambýla

**Lagt er til að kostnaður við rekstur sambýla hjá Garðabæ verði athugaður sérstaklega með hliðsjón af því hversu mikill kostnaðurinn er umfram þau framlög sem greidd eru frá Jöfnunarsjóði vegna þeirra.**

Með hliðsjón af því að rekstrarkostnaðurinn er mikill umfram þau framlög sem ætluð eru til að standa undir rekstrarkostnaðnum er hér lagt til að þetta verði skoðað og leitað skýringa í hverju munurinn liggur, með það að markmiði að ná niður umfram kostnaði án þess að skerða þjónustuna. Athugað verði m.a. hvort SIS möt séu rétt o.s.frv.

# Fræðslu- og menningarsvið

## 31. Talmeinafræðingar

**Lagt er til að athugað verði hvort til greina komi að talmeinafræðingar, sem starfa á skóladeild og vinna með nemendum á leikskólum, veiti einnig stuðning við nemendur á yngsta stigi í grunnskólum bæjarfélagsins.**

Hér er lagt til að athugað verði hvort ekki færi vel á því að talmeinafræðingar, sem vinna með nemendum í leikskólum, komi einnig að því að vinna með nemendum á yngsta stigi í grunnskólum bæjarfélagsins.

Gera má ráð fyrir t.d. að í einhverjum tilfella hafi talmeinafræðingarnir verið að vinna með nemendum í leikskóla sem síðan fara í grunnskóla og þurfa á áframhaldandi stuðningi þar. Færi ekki vel á því að sömu aðilar myndu vinna áfram með viðkomandi nemendum?

## 32. Stuðningur við nemendur með sérþarfir

**Lagt er til að athugað verði með að gera ítarlega úttekt á sérkennslumálum hjá bæjarfélaginu með það að markmiði að bæta enn frekar góða þjónustu og að hámarka nýtingu þess fjármagns sem sett er í stuðning við nemendur.**

Að mati deildarstjóra skóladeildar liggja tækifæri í sérkennslumálum. Að hans mati þarf að gera heildarúttekt á sérkennslumálum. Þar liggja tækifæri til hagræðingar en þó kannski fyrst og fremst til að bæta þjónustu og nýta fjármagn betur. Starfsmenn eru þess meðvitaðir og skýrslan Menntun fyrir alla ber þess einnig vitni að við erum farin út af sporinu þegar kemur að því að veita gæðaþjónustu fyrir þennan hóp. Þurfum að ráða fagfólk sem tilheyrir ólíkum fagstéttum inn í skólana í stað ungra og ófaglærðra stuðningsfulltrúa, að sögn deildarstjórans.

Skýrsluhöfundur tekur heilshugar undir þessi sjónarmið og telur að skoða þurfi nauðsyn þess að fleira fagfólk komi að málefnum nemenda með sérþarfir en nú er. Hins vegar vill skýrsluhöfundur árétta að það kom honum á óvart hvað mörg stöðugildi eru

nú þegar í grunnskólum Garðabæjar, sem unnin eru af starfsfólki með aðra menntun en kennaramenntun. Því má spyrja hvort tenging sé þar á milli og mikillar ánægju með grunnskóla Garðabæjar eins og komið hefur fram í könnunum? Ef það er rétt má ætla að full ástæða sé til að þessi mál verði skoðuð frekar til að gera góðan grunnskóla enn betri.

## 33. Fimm deildir á fræðslu- og menningarsviði

**Lagt er til að fræðslu- og menningarsviði verði skipt í fimm deildir, stoðdeild þar sem starfsmenn heyra undir sviðsstjóra, grunn- og tónlistardeild, leikskóladeild, íþrótta-, tómstunda- og forvarnardeild og menningardeild.**

Gert verði ráð fyrir að starfsmenn stoðdeildar heyri undir sviðsstjóra og síðan deildarstjórar hverjar deildar. Deildarstjóri íþrótta-, tómstunda- og forvarnardeildar beri starfsheitið íþrótta-, tómstunda- og forvarnarfulltrúi. Deildarstjóri menningardeildar beri starfsheitið menningarfulltrúi.

Gert er ráð fyrir að starfsmenn á stoðdeild komi að vinnu bæði fyrir leik- og grunnskóla. Jafnframt að þeir ásamt deildarstjóra grunn- og tónlistardeildar og deildarstjóri leikskóladeildar vinni náið með fjölskyldusviðinu.

Með þessari tillögu verður til nýtt stöðugildi á fræðslu- og menningarsviði, þ.e. menningarfulltrúi. Stöðugildið flyst frá fjármála- og stjórnsýslusviði þannig að ekki er um fjölgun stöðugilda að ræða. Jafnframt verði starf tómstunda- og forvarnarfulltrúa sameinað starfi íþróttafulltrúa í íþrótta-, tómstunda-, og forvarnarfulltrúa.

Til frekari skýringar sjá skipurit, fylgiskjal 6

## 34. Aðgangsstýrikerfið Curron

**Lagt er til að athugað verði hvort ekki sé hægt að vinna með ódýrara fyrirkomulag við aðgangsstýringu á Ásgarðslaug og Álftaneslaug.**

Árið 2011 varð gerður samningur varðandi aðgangsstýrikerfi á sundstaði í bæjarfélaginu. Samningurinn hefur ekki verið endurnýjaður. Af aðgangseyri í Ásgarðslaug fóru 8,4% sem greiðsla til verksala Currons aðgangsstýriskerfisins og hjá Álftaneslaug fóru 6,4%. Samtals var greidd 4,1 milljón króna eða 7,5% af heildartekjum vegna aðgangseyris vegna kerfisins árið 2018.

Greiða þarf einnig gjald vegna þeirra sem fá frítt í sundlaugar bæjarfélagsins umfram 140.000 færslur.

Hér er lagt til að leitað verði leiða til að ná þessum kostnaði niður, m.a. verði athugað hvort ekki eigi að bjóða þetta út.

## 35. Rekstur leikskóla

**Lagt er til að leitað verði skýringa á því hvers vegna rekstrarkostnaður leikskólanna Krakkakots, Kirkjubóls, Hæðarbóls og Lundabóls er jafn hár og raun ber vitni í samanburði við sambærilega leikskóla að stærð hvað fjölda HDÍG varðar og einnig í samanburði við aðra leikskóla í Garðabæ.**

Í samanburði við aðra leikskóla sambærilega að stærð hvað fjölda HDÍG varðar var einn leikskóli með hærri rekstrarkostnað á hvert HDÍG en leikskólinn Krakkakot árið 2017.

Einnig var annar rekstrarkostnaður án innri leigu hæstur hjá leikskólanum Krakkakoti og munaði þar nokkru.

Þegar rekstrarkostnaður leikskólans er borinn saman við leikskólann Akra þar sem voru 99,6 HDÍG árið 2017 en þau voru 99,9 HDÍG á leikskólanum Krakkakoti, var kostnaðurinn á hvert HDÍG 164 þúsund krónum hærri hjá leikskólanum Krakkakoti.

Í samanburði við aðra leikskóla sambærilega að stærð voru tveir leikskólar með hærri rekstrarkostnað á hvert HDÍG en leikskólinn Kirkjuból, þrír í samanburði við Hæðarból og einn í samanburði við Lundaból.

Almennt virðist sem annar rekstrarkostnaður hjá leikskólum Garðabæjar sé hár í samanburði við sambærilega skóla. Á sama hátt skera útgjöld almennt í þessum samanburði sig nokkuð úr hversu mismunandi þau eru á milli leikskóla í Garðabæ. Samtals voru þessir útgjaldaliðir (nokkrir útgjaldaliðir) á hvert HDÍG 207 þúsund krónur hjá leikskólanum Krakkakoti samanborið við 176 þúsund krónur hjá leikskólanum Ökrum. En hjá þeim skóla voru þessir kostnaðarliðir lægstir á hvert HDÍG. Hæstur var þessi kostnaður hjá ungbarnaleikskólanum Sunnuhvoli þar sem hann var 304 þúsund krónur á hvert HDÍG.

Einnig virðist a.m.k. í sumum tilfella vera ákveðinn stígandi í fjölgun stöðugilda hjá nokkrum af leikskólum bæjarfélagsins.

Um getur verið að ræða umtalsverðan kostnaðarmun en hafa ber í huga að skýringar geta verið t.d. aldursamsetning nemenda.

Hér er lagt til að leitað verði skýringa á þessum kostnaðarmuni með það að markmiði að ná niður kostnaði án þess að það komi niður á þjónustunni.

## 36. Hráefniskaup og launakostnaður við matargerð í leikskólum

**Lagt er til að gerð verði athugun á miklum mun á launakostnaði og kostnaði við hráefniskaup vegna matargerðar í leikskólum bæjarfélagsins.**

Eins og komið hefur fram hér getur verið nokkur munur á launakostaði og hráefniskostnaði vegna matargerðar við leikskóla bæjarfélagsins. Hér er lagt til að skoðað verði sérstaklega í hverju þess mikli munur liggur með það að markmiði að ná niður kostnaði. Athugað verði m.a. að samræma fjölda stöðugilda í eldhúsum leikskólanna.

## 37. Kaup á mat

**Lagt er til að skoðað verði með sameiginleg innkaup á mat fyrir leikskóla bæjarfélagsins að undangengnu útboði.**

Hér er lagt til að matarinnkaup verði sameiginleg fyrir leikskóla bæjarfélagsins. Þetta verði unnið þannig að sameiginlega verði gerður grunnmatseðill fyrir hvern dag fyrirfram. Þannig verði ákveðið hvað verði keypt en síðan ráða matráðar á hverjum stað hvernig matargerðinni verði háttað úr því hráefni sem lagt er til.

Með þessu fyrirkomulagi verði m.a. notið góðs af magn innkaupum með það að markmiði að fá lægra verð. Einnig ætti að fást hagræðing með því að nokkrir starfsmenn eru ekki að fara í verslunarleiðangur. Jafnframt ætti að fást betri yfirsýn yfir hvernig maturinn nýtist á hverjum stað o.s.frv.

Lögð er áhersla á að áður en farið verði af stað með þessa aðgerð hafi hún ákveðinn undirbúning og aðdraganda. Fordæmi eru fyrir slíkum sameiginlegum innkaupum. Mikilvægt er að þeir sem koma að þessum málum fyrir bæjarfélagið leyti samráðs og upplýsinga hjá þeim sem hafa haft þetta fyrirkomulag.

Lögð er áhersla á að áður en farið verði af stað með þetta fyrirkomulag verði matarkaupin boðin út.

Matarinnkaupin hjá leikskólunum fara í dag þannig fram að hver matráður í hverjum leikskóla kaupir inn án útboðs og að hluta til í verslunum. Um er að ræða kaup á mat fyrir um 560 börn og um 160 starfsmenn a.m.k.

Einnig kemur til greina að skoðað verði samhliða þessu að kaupa matinn tilbúinn með starfsmanni í eldhúsi af verktaka. Hins vegar verði það sett í hendur leikskólastjóra að ákveða slíkt komi það til greina.

## 38. Ungbarnaleikskólinn Sunnuhvoll

**Lagt er til að athugað verði hvort grundvöllur sé til þess að endurskoða rekstur ungbarnaleikskólans Sunnuhvols með hliðsjón af því að nú taka allir leikskólar bæjarfélagsins börn inn frá 12 mánaða aldri.**

Á ungbarnaleikskólanum Sunnuhvoli voru 27 börn í júní 2019. Ungabörn eru tekin þar inn frá 12 mánaða aldri og eru þar í eitt ár. Við leikskólann s.l. vor (2019) voru 10,4 stöðugildi. Rekstrarkostnaður leikskólans árið 2018 var 87 milljónir króna. Rekstrarkostnaður á hvert HDÍG var 3.541 króna árið 2017.

Gera má ráð fyrir að þar sem tekið er á móti börnum á öllum leikskólum bæjarfélagsins niður í 12 mánaða, að foreldrar og forráðamenn barna munu sækja í leikskóla næst heimilum þeirra.

Með vísan til framanritaðs er þessi tillaga hér sett fram.

## 39. Rekstur Álftanesskóla og Sjálandsskóla

**Lagt er til að leitað verði skýringa á því hvers vegna rekstrarkostnaður Áfltanesskóla og Sjálandsskóla er svo hár sem raun ber vitni í samanburði við sambærilega grunnskóla að stærð, hvað fjölda nemenda varðar og einnig í samanburði við aðra grunnskóla í Garðabæ.**

Í samanburði við aðra grunnskóla sambærilega að stærð hvað fjölda nemenda varðar var einn grunnskóli með hærri rekstrarkostnað á hvern nemanda en Álftaneskóli árið 2017.

Rekstrarútgjöld samtals á hvern nemanda voru næst lægst hjá Naustaskóla á Akureyri þar sem þau voru 1.175 þúsund krónur samanborið við 1.436 þúsund krónur hjá Álftanesskóla, eða mismunur upp á 260 þúsund krónur á hvern nemanda. Miðað við 410 nemendur gerir þessi mismunur samtals 107 milljónir króna.

Einn skóli var með færri nemendur á hvert stöðugildi kennara en Álftanesskóli í þessum samanburði. Tveir skólar voru með færri nemendur á hvert stöðugildi annarra starfsmanna. Þrír skólar voru með færri nemendur á hvert stöðugildi samtals en Álftanesskóli í þessum samanburði.

Varðandi Sjálandsskóla, þegar gjöldin voru tekin saman á hvern nemanda, voru þrír

skólar í þessum samanburði með hærri rekstrargjöld samtals á hvern nemanda en Sjálandsskóli.

Rekstrarútgjöld samtals á hvern nemanda voru lægst hjá Glerárskóla á Akureyri þar sem þau voru 1.180 þúsund krónur samanborið við 1.606 þúsund krónur hjá Sjálandsskóla, eða mismunur upp á 326 þúsund krónur á hvern nemanda. Miðað við 279 nemendur gerir þessi mismunur samtals 91 milljón króna.

Þegar stöðugildin voru borin saman voru tveir skólar með færri nemendur á hvert stöðugildi samtals en Sjálandsskóli í þessum samanburði.

Hér getur verið um nokkurn kostnað að ræða og með hliðsjón af því og framanrituðu er lagt til að leitað verði skýringa á þessum kostnaðarmuni með það að markmiði að ná niður kostnaði án þess að það komi niður á þjónustunni.

## 40. REKSTRARLÍKAN GRUNNSKÓLA

**Lagt er til að athugað verði að taka rekstrarlíkan sem notast er við úthlutun á fjármagni til endurskoðunar. Skoðað verði hvort ekki þurfi að notast við annað líkan við úthlutun til fámennari skóla eins og Sjálandsskóla en til þeirra fjölmennari.**

Reynslan hefur sýnt að rekstrarútgjöld á hvern nemanda er almennt hærri í fámennari skólum en fjölmennum.

Tafla 168: Rekstrargjöld á hvern nemanda í samanburðarskólum árið 2017

| Fjöldi nemenda | G. Seltjarnarness | Lækjarskóli | Öldutúnsskóli | Háaleitisskóli | Hagaskóli | Hofsstaðaskóli | Kársnesskóli | Salaskóli | Valla-skóli | Vatnsendaskóli | Norðlingaskóli |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 524-594 | **1.648** | **1.539** | **1.224** | **1.424** | **1.130** | **1.109** | **1.271** | **1.322** | **1.378** | **1.164** | **1.272** |
| | Rimaskóli | Laugarnesskóli | Brekkuskóli | Akurskóli | Grunnskóli Vestmanna. | Garðaskóli | G. Seltjarnarness | Lækjarskóli | Öldutúnsskóli | Háaleitisskóli | Hagaskóli |
| 507-548 | 1.299 | 1.222 | 1.143 | 1.090 | 1.491 | 1.157 | 1.648 | 1.539 | 1.224 | 1.424 | 1.130 |
| | Lundarskóli | Hlíðaskóli | Vættaskóli | Lindaskóli | Grunnskóli Grindavíkur | Flataskóli | Foldaskóli | Hólabrekkuskóli | Áslandsskóli | Rimaskóli | Laugarnesskóli |
| 464-508 | 1.106 | 1.505 | 1.434 | 1.233 | 1.336 | 1.162 | 1.390 | 1.206 | 1.314 | 1.299 | 1.222 |
| | Naustaskóli | Réttarholts-skóli | Giljaskóli | Hvaleyrarskóli | Njarðvíkurskóli | Álftanesskóli | Austurbæjarskóli | Setbergsskóli | Heiðarskóli | Snælandsskóli | Holtaskóli |
| 392-447 | 1.175 | 1.133 | 1.220 | 1.356 | 1.221 | 1.436 | 1.373 | 1.503 | 1.224 | 1.288 | 1.260 |
| | G. Snæfellsb. | Dalskóli | Háaleitisskóli | Grunnsk. í Sandgerði | G. Hornafjarðar | Sjálandsskóli | G. í Borgarnesi | Borgarhólsskóli | Laugalækjarskóli | Vogaskóli | Glerárskóli |
| 229-314 | 2.128 | 1.571 | 1.683 | 1.856 | 1.466 | 1.606 | 1.587 | 1.455 | 1.426 | 1.467 | 1.280 |

Eins og taflan sýnir voru rekstrarútgjöldin í samanburðarskólunum almennt hærri á hvern nemanda í fámennari skólunum, en Sjálandsskóli er þeirra á meðal, en þeim fjölmennari.

Reynslan hefur sýnt að fjölmennari skólarnir í Garðabæ hafa á undanförnum árum verið undir áætlun sem ekki hefur verið hvað Sjálandsskóla varðar.

Með vísan til þessa er þessi tillaga sett fram.

## 41. HÚSUMSJÓNARMENN Í GRUNNSKÓLUM

**Lagt er til að húsumsjónarmenn í grunnskólum heyri undir viðkomandi skólastjóra. Annist áfram húsumsjón í leikskólum og minniháttar viðhald.**

Í samtölum við skólastjórnendur kom fram mikil óánægja með það fyrirkomulag sem nú er. Ítrekað kom fram að núverandi fyrirkomulag gangi að mörgu leyti ekki upp og geri mannauðsstjórnun erfiðari.

Skýrsluhöfundur tekur heilshugar undir þau sjónarmið sem fram komu bæði hjá skólastjórum og leikskólastjórum.

Jafnframt er lögð áhersla á að húsumsjónarmenn annist áfram umsjón með húsnæði leikskóla. Í framkvæmd verði þetta þannig að hver húsumsjónarmaður hafi jafnframt með tvo leikskóla að gera eins og verið hefur.

Þeir annist minniháttar viðhald í grunn- og leikskólum og þá meira en verið hefur. Gert verði ráð fyrir að þeir hafi reglulega viðveru í viðkomandi leikskólum. Komi upp viðhaldsþörf þá hafi leikskólastjóri samband við viðkomandi húsumsjónarmann.

Lögð er áhersla á að húsumsjónarmenn bera ábyrgð á ástandi skólahúsnæðis gagnvart skólastjóra. Þeir eiga að annast samskipti við umsjónarmann fasteigna hjá umhverfis- og framkvæmdasviði varðandi viðkomandi húseignir.

Gera verður kröfu til þess að húsumsjónarmenn sinna starfinu af kostgæfni.

Reynsla er af slíku fyrirkomulagi þar sem þetta hefur gefist vel. Mikilvægt er að leggja áherslu á að góð húsumsjón byggir á góðu skipulagi og aga.

## 42. RÆSTINGAR Í LEIK OG GRUNNSKÓLUM

**Lagt er til að athugað verði að móta stefnu um hvernig ræstingum verður háttað til framtíðar litið í leik- og grunnskólum.**

Fram hefur komið að skólastjórnendur hafa verið að taka ákvarðanir um að láta ræsta hluta af húsnæði viðkomandi skólahúsnæðis í verktöku og að hluta af starfsmönnum viðkomandi skóla.

Fram hefur komið að þrír grunnskólar eru farnir að fá verktaka til að ræsta hluta af skólahúsnæðinu og virðist það a.m.k. í sumum tilfella að vera að aukast sbr. hér að framan. Ef það er ætlun bæjarfélagsins að fara með ræstingar í verktöku hjá grunnskólunum er mikilvægt að mótuð verði stefna um hvernig það verði gert. Skoða þarf hvort ekki komi til greina, ef farið er með ræstingu í verktöku, að fækka stöðugildum á móti í viðkomandi skóla.

Almennt virðist það kostnaðarlega séð koma vel út að skólaliðar ræsti skólahúsnæði. Í nokkrum skólum hafa skólastjórar verið að ákveða að fá verktaka til að ræsta og hafa samið beint við viðkomandi.

Það er mat skýrsluhöfundur að það fari betur á því að skoðað sé kostnaðarlega hvað sé besti kosturinn áður en þetta sé gert og ef verktaki er fenginn til að ræsta í skólahúsnæði á það þá ekki að leiða til fækkunar skólaliða? Hefur það verið gert?

Með hliðsjón af framanrituðu er þessi tillaga sett hér fram.

Jafnframt er lögð áhersla á að öll ræsting sem er keypt í verktöku fari í útboð og að t.d. umsjónarmaður fasteigna hafi yfirumsjón með útboðinu.

## 43. Almenn vöru- og þjónustukaup

**Lagt er til að leitað verði skýringa á því af hverju almenn vöru- og þjónustukaup hækka nokkuð umfram hækkun á neysluverðsvísitölu á milli áranna 2017 og 2018 hjá grunskólum sveitarfélagsins. Þetta verði einnig skoðað varðandi leikskólana.**

Á milli áranna 2017 og 2018 hækkaði vísitala neysluverðs (meðaltal) um 2,7%. Vörukaup hjá grunnskólum sveitarfélagsins, Urriðaholtsskóli ekki meðtalinn, hækkuðu um 6,2% og þjónustukaup um 7,4%. Þetta verði skoðað m.a. með það að markmiði að ná niður kostnaði án þess að það komi niður á þjónustunni.

Þegar vöru- og þjónustukaup eru borin saman á milli leikskóla innan sveitarfélagsins, og þá á hvert HDÍG annars vegar og síðan á hvern nemanda í grunnskólum sveitarfélagsins hins vegar, er kostnaður oft á tíðum nokkuð mismunandi.

Með hliðsjón af framanrituðu er hér lagt til að þetta verði skoðað.

## 44. Verksamningar varðandi leik- og grunnskóla

**Lagt er til að fram fari ítarleg athugun á verktakasamningum vegna leikskóla. Leitað verði leiða til að samræma þessa samninga og gerðir nýir samningar þar sem það á við. Þetta verði jafnframt gert fyrir verksamninga vegna grunnskóla.**

Hér er lagt til að fram fari ítarleg skoðun á samningum við verktaka um rekstur leik- og grunnskóla. Yfirferð og eftirlit með reikningum verði eflt og reikningar ekki samþykktir fyrr en allar umbeðnar upplýsingar liggi fyrir.

Jafnframt verði leitað leiða til að samræma þessa samninga svo sem kostur er.

## 45. Rekstrarkostnaður einkarekinna leikskóla

**Lagt er til að fram fari samanburður á kostnaði við rekstur leikskóla Garðabæjar og einkarekinna leikskóla sem Garðabær kaupir þjónustu af.**

Eins og komið hefur fram hér að framan er kostnaður við rekstur Sjálands og Ása hár á hvert HDÍG í samanburði við leikskóla Garðabæjar. Lögð skal áhersla á að hér eru ýmsir þættir sem hafa áhrif. Nefna má þar aldur barna, þjónustuþörf o.s.frv. Hér er um þætti að ræða sem geta haft mikil áhrif á kostnað.

Með hliðsjón af þessu er lagt til að leitað verði skýringa á þessum kostnaðarmun.

## 46. Leikskólinn Sjáland

**Lagt er til að fram fari athugun á því í tíma hvað gera skuli þegar samningur um leigu og rekstur leikskólans Sjálands rennur út árið 2030.**

Hér er lagt til að athugað verði í tíma hvað gera skuli þegar samningar um leikskólann Sjáland rennur út.

## Bókasafn Garðabæjar

### 47. SKÓLABÓKASAFN OG ALMENNINGS BÓKASAFN Á ÁLFTANESI

**Lagt er til að athugað verði að sameina rekstur skólabókasafnsins í Álftaneskóla við almenningsbókasafnið þannig að Bókasafn Garðabæjar taki reksturinn alveg yfir.**

Eins og þetta er í dag er starfsmaður í hlutastarfi við að sjá um skólabókasafnið og annar starfsmaður er í um 40% starfi að sjá um almennings bókasafnið í sama húsnæði og að hluta til með sama bókakost.

Að mati forstöðumanns væri skynsamlegt að bókasafnið sjái um skólabókasafnið í Álftaneskóla. Einn starfsmaður sjái um skólabókasafnið og almenna bókasafnið. Telur að um 10-20% stöðugildi myndi sparast við það. Jafnframt væri hægt að auka þjónustuna.

Með þessu fyrirkomulagi myndi safnkosturinn nýtast betur. Skólinn kaupir skólabækur fyrir skólabókasafnið. Bækur frá menntamálastofnun, bekkjarsett, kennarabækur o.s.frv. og bókasafnið fyrir útlánasal bókasafnsins á Álftanesi, hvort sem er fyrir börn eða fullorðna. Engin aðgreining.

Með vísan til framanritaðs er þessi tillaga sett hér fram.

### 48. OPNUNARTÍMI BÓKASAFNS

**Lagt er til að athugað verði hvort breyta megi opnunartíma bókasafnsins með hliðsjón af upplýsingum um aðsókn í bókasafnið.**

Ítarlegar upplýsingar liggja fyrir um tímasetningu útlána og skil á bókum innan opnunartíma bókasafnsins. Hér er lagt til að athugað verði hvort til greina komi að breyta opnunartímanum með hliðsjón af aðsókn í bókasafnið.

Jafnframt með hliðsjón af því, að skólabókasafnið og almenningsbókasafnið á Álftanesi verði sameinuð.

## Tækni- og umhverfissvið

### 49. KAUP Á ÞJÓNUSTU VEGNA SKIPULAGSVINNU OG EFTIRLITS

**Lagt er til að gerðir verði samningar um skipulags-, arkitekta- og eftirlitsþjónustu með framkvæmdum sem keypt er í verktöku að undangengnu útboði.**

Hér er lagt til að gerðir verði samningar um öll kaup á skipulags- og arkitektaþjónustu að undangengnu útboði. Jafnframt verði fylgst náið með að kostnaður fari ekki fram úr fjárheimildum og umsaminni þóknun. Þetta verði jafnframt gert varðandi kaup á eftirlitsþjónustu með framkvæmdum. Samið verði fyrirfram um heildarkostnað svo sem kostur er.

### 50. VIÐHALD FASTEIGNA

**Lagt er til að gerð verði ítarleg úttekt á viðhaldsþörf allra fasteigna hjá bæjarfélaginu. Gerð verði áætlun um kostnað og áætlun til a.m.k. þriggja ára varðandi niðurröðun**

**viðhaldsframkvæmda. Skoðað verði að auka það fjármagn sem varið hefur verið til viðhalds frá því sem verið hefur undanfarin ár.**

Hér er lagt til að framkvæmd verði ítarleg úttekt á viðhaldsþörf á fasteignum bæjarfélagsins sem gerð verði grein fyrir í skýrslu. Gerð verði kostnaðaráætlun yfir hverja viðhaldsframkvæmd ásamt tímasettri áætlun um framkvæmdir til a.m.k næstu þriggja ára. Jafnframt verði athugað með að auka framlög til viðhaldsframkvæmda frá því sem nú er.

Í samtölum við forstöðumenn við vinnslu þessarar skýrslu komu ítrekað fram athugasemdir um viðhaldsmál varðandi fasteignir sveitarfélagsins. Á árunum 2010 til 2019 hefur verið varið til viðhaldsframkvæmda árlega frá 210 milljónum króna til 255 milljónum króna.

## 51. VINNUTÍMI Í ÞJÓNUSTUMIÐSTÖÐ

**Lagt er til að vinnutími í þjónustumiðstöð verði tekinn til athugunar og honum breytt í samræmi við kjarasamninga.**

Vinnutími starfsmanna garðyrkjudeildar og þjónustumiðstöðvar er frá kl. 7:20 til kl. 17:00, nema á föstudögum, þá lýkur vinnudeginum kl. 15:30. Allir starfsmennirnir fá fast 40 klst. á viku í dagvinnu og 10 klst. í yfirvinnu.

Samkvæmt upplýsingum frá garðyrkjustjóra eru kaffitímar teknir á morgnana frá kl. 9:00 til 9:30, matartími kl. 12:00 til 12:30 og síðdegiskaffi frá kl. 15:00 til 15:30. Samkvæmt kjarasamningum á morgunkaffi að vera í 15 mínútur, matartími í hádegi 30 mínútur, samkvæmt núverandi vinnufyrirkomulagi, og síðdegiskaffi 20 mínútur.

Ljóst er að eins og fyrirkomulagið er nú eru unnir tímar ekki alveg í samræmi við þá tíma sem greitt er fyrir. Er hér um gamalt fyrirkomulag að ræða. Hér er lagt til að þetta verði athugað og þá hvort ekki komi til greina að breyta þessu. Einnig að skoðað verði hvort þörf sé á því að allir starfsmenn á garðyrkjudeild og þjónustumiðstöð vinni yfirvinnu á hverjum degi. Þetta þarf að skoða sérstaklega með hliðsjón af jafnlaunavottun.

## 52. TÍMASKRÁNING GARÐYRKJUDEILDAR OG ÞJÓNUSTUMIÐSTÖÐVAR

**Lagt er til að athugað verði með að hætta að dreifa öllum tímum garðyrkjudeildar og þjónustumiðstöðvar á verk.**

Fram kom í samtölum við garðyrkjustjóra og forstöðumann þjónustumiðstöðvar að allir tímar starfsmanna hjá þeim væru skráð á verk, hvort sem væri þörf á vinnunni eða ekki. M.a. kom fram í máli garðyrkjustjóra að yfir vetrarmánuðina þegar mest myrkur er komi upp vandamál um hvar eigi að skrá tíma.

Hér er lagt til að athugað verði með að vera með sérstakan lykil þar sem tímar eru skráðir ef ekki er verið að vinna við ákveðin verk „dauður tími".

## 53. VÉLAR, TÆKI OG BIFREIÐAR

**Lagt er til að athugað verði hvort til greina koma að selja eða farga sumum af vélum, tækjum og bifreiðum hjá bæjarfélaginu.**

Ljóst er að nokkuð af tækjakosti bæjarfélagsins sem er hjá þjónustumiðstöð er kominn nokkuð til ára sinna og er ekki mikið notaður. Með hliðsjón af því er hér lagt til að athugað verði hvort ekki megi losna við eitthvað af þessum tækjum.

## 54. Fjöldi stöðugilda í þjónustumiðstöð og garðyrkjudeild

**Lagt er til að skoðað verði í náinni framtíð hvort til greina komi að fækka stöðugildum við þjónustumiðstöð og/eða garðyrkjudeild hjá bæjarfélaginu.**

Í samanburði við önnur fjölmenn sveitarfélög vakna spurningar um hvort fækka megi stöðugildum í þjónustumiðstöð og/eða garðyrkjudeild bæjarfélagsins í náinni framtíð. Þetta verði t.d. skoðað láti starfsmaður þar af störfum eða fari í annað starf á vegum sveitarfélagsins.

Af fjölmennari sveitarfélögunum sker Sveitarfélagið Árborg ásamt Akureyrarbæ sig nokkuð úr hvað varðar fjölda íbúa á hvert stöðugildi í þjónustumiðstöð. Hjá Sveitarfélaginu Árborg voru 562 íbúar á hvert stöðugildi og hjá Akureyrarbæ 569. Síðan kemur Garðabær með 714 íbúa á hvert stöðugildi. Sjá töflu 167.

## 55. Skipurit umhverfis- og framkvæmdasviðs

**Lagt er til að umhverfis- og framkvæmdasvið skiptist í fjórar deildir, þ.e. fasteignir, umhverfi- og framkvæmdir, skipulagsstjóra, byggingarfulltrúa og Samveitur.**




Hér er lagt til að sérstök deild verði sem fer með fasteignir hjá bæjarfélaginu, viðhald o.s.frv. Yfirmaður þar verði umsjónarmaður fasteigna, með honum verði einn starfsmaður. Umhverfis- og framkvæmdadeild fari með málefni þjónustumiðstöðvar og umhverfismál. Síðan verði skipulagsstjóri, byggingarfulltrúi og Samveitur, sjá fylgiskjal 7.

## 56. Losun á sorpi hjá stofnunum sveitarfélagsins

**Lagt er til að fram fari nákvæm úttekt á því hvort sorpílát sem eru við stofnanir sveitarfélagsins eru af réttri stærð og losun þeirra sé í samræmi við þörf.**

Verktaka er greitt fyrir losun samkvæmt stærð tunna/gáma og einnig hversu oft losað er. Með því að vera með of stór ílát eða losanir of oft er að falla til óþarfa kostnaður. Hér er lagt til að þetta verði skoðað með það að markmiði að ná niður kostnaði.

## 57. Tilfallandi verkefni í verktöku

**Lagt er til að reglulega, t.d. í upphafi hvers árs, fari fram útboð þar sem óskað verði eftir tilboðum frá verktökum í tímagjald vegna uppáfallandi verkefna hjá sveitarfélaginu.**

Hér er lagt til að reglulega verði framkvæmt útboð þar sem verktakar geri tilboð í tímagjald vegna ýmissa viðhaldsverkefna. Viðhaldsverkefni önnur en vegna leiguíbúða hafa verið fyrir um og yfir 200 milljónir króna á ári síðustu ár.

## 58. Virðisaukaskattur

**Lagt er til að athugað verði hvort ekki færi betur á því að þjónustumiðstöðin verði hluti af eignasjóði og þjónusta þjónustumiðstöðvar vegna eigna eignasjóðs verði innifalin í leiguverði.**

Hér er lagt til að athugað verði hvort mögulegt sé að þjónustumiðstöðin sé hluti af eignasjóði og eignasjóður leigi út eignir sínar til bæjarins þannig að eignasjóður sjái um viðhald með sínum starfsmönnum, þ.e. eignasjóðs. Spurning er hvort með því fyrirkomulagi þurfi ekki að reka þjónustumiðstöðina sem virðisaukaskattskylda þjónustu.

Tafla 169: Greiddur virðisaukaskattur vegna þjónustumiðstöðvar

| Ár | Útskattur | Innskattur | Nettó VSK |
|---|---|---|---|
| 2016 | -16.015.432 | 2.484.709 | -13.530.723 |
| 2017 | -19.346.212 | 3.392.665 | -15.953.547 |
| 2018 | -17.091.283 | 2.214.402 | -14.876.881 |
| **Samtals** | **-52.452.927** | **8.091.776** | **-44.361.151** |

Heimild: Garðabær

Tafla 169 sýnir greiddan virðisaukaskatt vegna þjónustu þjónustumiðstöðvar við stofnanir bæjarfélagsins.

Eins og fram kemur í töflunni greiddi bæjarfélagið samtals 44 milljónir króna í virðisaukaskatt vegna þjónustu þjónustumiðstöðvar við stofnanir bæjarfélagsins samtals fyrir árin 2016 til 2018. Um er að um 15 milljónir króna á ári miðað við árin 2016 til 2018.

# Ísafold

## 59. Endurnýjun og viðhald á búnaði á hjúkrunarheimilinu Ísafold

**Lagt er til að þess verði gætt að Garðabær kosti ekki meiru til varðandi viðhald og endurnýjun á búnaði á hjúkrunarheimilinu Ísafold en bæjarfélaginu ber samkvæmt lögum þar um.**

Eins og komið hefur fram hér að framan hefur ekki verið gerður samningur á milli velferðarráðuneytisins og Garðabæjar varðandi búnað á hjúkrunarheimilinu, þ.m.t. vegna viðhalds og endurnýjunar á búnaði hjúkrunarheimilisins. Í leigugreiðslum vegna húsnæðis hjúkrunarheimilisins er ekki gert ráð fyrir greiðslum vegna viðhalds og endurnýjunar á búnaði. Með hliðsjón af því er ljóst að ríkinu ber að greiða a.m.k 85% vegna þessa.

Hér er lagt til að þess verði gætt að ríkið borgi sinn hlut í viðhaldi og endurnýjun á búnaði hjúkrunarheimilisins. Gæta þarf að því að haft sé samráð við velferðarráðuneytið áður en til kostnaðar vegna þessa er stofnað.

## 60. Rekstur hjúkrunarheimilisins Ísafoldar

**Lagt er til að farið verði í viðræður við velferðarráðuneytið varðandi yfirtöku ráðuneytisins á rekstri hjúkrunarheimilisins með vísan til þess m.a. að ráðuneytið**

**hefur gert samninga um yfirtöku á rekstrinum við tvö sveitarfélög af þeim sveitarfélögum sem gerðu samning um svokallaða leiguleið.**

Á sínum tíma þegar samningar voru gerðir við nokkur sveitarfélög um svokallaða leiguleið varðandi byggingu, leigu og rekstur hjúkrunarheimila var samtal á milli ríkis og sveitarfélaga um að sveitarfélögin tækju yfir málaflokk aldraðra og þar með talið byggingu og rekstur hjúkrunarheimila. Gera má ráð fyrir að þetta samtal hafi ráðið nokkru um að framangreindir samningar voru gerðir eins og þeir voru varðandi reksturinn. Jafnframt ber að hafa í huga að í samningnum frá 2010 er ákvæði um að á milli Garðabæjar og ráðuneytisins skulu gerður samningur um reksturinn sem ekki hefur verið gerður. Slík samningagerð getur ekki verið einhliða. Sjónarmið beggja aðila hljóta að koma inn í slíkan samning.

Einnig liggur nú fyrir að velferðarráðuneytið hefur samið við tvö af þeim sveitarfélögum, sem gerðu samninga um svo kallaða leiguleið, að ríki yfirtaki ábyrgð á rekstrinum. Núverandi heilbrigðisráðherra gerði annan af þessum samningum og hinn var gerður í tíð forvera núverandi heilbrigðisráðherra. Þannig að ljóst er að tveir ráðherrar hafa komið að þessari breytingu. Með hliðsjón af því má ætla að hér sé um stefnubreytingu að ræða hjá ráðuneytinu.

Einnig verður að líta svo á að ef ráðuneytið neitar beiðni um yfirtöku á ábyrgð á rekstri hjúkrunarheimilisins sé verið að mismuna sveitarfélögum.

Með vísan til framanritaðs er þessi tillaga sett hér fram og jafnframt að hún nái yfir rekstur dagþjálfunar. En bæði rekstur hjúkrunarheimila og dagþjálfunar er samkvæmt verkaskiptingu ríkis og sveitarfélaga á ábyrgð ríkisins.

Hafni ráðuneytið þessari málaleitan hlýtur að koma til álita að óska álits umboðsmanns alþingis varðandi það að ráðuneytið semji um yfirtöku á rekstri hjúkrunarheimila sem byggður er á svo kallaðri leiguleið við a.m.k. tvö sveitarfélög en hafni öðrum. Leggja ber áherslu á að samningur hefur ekki verið gerður um reksturinn.

## Stjórnsýslan

### 61. Tækni- og umhverfissvið

**Lagt er til að tækni- og umhverfissvið beri heitið umhverfis- og framkvæmdasvið.**

Með þessari nafnabreytingu er m.a. lögð áhersla á mikilvægi umhverfismála í rekstri sviðsins og einnig að nafn sviðsins vísi til framkvæmda sem nái þá betur yfir verkefni sviðsins heldur en að það vísi eingöngu til tæknimála.

### 62. Sviðsstjórar

**Lagt er til að forstöðumenn sviða beri starfsheitið sviðsstjóri.**




Hér er lagt að starfsheiti forstöðumanna sviða verði samræmt og þeir beri starfsheitið sviðsstjóri. Þannig verði sviðin áfram fjögur og forstöðumenn þeirra beri starfsheitið sviðsstjóri sem hér segir:

✓Sviðsstjóri fjármála- og stjórnsýslusviðs
✓Sviðsstjóri fjölskyldusviðs
✓Sviðsstjóri fræðslu- og menningarsviðs
✓Sviðsstjóri umhverfis- og framkvæmdasviðs

Sjá frekar stjórnskipurit á fylgiskjali 3

## 63. Skipurit sviða

**Lagt er til að skipurit sviða verði eins og fram kemur á fylgiskjali 4 til 7.**

Með vísan til tillagna hér að framan er skipuritum sviða lýst myndrænt á fylgiskjali 4 til 7.

# Ábendingar

Skýrsluhöfundur setur eftirfarandi tillögur fram sem ábendingar og þá meðal annars með vísan til samtala sem hann átti við forstöðumenn, sbr. hér að framan í skýrslunni.

## 1. Greinargerð með fjárhagsáætlun

**Lagt er til að í greinargerð sem fylgir fjárhagsáætlun komi skýrt fram fjöldi stöðugilda í hverri stofnun og á hverju sviði.**

Með hliðsjón af því að launaútgjöld eru um helmingur af útgjöldum sveitarfélagsins er mikilvægt að alltaf liggi skýrt fyrir hvað gert sé ráð fyrir mörgum stöðugildum í hverri stofnun hjá sveitarfélaginu. Þar komi jafnframt fram þróun fjölda stöðugilda hjá viðkomandi stofnun, t.d. fyrir a.m.k. fimm ára tímabil.

Sé um breytingar að ræða í fjárhagsáætlun frá fyrra ári komi það skýrt fram í greinargerðinni.

Eftir því sem greinargerðin er ítarlegri því auðveldara verður að fylgja fjárhagsáætlun eftir. Bæjarfulltrúar og almenningur verður betur upplýstur um hvað samþykkt hefur verið með fjárhagsáætlun og þriggja ára áætlun sveitarfélagsins.

## 2. Viðaukar

**Leggja ber áherslu á að lögum varðandi viðauka sé fylgt eftir hvað varðar samþykkt viðauka.**

Með hliðsjón af því að rauntölur rekstrar fóru fram úr fjárheimildum skv. fjárhagsáætlun árið 2018 í nokkrum tilfellum án þess að viðaukar hafi verið samþykktir ber að leggja áherslu á að unnið sé með viðauka eins og lög um sveitarstjórnarmál gera ráð fyrir. Þar sem þetta er mikilvæg lagaleg skylda þykir rétt að geta þessa hér og leggja áherslu á að þetta verði framkvæmt og gert í samræmi við lög.

Hins vegar ber jafnframt að leggja áherslu á að unnið sé með fjárhagsáætlun þannig að ekki þurfi að samþykkja viðauka, þ.e. að láta fjárhagsáætlun standast.

Jafnframt er bent á að tillaga að viðauka verði lögð fram fyrir bæjarráð/bæjarstjórn á því formi sem tilgreint er í fylgiskjali með reglugerð nr. 1212/2015.

## 3. Reglulegir fundir

**Lagt er til að fjármálastjóri eigi reglulega mánaðarlega fundi með sviðsstjórum og forstöðumönnum, þar sem farið er yfir rauntölur í rekstri og þær bornar saman við áætlun. Virðist sem svo að kostnaður sé að fara fram úr áætlun verði tekin ákvörðun um hvernig brugðist verði við því.**

Mikilvægt er að bókhaldstölur fyrir næstliðinn mánuð liggi fyrir eigi síðar en tíunda hvers mánaðar og forstöðumenn fái þær til sín og beri saman við áætlun. Til að gera þetta enn virkara er lagt til að fjármálastjóri eigi reglulega fundi með forstöðumönnum til að fara yfir rauntölur og áætlun.

Samhliða því að farið verður yfir rauntölur rekstrar og áætlun sé fjöldi stöðugilda í mánuði hverjum borinn saman við þann fjölda sem gert var ráð fyrir skv. fjárhagsáætlun. Á þetta einkum við stærri stofnanir eins og t.d. grunnskóla og leikskóla.

Sömu upplýsingar verði lagðar fyrir bæjarráð í mánuði hverjum.

## 4. Reglulegir fundir bæjarstjóra með æðstu stjórnendum

**Lagt er til að bæjarstjóri eigi reglulega fundi með hverjum sviðsstjóra fyrir sig.**

Hér er lagt til að bæjarstjóri eigi reglulegan fund með hverjum sviðsstjóra. Þessir fundir gætu t.d. verið aðra hverja viku.

Mikilvægt er að sviðsstjórar hafi möguleika á að geta hitt bæjarstjóra reglulega til að fara yfir þau ýmsu mál sem undir þá heyra.

## 5. Samþykkt reikninga umfram fjárheimild

**Lagt er til að kanna það fyrirkomulag að ekki sé hægt að samþykkja reikninga rafrænt umfram fjárheimild skv. greiðsluáætlun. Ef það er mögulegt verði því hrint í framkvæmd.**

Til að virkja greiðsluáætlun enn frekar í samanburði við rauntölur er hér lagt til að kannað verði hvort hægt sé að vera með þannig fyrirkomulag, að ekki sé hægt að samþykkja reikninga ef fjárheimild er ekki til staðar. Ef það er gerlegt verði því hrint í framkvæmd.

Með þessu fyrirkomulagi verður greiðslueftirlitið virkara en ella. Þegar fjárheimild skv. greiðsluáætlun er nýtt að fullu er ekki hægt að samþykkja og fá greidda nýja reikninga umfram greiðsluáætlun. Til að fá reikning greiddan þarf að leita til fjármálastjóra og semja við hann um lausn málsins. Með þessu fyrirkomulagi verða forstöðumenn meðvitaðri um þær fjárheimildir sem þeir hafa á hverjum tíma.

# Tekjur

## 6. Jöfnunarsjóður sveitarfélaga

**Lagt er til að bæjarstjórn geri sveitarstjórnarráðuneytinu grein fyrir þeirri miklu mismunun sem virðist vera í úthlutun á framlögum vegna jöfnunar fasteigna-skattstekna með það að markmiði að það verði leiðrétt. Jafnframt að Samband íslenskra sveitarfélaga beiti sér fyrir heildarúttekt á Jöfnunarsjóði sveitarfélaga.**

Þessi tillaga er hér fram komin þar sem það vekur athygli að það sveitarfélag sem er með hæstu fasteignaskattstekjur á hvern íbúa af 11 samanburðar sveitarfélögum, Fjarðabyggð, fær jafnframt hæsta framlagið vegna jöfnunar fasteignaskattstekna af samanburðar sveitarfélögunum.

Fasteignaskattur á hvern íbúa í Fjarðabyggð var 156 þúsund krónur árið 2017 og til viðbótar fékk sveitarfélagið 50 þúsund krónur á hvern íbúa í framlag frá Jöfnunarsjóði vegna jöfnunar á fasteignaskattstekjum. Samtals var því fasteignaskattur og framlag vegna jöfnunar fasteignaskattstekna í Fjarðabyggð 206 þúsund krónur á hvern íbúa árið 2017. Til samanburðar við 130 þúsund krónur hjá Reykjavíkurborg sem kom næst.

Jafnframt var samtala útsvars, fasteignaskatts, fasteignaskatts- og tekjujöfnunarframlaga á hvern íbúa hæst hjá Fjarðabyggð, eða 770 þúsund krónur á hvern íbúa. Næst kemur Reykjavík þar sem samtalan var 675 þúsund krónur á hvern íbúa og í þriðja sæti var Garðabær þar sem samtalan var 668 þúsund krónur.

Þannig var samtalan 102 þúsund krónum hærri hjá Fjarðabyggð en hún var hjá Garðabæ og 95 þúsund krónum hærri en hjá Reykjavíkurborg. Erfitt er að sjá rökin fyrir jöfnunarframlagi fasteignaskattstekna til Fjarðabyggðar að upphæð 50 þúsund krónur á hvern íbúa. Þó sveitarfélagið hefði ekki fengið það framlag hefði það samt verið með samtölu þessara tekna á hvern íbúa hærri en bæði Reykjavíkurborg og Garðabær, sem voru næst hæst í þessum samanburði, og vel yfir landsmeðaltalinu.

Eðlilegt verður að telja með hliðsjón af framanrituðu að heildarúttekt verði gerð á framlögum frá Jöfnunarsjóði sveitarfélaga. Með hliðsjón af því er hér lagt til að Samband íslenskra sveitarfélaga beiti sér fyrir slíkri úttekt.

# Laun

## 7. Hlutfall launa af tekjum sveitarfélagsins

**Lagt er til að bæjarstjórn setji sér ákveðið markmið um hlutfall launa af tekjum. Stuðst verði við markmiðið við gerð fjárhagsáætlunar.**

Hér er lagt til að bæjarstjórn setji sér ákveðið markmið um hlutfall launa af tekjum sveitarfélagsins. Við gerð fjárhagsáætlunar verði stuðst við markmiðið.

# Stöðugildi

## 8. Fjölgun stöðugilda

**Lagt er til að ef komi fram ósk um fjölgun stöðugilda verði lagður fram rökstuðningur fyrir því sem síðan mannauðsstjóri og fjármálastjóri fari yfir og meti og geri tillögu um hvort fallist verði á óskina eða henni hafnað.**

Leggja ber áherslu á að kanna vandlega hvort fallast eigi á fjölgun stöðugilda sé þess óskað. Lagður verði fram sérstakur rökstuðningur fyrir óskinni sem síðan

mannauðsstjóri og fjármálastjóri meti og geri tillögu um hvort fallist verði á óskina eða henni hafnað.

# Fjármála- og stjórnsýslusvið

## 9. Fundir

**Lagt er til að haldnir séu reglulegir fundir, t.d. mánaðarlega á hverju sviði.**

Hér er lagt til að haldnir séu reglulegir fundir með starfsmönnum sviða þar sem rædd eru m.a. mál sem varða viðkomandi svið. Mikilvægt er að starfsmenn hittist reglulega til að upplýsa hvor annan um mál sem varða sviðið og sveitarfélagið almennt.

## 10. Innheimtufulltrúi

**Lagt er til að athugað verði hvort færi betur á því að innheimtufulltrúi heyri undir deildarstjóra bókhaldsdeildar.**

Í samtali við deildarstjóra bókhaldsdeildar og innheimtufulltrúa kom fram að náið samstarf er á milli starfsmanna í bókhaldsdeild og innheimtufulltrúa, starfmenn bókhaldsdeildar hafa tekið að sér ýmis verkefni fyrir innheimtufulltrúa og ýmis verkefni skarast. Með hliðsjón af þessu er hér lagt til að skoðað verði hvort færi betur á því að innheimtan væri hluti af bókhaldsdeild og innheimtufulltrúi heyri undir deildarstjóra bókhaldsdeildar.

## 11. Kreditkort

**Lagt er til að athugað verði að fækka kreditkortum í umferð hjá sveitarfélaginu. Þannig að t.d. að almennir starfsmenn séu ekki með kreditkort.**

Samkvæmt upplýsingum frá fjármálastjóra í júní 2019 voru 43 kreditkort í notkun hjá sveitarfélaginu. Flestir forstöðumenn hafa kreditkort, þó ekki allir, og matráðar í skólum. Samanlögð velta með kreditkort árið 2018 var 40 milljónir króna.

M.a. með hliðsjón af því að lagðar eru til breytingar almennt á innkaupum og einnig að telja verður eðlilegra að notast sé við innkaupakort í stað kreditkorta er hér lagt til að þetta verði skoðað. Gengið verði út frá því að almennir starfsmenn séu ekki með kreditkort. Jafnframt verði skoðað með breyttum innkaupum að svo stór innkaupaaðili sem Garðabær skipti ekki við smásöluverslanir heldur stærri birgja að undangengnu útboði.

## 12. Upplýsingagjöf vegna heimaþjónustu

**Lagt er til að lögð verði áhersla á að bæta upplýsingagjöf varðandi veitta heimaþjónustu.**

Í samtali við innheimtufulltrúa kom fram að komið hafa upp vandamál varðandi innheimtu gjalda vegna heimaþjónustu þar sem ekki hafi gengið vel að fá upplýsingar frá heimaþjónustu til að geta svarað fyrirspurnum sem borist hafa varðandi reikninga.

Nokkuð er um að þjónustuþegar hringi og spyrji um hvað liggi á bak við þjónustureikning. Þjónustufulltrúi og innheimtufulltrúi geta svarað varðandi innlit, þrif og heimsendan mat. Ef fólk vill fá frekari upplýsingar þarf það að hafa samband við

heimaþjónustuna sem stýrt er frá Ísafold og þá er oft erfitt að ná sambandi og fá svör, að sögn þjónustuvers sem fær mörg símtöl til sín vegna þessa. Þetta hefur skapað pirring hjá þjónustuþegum.

Mikilvægt er að sjá til þess að hægt sé að veita góðar upplýsingar um þá þjónustu sem sveitarfélagið veitir og greitt er fyrir. Ef svör liggja ekki fyrir þá af eðlilegum ástæðum skapar það pirring og tortryggni. Gera verður kröfu til þess að upplýsingar um veitta þjónustu liggi þannig fyrir að hægt sé að svara spurningum varðandi reikninga greiðlega.

## 13. Ráðningar

**Lagt er til að tryggt verði að mannauðsstjóri komi að ráðningum forstöðumanna hjá Garðabæ.**

Mikilvægt er að þess sé gætt að samræmi sé í því hvernig staðið er að ráðningum hjá bæjarfélaginu og tryggt að staðið sé að þeim á faglegan hátt. Með hliðsjón af því er hér lagt til að skoðað verði að mannauðsstjóri komi að ráðningum forstöðumanna hjá bæjarfélaginu.

## 14. Tilkynningar til umsækjenda um störf

**Lagt er til að ávallt sé tryggt að rétt sé staðið að því að tilkynna umsækjendum um ráðningar í störf.**

Fram kom í samtali við mannauðsstjóra að misbrestur hefur verið á hjá sumum forstöðumönnum að tilkynna umsækjendum um ráðningar. Gæta þarf að því að senda umsækjendum um ráðningu í starf tilkynningu um ráðningu og rétt umsækjanda til rökstuðnings. Mannauðsstjóri leggur áherslu á að þetta sé gert í gegnum H3 kerfið hjá sveitarfélaginu en ekki með „óformlegum tölvupóstum“, þannig að það liggi skýrt fyrir að þetta hafi verið gert og að rekjanleiki sé til staðar.

Leggja ber áherslu á að forstöðumenn vandi til ráðninga.

## 15. Ótekið orlof

**Lagt er til að settar verði reglur varðandi ótekið orlof. Fram komi m.a. hvað megi safna upp löngum tíma í óteknu orlofi, hvernig skuli farið með ótekið orlof o.s.frv.**

Fram hafa komið athugasemdir frá endurskoðanda bæjarfélagsins varðandi uppsafnað ótekið orlof hjá starfsmönnum að sögn mannauðsstjóra. Dæmi eru um að safnast hafi upp mikið af óteknu orlofi. Setja þarf reglur um ótekið orlof starfsmanna.

Rétt er að fram komi að mikilvægt er að leggja áherslu á að starfsmenn taki umsamið orlof ekki hvað síst með hliðsjón af heilsufari o.s.frv.

## 16. Starfsmat

**Lagt er til að athugað verði með að taka upp starfsmat hjá sveitarfélaginu.**

Samkvæmt upplýsingum frá deildarstjóra kjaradeildar er ekki stuðst við starfsmat við launasetningu og ekki liggja fyrir nákvæmar upplýsingar um hvað hver og einn er að gera. Með hliðsjón af þessu er lagt til að skoðað verði að taka upp starfsmat hjá

bæjarfélaginu. Þar sem ekki liggja fyrir starfsmöt og lýsingar á störfum má gera ráð fyrir að vinna við jafnlaunavottun verði erfiðari en ella.

## 17. Fundir á upplýsingadeild

**Lagt er til að skoðað verði að persónuverndarfulltrúi sitji fundi upplýsingadeildar.**

Með hliðsjón af því að starfsmenn upplýsingadeildar eru að veita ýmis konar persónulegar upplýsingar og vafi geti vaknað um hvað megi og hvað megi ekki með hliðsjón af persónuverndarlögum, er þessi tillaga fram komin.

Einnig getur verið spurning hvort megi veita ákveðnar upplýsingar í síma o.s.frv.

## 18. Innrivefur

**Lagt er til að skoðað verði að taka upp nýjan innrivef, sem byggir á eiginleikum Facebook, fyrir starfsmenn.**

Með því að taka upp nýjan innri samskiptamiðil sem byggir á eiginleikum Facebook skapast m.a. möguleiki á því að gera sýnileika starfsins miklu meiri á meðal starfsmanna og upplifun þess fyrir starfsmenn að Garðabær sé sannarlega einn vinnustaður með um 1.100 starfsmenn sem sinna mjög fjölbreyttum verkefnum. Daglega geta starfsmenn birt myndir úr starfi sínu og frá starfseminni og hjálpa þannig til við að skapa þá fyrirtækjamenningu og samkennd sem gera má ráð fyrir að vilji standi til að sé á svo stórum vinnustað sem Garðabær er.

## 19. Nýir starfsmenn og tölvubúnaður

**Lagt er til að tryggt verði að þegar nýir starfsmenn taka til starfa sé búið að ganga frá uppsetningu og tengingu á tölvum sé um það að ræða áður en viðkomandi mætir til starfa.**

Í viðræðum sem skýrsluhöfundur átti við vinnslu skýrslunnar kom m.a. fram að komið hafi fyrir að þegar nýir starfsmenn hafa mætt til starfa hafi tölvur ekki verið tilbúnar til notkunar þar sem ýmis kerfi eða forrit hafa ekki verið sett upp þrátt fyrir óskir þar um.

Leggja ber áherslu á að þegar nýir starfsmenn hefji störf finni þeir að allt sé til reiðu og finni fyrir góðu skipulagi. Almennt eru málin þannig en með nokkrum undantekningum.

# Fjölskyldusvið

## 20. Fjárhagsaðstoð

**Lagt er til að ársfjórðungslega verði farið yfir það hvort fjárheimild fjárhagsáætlunar vegna fjárhagsaðstoðar dugi samkvæmt gildandi reglum og áætluðum fjölda þeirra sem gert er ráð fyrir að fái fjárhagsaðstoð út árið. Sé niðurstaðan sú að ætla megi að fjárheimildin dugi ekki verði reglur um fjárhagsaðstoð endurskoðaðar og/eða farið fram á aukna fjárheimild með ósk um viðauka.**

Leggja ber áherslu á að ársfjórðungslega er nauðsynlegt að gerð sé grein fyrir því hvort áætlað er að fjárheimild dugi fyrir útgjöldum samkvæmt þeim reglum sem ætlað er að vinna eftir og áætlaður fjöldi styrkþega segir til um út árið. Árið 2017 fengu 101 aðilar

fjárhagsaðstoð og útgjöldin voru samtals 43 milljónir króna. Árið 2018 fengu 109 aðilar aðstoð, eða fjölgun um 8. Útgjöldin voru samtals 60,2 milljónir króna, eða hækkun sem nemur 17,2 milljónum króna, eða um 40%. Fjárheimildin var hins vegar 50 milljónir króna, þannig var farið 10,4 milljónir króna fram úr fjárheimildum vegna fjárhagsaðstoðar.

M.a. með vísan til þessa er þessi tillaga hér sett fram.

## 21. Afgreiðslufundir varðandi fjárhagsaðstoð

**Lagt er til að athugað verði hvort ekki fari betur á því að fleiri en tveir aðilar annist afgreiðslu á fjárhagslegri aðstoð eins og nú er.**

Hér er lagt til að kanna hvort ekki færi betur á því að fleiri en tveir aðilar komi að afgreiðslu mála varðandi fjárhagsaðstoð. Eins og þessu er háttað núna koma tveir aðilar að afgreiðslunni, þ.e. félagsráðgjafi, sem tekur viðtöl, vinnur úr gögnum og gerir tillögur, og síðan umsjónarfélagsráðgjafi.

## 22. Fjárhagsaðstoð, Virk o.fl.

**Lagt er til að í þeim tilfellum þar sem það á við verði skoðað sérstaklega hvort til greina komi að bjóða viðkomandi úrræði tengd Virk, starfsendurhæfingarsjóði, og/eða vinnutengd úrræði.**

Hér er lögð áhersla á að í þeim tilfellum þar sem það á við verði skoðað sérstaklega hvort mögulegt sé að tengja fjárhagsaðstoð tímabundið við úrræði tengd Virk, starfsendurhæfingarsjóði og/eða vinnutengd úrræði. Leggja ber áherslu á að þetta verði gert.

## 23. Úthlutunarreglur um félagslegt leiguhúsnæði

**Lagt er til að skoðað verði að taka úthlutunarreglur varðandi úthlutun á félagslegu leiguhúsnæði til endurskoðunar.**

Gildandi úthlutunarreglur á félagslegu húsnæði eru frá árinu 2002 og því spurning hvort ekki sé kominn tími til að endurskoða reglurnar. M.a. verði skoðað hvort ekki megi gera leigusamninga til lengri tíma en eins árs en eins og vinnureglan er nú eru leigusamningar endurnýjaðir árlega.

## 24. Mat á umsóknum um félagslegar leiguíbúðir

**Lagt er til að kannað verði hvort ekki sé hægt að meta umsóknir um félagslegar leiguíbúðir varðandi tekju- og eignamörk rafrænt.**

Hér er lagt til að kannað verði hvort ekki sé hægt að bera tekjur og eignir umsækjenda um félagslegar leiguíbúðir saman við skattskrá rafrænt til að finna út hvort viðkomandi standist tekju- og eignamörk varðandi félagslegar leiguíbúðir.

Árlega er kallað eftir þessum upplýsingum frá umsækjendum um félagslegar leiguíbúðir og unnið með þær handvirkt. Með þessu fyrirkomulagi fer mikill tími í þetta sem hægt væri að komast hjá með því að gera þetta rafrænt.

## 25. Ræsting í Jónshúsi

**Lagt er til að ræstingakostnaður í Jónshúsi verið tekinn til athugunar með það að markmiði að lækka kostnaðinn án þess að þjónustan skerðist.**

Kostnaður við ræstingu á því húsnæði í Jónshúsi, þar sem félagstarf eldri borgara fer fram, var 3.826 þúsund krónur árið 2018.

Hér er lagt til að farið verði yfir ræstingamálin í Jónshúsi með það að markmiði að ná niður kostnaði. Þetta verði gert samhliða því að ræstingar almennt hjá bæjarfélaginu verði boðnar út, sbr. hér að framan.

## 26. Frekari liðveisla o.fl.

**Lagt er til að skoðað verði að færa útgjöld sem færð hafa verið á frekari liðveislu á fleiri lykla. Þannig að hægt sé að átta sig betur á einstökum útgjaldaliðum. Jafnframt að gerður verði skýr greinarmunur á stuðnings- og stoðþjónustu fyrir aldraða annars vegar og fatlað fólk hins vegar.**

Við vinnslu þessarar skýrslu kom fram að ýmsum gjöldum var blandað saman undir liðnum frekari liðveisla sem að mati skýrsluhöfundar færi betur á að greina betur. Nefna má sem dæmi útgjöld varðandi notendastýrða persónulega aðstoð (NPA), sem ætla verður að færi betur á að hafa á sér bókhaldslykli. Einnig var fært á liðinn rekstur heimilis o.s.frv.

Jafnframt er mikilvægt að skýr greinarmunur verði gerður á kostnaði vegna aldraðra og fatlaðs fólks. Þannig að á einfaldan hátt sé hægt að gera sér grein fyrir kostnaði við hvorn málaflokkinn fyrir sig.

Þetta verði gert samhliða því að bókhaldslyklar verði endurskoðaðir með hliðsjón af breytingum sem orðið hafa á reglum um stoðþjónustu. Mikilvægt er að kostnaður vegna málefna fatlaðs fólks annars vegar og vegna aldraðra hins vegar sé aðgreindur í bókhaldinu.

## 27. Fundir með forstöðumönnum heimila fyrir fatlað fólk

**Lagt er til að skoðað verði að ráðgjafi um málefni fatlaðs fólks fundi reglulega með forstöðumönnum heimila fyrir fatlað fólk.**

Fram kom í samtölum við forstöðumenn heimila fyrir fatlað fólk að áður hafi verið fundað reglulega með ráðgjafa um málefni fatlaðs fólks en að undanförnu hafi það ekki verið gert. Forstöðumennirnir hafa fundað reglulega en ráðgjafinn hafi ekki setið þá fundi að jafnaði.

Hér er lagt til að skoðað verði að taka upp eins og áður var að ráðgjafinn fundi reglulega með forstöðumönnum heimila fyrir fatlað fólk.

# Fræðslu- og menningarsvið

## 28. Skólanefndir

**Lagt er til að athugað verði hvort til greina komi að sameina skólanefnd grunnskóla og leikskóla í eina nefnd og jafnvel skólanefnd tónlistarskóla einnig.**

Að hluta til er verið að fjalla um sömu málefni í öllum þessum nefndum svo sem skóladagatal o.s.frv. Að mati deildarstjóra gæti verið kostur að hafa eina nefnd í stað þriggja.

Einnig má gera ráð fyrir að með þessu fengist jafnvel enn meiri samfella í skólastarfið innan bæjarfélagsins.

## 29. Reglulegir fundir húsumsjónarmanna

**Lagt er til að húsumjónarmenn eigi reglulega fundi með umsjónarmanni fasteigna bæjarfélagsins þar sem farið verði yfir viðhaldsmál o.fl.**

Hér er lagt til að umsjónarmaður fasteigna eigi reglulega fundi með húsumsjónarmönnum grunn- og leikskóla. Á þessum fundum verði farið yfir hin ýmsu mál sem tengjast húsnæði skólanna. Þessir fundir gætu t.d. verið einu sinni í mánuði. Með þessum fundum væri tryggt að sem best samskipti væru á milli þeirra aðila sem fara með húsnæðismál hjá sveitarfélaginu.

## 30. Yfirumsjón með ræstingum í grunnskólum

**Lagt er til að húsumjónarmenn í grunnskólum hafi yfirumsjón með ræstingum í grunnskólum sveitarfélagsins fyrir hönd viðkomandi skólastjóra.**

Mikilvægt er að þessi þáttur í starfsemi skólanna sé skýr og þetta fyrirkomulag sé til staðar í grunnskólum bæjarfélagsins.

Gert verði ráð fyrir að leikskólastjórar annist þessi samskipti áfram eins og verið hefur og þetta eigi einungis við varðandi grunnskólana.

Með þessu er alveg skýrt að það er húsumsjónarmaður í viðkomandi grunnskóla sem á að fylgjast með því að ræstingar séu eins og þær eiga að vera samkvæmt verklýsingu og samningi í grunnskólum sveitarfélagsins sé um það að ræða. Unnið verði með gátlista, þar sem fram komi hvað og hvenær eigi að ræsta. Merkt sé inn á gátlistann að aflokinni ræstingu í hvert sinn.

## 31. Skráning á orkunotkun

**Lagt er til að húsumsjónarmönnum verði falið að skrá orkunotkun mánaðarlega vegna þeirra húsa sem þeir hafa umsjón með.**

Með því að skrá orkunotkun, t.d. í kwst. mánaðarlega, er hægt að fylgjast með ef eitthvað fer úrskeiðis í notkuninni. Með þessu móti er einnig hægt að bera saman notkunina á milli mánaða og ára. Lögð er áhersla á að þetta verði gert þannig að línurit sýni niðurstöðuna, sbr. tillögur hér að framan. Hér er lagt til að skoðað verði að húsumsjónarmenn í grunnskólum annist þessi mál fyrir skólana.

## 32. Stólar

**Lagt er til að skoðað verði að nemendur setji stóla upp á borð í skólastofum að loknum skóladegi.**

Í a.m.k. einum skóla setja nemendur almennt ekki stóla upp á borð eftir að námsdegi lýkur. Skólaliðar þurfa að gera það fyrir ræstingar. Mikil vinnuhagræðing er að því

fyrir ræstingafólk ef allir nemendur setja stóla upp á borð í lok skóladags að mati skýrsluhöfundar.

Með hliðsjón af því er þessi tillaga hér sett fram.

## 33. HANDLEIÐSLA

**Lagt er til athugað verði hvort ekki sé hægt að skipuleggja reglulega handleiðslu fyrir skólastjóra og leikskólastjóra.**

Fram kom í samtali við skólastjórnendur að þeir væru mjög oft að fást við erfið og flókin mál, sem geta verið krefjandi og oft spurning hvernig eigi að bregðast við. Með hliðsjón af því væri mikill stuðningur fyrir skólastjórnendur að geta hitt stuðningsaðila í handleiðslu, t.d. einu sinni í mánuði, til að ræða þau þungu og erfiðu mál sem kunna að koma upp. Rétt er að fram komi að slík þjónusta er veitt að hluta en fram kom í viðtölum að þörf væri á meira af slíkri þjónustu.

Með hliðsjón af þessu er hér lagt til að þetta verði skoðað.

# Tækni- og umhverfissvið

## 34. AFGREIÐSLUFUNDIR SKIPULAGSSTJÓRA

**Lagt er til að athugað verði hvort ekki fari betur á því að byggingarfulltrúi sitji fundi skipulagsstjóra.**

Hér er lagt til að athugað verði hvort ekki fari betur á því að byggingarfulltrúi sitji afgreiðslufundi skipulagsstjóra. Stór hluti af málum sem tekin eru fyrir á þessum fundum koma frá byggingarfulltrúa, með vísan til þess er hér lagt til að skoðað verði að hann sitji þessa fundi.

## 35. EFTIRLIT MEÐ VERKTAKA Í GRASSLÆTTI

**Lagt er til að athugað verði með að efla eftirlit með verktaka sem annast grasslátt fyrir bæjarfélagið.**

Fram hefur komið að eftirlit með verktaka, sem annast grasslátt, hafi ekki verið nægilegt og fram hafa komið athugasemdir varðandi sláttinn.

Bent er á að liður í því að auka eftirlitið með grasslætti væri að setja upp gátlista á vef bæjarfélagsins sem sýni hvenær slá á einstök svæði og merkt við þegar það er búið. Einnig mætti auglýsa í Garðapóstinum í upphafi sumars hvenær eigi að slá. Með því væru íbúar vel upplýstir um slátt og þeir eru jafnframt góðir eftirlitsaðilar.

## 36. REGLULEGIR FUNDIR

**Lagt er til að yfirmenn framkvæmda- og veituþjónustu, sem tengjast útiverkum, haldi reglulega fundi einu sinni í viku þar sem farið er yfir verk liðinnar viku og þau verk sem framundan eru. Á þessum fundum eru verkefnin framundan skipulögð og haft samráð.**

Mikilvægt er að yfirmenn, sem koma að verklegum framkvæmdum, hafi sem mest samráð og skipuleggi saman þau verk sem unnið er að hverju sinni. Með því ætti að fást

markvissara vinnufyrirkomulag og aðilar yrðu betur upplýstir um hvað hefur verið gert og hvað er framundan.

Þessir fundir gætu t.d. farið fram á föstudögum með áherslu á verkefni næstu viku o.s.frv.

# Lokaorð

Í samanburði við önnur sveitarfélög er Garðabær eitt af fjársterkari sveitarfélögum landsins. Jafnframt kemur Garðabær mjög vel út í samanburði við önnur sveitarfélög hvað rekstur varðar og í þjónustukönnunum. Frá árinu 2002 til ársins 2018 var Garðabær einungis tvisvar sinnum með neikvæða rekstrarafkomu, þ.e. árin 2003 og 2008. Með hliðsjón af þessu vill skýrsluhöfundur fagna því að svo fjársterkt, vel rekið sveitarfélag sem veitir góða þjónustu samkvæmt þjónustukönnunum, skuli ráðast í svo umfangsmikla úttekt sem hér hefur verið framkvæmd með áherslu á að nýta enn betur það fjármagn sem bæjarfélagið hefur til ráðstöfunar með það að markmiði að gera góða þjónustu enn betri.

Það var ánægjulegt að eiga samtöl við forstöðumenn stofnana bæjarfélagsins og finna hversu almennt mikil ánægja var með að starfa fyrir bæjarfélagið og þá ekki síst með þá þjónustu sem veitt er í ráðhúsinu til stofnana bæjarins. Fram kom mikill metnaður í starfi hjá þeim starfsmönnum sem rætt var við.

Fram kom í samtölum við forsvarsmenn leikskóla að engir biðlistar væru eftir leikskóladvöl, skv. gildandi inntökureglum, en bæjarfélagið tekur nú inn börn frá 12 mánaða aldri á alla leikskóla bæjarins að hausti til. Því miður eru ekki mörg sveitarfélög sem standa jafn vel, hvað leikskóladvöl varðar og þá ekki síst með hliðsjón af því að börn eru tekin inn 12 mánaða að hausti. Jafnframt eru börn í undantekningum tekin inn niður í 9 mánaða aldur.

Það kom skýrsluhöfundi á óvart hversu mikið er af öðru fagfólki en kennurum við grunnskóla bæjarfélagsins, sem að mati skýrsluhöfundar er mikil þörf á hjá sveitarfélögum almennt. Einnig var áhugavert að kynnast þeim fjölbreytileika sem er í boði í Garðabæ varðandi mismunandi kennsluhætti í grunn- og leikskólum bæjarfélagsins.

Á undanförnum árum hefur íbúum Garðabæjar fjölgað mikið sem kallar á endurskipulagningu á rekstri og þjónustu sveitarfélagsins. Garðabær er í þriðja sæti yfir mestu hlutfallslegu fjölgun íbúa hjá sveitarfélögum með fleiri en 1.000 íbúa á milli áranna 2010 og 2019. Á þessu tímabili fjölgaði íbúum sveitarfélagsins um 23,8% samanborið við landið allt þar sem fjölgunin var 12,4%. Svo mikil fjölgun getur kallað á ýmis konar endurskipulagningu.

Eins og gefur að skilja eftir svo viðtæka úttekt er ýmislegt sem skýrsluhöfundur vill benda á til breytinga og er sett hér fram í tillögum og ábendingum. Lagðar eru fram fleiri tillögur en færri. Ljóst er að þær þurfa ekki allar að koma til framkvæmda til að ná tilsettu markmiði. Skýrsluhöfundur velur þann kostinn að leggja fram tillögur, þar sem hann telur mögulegt að bregðast við, síðan er það bæjarstjórnar að velja úr.

Við gerð tillagnanna hefur verið haft að leiðarljósi að þjónusta sveitarfélagsins skerðist á engan hátt, frekar að þær leiði til betri og aukinnar þjónustu.

Frá árinu 2010 til 2019 er Garðabær sextánda sveitarfélagið þar sem skýrsluhöfundur hefur framkvæmt heildarúttekt á rekstri og fjármálum og gert tillögur með það að markmiði að bæta rekstur, fjárhag og þjónustu viðkomandi sveitarfélags. Um er að ræða rúm 20% af sveitarfélögum á Íslandi.

Við vinnslu þessara verkefna hefur verið lögð rík áhersla á sömu efnistök og úrvinnslu og áður og ekki hvað síst samstöðu um þær tillögur sem gripið hefur verið til. Það er

mat skýrsluhöfundar að sá góði árangur, sem náðst hefur hjá þessum sveitarfélögum, sé ekki hvað síst að þakka þeirri samstöðu sem náðst hefur á milli meiri- og minnihluta í bæjar- og sveitarstjórnum um þær tillögur sem ráðist hefur verið í. Leggja ber ríka áherslu á þennan mikilvæga þátt til að árangur náist.

Samkvæmt þeim tillögum, sem hér eru settar fram, ef þeim verður hrint í framkvæmd, þarf að grípa til aðgerða, sem m.a. munu leiða til breytinga á starfsmannahaldi. Mikilvægt er, þegar grípa þarf til slíkra aðgerða, að samstaða sé innan sveitarstjórnar á milli meirihluta og minnihluta um þær eins og segir hér að framan. Slík samstaða er mikilvæg við framgang verkefnisins og ekki hvað síst fyrir íbúa sveitarfélagsins og starfsmenn.

Hafnarfirði, 17.10.2019,

Haraldur L. Haraldsson,
hagfræðingur

# Fylgiskjöl


Fylgiskjal 1: Íbúðarhúsnæði; Mats og undirmatssvæði 2019, Höfuðborgarsvæðið

Fylgiskjal 2: Vélar, tæki og bifreiðar í umsjón þjónustumiðstöðvar

Fylgiskjal 3: Stjórnskipurit fyrir Garðabæ

Fylgiskjal 4: Skipurit fyrir fjármála- og stjórnsýslusvið

Fylgiskjal 5: Skipurit fyrir fjölskyldusvið

Fylgiskjal 6: Skipurit fyrir fræðslu- og menningarsvið

Fylgiskjal 7: Skipurit fyrir umhverfis- og framkvæmdasvið

# Fylgiskjal 3: Stjórnskipurit fyrir Garðabæ



# Fylgiskjal 4: Fjármála- og stjórnsýslusvið



# Fylgiskjal 5: Fjölskyldusvið



# Fylgiskjal 6: Fræðslu- og menningarsvið



# Fylgiskjal 7: Umhverfis- og framkvæmdasvið

